Efri deild Alþingis.

Deildarsetning.

Ár 1915, miðvikudnginn 7. júlí, var fyrsti fundur efri deildar Alþingis settur, að afloknum fundi í sameinuðu þingi, af aldursforseta deildarinnar, Eiríki Briem, 1. kgk. þm.

Þessir þingmenn voru mættir, er sæti áttu í deildinni:

A. *Konungkjörnir þingmenn.*

1. Eiríkur Briem, 1. kgk. þm.
2. Steingrímur Jónsson, 2. kgk. þm.
3. Stefán Stefánsson, 3. kgk. þm.
4. Björn Þorláksson, 4. kgk. þm.
5. Guðmundur Björnson 5. kgk. þm.
6. Jón Þorkelsson, 6. kgk. þm.

B. *Þjóðkjörnir þingmenn.*

1. Guðmundur Ólafsson, 2. þm. Húnv.
2. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
3. Jósef Björnsson, 2. þm. Skagf.
4. Karl Finnbogason, þm. Seyðf.
5. Kristinn Daníelsson, 2. þm. G.-K.
6. Magnús Pjetursson, þm. Strandam.
7. Sigurður Stefánsson, þm. Ísaf.

Ókominn til þings var
Karl Einarsson, þm. Vestmannaeyinga.

Aldursforseti kvaddi sjer til aðstoðar sem skrifara þá Steingrím Jónsson, 2. kgk. þm., og Björn Þorláksson, 4. kgk. þm.

Var þá gengið til forsetakosningar, og hlaut kosningu

Stefán Stefánsson, 3. kgk. þm.
með 12 atkvæðum.

Aðrir hlutu ekki atkvæði. Einn seðill var auður.

Var þá gengið að kosningu varaforseta, og fjell hún svo, að

Jósef Björnsson hlaut 5 atkv.
Eiríkur Briem — 4 —
Karl Einarsson — 1 —

og 2 seðlar voru auðir.

Með því að enginn var kosinn samkvæmt þessum úrslitum, þá var aftur kosið óbundnum kosningum, og hlaut þá kosningu sem fyrsti varaforseti

Jósef Björnsson, 2. þm. Skagf.,
með 7 atkvæðum.

Eiríkur Briem hlaut 4 atkv. og einn seðill var auður.

Annar varaforseti var kosinn

Karl Einarsson, þm. Vestmannaeyinga,
með 7 atkvæðum.

Eiríkur Briem hlaut 4 atkv. og einn seðill var auður.

Skrifarar deildarinnar voru því næst kosnir, og hlutu kosningu

Björn Þorláksson, 4. kgk. þm., og
Steingrímur Jónsson, 2. kgk. þm.,
báðir með 12 atkvæðum.

Aðrir hlutu ekki atkvæði.

Forseti las upp brjef frá ráðherra, dagsett í dag, er tilkynti að lögð yrði fyrir deildina af hálfu landsstjórnarinnar eftirfarandi frumvörp:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 11. júlí 1911, um

2. Frv. til laga um stýrimannaskólann í Reykjavík.
2. Frv. til laga um stofnun vjelstjóraskóla í Reykjavík.
3. — — — — — ógilding viðskiftabrjefa og annara skjala með dómi.
4. — — — — — atvinnu við siglingar.
5. — — — — — atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum.
6. — — — — — mat á lóðum og löndum í Reykjavík.
7. Frv. til laga um rafveitur.
8. — — — — — ullarmat.
9. — — — — — breyting á lögum 8. okt. 1883 um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað.
10. — — — — — bann á útflutningi frá Íslandi á vörum, innfluttum frá Bretlandi o. fl.

A.
Frumvörp, samþykt af Alþingi sem lög.

I.
Stjórnarfrumvörp.

1. Fjárlög fyrir árin 1916 og 1917.

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 30. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917,

eins og það var samþ. við 3. umr í Nd. (A. 649).

Á 47. fundi í Ed., þriðjudaginn 31. ágúst, var frumvarpið tekið til 1. umr.

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum, til þess að taka málið fyrir, og voru þau leyfð og samþykt.

Frumvarpinu var vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Frumvarpinu var vísað til áður kosinnar fjárlaganefndar, og skipuðu hana þeir:

Karl Einarsson,
Jósef Björnsson,
Sigurður Stefánsson,
Magnús Pjetursson,
Björn Þorláksson.

Á 52. fundi í Ed., laugardaginn 4. sept. var frumvarpið tekið til 2. umr.

(A. 649, 687, 707, 714, 715, 716, 717, 718, 719, 720, 726, 727, 728, 738, 739, 740, 741, 742, 745, 746, 747, 748, 749, 750, 751, 753, 754, n. 756, 759, *766 atkv.skrá).*

Framsögum. (Magnús Pjetursson): Jeg vil byrja á því að benda háttv. deild á, að það er prentvilla í nefndarálitinu, og vona jeg að háttv. þm. afsaki að svo hefir tekist til. Annars ætla jeg ekki að halda langa ræðu, því þegar jeg skrifaði nefndarálitið reyndi jeg að skýra sem best frá öllu, svo að háttv. þm. gætu sjálfir lesið það, en framsöguræðan gæti orðið þess styttri. Vona jeg að mönnum hafi gefist tími til þess, enda þótt nefndarálitið kæmi nokkuð seint.

Eins og nefndarálitið ber með sjer, var nefndin sammála um að reyna að minka

tekjuhallann; en þó þetta væri aðalstefnan, þá fanst henni hins vegar óhjákvæmilegt að leggja til nokkrar talsvert stórar útgjaldahækkanir. Nefndin hefir því ekki komist lengra en að minka tekjuhallann um ca. 80 þús. og skilyrðisbinda 40 þús. kr. í viðbót við það, sem áður var skilyrðisbundið. Með þessu móti fæst þó ekki betri árangur en svo, að enn er ofurlítill tekjuhalli, þó *öllum* þeim nauðsynlegu framkvæmdum, sem lagt er til að frestað verði, ef á þarf að halda, yrði frestað. Háttv. deildarmönnum verður því að vera það ljóst, að þessi litli halli er ekki að marki hafandi, þannig, að vegna þess, hve lítill hann er, sje óhætt að auka útgjöldin. Það verður að vera öllum ljóst, að allar þessar aths. um frestun nauðsynlegra mannvirkja í landinu eru að eins — jeg vil ekki segja dýrtíðarráðstöfun, en það eru *ófriðarráðstafanir*. Enn fremur vil jeg benda á það, að þó hallinn sje ekki meiri í frv., þá eru enn þá ekki komin þar öll kurl til grafar, ýms lög eru nú á ferðinni, sem hljóta að hafa útgjöld í för með sjer. Nú liggur t. d. fyrir frv. um að höfninni í Vestmannaeyjum verði veittar 90 þús., eða 28 þús. fram yfir það, sem áður var ásætlað, og mikil líkindi ern til, að það verði samþykt. *(Stgr. Jónsson*: Það er ekki víst að það verði alt borgað út). Það er rjett hjá háttv. 2. kgk., að það er ekki víst, en jeg vil þó benda á þetta, því það kemur þá síðar til. Enn fremur má geta þess, að hjer fyrir þessari háttv. deild liggja frumv., sem hafa í för með sjer 300 þús. kr. tekjumissi, ef þau yrðu samþ. Enn þá er ekkert komið fram á móti þessu, en fyrir háttv. Nd. liggja 2 frumv., og fer annað í þá átt, að hækka tekjur landssjóðs, en hitt hækkar gjöldin, en meiri líkur má telja til þess, að það frumv. verði samþykt, sem fer í útgjaldaáttina. Það má ef til vill segja, að þetta komi ekki fjárlögunum við, en jeg vildi benda á þetta, til þess að menn einskorðuðu sig ekki um of við þau, heldur líti á fleiri lög, og ef landssjóði verða ekki fundnar nýjar tekjur, þá verður að reyna að spara eftir mætti, til þess að verjast því, að gjöldin fari um of fram úr tekjunum. Það er að vísu nokkur bót í máli, að gjört er ráð fyrir að peningaforði landssjóðs verði nokkuð hár, líklega um 800 þús. kr. en þar á móti má aftur segja að komi ýmsar dýrtíðarráðstafanir.

Í nefndarálitinu er sýnt hvernig fjárlagafrumv. liti út, ef allar brtt. nefndarinnar yrðu samþ. En nú hafa komið fram brtt. frá ýmsum þingm. hjer í deildinni, og ef þær yrðu allar samþyktar, þá færi nú að hallast á. Þessar breytingar frá ýmsum utan nefndarinnar fara fram á 124 þúsund kr. hækkun, en aftur munu gjöldin minka um 12 þús. kr. Ef þær yrðu því samþ., þá mundu gjöldin aukast um 112 þús. kr., en sumt af því eru að vísu skilyrðisbundnar fjárveitingar. Jeg sný mjer þá strax að einstökum brtt. nefndarinnar, en fer ekki nákvæmlega út í hverja einstaka að þessu sinni, fyr en ef ráðist verður á þær.

Um breytingartillögurnar allt aftur í 12. gr. þarf eg engu að bæta við, umfram það, sem í nefndarálitinu stendur, en sný mjer fyrst að 6. brtt. á þingskjali 687 við 12. gr., af því að hún er svo stórvægileg, Brtt. þessi fer fram á 22 þús. kr. gjaldahækkun, til þess að setja miðstöðvarhitun í Laugarnesspítala. Það getur vel verið, að mönnum blæði upphæðin í augum, en hjer er um mál að ræða, sem hefir, og á að hafa samúð allra. Þegar holdsveikraspítalinn var byrjaður vildi svo óheppilega til, að í hann voru settir ofnar, en ekki miðstöðvarhitun, sökum þess, að sagt var að hjer á landi væri þá enginn, sem kynni að gjöra við hana, ef bilaði. Í húsinu eru því um 50 ofnar, og eins og gefur að skilja orsaka þeir mikla vinnu, auk óþrifa, ösku- og kolaryks og meiri eldhættu. Slíkt er hvergi gott og allra síst í sjúkrahúsum. En alt þetta eru þó smáræðis-

gallar hjá *reyknum*. Ef ofnar eru á annað borð kyntir, þá rýkur vanalega úr einhverjum ofnum, og fer það eftir vindstöðu, hvar í húsinu rýkur. Eru stundum svo mikil brögð að honum, að taka verður eldinn úr ofnunum, því sjúklingarnir kjósa þá heldur að þola kulda en reyk, og það sem lakast er, er það, að þetta kemur mest niður á þeim aumingjum, sem veikastir eru. Verða þeir að sitja í reyknum eða kuldanum, eða hvorutveggju, en hinir, sem rólfærir eru, geta þó flutt sig þangað, sem betra er. Er það næstum því undarlegt, að ekki skuli hafa verið bætt úr þessu fyrir löngu, heldur látið ganga svona í 17 ár, en allar aðgjörðir hafa verið reyndar, en árangurslaust. En nú má til að bæta úr því, ekki síst þegar litið er til þess, að hjer eiga í hlut menn, sem dæmdir eru til að vera þarna allan sinn aldur, og því *enn meiri* skylda fyrir þjóðfjelagið að leggja ekki á þá óþarfa plágur. Áætlunin er kr. 22085, en aftur má gjöra ráð fyrir að ofnarnir seljist fyrir nál. 1700 kr. Nefndin þorði ekki að áætla kostnaðinn lægri, en þá ætti að vera nokkur trygging fyrir að verkið yrði leyst vel af hendi. Enda telur nefndin sjálfsagt að stjórnin sjái um að undirbúningur og framkvæmd verksins verði falin á hendur vel hæfum mönnum.

Þá er næsta brtt. við 12. gr., sem sje Vífilsstaðafjósið. Eins og margir höfðu búist við, kom þrátt í ljós við nánari athugun að 5 þús. kr. nægðu ekki til fjóss yfir 15 kýr ásamt tilheyrandi byggingum, ef vel átti að vera, en á hinn bóginn gruna ði fáa, að kostnaðurinn mundi nema alt að 10 þús. Hjer liggur að vísu ekki nein ábyggileg áætlun fyrir hendi, en þetta er álit Rögnvalds húsameistara Ólafssonar, og mönnum mun fullkunnugt að hann byggir sjaldan orð sín í lausu lofti. Nefndinni virtist að ekki mætti hætta við þetta fyrirtæki, því það mundi minka reksturskostnað hælisins, og er því í sjálfu sjer gróðafyrirtæki, úr því landið tekur að sjer rekstur hælisins. Raddir hafa heyrst um það, hvort svara mundi kostnaði að setja upp minna bú en svo, að það fullnægði mjólkurþörf hælisins, en svo stórt vill nefndin ekki byrja, en telur á hinn bóginn sjálfsagt að þessu verði þannig fyrir komið, að að hægt sje að bæta og byggja við, ef síðar skyldi þurfa.

Af því jeg er ekki viss um að háttv. þm. viti hvað við er átt í 15. lið 12. gr. i, skal jeg taka fram, að þar ræðir um fábjána, sem lagt er til að sendur verði utan, á stofnun fyrir slíka menn, og styrktur af landssjóði, en slíkt getur nefndin ekki fallist á.

Um brtt. við 13. gr. A. þarf ekki að fjölyrða, en vegna eins háttv. þm., sem átt hefir tal við mig, skal jeg taka fram að svo óheppilega vildi til, að eitt af skjölunum frá póstmeistara týndist, en fanst loks niðri í einum af skápum Nd., og mun það að sjálfsögðu tekið til athugunar fyrir 3. umr.

Þá kemur að vegabótunum í 13. gr. B., og gjörum við ráð fyrir að sumum þyki þar allmikill usli gjörður. Það getur satt verið að svo sje. Ur því að byrjað var á að hafa í fjárlögunum skilyrðisbundnar fjárveitingar, þá lá næst að binda þar við þau fyrirtæki, þar sem efniskostnaður er yfirgnæfandi, því þótt nægilegt fje sje fyrir hendi, þá getur verið rjett að fresta þeim, sökum dýrleika á efni, og mætti það gjarna vera í skilyrðunum. Þetta á vitanlega helst við þær verklegu framkvæmdir, sem þegar eru skilyrðisbundnar, nfl. vitana og símana. Ef nú ætti að skilyrðisbinda fleiri fjárveitingar, þá eru það næst brýrnar, sem eins stendur á með. Ef spara átti meira á þessu ári, þá er það augljóst, að fyrst gat komið til mála, annaðhvort að leyfa að fresta þeim, eða strika þær út, og því leggur nefndin til að önnur stærsta brúin sé strikuð út, en heimilað að fresta hinni. Skal jeg benda á, að landsverkfræðingnum finst athugavert að hafa margar brýr undir á næsta fjárhagstímabili. Járn er lítt fáan-

legt, nema þá mikið dýrara en venjulega, t. d. sænskt járn 270 kr. tonnið, en hingað til hefir mest verið brúkað þýskt járn, sem aðeins hefir kostað 110 kr. tonnið, en nú má telja vafalaust að *það* fáist alls ekki. Þess vegna er mjög varhugavert að hafa margar brýr á prjónunum, og vil jeg þá einnig fyrir nefndarinnar hönd taka það fram, að sjálfsagt sje að stjórninni heimilist að flytja til á milli ára framkvæmdir í þessu efni. Er þetta samkv. tillögum verkfræðingsins. Af þessum ástæðum, sem jeg áður nefndi, tökum við það ráð að binda fjárveitinguna til Húnvetningabrautarinnar skilyrði, vegna þess, að gjört er ráð fyrir brú yfir Vatnsdalsá fyrra árið, svo best væri að vegurinn að og frá brúnni yrði henni sem mest samferða.

Skal jeg svo ekki fara frekar út í einstaka liði vegabótakaflans, vegna þess að jeg sje að hjer eru fram komnar nokkrar brtt. frá öðrum hv. deildarmönnum og mun jeg því hvort sem er síðar þurfa að ræða betur um hann.

Í 13. gr. D. II. er lagt til að gjörð verði ofurlítil orðabreyting, sem ekki er gjörð grein fyrir í nefndarálitinu. Nefndin leitaði álits landsímastjórans um hana, og hafði hann ekkert á móti henni.

Fer jeg nú fljótt yfir sögu. Í 14. gr. hefir nefndin, eða rjettara sagt meiri hluti hennar, lagt til að tekin sje upp stefnubreyting, að því er snertir undirbúningsskólana undir embættisnámið, og vill láta hætta að veita námsstyrk við þá skóla. Sama hugsunin vakti bæði fyrir Ed. og Nd., en Nd. vildi ekki láta þetta nýmæli koma til framkvæmda strax, heldur að eins skjóta því til stjórnarinnar til íhugunar. Meiri hluti nefndarinnar var á þeirri skoðun, að rjett væri að taka skólagjald af nemendum, en verja því svo aftur til styrktar fátækum og efnilegum mönnum. Nefndin áleit rjett að byrja á þessu nú þegar, og lækka styrkinn smátt og smátt, þó hitt fyrirkomulagið með skólagjöld geti ekki komist á jafnframt.

Þá er einnig stefnubreyting hjá nefndinni með bændaskólana, að þar fanst henni rjett að styrkja fremur sumarnámið en bóklega námið á vetrum, og skal jeg að eins skírskota í því efni til þess, sem sagt er í nefndarálitinu.

Þá er ofurlítil athugasemd aftan við 14. gr. B. VII., sem er til orðin vegna þess, að sumir litu svo á, að skilja ætti lögin svo, að styrk þann, sem veittur er til kvöldskólahalds á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði eigi að eins að veita, ef nemendur eru iðnnemar, en nefndin leit svo á, að skólar þessir væru jafn þarfir og jafnt styrks verðir, þó almennar námsgreinir sjeu kendar þar, og vill því að það sé beint tekið fram í fjárlögunum, að svo megi vera, svo þetta orki ekki tvímælis.

Þá kem jeg að matreiðslukenslunni.

Jeg skal geta þess út af brtt. nefndarinnar, B. IX. 2, um að fella burt húsmæðrakenslu á Akureyri, frú Jónínu Líndal, að síðan brtt. voru prentaðar hefir borist skeyti, þar sem þess er getið, að hún hafi þegar ráðist í að auglýsa skólann fyrir næsta vetur, og hafi 10 nemendur þegar sótt um skólavistina, og auk þess hafi hún ráðið sjer aðstoðarkenslu. Hafði hún treyst því, að vel yrði tekið undir styrkbeiðni hennar hjer í deildinni, af því að svo hafði verið gjört í hv. Nd. Þó nefndin játi, að því fari fjarri, að þetta hafi verið rjett að farið hjá frúnni — og í alla staði óviðeigandi að lita svo smáum augum á efri deild, að hún engu rjeði um þetta, þó það væri samþykt í Nd., þá hefir þó þessi upplýsing og ýmislegt fleira valdið því, að nefndin hefir orðið ásátt um að taka brtt. aftur og mun hún greiða atkv. með brtt. háttv. 2. kgk. þingmanns á þgskj. 754 um að krefjast styrks á móti annarstaðar frá.

Þá hefir nefndin og í einu hljóði lagt til að hækka styrkinn til matreiðsluskólans

á Ísafirði. Þessi skóli hefir starfað vel og lengi, og fanst okkur enn frekari ástæða til að styrkja hann sæmilega, er þess er gætt, hversu mikið tillag er lagt fram annarstaðar að en úr landssjóði, sem sje nær 1200 kr. frá Vestur-Ísfirðingum, Ísafjarðarkaupstað, kvenfjelaginu Ósk á Ísafirði og Norður-Ísfirðingum. Okkur hafa borist til eyrna raddir um það, að húsaleiga fyrir þennan skóla væri hneykslanlega há, og hefir okkur að vísu blætt í augum hversu há hún er, en þess ber þó að gæta, að þetta er heimavistarskóli, sem þarf mikið húsnæði, og auk þess er afar erfitt að fá viðunanlegt húsnæði á Ísafirði, nema fyrir mjög hátt verð og líklega alsendis ómögulegt að fá það fyrir minna.

Jeg held að það sje nú ekki fleira, sem jeg þarf að taka fram um 14. gr. að sinni og ætla því að snúa mjer að 15. gr. Þar ætla jeg að byrja með því að taka aftur 47. brtl. við 15, 1. b., að minsta kosti til 3. umr.

Nefndinni fanst ekki rjett að fella burtu styrkinn til viðgjörða á Þingvöllum. Það er langt síðan að fornmenjavörðurinn vakti athygli stjórnarinnar á því, að þeir lægju undir skemdum af völdum náttúrunnar, og mætti ekki dragast að veita fje, ef vernda ætti þennan fornhelga stað. Þó að vísu sje þröngt í búi hjá okkur núna, þá lítur nefndin svo á, að ekki verði hjá því komist að veita þetta fje. Það er ekki til nein áætlun um hvað verkið muni kosta, eða hein lýsing á fyrirkomulagi þessara aðgjörða, en nefndin hyggur að fornmenjavörðurinn fari þar nærri sanni um áætlunina. Og þó nú þurfi að spara fje, þá ber þess að gæta í þessu efni, að telja má vafalítið, að það er sparnaður að láta aðgjörðina ekki bíða lengur, því hún myndi annars kunna að verða dýrari seinna, ef áfram halda skemdirnar.

Það er ekki gjörð nein grein fyrir næstu brtt. í nefndarálitinu. Brtt. fer í þá átt, að veittar verði 500 kr. til bókasafnsins á Seyðisfirði. Safnið er ungt og fátækt og hefir ekki sjeð sjer fært að kaupa eldri íslenskar bækur, sem þörf þykir á að eiga. En safnið kvað að öðru leyti vera mjög gott og mikið notað. Þykir nefndinni því rjett að því verði rjett hjálparhönd í þetta skifti.

Þá ætla jeg að hlaupa aftur í 16. gr. og nema staðar við kolin. Mikið hefir verið rætt og ritað um þessi svokölluðu íslenzku kol, hvort vera mundi „humbug“ eða ekki. Landsstjórninni hefir verið legið á hálsi fyrir það, að hafa ekki látið athuga málið gaumgæfilega — eða hefjast eitthvað handa. Nefndinni fanst að ekki mætti svo búið lengur standa; væri það mjög mikilsvert, að gengið yrði úr skugga um, hvort þarna væri um auðsuppsprettu að ræða fyrir landið eða ekki. Ekki verður heldur á móti því borið, að ef glæsivonir þeirra manna rætast, sem besta hafa trú á þessu, þá sje til mikils að vinna. Þess vegna vill nefndin veita fje til rannsókna, svo stjórnin geti fengið námaverkfræðing sjer til aðstoðar, sem hún svo ljeti framkvæma ransóknina þannig, að þá fengist full vissa fyrir að sjerþekking hefði um þetta dæmt, en ekki getgátur og órökstuddir sleggjudómar manna, sem litla þekkingu hafa á málinu.

Við 18. gr. hefir nefndin gjört fáar brtt. og litt merkar. Sú er helst, að leyft verði að reikna eftirlaun Bjarna Jenssonar frá því, er hann fékk lausn frá embætti og að eftirlaun Björns Blöndal verði reiknuð eftir þeim tíma, er hann hefir gegnt læknisstörfum. Nefndinni finst rjett, fyrst eftirlaun eru veitt, þá eigi það líka að vera gjört með allri sanngirni. Um Björn Blöndal er svo ástatt, að hann hefir nú slitið sjer út í þjónustu landsins í 25 ár sem aukalæknir og hjeraðslæknir, en vitanlega unnið að sama starfi á meðan hann nefndist aukalæknir, eins og eftir að hann kallaðist hjeraðslæknir. Nú hefir hv. neðri deild ekki viljað ganga lengra en

reikna eftirlaun hans frá þeim tíma, sem hann varð *hjeraðslæknir*. En efrideildarnefndin vill að reiknuð sjeu honum eftirlaun fyrir allan þann tíma, sem hann hefir verið læknir. Því oss blandast ekki hugur um, og jeg býst við að fáum gjöri það, að maður þessi muni engu síður hafa unnið landinu gagn meðan hann var í fullu fjöri og blóma lífsins, þó hann gengi undir aukalæknisnafninu, heldur en síðar á æfinni.

Þá er brtt. við 19. gr. Hún er fyrir það fram komin, að nefndinni var kunnugt um að sumir lögreglustjórar eru í vafa um, hvort þeir megi nokkru til kosta til þess að halda uppi lögregluefirliti með fiskveiðum í landhelgi, svo sem taka skip eða ná í númer þeirra, o. s. frv. Nefndinni þótti því rjettast að gefa mönnum bending um, að óhætt væri að kosta einhverju til sliks, en nefndinni fanst rjett að setja það undir óvissu útgjöldin, því fjeð, sem veitt er til landhelgiseftirlits, er svo lítið, að það má ekki skerða. Auðvitað hefði það ef til vill eins mátt standa í 11. gr. A. 4. en það hefir sjálfsagt enga þýðingu hvar það stendur, því þetta er að eins bending, en engin ný fjárveiting.

Um 21. gr. er það að segja, að nefndinni fanst allar þessar mörgu lánsheimildir vera næsta hjákátlegar nú á þessum tímum, en þó vildi hún ekki vera að amast við þessum litlu lánsheimildum, en leggur aftur á móti til að stóru lánsheimildirnar verði feldar burtu. Stjórninni hlýtur líka að vera gjört mjög þægt verk með sliku, því henni yrði altaf láð það, ef hún lánaði ekki það fje, sem heimilað er í fjárlögunum, og það enda þótt hún ætti ómögulegt með það. Það mun ganga svo til. Og vjer hyggjum að stjórnin muni hafa nóg annað við landsfjeð að gjöra, þó hún sje laus við þessar stóru lánsheimildir.

Margar brtt. eru komnar frá einstökum þingmönnum, en um þær ætla jeg ekki að tala að sinni, heldur lofa mönnum að komast að, til að mæla með þeim og fylgja þeim fram, en mun að því loknu segja álit nefndarinnar á þeim helstu.

Jeg hefi gleymt að taka það fram, að nefndin tekur aftur 65. brtt. við 16. gr. 8. b. um gerlarannsókn og enn fremur 57. brtt. við 15. gr. 32. Að endingu skal jeg geta þess um 76. og 77. brtt., að þar er prentvilla, þar sem talað er um 200 kr. fyrra árið, en þetta eru eftirlaun og eru þess vegna vitanlega goldin bæði árin.

Forseti: Háttv. framsögumaður hefir óskað þess, að fjárlögin sjeu ekki tekin fyrir öll í einu lagi, en þar sem það hefir ekki verið venja hingað til, þá vildi jeg leyfa mjer að bera það undir háttv. þingdeildarmenn, hvort þeir sjeu því sammála.

Kristinn Daníelsson: Það hefir hingað til ávalt verið siður að skifta fjárlagafrumvarpinu í tvent við 2. umræðu, og vil jeg mæla með því, að þeim sið yrði enn haldið. Það er miklu hægra fyrir menn að fylgjast með umræðum, ef þannig er rætt, en ella. Auk þess má geta þess, að skrifurunum þykir miklu þægilegra að skift sje.

Steingrímur Jónsson: Jeg leyfi mjer að taka undir með háttv. þingm. Gullbr. og Kjósarsýslu að skift verði. Hingað til hefir það ávalt verið siður að skifta við 8. eða 14. gr., og vil jeg mælast til að svo verði enn gjört.

Framsögumaður (Magn. Pjetursson): Jeg hefi ekki óskað að frv. verði skift við umræðuna, en ef háttv. þingdeildarmenn æskja þess, þá má mjer í ljettu rúmi liggja þó svo verði gjört, og vildi jeg þá mæla með að 13 fyrstu greinarnar verði fyrst teknar til umræðu.

Forseti: Samkvæmt tilmælum háttv. framsögumanns verður frv. þá tviskift við

umræðuna, og eru 13 fyrstu greinarnar fyrst til umræðu.

Steingrímur Jónsson: Jeg á eina brtt. við þennan kafla fjárlaganna, og er hún á þgskj. 753. Brtt. fer í þá átt, að 75,000 kr. verði veittar í fjárlögunum til brúargjörðar á Eyjafjarðará. Jeg býst við að mönnum muni þykja þessi brtt. æríð hastarleg og djarfleg með því fjárhagsástandi, sem nú er, og þar sem slíkur óhugur er í þingmönnum út af fjárhag landsins. Og af því að jeg bjóst við að svona mundi verða litið á, þá bætti jeg þeirri athugasemd aftan við tillöguna, að stjórnin mætti fresta framkvæmdum á verkinu, ef fjárhagur reyndist henni mjög örðugur. Jeg hefi talið mjer skylt að koma með þessa athugasemd, en lengra get jeg heldur ekki gengið. Því það eitt, að landsstjórnin eigi örðugt með að láta framkvæma verkið, rjettlætir það ekki, að brúargjörðin sje látin undir höfuð leggjast, því í raun rjettri á að vera búið að framkvæma það verk fyrir löngu síðan. En það, sem sjerstaklega hefir ýtt undir mig að koma með þessa brtt., er það, að jeg sje að háttv. neðri deild hefir sett aðra brú inn í fjárlögin, sem eftir öllum kringumstæðum átti að koma á eftir Eyjafjarðarárbrú, og skal jeg færa nokkur rök fyrir þeirri staðhæfingu minni.

Í fyrsta lagi hefir landsverkfræðingurinn margítrekað þá skoðun sína, að Eyjafjarðarárbrú ætti að ganga á undan Jökulsárbrú og flestum öðrum brúm.

Í öðru lagi á Eyjafjarðarárbrú að liggja yfir eitt af stærstu vatnsföllum landsins á alfaravegi, milli næst stærsta kaupstaðar landsins, Akureyrar, og Norður- og Austurlands, auk þess tengir brúin Akureyri við einn frjósamasta blett landsins. Jeg hefi talsvert rannsakað og hugsað þetta mál og komist að þeirri niðurstöðu, að naumast muni nokkur staður á landinu þjettbýlli, en svæðið frá Varðgjá að Munkaþverá, af þeim stöðum, þar sem eingöngu er lifað á landbúnaði. Jeg hygg að hvergi sje þjettbýlla á Suðurlandi, nema ef til vill í Fljótshlíðinni. Og þess má enn fremur geta, að á þessu svæði má gjöra stórkostlegar umbætur, svo framleiðslan verði miklum mun meiri.

Annars get jeg ekki stilt mig um það í þessu sambandi að geta þess, að jeg verð að halda því fram, að þessi mikla hræðsla hjer í þinginu við að stofna nú til framfarafyrirtækja sje ekki alls kostar rjettmæt nje holl.

Þótt ófriðurinn geti að vísu orðið mjög hættulegur fyrir landið, hefir hann þó enn þá ekki gjört okkur neitt verulegt tjón, miklu fremur -gagn. Það er trú og von margra, að þessi óhemju-styrjöld geti ekki staðið mjög lengi úr þessu. Líta þeir svo á, að margt bendi til þess, að hún hljóti að taka enda áður en langt um líður, enda er það hart aðgöngu að þurfa að sníða fjárhaginn eftir því, að styrjöldin standi til ársloka 1917. Annað mál er það, að menn verða auðvitað að miða við þann tíma, að svo geti farið. En fari svo, að ófriðurinn hætti bráðlega, græðir landið áreiðanlega stórfje á verðhækkun þeirri á afurðum landsins, er af honum leiðir. Og þá heimta landsmenn að hafist sje handa með ótal framfarafyrirtæki. Er þá mjög leitt til þess að hugsa, að fjárveitingarvaldið sje óviðbúið og verði þannig dragbítur á framfarabraut landsins. Jeg lít svo á, að við eigum að búa fjárlögin út með það fyrir augum, að Norðurálfustyrjöldinni verði lokið snemma á næsta ári, en vera hins vegar við því búnir, að hún standi lengur.

En svo jeg snúi mjer nú aftur að brúnum, þá er það vitanlegt, að nauðsyn ber til að brúa Jökulsá, og vildi jeg fyrir mitt leyti langhelst að báðar þessar umræddu brýr kæmust inn í fjárlögin, en því verður þó ekki neitað, að nokkuð er ólíkt á komið með þeim. Jökulsá er að vísu hættu-

legt vatnsfall, en gagnið er miklu meira að því að brúa Eyjafjarðará. Og eftir því, sem mjer er skýrt frá, þá er Jökulsá aldrei ófær, nema nokkra daga í einu, en Eyjafjarðará getur verið ófær svo vikum og mánuðum skiftir, og er þá engin annar vegur fyrir þá, er yfir hana þurfa að fara, en taka það glæfraráð að fara svo nefnda Leiru, eða fara langan krók á ferju. Jeg man eftir því, að hún var þannig algjörlega ófær heilt sumar.

Jeg ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta atriði, en vona að háttv. deild taki þessari málaleitun minni vel og samþykki brtt. mína.

Þá ætla jeg að minnast örfáum orðum á nokkrar brtt. háttv. fjárlaganefndar við þennan kafla, sem mjer virðast helst varhugaverðar. Jeg játa það, að háttv. fjárlaganefnd hefir sýnt lofsverða viðleitni í því, að minka tekjuhallann, og er það allra góðra gjalda vert, en þó finst mjer hún hafa tekið nokkuð hörðum höndum á sumum atriðum, og mun jeg því ekki geta fylgt henni í öllu.

Það er þá fyrst 2. brtt. nefndarinnar. Mjer virðist svo, að fyrst nefndin vill leyfa að verja þessu fje til jarðabóta, þá sje mikils krafist, að sljettaðar sjeu 4 dagsláttur á ári. Tillagið, sem presturinn fengi, væri þá einar 35 kr. fyrir dagsláttuna, og er þess þó gætandi, að þetta er landssjóðseign. Jeg hlýt því að greiða atkv. á móti þessari brtt. nefndarinnar.

Þá er 3. brtt. nefndarinnar, sem fer í þá átt, að veittar verði 5000 kr. hvort árið til aukins tolleftirlits vegna bannlaganna. Þessari tillögu get jeg alls ekki greitt atkvæði mitt, og það er aðallega fyrir þá sök, að málið er alveg óundirbúið. Mjer finst það vera líkast því að gefa skrattanum litla fingurinn, að fara að veita fje til aukins tolleftirlits svona út í bláinn, og aðgætandi er það, að þá þyrfti að endurskoða launakjör allra tollgæzlumanna á landinu. Þetta fje hlyti líka að renna að mestu leyti til þeirra lögreglustjóra, sem mestar tekjur hafa, svo sem lögreglustjóranna í Reykjavík, Akureyri og Vestmannaeyjum.

Þetta er mikið vandamál, og það þarf að athuga það rækilega, áður en skipað er fyrir um það með lögum. Það er hugboð mitt, að þessar 5000 krónur, ef þær væru samþyktar, nægðu ekki langt, því ef það ætti að koma að nokkrum verulegum notum, ætti að veita til þess tugi þúsunda. Og jeg hygg að eftir svo sem 10 ár væru þessar 5000 krónur orðnar að 100,000 krónum, eða enn þá hærri upphæð. Vil jeg minna á það, sem áður hefir verið bent á, að þar sem reglulegt tolleftirlit er, getur það kostað í einstökum stöðum alt að 75% af tekjunum. Þessi leið er því hættuleg, og því ekki rjett að ganga hana. Það, sem hefir legið á bak við tillögu þessa, en lítilfjörlega verið minst á, er, að með því yrði útrýmt bannlagabrotum, en jeg hefi enga trú á að svo verði. Má ske nægðist í nokkra sökudólga, en þeir yrðu áreiðanlega sárfáir.

Um 5. breytingartillögu fjárlaganefndarinnar vil jeg segja það, að þótt jeg viðurkenni að talsverð sanngirni mæli með henni, þá get jeg ekki greitt henni atkvæði, því jeg tel að þar sje um vafasama braut að ræða. Hingað til hefir það tíðkast að veita þeim hreppum, er örðugt eiga með að sækja lækni, styrk til þess að sækja hann, en ekki lækninum sjálfum. Er það nú meining fjárlaganefndar, að læknum í fámennustu læknahjeruðum landsins verði veitt viðbót við laun sín í fjárlögunum? Svo lítur það út, og það tel jeg mjög varhugaverða braut, og vil ráða frá að hún verði farin.

Um sjöttu brtt. hinnar háttv. nefndar vil jeg taka það fram, að jeg er þar á sama máli og nefndin. Jeg tel það vera óhjákvæmilegt að bæta ástandið í þessu efni í Holdsveikraspítalanum.

Þá eru vegirnir. Þar þykir mjer nefnd-

in vera æði harðhent. Jeg felst á að það sje rjett, er háttv. framsm. (M. P.) lagði áherslu á, að rjett sje að gefa stjórninni heimild til að fresta framkvæmdum á þeim mannvirkjum, þar sem sjerstaklega mikið efni er í frá útlöndum, eins og t. d. brúargjörðum. En jeg get ekki verið með því að fresta vegum, nema það sje öldungis óhjákvæmilegt. Því það að fresta vegunum er hið sama og setja öll vor vegamál afturábak, fresta vegagjörðum svo langan tíma, sem svarar því, hve stórt sem umrætt mannvirki er. Og þetta kemur af því, að við getum ekki unnið nema fyrir vissa upphæð vegna mannaskorts. Því er það, að jeg er yfirleitt á móti þessum útdrætti á vegum, er nefndin hefir gjört. Þess er þá fyrst að geta, að fjárlaganefndin vill lækka Grímsnesbrautina úr 15 þúsund krónum niður í 8 þúsund krónur á ári. Ef mögulegt er, þá vil jeg ekki lækka fjárframlagið til þessarar brautar, er á að liggja yfir mjög fjölbygða og góða sveit, eða ef jeg man rjett, frá Sogsbrú upp Grímsnes og alla leið upp að Geysi. Fyrr en þessari og öðrum akbrautum er lokið, geta menn ekki byrjað af alvöru og alefli að vinna að því, sem á að vera takmarkið, að akfær vegur verði gjörður frá hverju kauptúni heim að svo að segja hverjum bæ. Hins vegar vil jeg ganga inn á það að veita stjórninni heimild til, að hún megi fresta framkvæmd verksins, ef of mikil vandræði verða að fá fje til þess, og eins vil jeg ganga inn á að gjört verði með Húnvetningabrautina, en jeg gjöri það í fullu trausti þess, að þessi heimild verði ekki notuð við hvoruga brautina, nema það sje öldungis óhjákvæmilegt, en til þess mun ekki koma að minni hyggju. Jeg vil því alvarlega skjóta því til fjárlaganefndarinnar, hvort hún vilji ekki taka breytingartillögur sínar aftur, en koma hins vegar til 3. umræðu með tillögu um að heimila stjórninni að fresta verkinu, ef óhjákvæmilegt er. Jeg býst við, að hverjum, er lesið hefir ritgjörðir Jóns landsverkfræðings Þorlákssonar um vegamálin, sje áhugamál að vegir þeir, sem vegalögin ákveða sem landssjóðsvegi, komist á sem fyrst. Og jeg vil benda á það, að við verðum að láta verkfræðingana og vinnustjórana hafa nóg að gjöra.

Um Stykkishólmsveginn er það að segja, að jeg get greitt atkvæði með því, að styrkurinn til hans sje færður niður síðara árið, af því að jeg býst við að það gjöri engan skaða, og eins er það með Langadalsveginn, ef vegurinn kemst svo langt fyrir þessar 5000 krónur, að hann nái yfir vegleysuna í miðdalnum. En það er brýn nauðsyn, að svo verði. Nú verður pósturinn að fara þar yfir engi, og eins og eðlilegt er, þá banna hlutaðeigandi bændur honum það.

Stjórnin og háttv. neðri deild hafa komið sjer saman um fjárveitingu til Norðurárdalsvegarins, og álít jeg að þessi fjárveiting megi alls ekki falla niður. Það hefir dregist alt of lengi að gjöra þennan veg sæmilegan, jafn afar-fjölfarinn og hann er.

Þá er 17. brtt. við B. 6, í 13. grein. Þar hefir stjórnin og neðri deild komið sjer saman um að veita 20 þúsund krónur á ári til sýsluvega, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að. Þetta tel jeg mesta framfarasporið í fjárlögunum. Það sýnir sig, að með akbrautunum er hafin ný hreyfing, hin mesta og bezta framfarahreyfing á síðari árum. Í stað þess, að menn notuðu áður hesta og klyfjar til flutnings, þá nota menn nú hesta og hjól. Þetta er eitthvert mesta menningarbragðið hjá okkur, og jafnframt góð fjármálapólitík. Það er því ofureðlilegt, að öllum hugsandi mönnum sjeu akvegir þessir hið mesta áhugamál. En það er ekki nóg að fá akbrautir þær, er landssjóður leggur, Grímsnesbraut, Húnvetningabraut, Skagfirðingabraut, eða hvað þær nú nefnast, því að þær ná skamt. Út frá þeim verður að gjöra aðra akfæra vegi, sýsluvegina, og þessir vegir

verða að mynda fullkomið veganet um landið, svo að akfært verði að hverjum bæ landsins. Menn hafa stundum hjer á þingi verið að bera fram einstaka sýsluvegi, svo sem veg hjer suður með sjó (Keflavíkurveg) og Hvammstangaveginn, en þeir hafa oft átt örðugt uppdráttar, vegna þess, að þeir hafa verið gripnir út úr rjettu samhengi. En það á langt í land, að við höfum fullnægt skuldbindingum vegalaganna, þó þessi fjárveiting standi óhreyfð. Hjer er að eins að ræða um byrjun á stóru, miklu og afarþörfu verki. Og svo ber hjer að líta á það, að hjeruðin bera hjer allan aðalþungann; þau verða fyrst að leggja fram helming stofnkostnaðarins, og svo borga þau alt viðhaldið á vegum þessum, og auk þess alt viðhaldið á akbrautunum. Það er því full trygging fyrir því, að hjeruðin leggja ekki þessa vegi, nema þar, sem þau telja þeirra fulla þörf.

Vil jeg því alvarlega skora á háttv. deild að skerða ekki þessar 20 þúsund krónur. Vil jeg benda á að það er hart, ef heilir landshlutar eiga ekki að bera neitt frá borði í þessum efnum.

Við verðum nú að búast við því, að Norðurálfustyrjöldinni ljetti senn, og þá vil jeg benda á, að mikið verður þá hægra en oft ella, að fá framlag til veganna á móti landssjóðstillaginu. Það gjörir það, að landsbændur hafa fengið óvenjulega hátt verð fyrir afurðir sínar, og hafa því meira gjaldþol og framlagsþol en venja er til.

Jeg vona því að háttv. deild felli brtt. nefndarinnar, um að lækka þennan lið niður í 15000 krónur. Ef endilega á að lækka hann, þá er þó betri tillaga háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) um 18000 krónur, og mun jeg því ljá henni atkvæði.

Þá ber nefndin fram tillögu um að hækka fjárveitinguna til kostnaðar við stöðina í Vestmannaeyjum. Fyrir þessu er gjörð grein í nefndarálitinu, en við það hefi jeg tvent að athuga.

Í fyrsta lagi það, að það er óviðkunnanlegt, að þetta kemur fram á bak við landssímastjóra. Þingið hefir hingað til verið tregt á að auka laun starfsmanna, þó málstaður þeirra væri góður, án þess að leita um það umsagna yfirboðara þeirra, og það tel jeg rjett. Í öðru lagi er það þungt á metunum hjá mjer, að jeg tel það óheppilegt að fara að búta þetta starfsfje í sundur í fjárlögunum. Það er ekki gjört hjá póstmeistara og ekki á öðrum liðum hjá símastjóra. Jeg þarf því að fá einhverjar nýjar og veigameiri ástæður, ef jeg á að geta greitt því atkvæði mitt. Mjer finst eins og eitthvað liggi á bak við tillöguna, er jeg og aðrir fái ekki að vita.

Þá eru 23. og 24. breytingartillaga nefndarinnar við 13. gr. E. I, um að lækka laun umsjónarmanns vitanna. Stjórnin lagði til að launin væru hækkuð úr 3700 krónum upp í 4000 krónur, og kemur það af því, að starfið hefir aukist mjög mikið, með byggingu nýrra vita og þar afleiðandi fjölgun þeirra. Starfið er því orðið svo mikið, að umsjónarmaðurinn getur ekki haft neina auka-atvinnu, en hann hefir nú haft þetta starf á hendi í 9 ár. Jeg tel því rjettmætt að hann fái þessa launa-uppbót, meðal annars vegna dýrtíðarinnar, en hann fær ella enga dýrtíðaruppbót. Jeg get því fallist á gjörðir neðri deildar að veita honum 3600 kr. laun og 400 kr. persónulega launaviðbót, og mjer finst það nærri því nánasarlegt að vera að breyta þessu.

Sama er að segja um 25. brtt. nefndarinnar, þar sem hún er að klípa af skrifstofufje hans. Eða er það ætlun nefndarinnar, að hann hafi einhverja skrifstofukytru, litla og lítilfjörlega, og má ske spari kol líka. Þau eru dýr nú. Þetta getur varla verið ætlunin, en þá er líka tillagan meiningarlaus.

Kristinn Daníelsson: Mjer þykir það ekki nema eðlilegt, að fjárlaganefndin leitaðist við að spara, svo að tekjuhallinn yrði sem minstur í fjárlögunum, og jeg vona, þó að jeg sje ekki alstaðar samdóma hinni háttv. nefnd, að jeg spilli þar ekki mjög miklu. Þær eru ekki ýkjamargar eða miklar, breytingartillögur þær, er jeg flyt.

Þó hefi jeg nokkrar breytingartillögur, og vil jeg skýra stuttlega frá þeim.

Fyrsta tillagan, sem jeg hefi í eftirdragi, er á þingskj. 728, og er hún þó í raun-inni frá sjávarútvegsnefndinni, svo jeg tala hjer fyrir hennar hönd. Tillaga þessi fer fram á það, að fjeð til eftirlitsins úr landi með fiskveiðum í landhelgi verði hækkað úr 8 þúsund kr. upp í 10 þúsund krónur. Það stendur svo á því, að eftir að fjárlaganefnd háttv. neðri deildar hafði áætlað þessar 8 þúsund krónur, þá kom fram beiðni frá Norðurlandi, sem nefndin taldi að vísu fulla þörf á að verða við, en sá sjer þó ekki fært eftir atvikum að taka upp tillögu um svo mikla fjárveiting, sem farið var fram á. Þá tók nefndin það ráð, að bera fram frumvarp um, að þeim hluta útflutningsgjaldsins af síld, sem útgjörðarmenn hafa notið, yrði varið til eftirlitsins, og mundi þá hrökkva langt til; en síðan hefir það undir meðferð frumvarpsins snúist svo, að útgjörðarmenn hljóti helming gjaldsins sem áður, svo að þegar að eins helmingur gengur til eftirlitsins, þá er það auðsætt, að þessar 8000 kr. fullnægja ekki rjettmætum kröfum í þessu efni. Vona jeg að jeg þurfi ekki að ræða þetta atriði frekar, en hygg að jeg megi bera það fram, að háttv. fjárlaganefnd sje tillögunni velviljuð, og muni ekki leggja á móti henni.

Önnur breytingartillaga mín er á þingskj. 707. Jeg legg þar til, að upp í tölu sjerfræðinganna, er styrks njóta gegn því að kenna við háskólann, verði tekinn Magnús læknir Júlíusson, með hóflegan styrk, 1200 krónur, til vara 1000 krónur. Jeg óska að hærri upphæðin nái samþykki háttv. deildar. Jeg vil stuttlega skýra frá því, að Magnús læknir Júlíusson sókti til Alþingis 1913 um styrk, og bauðst þá til þess að gegna ókeypis Röntgens og Finsens áhöldunum, en því var þá ekki sint. Síðan hefir haun barist áfram upp á eigin býti, með að hafa ofan af fyrir sjer, og það gengur erfiðlega, einkum í þessari dýrtíð. En einmitt við starfsemi hans í þessari sjerfræðigrein hefir það komið í ljós, að brýn þörf er hjer á sjerfræðingi í þessari grein.

Meðal annars heyrir undir grein hans sjúkdómur, sem mjög er að ágerast hjer og hefir þegar komið til orða að lög þyrfti að setja til að hindra útbreiðslu hans, og er því mikil þörf á lækni með sérfræðiþekkingu, er geti veitt nauðsynlega hjálp og fátæklingum ókeypis lækningu. Jeg vona því að deildin sjái sjer nú fært að veita þessum manni þenna styrk, sem honum var synjað um fyrir 2 árum. Að því er sjálfan manninn snertir, þá get jeg mælt með honum hið besta; hann er reglusamur efnismaður og líklegur til nytsemdar í starfi sínu.

Þá vil jeg minnast á breytingartillöguna á þingskjali 726, sem fer fram á að veittar verði alt að 1000 kr. til að styrkja sjúklinga, sem hafa berkla í hörundi, sem er afarvondur sjúkdómur, til lækninga erlendis. Jeg hefi borið tillöguna fram með tilliti til eins sjerstaks sjúklings, Önnu Magnúsdóttur, sem nefnd er í brjefi því, er jeg hefi látið prenta í breytingartillögunni. Það hefir verið kostað miklu upp á hana í samfleytt 6 ár af fátækum fósturforeldrum og af sveit hennar, og ef hún fær ekki þenna styrk, verður henni fyrirmunað lækningar og hún alla æfi örkumla aumingi, þar sem þetta er eina von um bót. Jeg veit ekki hvort það, sem hjer er farið fram á að veitt verði, er nægilegt, því að fleiri munu þurfa þenna styrk en þessi eini

sjúklingur. Jeg veit það, að 800 kr. nægja ekki, og 1000 kr. ef til vill ekki heldur, þótt jeg fari ekki fram á meira; þessi hækkun er svo lítil, að engu munar í fjárlögunum, og því vona jeg að deildin taki henni vel.

Þá á jeg breytingartillögu á þingskjali 727. Háttv. fjárlaganefnd hefir lagt til að tillagið til sýsluvega verði lækkað úr 20 þús. niður í 15 þús. Jeg hefði kosið að þessi upphæð mætti standa óhögguð, en jeg vildi þó ekki fara svo langt, og hefi því lagt til að hún verði ákveðin 18. þús. Jeg legg ekkert sjerstakt kapp á þetta, en get tekið undir með háttv. 2. kgk. (Stgr. J.) um að sanngjarnt er að þetta fje verði veitt. Til þessara vega hafa alt af komið tillög annarsstaðar frá, og sýnir það hvað mönnum þykir mikils um vert að fá þessa vegi. Jeg vil að eins taka það fram, að það er ekki vegna þess vegar, sem er í mínu sýslufjelagi, að jeg ber þetta fram, því að jeg vona að sá vegur fái alt af það, sem hann þarf með, en jeg þykist vita að það muni vera fleiri vegir, sem þarf að veita fje til. Við höfum samþykt í sumar að símalagningin skuli ganga meðfram þessum vegi, og hann þarf því að vera fullger áður en síminn verður lagður.

Jeg hefi nú minst stuttlega á þessar breytingartillögur mínar. Um aðrar brtt. við þenna kafla fjárlaganna hefi jeg fátt að segja. Jeg vil út af orðum háttv. 2. kgk. (Stgr. J.) um þær 5 þús. kr., sem nefndin hefir lagt til að veittar yrðu til verndar bannlaganna, geta þess, að jeg er samdóma nefndinni um þetta, þó að það hafi í för með sjer nokkra hækkun á gjöldunum, en í nefndarálitinu er sýnt fram á að það er ekki víst, að þetta yrði í sjalfu sjer kostnaður, því að vel getur farið svo, að meira fje fengist fyrir það, sem aukið tolleftirlit gæfi drýgra í aðra hönd. Jeg vil geta þess, að reyndur lögreglustjóri hefur látið í ljós að þetta mundi geta komið að miklu gagni. Það mundi auðvitað verða notað mest hjer, enda mundi það koma hjer að mestu haldi. Jeg legg því til að þessi tillaga verði samþykt. Læt jeg svo útrætt að þessu sinni.

Hákon Kristófersson. Jeg á eina breytingartillögu við þenna kafla fjárlaganna. Hún er á þingskjali 714 og fer að vísu í hækkunar átt. Er hún viðkomandi Breiðafjarðarbátnum. Þegar háttv. strandferðanefnd hafði þetta mál til meðferðar, þá lá annað fyrir viðvíkjandi þessum bát, en nú er komið á daginn, og var því álitið að 9000 kr. mundu nægja. Fjárlaganefnd neðri deildar hefir lagt til að það fje verði veitt og háttv. fjárlaganefnd efri deildar hefir látið það standa. Nú hefir verið stofnað hlutafjelag til að kaupa bát til þessara ferða, ekki einungis um Breiðafjörð, heldur er ætlast til að hann geti gengið lengra bæði norður og suður; sjerstaklega er ætlast til að hann fari suður á bóginn til Skóganess og Búða. Þegar þetta fjelag, sem gengst nú fyrir kaupum á nýjum bát, var stofnað, taldi það víst að meiri styrkur mundi fást en veittur var í síðustu fjárlögum, af því að þingið hafði látið í ljós, að það mundi fúst til að styrkja þessar ferðir meira, ef ekki ættu bátinn einstakir menn, sem notuðu hann í sínar eigin þarfir. Bæði hv. fjárlaganefnd og hv. deild er kunnugt um að þessi bátur muni verða nokkuð dýr og að sýslurnar muni muni ekki geta lagt út í þetta, nema landssjóður veiti ríflegan styrk til fyrirtækisins. Jeg hefi því farið fram á að styrkurinn verði hækkaður upp í 12 þúsund kr. Hefði jeg helst viljað fara fram á 15 þús. kr., en af sparnaðar ástæðum fór jeg ekki lengra en þetta, sem er það minsta, sem um getur verið að ræða, þar sem þetta á að skiftast á milli 2 báta. Jeg hefi vissa von um, ef úr framkvæmdum verður með þessi bátskaup, að hann fari 2—3 ferðir, sem nothæfar geti orðið fyrir okkur Barðstrendinga, og er það lífsskilyrði fyrir

okkur. Jeg man ekki hvað áætlað er að þessi bátur muni kosta, en mig minnir að það sjeu um 40 þús. kr. Framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins hefir tekið að sér að útvega bátinn, og má því vænta að það verði vel af hendi leyst. Jeg vona að háttv. deild geti orðið með þessari breytingu, því að mjer sýnist hún sjálfsögð með tilliti til ákvæða þingsins 1913 og þess, að fjelag er myndað í því trausti, að þingið veiti ríflegan fjárstyrk til fyrirtækisins. Jeg vil geta þess, að það er ekki víst, að strandferðaskipin fáist til að koma við á Gilsfirði, og þó þau komi þar við, tel jeg óþarft að þau komi þar oftar en tvisvar á ári, ef svo stór bátur fæst til flóaferða, sem jeg vona að verði, ef deildin sjer fært að veita þá upphæð, sem jeg hafi farið fram á, en að öðrum kosti sjer fjelagið sjer ekki fært að ráðast í þetta fyrirtæki. Jeg vona að þetta mál sje nú orðið svo ljóst fyrir háttv. deild, að jeg þurfi ekki at tala frekar og að hv. deild samþykki svo sanngjarna tillögu.

Um aðrar breytingar mun jeg sýna með atkvæði mínu hvernig jeg lít á þær.

Guðmundur Ólafsson: Jeg stend ekki upp af því, að jeg eigi brtt. við þenna kafla fjárlaganna. En það eru nokkrar af breytingartillögum hv. nefndar, sem jeg vildi minnast á. Eins og hv. framsögumaður tók fram, hefir frumv. að því leyti tekið bótum hjá nefndinni, að tekjuhallinn hefir lækkað, en með þá stefnu, sem nefndin hefir tekið, er jeg ekki ánægður, því að mjer finst hún einmitt hafa lækkað þær fjárveitingar sem síst skyldi, og einmitt þessar fjárveitingar snerta mitt kjördæmi. Af flutningabrautunum hefir hún tekið flutningabraut okkar Húnvetninga eina út úr og lagt til að henni mætti fresta, ef fyrirsjáanlegt er að tekjur landsins hrökkva ekki til lögskipaðra útgjalda. Þetta er auðsjáanlega ekki sanngjarnt, og jeg hefi ekki sannfærst af ástæðum háttv. framsögumanns. Hann sagði að sú athugasemd, sem nefndin leggur til að samþykt verði stafi af því, að hún vilji helst fresta því, sem mikill efniskostnaður er við, og nefndi hann í því sambandi brúna á Jökulsá á Sólheimasandi, og svo þá brú, sem hjer er um að ræða á Húnvetningabrautinni. Jeg skal játa að það er mikið fje, sem sparast við að fella brúna á Jökulsá. En brúin á Hnausakvísl er ekki sú næsta, að því er kostnað snertir; það er brúin á Hjeraðsvötnum, og leggur þó háttvirt nefnd ekki til að fjárveiting til hennar sje feld. Verkfræðingurinn hefir áætlað að brúin á Hnausakvísl muni kosta um 20 þús. kr., og er það ekki mikið fje. Nefndin bar verkfræðinginn fyrir því, að vegurinn kæmi ekki að notum, ef að eins yrði unnið að honum fyrra árið. Jeg hefi talað við verkfræðinginn, og skildi jeg hann ekki svo; er líka nægilega kunnugur þarna til þess að geta dæmt um það, og háttvirtur framsögumaður nefndarinnar hefir svo mikinn kunnugleik á þessu, að hann hlýtur að vita að jeg fer hjer með rjett mál. Ef veitt er fje til vegarins fyrra árið, kemst vegurinn yfir kvíslina, og gjörir þá minna til þó frestað verði áframhaldi hans seinna árið. Ef nauðsynlegt er að fresta einhverju, finst mjer að Húnvetningum sje ekki gjört beint ranglæti, ef fyrra árs veitingin er látin standa. Jeg játa að það þarf að spara, en jeg get ekki samþykt að taka einstakar fjárveitingar þannig út úr. Menn verða að gæta að því, að þetta er löng braut og nýlega byrjað að leggja hana, og þar að auki má geta þess, að fje það, sem veitt hefir verið til hennar undanfarandi, hefir ekki verið unnið upp. Mjer var auðheyrt að háttv. fjárlaganefnd hefir ekki góða samvisku af þessari tillögu, af því að hv. framsögumaður sá ástæðu til að forsvara hana sjerstaklega, og jeg vona að hv. deild komist ekki að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að láta annað gilda um þennan veg en aðra vegi.

Þá vildi jeg minnast á Langadalsveginn. Honum voru ætlaðar 7 þús. kr. hvort árið í frumv. stjórnarinnar, og hann kom frá neðri deild með 7 þús. kr. annað árið, en nefndin hjer hefir lagt til að hann verði lækkaður niður í 5 þús. Háttv. frams.-maður mintist ekki á þetta, enda er ilt að forsvara það. Þetta er póstvegur, mjög fjölfarinn og oft lítt fær, og ekki er hjer að ræða um útlent efni, sem þarf að spara. Háttv. 2. kgk. (Stgr. J.), sem hefir farið þarna um oft, vjek nokkrum orðum að nauðsyn þessa vegar, og mjer heyrðist hann ekki líta svo á, að tilhlýðilegt væri að takmarka þessa fjárveitingu svo mjög.

Um aðrar breytingartillögur mun jeg sýna með atkvæði mínu hvernig jeg lít á þær, og mun yfirleitt verða meir fylgjandi fjárveitingum til verklegra framkvæmda en öllum þessum bitlingum og guðsþakkafje til einstakra manna. Jeg ætla að eins að geta þess, að jeg er mótfallinn lækkun til sýsluvega, og er jeg þar á sama máli og og hv. 2. kgk., en get ekki fallist á breytingartillögu nefndarinnar.

Jón Þorkelsson: Jeg hefi lítið af breytingartillögum og hygg, að þær sjeu flestar, ef þær eru fleiri en ein, lítilfjörlegar og mæli best með sjer sjálfar. Það er ein á þgskj. 751, sem fer fram á fje handa Ólafi lækni Gunnarssyni til liða- og beinlækninga, ef eg kann að nefna það rjett. Lærðir menn munu kalla það „orthopædiu“ eða beinrjettingu. Flestir þeir, sem örkumlamenn hafa orðið, og þar á meðal er jeg, telja nauðsyn á slíkum lækningum. Það er herfilegt til að vita, að þeir menn, sem hafa orðið fyrir þeirri óhamingju, að verða örkumlamenn, skuli verða að búa við þau örkuml alla æfi þaðan upp, af því að ekki var hægt að ná í lækni, þá er þeir slösuðust. Jeg hefi farið fram á 1500 krónur handa Ólafi Gunnarssyni, og hygg jeg að allir kannist við nauðsynina til þeirrar fjárveitingar. Annars býst jeg við að landlæknir muni styðja þetta mál mitt og eins framsögumaður háttv. fjárlaganefndar. Sjálfur hefi jeg ekki mikið vit á þessu og læt því útrætt um það.

Jeg á líka litla breytingartillögu á þgskj. 759 um að hækka styrkinn til vjelarbáts á Hvítá úr 300 kr. upp í 600 kr. Ef þeir, sem halda þessum bátsferðum uppi, fá ekki nema 300 kr. styrk, geta þeir ekki notað hann. Jeg hefi því komið með þessa miðlunartillögu, og vona að í háttv. fjárlaganefnd sjeu svo góðir, vitrir menn og nýtir, að þeir vilji ganga inn á hana.

Það eru ýmsar breytingartillögur háttv. fjárlaganefndar, sem eg mun lítið eða ekki minnast á. Þó get jeg ekki annað en minst á það, sem flestum, er til þekkja, mun þykja undarlegt, og það er, að strikuð hefir verið út fjárveiting til vegar í Norðurárdal. Vegur sá er aðalæðin milli Reykjavíkur og Norðurlands og Vestur, og er umhugsunarvert, hvort ekki sje rjett að falla frá þeirri breytingartillögu.

Um Jökulsárbrúna hefi jeg ekki margt að segja. Jeg hefði gjarna viljað greiða fyrir því kjördæmi með atkvæði mínu, en sá þingmaður, sem flutti þessa fjárbeiðni, hefir hegðað sjer svo á þessu þingi, að jeg get ekki verið með því. Hann hefir reynt að ausa of fjár úr landssjóði, en sett sig upp á móti öllum tilraunum til þess að afla fjár með því viti og afli, sem honum hefir verið gefið. Jeg get því ekki greitt þessari fjárveitingu atkvæði mitt.

Jeg sje að háttv. fjárlaganefnd hefir gjört þá breytingartillögu við 5 gr., að hún vill hækka jarðabætur prestsins á Breiðabólstað úr 5 dagsláttum og upp í 8. Hann á að sljetta 8 dagsláttur fyrir það eitt, að mega halda 142,38 kr., eða árgjaldinu af staðnum. Það er víst ætlast til að það verði ódýrt að rækta landið það.

Svo var það 3. liðurinn þarna í breytingartillögum nefndarinnar, það er við 11. gr. B. 8. Á eftir þeim lið á að koma nýr liður, 5000 kr. fjárveiting til toll-

gæslu og aukins lögreglueftirlits vegna bannlaganna. Mjer er nú spurn: Hvað lengi á þetta þref að ganga? Hvað lengi á að eyða tíma þingsins í þessa óhæfu og þjóðarskaðræði? Jeg heyrði háttv. 5. kgk. (G.B) tala í dag um þrælalög, sem hann vildi berjast á móti að sett yrði. Þá var verið að tala um lög til varnar því, að starfsmenn þess opinbera gæti gjört verkfall og stöðvað alt verk sitt. Þetta kallaði hann þrælalög og hjúalögin kallaði hann sama nafni. En hve lengi á þetta að ganga, að veitt sje fje til þessara þrælalaga, bannlaganna, sem eru sett af þrælum til þess að gjöra landsmenn að þrælum. Hvað lengi á þessi vitleysa að ganga? Þessi geðveikisvitleysa, sem búin er að kosta landið ærið fje, þó þetta bætist ekki við. Það er með þessu verið að fara fram á 5000 krónur, sem er stungið í vasa nokkurra lögreglustjóra; það eru vasaskildingar handa þeim, án þess að nokkur vissa sje fyrir því, að þeir gjöri nokkurt gagn. Því er skotið að mjer hjer af sessunaut mínum, að þetta sje handa þeim hálaunuðustu lögreglustjórum. Þessi lög hafa kostað landið svo mikið, að ekki er á það bætandi með þessum 5000 kr. Jeg heyrði háttv. 5 kgk. segja, og hann er bannhetja eins og hv. 4. kgk. (B. Þ.), að það hefði skekst til um alla toll-löggjöf landsins. Jeg kannast við að þetta er rjett. Jeg held að fyrsti tollurinnn, hinn svokallaði brennivínstollur, hafi verið lögleiddur 1842. Þá þótti rjett að tolla þá vöru, sem ekki gæti talist lífsnauðsyn, og þeir menn, sem ekki vildu neita sjer um þá vöru, borguðu þá tollinn. Síðan hefir ekki verið lagður tollur á nauðsynjavöru. Það er fyrst 1909, sem skekkjan kemst inn með bannlögunum, eftir að þessum bannhetjum eða bannþrælum hafði tekist með miklu kappi en litlu viti að reka þau á. (*Guðm. Björnson*: Eftir að þm. sjálfur hafði greitt þeim atkvæði). Jeg barðist á móti þeim, en samþykti að láta þau ganga upp í efri deild, af því að jeg bjóst við, að menn þar mundu verða svo vitrir að fella þau. (*Guðm Björnson*: Vitrari en þm. sjálfur!) Jeg vissi hve gott það var að taka fyrir þá vitleysu í neðri deild. Þá komu vandræðin, því hvaðan átti þá að fá tekjur? Tekjugrundvöllurinn hafði verið feldur niður og landið margskaðaðist á því og enginn fann ráð til að bæta úr því. En svo fanst þjóðráðið, sem allir þekkja, og það var að leggja toll á allar nauðsynjavörur, einkum þær, sem allir þurftu að nota. Þessi illu lög, þessi óviturlegu lög, hafa skaðað þjóðina á marga lund. Þessi óvitalög hafa svift þjóðina þeim besta tekjustofni, sem að miklum hluta, að $^1/_3$, var borgaður af útlendingum. Hvað kemur svo í staðinn? Tollur á alla nauðsynjavöru, sem fátækir jafnt og ríkir verða að gjalda. Þetta hafa þessir menn gjört, þeir hafa rekið burt gjaldstofn landsins og lagt skatt á alla nauðsynjavöru.

Þessari breytingartillögu greiði jeg ekki atkvæði, því að jeg hygg, að fjenu sje einungis kastað út í bláinn. Það álítur það enginn lagabrot, þótt bannlögin sje brotin. Þetta er því alveg þýðingarlaust. Til þess að framkvæma þetta, veitti ekki af öðru eins fje og allur áfengistollurinn var.

Karl Finnbogason: Jeg á eina breytingartillögu við þenna kafla og vil nú mæla með henni. Hún er á þgskj. 741 og fer fer fram á að veittar verði 14000 kr. til þokulúðurs á Dalatanga, gegn því, að annarsstaðar að komi það, sem á vantar. Háttvirtir þm. Norðmýlinga hafa hreyft þessu máli við fjárlaganefndirnar, en þær hafa ekki tekið það upp, hvernig sem á því stendur, og háttv. Nd. hefir ekkert sint því. Jeg hefi því leyft mjer að koma málinu á framfæri hjer í þeirri von, að háttv. Ed. taki því betur en háttv. Nd.

Öllum er kunnugt, að hvergi eru tíðari þokur hjer við land en við Austurland. Hitt er og kunnugt, að sigling er mikil

fyrir Austurlandi, fiskimið ágæt og hafnir enn betri, ef þær finnast fyrir þoku. En ekki er það sjaldgæft, að skip nái ekki til hafnar þar, en verða að láta reka á reiða tímum saman — vegna þoku. Enginn vafi er á því, að full þörf er á þokuúðri austanlands.

Jafnframt vil jeg benda á það, að vitaumsjónarmaðurinn hefir ótvírætt látið í ljós þá skoðun, að fyrsti þokulúður á Íslandi eigi að rjettu að koma á Dalatanga. Þessu til sönnunar get jeg að eins vísað til skjala þeirra, er liggja fyrir þinginu um málið.

Vitaumsjónarmaðurinn hefir gjört áætlun um, að þokulúðurinn muni kosta um 20000 kr. Auðvitað er hún ekki nákvæm, og getur lúðurinn vel kostað eitthvað talsvert meira — en naumast minna, því sjaldan kosta fyrirtækin minna en áætlað er. Sje miðað við þessa áætlun, má ætla, að sveitarfjelögin, sem hlut eiga að máli og boðið hafa fje til lúðursins, verði að leggja fram þriðjung eða meira. Og jeg þykist viss um að þau gjöri það með ánægju. Svo mjög óska menn eftir lúðrinum.

Jafnframt vil jeg leggja áherslu á það, að sú regla er heppileg og heillavænleg, að leggja fje úr landssjóði móti fje frá þeim, sem vilja koma á fót hjá sjer einhverju þarfafyrirtæki. Og því meiri ástæða er til þess fyrir landssjóð að gjöra þetta, sem hann varðar málið meira, en hlutaðeigandi fjelög minna. Nú eru vitar vitanlega *landsfyrirtæki*, og ætti þingið því að taka tveim höndum tilboði sveitarfjelaga um að hjálpa til að koma því í framkvæmd. Ekki er víst að svo vel verði aftur boðið, ef landið notar ekki tækifærið nú til að þiggja þá hjálp, sem boðin er til að koma upp þessum þokulúðri.

Enn vil jeg benda á það, að ekki er ætlast til að verkið verði framkvæmt, nema nægilegt fje sje fyrir hendi í landssjóði; vona jeg því að háttv. deild samþykki þessa tillögu mína hljóðalaust.

Svo vil jeg fara fáum orðum um brtt. háttv. nefndar við 4. gr. fjárlagafrumvarpsins. Þar leggur háttv. nefnd til, að feld verði 1500 kr. upphæð, sem háttv. Nd. hefir samþykt og á að vera uppgjöf símaláns til Búðahrepps í Suður-Múlasýslu.

Fyrir þinginu liggja skjöl um þetta mál. Og með leyfi hæstv. forseta vil jeg lesa upp örfá orð úr brjefi símastjórans um það. Honum farast svo orð:

„Eftir því, sem mjer er kunnugt, hefir Búðahreppur lagt hlutfallslega mest af öllum hreppum til talsímasambands, og er því — einnig þar sem línan nú verður framlengd til Hornafjarðar — nokkur ástæða til að koma tillagi þessa hrepps í hlutfall við tillög þau, sem á seinni árum hefir verið krafist við svipaðar kringumstæður.

Jeg skal því leyfa mjer að mæla með því, að af nefndri skuld verði gefið eftir alt að 2000 kr. . . .“

Þetta virðist mjer sanngjarnlega mælt og með öllu rjett.

Nú hefir þó háttv. Nd. að eins viljað gefa upp 1500 kr. En nefndin hjer vill *ekkert* gefa upp. Lengi getur því versnað.

Vænti jeg þess, að háttv. þingdeildarmenn — utan nefndar — verði henni betri í þessu máli og felli því breytingartillöguna.

Jeg skal svo ekki tefja deildina lengur að sinni. Vil að eins minna háttv. þingdeildarmenn á að samþykkja þokulúðurinn á Dalatanga, um leið og jeg sest niður.

Ráðherra: Jeg skal líka lofa að vera stuttorður, eins og allir aðrir, og reyna að efna það, því að í þessum kafla fjárlaganna er ekki mikið, sem háttv. fjárlaganefnd leggur til að sje breytt og margar af brtt. hennar eru þannig, að mjer virðist þær vel mega ganga í gegn. Jeg skal þá að eins snúa mjer að örfáum liðum.

Það er þá fyrst brtt. við 12. gr. 15, i,

sem fer í þá átt, að fella styrk-upp í kostnað við dvöl sjúklings á fábjánahæli erlendis. Það eru til fordæmi þess, að þingið hefir hlaupið undir bagga með að kosta þá vitfirringa, sem eru fæddir fábjánar og ólæknandi, á hæli erlendis. Þannig stendur á hér í þessu tilfelli, að faðir sjúklingsins, sem er fátækur barnamaður og hefir nýlega mist konuna, á þessa dóttur, sem er þannig úr garði gjörð, að hún hefir aldrei fengið vit. Sumir slíkir fábjánar geta verið mjög meinlausir og stjórnlegir, en þessi stúlka, sem hjer er um að ræða, er hið gagnstæða, Hún veitir börnunum á heimilinu skaða, og verður því að hafa manneskju til þess að gæta hennar. Faðir hennar er ekki sjálfur svo efnum búinn, að hann geti kostað hana utan.' Hann er mesti dugnaðarmaður og mundi ekki fara fram á þennan styrk, ef honum væri mögulegt að komast af án hans. Fæddir fábjánar eru ekki teknir á Klepp. Alls eru þeir nú um 100 á landinu, og eru sumir þeirra rænulausir og vinna ekki tjón, en aðrir eru líkari villidýrum en mönnum og vinna tjón, og þannig er því háttað með þessa stúlku. Jeg hygg að faðir hennar hafi talað um þetta við landlækni og býst því við að háttv. 5. kgk. (G. B.) gefi frekari upplýsingar í þessu máli.

Þessu næst vil jeg minnast á nokkur atriði í 13. gr. Háttv. nefnd hefir lagt til að lækka fjárveitinguna til Grímsnessbrautar niður í 8000 kr., og hygg jeg að sú tillaga hennar spretti af ókunnugleik á staðháttum. Vegur þessi liggur um eitt besta hjerað landsins, og ætti því þegar af þeirri ástæðu að flýta honum sem mest. Það er líka mikil spurning, hvort það borgar sig, að vera að skera slíkar fjárveitingar niður í smábúta, Það mun áreiðanlega vera talsvert dýrara að vinna slíkt verk á löngum tíma en skömmum.

Um vegina vil jeg taka það fram, að yfir höfuð virðist miklu síður varhugavert að veita fé til þeirra, heldur en til brúargjörða. Möl og mold eru innlend efni, sem ekki hækka í verði, en cement, járn og stál verðum við að fá frá útlöndum, og þær vörur hafa stórhækkað í verði síðan stríðið hófst, og þar á ofan tvísýnt, hvort auðið verður að fá þær fluttar hingað til landsins, hvað sem í boði er fyrir þær. Jeg býst við, að háttv. nefnd hafi kynt sjer brjef landsverkfræðingsins um þetta efni. — Til brúargerða er mestmegnis notað þýskt járn, því að bæði er það ódýrara og betra en annað járn til slíkra hluta. En það er meira en óvíst, hvort við getum náð í einn járnbút frá Þýskalandi meðan á stríðinu stendur. — Þó að nú þeirri athugasemd sje bætt við fjárveitingar til brúa, að þær skuli því að eins komast í framkvæmd, að fjárhagurinn verði ekki of örðugur, vegna stríðsins, þá er þar með ekki fengin trygging fyrir, að við gjörum okkur ekki stórtjón með slíkum fjárveitingum, því að í fyrsta lagi getur fjárhagurinn orðið örðugur vegna annara hluta en stríðsins, og í öðru lagi væri mesta heimska að byggja brýr á næsta fjárhagstímabili, þar sem efnið í þær yrði ef til vill 50%—100% dýrara en venja er til. Jeg er sannfærður um, að enginn privatmaður mundi fara svo heimskulega að, og á þá landssjóður síður að kunna fótum sínum forráð? Jeg tala þetta ekki til háttv. nefndar, því að hún hefir ekki ráðið til slíkra fyrirtækja. En jeg vil brýna það fastlega fyrir háttv. deild, að íhuga þetta mál vandlega og hrapa að engu.

Um samgöngur á sjó, sem 13. gr. C fjallar um, skal jeg að eins geta þess, að varhugavert er að fara fram hjá tillögum samgöngumálanefndarinnar. Menn mega ekki láta einstaka þingmenn, sem af kappi reyna að hlynna að kjördæmum sínum, verða altof ráðríka.

Það er rétt hjá háttv. nefnd, að það var af vangá fjárlaganefndar Nd., að liðurinn E. V. í 13. gr., um vita, var ekki

aftur hækkaður, þegar hinar fyrirhuguðu vitabyggingar voru aftur settar inn í frv. Það er því vel farið að háttv. nefnd hefir leiðrjett þetta.

Jeg skal svo ekki lengur tefja tíma háttv. deildar. En jeg vil þó taka það fram enn þá áður en jeg sest niður, að mjer finst misráðið, að lækka fjárveitingar til vega, af þeim ástæðum, sem jeg þegar hefi minst á. Þar að auki er á það að líta, að margir menn mundu missa atvinnu sína, ef mjög drægi úr vegagjörðum. Hið sama má auðvitað segja um þá, sem atvinnu hafa af símalagningum og brúargjörðum, ef fjárveitingar til þeirra fyrirtækja minka eða falla niður. En það er þó alt af betra, að sumir sjeu atvinnulausir en allir.

Framsögumaður (Magn. Pjetursson): Jeg hafði aldrei búist við, að allir gætu orðið sammála um allar till. nefndarinnar, enda hafa nú komið fram ýmsar aðfinningar við þær. En hitt gerðum við ráð fyrir að geta rjettlætt skoðanir okkar, og mun jeg nú reyna að hrekja andmæli þau, sem fram hafa komið við brtt. nefndarinnar við þenna kafla. Mun jeg tala eftir röð greinanna en ekki mælenda.

Hv. þm. Seyðf. (K. F.) andmælti 1. brtt. nefndarinnar, um að athugasemdin aftan við 1. lið 4. gr. falli burtu. Gat hann þess sínu máli til stuðnings, að hreppur þessi hefði orðið illa úti, og landssímastjóri væri því meðmæltur, að þessar eftirstöðvar af símaláni hans, 1500 kr., fjellu niður. En landssímastjóri hefir líka viðurkent, að fleiri hjeruð eigi slíka eftirgjöf skilið, og þótti því nefndinni rjett að bíða, þangað til öll slík mál yrðu tekin til rækilegrar meðferðar. — Hv. þm. Skagf. (J. B.) mun svara þeim athugasemdum, sem gerðar hafa verið við 2. brtt. Hann hefir tekið að sjer að verja í því efni nefndina, þar sem hann sem búfræðingur hefir best vit á jarðabótum. Þá mótmælti hv. 2. kgk. (Stgr. J.) og hv. 6. kgk. (J. Þ.) 3. brtt., um 5000 kr. fjárveitingu til aukins lögreglueftirlits vegna bannlaganna. Jeg vil taka það fram, að yfirleitt var gott samkomulag meðal nefndarmanna, en þetta atriði var þó helsti ásteitingarsteinninn. En þó að jeg sje ekki sjálfur hlyntur þessari fjárveitingu, þá get jeg skýrt frá, hvað fyrir meiri hluta nefndarinnar vakti. Þetta á að eins að vera tilraun til þess, hvort ekki sje hægt að sporna betur við innflutningi áfengis, en nú er gjörlegt, og varna tollsvikum, en hitt var áreiðanlega ekki meining meiri hluta nefndarinnar, að þetta eigi að vera byrjun til stærri fjárveitinga. Þá bjóst meiri hl. n. einnig við því, að þetta gæti orðið gróði fyrir landssjóð, þar sem aukið tolleftirlit myndi að líkindum fremur varna tollsvikum og þannig auka tolltekjurnar. Jeg vona að jeg lýsi því rjett skoðun meiri hluta nefndarinnar, þó það sje ekki mín skoðun. Þá er brtt. á þgskj. 728, frá sjávarútvegsnefndinni. Um hana hefi jeg það eitt að segja, að nefndin er henni meðmælt og mun greiða henni atkvæði. — Hv. 2. kgk. (Stgr. J.) talaði móti brtt. viðvíkjandi athugasemdinni við 2. lið 12. gr., um að 300 krónunum, sem nú er varið til að leita læknis fyrir Árneshrepp, yrði varið til launaviðbótar handa væntanlegum lækni. Honum fanst nefndin vilja þar leggja inn á undarlega braut, og furðaði sig þar að auki á, að hún skyldi vilja byrja á svo fámennu hjeraði. Já, mig furðar enn meir á þessum orðum hv. þm., því hvar ætti fremur að byrja á slíku, en í fámennu hjeruðunum? Ætti kann ske fyrst að veita launauppbætur í mannmörgu hjeruðunum, sem miklar ankatekjur gefa? Nei, það skil jeg ekki að nokkur taki undir. Enda var það einmitt aðalástæða nefndarinnar, hvað hjeraðið er fáment. Hvar mundi þörfin meiri en í slíkum hjeruðum. Erfiðleikarnir við að ná til læknis eru svo miklir í þessu hjeraði, að enginn getur

getið því nærri, nema sá, sem þekkir til. Jeg veit dæmi til þess, að 2 menn hafa uppgefist við að ná í lækni, en hinn þriðji komst alla leið. Hvernig halda menn nú að hefði farið, ef nauðsyn hefði verið á að læknirinn sjálfur færi þenna veg þá aftur, og slíkt getur svo oft komið fyrir, einmitt að ómögulegt sje að ná í lækninn, þó sjúklingarnir hafi fullar hendur fjár. Jeg vona að allir sjái, að hjer getur ekki verið að ræða um neinn hagnað fyrir mig sjálfan. Jeg mundi þvert á móti hafa tekjumissi af því að læknir kæmi í hjerað þetta. En þegar mannslíf eru í veði, finst mjer að menn eigi ekki að horfa í smáskildinginn. Mannslífin eru sannarlega svo dýr vara, að það er ætíð gróðafyrirtæki fyrir landið að verja nokkrum krónum til þess, þó ekki væri annað en bjarga svo sem einu mannslífi á ári. Það væri sannarlega hart, ef þingið neitaði um einar 300 kr. á ári, til þess að þetta hjerað geti sem fyrst fengið lækni, og jeg verð að segja það, að ef það er nánasarskapur hjá okkur nefndarm., eins og háttv. 2. kgk. komst að orði, að vilja ekki bæta 300 kr. á ári, við hálaunaðan embættismann, þá er það enn meiri nánasarskapur hjá honum, ef hann ekki vill veita 300 kr. á ári, til þess að vernda nokkur mannslíf, ef hann ekki vill gera sitt til að þeir fái sem fyrst lækni, sem annars oft og einatt verða hjálparlaust að deyja drotni sínum. Þetta er heldur ekkert annað en bráðabirgða-ráðstöfun. Launanefndin setst nú á rökstóla í vetur, og hygg jeg, að ekki geti farið hjá því, að hún veiti læknum í þeim hjeruðum, þar sem minstar eru aukatekjur, einhverja launaviðbót, ef þau hjeruð eiga nokkurn tíma að verða til, nema á pappírnum. — Þá vil jeg minnast á brtt. þeirra hv. 6. kgk. (J. Þ.) og hv. 2. þm. K.-G. (K. D.). Þær eru svo skyldar, að jeg get talað um þær í einu lagi. Jeg vil taka það fram þegar í upphafi, að jeg hlýt að tala hjer sem þingmaður og þá fyrst og fremst sem framsögumaður fjárlaganefndarinnar, en ekki sem *kollega* þeirra manna, sem hjer um ræðir. Jeg vil alls ekki neita því, að nauðsynlegt sje að hafa sjerfræðinga í ýmsum sjúkdómum hjer í Reykjavík, en hitt veit jeg líka, að til er önnur nauðsyn, sem áreiðanlega er meiri nauðsyn, og hún er sú, að sjá öllum hjeruðum landsins fyrir læknum. Nú vantar lækna í nokkur hjeruð, 1. sept. voru 7 læknishjeruð óveitt, en í 4 af þeim 7 voru settir læknar, en í 3 alls enginn læknir, og meðan ekki er ráðin bót á þessu læknaleysi út um land, þar sem nauðsynin er mest, þar sem mannslífin eru í voða vegna læknaleysis, (í Rvík er ekki slíku til að dreifa, þó sjerfræðinga vanti), þá finst nefndinni mjög varúðarvert, að styrkja unga lækna til þess að setjast hjer að í Reykjavík sem sjerfræðinga. Þessari skoðun, sem jeg nú ljet í ljósi, veit jeg, að landlæknir hefir einnig margsinnis haldið fram. Jeg vil tala svo alment um þetta, sem unt er. og brýna það fyrir nefndarinnar hönd fyrir hv. deild, að líta fyrst og fremst á þjóðarnauðsynina, fremur en hag einstakra manna eða bæjarfjelaga. Það vil jeg loks taka fram, að jeg álít báða þá menn, sem hjer er um að ræða, efnilega og duglega lækna. En hitt finst mjer *mesta nauðsynin*, að því verði afstýrt sem fyrst, að menn þurfi að deyja drotni sínum úti um sveitirnar, vegna þess að læknishjálp fæst ekki.

Þá kemur brtt. hv. 2. þm. Gullbr. og og Kjósarsýslu um að hækka styrkinn til sjúklinga með hörundsberkla. Nefndinni var ekki kunnugt um að nú væri nema um einn slíkan sjúkling að ræða, og við það væri þessi styrkur miðaður. En ef það er rjett, sem jeg nú hefi heyrt, að hjer sje um 2 sjúklinga að ræða, sem styrkja þurfi, þá eru slíkt alveg nýjar upplýsingar, og get jeg því ekki á þeim grundvelli mælt á móti þessari brtt., en nefndin

mun að sjálfsögðu athuga þetta, og vildi jeg því skjóta því til hv. flm., hvort hann vildi ekki geyma till. til 3. umr. *(Stgr. Jónsson:* Jeg mæli með því að hún sje tekin aftur).

Hæstv. ráðherra mintist á till. okkar um að fella burt styrk til fábjánans, og fanst lítil ástæða vera til þess. Það, sem fyrir okkur vakti með því, var, að hættulegt væri að gefa þannig fordæmi vegna síðari tíma. Jeg skal ekki vjefengja það, að illa standi á fyrir þessum manni, en það eru lítil meðmæli; það stendur illa á fyrir fleirum. Ef maður þessi á svo örðugt uppdráttar, sem ráða mátti af orðum hæstv. ráðherra, þá mundi sýslufjelag hans ekki muna um að skjóta saman þessum 400 kr. handa honum. *(Ráðherra:* Það hjálpar kann ske um það, sem á vantar). Og þá þessar krónur líka, en setur ekki landsjóð eða þingið í þann vanda að gera sjer mannamun.

Þá er brtt. við 13. gr., sem mest hefir hlotið andmælin, og mátti við því búast, því þar er um mest að ræða.

Fyrst talaði hv. 2. kgk. þm. um Eyjafjarðarárbrúna, og jeg get tekið undir flest af því, sem þm. sagði, er hann talaði um nauðsyn hennar, og eins kröfu þá, er hún ætti til að ganga á undan öðrum stórbrúm. Jeg get líka tekið undir það fyrir mitt leyti, að jeg felli mig vel við niðurröðun landsverkfræðingsins á þessum stórbrúarbyggingum, enda hlýtur hann að bera best skyn á það og hafa mest rannsakað það mál. En annað mál er það, hvort nú sje rjett að ráðast í þessa stórbrú (Eyjafjarðarárbrú) á næsta fjárhagstímabili. Hæstv. ráðherra tók það fram í ræðu sinni, og leit á málið frá sömu hlið og nefndin, og hafði þar um mörg þau sömu orð, eins og jeg hafði í minni fyrri ræðu, og er jeg honum þakklátur fyrir það. En svo jeg snúi mjer aftur að Eyjafjarðarárbrúnni, þá er gott að hv. 2. kgk. er svo bjartsýnn og vonar svo góðs um fjárhaginn á komandi árum. Það kom í ljós hjá honum, að það var *að eins fjárhagurinn*, sem kom honum til þess að leggja til, að brú þessi yrði skilyrði bundin, en mjer finst að hann hefði átt að athuga að 75 þús. nægja alls ekki til brúar yfir Eyjafjarðará, eins og nú stendur; fyrir þá peninga kæmist hún ekki nema út á miðja ána. Hann hefði því eins vel átt að bæta við þeirri athugasemd, að brúin skyldi því að eins byggjast að hún færi ekki fram úr 75 þús. Þá gat verið meining í þessu. Járn, trje og allar byggingarvörur hafa stórum hækkað í verði, og einnig skipaleiga. Seglskipaleiga hefir stigið (úr kr. 20 pr. smál. í kr. 30) nú á síðasta mánuði, og eftir því, sem landsverkfræðingurinn skýrir frá, þá mundi sú hækkun, sem að eins leiðir af hækkuðu flutningsgjaldi, nema 2—3. þús. kr. við Jökulsárbrúna, en þær tvær stórbrýr, sem hjer um ræðir, legg jeg nokkuð að jöfnu. En þetta er þó minsti liðurinn. Skil jeg tæplega hvaða hygginn búmaður það væri, sem færi að byggja núna, þegar augljóst er, að hann getur bygt miklu ódýrar eftir örfá ár. Flestir mundu bíða heldur. Allt þetta á við báðar þessar stórbrýr, sem hjer eru til umræðu.

Kem jeg því næst að því, sem háttv. þm. Húnv., (G.Ó.) sagði viðvíkjandi Húnvetningabrautinni. Þar kom fram dálítill misskilningur hjá hv. þm., að mjer fannst, að honum fanst betra að fella niður tillagið síðara árið, heldur en að leyfa að fresta allri brautinni í bráð, ef örðugur yrði fjárhagur. Að nefndin hefir lagt svo til, er að eins af velvild, því við lítum svo á, að fjárveiting annað árið myndi ekki koma að neinu gagni, því ef brautin kemur ekki að og frá brúnni, þá er brúin mjög svo gagnslítil minsta kosti sem akbrautabrú. Brúin hefðum við einnig átt fremur að leggja til að feld yrði, sökum efniskostnaðar, en þá var gagnslítið að láta fjárveitinguna standa síðara árið. Jeg þóttist vera hlyntur Húnvetningum, og einmitt

þess vegna fanst mjer þetta ráðið að leyfa að fresta brautinni — og brúnni —, ef á þyrfti að halda, heldur en vera að klípa af fjeuu, því jeg *vona* að svo fari, að ekki þurfi á heimildinni að halda, svo Húnvetningar fái brú sína og braut á rjettum tíma. Þarna er þó möguleiki, en ef minkuð var fjárveitingin, þá var enginn möguleiki til til að fá unnið fyrir það fje, sem af var dregið, hversu mikið fje sem var í landsjóðnum.

Bæði hv. þm. Húnav. og hv. 2 kgk. þótti illa farið með Langadalsveginn, og kváðust ekki geta greitt atkvæði með nefndinni, nema trygging væri fyrir að hann kæmist yfir mestu ófærurnar, en það veit jeg með vissu, að hvort sem veittar verða 5 eða 7 þús. til hans, kemst hann ekki svo langt. Það sem fyrir nefndinni vakti, var að ef eitthvað væri haldið áfram að veita til vegar þessa, þá myndi það verða til þess, að Langdælingar ömuðust síður við póstinum, þó hann stundum yrði að fara óleyfilega stigu. En mundu á hinn bóginn geta skilið að að eins erfiðir tímar og sparnaður ylli því, að ekki væri meira til vegarins veitt en á yfirstandandi fjárhagstímabili.

Þá þótti hv. 2 kgk. þm. illt að við skyldum færa niður Grímsnesbrautina, og sömuleiðis hæstv. ráðherra. Fanst þeim það sama og að setja allar vegagjörðir landsins aftur um fleiri ár. Lækkunin nemur 14 þús. kr. Verkfræðingur landsins gjörir ráð fyrir að braut þessi verði búin 1923, og við getum engan háska sjeð stafa af því, þó henni sje seinkað um 1 ár, þegar fje er af skornum skamti, en alls ekki að allar vegagerðir í landinu frestist fyrir Grímsnesbrautina. Viðvíkjandi orðum hæstv. ráðherra um þetta, þá get jeg skýrt frá því, að nefndin tók *ekki* þessa ákvörðun, sökum *vanþekkingar* á málinu, heldur einmitt af því að hún hafði svo mikinn kunnugleika, að vita það, að engin stórvandræði gætu af því hlotist, þó nokkuð væri minna unnið á braut þessari en gert er ráð fyrir, eða nærri því eins mikið og í núgild. fjárl. stendur.

Þá hafa nokkrir þm. ámælt nefndinni vegna Norðurárdalsvegarins. Jeg get tekið undir það, að hann er nauðsynlegur vegna þess, að hann er ein aðalæðin milli Suður- og Norðurlands og Vesturlands, en hjer er engin knýjandi nauðsyn sem stendur. Þessa leið má þó vel komast, eins og verið hefir. Við höfum ekki heldur lagt til að fella hann niður, til þess að koma neinu að í staðinn, en þá fyrst vorum við ámælis verðir, ef við hefðum gjört það vegna einhvers, sem ef til vill var alls ekki eins nauðsynlegt að koma að, eða einhverju fyrir okkar kjördæmi. En hjer rjeð sparnaður einn og ekkert annað.

Þá er brtt. hv. þm. Gullbr. og Kjósarsýslu (K. D.), sem fer fram á 18 þús. kr. til sýsluvegar, í stað 20 þús. kr., en nefndin hefir lagt til að til þeirra væru að eins veitt 15. þús. kr. Við höfum ekki krukkað þar í neina sjerstaka vegi, en okkur fanst ekki rjett að láta þá eina halda fullum fjárveitingum, frekar en þjóðvegina. Þessar 5 þús. muna engu þegar litið er á allar þær beiðnir til akfærra sýsluvega, sem fyrir liggja. Við höfum ekki lækkað við neinar sjerstakar sýslur, og finst smásmuglegt að draga að eins 2 þús. kr. af; annaðhvort varð það að vera 5 þús. eða ekkert. Sýsluvegunum er sannarlega ekki vandara um að bíða, heldur en flutningabrautum og þjóðvegum.

Hæstv. ráðherra sagði að síst væri ástæða til að fresta vegagjörðum þar, sem engar brýr væru, er hefðu aukinn efniskostnað í för með sjer, og er það rjett, enda hafði jeg áður tekið það fram. Engar ástæður álít jeg til að óttast atvinnuleysi fyrir þessa sök, þó vegagjörðum sje frestað, enda munu bændur segja alt annað. Fólkið hangi ekki yfir þeim og biðji um vinnu, heldur miklu frekar þeir yfir fólk-

inu, svo þeir munu sannarlega geta veitt vegagjörðarmönnum nokkrum atvinnu.

Kem jeg þá að brtt. við 13. gr. C. Er þá fyrst brtt. hr. þm. Barð. (H. K.), að hann óskar eftir 12 þús. kr. í stað 9 þús. til Breiðafjarðarbáta. Jeg get skýrt frá því, að nefndin hefir athugað þetta, og kallað Nielsen framkv.stjóra á tal við sig. Hann skýrði frá því, að það gæti orðið sparnaður að því að hækka tillag til Breiðafjarðarbáta, meður því, að þá gætu sparast ferðir strandferðabátanna til Búðardals og Gilsfjarðar. Þetta er rjett, ef landsjóður á að bera væntanlegan tekjuhalla, sem yrði á strandferðunum, en þá verður að taka það fram, að Breiðfirðingar mega ekki krefjast meira en þessara 2 ferða strandbátanna, og mun þá nefndin koma með brtt. um þetta. Það sem nefndinni kom á óvart, var að beðið var um styrk til Breiðafjarðarbáta. Hún bjóst að eins við einum bát, og mun því koma með brtt. að í stað *báta* komi *báts*. (*Hákon Kristófersson*: Hvernig á þá að fara með norðurhlutann?) Ef vandræði verða úr því, þá ætti samgöngumálanefndin að athuga það mál, en við erum auðvitað fúsir til að taka öllum rökum, sem fram koma. Nefndin leggur því til að brtt. hv. þm. Barðstrendinga sje samþykt.

Þá kem jeg að brtt. hv. 6. kgk. (J. Þ.) um vjelabátsferðir á Hvítá. Nefndin hjer hefir haldið sjer við gjörðir samgöngumálanefndarinnar, enda þótt Nd. hafi vikið frá þeim. Nefndinni finst ekki ástæða til að styrkja vjelbátsferðir þarna meira en 300 kr. á ári, ekki síst þegar þess er gætt, að hjer er um þau hjeruð að ræða, sem ágætar landleiðir hafa. Mjer er kunnugt um að kaupmenn sumsstaðar hafa þann sið að flytja vörur til kaupendanna, þeim að kostnaðarlitlu; býst jeg við að eingöngu sje um þess konar vöruflutninga að ræða. En landsjóður á þó sannarlega ekki að sjá þessum mönnum fremur en öðrum fyrir því, að fá vörur sínar kostnaðarlaust heim í hlað. En jeg skil tæplega að mikið dýrara sje að flytja um Hvítá, heldur en á sjó. Fyrir norðan veit jeg til að 100 pd. eru flutt 3 vikur sjávar fyrir 25 aura, og sje jeg ekki að Borgfirðingar væru ekki sjálfir færir um að borga slíkt flutningsgjald, eða þó meira væri. Hvað er það á við löngu lestaferðirnar, sem sumir verða að hafa, sem ekki geta varpað allri sinni áhyggju á landsjóðinn og sagt honum að flytja heim til sín? Er því engin ástæða til að styrkja bát þenna, ekki síst af því að flutningabraut liggur alveg meðfram ánni öðrum megin, og þegar brúin kemur á Hvítá, þá þarf bátsins alls ekki. Nefndin getur því ekki fallist á þessa brtt.

Nefndinni hefir verið álasað fyrir að hafa lækkað við vitaumsjónarmanninn, frá því sem stjórnin hafði ætlað honum. Okkur gekk þar ekkert sjerstakt til, annað en að beiðnir hafa komið svo margar til þingsins um launaviðbætur, að tæplega væri ástæða til að taka þessu sjerstaklega, en í þessu máli vildi nefndin halda fast við laun þau, sem þessi maður hefir haft, sem voru 3700 kr., en hins vegar hefir hún ekkert á móti því að færa þetta saman í eina upphæð, eins og er í núgildandi fjárlögum.

Jeg vil geta þess, að við eigum ekki sök á því, þó ekki sje rjett sundurliðað í frv., því að við höfum fengið það svona frá háttv. neðri deild.

Viðvíkjandi því, sem við höfum krukkað í skrifstofuhaldsfé, er það að segja, að það átti einungis að vera bending um að reyna að spara, því kostnaðurinn virtist vera fullmikill. Það var ekki tilgangurinn að láta manninn sitja í myrkri, eins og hæstv. ráðherra sagði, en við vildum að reynt væri að útvega ódýrara húsnæði. Okkur blöskraði sem sje, að húsnæði fyrir þessa skrifstofu skuli eiga að kosta 50 kr. á mánuði, og er harla ótrúlegt að ekki megi láta sér nægja nokkuð ódýrara

húsnæði. Þá kem eg að brtt. á þgskj. 741 um þokulúður á Dalatanga, sem háttv. þm. Seyðf. (K. F.) hefir komið fram með. Jeg hefi litlu við það að bæta, sem hann sagði um málið. Nefndin álítur þetta nauðsynjamál, og leggur til að eins verði farið með það og fjárveitingu til nýrra vitabygginga — sama skilyrðið verði látið gilda. Það sem sérstaklega ræður því, að nefndin mælir með þessari fjárveitingu, er það, hversu mikið fje á að leggja fram í hjeraðinu sjálfu. Sýnir það mikinn áhuga og eins hitt, að þörfin er brýn.

Jeg man ekki eftir að jeg hafi fleiru að svara eða taka fram, og læt því máli mínu lokið að sinni.

Jósef Björnsson: Það eru aðeins fá-ein orð, sem jeg vildi sagt hafa, og skal jeg ekki tefja deildina lengi.

Háttv. framsm. (M. P.) hefir sjerstaklega skotið því til mín, sem búfræðings, að halda uppi svörum fyrir nefndina, viðvíkjandi brtt. hennar um, að fjölgað verði dagsláttunum, sem heimtaðar séu af prestinum á Breiðabólstað. Það var tekið fram hjer í deildinni í dag, að þetta væri mjög lítilfjörlegur styrkur, 35 kr. fyrir dagsláttuna, en nefndin verður að halda því fram, að þetta sje töluverður styrkur eftir öllum atvikum, sem upplýst hefir verið að fyrir hendi sjeu. Af skjölum þeim og skilríkjum, sem fyrir lágu, hefir nefndin komist að því, að sljetturnar eru svonefndar flagsljettur. Jörðin þá plægð, herfuð og jöfnuð, en ekki sáð í flagið, sem því grær upp af sjálfu sjer. Landið, sem um er að ræða, kvað vera mjög auðunnið og greiðfært, smáþýft og sendið. Af þessu er það augljóst, að 35 kr. er töluverður styrkur, því hægt er að plægja dagsláttuna af slíku landi fyrir 10—15 kr., að minsta kosti eru 15 kr. full borgun, og þó að herfun og jöfnun kosti nokkuð, þá er þess líka að gæta, að 20 kr. eru eftir af upphæðinni, sem borguð er fyrir dagsláttuna. Um borgun fyrir áburð er alls ekki að ræða í þessu sambandi, og 35 kr. fyrir plæging og herfun, er því eigi að eins allgóður styrkur, en getur jafnvel verið full borgun, þar sem svona góð skilyrði eru fyrir hendi. Auk þess er þess að gæta, að margir menn, er á landssjóðseignum sitja, bæði prestar og aðrir, eru alls ekki styrktir, þó þeir vinni mikið að jarðabótum á jörðunum. Það er alls ekki rjett, sem haldið var fram hjer í deildinni í dag, að nefndin vildi spyrna á móti því, að landið væri ræktað. Hún hefir einmitt lagt það til, að þessi ríflegi styrkur fengi að halda sjer, en dagsláttunum yrði fjölgað. En því verður ekki neitað, að misrjetti er það nokkurt, að sumir menn sjeu styrktir, en aðrir ekki, þó atvik öll sjeu lík. En það hefði, ef til vill, verið rjettara að fara aðra leið í málinu, en að auka dagsláttutöluna, sem sje, að árgjaldið hefði ekki gengið alt til prestsins, en dagsláttutalan haldið sjer, því hugsanlegt er, að presturinn kæri sig ekki um svona mikið flag í einu. En sje svo, þá er hægurinn á að breyta þessu í háttv. neðri deild.

Jeg vona því, að háttv. deild sjái, að þetta er alls engin ósanngirni hjá nefndinni, og að öllum háttv. þingdeildarmönnum er vanvirðulaust, að samþykkja þessa breytingartillögu.

Þá langar mig til að minnast lítið eitt á bátana á Breiðafirði. Jeg gjöri það ekki fyrir þá sök, að háttv. framsögumaður hafi ekki tekið það mál rækilega að sjer, heldur eru það einungis fáeinar athugasemdir, sem jeg vildi gjöra.

Samgöngumálanefndin hafði í fyrstu komist að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að mæla með því, að Breiðafjarðarbáturinn, eða bátarnir, fengju 7000 kr. árlegan styrk. Þetta þótti of lágt í háttv. neðri deild og var hækkað upp í 9000 kr. Eftir það komu fram nýjar skýringar á fyrirkomulagi báta, er ganga ættu á Breiðafirði, og var það rætt í strandferðanefndinni.

Kom þá í ljós, að ef stór, nýr bátur yrði bygður, svo sem í ráði er, þá yrði þetta framlag ónóg, og því mælti strandferðanefndin með því við nefndina, að framlagið yrði hækkað upp í 10000 kr., en sú tillaga kom of seint, og ekki fyrr en við 3. umr. En nú hefir háttv. þingm. Barðstrendinga komið fram með tillögu þess efnis, að styrkurinn verði 12000 kr. Býst hann við, að ef bygður verði stór bátur, þá verði ekki komist af með minni styrk. Álit fjárlaganefndarinnar er það, eins og háttv. framsögumaður tók fram, að rjett sje að verða við þeim kröfum, en þó að eins með því skilyrði, að skip Eimskipafjelags Íslands sjeu ekki skyldug að fara inn á Gilsfjörð og Hvammsfjörð, nema í fyrstu og síðustu ferð. Búast má við að talsverður halli geti orðið á strandferðunum, en sá halli mun minka, ef strandferðaskipin þurfa ekki að fara oft á þessar stöðvar, af því þá losnar Eimskipafjelagið við talsverðan kostnað. Framkvæmdarstjóri fjelagsins hefir tjáð oss, að hann álíti að sparnaður sje að veita þessar 12000 kr., og er það í samræmi við það, er jeg hefi hjer drepið á.

Nefndin hefir lagt til að styrkurinn til Hvítárbátsins verði færður niður, verði ekki meiri en 300 kr. Þetta er samkvæmt tillögu strandferðanefndanna, en þær bygðu tillögu sína á upplýsingum, er samvinnunefnd strandferðanna fjekk hjá manni í nefndinni, sem nákunnugur er staðháttum, en það var háttv. þm. Borgfirðinga. Bátur þessi er talinn fáum mönnum til gagns og lítt mun vera vandað til útgjörðarinnar, svo að sennilegt er, að þessi bátur hafi litið að gera, og ekki ósanngjarnt að styrkur til hans sje lágur. Bæði jeg og fleiri í strandferðanefndinni vorum þeirrar skoðunar, að eftir fengnum upplýsingum væri ástæðulaust, að veita þessum bát nokkurn styrk; þess vegna vil jeg fyrir hönd strandferðanefndarinnar mæla með að háttv. deild samþykki breytingartillöguna,. og hefði enda naumast verið hundrað í hættunni, þó styrkurinn hyrfi og ferðirnar fjellu alveg niður. Að minsta kosti er svo að sjá, af þeim upplýsingum, sem strandferðanefndin hefir fengið.

Úr því að jeg stóð upp, og minst hefir verið á Landadalsveginn, þá langar mig til þess að skjóta því til hæstv. ráðherra, hvort athuganir hafi farið fram um það, hvort ráðlegt sje að breyta þjóðvegastefnunni frá Blönduósi, og leggja hann yfir Kolugafjall, í staðinn fyrir fram Langadal, en farið var fram á það fyrir nokkrum árum, að stjórnin ljeti athuga, hvort ekki væri ástæða til að breyta póstleiðinni norður þar, og leggja veginn yfir Kolugafjall. Um þetta var samþykt þingsályktunartillaga í neðri deild, að mig minnir 1911. Mjer er og kunnugt um, að áskoranir voru sendar stjórnarráðinu frá sýslunefnd Skagfirðinga um þetta og sams konar óskum var beint til stjórnarinnar, um þingtímann 1913, með brjefi frá þingmönnum Húnvetninga og Skagfirðinga, þar sem þess var æskt, að málið væri athugað. Út af þessu munu hafa verið fyrirskipaðar snjómælingar á Kolugafjalli, en um árangurinn er mjer ekki kunnugt. Jeg hefi átt tal um þetta við landsverkfræðinginn, og hefir hann tjáð mjer, að sjer sje ekki kunnugt um, hvort nokkurar mælingar hafi farið fram síðasta vetur.

Jeg vildi skjóta þessu fram vegna þess, að hvað sem ofan á verður um þetta, þá er sanngjarnt að verða við þessum óskum manna, svo að einhver endi verði á það bundinn, hvort breyta skuli póstleiðinni eða ekki.

Guðmundur Björnson: Jeg hafði ekki ætlað mjer að lengja mikið umræður hjer í dag, en sökum þess, að svo margir hafa skotið málum sínum til mín, og óskað minnar umsagnar, vildi jeg veita þeim úrlausn. En áður en jeg sný mjer að

þessum einstöku atriðum, sem jeg aðallega ætlaði að minnast á, vildi jeg lýsa yfir þeirri skoðun minni, sem jeg annars hefi fyrr látið í ljósi, að fjárhag landsins mundi betur borgið, ef fjárlaganefndirnar fengju meiru að ráða. Þegar allir flokkar kjósa sína bestu menn í nefndirnar, og þeir vinna stöðugt, frá byrjun þings til þingloka, þá má geta því nærri, hvort flest sje ekki betur og vandlegar hugsað hjá þeim en öðrum, og er illa farið, að svo mikið af þeirri vinnu skuli fara til ónýtis. Það er enn fremur sannfæring mín, að ef aukið væri vald fjárlaganefndanna, þá mundi ábyrgðartilfinning þeirra og sanngirni aukast að mun. Eins og jeg hefi tekið fram, hefi jeg áður látið þessa skoðun mína í ljós, og reynt að lifa eftir henni. Jeg hefi enga brtt. átt við fjárlögin, hvorki á síðasta þingi nje þessu, og mun jeg sýna það við atkvæðagreiðsluna í kvöld, að jeg met mikils vinnu nefndarinnar.

Því hefir verið skotið til mín, að segja álit mitt á brtt. á þgskj. 707 og 751, um styrk til læknanna M. Magnúss og Ólafs Gunnarssonar. Jeg er þar alveg sammála háttv. framsögumanni. Jeg hygg að enginn maður hafi eins mikið fundið til þess og jeg, hvílík vandræði það eru, að fá ekki lækna í öll hjeruð landsins. Það er því alveg rjett hjá háttv. framsögumanni, að varhugavert er af Alþingi, að styrkja unga lækna til að setjast að sem sjerfræðinga, meðan enn er læknislaust í sumum hjeruðum landsins. Jeg er sannfærður um, að meiri þörf er á lækni í Reykjarfjarðarhjerað, en húðsjúkdóma-lækni eða beina í Reykjavík. Þarfirnar eru margar, en ekki hægt að fullnægja þeim öllum, og er þá nauðugur sá einn kostur að fullnægja þeim, er brýnastar eru. Jeg vildi gjarna, að þessir ungu og efnilegu menn gætu setst að í Reykjavík, en jeg vil þó ekki stuðla að því, meðan mörg hjeruð eru læknislaus í landinu.

Nefndin leggur til að feldur verði burtu styrkurinn til þess að kosta einn fábjána á hæli erlendis. Fábjánar eru margir hjer á landi, og eru það mestu þjóðarvandræði, að ekki er til neitt hæli fyrir þá aumingja. Þeir eru ekki hafandi með geðveiku fólki, og eru þess vegna ekki teknir á Klepp. Eg jeg skil vel, hvað vakir fyrir háttv. fjárlaganefnd í þessu máli. Hún lítur svo á, að annaðhvort verði að veita fje til þess að kosta alla fábjána á hæli erlendis, þá sem verstir eru, eða að öðrum kosti láta sveitarfjelögin sjá fyrir þeim öllum, þangað til unt verði að reisa hæli fyrir þá. Annaðhvort á að taka skrefið fult og veita miklu hærri fjárupphæð, eða strika þetta út. Nú býst jeg við, að örðugt muni vera að fá mikið fje í þessu skyni, og þess vegna er sjálfsagt að samþykkja brtt. nefndarinnar.

Jeg er þakklátur hv. 2. þm. G.-K. fyrir að fara fram á hækkun á styrknum til sjúklinga með hörundsberkla. Meðan ekki er hægt að koma hjer upp ljóslækningastofu, verðum vjer að senda slíka sjúklinga utan, því hjer er um læknun en ekki hjúkrun að ræða. En þótt jeg sje háttv. flm. till. sammála, þá vil jeg samt mælast til að hann taki tillöguna aftur til 3. umræðu. Jeg get þá, áður en hann kemur fram með hana, hjálpað honum um nægrök fyrir því, að þetta sje nauðsynjamál, og er líklegt að háttv. nefnd taki hana til greina. Jeg vona að honum skiljist, að jeg er með tillögunni og vil henni alt hið besta.

Jeg vil ekki lengja umræður mikið, en get þó ekki stilt mig um að minnast á 13. gr. — um samgöngubætur. Því betur sem jeg kynnist landinu, því betur sje jeg að vegabæturnar eru bestu bæturnar.

Hitt er jafnvíst, að fjárhagurinn nú sem stendur er alt öðruvísi en nokkru sinni áður; alt svo óvíst. Fjárlaganefndin hjer í háttvirtri Ed. og eins fjárlaganefndin í háttv. Nd. hafa því gjört rjett að hafa þennan vara — eða setja þennan varnagla,

ef jeg má brúka svo óvirðulegt orð. Mjer finst það nær óvinnandi verk að semja nú áætlun fyrir tvö ár, illgjörandi að semja áætlun fyrir árið 1916 og ókleift í alla staði að semja hana fyrir árið 1917, svo að nokkuð sé á henni að byggja. Jeg hygg að margt bendi á það, að það sje knýjandi nauðsyn að halda aukaþing að ári, og því fremur rjett að hafa alla varfærni nú í fjármálum, og mun jeg fylgja fjármálanefndinni að málum. Og um brýr, sem eru eins nauðsynlegar og þarfar eins og vegir, finst mjer ekki vera tekið tillit til þess, að alt efni er nú margfalt dýrara en venja er til. Áætlanir þær, sem hjer er byggt á, duga því ekki. Þær eru gjörðar fyrir nokkrum árum, þegar alt byggingarefni var ódýrara en nú er, og eru því of lágar. Það þyrfti því að veita meira fje til þeirra, ef það ætti að byggja þær nú. Báðar þessar þessar stórbrýr, sem hjer liggja fyrir, eru þarfar, og jeg viðurkenni fúslega að það sje leitt, að bygging þeirra þurfi að bíða svona lengi. Ef jeg ætti að gera upp á milli þeirra, þá vil jeg segja það, og jeg hefi nú farið yfir öll stærstu vatnsföll, að jeg tel að af Eyjafjarðarárbrúnni sjeu meiri not og nauðsyn.

Skal jeg svo ekki tefja tímann lengur.

Steingrímur Jónsson: Háttv. framsm. (M. P.) sakaði mig um helst til mikla bjartsýni (*Magnús Pjetursson*: Það var var ekki ásökun) út af því, sem jeg sagði um Eyjafjarðarárbrúna. En er það nú rjett? Jeg lagði til að Eyjafjarðarárbrúin yrði bygð síðara árið. Er það ekki rjett að álíta að þessi vandræði, sem nú standa yfir, verði þá um garð gengin? Jeg sje ekki annað, en það sje í alla staði rjettmætt. Þessi svartsýni og þetta harmakvein, sem nú ríkir, gjörir okkur áreiðanlega ekkert gott. Menn eiga að hegða sjer eins og forsjálir og skynsamir menn, búast við því versta, en vona það besta; vona jafnframt að það ástand, sem nú er, batni, og þetta jel, er hefir gengið yfir, stytti upp. Og það hefir dregist alt of lengi úr hömlum að setja þessa brú upp, jafn þarft þjóðnytjafyrirtæki og hún er. Hæstv. ráðherra mintist á það, að það þyrfti að breyta athugasemdinni, ef ófriðurinn hætti, en alt efni væri t. d. 50% dýrara en venja er til. En jeg hygg að það sje óþarfi. Hjer stendur að veittar sjeu 75 þúsund krónur til brúarbyggingarinnar, og við þá upphæð er byggingin bundin. Jeg hygg að enginn telji það vítavert, þó kostnaðurinn færi lítið eitt fram úr þeirri upphæð, en vítavert mundi það talið, ef hann yrði mjög mikið hærri, t. d. 50% meiri en veitt er. Og þá mundi stjórnin ekki heldur ráðast í framkvæmd verksins. Jeg hygg að jeg gæti, ef jeg hefði tíma til, bent á fordæmi fyrir því, að hætt hefir verið við fyrirtæki, er sjeð var að kostnaðurinn við þau mundi fara langt fram yfir fjárveitingu.

Háttv. framsm. (M. P.) misskildi dálítið það, sem jeg sagði um Grímsnesbrautina. Þessi braut á að ganga upp alla Árnessýslu, alt upp að Geysi, og um góðar sveitir, en jeg lagði ekki aðaláhersluna á það, heldur á það, að ef þessari braut væri frestað, þá væri það hið sama og að fresta að sama skapi *öllum* öðrum vegagjörðum. Þetta hefir líka áhrif norður í landi, vestur á landi og yfirleitt hvar sem er, og jafnt eftir 2 ár sem 10. Þetta kemur af því, er jeg sagði, að við gætum ekki unnið að vegagjörð fyrir meira fje en 150 þús. kr. ár hvert, vegna þess að okkur vantar menn og svo hækkar kaupgjaldið. Og ef mjög mikið er dregið úr vegavinnuni, þá standa verkfræðingarnir og vegavinnustjórarnir með tómar hendur. Og það er dýrt fyrir landið. Það hefir stundum borið við, að landsverkfræðingurinn hefir haft fult í fangi með að láta alla vegavinnumennina hafa nóg að gjöra.

Um 300 krónurnar til Reykjarfjarðarlæknisins væntanlega er það að segja, að

jeg hafði á móti því, af því að hjer er gengið inn á hættulega braut. Jeg man það, að eitt sinn var kapp lagt á það hjer á þingi, að fá sjerstakan lækni í Borgarfirði eystra. Þar er mjög erfitt að ná til læknis; það er mjer kunnugt um. Svo eru Grímseyingar, sem faktiskt engan lækni hafa, þó þeir eigi eða megi sækja lækni til Húsavíkur. Eiga þeir ekki líka rjett á lækni? Við verðum að hafa það hugfast, að við verðum að hugsa jafnt um allar útkjálkasveitir landsins.

Kristinn Daníelsson: Út af því, að háttv. framsm. (M. P.) skaut því til mín, að taka aftur brtt. mína á þgskj. 726, þá vil jeg verða við þeim tilmælum í þeirri von, að hún sæti þá betri undirtektum við 3. umr., þar sem bæði háttv. 5. kgk. (G. B.), sem auk þess er landlæknir, og háttv. framsm., heita henni þá fylgi sínu.

Jeg skal ekki hafa á móti því, sem þeir, háttv. 5. kgk. þm. (G. B.), og háttv. frsm. (M. P.) sögðu, að meiri nauðsyn sje að fá hjeraðslækna út um land, en sjerfræðinga hjer í Reykjavík. En þeir vita líka vel, að sjerfræðingar þeir, er hjer ræðir um, þeir læknarnir Magnús Júlíusson og Ólafur Gunnarsson, hafa þegar numið fræðigreinar sínar, og fara ekki að taka að sjer hjeraðslæknastarf úti á landi. Og þó að þeir gerðu það, þá kæmi sjerþekking þeirra þar að litlum eða engum notum, þar sem hún kemur að miklum notum hjer. Jeg held því sjerstaklega fram, að sjerfræði sú, sem Magnús Júlíusson stundar, sje mjög þýðingarmikil hjer, og því sje rjett að styrkja hana. Að því vona jeg, að öll rjett rök liggi. Ef þetta er felt nú, þá verð jeg að skoða það svo, að Alþingi vilji ekki, að læknar stundi sjerfræði, og tel jeg ekki, að það horfi til framfara, enda í mótsögn við það, er Alþingi styrkir nú, með miklu fjárframlagi, einn sjerfræðing í læknastjett bæjarins, Jón lækni Kristjánsson.

Ráðherra: Örstutta athugasemd vildi jeg gjöra í tilefni af orðum háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.), þó mjer þyki leitt að andmæla honum, því hann lagði svo skörulega til um veg, er jeg held fram, en amicus Plato, amicus Sokrates, magis amica veritas. Hann segir, að fjárveitingin til Eyjafjarðarárbrúar sje bundin við vissa upphæð, en það gæti verið svo, að eigi dygði að nema staðar. Ef byrjað væri á vinnunni, vegna þess, að menn hjeldu að fjárveitingin nægði, en svo er verkið væri hálfnað, þá væri sýnt, að hún færi langt fram úr áætlun, þá teldi jeg rjett, eða jafnvel óhjákvæmilegt, að halda verkinu áfram, þó það kostaði langt um meira en áætlað var, því að ella væri ef til vill öllu því, er gjört hefði verið, kastað í sjóinn. *(Steingr. Jónsson:* Þó hún kostaði 150 þús. krónur). Já, jafnvel þó kostnaðurinn yrði svo mikill. En annað mál er það, ef jeg liti svo á strax í öndverðu, að hún kostaði svo mikið, að þá mundi jeg skoða huga minn áður en jeg byrjaði á verkinu, og jeg hygg, að jeg færi þá að dæmi viturra manna í privatlífinu, að fresta því til betri tíma. Dæmi þingmannsins um baðstofubygginguna, er ekki rjett. Baðstofan getur verið orðin slíkt hreysi, að hún ætli að falla ofan á höfuðið á þeim, er í henni eiga að vera, svo bóndinn sje nauðbeygður, hvort sem hann vill eða eigi, að byggja hana upp, ef hann á að hafa eitthvert skýli yfir höfðinu, en svo er ekki háttað um þessar tvær brýr, er hjer liggja fyrir. Háttv. þm. drap á það, að hann ætlaðist til, að Eyjafjarðarárbrúin yrði byggð seinna árið, eða árið 1917. Það er bót í máli. En þótt hún sje ekki samþykt nú, þá er hægt að setja hana í næstu fjárlög, svo að þá frestast brúarbyggingin að eins um 1—2 ár, eða til áranna 1918 eða 1919, svo að skaðinn er varla ýkja mikill.

Það er óhyggilegt, að ráðast í þessi fyrirtæki nú. Efnið er dýrt, og sumt efni er jafnvel ófáanlegt. Járnið í brýrnar hjer

á landi hefir verið fengið frá Þýskalandi, en flutningur þaðan er teptur, af því að Englendingar leyfa ekki skipum, er ganga hingað — og þeir ná í — að flytja þýskar vörur.

Framsögumaður (Magnús Pjetursson: Hæstv. ráðherra tók af mjer ómakið með að svara háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.), svo jeg get látið mjer nægja lítilfjörlega athugasemd. Háttv. þm. segir, að jeg hafi misskilið sig, og að allar vegagjörðir frestist, ef tillaga fjárln. um Grímsnesbrautina, verður samþykt. En jeg fæ ekki skilið, að það hefði önnur áhrif en þau, að Grímsnesbrautinni yrði ekki lokið fyr en 1924, í staðinn fyrir 1923. Sami þm. gat þess enn fremur, að það gæti leitt til þess, að verkfræðingarnir yrðu verklausir. En jeg vil geta þess, að Jón Þorláksson landsverkfræðingur segir, að ef jafnmargar brýr verði byggðar, og nú er talað um, þá *verði að fá verkfræðing í viðbót*, vegna þess, hve mikið þeir hafi að gjöra. Þetta stafar af vatnsvirkjum o. fl. (*Ráðherra*: Þetta er rjett hermt). Það er því síður en svo, að þá muni vanta verkefni.

Það er rjett, að það eru vandræði með lækna víðar en í Reykjarfirði. En þetta er eina atriðið í fjárlögunum, hið eina, er lá fyrir, og því ekki hættulegt, enda sjálfsagt, ef þingið vill gæta sanngirni og sóma síns. Jeg vona að þeir tímar komi, að við getum hjálpað öllum hjeruðum um lækna, bæði Borgfirðingum eystra og Grímseyingum, sem og öðrum. En það þýðir ekki að veita fje til þess, fyrr en læknishjeruðin eru stofnuð, og einhverjar líkur til, að læknar sjeu til í þau.

Háttv. þm. G.-K. (K. D.) gat þess, að Magnús læknir Júlíusson, mundi ekki fara í læknishérað úti á landi, þó hann fengi ekki styrk. Það vakti heldur ekki fyrir fjárln., heldur stefnan. Við eigum ekki að uppörfa læknaefni til að gerast sjerfræðingar, á meðan þeirra er full þörf út um land, og mörg hjeruð eru læknislaus. Það er gott að hafa sjerfræðinga í Reykjavík, en betra fyrir þjóðina, að hafa lækna í öllum læknishjeruðum landsins.

ATKVGR.

um 1.—13. gr. (*Atkv.skrá* A. 756).

2. gr. óbreytt samþ. í einu hljóði.
3. — — — - — —

1. brtt. 687,1 samþ. með 10 : 1 atkv.

4. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.

2. brtt. 687,2 samþ. með 7 : 5 atkv.

5. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.
6. gr. óbreytt samþ. í einu hljóði.
1. gr. með breytingum samkv. atkvgr. um 2.—6 gr. samþ. í einu hljóði.
8. gr. óbreytt samþ. í einu hljóði.
9. — — — - — —
10. — — — - — —

3. brtt. 728 samþ. með 11 samhljóða atkvæðum.

4. brtt. 687,3 feld með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorlákssson,	Steingr. Jónsson,
Guðm. Björnson,	Eiríkur Briem,
Guðm. Ólafsson,	Hákon Kristóferss,
Jósef Björnsson,	Jón Þorkelsson,
Karl Einarsson,	Karl Finnbogason,
Kristinn Daníelsson.	Magnús Pjetursson,
	Sigurður Stefánsson.

5. brtt. 687,4 samþ. í einu hljóði.
11. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.
6. brtt. 687,5 samþ. með 10 : 1 atkv.
7. brtt. 707 (aðaltill.) feld með 9 : 2 atkv.
brtt. 707 (varatill.) felt með 7 : 6 atkv.
8. brtt. 751 feld með 8 : 3 atkv.
9. brtt. 687,6 samþ. með 11 samhlj. atkv.
10. brtt. 687,7 samþ. í einu hljóði.
11. brtt. 726 tekin aftur.
12. brtt. 687,8 samþ. með 10 samhlj. atkv.

12. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.

13. brtt. 687,9 samþ. með 12 samhlj. atkv.

14. — 687,10 — — 12 — —

15. — 687,11 — — 10 : 1 atkv.

16. — 687,12 — — 11 : 1 —

17. — 687,13 — — 10 : 1 —

18. — 687,14 — — 8 : 3 —

19. — 687,15 — — 8 : 2 —

20. — 753 feld með 10 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Guðm. Björnson,	Eiríkur Briem,
Karl Finnbogason.	Guðm. Ólafsson,
	Hákon Kristófersson,
	Jón Þorkelsson,
	Jósef Björnsson,
	Kristinn Daníelsson,
	Magnús Pjetursson,
	Sigurður Stefánsson.

Karl Einarsson greiddi eigi atkvæði og taldist til meiri hlutans.

21. brtt. 687,16 samþ. með 9 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Hákon Kristóferss.
Steingr. Jónsson,	Jósef Björnsson,
Eiríkur Briem,	Karl Einarsson,
Guðm. Björnson,	Kristinn Daníelsson,
Guðm. Ólafsson,	
Jón Þorkelsson,	
Karl Finnbogason,	
Magnús Pjetursson,	
Sigurður Stefánsson.	

22. brtt. 727 feld með 6 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Björnson,
Guðm. Ólafsson,	Jósef Björnsson,
Jón Þorkelsson,	Karl Einarsson,
Karl Finnbogason,	Magnús Pjetursson,
Kristinn Daníelsson,	Sigurður Stefánsson.

Hákon Kristófersson greiddi eigi atkv.

23. brtt. 687,17 samþ. með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Guðm. Björnson,	Eiríkur Briem,
Hákon Kristóferss.,	Guðm. Ólafsson,
Jósef Björnsson,	Jón Þorkelsson,
Karl Einarsson,	Karl Finnbogason,
Magnús Pjetursson,	Kristinn Daníelsson.
Sigurður Stefánsson.	

24. brtt. 687,18 samþ. með 10 : 2 atkv.

25. — 714 — — 8 : 4 —

26. — 687,19 — — 7 : 3 —

27. — 759 sjálffallin.

28. — 687,20 samþ. með 12 samhlj. —

29. — 687,21 samþ. með 9 : 3 —

30. — 687,22 — í einu hljóði.

31. — 687,23 — með 10 : 2 atkv.

32. — 687,24 — — 9 : 1 —

33. — 687,25 — — 10 : 1 —

34. — 741 — — 8 : 4 —

35. — 687,26 samþ. með 12 samhlj. —

13. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.

Var þá fram haldið umr. um 14.—22. gr.

Karl Finnbogason: Jeg á 3 brtt. við 14. gr., og vil jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum þær. Jeg get ekki neitað því, að mjer finst háttv. Nd., og jafnvel háttv. fjárlaganefnd þessarar deildar, hafa verið nokkuð örðug í garð fræðslumálanna.

Fyrst skal jeg þá minnast á brtt. á þgskj. 738 við 14. gr. B. III. b. 1. Jeg fer þar fram á að upphæðin, sem ætluð er til aukakenslu við gagnfræðaskólann á Akureyri, sje hækkuð úr 2200 kr. upp í 2400 kr. Jafnframt er það tilætlunin, að þessi viðbót renni til eins af aukakennurunum skólans, Lárusar Rist. Hann hefir um undanfarin 9 ár verið kennari við gagnfræðaskólann, fyrst sem stundakennari og nú síðari árin sem fastur aukakennari með 600 kr. árslaunum. Fyrir þessa borgun hefir hann átt að kenna 12 stundir á viku. Auk þessa hefir hann haft tímakenslu við skólann, svo að í alt hafa kenslustundir hans við skólann orðið 20—24 á viku.

Hann hefir fengið 1 kr. í kaup fyrir hvern tíma, sem hann hefir kent sem tímakennari, og hefir kaup hans við skólann þannig orðið samtals alt að 1000 kr. á ári, þegar mest hefir verið. Það sjá allir, að þetta eru lítil laun, einkum þegar litið er á það, hver sultarlaun hann hafði lengi framan af við skólann. Þetta er þó maður, sem er bráðnauðsynlegur fyrir skólann til að kenna þar vissar greinar og því mesti skaði að missa hann. Í umsókn til þingsins fer hann fram á að launin sjeu hækkuð svo, að alls fái hann 1400 kr. fyrir alt að 24 stunda kenslu á viku.

Fjárlaganefndin í Nd. leggur til að hann fái 200 kr. viðbót. Með því móti fengi hann þó ekki meira en 1100—1200 kr., eða 200—300 kr. minna en hann fer fram á. Nú fer jeg fram á það, að enn sje bætt við hann 200 kr., svo að viðbótin verði alls 400 kr.; þá mun hann geta unað áfram við skólann, og jeg veit að skólameistara, og engu síður nemendum, er ant um, að hann haldi áfram kenslu þar, einkum leikfimiskenslunni, enda mundi vandfenginn jafngóður maður í hans stað, ef hann ljeti af henni. Hjer er ekki um stóra upphæð að ræða, og vona jeg að háttv. deild fallist á þessa tillögu mína.

Jeg bendi jafnframt á, að háttv. nefnd leggur til, að lækkuð sjeu fjárframlög til Akureyrarskólans, þar sem hún vill að námsstyrkur sje þar af numinn. Jeg ætla mjer ekki að skifta mjer af því máli, en tek það að eins fram, að fái hún þá tillögu sína fram, ætti henni og öðrum að verða ljúfara að samþykkja brtt. mína.

Önnur brtt. mín er á þgskj. 740. Þar fer jeg fram á, að hækkuð sje aftur fjárupphæð, sem ætluð er til framhaldsmentunar kennara, eða hún gerð lík því, sem hún er í gildandi fjárlögum. Í háttv. Nd. var upphæðin lækkuð um 1000 kr., eða úr 2500 kr. niður í 1500 kr. Þetta leiðir til þess, að kennarar, sem styrks njóta til framhaldsnáms, hljóta að fækka. Má vera, að sumir telji það skaðlítið, þóttt þeim fækki, og segi sem svo, að nú muni flestir þeirra, er kenslu stunda, hafa gengið í kennaraskóla, og þar muni þeir hafa lært nóg til að gegna sæmilega kennarastarfinu, og því óþarfi fyrir landið að kosta meiri kenslu fyrir þá. Jeg er þar á annari skoðun. Það er ekki fræðslan ein, sem kennararnir sækja á kennaranámsskeiðin, og munu þó áhugasamir kennarar telja happ að eiga kost á að fá hana þar. En hitt er enn meira um vert, að þeir verða þar fyrir nýjum áhrifum. Það er svo hætt við því, að kennarar út um landið dragist smám saman aftur úr og einangrist, þrátt fyrir góðan vilja þeirra, ef þeir verða ekki fyrir nýjum og nýjum vakningaráhrifum; og kennaranámsskeiðin eru einkar vel fallin til þess; þar hittast kennarar úr ýmsum áttum og eiga kost á að ræða saman um áhugamál sín, og þar fá þeir nýja fræðslu og nýja vakning hjá kennurum kennaraskólans, þeim mönnum, sem vænta má, að best fylgi með um allar nýjungar í kenslumálum, innan lands og utan. Það getur því varla talist frekjulegt, þótt farið sje fram á rúmlega 2000 kr. ársframlag, til þess að nýja upp kennara landsins og hjálpa þeim til að halda sjer vakandi.

Þá fer jeg og fram á að utanfararstyrkur kennara sje hækkaður. Háttvirt Nd. vildi hafa hann 1000 kr. ári. Háttv. Nd. sýnir með þessu, að hún kannast við, að gagnlegt sje, að styrkja kennara til utanfara. En töluverð mistök virðast mjer þó koma fram hjá henni, fyrst í því, að hún vill minka framhaldsmentunarstyrk kennaranna, því sem utanfararstyrknum nemur, og í öðru lagi í því, að styrkurinn er svo lágur, að hann getur ekki komið að fullum notum. Á þessu hvorutveggja hefi jeg viljað ráða bætur með brtt. mínum. Þegar jeg á öndverðu þingi fór að hugsa fyrir utanfararstyrk handa kennurum, vakti fyrir mjer, að það mundi að

skaðlitlu mega minka annan útgjaldalið alþýðumentamálanna, það er að segja, gjöra lægri þá upphæð, sem gengur til prófdómenda við vorpróf barna. Í því skyni bar jeg fram frv. um að eigi þyrftu önnur börn að koma til vorprófs en þau, sem eru fullra 14 ára og eigi hafa áður lokið lögskipuðu námi. Færði jeg rök fyrir því, að þetta væri samræmt fyrirkomulagi prófa í gagnfræðaskólunum og Mentaskólanum, og hirði eigi um að endurtaka þau að þessu sinni.

Þess vil jeg geta hjer, að mjer hefir ekki komið saman við hv. meðnefndarmenn mína um þetta mál, þótt eigi hafi jeg gjört ágreining út af því, nje haldið málinu til streitu.

Þeir óttast, að með því að heimta að eins fullnaðarpróf, verði að nokkru kipt fótum undan fræðslulögunum, og afleiðingin verði verra fræðsluástand.

En jeg vil skjóta því undir háttv. deild, hvort hún áliti ekki meiru skifta, að kennarar landsins sjeu sem best mentaðir, en að 10—12 ára börn sjeu leidd til prófs. Um það skal jeg ekki deila. En fullgóð rök mundi reynslan færa fyrir því, að 2000 kr. væri betur varið til aukinnar kennaramentunar èn ungbarnaprófa.

Áherslu vil jeg leggja á það, að meira en 2000 kr. má spara af prófkostnaðinum, ef frv. mitt yrði samþykt, svo útgjöld til fræðslumálanna gætu orðið minni eftir en áður, og kennararnir þó betur undirbúnir, ef farið væri að tillögum mínum.

Öllum mætti vera það ljóst, að óhæfilega illa er búið að kennurum þessa lands. Og háttv. Nd. hefir þó gefið lofsverða viðurkenningu fyrir því, að rjett sje að styrkja þá til utanfara, hvernig sem hún hugsar sjer svo að fara með þá, þegar þeir koma aftur.

En utanfararstyrkur kemur því að eins að gagni, að hann sje dálitið ríflegur. Og 1000 kr. styrkur er ekki ríflegur. Hann er með öllu ónógur til þess að verða að notum öreiga kennara. Fyrir 1000 kr. er að vísu hægt að komast til Norðurlanda og dvelja þar nokkra mánuði á 2—3 stöðum. Að ferðast fyrir það fje, er ómögulegt. En einmitt það, að geta farið milli fleiri staða, og kynt sjer það, sem hverjum er næst skapi, á hverjum stað, er líklegt til að bera ávöxt. Hafi styrkþegi nóg fje til þess að fara til helstu landa og helstu menningarstofnana þar, þá má vænta mikils árangurs, en verði hann að grafa sig og hálfsvelta á einhverjum einum stað, enda þótt sá staður sje í sjálfu sjer góður, þá eru eins miklar líkur til, að hann hafi meira tjón en gagn af förinni, komi aftur veiklaður og vonsvikinn — fyrir skort. Og þá er ver farið en heima setið.

Tillaga mín miðar ekki að eins að því, að styrkja einstaka kennara til utanfara. Hún miðar líka að því, *að gjöra alla kennara landsins aðnjótandi nokkurs af þeim gæðum, er út yrðu sótt.* Til þess miðar athugasemdin um það, að styrkþegi skuli gefa út skýrslu um för sína, og senda öllum kennurum landsins. Styrkþegarnir eiga að veita nýjum straumum utan úr heiminum inn í sál hvers einasta kennara á landinu, og það á hverju ári. Og sannarlega er þörf á því, fyrir alla þá öreiga kennara, sem berjast við skort og lítilsvirðingu og misskilning hjer heima í fásinninu, berjast fyrir því, að efla og auðga sálir uppvaxandi kynslóðar. Jeg er sannfærður um, að 2000 kr. á ári til slíks leiddu meira gott af sjer en nokkurn grunar. Þær mundu bera arð, sem ekki yrði tölum talinn.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þessar tillögur. Vænti þess að eins, að hv. deild sjái og skilji, að hjer er ekkert hjegómamál á ferðum. Jafnframt vil jeg *enn* benda á, að þingið getur leikið sjer að því, að spara kostnaðinn, sem hjer er um að ræða, með því að samþykkja breytingarnar umræddu á fræðslulögunum.

Þá er það 3. breytingartillagan mín, á

þgskj. 739. Hún fer fram á, að Samúel Eggertssyni sje veittur 900 kr. styrkur fyrra árið, til að gjöra landslagsuppdrátt af Íslandi. Því er svo varið, það vita allir kennarar, að ekkert nothæft Íslandskort er til. Þau Íslandskort, sem til eru, eru að vísu góð upp á sína vísu, en til kenslu eru þau of óljós, og alt of miklu hrært saman á þeim. Það væri því geysimikil bót, að fá gott landslagskort af landinu, og jeg veit ekki á hvað við eigum að leggja áherzlu, ef ekki það, að fá sem fullkomnust tæki til að kenna börnum vorum að þekkja okkar eigið land. Nú hefir maður boðist til að gjöra slíkt kort, með þeim tækjum og eftir þeim fyrirmyndum, sem fyrir hendi eru, og hefir hann sent þinginu sýnishorn til athugunar. Vil jeg með leyfi hæstv. forseta sýna mönnum það. Þetta er helmingi stærra en kortið á að vera. Óneitanlega stórkostlegur munur á þessu korti og þeim, sem til eru, þó auðvitað sje hægt að setja út á það. En þess ber að gæta, að þetta er einungis uppkast, og gjöri jeg ráð fyrir, að kortið sjálft verði betur úr garði gjört.

Jeg vil enn fremur taka það fram, að fræðslumálastjórinn hefir mælt með manninum og talið hann líklegan til að leysa þetta verk vel af hendi. Sömuleiðis hefir landfræðiskennari Mentaskólans, adjunkt Bjarni Sæmundsson, mælt með honum. Það er ekki há upphæð, sem farin á er farið, einar 900 kr. Jeg veit að maðurinn er sjerstakur dugnaðarmaður, og mun vinna það fyrir þessar 900 kr., sem fullkomlega er þeirra virði. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál, en vænti þess, að háttv. deild taki vel í það.

Jeg vil minnast á einn lið, sem háttv. fjárlaganefnd vill fella, því um það er jeg henni ósammála, eins og fleira. Þó hefi jeg ekki komið með breytingartillögu. Þetta er 61. liðurinn á atkvæðaskrá, eða 46. breytingartillaga nefndarinnar á þgskj. 687. Nefndin leggur þar til, að 500 kr. styrkur handa Birni Jakobssyni til utanfarar sje felldur niður. Þessi maður er áhugasamur mjög um allar íþróttir, og hefir unnið mikið gagn. Nú er hann utanlands, til þess að æfa sig, aðallega í útiíþróttum með það fyrir augum að kenna þær, einkum sveitakennurum, þegar hann kemur heim. Jeg get ekki verið samdóma háttv. fjárlagnefnd í því, að fella styrkinn til þessa manns, sem er duglegur með afbrigðum. Hann hefir manna mest, hin síðari ár, unnið að því, að efla og útbreiða íþróttir hjer í höfuðstaðnum. Og eftir þessa utanför mun hann útbreiða kunnáttu sína margfalt meir og víðar en áður. Jeg skal ekki fara fleiri orðum um þetta, en legg til, að breytingartillaga nefndarinnar verði feld. Svo skal jeg ekki þreyta háttv. deild lengur í bráðina, en mun taka seinna til máls um önnur atriði.

Hákon Kristófersson: Jeg á nokkurar breytingartillögur við þenna kafla og vil fara um þær nokkrum orðum. Það er þá fyrst á þgskj. 748; það fer lítið fyrir henni, og hún gengur út á að fjárveitingin til að láta afskrifa og ljósmynda skjöl í Ríkisskjalasafni Dana, verði greidd eftir reikningi, og greiðsla fari ekki fram úr fjárveitingunni. Þessi breytingartillaga er ekki yfirgripsmikil og sje jeg ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um hana.

2. breytingartillaga mín er við 49. brtt. háttv. fjárlaganefndar á þgskj. 687. Hún er um aðgjörð á Þingvöllum. Eftir ýmsar upplýsingar, sem jeg hefi fengið, leyfi jeg mjer að taka hana aftur.

Þá er önnur breytingartillaga við sömu grein, sem er prentuð á þgskj. 749. Hún er um „Sögufjelagið“ og er bara stafbreyting.

Þá er breytingartillagan á þgskj. 746, viðkomandi Leikfjelagi Reykjavíkur. Eftir nokkurar upplýsingar, sem jeg hefi fengið um fjelag þetta, leyfi jeg mjer að taka hana aftur. Þó vil jeg taka það fram,

að sá styrkur, 500 kr., sem fjelagið fær úr bæjarsjóði Reykjavíkur, er alt of lágur. (*Steingr. Jónsson*: Er varatillagan líka tekin aftur). Já, líka.

Þá er breytingartillaga á þgskj. 747. Þrátt fyrir það, þó jeg verði að álíta, að maður sá, er hjer á hlut að máli, sje góðs maklegur, og mörgum góðum hæfileikum búinn, tel jeg fjárveitingu þessa hlægilegan bitling, er jeg tel þinginu ekki vansalaust að láta af hendi, eins og stendur. Jeg legg því til að 30. liðurinn við 15. gr. falli burt, en sökum þess, að jeg tel mjög leiðinlegt, að verða að skýra frá öllu því, er fram hefir farið þessu máli viðkomandi, bæði utan þings og innan, vil jeg ekki fjölyrða meira um þennan lið.

Breytingartillagan á þgskj. 716 fer fram á að hækka styrkinn til Sighvats gamla úr 300 kr. upp í 400 kr. hvort árið. Hann er, eins og mönnum er kunnugt, gamall fræðimaður, er hefir ánægju af því að geta verið hjer á söfnum landsins og grafið sig niður í gömul skjöl o. fl., en til þess að hann geti staðið straum af þeim kostnaði, er af því leiðir, duga honum ekki 300 kr. Jeg treysti svo sanngirni þessarar háttv. deildar, að hún láti þessa breytingartillögu ná fram að ganga.

Breytingartillagan á þgskj. 717 er að eins orðabreyting. Í stað „Til Heimilisiðnaðarfélags Íslands“ komi: Til heimilisiðnaðar. Hún er vel ljós og þarf ekki fleiri orðum um hana að fara.

Þá er breytingartillagan á þgskj. 718, við sömu grein, sem fer fram á, að við liðinn bætist, að fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um hvernig fjenu er varið. Eins og jeg tel rjett og sjálfsagt af því opinbera að styrkja Ungmennafjelögin, eins tel jeg líka rjett, að óska að fá skýrslu um, hvernig styrknum er varið. Að styrkja af opinberu fje, og fá svo enga vitneskju um, hvernig fjenu er varið, álít jeg að sje ekki eins og það á að vera.

Þá er viðaukatillagan á þgskj. 719, sem fer fram á, að inn í 16. gr. komið nýr liður um að veita alt að 1500 kr. til bátabryggju í Flatey, gegn því að $^2/_3$ komi annarsstaðar frá. Eins og má ske nokkurir vita, er þannig háttað í Flatey, að ilt er að gera þar bryggjur, og standa þær ekki, nema vel sje frá þeim gengið, og þær cementeraðar. Eins og sakir standa eru vandræði að koma þar að bátum og stærri skipum, svo að eyjarbúar hafa fundið mjög til þessa. Fyrir nokkrum árum gjörði Þorvaldur Krabbe áætlun um, hve mikið bryggja mundi kosta, en jeg get ekki sagt að hvaða niðurstöðu hann komst, því sem stendur er hann ekki í bænum, svo jeg hefi ekki átt kost á að leita álits hans. Jeg vil geta þess, að það er ungmennafjelag Flateyjarhrepps, er eiga mun mestan þátt í, að farið er nú fyrir alvöru að hugsa um að koma máli þessu í framkvæmd, og er mjer kunnugt um, að fjelagið ætlar að leggja á sig allmikil fjárútlát í þessu skyni. Þar sem jeg treysti því, að háttv. deild líti svo á, að áhugi sá, er ungmennafjel. sýnir í þessu, sje mjög lofsverður, og eins hitt, hve lítið er um gagnlegar bryggjur í Flatey, þá treysti jeg því, að þessi tillaga mín verði samþykt. Þess vil jeg einnig geta, að tilætlunin er sú, ef byrjað verður á bryggju þessari, þá sje hún þannig, að auka megi við hana, þangað til hún að lokum væri svo stór, að stórskip gætu legið við hana. Viðaukatillagan á þgskj. 750 er við þessa tillögu á þgskj. 719, og þarf jeg ekki að fara neinum orðum um hana.

Þá er viðaukatillagan á þgskj. 720, sem fer í þá átt, að landsstjórninni veitist heimild til að veita Guðmundi E. Guðmundssyni, bryggjusmið úr Reykjavík, alt að 25000 kr. lán, til þess að starfrækja kolanámuna á Sjöundá í Barðastrandasýslu. Eins og háttv. deildarmönnum er kunnugt, þá hefir sú mikla viðleitni, sem þessi maður hefir sýnt, leitt það í ljós, að ef ekki má gera fulla von um kol í þessum stað, þá er

þó þar sá eldiviður, sem íbúar þessa lands gætu notað, ef hægt væri að ná í hann, og það er trygt, að ekki þyrfti að verða eldiviðarskortur, þótt aðflutningur á kolum teptist. Þótt ekki sje annað en þetta, er sjálfsagt af Alþingi að styrkja mann þenna, sem sýnt hefir í þessu máli svo mikla elju og dugnað, og eytt í það bæði tíma og fje. En eins og kunnugt er, hefir hann ekki verið svo heppinn, að hafa neinn fjárhagslegan gróða upp úr því. (*Guðm-Björnson*: Verður það aldrei!). Ja, háttv. 5. kgk. (G. B.) segir að hann verði það aldrei. Þrátt fyrir það, þó jeg beri mikla virðingu fyrir háttv. 5. kgk., verð jeg þó að halda að hann sje alls ekki óskeikull. Jeg verð líka að halda því fram, að ef ekki eru kol í Stálfjalli, þá er þar þó að minsta kosti eldiviður. Það er margra ára reynsla. Maður þessi hefir ekki haft ráð á að starfrækja þessa námu; hefir vantað til þess bæði fje og tilfæringar. Þar sem nú svo er til ætlast, að lán þetta sje trygt með þeim byggingum og verkfærum, sem hlutaðeigandi setur þar upp, virðist ekki mikil hætta á ferðum með þetta fje. Og þótt svo færi, að eitthvað af þessu fje tapaðist, þá hefir þjóðfjelagið oft áður lagt fram fje til ýmislegs, sem ekki hefir verið þarflegra nje farið betur, og vona jeg að háttv. 5. kgk. sje kunnug ýms dæmi, er sanna það.

Jeg sje, að háttv. nefnd hefir lagt til, að veittar væru kr. 25000 til námurannsókna. Það er að vísu þarft, en það hjálpar ekki til þess að koma því fyrirtæki áleiðis, sem jeg hefi verið að tala um. Það þarf að rannsaka, hvort hjer megi eigi fá brúkleg kol, en reynslan hefir þegar sýnt, að hjer má fá mikinn og góðan eldivið. Jeg vil því vona að hv. deild hugsi sig vel um, áður en hún synjar um þetta fje; menn kynnu kann ske að álíta, að það bæri vott um, að Alþingi vildi ekki styrkja fyrirtæki, sem einstakir menn hafa hrundið af stað með miklum tilkostnaði og áhættu fyrir sjálfa sig. Og illa væri það farið, ef þessi maður yrði að snúa sjer til útlendra fjelaga, og væntanlegur gróði af fyrirtækinu lenti svo allur í þeirra höndum. Jeg vil því treysta því, að hv. deild taki brtt. mína til greina.

Kristinn Daníelsson. Jeg hefi að vísu ekki fleiri brtt. en þær, sem þegar hafa verið bornar undir atkvæði, en þó vil jeg nú leyfa mjer að drepa fingri á ýmsa liði fjárlaganna, sem mjer stendur ekki á sama um.

Fyrst vil jeg minnast á, að hv. nefnd hefir lækkað laun háskólakennaranna um 400 kr. Jeg get ekki verið nefndinni samdóma um þessa niðurfærslu. Þetta fje mun vera ætlað docent Sigurði Sivertsen, og hygg jeg að hv. Nd. hafi komist að rjettri niðurstöðu, er hún samþykti að laun hans skyldu hækkuð um þessa upphæð, þar sem hann hefur eins mikið starf og prófessorar, en getur engar aukatekjur haft af ritstörfum í kenslugrein sinni. — Þá vil jeg minnast á tillögu nefndarinnar, um að lækka námsstyrk til Mentaskólans, og fleiri skóla. Þessi tillaga finst mjer skifta miklu máli, og er jeg henni algjörlega mótfallinn. Slíkar styrkveitingar eru algjörlega nauðsynlegar í okkar landi, þar sem ekki eru til neinir sjóðir, er starfi í viðlíka stefnu. Jeg hygg óhætt að fullyrða, að margir bestu menn okkar, eigi námsstyrknum það að þakka, að þeir hafa komist áfram. Margir fátækir piltar, sem seinna hafa reynst mestu ágætismenn, mundu aldrei hafa lagt á mentabrautina, ef námsstyrkurinn hefði eigi verið. Jeg veit að vísu, að menn hafa slegið því fram, að í staðinn fyrir styrkinn eigi að koma frípláss við skólana, en áður en jeg get greitt atkvæði með því, að hann falli burtu, verð jeg að sjá, að þessi frípláss verði stofnuð, hve mörg þau eiga að verða, og hvernig þeim á að hátta. Því hefir og verið haldið fram, að aðsóknin að skólunum, sjerstaklega Mentaskólanum, væri nú

svo mikil, að nauðsyn bæri til að hefta hana með einhverju móti. Það getur vel verið, að þetta sje rjett, en mjer virðist þessi aðferð með öllu óhæfileg. Jeg held annars, að þetta jafni sig sjálft, þegar mönnum skilst, að of margir ganga þessa braut, þá dregur sjálfsagt úr aðsókninni af sjálfu sjer. En hinu held jeg fast fram, að námstyrkurinn er nauðsynlegur fátækustu stjettum þjóðfjelagsins, því að þar geta fundist þær perlur, sem þjóðin má ekki fyrir nokkra muni missa af. —

Þá get jeg ekki verið samdóma nefndinni, um að lækka styrkinn til skálda og listamanna um 1000 kr. Íslendingar mega aldrei gleyma, hvað þeir eiga bókmentum sínum að þakka; öll okkar frægð í heiminum er við þær tengd. Að vísu verður að gæta hófs í þessu efni, svo að styrkveitingum sje ekki fleygt í hvern sem er, en hitt sýnist mjer óþarft, og ástæðulaust, að vera að færa þenna styrk niður úr þeirri upphæð, sem háttv. Nd. hefir tekið. Jeg vil því vona, að þessi brtt. verði feld.

Háttv. nefnd hefir lagt til, að styrkurinn til Helga Pjeturss verði færður niður í 1000 kr. Hjer er að ræða um góðan, viðurkendan vísindamann, sem hefir unnið kappsamlega í þarfir vísindanna, eftir því sem heilsa og kraftar hafa leyft. En örlögin hafa lagt á hann þunga hönd, og hefði því háttv. nefnd átt að varast að bæta þar nokkuru við. Allir vita, hvernig ástandið er nú hjer á landi, fádæma dýrtíð og örðugleikar, og þar að auki hefir þessi maður við marga aðra erfiðleika að berjast. Jeg mun ekki fara lengra út í þá sálma, en jeg vona, að háttv. deild klípi ekki af þeim styrk, sem hann hingað til hefir haft. — Einnig finst mjer rangt að lækka styrk Helga Jónssonar, hann er merkur og duglegur vísindamaður, sem hefir unnið af miklu kappi að sinni fræðigrein, og á því alt gott skilið.

Loks vil jeg mæla fram með brtt. á þgskj. 716, sem fer fram á að hækka styrkinn til Sighvats Grímssonar Borgfirðings, um 100 kr. Þessi maður hefir alla sína æfi lagt hina mestu stund á sögulega fræði, og hin síðustu árin hefir hann unnið hjer í söfnunum, fyrir þann litla styrk, sem Alþingi hefir veitt honum. Auðvitað hefir hann orðið að kosta ferð sína hingað fram og aftur, og hljóta því allir að sjá, að sá styrkur, sem hann hingað til hefir haft, hefir verið af alt of skornum skamti. Jeg vona því að brtt. verði tekin til greina.

Guðmundur Björnson: Jeg vil leyfa mjer að minnast á nokkrar brtt. hv. nefndar, og verður þá fyrst fyrir till. hennar um að færa niður námsstyrkinn til Mentaskólans.

Í því máli finn jeg mig knúðan til þess að taka í sama streng sem hv. 2. þm. G.-K. (K. D.). Að vísu er jeg samdóma nefndinni um, að ofmikil aðsókn er að skólanum, og því full ástæða til að leita einhverra ráða til þess að stöðva þann flaum. En hv. nefnd vill gjöra það með því að afnema ölmusurnar, og um það er jeg henni ekki samdóma.

Mjer virðist, að maður verði fyrst að gjöra sjer ljóst, af hverju þessi mikla aðsókn muni stafa. Jeg hygg að orsakirnar til hennar sjeu fljótfundnar, og er þá fyrst að nefna vaxandi fólksfjölda og vaxandi velmegun þjóðarinnar. En aðalorsökin hygg jeg að sje sú, að inntökuskilyrðin eru nú orðin svo miklu vægari en áður. Áður var inntökuprófið í skóla allþungt próf, og reyndist það skólanum holt og gott, en nú er það orðið laufljett og flestum vandalaust að standast það. Af þessu hefir svo leitt, að linað hefir verið á öllum prófum, svo að nú eru gjörðar miklu vægari kröfur til nemendanna en áður var. Önnur aðalorsök hinnar miklu aðsóknar er aðstreymið frá Akureyrarskólanum.

Jeg er nú hræddur um, að aðsóknin mundi ekki þverra til stórra muna, þótt námsstyrkurinn væri afnuminn. Það mundi í hæsta lagi hafa þá afleiðing, að allra fátækustu piltarnir sæju sjer ekki fært að fara í skóla. En það mundi jeg telja illa farið. Þeir sem nokkuð hafa hugleitt þetta mál, munu allir hljóta að játa, að meðal fátækustu piltanna í skóla hafa venjulega fundist efnilegustu piltarnir, og það af þeirri einföldu ástæðu, að fátæku piltarnir hafa sjaldan verið sendir í skóla, nema þeir væru óvenjulega efnilegir. Og víst er það, að ef námsstyrkurinn hverfur úr sögunni, verður fátæklingum miklu örðugra að koma börnum sínum til menta. Jeg veit um sjálfan mig, að jeg stæði ekki þar sem jeg stend nú, ef jeg hefði ekki notið ölmusu í skóla, og býst jeg við, að fleiri mentamenn, sem nú sitja á þingi, geti sagt hið sama, þar á meðal hæstvirtur ráðherra *(Ráðherra*: Jeg veit ekki nema mjer hefði vegnað betur, ef jeg hefði aldrei komið í þá veiðistöð!) Ja, um það má hæstv. ráðherra best vita sjálfur. En hinu hlýt jeg að halda fram, að besta ráðið til þess að hefta aðsóknina að skólanum, er að gjöra inntökuskilyrðin strangari og herða um leið á öllum prófum við skólann. Það hygg jeg muni duga. Loks vil jeg bæta því við, að mjer virðist hv. nefnd beita gagnfræðaskólann á Akureyri misrjetti, þar sem hún leggur til, að námsstyrkurinn við hann sje afnuminn nú þegar. Námsstyrkurinn við Mentaskólann átti þó samkvæmt till. hennar að fara smáminkandi, uns hann hyrfi með öllu. En ef námsstyrkurinn við Akureyrarskólann er afnuminn þannig fyrirvaralaust, þá munu margir piltar, sem í von um námsstyrk hafa sótt um inntöku í skólann í haust, verða fyrir vonbrigðum. Jeg vil að endingu láta þá von í ljós, að hv. nefnd haldi ekki þessari stefnu sinni til streitu. — —

Þá vil jeg minnast lítið eitt á 61. liðinn á atkvæðaskránni. Jeg þekki vel þann mann, sem þar ræðir um, Björn Jakobsson, og get borið honum það vitni, að hann er einn af okkar efnilegustu íþróttakennurum. Hann er nú í Svíþjóð, til þess að afla sjer frekari þekkingar í sinni ment, og hefir hann farið þá för með ráði og tilstuðlan Íþróttasambands Íslands. En Íþróttasambandið getur ekki sjálft lagt fje af mörkum, því að það er enn í skuldum síðan það tók þátt í Ólympíuleikunum í Stokkhólmi. Jeg vil því vona, að Björn Jakobsson fái þenna litla styrk, því að hann á hann sannarlega skilið. — Annar maður er það, sem hv. Nd. hafði lagt til að fengi dálítinn styrk, en ekki hefir fundið náð fyrir augum hv. nefndar. Það er Einar Hjaltested. Jeg tel illa farið, ef hv. Ed. aðhyllist þá till. hv. nefndar, því að hjer er að ræða um óvenjulega efnilegan söngmann. Hann er nú langt á leið kominn í list sinni, vantar að eins herslumuninn, til þess að verða fullnuma, en ef hann nær því takmarki, þykir mjer ekki ólíklegt, að hann verði heimsfrægur maður. Jeg vil því vona, að hv. nefnd haldi ekki fast við þessa brtt. sína.

Jeg hefi nú mælt með þremur fjárveitingum, sem hv. nefnd vill fella niður. En nú skal jeg bæta úr þessu, með því að mæla á móti einni útgjaldatillögu hv. nefndar. Og þar með á jeg við þessar 25,000 kr., sem nefndin vill setja í svartholið þarna fyrir vestan, í brúnkolagrafirnar þar. „Vestigia terrent“ — til þess eru vítin að varast þau. Í Færeyjum, fundust fyrir nokkrum tíma kol í fjöllum, — ekki eingöngu brúnkol, heldur líka steinkol. Þar voru svo tvisvar sett á stofn námufjelög, en þau fóru bæði um koll eftir að hafa eytt stórfje til einskis, — alls einskis! — Eins og nú standa sakir höfum við ekki ráð á, að kasta út stórfje til einskis annars — en að friða draumóra manna!

Ráðherra: Ef jeg mætti velja úr allar

bestu tillögurnar, sem komið hafa fram í hv. Ed. og hv. Nd., þá skyldu 14. og 15. gr. fjárlaganna verða svo góðar, sem jeg frekast kynni að óska. En því miður hefi jeg ekki vald til þess að leiðrjetta þau mistök, sem mjer virðast hafa orðið hjá fjárlaganefndum beggja deildanna.

Háttv. fjárlaganefnd þessarar deildar er mótfallin því, að laun docents Sig. Sivertsens sjeu hækkuð um 400 kr. Jeg hygg, að háttv. nefnd sje ekki kunnugt um, að öðruvísi stendur á fyrir þessum manni, en hinum dócentunum við Háskólann. Guðfræðingum veitir erfitt að hafa aukatekjur af ritstörfum, því að þótt sumir nýju guðfræðingarnir geti skrifað, þá tjáir það ekki. Gömlu guðfræðingarnir eru alt af á höttunum, og rífa niður bækur þeirra, svo að enginn vill kaupa þær. Allt öðru máli gegnir t. d. um Jón dócent Jónsson. Bækur hans seljast, og þar að auki hefir Sig. Sivertsen miklu fleiri kenslutíma en hann.

Jeg vil styðja styrkveitingu til dr. Alexanders Jóhannessonar. Hann er vel hæfur maður til að halda fyrirlestra við Háskólann í þýskum fræðum. Nú stendur og svo á, að engir Þýsku-fyrirlestrar verða haldnir við Háskólann, á komanda vetri, þar eð docentinn er nú herfangi á Bretlandi.

Þá mintist háttv. 2. kgk. (Stgr. J.) á allmargt, er honum fanst athugavert við gjörðir fjárlaganetndarinnar, og var það sumt á rökum bygt, og er þá fyrst tillaga hennar, um að afnema námsstyrk við æðri skólana. Aðalatriðið, sem færa má þar á móti nefndinni, er það, að ef allur námsstyrkur yrði afnuminn, geti fátækir piltar síður gengið skólaveginn. En þess ber að gæta, að öðruvísi hagaði til fyrir 30—40 árum. Þá var almenningsálitið svo, að eina leiðin til fjár og frama væri sú, að ganga lærða veginn svo kallaða. Nú er þetta, sem betur fer, orðið mikið breytt, enda sjá menn nú betur, til hvers leiðir. Menn eyða 10—12 bestu árum æfi sinnar í námið, og hafa ekkert annað upp úr, en að lepja dauðann úr skel eftir á. Nú er orðið miklu álitlegra, að verða bóndi, kaupmaður, eða hvað sem er, svo jeg tali ekki um, að verða skipstjóri á botnvörpungi. Embættismannaleiðin er tæpast svo fýsileg, fyrir þá, sem til þekkja, að það borgi sig að eyða mörgum árum, fyrst til náms, og síðan til að bíða eftir einhverju nýtilegu. Þessu til sönnunar má benda á, að hjer er þegar að skapast litterært Prolatariat, svo jeg held, að ekki sje mjög í þágu ungra og framgjarnra manna að ganga þessa leið. Auðvitað er það satt, að embættismannastjettin mundi tapa nokkrum góðum mönnum, en þeir verða eins nýtir menn, þó þeir gangi aðra leið.

Það er dagsanna, sem háttv. 5. kgk. (G. B.) sagði, að skólafyrirkomulagið hjer er alt annað en gott, og prófin, í skólann og úr honum, orðin hneykslanlega væg. Það hefir verið reiknað út, að menn geta komist í gegn um skólann, án þess að hafa litið í stærðfræði, sem þó er ein af allra stærstu námsgreinunum. Meðaleinkunn er að eins 4, til þess að slampast í gegn, því nú er öllu breytt frá því, sem áður var. Inntökuskilyrðin eru sama sem engin, og þær einu námsgreinir, sem, auk stærðfræðinnar, áður fyr kröfðu alvarlega vinnu, nfl. latína og gríska, eru ekki lengur til. Sumir eru á annari skoðun um þetta, en þessar greinir kröfðu elju og vinnu, og enginn komst í gegn um skólann, sem ekki var þolanlega að sjer í einhverri þeirra, Nú er eftir lítils háttar latínukák í 3 efstu bekkjunum, og er jeg í efa um, hvort betra er en ekki; væri best að sleppa henni alveg, því það litið, sem er við hana kákað, það er hreint og beint fábjánalegt; menn eru látnir lesa Hóraz, Virgil og Ovid, og geta má nærri, hvað það kemur þeim að miklu gagni, sem ekkert kunna.

Það hefir verið lagt til, að styrkur til

bændaskóla falli burt, en sú brtt. kom frá nefndinni, að styrkur til verklegrar kenslu hækki aftur á móti. Þessu álít jeg vel hagað svo, því dýrara er mönnum að missa sumarið frá vinnu.

Töluvert hefir verið rætt um fræðslumálin alment, og till. hefir komið fram í þá átt, að halda áfram barnaskólabyggingunum, með því að veita fje til þeirra síðara árið. Nefndin í háttv. Nd. leit svo á, að spara mætti fje þetta, og jeg er henni þar sammála. Það er mjög vafasamt, hvort barnafræðslulögin eru heppileg. Þar eru gjörðar háar kröfur til barna innan 10 ára, og þeim lögð þung próf á herðar. Jeg þekki ofurlítið til barnaskólans hjer í Reykjavík, og get gefið honum þann vitnisburð, að hann er góð stofnun til þess, að börnin geti týnt niður því litla, sem þau kunna að hafa lært. Þetta er ekki kennurunum að kenna, þeir eru margir góðir, og sumir ágætir, því börnunum er hrúgað svo mörgum í skólann, að engin von er á, að kennararnir komist yfir að kenna öllum þeim sæg, auk þess, sem þar er grautað í alt of mörgum námsgreinum. Auk hinna sjálfsögðu greina, svo sem eru lestur, skrift og reikningur, er verið að gutla við dönsku, ensku, teikningu og handavinnu og margt fleira. Menn geta nú sagt sjer sjálfir, hvað margir barnaheilar rúma mikið af þessu í einu. Barnaskólinn hjer er líklega besta stofnun landsins í þeirri grein. Ætli þá sje betur ástatt annarstaðar? Jeg býst við, að hinar háu kröfur, sem gjörðar eru til barnanna, sjeu að eins til ills eins, og held að lögin frá 1880 sjeu heppilegri, sem að eins fara fram á, að 14 ára börn kunni kver, lestur, skrift og ofurlítið í reikningi. Það væri betra, ef nokkur skólaskylda ætti að vera, að hafa hana ekki fyrr, en börnin eru orðin eldri en nú er ákveðið, og jeg veit til þess, að jeg stend ekki einn uppi með þá skoðun. Af þessum ástæðum finst mjer varhugavert, að vera að veita áfram fje, til barnaskólabygginga út um land alt.

Í 14. grein er ýmislegt smávegis, sem jeg skal ekki fara mörgum orðum um, en mjer finst, að úr því að háttv. nefnd vill sjá aumur á 2 matreiðsluskólum, þá hefði mjer fundist rjett, að sá 3. hefði verið látinn fylgja með, sem sje á Eyrarbakka.

Háttv. nefnd leggur til, að þeir nemendur, sem geti, og þurfa að stunda nám við málleysingjaskólann, borgi með sjer, en jeg veit, að þeir nemendur, sem sæmilega hafa verið efnum búnir, hafa borgað með sjer og gjöra það. Annars skal jeg svo ekki fara út í einstök atriði, en að eins geta þess, að háttv. nefnd á þökk skilið fyrir ýms atriði, er hún hefir lagt til, svo sem hækkun til þess, að afrita fyrir Landsskjalasafnið, og viðgjörð á Þingvöllum; er jeg þar á sama máli, að ekki má lengur svo ganga, að sá staður liggi undir skemdum.

Jeg er á sama máli og háttv. þm. Seyðf. (K. F.), að gott væri að lækka fjárveitingu til barnaskólaprófdómara, ef hægt væri.

Enn hefir og nefndinni skilist nauðsyn þess, að gefa út dóma landsyfirrjettarins frá 1800—1873, og veit jeg að háttv. Nd. hefir að eins felt það af misskilningi, og muni ekki amast við því síðar.

Þá kem jeg að 72. lið á atkv.skrá, um skáldin og listamennina. Okkur þótti sumum nefndin gjöra allmjög að því, að færa niður styrk til þeirra, en háttv. þm. G.-K. (K. D.) hefir tekið af mjer ómakið, er hann hefir mótmælt því, að sá liður væri lækkaður, frá því, sem háttv. Nd. ákvað. Hygg jeg, að Alþingi sje það ekki vel ljóst, hvað það er að gjöra, er það dregur styrki þessa niður, því að það, sem haldið hefir þjóðinni uppi og gjört hana kunna alt til þessa, eru skáldin og rithöfundarnir. Þessir menn hafa haldið við tungu þjóðarinnar og orðrómi hennar út í frá. Jeg neita því að vísu ekki, að verklegar framkvæmdir

hafa mikla þýðingu, en fyrir þær höfum við aldrei orðið frægir, og verðum tæpast í bráð; og jeg hygg, að ef lagt væri undir dóm þjóðarinnar, hvort hún vildi afsala sjer ritsmíðum sínum fyrir fje, þá mundi hún kveða nei við, ef málið væri rjett reift. Það er aðgætandi, að sparnaðurinn er svo lítill, að eins 1000 kr.. Þegar svo langt er komið, verður athugasemd nefndarinnar í Nd. hlægileg, nefnilega það, að kjósa skuli 3 menn, einn úr Stúdentafjelaginu, annan úr Bókmentafjelaginu og þann þriðja úr Háskólaráðinu. Til hvers? Sú nefnd átti að gjöra tillögur um, hvernig úthluta ætti 900 kr., en ef samþykt verður það, sem nefnd háttv. Ed. vill, þá verður engu að úthluta, og gott ef ekki verður minna en ekki neitt eftir. Skal jeg ekki öfunda nefndina af starfinu því. En annað er athugavert við þá tillögu, sem sje, að hún er formlega röng. Stúdenta- og Bókmentafjelögin standa ekki undir löggjafarvaldinu, og við höfum ekki leyfi til að skipa þeim á þennan hátt. Svara mætti því, að fjelögunum þætti sjer sómi sýndur með þessu, en það liggur háðung næst, að skipa menn í nefnd, sem ekkert hefir að gjöra. Löggjafarvaldið hefir ekki meira leyfi til að skipa þá, heldur en bónda uppi í sveit. En þó eitthvað væri nú að gjöra, þá er mjög vafasamt um valið. Það gætu valist menn, sem væru stjórninni algjörlega andstæðir, og stjórnin á þó að bera ábyrgð þess, hvernig styrknum er úthlutað. Jeg segi því fyrir mig, að ætti jeg að úthluta fje þannig, tæki jeg mjög lítið tillit til þess, sem nefndin segði, og bindi mig alls ekki við tillögur hennar. Hitt væri nær, að Háskólaráðið, eða stjórn Bókmentafjelagsins, hefði þetta algjörlega með höndum og þá alla ábyrgð, sem því fylgdi.

Jeg skil ekki hvers vegna háttv. nefnd hefir viljað færa niður styrkinn til þeirra nafnanna, Helga Pjeturssonar og Helga Jónssonar, en það hefir háttv. þm. G.-K. (K. D.) talað um. Aftur hefir nefndin á öðrum sviðum verið mjög hlynt bókmentum, er hún vill veita Finni á Kjörseyri 200 kr., og Sighv. Grímssyni 100 kr. hækkun, og er það vel farið, hví hvortveggi er mætur maður og maklegur góðs.

Þá eru það nokkur atriði í 21. gr., sem mig langar til að minnast dálítið á. Í þessari grein ræðir meðal annars um tvö þjóðþarfa fyrirtæki, raflýsing á Húsavík og áveitu á Skeiðin. Það getur vel verið, að fje reynist ekki nóg, þegar til á að taka, en lánsheimildir hafa þó oft fengið að standa í fjárl., þegar svo hefir staðið á, en stjórnin ekki skyldug til að sinna þeim, ef fje er ekki fyrir hendi. Jeg vil geta þess um áveituna á Skeiðin, að ekki er tilætlunin að Árnessýsla fái neinn styrk í venjulegum skilningi, heldur einungis lán. Búist er við að fyrirtækið muni kosta 100,000 kr. og leggur sýslan til helminginn, en afborgar hinn helminginn á 20 árum, ef þessi liður fær að standa í fjárlögunum.

Örfáum orðum vildi jeg minnast á brtt. háttv. þm. Barð. (H. K.) á þgskj. 720. Mig brestur reyndar alla þekkingu til að mæla með eða á móti, því að mjer er með öllu ókunnugt, hvernig til hagar þar vestra og veit ekkert um, hvernig þessi eldiviður er. En hitt tel jeg áreiðanlegt, að þessi fjárveiting nái ekki tilgangi sínum, þótt hún verði samþykt. Einar 25 þús. kr. er of lítið fje til þess að haldi komi. Jeg tel mig ekki færan til að dæma um, hvort háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) hefir rjett fyrir sjer. Hann virtist ganga út frá því, að fyrirtækið væri fyrirfram dauðadæmt, og miðaði við reynsluna í Færeyjum; en þó að svo færi í Færeyjum, er ekki áreiðanlegt að svo færi hjer. Fjárlaganefndin hefir ætlast til að veittar verði 25,000 kr. til að framkvæma rannsóknir á þessum kolanámum, og ætlast til að það verði gjört af þeim mönnum, er fult skyn bera á slíkt — eru sjerfræðingar. Ekki þykir

mjer óliklegt, að hvortveggja tillagan komi að jafn litlu haldi, því að upphæðin er svo lítil.

Nefndin hefir lagt til að styrkurinn til prófessors Ágústs Bjarnasonar falli niður. Öllum er kunnugt að sá maður hefir starfað mjög mikið og er nú að ljúka við ritverk sitt „Yfirlit yfir sögu mannsandans". Það ritverk er vinsælt af alþýðu manna, enda er það fræðandi og mentandi, og væri miður, ef prófessornum væri neitað um þenna litla styrk. Nefndin hefir verið örlát á ýmsum öðrum sviðum, og skil jeg þess vegna ekki, að hún haldi mjög fast í þessa brtt.

Steingrímur Jónsson: Jeg hefi komið fram með tvær brtt. við þennan kafla fjárlaganna, sem jeg vildi minnast á með örfáum orðum.

Um fyrri brtt. er lítið að segja. Hún er prentuð á þgskj. 754, og er við 14. gr. B. IX. 2. og gengur út á það, að bæta aftan við liðinn um húsmæðrakenslu Jónínu Sigurðardóttur því skilyrði fyrir fjárveitingunni, að 400 kr. framlag komi annarsstaðar að. Þetta hafði fallið úr af vangá í háttv. Nd., og leyfi jeg mjer að taka það upp.

Hin brtt. er við 14. gr. B. XII. 2. og geggur út á að veittar verði 10,000 kr. síðara árið til að reisa barnaskóla utan kaupstaða. Í frumv. stjórnarinnar, sem lagt var fyrir þingið, var ætlast til að veittar yrðu 15,000 kr. hvort árið í þessu skyni, en það var felt í neðri deild.

Síðan fræðslulögin urðu til, hefir ávalt verið litið svo á, sem landssjóður væri skyldugur til að kosta skólabyggingarnar á móti hreppunum, enda hefir ávalt síðan verið veitt fje til þess í fjárlögunum.

Mjer þótti ummæli hæstv. ráðherra um barnafræðsluna harla undarleg. Jeg gat ekki skilið hann öðru vísi en svo, að hann kendi barnaskólunum um alt mentunarleysi þjóðarinnar, eða öllu heldur barnaskóla Reykjavíkur. Jeg hygg, að hæstv. ráðherra sje ókunnugt um, hve örðugt er að halda uppi heimakenslu í sjóþorpunum. En jeg þekki nokkuð til þess, og jeg veit líka hvernig ástandið var áður en fræðslulögin gengu í gildi. Þau gengu í gildi 1907, en jeg er dálítið eldri. Allar kröfur manna til barnafræðslu eru nú stórbreyttar frá því sem var, meðan lögin frá 1880 giltu. Þá fór kenslan mestmegnis fram í heimahúsum, undir eftirliti prestanna. Þá voru sama sem engin kauptún; í raun og veru ekkert, nema Reykjavík með 2400 íbúa. Nú eru 33% af öllum íhúum landsins búsettir í kauptúnum, og ástandið á heimilunum er stórbreytt og ómögulegt að koma við sama fyrirkomulagi og áður. Þetta olli breytingunni, sem komst á 1907. Allir, sem verulegan áhuga höfðu á fræðslumálum, vildu vinna að því, að þau lög kæmust í framkvæmd, og það jafnvel þótt þeir gætu eitthvað að þeim fundið, sem vitanlega er vel hægt, því gallar eru talsverðir á lögunum. En nú verður ekki móti því mælt, að með þessum lögum hefir landið bundið sjer skyldu á herðar, sem það verður að gegna. (*Ráðh.*: Svo er engu síður með símalögin.) Rjett er það að vísu, en símalögin skipa ekki fyrir um það, sem gjöra eigi á hverju ári. En ef fjárveitingarvaldið kippir nú að sjer hendinni alt í einu, þá er verulega illa farið. Það eru mýmörg fræðsluhjeruð, þar sem nauðsynlega þarf að byggja, því gamla fyrirkomulagið, að kenna í baðstofum, er alveg óviðunandi. En jeg held, að þetta, sem jeg hefi stungið upp á, sje sú allra minsta fjárupphæð, sem komist verður af með. Fræðslumálastjórinn sagði við mig í dag, að 8000 kr. væri það allra minsta, sem komið gæti til mála, en kvaðst mundu sætta sig við það.

Jeg legg þá þessa brtt. fram í þeirri von, að háttv. deild taki henni eins vel og hún er sanngjörn.

Það er nú búið að minnast á helstu

brtt. nefndarinnar við þennan kafla, en þó langar mig til að segja örfá orð um nokkrar þeirra.

Háttv. þm. Gullbr.- og Kjósarsýslu (K. D.) hefir minst á 27. brtt. á þgskj. 687, um að fella burtu launaviðbótina til docents Sig. Sivertsen. Jeg er honum sammála um það, að þetta sje ekki rjettlátt. Það stendur nokku öðruvísi á fyrir honum en öðrum dócentum við Háskólann; hann getur miklu minna unnið sjer inn aukreitis en hinir dócentarnir, en hefir alveg jafn mikið að gjöra og prófessorarnir við guðfræðisdeild Háskólans. Þetta yrði nokkurs konar dýrtíðaruppbót fyrir hann, sem sanngjarnt er að háttv. deild taki til greina.

Það hefir verið minst svo rækilega á námsstyrkinn við Mentaskólann, að litlu ætti þar að vera við að bæta. En ekki get jeg verið á sama máli og hæstv. ráðherra, að ekki sje æskilegt að reyna að draga bestu krafta æskumannanna að Mentaskólanum. Það er algjörlega rangt að líta á skólann sem embættismannamaskínu eina; hann er áreiðanlega besti vegurinn, sem hjer er kostur á, til að gera eitthvað úr þeim mönnum, sem hneigðir er til náms eða lista. Minst hefir verið á, að taka upp skólagjald, og getur vel verið að jeg yrði því meðmæltur, ef því yrði þá varið til þess að styrkja fátæka menn til náms; skólagjaldið kæmi þá í stað námsstyrksins, sem nú er veittur í fjárlögunum. En það yrði þá að byrja á að taka skólagjald, áður en styrknum er svift í burtu. Þetta, sem jeg hefi sagt um Mentaskólann, gildir vitanlega að mestu leyti einnig um gagnfræðaskólann á Akureyri, og skil jeg ekki, hvers vegna nefndin fer miklu harðar með hann. Aftur á móti lít jeg svo á, að hún hafi farið rjett að með búnaðarskólana, að auka þar verklegu kensluna og fella þá burtu námsstyrkinn.

Nefndin mælir með styrk til kvöldskóla í Reykjavík. Ekki verður sagt að þetta bendi sjerstaklega í sparnaðaráttina, og fullnóg virðist vera af skólunum í Reykjavík.

Jeg verð að taka undir með háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) með það, sem hann sagði um Björn Jakobsson. Mjer þætti mjög illt, ef þessi styrkur yrði feldur, því mjög líklegt er að gagn verði af ferð hans. Maðurinn er mjög efnilegur.

Jeg verð að vera sammála hæstv. ráðherra um það, er hann sagði um styrkinn til skálda og listamanna. Ef meira yrði af honum sniðið, þá væri það beinlínis hlægilegt, því við liggur, að þá væri engu að skifta. Minna en það, sem nú er í frv., má það ekki vera.

Háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) mintist dálítið á 54. breytingartillögu nefndarinnar, um að fella burtu styrkinn til Einars Hjaltested. Jeg hefi sjeð brjef viðvíkjandi þessum unga manni og vitnisburð frá New-York og Kaupmannahöfn. Þar er talað um að í þessum manni muni búa frábært listamannsefni, og sænskur söngfræðingur í New-York hefir enn fremur um hann ritað, telur engan vafa á því, að ef hann fái að læra og þurfi ekki að fara að vinna fyrir sjer með söng sínum nú þegar, muni hann geta orðið Caruso Norðurlanda. Pilturinn getur reyndar þegar farið að vinna fyrir sjer, en þá einungis á kostnað raddarinnar, þannig, að hann verði aldrei það, sem hann annars gæti orðið. Faðir hans hefir kostað hann mikið, og að jeg hygg yfir efni fram, og mun nú ekki vera fær um mikið meira.

Af öllum þessum ástæðum finst mjer rjett vera, að veita þennan styrk, svo piltinn geti uppfylt þá innilegu ósk sína, að komast til Ítalíu til að nema þar. Við hefðum þá gjört tilraun til þess, að fá þennan gimstein fægðan. Vel getur svo farið, að tilraunin mishepnist, en hún getur líka hepnast, og þá er ekki til einskis unnið.

Þá vildi jeg víkja nokkrum orðum að 56. brtt. nefndarinnar, um að fella burtu

styrkinn til Ágústs Bjarnasonar. Styrk þennan biður hann um, til þess að geta lokið við hið mikla ritverk sitt „Yfirlit yfir sögu mannsandans“. Jeg held að óhætt sje að fullyrða að bækur þessa höfundar sjeu mjög vinsælar og hafi gert mikið gagn. Og ekki þætti mjer það ólíklegt, ef þessi fjárveiting væri borin undir allan almenning, að miklu fleiri yrðu þeir, sem henni yrðu hlyntir, minsta kosti þeirra manna, er eitthvað vilja vita. Sú andleg fæða, sem í þessum bókum er boðin, er líka miklu betri en margt annað, sem styrkt er.

Jeg hlýt að telja það rangt að fella burtu styrk til jarðabóta handa búnaðarfjelögunum, ekki af því, að jeg telji, að bændur dragi um þetta, heldur af því, að þessi styrkur til búnaðarfjelaganna hefir verið til þess, að halda þeim saman, og á búnaðarfjelögunum eru aftur bygð búnaðarsamböndin og Ræktunarfjelagið og svo aftur á þeim, má segja, Búnaðarfjelag Íslands. Hjer er því hreyft við hyrningarsteini í búnaðarmálabyggingu landsins, og það er, að minni hyggju, talsverður háski. Jeg hygg, að áður en ný skipun væri gerð um þessi mál, væri rjett að vita, hvað Búnaðarfjelag Íslands vill og getur gjört, til að efla framfarir, en að gjöra þetta nú, án þess að vita neitt um það, og alveg upp úr þurru og þvert ofan í fyrirmæli alþingis 1909 og 1913, um skilyrði til styrksins, safnþrór o. fl., það finst mjer ekki vera forsvaranleg fjárhagspólitík.

Nefndin vill veita 5000 krónur til að leita að vatni í Vestmannaeyjum með vatnsborum, en jeg hefði kunnað betur við, að við fengjum upplýsingar um, hvort líkur væru til þess að þetta kæmi að nokkru gagni. Jeg skil það, að það sje afarþýðingarmikið fyrir eyjarskeggja, að reynt sje að ná þar vatni, en það er óneitanlega betra að fá að vita um líkur fyrir því, að fjárveitingin komi að notum.

Þá er næsti liður í brtt. fjárlaganefndarinnar, um að veita 25 þúsund krónur til kolarannsókna. Þeirri tillögu get jeg ekki verið með. Jeg tel það mjög vafasamt og engar líkur vera leiddar að því, að við getum náð kolum með þeim tækjum og þeirri kunnáttu, er við höfum. Og svo er jeg ekki viss um, að þessar 25 þúsund krónur dugi til þess að rannsóknin komi að verulegum notum, og jeg held að þetta verði aldrei gjört, nema með ríkri og öflugri fjelagsstofnun. Og jeg tel það hart, ef Alþingi fer að kasta 25000 krónum til kolarannsókna, alveg svona út í bláinn, að hægt er að segja, en neitar um 18000 krónur til að rannsaka járnbraut austur.

Þá ber nefndin fram tillögu um, að framlagið til brimbrjótsins í Bolungarvík sje bundin því skilyrði, að $^1/_3$ kostnaðarins verði lagður fram annarsstaðar að. Jeg tel það rjett, að landsjóður kosti ekki mannvirki þetta að öllu leyti, en jeg tel tillagið oflítið. Jeg tel að það megi ekki minna vera en helmingur eða jafnvel meira. Jeg áskil mjer því að koma með breytingartillögu um þetta til þriðju umræðu, en veit hins vegar ekki hvort jeg gjöri það eða ekki.

Fjárlaganefndin leggur enn fremur til, að 9. liður 21. greinar, um lán til Húsavíkur, falli niður. Nefndinni hefir þar, satt að segja, tekist að finna hið eina, er snertir Þingeyjarsýslu í fjárlögunum, því styrkurinn til dragferju á Bergstaðahyl er svo lítilfjörlegur, að jeg tel hann ekki. En án gamans, — jeg get vel skilið, hvað nefndinni hefir gengið til, að hafa ekki margar lánsheimildir í fjárlögunum nú. En ástandið er nú svo hjer í landi, að ýmsum þjóðþrifafyrirtækjum er eigi unt að koma í framkvæmd, nema með láni. Jeg hafði nú hugsað mjer, að þegar að landssjóður veitti Landsbankanum 100000 króna styrk í 20 ár, þá mundi bankinn geta veitt Húsavíkurhreppi lán til þessa

þarfa fyrirtækis. En jeg hefi reynt þetta. Jeg get að vísu fengið þar veðdeildarlán, því tryggínguna, ábyrgð Húsavíkurhr., telja þeir góða. Svo ekki vantar tiltrúna. En jeg fæ þetta lán útborgað í veðdeildarbrjefum, en Landsbankinn vill ekki kaupa brjefin; jeg hefi svo farið í Íslandsbanka og spurt þar að því, hvort þeir vildu kaupa brjefin, en þar er líka svarið: Nei. En jeg á eftir enn eina leið, það skal játað, og það er að vita, hvort Landsbankinn vill svo ekki veita hreppnum lán út á veðdeildarbrjefin. En þá fer lánið að verða æðidýrt — ofdýrt, þó hjer sje um nauðsynlegt framfaramál að ræða fyrir Húsvíkinga.

Það er rjett, að það er lítið fje fyrir hendi, en þess ber að gæta, að það borgast allt af inn upphæðir til viðlagasjóðs, (afborganir lána), og þær nema talsvert miklu, um 200 þúsund krónum á fjárhagstímabilinu, eða upp undir 100 þúsund krónur á ári. Jeg sje ekki ástæðu til þess, að þetta fje sje gjört að eyðslueyri og eytt til árlegra gjalda. Og þá er ekki nema tvent fyrir hendi, annaðhvort að geyma það sem peningaforða, eða að lána það til þarfra fyrirtækja, og það tel jeg hollara til þjóðþrifa. Og fjárlaganefndin hefir samþykt fjögur lán til einstakra manna; þau geta orkað tvímælis, en hafa þó öll eitthvað til síns ágætis. En sje rjett að veita þessi lán þar sem þörfin er minni, þá er rjett að veita Húsavíkurhrepp þetta tiltölulega litla, en þarfa lán. Sama er að segja um Skeiðaáveituna, en þar standa þó efnaðri að.

Með 83. breytingartillögunni greiði jeg atkvæði með ánægju. Jeg tel það rjett, að Gefjun fái þennan frest, og tel að með því móti verði meiri trygging fyrir því, að landssjóður fái fje sitt.

Um brtt. háttv. þm. Barð. (H. K.) vil jeg taka það fram, að jeg gæti verið með henni, ef jeg hjeldi, að það yrði til nokkurs gagns fyrir manninn, en jeg held það yrði þvert á móti. Jeg held það yrði til þess, að steypa honum í enn meiri skuldir og fara með efni hans. Þetta er hjartans sannfæring mín, og jeg tel þetta verra, en þó landssjóður tapaði nokkru á láninu. (*Hákon Kristófersson*: Það má hann sjálfum sjer um kenna). Það er rjett, en það er ekki betra fyrir það.

Framsögumaður (Magn. Pjetursson): Það hefir safnast svo mikið fyrir af alls konar ummælum til nefndarinnar, að jeg get ekki stilt mig um að svara strax nokkrum orðum.

Skal jeg þá fyrst byrja á því, sem fjárlaganefnd hefir verið til áfellis fundið.

Byrja skal þá á 14. grein. Við hana hefir þm. Seyðf. (K. F.), á þingskj. 738, flutt þá breytingartillögu, að hækka laun Lárusar Rist leikfimiskennara. Nefndin leit nú svo á, að háttv. neðri deild hefði farið svo sanngjarnlega í þetta mál, að ekki sje þörf á að fara lengra. Það eru nokkuð margir, er hafa sótt til þingsins um launabætur, og það er ekki gott að gjöra þar upp á milli. En hjer hefir allri sanngirni verið beitt, og nefndin telur eigi frekar þörf. Og svo kemur ef til vill dýrtíðaruppbótin, sem nú er á prjónunum.

Um aðrar brtt. hins háttv. þm. Seyðf. (K. F.) um kennarana, skal jeg taka það fram, að nefndin getur ekki hallast að þessu sinni. Mjer finst þeir ekki verða hart úti, samanborið við aðrar stjettir. Kennararnir fá nú styrk til framhaldskenslu og utanfarar. Læknar t. d. fá utanfararstyrk álíka háan, og jeg hygg, að kennarar þurfi ekki að lifa þar dýrara lífi en þeir. Og auk þess hafa kennararnir framhaldskenslu sína, eða námsskeiðin, og væri það líka gott, t. d. fyrir lækna, að geta rifjað upp fræði sín, og kynst nánar því, sem nýtt er, en eigi fá þeir slíka styrki. En um síðari tillöguna á þingskj. 740 skal jeg geta þess, að nefndin getur vel fallist á orðalag og efni athugasemdarinnar.

Um brtt. á þingskj. 739, styrkinn til

Samúels Eggertssonar, skal jeg taka það fram, að nefndin getur ekki fallist á hana. Jeg held að það sje einhver geigur við hana, og ekki rjett að rasa að því, að styrkja þessa uppdrætti. Það er áríðandi, að þessir uppdrættir sjeu vel gjörðir, og jeg vil vekja athygli hinnar háttv. deildar á því, að formælandi styrksins, háttv. þm. Seyðf. (K. F.), tók það margoft fram, að hjer væri að eins um *uppkast* að ræða. Og það er víst rjett, að þetta er uppkast, — sannkallað uppkast, og það kann að afsaka villur þær, sem þar eru, og jeg vil ekki fara nánar út í, af því að um uppkast er að ræða. En jeg skal taka undir það, að það væri gott og æskilegt, að fá góðan uppdrátt svona lagaðan.

Þá hefir verið haft á móti launatillögu nefndarinnar um Háskólann, og hefir ýmsum þótt nefndin fara þar ekki vel að ráði sínu, og hafa þeir tekið hina dócentana til samanburðar. Má vel vera að svo sje fyrir þá, sem eru vel kunnugir, en eftir þeim upplýsingum, er hún hefir fengið, hefir nefndin gjört það eitt, sem rjett er, hjer um. Það er sagt að dócentinn hafi mikla kenslu, en það er vert að athuga það nánar. Jeg skal til samanburðar, taka hjeraðslæknirinn í Reykjavík; hann hefir margfalt meiri kenslu við Háskólann, og þó fær hann ekki nema *800 krónur* fyrir kensluna. Og það hefir enginn af þeim hv. þm., sem bera dócent Sig. Sivertsen svo fyrir brjósti, borið fram tillögu um, að hækka þá upphæð. Hvar er þá sanngirnin, sem þeir hrópa svo mjög um?

Þá hefir mikið verið talað um þá stefnubreytingu, er kæmi fram um námsstyrkinn. Þar hefir verið talað með og móti, og hæstv. ráðherra tók þar að mestu leyti af mjer ómakið. Háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) sagði, að aðsóknin að skólanum hefði aukist fyrir velmegun landsmanna. En ef það er rjett, þá er líka ástæða til, að fella námsstyrkinn niður.

Það er fært fram sem aðalástæða með námsstyrkinum, að ef hann falli niður, þá verði það til þess, að fátækir menn geti eigi gengið þessa braut, og orðið að nýtum borgurum í þjóðfjelaginu. Mjer þykir það mjög undarlegt að heyra, að þessi gamla og úrelta skoðun skuli lifa enn þá, rjett eins og þetta sje eina leiðin til þess, að verða maður með mönnum. Jeg vil segja það, þótt námsstyrkurinn hafi hjálpað mjer til að hreppa þá stöðu er jeg hefi, að jeg tel víst, að mjer hefði getað liðið eins vel eða betur, þó jeg hefði aðra stöðu haft með höndum. Þá sagði háttv. 5. kgk. (G. B.) að fátækra manna börn væru oft efnileg, og því að eins til náms kostuð, að svo væri. Vel má vera, að svo sje oft og einatt, en þó þarf það eigi að vera. Það er oft ekkert annað en fordild — *fordild tóm*. Það þykir sumum meira í munni, að vera embættismaður en annað. En, sem betur fer, eru tímarnir að breytast um þetta. Það ættu líka margir að vera farnir að sjá, að mentabrautin er ekki *bein* leið til allsnægta. Um það bera fjárbeiðnirnar og launahækkana beiðnirnar bestan vottinn.

Jeg get tekið undir með ýmsum háttv. þm, um, að gagnfræðaskólinn á Akureyri, verði hart úti, en þar er námsstyrkurinn svo lítill, að nefndinni þótti hann ekki vera til tvískiftanna. Ef honum hefði verið skift, hefði hartnær ekkert orðið eftir, sem gagn gæti að orðið.

Háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.) vill veita 10 þúsund krónur til barnaskólabygginga. Nefndin getur ekki fallist á það, og ekkert fremur fyrir ástæður þær, er hann færði fram með máli sínu. Jeg sje ekki, að þetta þurfi að gjöra nokkurt verulegt mein. Og víst er um það, að barnaskólabyggingarnar hafa ekki alstaðar komið að tilætluðum notum, fremur en fræðslulögin öll. Jeg þekki stað, þar sem byggt var skólahús fyrir 30 börn. Sveitarbúar hjeldu,

að af þessu mundi leiða margt gott fyrir mentunina. En hvernig fór?

Síðastliðinn vetur náðist í 6 börn í skólann. I vor hjelt fræðslunefndin fund um það, hvort sveitarmenn vildu nota skólann, hve mörg börn yrðu í honum næsta vetur, og árangurinn varð sá, að þau hefðu getað orðið 2—3. Er það harla lítið, og lítil not af nýju, dýru húsi. Svona byggingar mega því sjálfsagt bíða eitthvað eða þola það, þegar þröngur fjárhagur er. Og svo ber einnig að taka tillit til þess, að efniskostnaður er meiri en venjulegt er í meðalári, og því ekki rjett að byggja aðrar byggingar en þær, er *brýn* þörf er á, eða strax renta sig vel.

Þá skal jeg minnast á brtt. við 15. gr.. og sný jeg mjer fyrst að brtt. hv. þm. Barðstr. (H. K.); þær eru töluvert margar, en ekki allar efnismiklar, enda mun nefndin geta fallist á sumar þeirra. Sem betur fer, hefir hv. þm. (H. K.) þegar tekið tvær af brtt. aftur, og þarf jeg því ekki á þær að minnast.

Við brtt. á þgskj. 748 hefir nefndin ekkert að athuga, og ekki heldur þá um *stóra stafinn* (749). En brtt. á þgskj. 747 getur nefndin ekki aðhyllst. En jeg þarf ekki margt um hana að tala, því að þegar hv. flutnm. (H. K.) var að ræða um hana, þá var hann alt af að hæla manninum, sem hún á við, og sagði um hann það, sem jeg hefði þurft að segja. (*H. K.*: Þetta er útúrsnúningur). Nefndin álítur manninn hæfan til að vinna verk það, sem honum er ætlað, og telur það þarfaverk, og leggur því til að fjárveitingin fái að standa. Og má jeg spyrja: Hældi hv. þm. ekki manninum? (*H. K.*: Jú). Jæja, þá er hann sammála nefndinni.

Þá hefir sumum háttv. deildarmönnum verið sárt um, að nefndin leggur til, að styrkurinn til Ág. Bjarnason sje feldur niður, og þykir honum með því vera meinað að koma út því, sem eftir sje af ritverki hans. Það er alls ekki meining fjárlaganefndarinnar, að vilja með þessu fyrirbyggja, að ritið komi út; en hún telur ekki svo bráðnauðsynlegt, að það sje gefið út á næsta fjárhagstímabili, þar sem svo margt kallar nú að, og mörgu nauðsynlegu verður að slá á frest.

Jeg þykist vita, að rit þau, sem hjer ræðir um, muni vera fjöllesin; en um hitt er jeg ekki viss, að svo muni fara sem háttv. 2. kgk. (Stgr. J.) spáði, að meiri hluti atkvæða mundi falla gegn nefndinni, ef málið væri borið undir þjóðaratkvæði. Það er svo margt, sem margir verða að neita sjer um nú, að jeg gæti vel trúað, að þeir vildu og neita sjer um lestur rits þessa, þangað til betur áraði.

Háttv. 2. kgk. (Stgr. J.) var hálfpartinn að fetta fingur út í styrkveitinguna til kvöldskóla Hólmfríðar Árnadóttur. Taldi hann hana óþarfa, af því að svo margir skólar væru hjer í bæ og eigi þörf á þeim fleiri. En þess er að gæta, að skóli hennar er ekki hliðstæður við aðra skóla hjer; honum er t. d. töluvert öðru vísi háttað en kvennaskólanum. Þessi skóli á að hjálpa þeim stúlkum til að afla sjer fræðslu, sem ekki geta varið öllum deginum til þess, heldur að eins tómstundum sínum, sem þær ef til vill notuðu til verri iðju annars, eða slæpingsskapar. Því er hann kvöldskóli og eins konar framhaldsskóli fyrir námfúsar konur, og því eigi minni ástæða til að styrkja hann en unglingaskólana. Verð jeg að telja það mjög þarft verk, að halda uppi slíkum skóla í fjölmenninu hjer í Reykjavík.

Þá þótti háttv. 2. kgk. (Stgr. J.) það ilt, að nefndin vildi láta falla niður styrkinn til búnaðarfjelaganna; þótti honum, að með því mundi kipt fótum undan búnaðarfjelögunum og þeim framkvæmdum, er sá fjelagsskapur hefir eflt. Nefndin hefir með þessari tillögu sinni enga ákvörðun tekið um það, að hún ætlist til að styrkurinn leggist niður til fulls; þetta er að eins ein af þeim bráðabirgða ráðstöfunum, sem

hún taldi nauðsynlegt að gjöra, og gjörlegt að gjöra, eins og nú horfir við. Jeg sje því varla nokkur líkindi til þess, að nokkur fyrirhuguð búnaðarframkvæmd byggist svo mjög á búnaðarstyrknum, að hún muni hrynja um koll, þótt hann hverfi eitt fjárhagstímabil.

Hæstv. ráðherra er ekki við, og mun jeg því að mestu sleppa því, sem hann talaði um. Sumstaðar hlóð hann lofi á nefndina fyrir gjörðir hennar, og þá sjerstaklega það, að hún hefði fylgt stjórninni í tillögum sínum, en sumstaðar vítti hann nefndina einmitt þar, sem hún *hafði fylgt skoðun sjálfrar stjórnarinnar*, t. d. um þá nafna, Helgana.

Það hefir töluvert verið talað um kolin, og sá liður sætt mótmælum. Jeg lái mönnum síst, þótt þeim þyki málið athugavert, en það skil jeg ekki, að þeim þyki það ekki þess vert, að það sje vendilega rannsakað; því að þó að svo færi, að kolin sjálf reynist ekki svo góð, að það borgaði sig að vinna þau í stórum stíl, þá gætu við rannsóknina fundist önnur verðmæt efni og arðvænleg. Svo er t. d. í Svíþjóð. Þar er á einum stað þunt kolalag, sem eigi borgar sig að vinna til að flytja burt, en undir því hefir fundist eldfastur leir, sem gefur góðan arð. Jeg hefi nýlega talað við ungan jarðfræðing, sem benti mjer á þetta, og taldi ekki ólíklegt, að hjer mundi finnast einhver slík nytsemdarefni í sambandi við kolalögin. *Þetta þarf að rannsaka til hlítar.*

Einmitt vegna tillögu vorrar í þessu máli, getum vjer ekki fallist á tillögu hv. þm. Barð. (H. K.) um lánsheimild handa einstökum manni; því að fyrst álítum við, að rannsaka þurfi málið, áður en farið er að hætta fje út til einstakra manna. Nefndin hefir ekki heldur fengið svo miklar upplýsingar, að hún geti sagt um, hvað mikil trygging sje í Sjöundárlandi og Stálfjalli og mannvirkjum þar fyrir 25 þúsund kr. láni því, sem fram á er farið að veitt sje.

Að öðru leyti er nefndinni ekkert kunnugt um það, sem hæstv. ráðh. gat um, að von væri á framkvæmdum úr annari átt í þessu máli; hann hefir, mjer vitanlega, ekki skýrt frá því, fyrr en nú, og hefðu þær upplýsingar þó helst átt að liggja fyrir fjárlaganefndinni.

Háttv. 2. kgk. (Stgr. J.) vildi fá að vita, hve miklar líkur væri fyrir því, að hægt mundi að ná í vatn í Vestmannaeyjum. Að svo stöddu mun enginn geta svarað því, rannsóknin ein getur leyst úr um það. Og hvort sem líkindin eru mikil eða lítil, þá er þörf á rannsókn. Einn maður hefir varið 700 kr. til slíkrar rannsóknar. Hann fann að vísu eigi vatn, en verkfræðingur, sem hann ráðgaðist við, kvað það eigi heldur von, því að eigi mundi nógu djúpt grafið, en maðurinn vildi eigi leggja út í meiri kostnað upp á eigin spýtur. En þótt eigi finnist vatn í jörðu, þá er nauðsyn á að finna einhvern útbúnað, er gjöri vatn eyjarskeggja forsvarsanlegt drykkjar- og matarvatn. Nú sem stendur verða þeir að nota misjafnlega hreint regnvatn, og ekki einu sinni alstaðar nægur útbúnaður til að safna því. Þetta má ekki svo búið standa. Það verður ekki varið, að þorp með um 2000 íbúa eigi framvegis við sömu vatnsvandræðin að búa, án þess landsstjórnin gjöri eitthvað til að reyna að ljetta þeim af.

Háttv. 2. kgk. (Stgr. J.) þótti það hart, að við vildum kippa burt því eina, sem Þingeyjarsýslu var til hagnaðar, sem sje Húsavíkurláninu. Það var engan veginn af því, að fjárlaganefnd væri hið minsta í nöp við Þingeyinga, heldur af því, að svo mörg hliðstæð fyrirtæki því, sem hjer ræðir um, eru nú á dagskrá, fyrirtæki, sem alveg jafnrjettmætt var að styrkja og rafveituna á Húsavík. Jeg get frætt hv. þm. (Stgr. J.) um, að ef vjer fjellumst á þessa lán-

veiting, þá megum vjer eiga von á 140,000 kr. lánbeiðni, sem erfitt er að synja um, ef þessi er veitt.

Um lánsheimildina handa Skeiðahreppi er þess að geta, að auk þess, að nefndin fær ekki sjeð, að fje muni fyrir hendi til að veita lánið, þá á nú að veita fje til að gjöra tilraunir um, hvort jökulvatnsáveitur nái tilgangi sínum, og mun hyggilegast, að bíða og sjá, hvernig þeirri tilraun reiðir af, áður en lagt er út í önnur stór áveitufyrirtæki með jökulvatni.

Jón Þorkelsson: Jeg þarf ekki að tala margt nú; sjálfur á jeg fáar brtt., og ætla mjer ekki að flangsa í annara manna tillögur ófyrirsynju.

Brtt. háttv. þm. Barð. (H. K.) um skjalasafnið mun hvorki gjöra frá nje til. Hann vill láta borga afskriftir fyrir safnið eftir reikningum. Þetta er einmit sama sem nú tíðkast. Sá sem afritar, gjörir það í safni því, er afskriftarskjölin geymir, og fær svo vottorð hjá safnverði um, hve langur tími hafi gengið til afskriftarinnar; eftir því er hún svo borguð.

Jeg gleymdi að koma með brtt. um úthlutun styrksins til skálda og listamanna; jeg hafði einsett mjer að koma burtu þessari vitlausu klausu um úthlutunarnefndina, sem háttv. Nd. smelti inn. Það er ekki smálitið hlægilegt, að skipa fyrir um nefndarkvaðning til að úthluta það, sem ekki er til.

Jeg mun vera með því, að styrkurinn sje hækkaður til Sighvats Grímssonar, og að Finnur Jónsson á Kjörseyri fái styrk þann, sem hjer er lagt til. Þessir menn eru báðir gamlir fræðimenn og góðs maklegir. Finnur hefir safnað mörgum hjeraðasögum úr þeim sveitum, sem lítið hefir verið að slíku gjört, af Ströndum og úr vestanverðu Húnavatnsþingi.

Jeg hefi lagt til að hraðritunarstyrkurinn væri hækkaður; því það hlýtur að líða að því, að hraðritarar verði ráðnir til þingsins. Þetta skjalafals getur ekki gengið til lengdar. Það liggur við að betra væri að gefa engin þingtíðindi út, en að gefa þau út jafn skökk og skæld, sem nú. Ræðurnar allar umhverfðar, frá því sem þær voru haldnar. Háttv. fjárlaganefnd vill veita Helga Tómassyni styrk til að gefa út hraðritunarkenslubók. Jeg vil gjöra meira; jeg vil líka veita styrk til hraðritunarnáms. Einn piltur hefir sótt um slíkan styrk, og veit jeg að hann er duglegur og áreiðanlegur. Aðra brtt. hefi jeg komið með, og er hún svo vaxin, að hún talar ærið fyrir sjer sjálf. Jeg legg það til, að feldur sje niður 1000 kr. styrkurinn til Stórstúkunnar. Mjer er spurn: Hvað á Stórstúkan að gjöra með þennan styrk, nú eftir að landið á að vera alveg þurt, engin lögg framar til í því? Jeg sje á nefndaráliti fjárlaganefndar í Nd. að hún hugsaði sjer að fá 2000 kr. á ári, til þess að styðja að því, að bannlögin sjeu haldin, og fyrirbyrgja að þau verði afnumin, vonandi þó með öllu heiðarlegu móti. Ekki er nú til mikils mælst. Það er hvorki meira nje minna en hún vill fá pólitímyndugleika hjer í landi, og magt til að gjöra þinginu örðugt fyrir að afnema vínbannslögin, þótt það vitkaðist svo, að það vildi fá þau af numin.

Þau afskifti, sem Stórstúkan mundi helst hafa af vínbannsmálinu, mundi verða njósnar og upplýsingarstarfsemi, alveg sama starfsemin, sem upphaflega var ætlast til að löghelguð yrði; en ákvæðið um það datt góðu heilli úr frv. við meðferð þess í Nd. 1909.

Það er ekki líklegt, að háttv. deild fari nú að samþ. þennan styrk til Stórstúkunnar, eftir að hún í dag feldi tillöguna um 5000 kr. fjárveiting til aukins tolleftirlits og lögregluefirlits vegna bannlaganna, enda væri það skrítið, ef fylgja þyrfti hverjum lögum fjárveiting, til þess að sjá um að þeim sje fram fylgt.

Jeg sje það, að enn er einurðin góð hjá Stórstúkunni, eins og fyrri daginn. Þingið

1913 ætlaðist auðsjáanlega til að upp úr þessu legðust niður allar fjarveitingar til bindindisstarfa, enda eru stúkurnar nú sem óðast að leggjast niður, sem betur fer, og hafa því ekkert með fje að gjöra; fjáraustur í þær á því ekki að eiga sje stað. Stúkuvafstrið gjörir ekki annað en tefja menn frá því, sem þarfara er, og jeg sje ekki ástæðu til að verðlauna slíkar stofnanir. Þingið 1913 veitti goodtemplurum fje að eins fyrra árið, en eigi hið síðara, og sýndi með því, að það ætlaðist til að öllum fjárveitingum til þeirra væri lokið, og hefir sjálfsagt vonað að nú væri fjárkvabb þeirra allt. En þar brást því bogalistin. Það er enn farið á stúfana og sótt um fje til uppljósturs, svo geðslegt verk sem það er.

Allir vita hvernig goodtemplarareglan eða óreglan, fór að ráði sínu 1908—1909. Henni hafði verið veittur allríflegur fjárstyrkur til eflingar bindindi. Og hvað gjörði hún með það fje? Hún sendi kögursveina sína út um alt land fyrir það, og ljet þá agitera fyrir aðflutningsbanni. Men þessu atferli tókst henni að skella vínbanninu yfir landsmenn, að þeim óvörum.

Það væri jafngott, að fram kæmi tillaga, áður en þingi lykur, um að bera málið af nýju undir þjóðaratkvæði, og sjá hvernig nú færi. Það er ekki lítið fje, sem mokað hefir verið í þessa blessaða goodtemplarareglu. Fyrst mun henni hafa verið veitt landsfje 1894, og árlega síðan fram að þessu ári. Oftast mun það hafa verið veitt með góðu geði, alt fram að 1909. En síðan hefir sú breyting á orðið, að „reglan" er hötuð og fyrirlitin af öllum, sem hafa einhvern snefil af rjettlætistilfinningu. Jeg þykist svo ekki þurfa að tala meira um þetta mál, enda mintist jeg lítillega á það fyrr í dag. En biðja mun jeg um nafnakall, þegar gengið verður til atkv. um brtt. mína. Það má ekki láta ósagt hjer á þingi, að goodtemplarreglan hefir farið óforsvaranlega að ráði sínu, og það hefði verið margfalt betra, að hún hefði öll farið á túr fyrir fjeð, sem henni var veitt 1908—1909, en að verja því eins og hún gjörði.

Þá skal jeg minnast lítið eitt á kolin. Ýmsir telja það óhyggilegt, að fje sje veitt til að rannsaka, hvort nýtileg kol megi fá á Vesturlandi eða eigi. Jeg lít svo á, að þótt engin nýtileg kol fyndust þar, þá væri eigi síður sjálfsagt að láta rannsókn fara fram, til þess að vissa fengist. Reyndar veit jeg að þar fást kol, sem nota má, hvort sem menn nú vilja nefna þau brúnkol eða gefa þeim annað nafn; þau brenna allvel og eru töluvert notuð á Vesturlandi. Hingað til hafa eigi verið tekin önnur kol en þau, sem efst liggja eða yst, en nú er það margra trú, að það muni batna eftir því sem innar dregur. Þetta þarf að rannsaka til hlítar.

Um brimbrjótinn í Bolungarvík er það að segja, að eftir því sem jeg hefi sannast spurt, mun það vera frágangssök að taka við fjárveitingunni til hans með þeim skilyrðum, sem háttv. Nd. hefir sett. Á síðasta þingi var fjárveiting til brimbrjótsins bundin því skilyrði, að hjeraðsbúar legðu fram helming móts við hana; urðu þeir að taka lán til þessa þá, og má því vænta þess, að nú geti þeir lítið lagt af mörkum.

Nú vita allir að þarna hefir verið veðistöð frá aldaöðli, en hafnaleysi einnig og hættuleg lending. Það er því nauðsynlegt að fá gjört við því. Margt fleira gæti jeg talað um, en nenni því þó ekki um sinn. Þó skal þess getið um hana Hólmfríði kenslukonu, að hún er víst mesta merkiskvendi. Jeg sje að þingið hefir veitt henni fje til náms, og er því óhætt að láta hana hafa þessa fjárveiting til kvöldskólahalds fyrir yngismeyjar.

Það hefir verið minst á styrkinn til Ágústs Bjarnasonar, að fella hann niður. Jeg tek undir með þeim, sem á móti því hafa verið. Því að mjer finst undarlegt,

að hætta í miðju kafi, áður en hann er búinn að ljúka þessum ritbálki sínum, og greiði því atkvæði móti því.

Þá er það ungur maður, Jakob Jóhannesson, sem hefir farið fram á, að fá styrk til þess að semja setningafræði eða „syntaxis“, og er það nauðsynlegt. Jeg hefi sjeð beiðni hans, og er það fallega stílað brjef. Jeg verð því honum meðmæltur.

Karl Finnbogason: Fyrst örfá orð um breytingartillöguna á þgskj. 738, um hækkun á launum Lárusar Rist. Háttv. framsögumaður færði það gegn henni, að ekki væri rjett að hækka launin *hlutfallslega*. Jeg er háttv. framsögumanni alveg samdóma um þetta. En einmitt af þeirri ástæðu ræð jeg háttv. deild til að samþykkja tillöguna. Það er sem sje stór munur á því að hækka laun manns, sem hefir 6000 kr., eða manns, sem hefir að eins 600 kr.

Ætti t. d. að hækka laun tveggja svo launaðra manna hlutfallslega, segjum tvöfalda þau, þá yrðu laun annars 12000, en hins 1200 kr. Okkur háttv. framsm. kemur víst alveg saman um, að slíkt væri ekki rjett, nema alveg sjerstakar ástæður væru fyrir hendi.

Hitt ætti okkur einnig að koma saman um, að miklu meiri ástæða er að jafnaði til að lækka lág laun en há, og að *hjer* er hún *mjög* mikil. Annars vona jeg, að háttv. deild verði á mínu máli um þetta, og skal því eigi fjölyrða það frekar. Hv. 5. kgk. (G. B.) lofaði mjög Björn Jakobsson, og mæltist til, að styrkurinn til hans yrði ekki feldur. Jeg felst algjörlega á það, sem hann sagði um þetta, og vænti jeg þess, að fleiri sjeu á sama máli. En jeg er viss um, að ef háttv. 5. kgk. þekti Lárus Rist eins vel og Björn Jakobsson, þá myndi hann mæla eins mikið með honum. Lárus hefir gjört mikið til að kenna og útbreiða líkamsæfingar, sund og knattleika á Akureyri og víðar, og hefir til þess gjört alt, sem í hans valdi hefir staðið. Hann hefir bara ekki eins gott tækifæri til þess á Akureyri og Björn Jakobsson hjer, en á fyrir það engu síður skilið þessa kjarabót, en hinn styrkinn.

Þá vildi háttv. framsögumaður ekki hækka utanfarastyrkinn til kennara, og virtist mjer hann vilja bera saman kjör lækna og kennara, en það álít jeg alls ekki heppilegt *hans* málstað. Í fyrsta lagi fyrir þá sök, að kennarar, nær allir, hafa margfalt lægri laun, en læknar. Í öðru lagi er staða þeirra miklu ótryggari, og í þriðja lagi er miklu minna til þeirra kostað af landsfje í upphafi. Þetta er því ekki sambærilegt. Einmitt fyrir þá sök, hve illa kennarar eru launaðir, þarf að styrkja þá til menningar, öðrum fremur. Þá var háttv. framsögumaður á móti því, að veita Samúel Eggertssyni 900 kr., til þess að gjöra kort af Íslandi, og færði til þess þau rök, að til væri að eins uppkast og ekki næg trygging fyrir að það myndi koma að fullum notum. Öllum er heimilt að sjá þetta uppkast; að mínu viti er það mikið gott, og kunnugir menn hafa látið fylgja því meðmæli sín. Nokkrar líkur eru því til, að verk mannsins verði að notum, ef hlaupið er undir bagga með honum að framkvæma það. Aftur eru engar líkur til þess, að verkið verði að notum, ef maðurinn fær enga bjálp. Í sambandi við þetta vil jeg benda á, að háttv. frsm. var að mæla með fjárveitingu til að leita að vatni í Vestmannaeyum.

Jeg er *honum* samdóma um það, að rjett sje þinginu að gjöra tilraun til að útvega Vestmannaeyingum heilnæmt vatn; þess mun full þörf. En þá ætti hann einnig að vera *mjer* samdóma um það, að rjett sje að stuðla að því, að kortþörf íslenskra ungmenna sje fullnægt, eins og vatnsþörf Vestmannaeyinga. Því enga frekari vissu — nema síður sje — getur hann haft fyrir því, að vatnsleitin verði að meiri notum en kortgjörðin. Hvorttveggja liggur í framtíð, og reynslan ein getur sann-

að, hver not verða að því fje, sem fram yrði lagt nú.

Hæstvirtur ráðherra talaði nokkur orð um kenslumálin og fræðsluástandið — einkum hjer í Reykjavík. Þótti mjer kenna ýmsra undarlegra grasa í ræðu hans um það efni, en sje þó ekki ástæðu til, að ræða það mál til muna hjer, á þeim grundvelli sem hann.

Mjer skildist hæstv. ráðh. álíta, að börnin gjörðu ekki annað í barnaskóla en *gleyma* því, sem þau kunnu, áður en þau komu í hann. Þetta er mjög nýstárleg kenning, og jeg hygg mjög vandfundin rök fyrir henni, enda voru þau ekki færð.

En sje það skoðun hæstv. ráðherra, að alt skólastarf á þessu sviði sje unnið fyrir gýg, þá vil jeg alvarlega benda honum á það, að þar er mikið verk og nauðsynlegt að vinna fyrir mann í hans stöðu. Og ekki ætti að efa, að hann vilji bæta eitthvað af þeim stórgöllum, sem hann sjer á fræðslufyrirkomulaginu, fyrst hann er svo heitur fyrir þeim, sem ræða hans bar vott um. Enda leyfi jeg mjer að skora á hann að gjöra það.

Jeg er nú ekki samdóma hæstv. ráðherra um það, að árangur fræðslustarfsins í landinu sje sá, er hann heldur fram. Jeg er sannfærður um, og hefi reynslu fyrir því, að allur þorri barna *lærir* í skólunum, og það ekki svo lítið.

Um hitt er jeg samdóma hæstv. ráðh., að langt sje frá því, að árangur starfsins sje eins og æskilegt væri og ætti að vera.

En úr göllunum verður ekki bætt með orðum einum, enda þótt töluð sjeu í efri deild Alþingis. Úr þeim verður aldrei bætt með því einu, að fárast um það, að alt gangi andhælis, og best sje að hætta við alt saman, hverfa til þess, sem var, eða því um líkt.

Nei, hjer þarf úrræða og starfs.

Árangur fræðslustarfsins byggist fyrst og fremst á kennurunum. En til þess að þeir geti leyst það vel af hendi, þurfa þeir að vera hæfir til þess. Til þess að þeir verði hæfir, þurfa þeir góðan undirbúning. Og spor í þá átt er jeg að reyna að fá þingið til að stíga, með því að veita utanfararstyrk, með þeim skilyrðum, sem um er að ræða.

En undirbúningurinn er ekki einhlítur. Aðstaða kennaranna þarf líka að vera sæmileg. Þeir verða að hafa nauðsynleg tæki til keuslunnar, og auk þess mat sinn refjalaust. Á þetta skortir mjög. Og meðan kennarar eru sveltir, eins og nú, og verða að nota hverja frí stund til að vinna sjer brauð, svo þeir geti lifað flækingslífi, þá er ekki von, að þeir verði stöðugir í stöðunni. Og meðan ekki skapast föst kennarastjett í landinu, sem getur fórnað öllum kröftum sínum í þarfir fræðslunnar, verður hún aldrei fullkomin. Og föst kennarastjett skapast aldrei, nema skólahjeruð stækki og kennurum fækki.

Þetta verður þjóð og stjórn að skilja og viðurkenna, ef hún vill manna börn sín, og halda áfram að vera menningarþjóð.

Eintómir palladómar um málið hrinda því aldrei áleiðis, hvar sem þeir eru fluttir og hver sem flytur þá. Það verður að rannsaka málið frá rótum, og vinna að bótum þess, er aflaga fer, með viti og striti.

Og fyrst og fremst þarf að bæta kennarana. Deildin hefir tækifæri til að stuðla að því, með því að samþykkja tillögur mínar.

Skal jeg svo láta útrætt um þetta að sinni.

Þá vil jeg minnast örfáum orðum á bóndann á Hrauntanga.

Hann býr uppi á miðri Öxarfjarðarheiði, langt frá öllum öðrum mannabygðum. Heiðin er löng og ill yfirferðar og ófær dagleið milli bæja oft á vetrum.

Bóndinn á Hrauntanga hefir haft lítilfjörlegan styrk, til að halda við bygð þarna á heiðinni, og veita ferðamönnum gisting og beina í viðlögum. Háttv. Nd. hefir

ætlað manninum 300 kr. hvort árið, en háttv. nefnd þessarar háttv. deildar vill klípa 200 kr. af þessu, og láta hann að eins fá 100 kr. á ári. Hjer virðist mjer allómannlega ráðist á lægsta garðinn, og verð jeg því að mótmæla.

Jeg hefi sannspurt það, að maðurinn er bláfátækur, og hefir því fulla þörf þessara 300 króna. Auk þess vil jeg benda á það, að bóndinn á Tvískerjum á Breiðamerkursandi hefir 300 kr. á ári í alveg sama augnamiði, og hefir hv. nefnd ekki rekið hornin í það. Sje jeg þó enga ástæðu til að gjöra mun á mönnunum.

Jeg er viss um, að *allir* hv. þingdeildarmenn, og *allir* aðrir kjósendur í þessu landi mundu greiða atkvæði á móti breytingartillögu hv. nefndar, ef þeir hefði komið hraktir úr hríð, til bóndans á Hrauntanga, og þegið þar gisting og beina. Þá hefði þeir skilið, hvers virði það er, að mæta gestrisni í óbygðum. Þá hefði þeir skilið, að 300 kr. í þessu skyni, er smáræði fyrir landið, en að gisting og beini, veitt með gestrisni og alúð, er ekkert *smáræði* — á öræfum.

Þá vil jeg minnast tveggja uppgjafapósta, sem ekki hafa fundið náð fyrir augum hv. nefndar.

Þeir heita Árni og Bjarni, og býr annar hjer í Reykjavík, en hinn á Seyðisfirði. Hv. Nd. hefir ætlað þeim 300 kr. að eftirlaunum á ári, en hv. nefnd efri deildar vill færa eftirlaunin niður í 200 kr. á ári.

Jeg sje ekki annað, en að þessi lækkun sje af handahófi gjörð. Eða hvers vegna mega mennirnir ekki hafa 300 kr., eins og 200 kr., ef þeir þarfnast þess, og landið vill, að þeir lifi? Jeg sje ekkert vit í því, að miða hæstu eftirlaun pósta við 200 kr. á ári, þótt einhver tilviljun hafi endur fyrir löngu valdið því, að einhverjum pósti var veitt sú upphæð, og síðan miðað við hana. Hitt væri vit, að miða eftirlaunahæð þessara manna við launahæð og þjónustuár, eins og annara eftirlaunaðra starfsmanna landsins. Er jeg viss um, að þá yrði eptirlaun þessara manna frekar yfir en undir 300 kr., því báðir hafa verið í þjónustu landsins yfir 20 ár, og starfað ágætlega, að dómi þeirra, er þekkja og með þeim mæla. Þyrftu þeir ekki að fá nema 15 kr. fyrir hvert þjónustuár, til að fara yfir 300 kr. Og eru það engin ósköp.

Jeg veit enn fremur, að báðir þessir menn eru bláfátækir. Annar þeirra hefir mist uppkomnar dætur sínar úr tæringu, og sonur hans hefir verið alllengi á Vífilsstöðum, og getur enn ekki unnið. Einnig á hann konu, sem er ófær til starfa, og er sjálfur aldurhniginn og mjög slitinn. Enda hefir hann verið eljumaður með afbrigðum. Hann hefir verið póstur á einhverjum allra örðugustu og verstu leiðum landsins, og illa launaður, að tiltölu við örðugleika og tilkostnað, eins og skjöl þau sýna, er fyrir liggja um mál haus.

Hinn manninn þekki jeg ekki, en hefi sannspurt, að hann hafi fulla þörf á 300 kr. eftirlaunum, ekki síst í slíkri dýrtíð, sem nú er fyrir þá, sem ekki geta unnið nje framleitt.

Benda vil jeg á það, að fáir munu kærkomnari alþýðu manna í hjeruðum, en póstarnir. Margir hafa vafalaust hlakkað til komu þessara tveggja pósta, og oft hafa þeir flutt ánægjuefni á afskekt heimili og gleðisnauð. Ef háttv. þingdeildarmenn vildu setja sig í spor þeirra, sem glaðst hafa af komu þessara manna, og þeir eru vafalaust margir, þá er jeg viss um, að þeir teldu ekki eftir þeim eftirlaunin, og greiddu atkvæði móti tillögum hv. nefndar.

Ef til vill kalla menn smámuni að eyða orðum um svo fáar krónur. En 100 kr. eru engir smámunir fyrir öreiga gamalmenni.

Ráðherra: Háttv. þm. Seyðf. (K. F.) talaði um barnafræðslu og skoraði á stjórnina

að taka það mál til íhugunar. Mjer væri það mjög ljúft, ef föng væru á, því að jeg er sjálfur óánægður með fyrirkomulagið, eins og það er. Jeg býst þó við, að okkur háttv. þm. Seyðf., greini á um leiðir. Mjer skildist á honum, að hann áliti fyrirkomulagið fremur gott, og jeg held að hann hafi ekki fundið að því, hve ung börnin fara í skóla. Jeg er ekki þeirrar skoðunar, að það sje gott. Jeg álít alls ekki, að hvert 10 ára barn eigi að fara í skóla. Jeg álít, að það geti verið blátt áfram illt verk að setja börn á þeim aldri í skóla, besta partinn úr deginum. Við höfum sett lög um dýraverndun, en það veitti ekki af að setja líka lög um barnaverndun. Hjer í Reykjavík er það algengt, að 5—6 ára gömul börn sjeu sett í skóla. Auðvitað er það ekki skólafyrirkomulaginu einu að kenna. Jeg þori að fullyrða, að slíkt er allt annað en holt, fyrir andlegan þroska þeirra. Jeg álít, að það ætti að færa skólaskyldualdurinn upp í 12—14 ára aldur, til þess að börnin geti haft fult gagn af kenslunni og starfi skólanna. Það geta þau varla, fyrr en þau eru orðin 12—14 ára. Þá kostar það miklu minni tíma og erfiði að kenna þeim, heldur en meðan þau eru yngri. Jeg býst nú reyndar varla við að þessi skoðun mín finni djúpan jarðveg hjer á þingi, enda er stutt síðan fræðslulögin voru sett.

Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um þessa 2 pósta, sem nefndin hefir lagt til að yrði lækkað við um 100 kr. Það er ekki vert að eyða tíma þingsins í umræður um það, því að tíminn, sem í það fer, kostar meira en nemur þeirri upphæð. Jeg vil þó geta þess, að eftirlaun þessara pósta væru í samræmi við eftirlaun annara pósta, ef þau yrðu lækkuð, og því rjett hjá nefndinni að gjöra það.

Framsögumaður (Magn. Pjetursson): Jeg skal tala ósköp stutt. Jeg gleymdi einu, sem háttv. 6. kgk. (J. Þ.) minti á, og það var styrkurinn til skálda og listamanna. Mjer finst hafa verið meinloka í því máli, bæði hjá hæstv. ráðherra og háttv. 6. kgk., því að þeir töluðu báðir um að úthluta því fje, sem ekki væri til. Jeg get ekki sjeð annað, heldur en að nefndin þurfi ekki að móðgast af því, að henni eru fengnar 11000 kr. til útbýtingar, og get ekki kallað þá upphæð ekki neitt, eins og hæstv. ráðherra og háttv. 6. kgk. Eða vilja þeir ekki gjöra svo vel og lesa það, sem í frv. stendur? Það er skýrt og greinilegt.

Þótt fjárlaganefnd Nd. hafi gjört tillögur um þessa upphæð í nefndaráliti sínu, þá fæ jeg ekki skilið, hvernig á að skoða álit fárra manna sem lög, eða bindandi fyrir aðra þingmenn, eða þingdeildir eða stjórnina. Hitt er annað mál, að stjórnin og hin væntanlega nefnd, fyrir hefðar sakir og kurteisi, kann að líta sömu augum á þetta og hv. fjárlaganefnd Nd.

Í upphafi þingsins, þegar kosin var fjárlaganefnd í þessari hv. deild, var ætlast til, að hún hefði samvinnu við fjárlaganefnd neðri deildar. Og bjuggust menn við miklu af þeirri samvinnu, því sagt var sem svo, að ekki gæti hjá því farið, að allir eða flestir fjellust á það, sem báðar nefndir hefðu komið sjer saman um. Nú vill svo til, að það eru hjer 3 liðir, sem báðar nefndirnar komu sjer saman um, það var um barnskólana, skáldastyrkinn og búnaðarfjelögin, og á þessa 3 liði hefir einmitt sjerstaklega verið ráðist. Þetta sýnir þó að minsta kosti, að ekki á nefndin hjer í deildinni sök á þessum hlutum. Það var svolítið, sem hæstv. ráðherra skaut til fjárlaganefndarinnar, og það var um matreiðslunámsskeið á Eyrarbakka. Jeg bjóst við, að hæstv. ráðherra kannaðist við, að slík námsskeið eru til um allt land, kostuð að eins af búnaðarsamböndunum og sveitarfjelögunum, og því næsta lítil ástæða til að styrkja þetta

námsskeið fram yfir önnur. Alt öðru máli er að gegna um matreiðsluskólana, sem standa allan veturinn.

Þessa smámuni, sem hv. þm. Seyðf. (K. F.) talaði um, borgar sig ekki að ræða um, því tíminn er dýr hjer á þingi. Nefndin lagði til, að þessar lækkanir yrðu gjörðar samræmisins vegna, en kærir sig ekki um, að gjöra það að neinu kappsmáli.

Ráðherra: Jeg vil leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd við síðustu ræðu háttv. framsögumanns (M. P.), að því er við vjek nefnd þeirri, sem ætlast er til, að fjalli um úthlutun skáldastyrksins.

Jeg fæ ekki skilið, að nein nefnd verði svo skipuð, að hún taki styrk af þeim, sem staðið hafa í fjárlögunum og fjárlaganefnd neðri deildar hefir tekið upp, svo sem Valdimar Briem, Einari Hjörleifssyni, Guðmundi Guðmundssyni, Guðmundi Magnússyni og Guðmundi Friðjónssyni. Og þó einhver nefnd væri svo vitlaus, að leggja það til, þá gæti stjórnin ekki farið eftir því. Og þegar þeir hafa fengið styrk, þá er nær allur styrkurinn búinn. Og svo koma þeir, er fjárlaganefndin hefir bent á, svo sem Kristín Jónsdóttir, Kjarval, Theodór o. fl.

Og hvað á nefndin að gjöra? Þetta er ekkert fje, sem verður til úthlutunar.

Og jeg verð að líta svo á, sem athugasemd fjárlaganefndar sje eins mikils virði og álit einhverrar nefndar. Því þó að fjárlaganefndin sje ekki listfróð, hvaða trygging er fyrir því, að nefndin verði það fremur. Jeg vík ekki frá því, að nefndin er bæði óþörf og hlægileg.

ATKVGR.:

um 14.—22. gr. (*Atkv.skrá* A. 766)

36. brtt. 687,27 samþ. með 9 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Stgr. Jónsson,
Guðm. Björnson,	Eiríkur Briem,
Guðm. Ólafsson,	Jón Þorkelsson,
Hákon Kristófersson,	Kristinn Daníelsson.
Jósef Björnsson,	
Karl Einarsson,	
Karl Finnbogason,	
Magnús Pjetursson,	
Sig. Stefánsson.	

37. brtt. 687,28 samþ. með 9 : 4 atkv.
38. — 687,29 — — 7 : 4 —
39. — 687,30 — — 8 : 4 —
40. — 738 feld — 10 : 3 — að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Jón Þorkelsson,	Eiríkur Briem,
Karl Finnbogason.	Guðm. Björnson,
	Guðm. Ólafsson,
	Hákon Kristófersson,
	Jósef Björnsson,
	Karl Einarsson,
	Kristinn Daníelsson,
	Magnús Pjetursson,
	Sig. Stefánsson.

41. brtt. 687,31 feld með 7 : 6 atkv.
42. — 687,32 samþ. — öllum —
43. — 687,33 — — 11 shlj. atkv.
44. — 687,34 — — 12 — —
45. — 687,35 — — 11 — —
46. — 687,36 — — 11 — —
47. — 687,37 — — 10 — —
48. — 687,38 tekin aftur.
49. — 754,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
50. — 754,2 feld með 8 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Guðm. Björnson,	Eiríkur Briem,
Guðm. Ólafsson,	Hákon Kristóferss.,
Karl Finnbogason,	Jón Þorkelsson,
Kristinn Daníelsson.	Jósef Björnsson,
	Karl Einarsson,
	Magnús Pjetursson,
	Sig. Stefánsson.

51. brtt. 687,39 samþ. með 10 samhlj. atkv.
52. — 688,40 — — 10: 1 atkv.
53. — 687,41 — — 11: 1 —
54. — 967,42 — — 11: 2 —
55. — 867,43 — — 12 samhlj. —
56. — 740,1 feld — 10: 2 —
57. — 740,2 — — 8: 2 —
58. — 687,44 samþ. — 7: 5 —
59. — 739 feld — 8: 4 —
60. — 687,45b samþ. — 12 —
61. — 687,46 — — 8: 1 —
62. — 687,46 — — 7: 6 —

að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Guðm. Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Hákon Kristófersson,	Guðm. Björnson,
Jósef Björnsson,	Jón Þorkelsson,
Karl Einarsson,	Karl Finnbogason,
Magnús Pjetursson,	Kristinn Daníelsson.
Sigurður Stefánsson.	

14. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.

63. brtt. 687,47 tekin aftur.
64. — 748 samþ. með 8 atkv. samhlj.
65. — 687,48 — — 9 — —
66. — 715 tekin aftur.
67. — 687,49 samþ. með 12: 1 atkv.
68. — 687,50 — — 9 samhlj. —
69. — 749 — án atkv.
70. — 687,51 — með 11 atkv. samhlj.
71. — 746 (aðaltill.) tekin aftur.
72. — 746 (varatill.) — —
73. — 687,52 samþ. með 8: 5 atkv.

að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Guðm. Björnson,	Eiríkur Briem,
Guðm. Ólafsson,	Jón Þorkelsson,
Hákon Kristófesson,	Karl Finnbogason,
Jósef Björnsson,	Kristinn Daníelsson.
Karl Einarsson,	
Magnús Pjetursson,	
Sigurður Stefánsson.	

73. brtt. 687, 53 samþ. með 8: 2 atkv.
74. — 686,54 — — 7: 4 —
75. brtt. 746 feld með 7: 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Guðmundur Ólafss.,	Steingrímur Jónsson,
Hákon Kristófersson,	Eiríkur Briem,
Jósef Björnsson,	Guðmundur Björnson,
Kristinn Daníelsson.	Jón Þorkelsson,
	Karl Einarsson,
	Magnús Pjetursson,
	Sigurður Stefánsson.

Björn Þorláksson og Karl Finnbogason greiddu ekki atkvæði og töldu sjer málið of skylt, og töldust ekki til meiri hlutans.

76. brtt. 687,55 samþ. með 9: 2 atkv.
77. — 697,56 feld með 8: 5 atkv.

að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingrímur Jónsson,
Jósef Björnsson,	Eiríkur Briem,
Karl Einarsson,	Guðmundur Björnson,
Magnús Pjetursson,	Guðmundur Ólafsson,
Sigurður Stefánsson.	Jón Þorkelsson,
	Karl Finnbogason,
	Kristinn Daníelsson.

Hákon Kristófersson greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hlutans.

78. brtt. 687,57 tekin aftur.
79. — 716 samþ. með 6: 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Eiríkur Briem,	Björn Þorláksson,
Hákon Kristóferss.,	Steingrímur Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Guðmundur Björnson,
Karl Einarsson,	Guðmundur Ólafsson,
Karl Finnbogason,	Jósef Björnsson,
Kristinn Daníelsson,	Magnús Pjetursson.
Sigurður Stefánsson.	

80. brtt. 687,58 samþ. með 13 samhljóða atkv.
81. brtt. 687,59 feld með 7: 6 atkv.

að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingrímur Jónsson,
Guðmundur Ólafss.,	Eiríkur Briem,

já:	*nei*:
Jósef Björnsson,	Guðmundur Björnson,
Karl Einarsson,	Hákon Kristófersson,
Magnús Pjetursson,	Jón Þorkelsson,
Sigurður Stefánsson,	Karl Finnbogason,
	Kristinn Daníelsson.

82. brtt. 687,60 samþ. með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Eiríkur Briem,
Steingrímur Jónsson,	Hákon Kristófersson,
Guðm. Björnson,	Jón Þorkelsson,
Guðmundur Ólafss.,	Karl Einarsson,
Jósef Björnsson,	Karl Finnbogason,
Magnús Pjetursson,	Kristinn Daníelsson.
Sigurður Stefánsson.	

83. brtt. 687,61, samþ. með 9 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Eiríkur Briem,	Björn Þorláksson,
Hákon Kristófersson,	Steingrímur Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Guðmundur Björnson,
Jósef Björnsson,	Guðmundur Ólafsson,
Karl Einarsson,	
Karl Finnbogason,	
Kristinn Daníelsson,	
Magnús Pjetursson,	
Sigurður Stefánsson.	

84. brtt. 745, feld með 10 : 1 atkv.
85. — 687,62 samþ. með 8 : 4 atkv.
86. — 687,63 — — 10 : 2 —
87. — 742 feld með 8 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Steingrímur Jónsson,	Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,	Guðmundur Björnson,
Jón Þorkelsson,	Guðmundur Ólafsson,
Magnús Pjetursson,	Hákon Kristófersson,
Sigurður Stefánsson.	Jósef Björnsson,
	Karl Einarsson,
	Karl Finnbogason,
	Kristinn Daníelsson,

15. gr. svo breytt samþ. með öllum atkvæðum.

88. brtt. 687,64 samþ. með 10 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingrímur Jónsson,
Guðm. Björnson,	Eiríkur Briem,
Hákon Kristófersson,	Guðmundur Ólafsson.
Jón Þorkelsson,	
Jósef Björnsson,	
Karl Einarsson,	
Karl Finnbogason,	
Kristinn Daníelsson,	
Magnús Pjetursson,	
Sigurður Stefánsson.	

89. brtt. 687,65 tekin aftur.

90. — 687,66 (fyrri hluti) samþ. með 11 atkv. shlj.; brtt. 687,66(síðari hluti) samþ. með 11 : 1 atkv.

91. brtt. 687,67 samþ. með 9 : 2 atkv.
92. — 717 — — 10 : 2 —
93. — 687,68 — — 8 : 5 —
94. — 718 — — 13 shlj. atkv.
95. — 687,69 — — 12 — —
96. — 687,70 — — 7 : 6 atkv.
97. — 687,71a — — 11 shlj. atkv.
98. — 687,71b — — 9 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingrímur Jónsson,
Hákon Kristóferss.,	Eiríkur Briem,
Jón Þorkelsson,	Guðmundur Björnson,
Jósef Björnsson,	Guðmundur Ólafsson.
Karl Einarsson,	
Karl Finnbogason,	
Kristinn Daníelsson,	
Magnús Pjetursson,	
Sigurður Stefánsson.	

99. brtt. 687,72 samþ. með 8 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Guðm. Björnson,
Steingrímur Jónsson,	Hákon Kristófersson,
Guðmundur Ólafss.,	Jón Þorkelsson,
Jósef Björnsson,	Karl Finnbogason,
Karl Einarsson,	Krtstinn Daníelsson,
Magnús Pjetursson.	

Eiríkur Briem og Sig. Stefánsson greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hluta.

100. brtt. 687,73 samþ. með 11 : 1 atkv.

101. — 750 samþ. með 12 shlj. atkv.
102. — 719 — — 10 : 1 —
103. — 687,74 — án atkv.
104. — 687,75 — með 13 atkv.
16. gr. svo breytt samþ. með 12 shlj. atkv.
17. gr. óbreytt samþ. í e. hlj.
105. brtt. 687,76 samþ. með 8 : 3 atkv.
106. — 687,77 — — 10 : 2 —
107. — 687,78 — án atkv.
108. — 687,79 — með 10 shlj. —
18. gr. svo breytt samþ. með 13 atkv.
109. brtt. 687,80 samþ. með öllum atkv.
19. gr. svo breytt samþ. með 13 atkv.
20. gr. breytt samkv. atkvgr. um 8.—19. gr. samþ. með 13 atkv.

110. brtt. 720 feld með 9 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Hákon Kristófersson,	Björn Þorláksson,
Jón Þorkelsson,	Steingrímur Jónsson,
Karl Einarsson,	Eiríkur Briem,
Sigurður Stefánsson.	Guðmundur Björnson,
	Guðmundur Ólafsson,
	Karl Finnbogason,
	Magnús Pjetursson.

Jósef Björnsson og Kristinn Daníelsson greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hluta.

111. brtt. 687,81 feld með 6 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorlákssson,	Steingr. Jónsson,
Guðm. Björnson,	Eiríkur Briem,
Jósef Björnsson,	Guðm. Ólafsson,
Karl Einarsson,	Hákon Kristóferss.,
Magnús Pjetursson,	Jón Þorkelsson,
Sigurður Stefánsson.	Karl Finnbogason,

Kristinn Daníelsson greiddi eigi atkv.

112. brtt. 687,82 samþ. með 9 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Guðm. Björnson,	Eiríkur Briem,
Hákon Kristóferss.,	Guðm. Ólafsson,
Jósef Björnsson,	Jón Þorkelsson,
Karl Einarsson,	
Karl Finnbogason,	
Kristinn Daníelsson,	
Magnús Pjetursson,	
Sigurður Stefánsson.	

21. gr. svo breytt samþ. með öllum atkv.
113. brtt. 687,83 samþ. með 12 shlj. —
114. — 687,84 — — 11 — —
22. gr. svo breytt — — öllum —
Fyrirsögn frumvarpsins samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 atkv.

Á 54. fundi í Ed., þriðjudaginn 7. september, var málið tekið til 3. umr.

(A. 776, 778, 781, 783, 784, 785, 786, 799, 800, 801, 802, 806, 808, 809, 810, 811).

Forseti gat þess, að allmargar brtt. væru of seint fram komnar, en að hann liti svo á, að þær væru leyfðar af deildinni, ef enginn mælti á móti. Hins vegar neitaði forseti að bera undir atkvæði brtt. á þgskj. 800 og 808 og 16. brtt. á þgskj. 783, sökum þess, að tillögur þessar vörðuðu atriði, sem áður væri búið að fella í deildinni.

Framsm. (Magnús Pjetursson): Svo sem háttv. deild er kunnugt, var tekjuhalli fjárlaganna nálægt 236,000 kr., eftir 2. umr. hjer í deildinni. Þar af voru 217 þús. kr. skilyrðisbundnar fjárveitingar. Yrði þá hinn eiginlegi tekjuhalli 18,576 kr. 92 aur.

Nefndin hefir nú enn viljað gera tilraunir til þess, að minka tekjuhallann nokkuð, og ef brtt. nefndarinnar, sem hún nú leyfir sjer að bera fram, verða samþyktar, mundi hann minka um 10—11 þús. kr.

Fyrst vil jeg geta þess, að á þgskj. 783 eru nokkrar prentvillur, og vona jeg, að leiðrjettingin á þeim, sje þegar komin í hendur háttv. þm. — Nefndin hefir komist

að þeirri niðurstöðu, að brtt. frá háttv. þm. G.-K. (K. D.), um styrk til hörundsberklasjúklings væri rjettmæt, þegar það upplýstist, að nú væru 2 sjúklingar, sem styrksins þyrftu að njóta. Nefndin álítur sjálfsagt að hlaupa undir bagga í slíkum tilfellum, þegar menn geta ekki fengið bót meina sinna hjer á landi, og ætti það að verða föst regla framvegis um þessa sjúklinga, úr því landið hefir ekki efni á, að setja hjer upp ljóslækningastofu, sem ekki getur komið til mála. — Þá er brtt. við 13. gr. B. VII. Nefndin vill, að Austur-Hjeraðsvötn komi í staðinn fyrir Austurós Hjeraðsvatnaós, því að brúin er ekki á ósnum. Þá vill og nefndin sleppa orðunum „alt að", því þau gætu skilist svo, sem engin umframgreiðsla mætti eiga sjer stað, en það er ekki meiningin. Tillag sýslusjóðs er fast ákveðið, hvað sem brúin kostar. Þessi brtt. er gjörð eftir bendingu og tilmælum landsverkfræðings Jóns Þorlákssonar. — Þá er brtt. um að hækka styrkinn til Faxaflóabátsins úr 10 þús. í 12 þús. kr. Strandferðanefndin hefir mælst til þessarar hækkunar, og hefir háttv. þm. Skagf. (J. B.) óskað eftir að fá að gera grein fyrir, hvernig á því stendur, og mun jeg því eftirláta honum það.

Þá er næsta brtt. um skilyrðið við fjárveitinguna til Breiðafjarðarbátanna, sem jeg tók fram hjer við síðustu umræðu, að nefndin mundi koma með. En nefndin vill láta þess getið, að þó þar standi að Eimskipafjel. Íslands fari 2 ferðir á þessa staði, felst auðvitað engin skuldbinding í aths. fyrir Eimskipafjel.; það hagar sjer eftir öðrum ástæðum jafnframt. Að eins þetta, að það sje ekki *skuldbundið* til að fara fleiri ferðir.

Þá kemur að 13. gr. E.

Eins og menn muna frá 2. umr., þá var það tilætlan okkar, eftir tilmælum hæstv. ráðherra, að sundurliða ekki laun vitaumsjónarmannsins. Nefndin gjörði till. um, að færa þau saman, eins og var í síðustu fjárlögum, og í tilefni af því, vildi jeg skjóta því til hæstv. forseta, að bera upp brtt. 6 á undan brtt. 5. Jeg vil um leið geta þess, að í 6. brtt. hafði slæðst inn prentvilla, sem sje E. 1. b. í stað E. 1. a. 2, sem jeg vona að hafi þegar verið leiðrjett.

Þá er 14. gr. B. II. d. 5. Rector mentaskólans sendi fjárlaganefndinni erindi í tilefni af því, hve aðsókn hefði aukist mikið að skólanum, og það svo mjög, að nú væru bekkir orðnir 9, en ekkert útlit fyrir að þeir yrðu færri á næstu árum. Þetta gæti ekki gengið svo, nema meira fje væri veitt til skólans, þar eð bæði vantaði fje til þess, að borga með tímakennurum og prófdómurum. Nefndinni fanst óhjákvæmilegt að verða við þessari beiðni, og leggur því til, að hækkað sje við skólannum 500 kr., eins og rector fer fram á.

Næst er brtt. við 14. gr. B. III. Fyrsta upphæðin er að eins breyting, sem leiðir af hinni á undan. En næsta brtt. er viðvíkjandi námsstyrknum við Akureyrarskólann. Fanst nefndinni rjett, að hafa þar 600 kr. síðara árið í stað 800 kr., og láta hann þannig lækka hlutfallslega eins og við Mentaskólann. Verður þá alveg samræmi milli beggja skólanna.

Þá er sjerstök brtt. frá nefndinni á sjerstöku þgskj. 799, við 15. gr. 1. b, um laun fyrsta bókavarðar Landsbókasafns. Stendur svo á henni, að mikil líkindi eru til, að þar verði bráðlega mannaskifti, og gjört ráð fyrir, að hæfur maður taki þá við því. En ranglátt er að hann hafi þá ekki sömu laun og fyrirrennari hans, með því sjálfsagt má telja, að hann vinni sama verk og núverandi bókavörður, og leggur því nefndin til, að það af launum hins núverandi bókavarðar, sem er persónuleg launaviðbót falli burt, en laun hans aftur hækkuð sem því svarar; þetta hefir því engin aukin útgjöld í för með sjer.

Þá er 10. brtt. á þgskj. 783 við 16. gr. 2. b., um að liðurinn falli burt. Þó nefnd-

in kæmi ekki með brtt. þessa við 2. umr., þá var hún þó ekki viss um nema hættulaust væri að leggja út í þetta fyrirtæki, en treysti hins vegar fyllilega landsverkfræðingnum. Við 2. umr. var jafnframt getið um, að lánið til Skeiðaáveitunnar fjelli burtu, af þeirri ástæðu meðal annars, að ekki væri rjett, að hafa tvö slík fyrirtæki undir í einu. Nú hefir nefndin við frekari athugun komist á þá skoðun, að láta heldur Skeiðaáveituna ganga fyrir, og hæstv. ráðherra er á sömu skoðun, en láta þá Miklavatnsáveituna bíða. Nefndin í hv. Nd. hefir einnig verið með nokkurn beig gagnvart fjárveitingunni til Miklavatnsáveitunnar, og mun því varla taka sjer nærri þó hún falli burt..

Þá kemur næsta brtt við sömu gr. 3., sem fer fram á að lækka tillag til sandgræðslu. Mest er það gjört af sparnaðarhugsun, en í og með vegna brjefs, er lá fyrir frá skógræktarstjóranum, þar sem draga mátti af, að fjeð kæmi ef til vill ekki að tilætluðum notum, og heldur farist óhönduglega framkvæmdir sumstaðar. Þetta má ekki skilja svo, að nefndin áliti ekki sandgræðsluna nauðsynlega, heldur er það af því, að hún er hrædd um að hjer sje ekki alt með feldu, fjeð ekki eins vel notað sem skildi, sem líka brjef skógræktarstjórans sjálfs ber með sjer.

Viðvíkjandi 16. gr. 7. b., þá hafði nefndinni dottið í hug, að strika út styrk til gerlaransókna, en vegna eindreginna meðmæla Búnaðarfjelagsins og landlæknis, ákvað hún að láta standa við það, sem komið var, en af því henni er kunnugt um, að gerlafræðingurinn hefir fleiri störf með höndum, svo sem rekstur gosdrykkjaverksmiðju o. fl., fanst henni ekki ástæðu til, að hafa laun hans hærri en 1200 kr. á ári. Má það teljast sæmilegt fyrir vinnu þá, sem hjer getur verið um að ræða. 1500 kr. er alt of hátt.

Þá er næst brtt. við sömu gr. 19. a. Sigurgeir Einarsson ullarfræðingur átti tal við nefndina, og skýrði henni frá, að ef fjárveitingin væri að eins til annars ársins, þá næði hún alls ekki tilgangi sínum, þeim tilgangi, að kenna ullarmatsmönnum, og koma lögunum í framkvæmd. Hann þyrfti að ferðast bæði árin. Og loks sagði hann það, að væri fjeð að eins veitt til eins árs, þá væri hann ófáanlegur til að taka starfann að sjer. Þetta reið baggamuninn hjá nefndinni, og því komum við með þessa brtt.

Kem jeg næst að brtt. við 16. gr. 26. Eins og háttv. deild man, var ákveðið að lækka styrk til bóndans á Hrauntanga, úr 300 kr. ofan í 100 kr., en síðan hefir nefndin leitað sjer upplýsinga og komist að raun um, að rjettast muni vera, að láta sitja við sama og var í síðustu fjárlögum. Að vísu var í síðustu fjárlögum 300 kr. fyrra árið, en 100 kr. síðara árið, en það var að eins gjört bóndanum til hægðarauka, að færa hálfan síðara árs styrkinn fram á fyrra árið, því hann þurfti að byggja, en ekkert tekið fram um, að framvegis ættu 100 kr. að nægja. Nefndin leggur því til, að sama upphæð sje veitt og á síðasta fjárhagstímabili, að eins jafnt bæði árin.

Þá er síðasta brtt. á þgskj. 783, og þarf ekki að fjölyrða um hana, en af því hún er sama efnis og till., sem áður hefir komið fram, skýt jeg því til hv. forseta, hvort það gangi of nærri þingsköpum, að bera hana upp. (*Forseti*: Jeg álít að tillagan komist ekki að). Auðvitað leggur nefndin ekkert kapp á að koma henni fram, ef svo er, því það er vitanlegt, að hún mun orðalaust komast fram í Nd.

Jeg mun tala um brtt. hv. þm., þegar flutningsmennirnir hafa fært rök fyrir þeim.

Sigurður Stefánsson: Jeg á dálitla viðaukatill. á þgskj. 785, sem fer í þá átt, að stjórnin láni Ísafjarðarkaupstað 60 þús. kr. til raflýsingar. Jeg tek það fram, að jeg var helst á að strika ætti út,

að þessu sinni, allar lánsheimildir, með því að lítil líkindi eru til, að stjórnin geti notað þær allar. En eins og mönnum er kunnugt, var felt að fella niður lán til rafveitu á Húsavík, og jeg hafði tekið það fram í nefndinni, að kæmist nokkur slík lánsheimild í fjárlög, þá yrði jeg að koma fram með þessa tillögu mína. Á Ísafirði er engu minni þörf raflýsingar en t. d. á Húsavík, og jeg skil tæpast, að þingið velji neinn einn eða einstakan stað til þess að ganga á undan, heldur taki öllum slíkum beiðnum jafnt. Vona jeg að úr því að háttv. deild ljet Húsavík standa, þá geti hún greitt atkv. með viða.till., einkum vegna þess, að þetta kemst varla nema á pappírinn.

Þarf jeg svo ekki að fjölyrða um þetta, en vona að mönnum hafi skilist hvernig málinu er farið, og sýni Ísafirði sömu samgirni og Húsavík.

Guðmundur Ólafsson: Jeg á eina litla brtt. á þgskj. 781, sem fer fram á að veitt sje til brúar yfir Hamarsá á Vatnsnesi. Beiðni þessi var feld í Nd. með litlum atkvæðamun. Á þessi er að vísu ekki stórt vatnsfall, en er oft hvymleið. Alt frá upptökum sínum fellur hún niður brattan dal í kletta gili, og þegar því sleppir taka við eyrar, og þegar vöxtur hleypur í ána, er hún þar svo ströng og stórgrýtt, að hún má heita með öllu ófær. Verður þá oft að fara á bát fyrir framan ármynnið, og eins og gefur að skilja, veldur það allmiklum óþægindum. Yfir ána er fjölfarið, bæði í kaupstað og eins þegar læknis er leitað; verður þá stundum að fara upp á fjall, og eru það slæmar tafir. Mætti fleira tína til, t. d. að í fyrrahaust varð ekki komist með fje úr rjettum norður yfir ána.

Stundum verður að fara upp á fjall og stundum niður að sjó, til þess að komyfir. Jeg er ekki vel kunnugur þarna, en fer eftir lýsingu annara; en annars finst mjer háttv. deild geti lagt talsvert upp úr því, að búið er að safna þegar í hreppnum 900 kr., og sýslusjóður Vestur-Húnvetninga mun leggja fram um 1700 kr., en búist er við að brúin muni kosta 4500—5000 kr. Fyrir nokkrum árum var gjörð teikning og áætlun um timburbrú og átti hún að kosta 5700 kr., en landsverkfræðingurinn ráðlagði að byggja heldur steinsteypubrú, þó hún yrði nokkuð dýrari.

Jeg þykist hafa gjört grein fyrir, að mjög er fjölfarið yfir ána, þó þetta sje einungis hreppsvegur, því eins og mönnum er kunnugt, þá er næsta lítið upp úr því leggjandi hvort vegir eru nefndir sýsluvegir eða hreppavegir; hreppavegir oft og tíðum eins mikilsvarðandi.

Jeg vona því, að háttv. deild taki þessu vel, sjerstaklega er hún sjer áhuga manna norður þar, og hvað þeir vilja á sig leggja.

Jósef Björnsson: Eins og háttv. framsögumaður tók fram, þá vil jeg fyrir hönd strandferðanefndar fara þess á leit, að hækkaður verði styrkurinn til Faxaflóabátsins. Eins og kunnugt er, hafði hann á síðasta fjárhagstímabili 14,500 kr. hvort árið, svo styrkurinn, sem hjer er farið fram á, verður því 1,500 kr. lægri, þótt brtt. um 12,000 kr. ná fram að ganga. — Þegar strandferðanefndirnar voru að fjalla um þetta mál, þá lágu fyrir þeim reikningar fjelagsins, og var það ljóst, að báturinn hafði borið sig, og líkindi voru fyrir því, að hann gæti borið sig, þó hann fengi ekki nema 10,000 kr. styrk. Þess vegna lagði nefndin til að fjelagið fengi ekki nema 10,000 kr. styrk á ári. En eftir að nefndin hafði gefið út þetta álit sitt, þá kom það í ljós að fjelagið var ófáanlegt til þess að halda uppi ferðum alt árið, ef ekki yrði hærri styrkurinn. Nefndin leit svo á, sem ekki mætti eiga sjer stað, að ferðirnar fjelli niður, sökum þess mikla póstflutnings, sem báturinn flytur. Nefndin leitaði sjer upplýsinga um það, hversu mikið þessi póst-

flutningur næmi, og kom það í ljós, að það var hátt á 7. þúsund kr. árlega. Þegar þetta var tekið til athugunar, að bátsferðirnar gefa óbeinlínis af sjer meira en helminginn af því, sem styrkurinn nemur, þá þótti nefndinni ekki ósanngjarnt að fjelagið fengi 12,000 kr. árlega.

En í sambandi við þetta vil jeg geta þess, af því að jeg er nú staðinn upp, að strándferðanefndin var einróma á því máli, að nauðsyn bæri til að reyna að haga ferðum bátsins þannig, að hann fært ekki margar óþarfa ferðir, færi ekki á þá staði, þar sem hvorki væri farmur nje fólk að flytja. Það kom í ljós þegar yfir farnir voru reikningar fjelagsins, að bæði Faxaflóabáturinn og „Ásdís“ höfðu farið margar slíkar ferðir, án þess að fá nokkuð í aðra hönd. Jeg vil t. d. benda á ferðir Ásdísar milli Reykjavíkur og Stokkseyrar. Þær ferðir hafa allar gefið af sjer yfir árð 18,23 kr. í farmgjald. Slíkar ferðir eru algjört óvit, og verður að gjalda, varhuga við þeim, þegar ferðaáætlanirnar eru samdar, þar sem þær eru algjörlega óþarfar. Þegar búið er að strika út þessar ferðir, er fyrst hægt að búast við, að báturinn beri sig verulega, og þá verður minni ástæða til að láta af hendi mikið fjárframlag.

Í sambandi við þetta mál vil jeg enn fremur benda á það, að á þessum strandferðabátum er mjög lítið af björgunartækjum. Þetta er mjög báskalegt, því eins og kunnugt er, eru bátarnir oft yfir fullir af fólki, og er þá naumast forsvaranlegt, að ekki skuli vera nægileg björgunartæki, ef slys bæri að höndum. Mjer finst fylsta ástæða vera til þess, að landsstjórn og hjeraðsstjórn hafi fullar gætur á þessu og blutist til um að úr þessu verði bætt. Loks virðist ástæða vera til þess fyrir stjórnina, að hlutast til um að bátarnir sjeu ekki yfir fyltir, sem oft verður raunin á. Erlendis er það alstaðar siður, að sett sjeu takmörk fyrir því hversu margt manna, skip megi flytja, en hjer virðast engin takmörk vera fyrir því, og er það alveg óforsvaranlegt, þegar þess er gætt hvað björgunartæki eru öll í ólagi.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en vona að deildin sjái sjer fært að veita þessar 12000 kr., sjerstaklega af þeirri ástæðu hvað fjelagið flytur mikinn póst og að fastar ferðir falla algjörlega niður, ef fjelaginu er neitað um þetta.

Forseti: Áður en umræðum er haldið lengra áfram vil jeg geta þess, að jeg get ekki borið undir atkvæði brtt. á þgskj. 808, því samkv. 30. gr. þingskapanna er ekki hægt að bera upp till. um sama atriði, sem felt hefir verið í sömu deild. Tölurnar í þessari brtt. eru að vísu ekki þær sömu og í brtt., sem feld var, en hún er um sama efni.

Karl Einarsson: Jeg ætlaði að eins að mæla nokkrum orðum með brtt. á þgskj. 811, sem jeg vona að háttv. þingdeildarmenn taki til alvarlegrar íhugunar. Maður þessi, sem hjer ræðir um, er Íslendingum að góðu kunnur, og hefir sýnt landi voru og tungu sjerlega mikla velvild að fornu og nýju. Hann er allra erlendra manna kunnugastur Íslandi og hefir sjerstaklega lagt stund á að kynna sjer verslunarviðskifti vor, og hefir gefið út bók um verslunarviðskifti Íslands og Svíþjóðar. Enn fremur er það alkunnugt, að hann hefir um mörg ár veitt íslenskum kaupmönnum upplýsingar um sænsk verzlunarsambönd og viðskifti. Fleira ætla jeg ekki um þetta að segja, en vona að deildin taki tillögunni vel og samþykki hana.

Hákon Kristófersson: Jeg á nokkrar brtt., sem jeg vildi minnast á. Brtt. 809 er um það eitt, að kolarannsóknarfjenu skuli varið til rannsókna á Vesturlandi, í stað þess, sem ákveðið er í frv. „á Íslandi“. Það er einróma álit manna að mest muni vera um kol á Vesturlandi, og

er því sjálfsagt að byrja rannsóknir þar, og er trygging fengin fyrir því, að svo verði gert, ef tillaga mín verður samþykt. Af þessari orsök hefi jeg leyft mjer að koma fram með hana. Annars hefi jeg litla ástæðu til þess að vera mjög hrifinn af þessari fjárveitingu, eftir nýjustu upplýsingum að dæma, sem jeg hefi fengið um það mál.

Brtt. 806 fer í þá átt að heimild veitist til þess, að lána Suðurfjarðarhreppi 15,000 kr. úr viðlagasjóði, til þess að raflýsa Bíldudalskauptún, gegn ábyrgð Vestur-Barðastrandarsýslu. Mjer hefir verið falið að fara þess á leit, en þetta fjell úr minni minu við 2. umr. fjárlaganna, og taldi jeg enda vafasamt að fram mundi ganga. En þar sem samþykt var við 2. umr. að veita Húsavík lán til raflýsingar, þá treysti jeg svo rjettlæti háttv. deildar, að láta einnig þetta ná fram að ganga. Jeg hefi ekki í höndum nákvæma áætlun um fyrirtækið, en get þess, að rafmagnsfræðingur Halldór Jónsson hefir þegar samið áætlun um það, og hefir ekkert verið til fyrirstöðu að verkið væri hafið, annað en það, að fje hefir vantað. Jeg ætla ekki fleiri orðum um þetta að eyða, en eins og jeg hefi sagt, treysti jeg svo á rjettlæti og sanngirni hv. deildar, að hún samþykki brtt.

Um brtt. á þgskj. 808 ætla jeg ekki að tala. Hæstv. forseti hefir neitað að bera hana undir atkv., og þó jeg sje honum ósamþykkur í því atriði og verði að halda því fast fram, að sú aðferð forseta sje gagnstæð þeirri venju, er fylgt hefir verið í þinginu, þá hlýt jeg að beygja mig undir úrskurð hans.

Eiríkur Briem: Jeg á eina brtt. á þgskj. 702 við 13. gr. A. 3. a., um skrifstofukostnað póstmeistara, og legg til að veittar verði 7,000 kr. sem kaup 6—7 starfsmanna við pósthúsið, og alt að 3,500 kr. sem skrifstofukostnað póstmeistara. Jeg fer alls ekki fram á að auka á neinn hátt kostnað landssjóðs, því þetta er sú minsta upphæð, sem hægt er að komist verði af með. Þegar það fje er búið, sem tilfært er í frumvarpinu, þá getur þó eigi verið um að tala, að stjórnin fari að fækka starfsmönnum á pósthúsinu, því slíkt væri hið mesta glapræði og fásinna. Starfið eykst með ári hverju, og alt af þarf að auka starfskraftana, en ekki minka þá. Árið 1914 var samanlögð upphæð skrifstofukostnaðar og óvissra útgjalda 18,000 kr., en í fjárlögunum voru einungis veittar 16,000 kr. Svona fór þrátt fyrir það, að búið var að kaupa öll kol áður en þau stigu í verði. Og nú má vita að útgjöldin verði ekki lægri árin 1916 og 1917 en þau hafa verið 1914. Hjer er því ekki um aukin útgjöld að tala, heldur hefst það eitt upp úr því, að áætla kostnaðinn svona lágan í fjálögunum, að fjárhagur landsins lítur betur út en hann er í raun og veru, og fæ jeg ekki sjeð hvað á því græðist. Það eitt hefst upp úr því, að menn gjöra sjer þær hugmyndir um fjárhaginn, sem engan stað eiga sjer, því eins og jeg hefi tekið fram, þá er þetta sá minsti kostnaður, sem hugsanlegt er, að komist verði af með, og er þó starfsmönnum goldið mjög lítið fyrir starf sitt. Jeg vil nefna t. d. einn mann, sem útskrifaður er af Verzlunarskólanum og hefir starfað við pósthúsið í 9 ár og hefir einar 900 kr. í kaup.

Jón Þorkelsson: Jeg hefi leyft mjer að koma með nokkrar brtt. við fjárlagafrumvarpið, og skal jeg gera lítilsháttar grein fyrir þeim.

Á þgskj. 786 á jeg brtt. þess efnis, að veitt verði fje til kenslu í líffærameinfræði og sóttkveikjufræði við Háskólann. Í háttv. neðri deild var flutt frumvarp um stofnun embættis í þessu skyni, en það náði ekki fram að ganga, og var það þó fram komið að undirlagi helstu manna hjer í landi í þessum fræðum, og hafði meðmæli há-

skólaráðsins. Mátti því segja að allir menn, sem vit höfðu á málinu, voru þessu fylgjandi, og töldu þetta nauðsynjamál fyrir landsmenn, en háttv. neðri deild hefir samt sem áður ekki tekið það til greina. Í brjefi, sem Alþingi hefir borist frá háskólaráðinu, þar sem þessa er farið á leit, er þess jafnframt getið, að bráðlega sje völ á manni, sem muni verða mjög fær um að taka að sjer þetta starf. Ýmsir hafa haldið því fram, að lítil þörf mundi vera á slíku embætti, sökum þess að fje sje veitt til gerlarannsókna í efnarannsóknarstofu landsins. Og er það að vísu satt, að þar er maður sem fæst við slíkt starf, og hlýtur misjafna dóma, þeirra manna er vit hafa á; en um það eru allir samdóma, sem nokkuð þekkja til, að sá maður sje með öllu gagnslaus til þess starfa, er þessum háskólakennara er ætlaður. Og verður því ekki neitað að undarleg ráðsmenska er það, að fleygja fje í þá menn, er á íslensku eru nefndir fúskarar, en hafna hálærðum mönnum, sem segja má um, að sitji inni með lykil viskunnar í þessum fræðum.

Aðra brtt. á jeg, um aukinn styrk til alþýðufræðslu Stúdentafjelagsins. Stúdentafjelagið í Reykjavík hefir um nokkur ár haft dálítinn styrk, til þess að halda uppi fyrirlestrum fyrir alþýðu manna hjer í Reykjavík og í næstu sýslum, sem til verður náð. En nú hefir Stúdentafjelagið á Akureyri farið þess á leit við Reykjavíkurfjelagið, að það fengi einhvern hluta styrksins, til þess að halda uppi fyrirlestrum norðan lands. Þetta hefir fjelagið ekki sjeð sjer fært, þar eð styrkurinn er svo lítill, og alls ekki til skiftanna, en kannast hins vegar við, að mikil þörf væri á að gjöra Akureyrarfjelaginu einhverja úrlausn, þar sem það á svo hægt með að ná til margra sveita, sem ómögulegt er hjeðan úr Reykjavík.

Þessi alþýðufræðsla er nú orðin eithvað 20 ára gömul, og átti háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) góðan þátt í því að koma þessu á fót, eftir því sem jeg veit best til. Jeg kyntist ekki þessu starfi fyr en 1910, en síðan hefi jeg verið nokkuð við það riðinn, ásamt mörgum góðum mönnum, svo sem dr. Guðm. Finnbogasyni o. fl.

Síðan árið 1910 hafa verið alls haldnir 210 fyrirlestrar, og nákvæmlega helmingur þeirra utan Reykjavíkur. Jeg hirði ekki um að telja upp staði þá, hvar fyrirlestrarnir hafa verið haldnir. Hygg það sje ekki það höfuðatriði. En við höfum getað náð til allra fjórðunga landsins. Það er að þakka aðstoð Guðmundar Hjaltasonar, er ferðast víða um land og ferðast ódýrt. Fleiri fyrirlestrar hefðu verið haldnir utan Reykjavíkur, hefði það verið fært, kostnaðarins vegna. Þykist jeg ekki þurfa hjer um að hafa fleiri orð, jeg tel víst, að allir skilji, að hjer er um þarft og nytsamt mál að ræða.

Jeg á hjer lítilfjörlega breytingartillögu við 15. grein 47, um styrk til goodtemplara. Það á ekki að hagga við honum, en jeg vil að hann sje bundinn skilyrðum. Þetta er sjerstaklega gjört vegna þess, að Stórstúka goodtemplara hefir gjörst nokkuð djörf til orða og verka. Það er svo að sjá, sem hún vilji, að henni sje veitt fje til lögreglueftirlits, en til þess standa engin lög, að Stórstúkan geti farið með lögregluefirlit; til þess þarf lög, ella yrði það lagalaust. Þetta vita allir, sem komnir eru til vits og ára, nema ef vera skyldi goodtemplarar. Aðrir en lögreglustjórar landsins mega ekki með það vald fara. Því hefi jeg borið fram svohljóðandi skilyrði, sem styrkurinn yrði bundinn „að goodtemplarareglan láti á allan hátt afskiftalaust um gæslu, framkvæmd, viðhald eða afnám áfengisbannlaganna“. Og jeg gjöri það með góðri samvisku. Það er vitamál, að goodtemplurum kemur þetta ekki við, fremur en mjer eða öðrum, eða með öðrum orðum, að templara varðar ekkert um það.

Hitt skilyrðið er um að styrkja þann

mann, er vann allra manna best og mest í þarfir Reglunnar, meðan hún fór rjett með starf sitt. Það skilyrði er um, að Sigurður dannebrogsmaður Eiríksson njóti helmings styrksins. Þessi sómamaður hornaði landið og mælti með bindindi og reglusemi, og jeg hygg að hann hafi oft „illustrerað“ ræðu sína með lifandi og dásamlegum dæmum. Hann hefir að vísu ekki sótt um styrk til þingsins, og hefir nú lítilfjörlegan styrk í 18. gr. fjárlaganna, en jeg hygg það þurfi eigi að verða þessu að grandi. En hann er bilaður að heilsu og fjelítill, og jeg tel, að templurum væri ekkert kærara, en að honum mætti vegna vel í elli sinni. Vona jeg því, að allir þeir, sem hafa unnað bindindi og reglusemi, verði með þessu. En hvort hinir, sem bannlög hafa sett, verða það, veit jeg ekki. *(Björn Þorláksson:* Eins og 6. kgk. þm.?) Það er ekki ábyggilegt, að það sje rjett bókað. Hygg jeg, að flestum muni þykja þetta eðlilegt, einkum nú, er jeg hefi frjett, að það sje ekki meiningin, að nota styrkinn til æsandi bann-agitationa, heldur til þess að borga þungar skuldbindingar, sem templarar hafa tekist á hendur, er þeir störfuðu rjett. Má ske hafa þeir tekið að sjer skuldbindingar þessar í vitleysu, eins og hent hefir ýmsa góða menn, en síðan jeg frá það, er jeg ekki eins á móti styrknum og áður var, meðan jeg kunni minni skil þar á.

En jeg vil vera laus við alt flangur frá goodtemplurum, og ef þessir herrar halda áfram að vera of nærgöngulir, þá vil jeg vekja athygli þeirra á því, að betra er fyrir þá að gæta lífs og lima.

Karl Finnbogason: Jeg átti tvær brtt. við fjárlögin nú, en annari þeirra hefir verið vísað frá.

Jeg vil leyfa mjer að láta álit mitt í ljós um frávísunina.

Hjer er um tvö málsatriði að ræða. Svo verð jeg að líta á það.

Annað atriðið er það, hvort veita skuli utanfararstyrk handa barnakennurum. Það atriði er samþykt í báðum deildum. Hitt atriðið er, hversu hár styrkurinn skuli vera. Um það *atriði* er ágreiningur.

Við aðra umræðu hjer í háttv. deild var felt að styrkurinn skyldi vera 2000 krónur, en nú er farið fram á 1800 krónur. Hjer er um annað atriði að ræða, því 2000 kr. er annað en 1800 kr. — *annað atriði.*

Þó 1000 krónur hafi verið samþyktar, en 2000 kr. feldar, þá er hæð styrksins ekki þar með óbreytilega ákveðin. Mátti því vel bera fram breytingartillögu við upphæðina, því aðalatriðið stendur, þó aukaatriðið — upphæð styrksins — 2000 kr., hafi fallið. Enda mun það hafa tíðkast hingað til, að bornar hafa verið upp breytingartillögur við fjárhæðir, hvað eftir annað, þótt einstakar tölur hafi fallið.

Verð jeg því að álíta, að hæstv. forseti hafi vikið hjer frá vanalegri og rjettmætri reglu.

Jeg ætla mjer ekki að deila um þetta við dómarann, en mjer þykir það illa farið, einkum þar sem jeg tel, að nú liggi fyrir óræk sönnun fyrir því, að spara megi fjárupphæð þessa og meira til á öðrum lið, prófdómendum við barnaprófin.

Hin tillagan er um að veita til heimilisiðnaðar 1500 krónur, sem skiftist svo, að Heimilisiðnaðarfjelag Íslands fái $^2/_3$ hluta, eða 1000 krónur, og fjelagið á Akureyri þriðjung eða 500 krónur. *(Forseti:* Jeg vil benda á, að það heitir „Heimilisiðnaðarfjelag Norðurlands“). Það stendur „Akureyrar“ í fjárlögunum, og mjer var ekki annað kunnugt, en ef til vill má skoða það sem prentvillu, *(Forseti*: Já), og hefi jeg ekki á móti því. Heimilisiðnaðarfjelag Íslands hefir haft 500 kr. styrk, og hefir honum aðallega verið varið til þess, að kosta námsskeið handa fullorðnum mönnum, þar sem þeim hefir verið kend trjesmíði, burstagerð, bókband o. fl. Til-

gangurinn með þessum námsskeiðum hefir verið sá, að gjöra unglinga og fullorðna hæfa til þess, að kenna börnum heimilisiðnað. Aðsóknin að námsskeiðunum hefir farið vaxandi, og nemendur sótt þau úr ýmsum áttum, svo það sýnist vera áhugi fyrir málinu. Og það er enginn vafi á því, að þetta verður að gagni, og það ekki litlu, með tímanum.

Nú hefir Heimilisiðnaðarfjelag Íslands í hyggju að setja á fót vinnustofu fyrir börn, þar sem kenna á fátækum börnum ókeypis heimilisiðnað, og eins, ef efni og ástæður leyfa, öðrum börnum, gegn litlu gjaldi. Fjelagið hefir undirbúið málið í von um, að það fengi styrkinn hækkaðann. Vinnustofan er undirbúin og húsið er til. Og ef fjelagið fær þennan styrk, þá á það von á að fá styrk í viðbót frá bæjarsjóði Reykjavíkur og frá fjelagi í Svíþjóð.

Það er því mikils vert fyrir fjelagið, að það fái meiri styrk, en ráðgjört er í fjárlögunum. Það er svo fyrir mælt, að heimilisiðnaðarfjelag Akureyrar, eða rjettara Norðurlands, fái hluta af þeim 1000 kr., sem veittar eru til heimilisiðnaðar, og skal hluti sá, vera að tiltölu við framlög. Það er því enginn vafi á því, að heimilisiðnaðarfjelag Norðurlands fær töluverðan hluta af upphæðinni, en þá verður styrkur sá, sem Heimilisiðnaðarfjelag Íslands fær, svo lágur, að það getur ekki sett á fót vinnustofuna, því það sjer sjer það ekki fært, nema styrkur þessi nái 1000 krónum.

Heimilisiðnaðarfjelag Norðurlands er nýstofnað, var stofnað í sumar, og tel jeg því rjett, að það fái sama styrk og Heimilisiðnaðarfjelag Íslands fjekk, er það hóf göngu sína.

En upphæðin er lítil, og fyrirtækið er viðurkent gott að vera, og vænti jeg því, að háttv. deild taki breytingartillögunni vel.

Sigurður Stefánsson: Jeg athugaði ekki áðan brtt. þá, er háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.) hefir gjört á þgskj. 810, og snertir brtt. mína. Þessi tillaga fer fram á, að færa lánsheimildina niður í 45 þúsund kr. En tillaga mín er miðuð við áætlun, er gjörð var í fyrra um verkið, þar sem áætlað var, að kostnaðurinn yrði um 60 þús. krónur. Um brtt. þessa, á þgskj. 810, vil jeg taka það fram, að jeg er auðvitað þakklátur háttv. deild, ef hún verður samþykt, því það er allgóður styrkur fyrir fyrirtækið, þó jeg hins vegar kjósi fremur að tillaga mín nái fram að ganga.

Fáein orð vil jeg segja um brtt. á þgskj. 784, er háttv. 6. kgk. þm. (J. Þ.) ber fram.

Hann vill binda styrkinn til goodtemplara tveimur skilyrðum. Fyrra skilyrðinu, undir a-lið, get jeg ekki greitt atkvæði, því þetta skilyrði er svo óákveðið, og svo vaxið, að það er ókleift fyrir landsstjórnina, að hafa eftirlit með því, að templarar hagi sjer svo, sem þar er mælt fyrir. Enn fremur er það, að jeg tel það siðferðislega skyldu goodtemplara, að stuðla að því, að lögin nái vinsældum, og að fá menn til þess, að bera meiri virðingu fyrir þeim, því jeg tel það ekki nema gott, að lögunum sje hlýtt. En það er rjett hjá háttv. 6. kgk. þm. (J. Þ.), að þeir fari ekki með æsingar og ofstopa eða setji lögregluspæjara út um alt land, til þess að vita hvort lögin eru brotin. Það er afar óheppilegt, en jafn heppilegt er það, að þeir hafi áhrif á hugsunarhátt fólksins, um að bera virðingu fyrir lögunum.

Öðru máli er að gegna um b-liðinn. Jeg lít svo á, að þeir menn sem unna bindindissemi, megi vera þakklátir goodtemplurum fyrir bindindisstarfsemi þeirra, sem gjörð er í þágu alls landsins, og þessi maður, er hjer á hlut að máli, var um mörg ár regluboði og vann ötullega að því. (*Guðm. Ólafsson*: Vann hann ekki að banninu líka?) (*Karl Einarsson*: Hann var eindreginn á móti því). (*Jón Þorkelsson*: Hann hefir alt af verið á móti banninu og er það enn). Um það

veit jeg ekki, og skal láta það ósagt. En jeg vil taka það fram, að Reglan hefir sumstaðar minna hugsað um að starfa að bindindi, en að starfa sem pólitískur flokkur. Það er mjer sjerstaklega kunnugt úr minu kjördæmi, og þau afskifti eru fjelaginu til einskis sóma, heldur hið gagnstæða. Jeg skal sem dæmi þess nefna síðustu prestskosninguna þar, þar sem það var allfjarri því, að þeir ræktu starf sitt sem skyldi, eða gætu sjer sóma. Það er varhugavert og óheppilegt fyrir templara, að kasta sjer inn í deilumál dagsins, og það leiðir til þess, að þeir jafnvel vinna gegn stefnuskrá sinni. Vitaskuld eiga ekki allir templarar þar óskilið mál, en mikill þorri þeirra er fullur ofstækis, ekki einungis í bannmálinu, heldur og í hinum pólitísku flokksmálum. Það hefir víst aldrei verið tilætlunin, að þeir kæmu fram sem pólitískur flokkur, heldur hitt, að vinna að því, að bæta siðferðið og betra og göfga hugsunarhátt landsmanna. Því er það, að jeg mun greiða atkvæði með síðari liðnum, því þótt nokkuð af styrknum eigi að ganga til þess að greiða gamlar skuldir, þá ætti það eigi að vera orsök þess, að Sigurður Eiríksson gæti eigi fengið þennan styrk.

Björn Þorláksson: Jeg vil segja örfá orð um brtt. á þgskj. 784.

Svo sem kunnugt er, er tillaga þessi borin fram af hv. 6. kgk. þm. (J. Þ.), og svo kynduglega borin fram, að fávísir menn gætu freistast til að halda það, að hún sje borin fram af velvild til Sigurðar regluboða Eiríkssonar og fjelagsins. En jeg hygg að flestir skilji hvað meint er með henni; það sjeu flestir farnir að skilja svo vel framkomu hv. 6. kgk. þm. (J. Þ.) hjer í þinginu, að þeim sje ljóst, að þar ræður velvildin ekki. Sigurður Eiríksson hefir ekki farið fram á neinn styrk, og mjer er kunnugt um, að hann vill engan nýjan styrk. Jeg tek þetta fram, ekki einungis gagnvart hv. 6. kgk. þm. (J. Þ.), heldur líka háttv. þm. Ísaf. (S. St.), er taldist mundi vera með þeim lið, en hvort það er af sömu velvildinni, skal jeg ósagt láta.

En úr því jeg stóð upp, þá get jeg ekki látið vera, að minnast á ummæli háttv. þm. Ísaf. (S. St.) um afskifti goodtemplara af öðrum málum. Hann talaði um, að goodtemplarar væru að sletta sjer fram í mál, sem væru fyrir utan þeirra verkahring, en þar sem jeg er kunnugur, kann jeg þess engin dæmi. Auðvitað geta þeir ekki látið ýms mál afskiftalaus, t. d. hvernig farið er með bannlögin sjálf. Það er ekki nýtt, að templurum sje brigslað um ofstæki, hvorki hjer í háttv. deild nje utan þings, og jeg vil ekki neita því, að þeir á stundum hafi fylgt málum sínum af talsverðu kappi, en því er ekki að heilsa nú. Það eru orðin hausavíxl á þessu. Ofstækið er algjörlega orðið andbanningamegin, bæði utanþings og innan. Um ofstæki andbanninga á þingi ber bestan og ljósastan vott öll framkoma hv. 6. kgk. þm. (J. Þ.). Jeg verð því að vísa þessum ummælum aftur heim til föðurhúsanna, því jeg veit, að hv. þm. Ísaf. (Sig. St.) er í hjarta sínu andbanningur, þó hann, eins og hv. 6. kgk. þm. (J. Þ.), væri með því að setja bannlögin og greiddi þeim atkv. En báðir þessir þingmenn virðast nú telja sjer það sæma, að hamast á móti lögunum og þar með sjálfum sjer. *(Sig. Stefánsson:* Jeg gjöri það ekki).

Guðmundur Björnson: Jeg vildi leyfa mjer að minnast á örfáar af brtt. þeim, sem hjer eru komnar fram. Fyrst er þá að nefna brtt. á þgskj. 778, um að hækkaður sje styrkurinn til alþýðufræðslu Stúdentafjelagsins, um 200 kr. á ári, og að stúdentafjelaginu á Akureyri sjeu greiddar af styrk þessum 200 kr. hvort árið, eða því sem hækkuninni nemur. Jeg verð að vera samdóma hv. flm. brtt., hv. 6. kgk. (J. Þ.) um það, að sú alþýðufræðsla, sem Stúdentafjelagið heldur uppi, sje gagn-

leg, og að hún hafi þegar orðið alþýðu í Reykjavík allmikil menningarbót. Því mun jeg greiða atkvæði með tillögunni. En jafnframt vil jeg vekja athygli á því, að þegar alþýðufræðslan var sett á stofn, þá vakti það fyrir okkur, — jeg var nfl. einn af forgöngumönnunum —, að koma hjer upp sem líkastri fræðslu þeirri, er háskólar í Englandi og víðar, þar á meðal í Danmörku, hafa haft með höndum, og á útlendu máli er nefnd University Extention. Hjer var þá enginn háskóli, og tókum við því það ráð, að fela Stúdentafjelaginu fræðsluna á hendur, og hefir sú tilhögun haldist síðan, eins eftir að Háskóli var stofnaður hjer. Eins og nú er komið, tel jeg rjettast að Háskólanum sje fengin umsjón starfs þessa. Efast jeg ekki um, að hv. 6. kgk., sem ann Háskóla vorum svo mjög, og vill í öllu efla veg hans, sje mjer samdóma í þessu. Það kann að þykja of seint, að koma með brtt. í þessa átt nú, en jeg óska, að þetta sje tekið til athugunar síðar, því að jeg er fyllilega samdóma hv. 6 kgk. (J. Þ.) um, að gagnlegt sje að halda áfram alþýðufræðslunni, og nauðsyn að hún sje styrkt með rífari fjárframlögum en hingað til.

Aðra brtt. á hv. 6. kgk. hjer, um að veitt sje fje til kenslu í líffærameinfræði, og sóttkveikjufræði. Jeg er samdóma hv. þm. (J. Þ.) um að það var illa farið, að felt var í hv. Nd. frv. um að stofna docentsembætti við Háskólann í þessum fræðum, því jeg tel mikla nauðsyn fyrir Háskólann, að kensla í þeim komist á.

Í sambandi við tilögu þessa mintist hv. þm. (J. Þ.) á fjárveitinguna til gerlarannsóknanna. Það er allsendis óskylt mál, og má eigi blanda því tvennu saman. *(Jón Þorkelsson*: Jeg gat þess líka). Jeg er mjög þakklátur hv. fjárlaganefnd, að hún hvarf frá því, að fella niður fjárveiting þessa. Nú sje jeg að vísu, að fram er komin tillaga um, að lækka kaup manns þess, sem fyrir rannsókninni á að standa. Mjer þykir það að vísu sárt, en gleðst þó yfir að rannsókninni á að koma á stofn. Þeir, sem hafa kynt sjer meðmæli Gísla Guðmundssonar, munu og hafa sannfærst um, hve góðrar mentunar hann hefir aflað sjer í sinni grein. Hann er svo óvenjulega vel mentaður, að vandfundnir munu aðrir honum jafnsnjallir í sínum greinum; enda heflr hann notið kenslu hjá heimsfrægum sjerfræðingum, bæði í Berlín og París. Jeg efast um, þótt vjer fengjum ungan lækni til að búa sig undir að gefa sig við gerla rannsóknum, að hann mundi reynast jafngóður Gísla, hvað þá betri. Gerlafræðin grípur svo víða inn í iðnað og atvinnu og er svo þýðingarmikil á marga lund, að mjer er það ljóst, að stór hagur muni verða af því, að koma upp rannsóknarstofnun hjer í landi undir umsjón jafngóðs manns og vjer nú eigum kost á. Þetta hefir hv. fjárlaganefnd líka sjeð og því eigi viljað fella fjárveitinguna niður, þótt hún því miður fari fram á, að hún sje nokkuð lækkuð.

Vjer höfum samþykt að veita 3000 kr. á ári til sálfræðisrannsókna, og vonum að þær geti bætt vinnubrögð í landinu. Fyrir þetta höfum vjer fengið margar ákúrur. Jeg fyrir mitt leyti tek þeim með mestu rósemd, því jeg hefi besta traust á manninum, sem rannsóknirnar á að gjöra, og trú á því, að hann muni leysa af hendi þjóðnytjastarf. En ef rjett er að veita 3000 kr. til þessa — og það segi jeg vera —, þá er eigi síður rjett að veita 1500 kr. á ári til gerlarannsóknanna, því að enginn vafi er á því, að af henni munu leiða margvíslegar verklegar framfarir hjer í landi, ef hún verður ekki kæfð í fæðingunni eða svelt úr henni lífið. Loks skal jeg minnast á nýja brtt. á þingskj. 811, um að veita Ragnari Lundborg 5000 kr. hvort árið, til að gjöra Ísland kunnugt erlendis.

Mjer finst það dálítið undarlegt að slík tillaga, sem þessi, skuli koma frá formanni

fjárlaganefndar fyrst við 3. umr., öllum á óvart.

Jeg hefi tvent um tillögu þessa að segja. Það er full ástæða fyrir oss, eins og nú stendur á, að gjöra málsstað vorn kunnan erlendis. Jeg mintist á það í fyrra, en fjekk enga áheyrn. Viljum vjer nú ganga inn á að gera það, sem þingið vildi eigi gjöra í fyrra, þá verðum vjer ótvírætt að velja *Íslending* til starfsins. Það má ekki spyrjast, að vjer þykjumst engum Íslendingi hafa á að skipa til þess. Slíkt væri þjóðarminkun. Hins vegar gæti það verið hættulegt, að velja á þessum ófriðartímum ríkisborgara úr öðru ríki, til að vera málsvara vorn erlendis. Svíþjóð getur fyr en varir, lent inn í ófriðinnm. Sjálfur konungur Svíanna hefir lýst því opinberlega yfir, að enn vofi styrjaldarhætta yfir ríkinu.

Jeg vona það, að hv. deild sjái sjer ekki fært að samþykkja tillögu þessa, eins og hún er fram borin.

Framsögumaður (Magn. Pjetursson): Fyrst vil jeg minnast á brtt. hv. 1. kgk. (E. B.) á þgskj. 802 um skrifstofukostnað póstmeistara. Meiri hluti nefndarinnar vill halda sjer við það, sem stjórnin hefir gjört í þessu efni. Að vísu hefir hún ekki, önnur rök við að styðjast en þau, að hún telur sjálfsagt, að stjórnin muni hafa athugað málið vandlega, áður en hún bar fram tillögur sínar.

Jeg skal leyfa mjer að benda hv. 1. kgk. (E. B.) á, að svo lítur út, sem stjórnin hafi tekið til greina 2500 kr., af þeirri 4800 kr. hækkun, sem póstmeistari fór fram á. Eftir þessu vantar þá eigi nema 2300 kr., upp á að póstmeistari fái það, sem hann fer fram á. Stjórnin hefir nfl. í frv. sínu hækkað skrifstofukostnað póstmeistara um 1000 kr., frá því sem var í síðustu fjárlögum, og önnur gjöld undir staflið d um 1500 kr. eða samtals um 2500 kr.

Það er rjett sem hv. 1. kgk. (E. B.) sagði, að ekki er hægt að komast hjá að greiða fjeð, ef á þarf að halda. Þó hefir nefndin eigi viljað ganga lengra en stjórnin, því hún bjóst við, að stjórnin hefði haft betri föng á að rannsaka málið en nefndin hefir haft. Þá er brtt. við 13. gr. B. VIII. frá hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.). Jeg hefi lítið annað um hana að segja en að meiri hluti nefndarinnar mun ekki leggja móti henni, sjerstaklega af því, að hjer er um nauðsyn að ræða og fyrir liggur glögg áætlun um verkið frá verkfræðingi. Þá er hjer brtt. á þgskj. 786, frá hv. 6. kgk. (J. Þ.), um 2800 kr. fjárveiting til kenslu í líffærameinfræði og sóttkveikjufræði. Meiri hluti nefndarinnar getur ekki aðhylst þessa tillögu; er mjer óhætt að segja, að það er af sparnaðar ástæðum en öðru ekki, og því get jeg bætt við, að atkvæði einstakra nefndarmanna um þennan lið eru óbundin. Þá kem jeg að brtt. á þgskj. 778, frá sama hv. þm. (J. Þ.), um aukinn styrk til alþýðufræðslu. Nefndin viðurkennir, að hjer sje um þarft verk að ræða, og æskilegt sje, að fræðslan geti náð yfir stærra svæði en nú, og mælir því með, að tillagan sje samþykt. Um brtt. á þgskj. 784 þarf jeg ekki að fjölyrða; það hefir svo mikið og margt verið um hana talað nú í dag. Að eins skal jeg geta þess, að nefndin vill ekki taka hana að sjer.

Um brtt. á þgskj. 801 er það að segja, að nefndin vill ekki fara hærra í styrkveitingu til heimilisiðnaðar en hv. Nd., og er það, eins og fleira, sprottið af sparnaðarástæðum fyrir henni. Hún býst við, að það muni ekki hnekkja mjög starfi heimilisiðnaðarfjelagsins, þótt styrkurinn geti ekki orðið hærri í þetta sinn. Um lánsheimildirnar er það að segja, að eins og nefndin var á móti lánveitingu til raflýsingar í Húsavík, þótt hún gengi í gegn í deildinni, eins er hún á móti því, að samþyktar sjeu lánveitinga heimildir þær, sem

farið er fram á í þgskj. 785 og þgskj. 806. Auðvitað ræður hv. deild, hvað hún gjörir við þær.

Mjer þótti óneitanlega, nokkuð kynleg ummæli hv. þm. Barðstr. (H. K.) um þetta. Hann sagði, að *úr því* að lánseimildin til Húsavíkur hefði hafst fram, þá vildi hann líka fá sína fram; veit jeg þó ekki betur en hv. þm. (H. K.) greiddi atkvæði með Húsvíkingunum. En í þessu fannst mjer liggja það, að hann teldi ver farið, að Húsavíkurlánið var samþykt. Af þessum ástæðum vildi jeg taka fram og benda á, að honum er þetta sjálfum að kenna, og undan því getur hann ekki skotist. Það hefir lítið verið farið út í að andmæla brtt. nefndarinnar, nema lítillega um gerlafræðinginn. Hv. 5. kgk. (G. B.), finst það ver farið, að nefndin hefir viljað færa laun hans úr 1500 kr. niður í 1200 kr. Nefndinni finst, eftir því sem hún hefir getað kynt sjer málið, að starf hans nú í byrjun, muni ekki verða meira en svo, að hann muni fullsæmdur af 1200 kr. launum. Þegar fram í sækir, má búast við, að starf hans í landsins þarfir muni vaxa, og þá munu laun hans og verða hækkuð. Nú sem stendur hefir hann svo mikið starf við verksmiðju fyrir sjálfan sig, að ekki er líklegt, að hann geti varið nándar nærri öllum starfstíma sínum til gerlarannsóknanna. Það, sem jeg hefi hingað til talað, hefi jeg mælt fyrir hönd nefndarinnar. En fyrir mína hönd, lýsi jeg því yfir, að jeg mun greiða atkvæði með brtt. hv. 6. kgk. (J. Þ.) á þgskj. 786, því jeg tel það ekki vansalaust fyrir þingið, að vilja ekki styðja þá kenslu við háskólann, sem hún fer fram á.

Jósef Björnsson: Fyrst mun jeg minnast á brtt. á þgskj. 801 frá hv. þm. Seyðf. (K. F.) og hv. 2. kgk. (Stgr. J.). Eins og tillaga þessi er orðuð í fjárlögunum og í brtt. hv. þm. (K. F. og Stgr. J.), þá hefir hún ekki staðið fullskýrt fyrir nefndinni. En síðan nefndin fjallaði um málið, hefi jeg fengið í hendur lög fyrir heimilisiðnaðarfjelag Norðurlands, þar sem jeg sje að fjelagið er þegar til í því formi, sem mjög er þjóðlegt; meðal annars á öll áhersla að vera lögð á, að sniða heimilisiðnaðinn eftir þjóðlegum fyrirmyndum. Ætlast er og til, að starf fjelagsins nái bæði til bæja og sveita. Fjelagið ætlar að gefa út skýrslur og smá leiðbeiningar-ritgerðir, og útbýta þeim ókeypis til fjelagsmanna. Þegar jeg nú hefi fengið þessar upplýsingar, get jeg greitt atkvæði með tillögunni.

Næst ætla jeg að minnast á brtt. hv. 6. kgk. (J. Þ.) á þgskj. 784. Jeg verð að segja, að mjer finst fyrri liðurinn undir staflið *a*, sjerstaklega í sambandi við orð þau, sem hv. þm. (J. Þ.) ljet fylgja honum, vægast sagt, harla kynlegur, og jeg get ekki talið framkomu hv. þm., í þessu máli, skemtilega eða honum vegsauka. Mjer þykir það harla undarlegt, að jafnvitur maður og hv. 6. kgk. (J. Þ.) er talinn, skuli láta sjer detta í hug, sóma síns vegna, að koma með slíka brtt. sem þessa. Sjerstaklega þar sem hann lagði svo mikla áherslu á, hve mikið tillit ætti að taka til álits viturra manna; því að þessi tillaga hans mun seint viturleg talin.

Hv. 6. kgk. (J. Þ.) hefir oftar en einu sinni látið þau orð falla, hjer í deildinni, að bannlögin væri komin á fyrir tilstilli goodtemplara. Hann hefir líka sagt það nú hjer í deildinni, að goodtemplara varðaði ekki meira en sig um þau. Þetta eru hans óbreytt orð. Jeg skýt því til góðrar dómgreindar hv. þm., hvort hann telji sig ekki hafa leyfi til að láta sig hvert gott mál skifta, og hvort hann ekki yfirleitt telur sjer heimilt, að láta sig hvert þjóðmál skifta, hvort sem hann telur það þarft eða óþarft. Jeg hygg að hann mundi þykkjast sviftur persónulegum rjettindum, ef honum væri bannað að skifta sjer af

málum, sem hann telur góð vera, og er sannfærður um, að geta stutt með fylgi sínu. Og jafnvíst tel jeg hitt, að hann þættist frelsi sviftur með röngu, ef hann mætti ekki sporna á móti máli, er hann teldi ilt vera.

Ef hv. þm. (J. Þ.) vill játa þetta, þá skil jeg ekki í öðru en að hann muni samsinna því, að til nokkuð mikils sje mælst af goodtemplarareglunni, að hún láti með öllu afskiftalaus bannlögin; hann veit þó að Reglan saman stendur af einstökum meðlimum, sjerstökum einstaklingum, og að bannið hlyti að ná til hvers um sig af þeim, og þeir neyðast til að láta afskiftalaust það mál, er þeir telja einna best vera og mest umvarðandi af þjóðmálum vorum.

Jeg skal líka benda á hið sama, sem hv. þm. Ísaf. (S. St.), að það yrði óframkvæmanlegt fyrir stjórnina að framfylgja þessu, eða hvernig ætti hún að tryggja sjer það, að einstakir menn úr flokki goodtemplara gjörðu eitthvað, er teygja mætti inn undir bannlög hv. þm. (J. Þ.), því að slíkt er rjettnefni á tillögu hans. Afskifti þau, er stjórninni er hjer ætlað að hafa af máli þessu, eru þannig vaxin, eða rjettara sagt, skilyrði þau, er henni er ætlað að setja fyrir útborgun styrksins, að þau mundu svo mjög skerða fjelagsfrelsi og persónufrelsi, að jeg hygg sjálfum tillögumanninum mundi óa við því, sem þetta afkvæmi hans hefði í för með sjer, ef það er ekki kæft í fæðingunni.

Jeg tek það upp: Tillagan er svo mjög laus við að vera bygð á viturlegum grundvelli, að hinni mestu furðu sætir, og því er það svo frámunalegt, að hún skuli vera komin frá jafnvitrum manni og hv. 6. kgk. (J. Þ.) er, *að sjálfs hans skoðun* og margra annara.

Hv. þm. (J. Þ.) kvaðst vilja vera laus við alt flangur goodtemplara. Hvað meinar hann með slíkum orðum? Ætlast hann til, að þeir sjeu sviftir persónulegu frelsi allra manna og dýra að hreifa sig til, sviftir náttúrueðli sínu og lífsnauðsyn? Ætlast hann til, svo að jeg viðhafi gamalt íslenskt orðtæki, að þeir sjeu negldir niður og „sitji fastir á sömu hundaþúfunni“? Sjálfum mundi honum eflaust þykja það hart, ef hann mætti ekki flangra eða ferðast eftir eigin vild.

Jeg lýk máli mínu með því, að lýsa því yfir, að jeg get alls eigi greitt atkvæði með jafnóviturlegri og ósanngjarnri tillögu og þessi er.

Eiríkur Briem: Út af því, að háttv. framsm. vitnaði í ástæður fjárlagafrv. í sambandi við brtt. mínar, vil jeg taka það fram, að þær standa í nánu sambandi hvor við aðra. Hann tók það fram, að samkvæmt tillögum stjórnarinnar væri upphæðin, sem á milli ber, ekki nema 2500 kr. En hugsanlegt er að hún verði hærri. T. d. varð kostnaðurinn 1912—13 við skrifstofuhald póstmeistara og rekstur pósthússins kr. 17147,90 á ári, en á því tímabili voru ekki veittar nema 13 þús. kr. hvort árið, og varð því umframgreiðsla á því fjárhagstímabili kr. 8295,80, en það er nokkuð á annað þús. fram yfir það, sem hjer er farið fram á að veitt sje. Það er því sýnilegt, að þótt kostnaðurinn yrði ekki meiri en hann var 1912—1913, þá dugar ekki þessi fjárhæð, sem áætluð er í frumv. Hjer er því langt of lítið áætlað. Árið 1914 voru útgjöldin kr. 18511,77, og er það töluvert meira en hjer er farið fram á í brtt. minni. Sú hækkun, sem jeg fer fram á í brtt. minni, er engin á fyrri liðnum, en á seinni liðnum nemur hún 3500 kr. frá því, sem áætlað er í stjórnarfrumvarpinu. Að þetta sje eðlilegt, er sýnilegt, þegar litið er á það, hversu stórkostlega póstflutningar hafa aukist, og tekjurnar af þeim vaxið þá um leið. Það er ekki einungis, að kostnaður hafi aukist við aukinn póstflutning, heldur hefir og ýmislegt, eldsneyti t. d., hækkað

mjög í verði, og kaupgjald verkamanna hækkað frá því, sem áður var. Það getur því ekki verið rjett áætlun, sem hjer er í stjórnarfrv. Menn mega ekki bara búa til einhverja áætlun, sem lítur vel út, og gjöra á þann hátt tekjuhallann í fjárlögunum minni. Þetta getur því ekki verið neitt álitamál; póstáfgreiðslan er svo mikilsvert mál, að ráðherra getur alls ekki bundið sig við þá áætlun í fjárlögunum, sem er alt of lág.

Hákon Kristófersson: Það eru að eins örfá orð um athugasemd háttv. fjárlaganefndar við bátaferðir á Breiðafirði. Háttv. fjárlaganefnd virðist vilja slá því föstu, að skip Eimskipafjelags Íslands hafi ekki heimild til að koma á þessa staði, sem tilteknir eru, þ. e. Hvammsfjörð og Gilsfjörð. Það stendur „verði ekki fleiri en 2 á ári". Jeg hefði kunnað betur við, að staðið hefði, að því hefði ekki verið skylt, að senda þangað skip oftar en 2 sinnum. Jeg tók það fram við 2. umr. þessa máls, að menn þar vestra væru ánægðir, þótt ferðirnar yrðu ekki nema 2, en þetta orðalag á jeg bágt með að sætta mig við.

Steingrímur Jónsson: Jeg á hjer 2 brtt. Sú fyrri er á þgskj. 801, en henni hefir meðflytjandi minn, háttv. þm. Seyðf. (K. F.), gjört nógu glögga grein fyrir. Jeg þarf því ekki annað um hana að segja en þetta, að fjelagið, sem á heima á Akureyri, starfar fyrir alt Norðurland. Jeg hjelt fyrst, að það hjeti „Heimilisiðnaðarfjelag Akureyrar", enda var það nefnt svo í frumv., en nú vona jeg, og skýt því til hæstv. forseta, hvort ekki mætti breyta því í prentuninni, og kalla það „Heimilisiðnaðarfjelag Norðurlands". Annars má líka laga það í Nd. Svo á jeg aðra brtt. á þgskj. 810. Henni er þannig varið, að eins og kunnugt er, var á þingi 1913, rætt um, að raflýsa Ísafjörð, en af sparnaðarástæðum var lán til þess þá ekki tekið upp í fjárlögin. Ef jeg man rjett, var kostnaðurinn við það áætlaður líðlega 60 þús. kr. Nú get jeg ekki, eins og sakir standa, greitt atkv. á móti þessari lánveitingu, því að þetta nauðsynjamál hefir verið lengi á döfinni. Hins vegar virðist mjer ekki ástæða til að lána alla upphæðina, einkum þar sem svo stendur á, að lánveitingin til Húsavíkur, til sams konar fyrirtækis, er eigi heldur fyrir öllum kostnaðinum. Jeg legg því til, að lán þetta verði minkað, því Ísafjarðarkaupstað er eins auðvelt að fá 15—16 þús. kr. lán annarsstaðar, eins og Húsavík að fá 5—6 þús. Jeg legg því til, að þessi lánveiting verði ekki höfð hærri en 45 þús. kr., því að þá býst jeg líka við, að meiri líkindi sjeu til, að báðir þessir kaupstaðir, Ísafjörður og Húsavík, fái eitthvað.

Jeg mun ekki tala um fleiri breytingartiltögur að sinni, en sýni með atkvæði mínu afstöðu mína til þeirra. Jeg get þó varla látið hjá líða, að minnast á 11. brtt. háttv. fjárlaganefndar. Jeg get varla verið með því að lækka styrkinn til sandgræðslu úr 5000 kr. niður í 3000.

Þá vil jeg minnast á eitt enn. Það er þessi nýkomna brtt. frá háttv. þm. Vestm. (K. E.) á þgskj. 811. Jeg get þar vísað til alls þess, sem háttv. 5. kgk. (G. B.) sagði. Það er óráðlegt og talsvert óhyggilegt, undir þessum sjerstöku kringumstæðum, sem nú eru, að veita slíkan styrk, og hrein og bein niðurlæging, að veita hann útlendingi. Það á að vera Íslendingur, sem þenna starfa hefir með höndum, að þessum sænska manni alveg ólöstuðum. Ef tilgangurinn er aðallega sá, að þessi maður veiti leiðbeiningar í verslunarerindum, þá held jeg að bæði sje athugavert að veita fje til þess utanríkisborgara, og að ganga framhjá sumum Íslendingum. Auk þess kemur þessi brtt. algjörlega í bága við þá sparnaðarstefnu hjá háttv. fjárlaganefnd, sem hún á þakkir

skilið fyrir. Það er ekki í samræmi við ýmsar tillögur hennar, að fara að binda landinu þenna 10000 kr. bagga.

Framsm.(Magn. Pjeturss.): Jeg gleymdi því í síðustu ræðu minni, að geta um brtt. á þgskj. 811. Um hana hefi jeg ekki annað að segja en það, að hún er ekki frá nefndinni, jeg hefi ekki sjeð hana fyrr en í dag, hjer á þingborðinu.

Það er leiðinlegt, að hæstv. ráðherra er farinn, því að jeg ætlaði að skjóta til hans spurningu viðvíkjandi pósthúsmálinu. Við styðjumst við hann í því máli, gegn háttv. 1. kgk. (E. B.). Jeg ætlaði að spyrja hann, á hverju hann bygði það, að kostnaðurinn við pósthúsið hjer í Reykjavík yrði ekki meiri en gjört er ráð fyrir í fjárlagafrumv. stjórnarinnar. Jeg álít það óheppilegt, ef mikil umframgreiðsla yrði að koma á þann lið, því að ekki vil jeg stuðla að því, að villa fjárhagsútlitið í augum þings og þjóðar. Mig langaði til að skjóta þessu til hæstv. ráðherra, því að jeg vildi ekki, að hann neyddist til að borga mikið meira en ráð er fyrir gjört í fjárlögunum. En sem sagt, nefndin hafði ekki annað við að styðjast en sjálft stjórnarfrumv.

Háttv. þm. Barð. (H. K.), kunni ekki við orðalagið á aths. við Breiðafjarðarbátana. Honum skildist víst svo, að Eimskipafjel. mætti ekki senda nema 2 skip á ári á þessa umgetnu staði. Þessi hækkun á fjárveitingu til Breiðafjarðarbáts var gjörð með því skilyrði, að Eimskipafjelag Íslands losnaði við strandferðirnar inni á Breiðafirði, nema þessar tvær, og því að eins gat verið gróði að brtt. Jeg get ekki sjeð, að þetta sje neitt undarlegt. Við getum auðvitað ekki skuldbundið fjelagið til þess, að fara ekki oftar en tvisvar inn á þessa firði, *ef það telur sjer hagnað af því*, en við viljum losa það við kostnaðinn, sem af fleiri ferðum leiddi, því að landið ber hallann af strandferðunum. Þetta kemur ekki í bága við það, sem háttv. þm. Barð. (H. K.) og aðrir sögðu við 2. umr. þessa máls. Ef fjelagið heldur að það hafi hag af að senda þangað oftar skip, þá má það auðvitað gjöra slíkt.

Karl Einarsson: Jeg ætla ekki að fara að deila við háttv. 2. kgk. (Stgr. J.), sem mælti á móti brtt. minni á þgskj. 811. Að eins vil jeg segja, að það er ekkert undarlegt, að hún kom frá mjer, þótt jeg sje formaður fjárlaganefndar. Háttv. 5. kgk. (G. B.) sagði ekki annað um þetta mál en að það gæti verið hættulegt, að ríkisborgari í öðru landi væri málsvari okkar á þessum hættutímum. Jeg er honum að því leyti sammála, en hjer er ekki um það að ræða, að verið sje að gefa neinum umboð til þess, að vera málsvari okkar. Ástæðan fellur því um sjálfa sig. Að það sje niðurlæging, eins og háttv. 5. kgk. (G. B.) sagði, að útlendingur hafi þetta starf með höndum, get jeg ekki sjeð, enda höfum við oft tekið útlendinga inn í lándið, til þess að gegna ýmsum störfum. Jeg er því síst mótfallinn, að Íslendingar sjeu sendir til þess, að reka erindi vor í útlöndum.

Jeg ætla svo að lokum að eins að taka það fram, út af því, sem háttv. 2. kgk. (Stgr. J.) sagði um sparnaðinn, að jeg er svo sannfærður um, að af því gætum vjer haft margvíslegan hag og beinan gróða, ef fjárveiting þessi nær fram að ganga, en jeg *vil* ekki sanna það á þessum stað, en eitt er víst, að tap bíðum við aldrei af þessu.

ATKVGR.:

Brtt.	783,1	samþ.	með 12 shlj.	atkv.
—	802,	—	— 11 —	—
—	783,2	—	— 11 —	—
—	781,	—	— 12 —	—
—	783,3	—	— 11 —	—
—	783,4	—	— 11 : 2.	
—	783,6	—	— 9 shlj.	—

Brtt. 783,5 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 786, — — 7 : 6
að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Ólafsson,
Guðm. Björnson,	Hákon Kristóferss.,
Jón Þorkelsson,	Jósef Björnsson,
Karl Einarsson,	Kristinn Daníelsson,
Karl Finnbogason,	Sigurður Stefánsson.
Magnús Pjetursson.	

Brtt. 783,7 samþ. með öllum atkv.
— 783,8 — án atkvgr.
— 873,9 — með 11 : 1 atkv.
— 799, — — 11 shlj. —
— 811, — — 7 : 6 —
að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Hákon Kristóferss.,	Björn Þorláksson,
Jón Þorkelsson,	Steingr. Jónsson,
Jósef Björnsson,	Eiríkur Briem,
Karl Einarsson,	Guðm. Björnson,
Karl Finnbogason,	Guðm. Ólafsson,
Kristinn Daníelsson,	Sig. Stefánsson.
Magnús Pjetursson,	

Brtt. 778 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 774a feld með 12 : 1 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Þorkelsson.	Björn Þorláksson,
	Eiríkur Briem,
	Guðm. Björnson,
	Guðm. Ólafsson,
	Hákon Kristófersson,
	Jósef Björnsson,
	Karl Einarsson,
	Karl Finnbogason,
	Kristinn Daníelsson,
	Sigurður Stefánsson.

Steingrímur Jónsson og Magnús Pjetursson greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hluta.

Brtt. 784b feld með 9 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Steingr. Jónsson,	Eiríkur Briem,
Jón Þorkelsson,	Guðm. Björnson,
Magnús Pjetursson,	Guðm. Ólafsson,
Sigurður Stefánsson.	Hákon Kristófersson,
	Jósef Björnsson,
	Karl Einarsson,
	Karl Finnbogason,
	Kristinn Daníelsson.

Björn Þorláksson greiddi ekki atkvæði og taldist til meiri hlutans.

Brtt. 783,10 samþ. með 9 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Eiríkur Briem,	Jón Þorkelsson,
Guðm. Björnson,	Karl Finnbogason,
Guðm. Ólafsson,	Kristinn Daníelsson.
Hákon Kristófersson,	
Jósef Björnsson,	
Karl Einarsson,	
Magnús Pjetursson,	
Sig. Stefánsson.	

Brtt. 783,11 samþ. með 8 : 4 atkv.
— 783,12 — — 7 : 5 —
— 783,13 — — 11 shlj. —
— 783,14 — — 12 — —
— 801 — — 9 : 4 —
— 783,15 — — 10 shlj. —
— 809 feld — 7 : 6 —
— 810 samþ. — 11 : 1 —
— 785 — — 8 : 5 — að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Björnson,
Guðm. Ólafsson,	Jósef Björnsson,
Hákon Kristófersson,	Karl Einarsson,
Jón Þorkelsson,	Karl Finnbogason.
Magnús Pjetursson,	
Sig. Stefánsson.	

Kristinn Daníelsson greiddi ekki atkv. og taldist til meiri hluta.

Brtt. 806 feld með 6 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Guðm. Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Hákon Kristóferss.,	Guðm. Björnson,
Jón Þorkelsson,	Jósef Björnsson,
Magnús Pjetursson,	Karl Einarsson,
Sig. Stefánsson.	Karl Finnbogason,

Frumvarpið svo breytt samþykt í e. hlj. og endursent til Nd.

(A. 818).

Á 58. fundi í Ed., laugardaginn 11. september var útbýtt

Frumvarpi til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917,

eins og það var samþykt við eina umr. í Nd. (A. 908).

Á 59. fundi í Ed., mánudaginn 13. sept., var frumv. tekið til einnar umr.

(A. 908, 924, 929, 939, 940, 944, n. 947, 948, 949, 950, 953, 957, 958, 963, 967, 971, 980).

Framsögumaður (Magn. Pétursson): Frv. þetta hefir, eins og hv. þm. sjá, tekið allmikið breytingum síðan það fór hjer úr deild. Þegar frv. fór hjeðan var gert ráð fyrir kr. 248,176,92 tekjuhalla; en þegar það kom hingað aftur eftir eina umr. í hv. Nd., þá var tekjuhallinn orðinn 356,869,92 kr. Þegar þar við er bætt útgjöldum, sem greiðast eiga, samkv. öðrum lögum og ráðstöfunum, en þau munu nema um 80000 kr. minst, þá er tekjuhallinn kominn upp í hálfa miljón króna; og þótt lögin um verðhækkunartoll, sem nú eru á ferðinni í þinginu, verði samþykt, þá er ekki gjört ráð fyrir meira en 300000 kr. tekjuauka við þau; og auk þess, sem ekki er mikið á þeim tekjuauka að byggja, þá er ætlast til að fje því, sem fást kann við tekjuauka þennan, sje til annars varið en venjulegra landsútgjalda.

Með því að svo er háttað fjárhagshorfunum, vildi nefndin reyna enn að lækka tekjuhallann, og í því skyni hefir hún borið fram brtt. sínar á þgskj. 924; miða þær flestar að því, að lækka gjöldin, þó ekki allar. Verði allar tillögur nefndarinnar samþyktar, mun þó tekjuhallinn minka um 90—100000 kr. Nefndinni duldist það eigi, að ekki hæfði að hleypa kappi í málið, og stofna fjárlögunum í sameinað þing, nema því að eins, að verulega bæri á milli um skoðanir deildanna. Nú verður varla öðru vísi litið á en að svo sje, þar sem ágreiningur er um nálega 100000 kr.

Jeg get búist við því, að sumar af brtt. nefndarinnar þyki lítilfjörlegar, til þess að fara að hrekja þær milli deilda og í sameinað þing. En flestar byggjast þær annaðhvort á stefnumun eða fordæmi, þótt jeg neiti því ekki, að einstöku ein kunni að hafa flotið með, sem hvorugt þetta verður sagt um. Þess skal jeg geta, að auk tekjuhallans, sem greiðast á úr viðlagasjóði, eru lánsheimildir um 200000 kr. í fjárlögunum, og hafa þær hækkað í háttv. Nd. um 77000 kr.

Nefndin vonar að hv. deild styðji þessar brtt. hennar. Geta má þess, að þótt nefndin hafi ekki komið með fleiri brtt., þá er það ekki af því, að hún sje ánægð með alt annað í fjárlögunum, heldur af því, að hún vildi ekki halda fleiru til streitu; en hv. Nd. á auk þess að bera höfuðábyrgðina á fjárlögunum, enda er auðsjeð, að hún *vill* gjöra það.

Að svo mæltu sný jeg mjer að hinum einstöku brtt. nefndarinnar.

Fyrsta brtt. er um miðstöðvarhitunina í Holdsveikraspítalanum. Nefndin getur ekki fallist á athugasemd þá, sem hv. Nd. hefir hnýtt við þá fjárveitingu. Þingið verður að sýna þá mannúð, að hjálpa aumingjum þeim, sem hjer eiga hlut að máli, þótt verkið kunni nú að kosta nokkrum krónum meira, en það kynni að kosta á öðrum tíma; það hefir sennilega dregist of lengi að bæta upphitunina í spítalanum, og jeg vona að hv. deild sýni samúð sína

með því, að allir standi upp, þegar þessi brtt. kemur til atkv. Þá hefir hv. Nd. sent hingað aftur fábjána-fjárveitinguna. Við 2. umr. benti jeg á, hvað því hefði valdið, að vjer vildum ekki samþykkja fjárveiting þessa. Jeg tek það enn fram, að nú munu vera um 100 fábjánar hjer á landi, og mun líkt standa á með minsta kosti helming þeirra, eins og aumingja þennan. Ef gera ætti þeim öllum jafnt undir höfði, þá ætti ekki að veita einar 350 kr., heldur 17500 kr. Þess ber hjer vel að gæta, að ef þingið segir hjer *a*, þá hlýtur það síðar að segja *b*.

Þá kem jeg að þriðju brtt. við 13. gr. B. III. 5. Nefndin vildi ekki halda til streitu skoðun sinni á vegamálunum við fjárlaganefnd Nd., einkum af því, að hv. Nd. hefir tekið sumt til greina af því, sem hjer var lagt til, en lengra vildi hún ekki ganga en fjárlaganefnd Nd. Því leggur hún til, að fjárveitingin til Öxnadalsvegar sje feld niður, ekki þó af því, að hún vilji sjerstaklega leggjast móti þeirri vegagjörð, heldur fremur af því, hvernig um fjárveiting þessa hefir farið í hv. Nd., sem sýnir, að sú deild hefir áður álitið hana mega sparast. Við 2. umr. var feld þar fjárveiting til þessa vegar með 16 : 5 atkv.; en síðan var samþykt að vísu nokkuð lægri fjárveiting þar með 13 : 4 atkv. Slíkt gæti ekki komið fyrir hjer í deild.

Jeg ætla ekki að fjölyrða nú um brúargjörðina á Jökulsá á Sólheimasandi; það hefir þegar verið svo mikið um hana rætt, að varla er á bætandi, enda ekki hægt að segja neitt nýtt.

Fimta brtt. nefndarinnar er um, að úr athugasemdinni um brúargjörðirnar sjeu feld orðin: „eða af öðrum ástæðum“. Nefndinni finnast þau óviðkunnanleg, og nokkuð viðsjárverð, með því, að með þeim sje stjórninni gefið mikið undir fótinn; hún gæti lengi fundið ástæðu til að fresta brúargjörðunum, ef henni sýndist svo. En mjer hefir skilist svo, þangað til þetta innskot kom, að eigi væri tilætlunin, að svo væri gjört, nema því að eins, að efni væri sjerlega dýrt eða torfengið, eða þá fjárhagur landsins mjög þröngur.

Þá er að minnast á Hvítárbátinn. Nefndin hefir, um fjárframlag til hans, viljað halda sjer við tillögur strandferðanefndarinnar sem fyrr, og ekki viljað hækka tillagið til hans. Oss er kunnugt um, að víðar er eins mikil þörf að styrkja bátaferðir eins og um Hvítá. Þó leggur nefndin ekki til, að styrkur þessi sje feldur burtu, heldur færður í sama horf og hann var samþyktur hjer í deild.

Fleiri breytingar hefir nefndin eigi borið fram á 13. gr. En þá kemur að 14. gr. Fyrsta brtt. þar er við B.I.a. Það er sem áður, að nefdin vill ekki hækka laun eins háskólakennarans; henni þykir ekki rjett að taka hann einan út úr með launahækkun, einmitt nú meðan á rökstólum situr nefnd, sem á að athuga launakjör allra starfsmanna landsins; það væri að taka fram fyrir hendurnar á henni; og því minni ástæða virðist henni til þess, þar sem hjer er um mjög nýlegt embætti að ræða, og sá, sem um það sótti, vissi vel, að hverju hann gekk, og getur ekki verið mikil breyting á orðin síðan. Auk þess verður líklega samþykt frv. hjer á þingi, um dýrtíðaruppbót handa starfsmönnum landsins. *(Stgr. Jónsson:* Hún nær ekki til þessa manns). Það er eftir því, hvað þessi deild gjörir við það frv.

Þá kem jeg að styrknum til húsmæðrakenslunnar á Eyrarbakka. Nefndin getur ekki fallist á, að veita hann; og er það þó engan veginn af því, að hún tími ekki að sjá af þessum 200 kr., heldur af því, að vænta má, að sje þetta veitt, þá muni koma fram margar aðrar beiðnir um styrk til samsvarandi námsskeiða, sem hefðu alveg sama rjett á sjer til landssjóðsstyrks, en að svo vöxnu máli þykir nefndinni ekki ráðlegt, að stefnt sje inn á þá braut. Nefndin vill halda því til streitu, að Hólmfríði Árnadóttur sje veitt nokkurt fje til kvöldskólahalds hjer í Reykjavík. Þó hef-

ir nefndin nú fært styrkinn ofan í 500 kr. á ári, og vonar að það geti orðið til samkomulags. Hjer í Reykjavík er næsta mikil þörf á slíkum skóla sem þessum, þar sem stúlkur geti í tómstundum sínum notið góðrar og hollrar fræðslu, og leiðst við það frá einhverjum gjálífis-ginningum bæjarlífsins á kvöldin.

Þá kemur að 15. gr., og er fyrsta brtt. nefndarinnar þar sú, við 3. d., að sett sje „gefa út", í staðinn fyrir „semja" skýrslur um Fornmenjasafnið frá 1876.

Breytingin, sem á varð í hv. Nd., var samþykt *án atkvæðagreiðslu*, og var þar þó um verulega efnisbreytingu að ræða. Ef orðið „semja", er látið standa, þá má skoða þessar 300 kr. á ári sem einskonar persónulega launaviðbót, við hinn núverandi fornmenjavörð, en með því að þegar hefir verið samþykt handa honum veruleg persónuleg launaviðbót, þá virðist þessa nú eigi þörf; enda hefir styrkur þessi að undanförnu verið ætlaður til útgáfu skýrslnanna, þótt jeg hafi að vísu heyrt, að honum hafi verið varið til að semja þær; en það er ekki samkvæmt því, sem í fjárlögunum stendur.

Þá er um aðgjörðir á Þingvöllum það að segja, að nefndin hefir talað við þjóðmenjavörðinn um málið. Í hv. Nd. var helsta mótbáran gegn fjárveitingunni sú, að hún væri alt of lítil, og mundi því eigi koma að notum. Nú segir þjóðmenjavörður, að hjer sje ekki um óslitið, samfelt verk að ræða, heldur megi að skaðlitlu skifta því í sundur, og halda því síðar áfram, er meira fje fæst. Fjeð mundi hvort sem væri vera ódrjúgt, ef halda ætti dýran eftirlitsmann með verkinu; en hann hefði hugsað sjer, að hann gæti haft eftirlit með því, jafnhliða því, sem hann ynni að rannsóknum á Þingvelli, og gæti látið sjer nægja, að hafa bara 2—3 venjulega verkamenn þar við vinnu. Það sem mest riði á, væri að dýpka árfarveginn og girða vellina. Þó þyrfti að vísu að flytja til vegarspotta um 320 m. á lengd, en það mætti þá bíða í bili, því að eigi gjörði það mikið tjón, þótt vegurinn lægi enn um stund þar, sem hann er nú, ef vellirnir að eins væru girtir.

Nefndin sjer því eigi ástæðu til annars en að halda fast við þessa fjárveitingu.

Næst kem jeg að 15. gr., 24., styrkveitingunni til Hjartar Þorsteinssonar til að ljúka námi við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn. Það mun vera af misskilningi, að hv. Nd. hefir lækkað hana; hún vitnaði í styrkveitingu til Steingríms Jónssonar, en þar er sá munur, að Steingrímur Jónsson hefir í núgildandi fjárlögum 800 kr. styrk fyrir yfirstandandi ár, eða til ársloka 1915, og þá tekur við hinn nýi 800 kr. styrkur fyrir 1916; en Hjörtur Þorsteinsson hefir engan styrk, frá því hann missir Garðsstyrk sinn, nú í septemberbyrjun, og til ársloka. Hann ætlar að taka fullnaðarpróf eftir nýár 1917, og verða það þá um 16 mánuðir, frá því hann endaði Garðsstyrkstíma sinn. Vjer höfum því viljað hækka styrkinn til hans, til að koma meira samræmi á styrkveitinguna til hans og Steingríms Jónssonar. Þá skal jeg minnast á styrkinn til Einars Hjaltested. Eins og áður leggur nefndin til að hann sje látinn niður falla, og það af sömu ástæðum sem fyrr; hún lítur svo á, að hann mundi ekki muna mikið um, þótt hann fengi sendar einar 1000 kr. til Ameríku. Það gæti naumast orðið til að gjöra úr honum frægan mann. 3000 kr. gætu má ske orðið honum að einhverju liði, en þessar 1000 kr. að litlu eða engu. Auk þess er það, að ætti þessi fjárveiting að standa, þá ætti að skipa henni í flokk með styrkveitingum til skálda og listamanna, en ekki hafa hana sjerstaka, nafnbundna.

Jeg þarf ekki að fjölyrða um styrkinn til búnaðarfjelaganna; það hefir svo margt verið um hann talað áður. Það er full ástæða til að halda þessu máli til streitu, þar sem fjárlaganefndirnar í báðum deild-

um eru sammála um það, og margir bændur á sama máli.

Nefndin vill fella burtu litla athugasemd við 16. gr. 5. b., um að skógfræðingi Einari Sæmundsen sje veitt 250 kr. persónuleg launaviðbót; ástæðurnar fyrir tillögu þessari má sjá í nefndarálitinu, Nefndin tók tillit til brjefs skógræktarstjórans, en það er þannig vaxið, að jeg mun ekki lesa það upp, nema krafist sje.

Í 16. gr. 19. a. vill hv. Nd. fella niður síðara árið fjárveitinguna til leiðbeiningar við ullarverkun og ullarmat. Eins og jeg tók áður fram, hefir maður sá, sem þessi starfi er ætlaður og sjálfsagt er manna best til hans fallinn, lýst því yfir, að hann vildi alls eigi taka hann að sjer, nema fyrir bæði árin væri; því vill nefndin heldur slaka til við hann, en bera ábyrgð á að missa hann frá þessu áríðandi starfi; hún telur rjettast, að hv. Nd. taki þá ábyrgð upp á sig, ef hún endilega vill.

Um næstu brtt. hefir áður verið talað; hún er að eins lítilfjörleg, og því ólíklegt, að hún þurfi að verða verulegt þrætuepli. Í hv. Nd. hefir verið lækkuð fjárveitingin til að leita eftir vatni í Vestmannaeyjum úr 5000 kr. í 3000 kr., og sett sú athugasemd við, að það, sem til vanti, skuli koma annarsstaðar frá. Nefndin hefir fengið upplýsingar um, að þessi vatnsleit og undirbúningur undir vatnsveitu, muni kosta alt að 7000 kr. Henni þykir því rjett, að fjárveitingin sje látin vera 5000 kr., eins og áður var samþykt hjer í deild, en athugasemdin látin standa, og hygg jeg að hv. Nd. muni gjöra sig ánægða með þau málalok.

20. brtt., um lánið til Guðm. E. Guðmundssonar, er í því fólgin, að meiri hluti nefndarinnar vill, að bætt sje við þeirri athugasemd: „Lánið veitist þegar í stað". Þó má eigi skilja þetta þannig, eins og jeg hefi heyrt varpað fram, að lán þetta eigi að borga út strax eftir nýár, hvort sem handbært fje sje í landssjóði eða ekki. Tilætlunin er að eins sú, að þetta lán sje *látið ganga fyrir öðrum lánum.*

21. brtt. tekur nefndin aftur. Nefndin hefir borið fram á sjerstöku þgskj., 948, tillögu um breytingu á orðalagi í 14. gr. B. XVII. b. Þessi breyting er borin fram eftir ósk sjálfs sundkennarans. Ef liðurinn væri orðaður eins og nú er, þá efaðist hann um, að sjer leyfðist að keppa sem „amatör" á sundmótum erlendis, heldur mundi talinn „professionel", en það mundi hann fá, ef liðurinn væri orðaður eins og hjer er gjört.

Fleira hefi jeg svo ekki að sinni að segja, um brtt. nefndarinnar. Jeg bíð með að tala um brtt. háttv. þdm., þangað til jeg hefi heyrt þá færa rök fyrir þeim.

Eiríkur Briem: Það er að eins eitt atriði í brtt. hv. nefndar, sem jeg vildi minnast á. Það er út af 10. brtt. hennar um að setja orðin „gefa út", í staðinn fyrir „semja". Nefndin minnist á þetta í áliti sínu, og segir að hún telji ekki rjett, að veita fje sjerstaklega, til þess að semja skýrslu um Þjóðmenjasafnið, því hún áliti, að þetta heyri undir starf þjóðmenjavarðarins, einkum þar sem hann nú fær allríflega launahækkun, og vilji hún því halda fast við, að styrknum sje varið til að gefa út skýrslurnar, eins og staðið hefir í frumvarpinu.

Út af þessu vil jeg taka það fram, að hjer er um misskilning að ræða. Fram að 1876 gaf Bókmentafjelagið út skýrslurnar um Forngripasafnið fyrir tímann þar á undan, og lagði fram kostnaðinn við prentunina, en borgaði líka ritlaun. Eftir 1876 hefir engin skýrsla um safnið verið gefin út á sama hátt og áður. Fyrst eftir andlát Sigurðar Vigfússonar 1892, var farið að prenta í Árbók Fornleifafjelagsins stuttan lista yfir það, sem safninu bættist árlega. Þessu var haldið áfram meðan þeir Pálmi Pálsson og Jón Jakobsson voru forngripaverðir. En eftir að lögin um

Forngripasafnið komu í gildi og núverandi Fornmenjavörður tók við umsjón safnsins, hefir Fornleifafjelagið tekið að sjer að gefa árlega út hina ítarlegu skýrslu, sem safnvörðurinn hefir samið, og það verð jeg að skoða sem skylduverk hans, að semja þessa árlegu skýrslu, enda hefir hann líka gjört það.

Í fjárlögunum 1913 voru svo veittar 300 kr. á ári, til að gefa út skýrslu um Forngripasafnið frá 1876. Þjóðmenjavörðurinn tók að sjer að semja skýrslu þessa; en það sjá allir, að það getur ómögulega heyrt undir starf hans, að semja skýrslu yfir safnið um 30—40 ára skeið.

Þegar þjóðmenjavörðurinn hafði samið nokkuð af skýrslu sinni, sneri hann sjer til Bókmentafjelagsins um útgáfu hennar, en það vísaði frá sjer til Fornleifafjel., en efnum þess er þannig farið, að það getur alls eigi tekið að sjer útgáfu þessa, nema þá með auknum fjárstyrk. Nú gengur hjer um bil helmingur árbókar fjelagsins til hinnar árlegu skýrslu safnsins, og meira getur fjelagið ekki afkastað fyrir þann styrk, sem því er nú veittur.

Form. Fornleyfafjel. sendi því Alþ. brjef frá fornmenjaverðinum þess efnis, að sjer yrðu veittar 300 kr., til þess að semja skýrsluna. Jafnframt því var glögg grein gjörð fyrir kostnaðinum við prentun og pappír. Það er þessi breyting, sem gjörð var í háttv. Nd. um að semja skýrslu um safnið; nú vill háttv. fjárlaganefnd breyta þessu, og skil jeg ekki annað en að það sje sprottið af misskilningi, og vona því, að háttv. deild verði ekki með því. Það er ómögulegt að láta það vera starf þess núverandi fornmenjavarðar að vinna það, sem að rjettu lagi hefði átt að vera starf fornmenjavarðanna, sem voru fyrir 20—30 árum, ef þeim hefði verið goldið svo fyrir starf sitt, að þess hefði verið hægt að krefjast af þeim. En þeir höfðu 200 kr. að launum, og því tæplega hægt að ætlast til þess af þeim. En þar sem þetta var ekki gjört á þeim árum, er ómögulegt að ætlast til þess af fornmenjaverði nú. Það, sem út frá er gengið, er að prentun og pappír fáist ókeypis, en svo er ekki, því að Bókmentafjelagið hefir neitað að gefa skýrsluna út, og vísað til Fornleifafjelagsins, sem gefur út ársskýrslu safnsins, en hefir engin efni á því. Það á fult í fangi með að halda úti árbók sinni, og sem sagt, helmingur árbókarinnar er skýrslan, sem það hefir tekið að að sjer að gefa út ókeypis fyrir þennan 400 kr. styrk, sem því er veittur í fjárlögunum.

Guðmundur Ólafsson: Þegar jeg samdi breytingartillöguna, gjörði jeg það vegna þess, að jeg kunni ekki við að brúin á Ólafsfjarðarós hefði hærri styrk en brúin á Hamarsá. Brúin á Ólafsfjarðarós á að vera úr timbri, en brúin á Hamarsá úr steinsteypu, og því rjettara að láta hana njóta hærri styrks. Síðan hefi jeg fengið upplýsingar um það, að á þessum vegi í Ólafsfirði sjeu tvær aðrar ár, Þverá og Garðsá, sem líka þarf að brúa, og er ætlað að kosti um 1700 kr. Til þessara brúa er ekki beðið um styrk, og sje jeg því, að ekki er ósanngjarnt að veita heldur ríflegan styrk til Ólafsfjarðaróss brúarinnar, fyrst landssjóður á annað borð veitir styrk til brúa úr timbri. Jeg tek því tillögu mína aftur. (*Karl Finnbogason*: Jeg tek hana upp aftur. *Forseti*: Og svo verður henni líklega vísað frá).

Jón Þorkelsson: Jeg á hjer tvær brtt. og ein lítil er á leiðinni, sem menn fá bráðum að sjá, og skal jeg því mæla fram með henni undir eins.

Það er þá fyrst efnisbreyting við 15. gr. 16, þar vil jeg bæta við nýjum lið, þess efnis, að veitt verði fje til þess að gefa út heildarútgáfu af ritum Hallgríms Pjeturssonar. Öllum er kunnugt um þennan mann, hvílíkur þjóðarsómi var að honum, og þarf því hans vegur að verða sem mestur. Rit hans þarf að birta og gjöra

að alþýðueign, því að ekki má láta þau liggja óprentuð eða í þeim ritum, sem óaðgengileg eru fyrir alla alþjóð. Útgáfa þessara rita hefði þurft að liggja fyrir þinginu 1914, á 300 ára afmæli hans, en það hefir því miður gleymst. Nú hefi jeg dirfst að koma með þessa breytingartillögu, því að það er mín skoðun, og jeg hygg flestra, að þetta megi ekki vera ógjört. Spursmáler þá, hvort þetta fje muni nægja, og hygg jeg að varla muni hjá því fara, að hægt verði að komast að samningum við eitthvert fjelag um útgáfu ritanna fyrir þessa upphæð. Jeg þarf ekki að tala fleira um manninn, því að hann er svo alkunnur að hvert mannsbarn á landinu þekkir hann, og öllum er hann kær.

Jeg hefi leyft mjer að gjöra þá breytingartillögu við 15. gr. 19, að hin hlálega athugasemd aftan við liðinn falli burt. Klausan er orðin svo kunnug, að jeg fjölyrði ekki mikið um hana. Við þessa litlu fjárveitingu á að elta háskólaráðið, Bókmentafjelagið og Stúdentafjelagið til álita um, hvort óhætt sje að veita 100 kr. eða ekki til ýmsra skálda og listamanna. Ef landið ætti þessar stofnanir, svo að löggjafarvaldið gæti skotið fjárveitingarvaldi sínu undir þær, þá væri öðru máli að gegna. Því verður ekki neitað, að þingið á ef til vill með það, að því er Háskólann snertir, og sama má segja um Bókm.fjel., því að það hefir notið landssjóðsstyrks langa lengi. Hins vegar er það að segja um Stúdentafjelagið, að þótt okkur þyki vænt um það, þá er það ekki þesshättar stofnun, að landið geti skotið fjárveitingarvaldi sínu undir það.

Þessi klausa virðist því ekki eiga heima í fjárlögunum og gjörir þar ekkert gagn. Stjórninni hefir verið fengið fje til útbýtingar handa skáldum og listamönnum, og hefir það verið gjört til þess að forðast alt skraf um einstaka menn. En hjer í þessari athugasemd er einmitt ætlast til að þessi fjelög viðhafi bæði skraf og skrif um mennina. Jeg hygg því flestum falli illa þessi athugasemd, og finnist hún óviðeigandi, ef þingið ætlar á annað borð að treysta stjórninni til að útbýta þessum styrk. Jeg vona því að háttv. deild samþykki þessa breytingartillögu mína.

Breytingartillaga, sú sem jeg býst við að komi bráðum hingað inn á borðin, stendur í nánu sambandi við lög, er samþykt voru í dag í háttv. Nd., um laun aðstoðarskjalavarðar. Jeg hefi leyft mjer að fara fram á að þau verði hækkuð upp í 1800 kr., og verði jöfn launum 1. bókavarðar við Landsbókasafnið. Þessar 600 kr., sem jeg vil láta bæta við laun hans, færast að eins til í fjárlögunum, því að þær eiga að dragast frá þeim 2000 kr., sem Hannesi Þorsteinssyni eru ætlaðar fyrir að rita æfisögur merkra manna. Jeg legg til að sá liður verði færður niðar í 1400 kr. hvort árið.

Þetta hefi jeg gjört í samráði við Hannes Þorsteinsson sjálfan, því að þetta fyrirkomulag er betra og tryggara fyrir manninn en laus ritstyrkur. Jeg þarf ekki að tala meira. Háttv. 1. kgk. þm. (F. B.) tók ágætlega til athugunar þann lið í brtt. nefndarinnar, sem jeg annars hefði talað um, og tök því þar af mjer ómakið.

Steingrímur Jónsson: Jeg á hjer tvær brtt., sem eiga saman. Önnur þeirra er á þgskj. 939, en hin á þgskj. 940. Þessar breytingartillögur snerta báðar brimbrjótinn í Bolungarvík. Fyrri tillagan fer fram á að setja inn þá athugasemd, að annarsstaðar frá skuli koma að minsta kosti $^1/_3$ kostnaðar. Það er með öðrum orðum tekið upp sama skilyrðið, sem hv. fjárlaganefnd áður hafði við þessa fjárveitinðu. Þessi orð hafa verið feld niður í háttv. Nd., og veit jeg ekki ástæðurnar til þess. Jeg hygg þó að aðalástæðan hafi verið sú, að það hafi verið talið of erfitt fyrir Bolvíkinga að leggja fram þessar 10,000 kr., en þó rjettlátt að þeir gerðu það. Jeg hefi því leyft mjer

að koma fram með aðra breytingartillögu, sem snertir sama mál. Hún er þess efnis, að landsstjórninni veitist heimild til að veita Hólshreppi 10,000 kr. lán gegn ábyrgð sýslusjóðs, svo framkvæmdir málsins þurfi ekki að stansa vegna fjárskorts; því að ef hreppsnefnd og sýslunefnd vilja fá lán, þá geta þær það. Jeg vona að þessum þrtt. verði vel tekið, og að jeg þurfi ekki að ræða þetta frekar. Orð háttv. fjárlaganefndar eru að eins tekin upp og sveitinni sýnd meiri linkind en áður.

Það urðu talsverðar umræður um þetta mál á þingi 1913, og var deilt um það, af okkur hv. þm. Ísaf. (S. St.) annars vegar um það, hve hátt landssjóðstillagið ætti að að vera, og hins vegar, hve mikinn hluta hjeraðsbúar sjálfir ættu að leggja fram. Það varð ofan á, sem háttv. þm. Ísaf. (S. St.) vildi, nefnilega, að upphæðin yrði hærri, og eins að sá hluti, sem Hólshreppur legði fram, yrði lægri en jeg vildi. Þá datt engum í hug, að landssjóður ætti að borga meira en helming. Svo kom á þessu þingi tillaga um að strika út þetta skilyrði; það áleit nefndin rangt og breyttti því aftur. Jeg skil ekki hvernig þetta getur kallast forsvaranleg fjárhagspólitík, að taka þetta eina fyrirtæki, sem sjávarútveg snertir, út úr öllum öðrum sams konar fyrirtækjum á kostnað þeirra. Sá er munurinn á Húnvetningum og Bolvíkingum, að Húnvetningar verða að borga $^2/_3$ bryggjukostnaðar á Blönduósi, en Bolvíkingar ekki nema $^1/_3$ kostnaðar hjá sjer, og er þó lífsnauðsyn fyrir Blönduósinga að fá þessa bryggju. Og hvers vegna er gjörður þessi mikli munur á Bolungarvík og Sauðárkróki, sem ekki fær nema $^1/_8$ kostnaðar, eða Eyjafirði, sem ekki fær nema $^1/_7$ eða $^1/_8$. Sama er líka að segja um Húsavík. Þá vík jeg að höfuðstaðnum; það er álitið að hann eigi að fá í mesta lagi $^1/_4$ kostnaðar. En hvað Vestmannaeyinga snertir, þá er með lögum ákveðið, að þeir skuli ekki fá meira en $^1/_4$, og vita þó allir, að sú höfn er fyrst og fremst fiskveiðahöfn og þar að auki er landið alt, sem að henni liggur, eign landssjóðs. Eða fær Bolungarvík þenna háa styrk, af því að landið þar er ekki landssjóðseign, af því að eigandi landsins er verzlun ein þar á staðnum. Það hefði verið sanngjarnt að heimta, að landeigandi legði fram það, sem á vantaði. Ef þetta verður samþykt, þá fara að tíðkast þau hin breiðu spjótin, það, að heimta með frekju háar upphæðir, án þess að vissa sje fyrir að það borgi sig. Afleiðingin er sú, að aðrir staðir á landinu fá ekkert. Ef 300,000 kr. eru veittar Bolungarvík, verða aðrir staðir á landinu að bíða, meðan landssjóður er að vinna sjer inn fje. Jeg vil láta Bolungarvík fá brimbrjót, en jeg vil ekki láta ausa svona miklu fje úr landssjóði til þess. Til samkomulags vil jeg láta þá borga $^1/_3$ kostnaðar, en lengra get jeg ekki gengið og vona að deildin samþykki breytingartillögur mínar.

Jeg skal ekki fjölyrða meira um þetta mál; jeg vil ekki lengja umræður um þetta mál, með því að fara út í einstakar brtt. Það er búið að ræða þær flestar, og jeg hefi minst á þær áður, og mun með atkvæði mínu skýra hvernig jeg lít á þær.

Sigurður Stefánsson: Jeg bjóst við að þessar breytingartillögur mundu koma og úr þessari átt. Jeg skal játa, að þær hafa talsvert til síns máls, en sá samanburður, sem háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.) viðhafði, er mjög athugaverður. Hjer erum við að ræða mál, sem ekki getur heyrt undir vegalög eða samgöngubætur. En það er verið að ræða sjerstaka þörf, sem verður að fullnægja, án þess að fara eftir ströngustu reglum. Í Bolungarvík er enginn þjóðvegur, engar brautir eða brýr, og alt eru þetta liðir, sem kosta miljónir króna. Þegar landið hefir lagt miljónir í samgöngubætur, má ekki fara of hart í sakirnar við þetta fyrirtæki, sem strangt tekið ekki heyrir undir vegalög, og því verður að styrkja

það ríflegar en ströngustu reglur heimta. Það er svo um Ísafjarðarsýslu, að meðan þingið hefir lagt miljónir króna til nauðsynlegra mannvirkja, þá hefir þessi sýsla engar fjárveitingar fengið, nema fáeinar þúsundir króna til Breiðdalsbrautarinnar. Það má segja, að hjer sje ekki um neina samgöngubót að ræða, er geti heyrt undir nokkura sjerstaka grein vegalaga, en jeg vil segja að hjer er um stórkostlega samgöngubót að ræða — stórkostlega samgöngubót, þótt það sje ekki þjóðvegur, sýsluvegur eða hreppavegur.

Það, sem hjer er um að ræða, er að bæta einn fjölfarnasta veginn á öllu landinu, það eru varirnar í Bolungarvík. Um þenna veg er það að segja, að mikinn hluta ársins fara því nær daglega um hann mörg hundruð manna, með hundruð þúsunda króna í skipum, veiðarfærum og afla, um hann hafa verið fluttar miljónir króna til lífsviðurværis landsmönnum og stórfje í vasa landssjóðs.

En það er eins víst um þenna geysi fjölfarna veg, að þar hafa árlega þúsundir króna tortímst. Þar hafa árlega farið þúsundir króna í eignatjón í lendingunni. Það er fljótt að koma er menn t. d. mjölbrjóta skip sín í lendingunni, jafn dýr og þau eru orðin nú á tímum.

Og þó að brýr sjeu nauðsynlegar á stórfljót landsins, þá er þó þessi lendingarbót enn þá nauðsynlegri. Það hafa mörg mannslíf tortímst í stórfljótum landsins, en þó eru þau enn þá fleiri, sem fyr og síðar hafa farist í lendingunni í Bolungarvík. Það er því miður ekki fátítt, að menn verði þar að horfa á þá sorglegu sjón, að sjá lík heilla skipshafna velkjast í brimróstinu, án þess nokkuð að geta að gjört, sökum ofureflis höfuðskepnanna.

Þótt nú Bolvíkingar fengju 20 þús. kr. til þessarar samgöngubótar, án nokkurs tillags frá þeirra hálfu, þá hafa þeir áður lagt svo mikið af mörkum til fyrirtækisins, að þeir hafa að fullu greitt þriðjung kostnaðarins móts við landssjóð, þótt þeir fengju þessar 20 þúsundir, án þess að leggja nokkuð á móti.

Fyrir hjer um bil 20 árum, áætlaði Sigurður verkfræðingur Thoroddsen, að bátahöfn í Bolungarvík kostaði 220 þús. kr. Þetta varð til þess, að hætt var við málið þá; mönnum fjell allur ketill í eld. Svo leið og beið. Svo kom Krabbe verkfræðingur til sögunnar, og hann gjörði lauslega áætlun um, að unt væri að gjöra þar mikla lendingarbót fyrir, á að giska 80 þús. kr. Þetta gladdi mjög mikið þann fjölda manna þar vestra, þar á meðal mig, sem var þetta áhugamál, og gaf málinu byr undir báða vængi. Það var stór munur á því, hvort hægt væri að fá þar góða lendingarbót fyrir 80 þús. kr., eða fyrir ekki minni upphæð en 220 þús. kr., og því komst aftur skrið á málið; þingið tók að styrkja það og Bolvíkingar lögðu mikið fje fram. En nú kemur það upp úr dúrnum, að Krabbe segir, að þetta muni kosta 225 þús. kr., en ekki 80 þús. kr., og tel jeg líklegt, að það verði til þess, að Hólshreppur treysti sjer ekki til að vinna verkið til fulls. En hvað sem því líður, þá er það víst, að hver meter, sem garðurinn er lengdur, gjörir Bolvíkingum mikið gagn. Það hefir þegar sýnt sig, að með þeim garði, sem þegar er kominn, er mikið betra að lenda þar en áður var. Þetta hefir og gefið Bolvíkingum vind í seglin, með að reyna að fá garðinn lengdan. *(Steingr. Jónsson*: Hvað kostar meterinn?). Um 1000 kr., en hann verður vitanlega dýrari, eftir því sem hann nær lengra fram og dýpka tekur. En það er sýnt, að hann stendst bæði brim og hafís.

Þar sem háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.), var að tala um það, að með þessu væri öðrum hjeruðum, t. d. Húnvetningum, órjettur gjör, þá get jeg ekki sjeð að svo sje. Bryggjan á Blönduósi er þörf, en þar fer ekki daglega um jafn mikill mannfjöldi

og um varirnar í Bolungarvík. Sama er að segja um hafnarbótina á Sauðárkróki, að hún er ekki sambærileg, þó þar sje um sjálfsagða nauðsyn að ræða, er þarf að bæta úr.

En í sambandi við þetta ber háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.) fram lánsheimild handa Hólshrepp; það á að vera til að bæta úr. En jeg býst við, að jafn glöggum manni og háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.), sje það full ljóst, að þessi lánsheimild gefi mjög litlar vonir um, að fá peningana, þótt Bolvíkingar treystu sjer til að taka lánið, eftir því útliti sem nú er,

Hvað við víkur því, að landið sje eign einstaks manns, þá er það rjett, en á því liggur sú kvöð, að það má ekki brúka Bolungarvíkurmalir til annars en skipauppsáturs og verbúðabyggingar. Björn Jórsalafari gaf landið, og á Vatnsfjarðarkirkja hálfa vertolla, og eru samningar um það gjörðir, að þar megi engar byggingar byggja, sem koma í bága við uppsátrið og rjettindi verbúðarmanna.

Þetta er trygt, og þessu er ekki hægt að rifta, og eftirgjaldið getur ekki hækkað, nema í samráði við prestinn í Vatnsfirði. Vertollur hefir nýlega verið lækkaður; er nú 13 krónur af skipi fyrir vertíð. Það er því engin hætta á því, að landeigandi geti heitt nokkurri kúgun, svo að menn hætti að leita þangað til sjósókna.

Jeg skal taka það fram, að færi svo, að jeg sæti á þingi aftur, þá hygg jeg, að það yrði nú í síðasta sinn, sem jeg hjeldi því fram, að fje úr landssjóði yrði lagt fram í þessu skyni, án þess að hjeraðið sjálft legði fram fje á móti. En jeg verð að telja það minna principsbrot, þó 20 þúsundir sjeu nú veittar skilyrðislaust, en mörg önnur sem við gjörum hjer árlega á þingi, svo sem að leggja tugi þusunda í vegi, sem landssjóði ber engin skylda til að styrkja.

Jeg tel að hjer sje um sjerstaka nauðsyn að ræða. Til Bolungarvíkur sækja menn úr öllum fjórðungum landsins. Þar stunda menn sjó úr því nær öllum sýslum landsins. Svo þetta snertir í raun og veru alt landið. Þetta hefir verið einhver fiskisælasta veiðistöð landsins alt frá ómunatíð, en það getur raunar breytst með breyttum veiðiaðferðum. En síðan tollur komst á sjávarafurðir, hefir þetta verið einhver besta mjólkurkýrin, er landssjóður hefir haft, og jeg býst við, að það eigi langt í land að það breytist.

Jeg vona því, að háttv. deild sýni þessari fjárveitingu linkind og felli breytingartillöguna.

Guðmundur Björnson: Jeg verð að biðja fjárlaganefnd velvirðingar á því, að jeg varð að brjóta þá reglu, er jeg hafði tekið mjer, og það loforð, er jeg hafði gefið, að gera ekki brtt. við fjárlögin. En sú er bót í máli, að tillaga sú, er jeg flyt, hefir áður verið samþykt hjer í hv. deild, en var strikuð út í hv. Nd.

Það er um kenslu í líffærameinfræði.

Jeg hygg, að það sje enginn hjer í hv. deild, sem hefir betri þekkingu á kenslukröftum við læknadeild Háskólans heldur en jeg. Og jeg verð að segja það, að jeg tel brýna nauðsyn á þessu. Nú er svo háttað, að kenslustörfum er ofhlaðið á suma kennarana, sjerstaklega á Guðmund prófessor Magnússon; það hvílir alt of mikil kensla á hans herðum, og það er brýn nauðsyn á að kenslukraftarnir sjeu auknir.

Þessi grein, líffærameinfræðin, er ein af aðalgreinum læknisfræðinnar. Greinar læknisfræðinnar eru margar, og við getum ekki búist við sjerstökum kennara í þeim öllum, en við þurfum að fá sjerstakan kennar í höfuðfræðigreinunum.

Í sambandi við þessa fræði er sóttkveikjufræðin, og jeg verð að segja, að það sje nauðsynleg fræðigrein, sjerstaklega í læknadeild Háskólans. Nú er svo háttað, að það er enginn hjer, sem sjerstak-

lega hefir lagt stund á þessa fræðigrein, jafn mikil og merk sem hún er. Okkur vantar því færan mann til að kenna hana, en jeg endurtek það, að jeg legg áherslu á, hversu afarnauðsynleg hún er.

Jeg hefi nú um nokkur ár haft á hendi stjórnina á sóttvarnarstörfunum. En undirstaða sóttvarnanna er sóttkveikjufræðin, og því er það mjög þýðingarmikið, svo allt sje í sem bestu lagi, að læknar sjeu vel að sjer í þeirri fræðigrein. Og þegar verið er að tala um hið mikla gagn, sem læknarnir hafi gjört, þá vil jeg segja það, að höfuðgagnið eru sóttvarnirnar; með þeim hafa þeir unnið þjóðinni mest gagn. Jeg verð því að telja það hörmulegt, ef þingið vill ekki sinna þessari brýnu nauðsyn, því þjóðin vill hafa lækna, þó hún fari ver með þá en aðra starfsmenn sína. Það er augljóst, að hjer er um nauðsyn að ræða, og mjer er óskiljanlegt, að þingið þverskallist við því, að bæta úr þessu. Þetta er tvímælalaust mesta nauðsynin fyrir Háskóla vorn, nauðsynlegra en margt annað, sem talað hefir verið um.

Karl Finnbogason: Jeg á hjer tvær breytingartillögur. Báðar eru þær mjög skaðlausar fjárhag landsins, því að eins er farið fram á lán gegn fullri tryggingu; og báðar miða þær að því, að styrkja þarflegar framkvæmdir.

Önnur þeirra fer fram á það, að veittar verði 5000 krónur til smálána handa verkamönnum í kaupstað, til jarðabóta.

Hv. þingdeildarmönnum virðist þetta ef til vill vera nýmæli, en það er það ekki í raun og veru. Jeg vil benda á lán það, sem nú er veitt til þurrabúðarmanna utan kaupstaða. Það er samskonar lán. Það eitt er ætlun mín, að gjöra þurrabúðarmönnum, sem í kaupstað búa, jafnhátt undir höfði og þeim þurrabúðarmönnum, er búa utan kaupstaða. Og jeg sje heldur enga ástæðu til að gjöra neinn mun á þessum mönnum.

Ef nokkuð væri, þá væri ekki síður ástæða til að lána fje til jarðræktar utan kaupstaðanna; að minsta kosti er jeg ekki með því undir öllum kringumstæðum, því það er undir atvikum komið, hve rjettmætt er að veita slík lán.

Víða hagar svo til, að kaupstaðirnir eiga nóg land, er þeir geta látið verkamennina fá til ræktunar. Og ýmsir verkamenn hafa bæði vilja og talsverðan tíma til að nota landið og rækta. En þá vantar fje. Fje þeirra er af svo skornum skamti, að þeir hafa engan afgang þess fjár, er nota verður til matarkaupa og annara bráðnauðsynja. Þeir vildu margir fegnir rækta landið, ef þeir ættu kost á því, en þeir geta það ekki.

Það er því rjett, að veita þeim ódýr og tryggileg lán, til þess að þeir geti ræktað blett í fristundum sínum.

Og það er engin hætta, að veita þessi lán; landssjóður á þar ekkert á hættu, því bæjarfjelagið ábyrgist lánin, og mun sjá um sig.

Hjer er um fulla rjettlætiskröfu að ræða, og jeg tel víst, að þessi lán mundu koma mörgum manni að fullu gagni. Vona jeg því, að hv. deild samþykki brtt.

— — Jeg verð að taka mjer málhvíld, því nærfelt engir þingmenn eru í sætum sínum. Sá ósiður er kominn á hjer í hv. deild, að þingmenn tolla ekki í sætum, en eru að flækjast aftur á bak og áfram, bæði inni í deildinni og utan hennar. (*Forseti*: Það er sjaldan). Nei, það er síður en svo, og eins og hver ósiður, fer það í vöxt. Jeg held þessi spilling breiðist út frá hv. Nd., og er það illa farið.

— — —

Önnur breytingartillagan, sem jeg flyt, er um það, að veita Samúel Eggertssyni 2000 kr. lán, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin tekur gilda. Á lánið að afborgast á 15 árum, með 5% vöxtum.

Lán þetta biður Samúel um, til þess að framkvæma verk, sem þingið hefir neit-

að honum um styrk til að vinna. Það á að vera til þess, að hann geti gert góðan uppdrátt af Íslandi fyrir skólana.

Jeg finn ekki ástæðu til að mæla sjerstaklega með þessu nú. Það, sem jeg talaði um þetta við 2. umræðu fjárlaganna, er jeg ta'aði með styrk til hans, gildir alveg eins um þetta.

Maðurinn er fátækur. Hann hefir kostað miklu fje til að undirbúa verkið, svo að hann sjer sjer ekki fært, að halda áfram, nema hann fái hjálp. Nú hefi honum brugðist von um að geta fengið styrk, en honum hefir ekki brugðist vonin um að geta unnið verkið, og vill nú fá lán til að gjöra það, sem tvímælalaust hefði átt að gjöra á kostnað landsins. Og þetta lán vill hann borga aftur með rentum og rentu-rentum, til þess að fá að vinna landinu gagn.

Jeg sje ekki, að hv. deild geti, sóma síns vegna, neitað um þetta litla lán. Með því mundi hún neita fátækum manni um stuðning til að vinna verk fyrir landið, ekki á kostnað *landsins*, en á kostnað *mannsins*. Til slíks trúi jeg ekki háttv. deild fyr en jeg tek á. .

Þá er tillagan, sem jeg tók upp. Það gjörði jeg til þess að fult samræmi væri á milli fjárveitinganna til brúar á Hamarsá og brúar á Ólafsfjarðarós. Jeg sje ekki neina ástæðu til, að gera nokkurn mismun á þeim, allra helst þar sem það lítur svo út af skýrslu landsverkfræðingsins, að hann kannist ekkert við brú á Ólafsfjarðarós. Þeim mun síður er ástæða til að taka þá brú fram yfir hina. Upphæðina læt jeg mig engu skifta.

Þá er ofurlítið atriði í brtt. háttv. nefndar, sem jeg vildi minnast á. Það er að launahækkun til Einars Sæmundsen skógfræðings falli burt. Finst mjer þetta vera næsta smávægilegt atriði, þó að bygt sje á umsögn skógræktarstjórans, ekki síst þar eð mjer er sagt, að skógræktarstjórinn hafi eggjað hann á að sækja um launahækkun. En svo gefur skógræktarstjórinn slík „meðmæli", að nefndin sjer sjer ekki fært, að verða við beiðninni. Er það allhart, að maðurinn skuli þar verða að gjalda þess, þó óheppilega sje um málið búið og með því mælt. Þessum manni er verst launað af skógfræðingunum, þegar þess er gætt, að hann hefir engan fastan bústað. Hann verður að flækjast til og frá, og búa við dýrara viðurværi en aðrir skógarverðir. Hinir mega sitja að landkostum og öðru ágæti þess, er *heimili* fylgir. Leyfi jeg mjer því að leggja til, að brtt. sje feld, og hjer sje farið eftir tillögum hv. ráðherra um málið.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg þarf ekki að vera langorður, því hjer hefir að eins einn háttv. þm. hreyft andmælum gegn brtt. nefndarinnar, og skal jeg því taka það fram, að nefndin leggur ekkert kapp á það mál, og með því að ekki hefir verið hægt að kalla saman fund, hefi jeg ekki leyfi til að taka hana aftur, en jeg gjöri ráð fyrir, að nefndarmenn hafi algjörlega óbundið atkvæði. En mjer er þó enn ekki fyllilega ljóst, hvers vegna styrkur þessi hefir verið notaður til að semja skýrslu Þjóðmenjasafnsins, í stað þess að vera notaður til þess að gefa hana út.

Kem jeg þá að brtt. einstakra þingmanna. Er þá fyrst brtt. hv. þm. Húnvetninga (G. Ó.), sem hann tók aftur, en hv. þm. Seyðf. (K. F.) tók upp. Nefndin hefir ekki viljað ganga að henni, nema með því móti, að hún hefði verið borin upp í tvennu lagi, þá hefði hún getað gengið inn á síðari liðinn. Ef háttv. forseti sjer sjer fært að bera hana upp þannig, þá getur verið að hún gangi fram. Hins vegar vil jeg benda á það, að nefndin telur rangt, að landssjóður leggi *fé til trébrúa*, heldur að eins til þeirra, sem eru úr steini eða járni. Er mjer sagt, að þetta sje og hafi verið skoðun landsverkfræðingsins og þingsins áður, og verðum við

því að halda henni fast fram. Þó þetta sje ef til vill dýrara, þá er það miklu betra fyrir sveitina, sem hjer á hlut að máli.

Þá kem jeg að hv. 6. kgk. (J. Þ.) og klausunni góðu við skáldin og listamennina, því nefndin getur ekki fallist á brtt. Sama er að segja um styrk til heildarútgáfu rita Hallgríms Pjeturssonar. Nefndinni finst sem sje ekki rjett, að koma með nýja liði til samþyktar við eina umr. í Ed. Svo var ágreiningur um, hvort slík heildarútgáfa væri heppileg, og var það mest með tilliti til útgáfu á ritum Stefáns Ólafssonar.

Hv. 5. kgk. (G. B.), þurfti alls ekki að biðja nefndina neinnar velvirðingar, því meiri hluti hennar tekur brtt. aftur, með mikilli ánægju, og jeg vona, að atkvæði um það nauðsynjamál verði óskift.

Þá talaði háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.), um brimbrjótinn í Bolungarvík, og get jeg lýst yfir því, að nefndin hefir algjörlega óbundin atkvæði í því máli. Sama er að segja um brtt. hv. þm. Seyðf. (K. F.); við hana hefir nefndin ekkert sjerstakt að athuga.

Háttv. þm. Vestmannaeyja (K. E.) hefir ekki fært rök fyrir tillögu sinni, en nefndin hefir ekkert um hana að segja að svo stöddu, nema að hún kemur nokkuð seint.

Háttv. þm. Seyðf. (K. F.) var óánægður við nefndina út af því, að vilja fella niður launaviðbót til Einars Sæmundssen. En þar fór nefndin eftir skjölum þeim og gögnum, sem fyrir lágu í málinu, og þau mæla ekki með hækkun. Vil jeg síðar lesa upp brjefið, en ályktunarorðin eru þau, að ef til vill væri gjörlegt að hækka launin, ef þá fengist fremur hæfur maður til að gegna starfinu. Hins vegar skal jeg ekki segja um, hvað Kofoed-Hansen hefir við ráðherra sagt í þessu efni. Þetta stendur skrifað, og á öðru gat nefndin ekki bygt.

Á þgskj. 967 er brtt. frá nefndinni. Hún er þannig til komin, að landsbókavörður hefir sótt um að fá uppbót á fje, sem safnið hefir lagt fram fyrir geymslu. Hefir nefndin fengið brjef frá honum þessu viðvíkjandi.

Segist landsbókavörður, vegna hlíðar við safnið hafa skirrst við að reka út Náttúrugripasafnið, eftir að troðfult hafi verið orðið í lögfræðisdeild, lækna- og málfræðideild safnsins, og með því sparað landssjóði 2000 til 3000 kr. árlega í húsaleigu. Enn fremur segir hann: „Í september, að afloknu þingi 1913, spyr jeg stjórnarráðið hvað gjöra skuli í þessum efnum. Vandinn á aðra hönd, en úrlausn bráðnauðsynleg á hina. Því bauð jeg stjórnarráðinu, sem ekki vissi hvernig úr ætti að ráða, að lána af 2000 króna aukasjóði, sem jeg hafði ætlað safni mínu til búdrýginda, ef höpp bæru að höndum, það er nægði til *bráðabirgða*, fyrir geymslu á úreltum bókum og öðrum þeim ritum, sem lítt er eftir sótt. Stjórnarráðið tók þessu boði með þökkum, og leyfði mjer að leggja þetta fje út til *bráðabirgða*.

Jeg hafði vænst þess, að útlagður eyrir til skápa í kjallara Jóns bæjarfógeta Magnússonar, að upphæð kr. 552,50, sem og goldin ársleiga, fyrir árin 1914 og 1915, 180 kr. hvort árið, yrði safninu endurgoldin í fjáraukalögum, sem og áframhaldandi leigukostnaður, með kr. 180,00 á ári framvegis".

Skal jeg geta þess, að þessar 912,50 krónur áttu að koma í fjáraukalög, en brtt. gat ekki komið fyr, sökum þess að beðið hefir verið eftir svari frá stjórnarráðinu, sem fyrst kom í dag. Finst nefndinni óhjákvæmilegt, að veita fje þetta.

Nefndin hefir ekki átt neinn fund með sjer, um brtt. hv. 6. kgk. þm. (J. Þ.), því hún kom of seint, en mjer finst hún næsta óþörf, og að líðurinn megi standa óhaggaður, enda óviðkunnanlegt að hækka laun aðstoðarskjalavarðar þannig, að hann verði jafnhár og núverandi skjalavörður.

Steingrímur Jónsson: Að eins örfá orð út af ræðu háttv. þm. Ísaf. (S. St.).

Jeg get ekki neitað því, að mjer fanst hann svara nokkuð út í hött, er hann var var að verja brimbrjótinn, og eins er hann sagði, að jeg hefði verið að bera hann saman við vegagjörðir, en það gjörði jeg alls ekki, enda þótt það mætti. Það liggur sem sje í augum uppi, að þetta fyrirtæki hlýtur að tefja fyrir vegagjörðum. En jeg tók aðrar umbætur til samanburðar, og þar á meðal höfnina í Vestmannaeyjum. Getur engum blandast hugum um, að þar er um engu þýðingarminni veiðistöð að ræða, nú sem stendur og allra síst í framtíðinni. Satt er það að Ísafjarðarsýsla hefir fengið lítið til vega, en hún hefir fengið ýmislegt annað, svo sem bættar samgöngur á sjó, fje veitt til bátaferða og millilandaferða og hefir að að því leyti alls ekki orðið út undan.

Þegar litið er á verk þetta, þá eru margir staðir, sem eiga eins mikla kröfu til þess eins og Bolungarvík, svo sem Keflavík vestra, Þorlákshöfn o. fl. Hjer er um principmál að ræða, sem alls ekki má ana hugsunarlaust út í.

Það gladdi mig að háttv. þm. Ísaf. (S. St.) sagði að áætlanin væri að eins lausleg ágiskun frá Krabbe, en í hitt eð fyrra var þetta talin áætlun.

Jeg held að tal háttv. þm. Ísaf. (S. St.) um gyllivonir, að því er lánsheimildina snertir, hafi verið ástæðulaust. — Við 2. umr. talaði jeg um að 100 þús. kr. innborguðust af viðlagasjóði, og sjálfsagt er að lána það fje aftur, og jeg hygg háttv. þingmann vita að þau fyrirtæki, sem landssjóður styrkir, ganga þar fyrir.

Háttv. þm. Ísaf. (S. St.) talaði um, að þetta yrði í eina skiftið, sem Bolvíkingar sæktu um fje, án þess að leggja eitthvað af mörkum sjálfir, og vona jeg að þm. segi það satt; en jeg get ekki neitað því, að jeg er hræddur um að það rætist ekki. Og áreiðanlegt er það, að framkoma þessa máls í Nd. stingur mjög í stúf við það, sem gjörðist þar 1913.

Karl Einarsson: Jeg á breytingartillögu á þgskj. 958.

Árið 1911 voru veittar 5 þús. kr. til að rannsaka hafnarstæði í Vestmannaeyjum. Þá var meiningin að landssjóður greiddi allan kostnað við undirbúning hafnarinnar og sæi um að gjörðar yrðu áætlanir. Þá gat nefnilega farið svo, að Vestmannaeyingar sæu sjer ekki fært að ráðast í hafnargerðina, en 1913 voru samþykt lög um þetta. Fyrir þinginu 1914 lá svo beiðni um að fá endurgreiðslu á því fje, sem til hafði verið kostað fram yfir það, sem veitt var, og var þar farið eftir reikningi hafnarsjóðs, og var kostnaður við rannsóknina kr. 7305,65; en eftir bendingu eins háttv. þingmanns kem jeg með brtt., þannig, að þar standi ekki á aurum, því óvenjulegt mun vera, að svo standi í fjárlögunum.

Vona jeg að háttv. deild samþ. brtt., þar eð háttv. framsögumaður fjárlaganefndar hefir ekki hreyft mótbárum, öðrum en þeim, að hún kæmi seint, en jeg sá ekkert athugavert við það, og mun upplýsa málið betur í sameinuðu þingi, ef þarf, og fær þá háttv. nefnd tækifæri til að gera álit sitt gildandi. Hins vegar játa jeg, að brtt. kemur seint, en beiðnin lá fyrir í fyrra, en þá voru fjáraukalögin feld, og varð eigi úr að endurtaka hana, og svo sást mjer yfir hana þar til nú.

Karl Finnbogason: Að eins örfá orð út af brjefi skógræktarstjórans.

Mjer finst álit háttv. nefndar vera dálítið þversum í þessu máli. Jeg get ekki sjeð, að hjer sje hægt að spilla neinu, því ef maðurinn fær bætt laun og dugir vel, þá er hann verður launanna. En ef hann dugir ekki vel og annar maður fæst í hans stað fyrir það að launin hækka, og sá dugir vel, eins og skógræktarstjórinn virð-

ist gera sjer von um, þá ber alt að sama brunni. En háttv. nefnd vildi ekki unna núverandi skógarverði hærri launa en hann hefir. Og hún vill ekki heldur unna skógræktarstjóranum þess, að fá betri mann, ef þessi dugir ekki að dómi hans. Alt á að sitja við sama, hvorugs kjör má bæta, skógarvarðar eða skógar.

Jón Þorkelsson: Jeg veit ekki hvað háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar getur haft á móti tilfærslunni á þgskj. 671. Get jeg ekki sjeð að það spilli neinu frá því, sem nú er.

Jeg býst við að háttv. framsögumaður hafi ekki athugað það, að til stendur að auka vinnutímann við safnið og hafa það jafnlengi opið daglega og Landsbókasafnið, þ. e. 6 stundir á dag. Af þessari ástæðu er það, að jeg hefi lagt til að maðurinn fái jafnmikil laun og 1. aðstoðarbókavörður í Landsbókasafninu. Því eins og menn menn sjá, er alsendis ósanngjarnt að starfstíminn sje lengdur, án þess að launin hækki að sama skapi. Annars ætla jeg ekki að þjarka frekar um þetta, en ber það traust til háttv. deildar, að hún taki þessa sanngjörnu kröfu til greina.

Framsögumaður (Magnús Pjetursson): Jeg vildi að eins gjöra stutta athugasemd um tvö atriði.

Fyrst er að minnast á þennan misskilning háttv. þm. Seyðf. (K. F.). Jeg hefi aldrei heyrt þess getið, að talin væri sjerstök ástæða til þess, að veita þeim mönnum launauppbót, sem illa hafa staðið í stöðu sinni. Staðan var stofnuð með þeim launum, sem nú er, en hefði maðurinn staðið vel í stöðu sinni, þá hefði ef til vill verið ástæða til þess að hækka launin eitthvað. Skógræktarstjórinn hefir mælt með því að launin væru hækkuð, til þess að meiri líkindi væru fyrir því, að hæfur maður fengist í stöðuna. Með öðrum orðum til þess að geta losnað við manninn. En jeg fæ ekki, sjeð að beinasti vegurinn til þess, að fá hæfan mann í staðinn, sje sá, að veita *þessum* manni launauppbót.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 6. kgk. þm. (J. Þ.) sagði um launahækun aðstoðarskjalavarðarins, er það að athuga, að ef tillaga hans nær fram að ganga, þá verður þetta embætti launað með 1800 kr. í stað 1200 kr., í stað þess að rjettara hefði verið að 600 kr. yrðu veittar sem persónuleg launaviðbót til mannsins. Þess vegna hlýtur nefndin að verða á móti brtt. hv. 6. kgk. þm. (J. Þ.). Því hvaða meining er í því, að taka af fje því, sem ætlað er þessum manni fyrir alt annað starf og setja það sem launaviðbót við þetta embætti, þó hann nú gegni því.

ATKVGR.:

Brtt. 924,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 924,2 — — 12 — —
— 924,3 — — 8 : 5 — að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Eiríkur Briem,
Jósef Björnsson,	Guðm. Björnson,
Karl Einarsson,	Guðm. Ólafsson,
Kristinn Daníelsson.	Hákon Kristófesson.
Magnús Pjetursson,	
Sigurður Stefánsson.	

Karl Finnbogason greiddi ekki atkvæði og taldist til meiri hluta.

Brtt. 924,4 samþ. með 11 : 2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Hákon Kristófersson,
Steingr. Jónsson,	Jósef Björnsson.
Eiríkur Briem,	
Guðmundur Björnson,	
Guðmundur Ólafss.,	
Jón Þorkelsson,	
Karl Einarsson,	
Magnús Pjetursson,	
Sigurður Stefánsson.	

Karl Einarsson og Kristinn Daníelsson

greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Brtt. 957a feld með 9 : 2 atkv.
— 957b samþ. með 8 : 1 atkv.
— 924,5 — — 12 shlj. atkv.
— 924,6 feld — 7 : 6 atkv.
— 924,7 samþ. — 7 : 4 —
— 929 — — 12 : 1 — að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson.
Eiríkur Briem,	
Guðm. Björnson,	
Hákon Kristófersson,	
Jón Þorkelsson,	
Karl Einarsson,	
Karl Finnbogason,	
Kristinn Daníelsson,	
Magnús Pjetursson,	
Sigurður Stefánsson.	

Guðmundur Ólafsson og Jósef Björnsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hluta.

Brtt. 924,8 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 924,9 — — 9 — —
— 948 — — 12 — —
— 967 — — 12 — —
— 971,1 feld — 8 : 3 atkv.
— 971,2 fallin án atkvgr.
— 924,10 feld með 7 : 6 atkv.
— 924,11 samþ. með 13 shlj. atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu allir þingdm. já.

Brtt. 953 feld með 7 : 3 atkv.
— 963 — — 6 : 6 — að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Steingrímur Jónsson,	Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,	Guðmundur Ólafsson,
Guðm. Björnson,	Hákon Kristóferss.,
Jón Þorkelsson,	Karl Einarsson,
Karl Finnbogason,	Kristinn Daníelsson,
Sigurður Stefánsson.	Magnús Pjetursson.

Jósef Björnsson greiddi ekki atkv.

Brtt. 924,12 samþ. með 10 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingrímur Jónsson,
Eiríkur Briem,	Guðmundur Björnson,
Hákon Kristófersson,	Guðmundur Ólafsson.
Jón Þorkelsson,	
Jósef Björnsson,	
Karl Einarsson,	
Karl Finnbogason,	
Kristinn Daníelsson,	
Magnús Pjetursson,	
Sigurður Stefánsson.	

Brtt. 924,13 samþ. með 9 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingrímur Jónsson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Björnson,
Guðm. Ólafsson,	Jón Þorkelsson,
Hákon Kristófersson,	Kristinn Daníelsson,
Jósef Björnsson,	
Karl Einarsson,	
Karl Finnbogason,	
Magnús Pjetursson,	
Sigurður Stefánsson.	

Brtt. 924,14 samþ. með 11 : 2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingrímur Jónsson,
Eiríkur Briem,	Guðmundur Ólafsson,
Guðm. Björnson,	
Hákon Kristófersson,	
Jón Þorkelsson,	
Jósef Björnsson,	
Karl Einarsson,	
Karl Finnbogason,	
Kristinn Daníelsson,	
Magnús Pjetursson.	

Sigurður Stefánsson greiddi ekki atkv. og taldist til meiri hluta.

Brtt. 924,15 samþ. með 10 : 1 atkv.
— 924,16 — — 10 shlj. —
— 924,17 — — 9 — —
— 944 — — 7 : 1 —
— 924,18 tekin aftur.
— 980 feld með 8 : 4 atkv.
— 958 — — 9 ; 4 — að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Hákon Kristófersson,	Björn Þorláksson,
Karl Einarsson,	Steingrímur Jónsson,
Magnús Pjetursson,	Guðm. Björnson,
Sigurður Stefánsson.	Guðmundur Ólafss.,
	Jón Þorkelsson,
	Karl Finnbogason,
	Krtstinn Daníelsson.

Eiríkur Briem og Jósef Björnsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hluta.

Brtt. 924,19 samþ. með 13 shlj. atkv. viðhöfðu nafnakalli; allir deildarmenn sögðu já.

Brtt. 959 feld með 6 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Þorláksson,	Hákon Kristóferss.,
Steingrímur Jónsson,	Jón Þorkelsson,
Guðm. Björnson,	Karl Einarsson,
Guðm. Ólafsson,	Karl Finnbogason,
Jósef Björnsson,	Kristinn Daníelsson,
Magnús Pjetursson.	Sigurður Stefánsson.

Eiríkur Briem greiddi ekki atkv.

Brtt. 949 samþ. með 8 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Hákon Kristófersson,	Steingrímur Jónsson,
Jósef Björnsson,	Eiríkur Briem,
Karl Einarsson,	Guðmundur Björnson,
Karl Finnbogason,	Guðmundur Ólafsson,
Kristinn Daníelsson,	Jón Þorkelsson.
Magnús Pjetursson,	
Sigurður Stefánsson.	

Björn Þorláksson greiddi ekki atkv. og taldist til meiri hlutans

Brtt. 950 feld með 6 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eiríkur Briem,	Björn Þorláksson,
Hákon Kristófersson,	Steingrímur Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Guðm. Björnson,
Karl Finnbogason,	Jósef Björnsson,
Magnús Pjetursson,	Karl Einarsson,
Sigurður Stefánsson.	Kristinn Daníelsson.

Guðmundur Ólafsson greiddi ekki atkv.

Brtt. 924,20 samþ. með 10 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Þorláksson,	Steingrímur Jónsson,
Guðmundur Ólafss.,	Eiríkur Briem,
Hákon Kristóferss.,	Guðmundur Björnson.
Jón Þorkelsson,	
Jósef Björnsson,	
Karl Einarsson,	
Karl Finnbogason,	
Kristinn Daníelsson,	
Magnús Pjetursson,	
Sig. Stefánsson.	

Brtt. 940 tekin aftur.

— 924,21 tekin aftur.

Frv. samþ. í einu hljóði og afgreitt til sameinaðs Alþingis.

(A. 984).

---

2. Fjáraukalög fyrir árin 1914 og 1915.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 9. ágúst var útbýtt

Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. (A. 257).

Á 29. fundi í Ed., miðvikudaginn 11. ágúst, var frumvarpið tekið til 1. umr. (A. 257).

Sigurður Stefánsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til að frv. verði vísað til fjárlaganefndar að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með öllum atkv.

Samþ. að vísa frv. til fjárlagan. með öllum atkv.

Á 37. fundi í Ed., fimtudaginn 19. ágúst, var frumvarpið tekið til 2. umr.

(A. 257, n. 358, 359, 396, 397, 418, 434, 440).

Framsögumaður (Magn. Pjetursson): Eins og háttv. deildarmenn sjá, hefi frv. hækkað um 5613 kr., við meðferðina í neðri deild. Mest er sú hækkun á 4. gr., hjer um bil 4000 kr. Ef tillögur nefndarinnar ná fram að ganga, eru fullar líkur til, að þetta hækki enn meir. Áður en jeg fer lengra, ætla eg að undirstrika það, sem sagt er í nál., um fjárveitinguna til þess að gegna embætti yfirdómara Jóns Jenssonar. Það er alls ekki tilætlunin, að stjórnin, eigi framvegis að ganga þessa braut, þó slíkt hafi áður komið fyrir, þá ætti það ekki að koma fyrir oftar, en nefndin leggur til, að í þetta skifti verði fjárveitingin samþykt, af alveg sjerstökum ástæðum.

Þá kem jeg að 1. brtt. á þgskj. 519. Hún fer fram á 18000 kr. hækkun á tillagi til Vífilsstaðahælisins. Eins og getið er um í nefndarálitinu, er tekjuhallinn af hælinu 2110 kr. 35 a. Jeg býst við að sumum hv. þingdeildarmönnum þyki nokkuð djúpt í árinni tekið, og vaxi í augum þessi feiknamikli tekjuhalli á rekstri Heilsuhælisins, ekki síst þegar þess er gætt, að Heilsuhælið hefir þegar áður, á yfirstandandi fjárhagstímabili, fengið 73 þús. kr. Þessi tekjuhalli minkar þó í rauninni talsvert, þegar tekið er tillit til, að á nýári á Vífilstaðahælið töluverðar birgðir, sem borgaðar hafa verið af þessu fje, en sem notaðar verða á næsta ári; t. d. eru nú þegar keypt kol alveg til vetrarins. Að tekjuhallinn er svo mikill er fyrst og fremst að kenna þeirri verðhækkun, sem orðið hefir á allri innlendri og útlendri vöru, og nú er jafnvel búist við, að vörur hækki enn meir, en aftur á móti, hefur daggjald sjúklinganna aldrei verið hækkað. Nefndinni þótti undarlegt, að það hafði ekki verið gjört, eitthvað í hlutfalli við vöruhækkunina. Eftir því sem út lítur, hefir landsstjórnin ráðið frá því, að hækkað yrði ofan í tillögur Heilsuhælisstjórnarinnar. Okkur finst ekki lengur megi svo til ganga; en nauðsyn beri til að hækka dagpeningana, og það því fremur, sem á flestum ef ekki öllum sjúkrahúsum landsins, mun þegar hafa verið hækkað meðlag með sjúklingum. Nefndin leggur það til, að á sambýlisstofunum verði hækkað upp í 2 kr. á dag og hlutfallslega á einbýlisstofunum, og vill gjöra það að skilyrði fyrir því, að þessi aukni landssjóðsstyrkur verði útborgaður. Það mundi nema 4000 kr. á þessum tíma, ef aðsóknin yrði svipuð og verið hefir. Að vísu verður tekjuaukinn, ef hann nær 4000 kr., heldur meiri en gjört er ráð fyrir tekjuhallanum, en nefndin hefir þó ekki þorað, að fara lengra niður en í 18000 kr., því ekki er ómögulegt, að aðsóknin minki nokkuð við hækkun fæðispeninganna.

Þá kemur 2. brtt., sem er við 5. gr. Þar er engu við það að bæta, sem stendur í nefndarálitinu. Sú skoðun varð ofan á hjá nefndinni, að landssjóður ætti ekki að borga meira út en honum bæri, samkvæmt lögum eða samningum.

Þá er 3. brtt., sömuleiðis við 5. gr. Hún fer fram á að fella burtu 250 kr., sem bætt hafði verið við laun háskólakennara í hv. Nd. Brtt. kom frá hæstv. ráðherra og jeg býst við að hann komi og skýri frá því efni nánar. Þetta átti að vera launaviðbót við prófessors Björn M. Olsen, sem samkvæmt Háskólalögum hafði ekki getað, að því er launahækkun snertir, fylgst með prófessorunum Jóni Helgasyni og Lárusi H. Bjarnason. Þar sem viðkomandi maður hefir 4000 kr. í árslaun, sá nefndin enga ástæðu til að hækka laun hans, fram yfir það, sem hann á kröfu til lögum samkvæmt.

4. brtt. fer fram á að fella burtu styrkinn til Fossvallasmjörbúsins. Það er einkennilegt, að þessi fjárveiting skuli vera að flækjast enn í fjáraukalögum, þar sem umsóknir um styrk þenna kom ekki fyr en eftir að styrknum til smjörbúanna hafði verið úthlutað. Nefndinni þótti því næsta lítil

ástæða til að veita þessu smjörbúi þenna styrk. Þetta smjörbú ber ekki meir skarðan hlut frá borði en ýms önnur. Mjer er sagt, að það hafi verið komið nærri 10 ára aldursmarkinu, og því búið að njóta styrks í mörg ár, en þar sem allur styrkur til smjörbúa var feldur niður í einu fyrirvaralaust, hafa yngri smjörbúin hlotið að verða miklu ver úti, og því síður ástæða til að hlaða undir þetta.

5. brtt. fer fram á að feld sje burt heimild til að endurborga Sláturfjelagi Suðurlands vörutoll af endursendu kjöti. Ef sú heimild yrði samþ. hjer í hv. deild, vil jeg benda á, að það gæti dregið talsverðan dilk á eftir sjer. Það er enginn vafi á því, að víðar á landinu hafa verið fluttar aftur inn íslenskar vörur, sem vörutollur hefir verið greiddur af. Ef heimild til endurgreiðslu er veitt í eitt skifti, koma sjálfsagt allir á eftir, sem jafnan rjett eiga, og það frá öllum tímanum síðan vörutollslögin gengu í gildi. Ef um sanngjarna kröfu er að ræða, nær hún vitanlega jafnt til allra, en nefndinni finst, að sú braut, sem þá væri út á gengið, sje of breið, og leggur því á móti henni. Et þingið færi út á þessa braut, gætu það orðið mikil útgjöld fyrir landssjóðinn. Þetta verða hv. deildarm. að athuga vel.

Síðasta brtt. nefndarinnar er um eftirlaun Skúla Thoroddsens. Þetta mál er þannig vaxið, að þegar eftirlaun Sk. Th. voru ákveðin, var ekki farið eftir því, sem hann sjálfur hafði gefið upp um kostnað við embættisrekstur. En hann hafði reiknað það 350 kr., en var sett 850 kr., eftir því sem annar maður, er um tíma gengdi embættinu, gaf upp. Ef farið er eftir öðrum sýslumönnum, sem um sama leyti og Sk. Th. fengu lausn frá embætti, þá eru þessar 350 kr., í samræmi við þá alla. Getur því varla nokkurum blandast hugur um, að Sk. Th. hafi verið beittur misrjetti. Það er þá og enn fremur upplýst, að hann hefir ekki haft skrifara, og því ein sönnun enn fyrir að hans útreikningur var rjettur. Ef eftirlaun Sk. Th. væru reiknuð út frá þessu, verða þau 1712 kr., en *ekki* 1752 kr. sem og útreiknað var í háttv. neðri deild.

Í staðinn fyrir 1500 kr. kemur því 1712 kr., það verða 200 kr. á ári, fyrir utan vaxtalap·. Jeg tel sjálfsagt, að ef mönnum kemur saman um, sem jeg ekki efast um, að misrjetti hafi verið beitt við hann, þá sje og sjálfsagt að bæta honum skaðann. Eru þá tvær leiðir: Fyrst að borga honum í einu alla þá upphæð, sem hann hefir tapað á þessum skakka útreikningi, sem er á fimta þús. kr., svo og hin tjeðu eftirlaun hjeðan í frá, eða þá að bæta við hin rjettu eftirlaun hans, árgjaldi er samsvari vöxtum af þessum höfuðstól, en það mundi verða um 200 kr. á ári. Þessa síðari leið vill nefndin taka, og leggur því og til, að eftirlaun hans verði þá framvegis reiknuð 1912 kr. 54 a.

Nú sje jeg að frá einum hv. þeildarmannanna hefir komið fram brtt. um, að viðhafa hina aðferðina, þ. e. að borga allt út í einu, og er óneitanlega margt, sem með því mælir; en fyrir hönd fjárlaganefndarinnar hefi jeg ekkert annað að segja, en að hver einstakur nefndarmaður hefir þar áskilið sjer óbundið atkvæði.

Á þgskj. 434 ber fjárlaganefndin fram þá viðaukatillögu að við 5. gr. bætist nýr liður til að reisa vitavarðarbústað á Elliðaey, 3000 krónur. Orsökin til þessarar tillögu er sú, að fyrir nokkrum árum keyptu nokkrir menn Elliðaey til að reka þar refarækt. Eigendurnir hafa nú sagt vitaverði upp íbúðinni, og þetta hefir leitt til þess, að hann hefir orðið að segja upp starfi sínu. Hjer var því um tvent að gera. Annaðhvort að taka eignarnámi land undir vitavarðarbústað, sem yrði dýrt, og þá jafnframt láta hann fá svo há laun, að hann geti lifað á þeim einum, eða semja við eigendur eyjarinnar um landið og vitavörsluna. Og það hefir orðið ofan á. Vita-

umsjónarmaðurinn Krabbe, er hefir mest við málið fengist, hefir leitað samninga við eigendur eyjarinnar, og hefir það að samningum orðið, að landssjóður byggi hús í Elliðaey og verji til húsbyggingarinnar 3000 kr., en húsið verði eign landssjóðs og kosti alls 3500 kr. Þær 500 kr., er vanta til byggingarkostnaðarins, leggur eigandi eyjarinnar til. Húsið verður, eins og jeg áður tók fram, eign landssjóðs, er kostar viðhald þess og greiðir af því vátryggingargjald. Aftur taka eigendur að sjer, að hafa mann, er geti tekið að sjer vitastarfið, fyrir ekki hærra gjald en það, sem nú er greitt. Krabbe mælir með því, að þetta fje verði veitt, og jeg tel það heppilegra en að takalandið eignarnámi. Jeg skal geta þess, að upphæðin hefir verið greidd upp á væntanlegt samþykki, og að svo hefir samist að landssjóður hafi forkaupsrjett á Elliðaey, ef eigendur selja hana.

Um aðra brtt. á þgskj. 434 get jeg verið fáorður. Hún er að eins til að orða betur þessa málsgrein, og láta það vera skýrt, að kaupa beri bæði hús og lóð fyrir þetta verð. Nefndin telur að liðurinn verði betur orðaður, svo sem hjer er, en ef brtt. háttv. þm. Barð. (H. K.) verður samþykt, en að efni til er hún eins. Jeg vænti því að hinn háttv. þingmaður (H. K.) taki aftur sína tillögu.

Um brtt. þær, er háttv. þingmenn hafa flutt, finn jeg ekki ástæðu til að tala fyr en þeir hafa fært rök sín fyrir þeim.

Jón Þorkelsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. við 9. gr. frumvarpsins, um eftirlaun Skúla Thoroddsens.

Jeg þykist sjá það, að háttv. fjárlaganefnd muni ætla honum vexti af upphæð, sem honum hefir verið vanreiknuð. Þetta sýnist í skjótu bragði að vera meðalhóf, en er í raun og veru handahóf, og allhart því vel má ske, að hann fái eigi fjárins notið; getur svo farið, að hann deyi skömmu eftir að heimildin er samþykt, og hefir honum þá verið illa goldið.

Sannleikurinn er sá, að laun hans hafa nú verið vanreiknuð í rjetta 20 vetur. Voru þau talin 1500 kr. í stað 1712 kr. á ári hverju. Verður því vangoldið til hans 212 kr. á ári, og er sú upphæð í 20 ár 4240 kr., þó vextir sjeu ótaldir. Þetta byggist alt á því, að í þann mund, er Skúli Thoroddsen ljet af sýslu, þá var þar einhver settur sýslumaður, er taldi, að skrifstofukostnaður sinn væri 880 kr. á ári, en Skúli Thoroddsen þurfti eigi þar til að eyða nema 350 kr. á ári. Hjer sýnist sem tölur þessar reki sig hver á aðra, en eigi er þess þörf; mega báðar rjettar vera. Skúli var þar orðinn fastur í sessi, og átti því hægra með að hafa þennan kostnað svo lítinn, sem auðið var, en hinn var nýsettur og því alt dýrara en ella. En landsstjórninni ber ekki að álasa, hún tekur það, sem landssjóði var hagfeldast, svo sem henni bar.

Annaðhvort er krafa þessi rjettmæt eða ekki, og því ber annaðhvort að sinna henni eða ekki. Ef henni er sinnt, sem sjálfsagt er, því sýnt er að um rjett mál er að ræða, þá á að greiða höfuðstólinn. Jeg hefi af þessum rökum leyft mjer að bera fram brtt. þessa; hún fer með rjett mál og alt annað er í rauninni rangt. Þetta atriði er svo ljóst, að það skilja allir, og það kemur undir sanngirni hvers eins.

Mjer þykir líkt standa á um marga liði og þennan, en þá liði vill nefndin fella niður. Svo er það t. d. um pósthúsið. Það er bygt eftir langlægsta tilboðinu, er kom fram, og verkið er prýðilega af hendi leyst. En þeir, er bygðu það, urðu fyrir þeirri óhepni að alt hækkaði í verði, sökum stríðsins, svo að þeir sköðuðust á verkinu. Ekki tel jeg þeim vel launað, ef þeir fyrir ódýrt verk og vel af hendi leyst eiga eigi að fá greiðslu þessa.

Smásmuglegt er að fella burtu 250 kr. launaviðbót til gamals og merks embætt-

manns hjer í bænum. Jeg verð því ekki með því.

Ekki er það heldur rjett, að fella styrkinn til Fossvallasmjörbús, svo sem nefndin vill vera láta, enda fannst mjer háttvirtur framsögumaður (M. P.) sanna best manna, að hjer væri um fulla sanngirniskröfu að ræða. Hafi fleiri halla beðið, finst mjer rjett að það væri bætt, en hjer er eigi um það að ræða, því eigi hafa fleiri kvartanir borist.

Jeg mun því í þessum atriðum greiða atkvæði móti tillögum fjárlaganefndar.

Hákon Kristófersson: Um breytingartillögu mína á þgskj. 397 vil jeg taka fram, að jeg vil taka hana aftur, með því að síðari tillaga fjárlaganefndarinnar á þgskj. 434 er hin sama að efni til.

Úr því jeg stóð upp, þá vil jeg taka undir ummæli háttv. 6. kgk. þm. (J. Þ.) um uppbót til smiða þeirra, er smíðuðu pósthúsið. Mjer þykir það harla kynlegt, hvernig hin háttvirta nefnd hefir getað komist að þessari niðurstöðu sinni. Það má þó öllum ljóst vera, að miklu er örðugra nú að fá efni, og fá það flutt, en áður en stríðið hófst, og að verð þess er alt annað en áður var. Það er því ljóst, að samningarnir um bygginguna eru gjörðir á alt öðrum grundvelli en þeim, er varð, er til byggingar kom, því samningarnir voru gjörðir fyrir dýrtíðina, en byggingin meðan á dýrtíðinni stóð. Mjer finst því, frá sanngirnislegu sjónarmiði sjeð, skylt að taka beiðni smiðanna til greina, og eigi hvað síst, er þess er gætt, að tilboð þeirra var lágt, svo að munaði tugum þúsunda frá því, er annnars var kostur á, og verkið vel af hendi leyst.

Mjer þykir það leitt, ef taka verður til þeirra ráða, að hækka gjaldið fyrir sjúklingana á Vífilsstöðum. Jeg efa það mikillega, að þetta sje heppilegasta leiðin til bæta tekjuhalla hælisins, þótt mikill sje að vísu og nauðsyn að minki. Jeg hygg, að þessi hækkun geti hæglega leitt til þess, að margir þeir, sem sjúkir eru og nauðsynlega þyrftu að fara á hælið, geti það eigi vegna fjárskorts. Og afleiðingin af því er sú, að þeir væru neyddir til þess að sitja kyrir heima, og gæti það af því leitt fyrir þjóðfjelagið, sem margfalt er verra en það, þó nokkrum þúsundum kr. væri meir varið til Vífilstaðahælisins frá landssjóðs hálfu. Það er verra fyrir sjúklingana sjálfa, getur kostað mörg mannslíf og sýkt marga.

Jeg get verið með því, að gjaldið væri eitthvað hækkað, en hjer er of langt farið. Hækkunin nemur 50 aurum á degi hverjum og verður þá alt gjaldið (að við bættu því, sem nú er greitt) 2 kr. á dag eða 60 kr. um mánuðinn, og tel jeg víst að það verði mörgum fátækum manni ofvaxið að kljúfa þann kostnað, þó hann þyrfti þess.

Hvað. brtt. nefndarinnar um Sláturfjelagið snertir, þá er jeg þakklátur fyrir hana og greiði henni fúslega atkvæði. Jeg veit það með vissu, að ef þessi tillaga verður samþykt, þá koma fleiri jafn rjettháar og sams konar beiðnir til þingsins, sem það þá yrði að sinna, ef rjett væri að farið. Jeg veit að verslanir á Vesturlandi hafa flutt aftur til landsins kjöt, sem þær höfðu flutt út, og þær hafa sama rjett til endurgreiðslu á tolli og Sláturfjelag Suðurlands.

Jeg mun aðhyllast tillögu fjárlaganefndarinnar um eftirlaun Skúla Thoroddsens. Jeg sje mjer og eigi fært að greiða atkv. með tillögu háttv. 6. kgk. þm. (J. Þ.) um tjeð efni, því jeg tel ella Skúli Thoroddsen hefði átt og að grenslast fyrir um þessi mál, og megi því æ að nokkru sjer sjálfum um kenna.

Vegna þess, að sjerstaklega stendur á um upphæðina til Jóns heit. yfirdómara Jenssonar, mun jeg ljá henni atkvæði mitt, en eigi má þetta með neinu móti skoðast sem fordæmi fyrir stjórnina á komandi tíð.

Björn Þorláksson: Af því að jeg sem fjárlaganefndarmaður er óbundinn með atkvæði mitt um eitt mál, og greiði þar atkvæði á móti nefndinni, þá vil jeg gera stutta grein fyrir því.

Það er um eftirlaun Skúla Thoroddsens, og brtt. nefndarinnar um að hækka þau; eins og kunnugt er, þá er orsökin til þess, að háttv. Nd. setti inn þetta ákvæði sú, að eftirlaun hans hafa verið of lágt reiknuð, en það varð að samningamáli á milli Skúla Thoroddsens og fjárlaganefndar Nd., að því er framsögumaður hennar hefir skýrt mjer frá, að eftirlaunin til hans, skyldu vera svo talin, sem nú er í frumv., og Skúli Thoroddsen lofaði þá og að gjöra ekki frekari kröfu. Mjer finst því að jeg geti ekki farið lengra, og greiði því atkvæði á móti tillögu nefndarinnar hjer, sem og tillögu háttv. 6. kgk. þm. (J. Þ.), því þá stendur við það, er fjárlaganefnd Nd. og hann hafa orðið ásátt um.

Jeg vil taka það fram, að það, sem vakti fyrir fjárlaganefnd neðri deildar var, að að þetta væri sæmileg lausn á málinu. Og mjer finst og verða að geta þess, að þessi sami maður fjekk einu sinni uppbót úr landssjóði fyrir það, hvernig hann var losaður við embættið.

Í annan stað ber og að gæta að því, að hann (þ. e. Sk. Th.) hefir nú haft eftirlaun í 20 ár, án þess að hann hafi kvartað eða komið fram með kröfu um, að honum bæri hærri eftirlaun, svo þetta er og honum sjálfum að kenna.

Jeg verð því að vera á móti báðum tillögunum; jeg tel það skyldu mína að fara sparlega með fje landsins, eigi hvað síst í þeirri dýrtíð, sem nú er hjer í landi sem og í landssjóði.

Kristinn Daníelsson: Jeg hefi borið fram brtt. á þgskj. 396, þó hún sje svo lítilfjörleg, að hún eigi varla það nafn skilið að heita breytingartillaga.

Tillaga þessi snertir að eins framkvæmd á verki, sem áður er búið að samþykkja, því í fjárlögunum 1914—1915 eru veittar 1750 kr., til að kaupa vitalóðina á Reykjanesi. En þessi heimild hefir ekki verið framkvæmd.

Þó hjer sje um litla upphæð að ræða, þá hefir það komið sjer illa fyrir þann, er átti lóðina, að eigi varð af kaupunum.

Það, að vitalóðin hefir ekki verið keypt, kemur aðallega af því, að jarðeigandinn hefir áður selt „Námufjelagi Íslands“ allan námurjett í jörðinni.

Lóð sú, er vitanum fylgir, er í fjárlögunum nefnd „jörð“, með því að henni fylgir grasnyt, sem mun fóðra alt að því tvær kýr, og kaupverðið er sett þannig, að það samsvarar 75 kr. ársleigu af lóðinni.

En námurjetturinn kemur ekki í neinn bága, því fyrst er það, að Námufjelagið er fúst á að afsala sjer námurjettinum hvað vitalóðina snertir; að það hefir ekki komist formlega í kring, stafar af því, að tveir eigendurnir eru útlendingar. Að öðru leyti er þess að geta, að það dettur engum í hug, að þar sje neitt það, er námum við víkur neinstaðar í nánd við vitalóðina. Vitalóðin er vestast á nesinu, en staðurinn, þar sem námuvon er, liggur langt þar fyrir austan.

En enn þá standa sakir jarðeiganda svo, að það kemur honum óþægilega, ef heimildin verður ekki notuð, og nú er eigi annað en það, er jeg hefi tekið fram, er stendur í vegi fyrir framkvæmdum málsins. Þessar torfærur eru svo litlar og lítilfjörlegar, að sjálfsagt er að ryðja þeim úr vegi. Háttv. framsm. (M. P.) hefir eigi minst á þessa brtt., en jeg hygg, að jeg megi geta þess, fjárlaganefndin sje henni hlynt.

Jafnframt vil jeg stuttlega geta brtt. um pósthúsið; mjer finst öll sanngirni mæla með því, að smiðirnir fái þessa uppbót, og jafnvel einstakir menn sýna oft slíka sanngirni í viðskiftum. Fjárlaganefnd

Nd. hefir lagt þetta til, og óvilhallir menn hafa athugað kröfur smiðanna, og að eins fært þær niður í 1500 kr. Jeg vil skjóta því fram, hvort eigi megi þá heldur finna hjer meðalveg, væri þeim t. d. bót að því, að fá 1000 kr., ef annars er vert nokkuð að lækka þetta. Og þá á upphæðin til þeirra að standa óhreyfð til 3. umr.

Steingrímur Jónsson: Jeg vildi fara nokkrum orðum um þriðju brtt. á þgskj. 418, sem jeg á.

Það stendur svo á henni, að síðastl. vetur andaðist síra Benedikt Kristjánsson á Húsavík, þá uppgjafaprestur, en hafði haft prestsþjónustu á hendi í 43 ár. Eftirlaun hans voru reiknuð eftir mati á Grenjaðarstöðum, sem honum voru veittir 1877, kr. 1085. Bjóst hann því við, að eftirlaun eftirlifandi ekkju hans, sem hann gekk að eiga árið 1885, mundu miðast við laun hans síðustu árin, og verða um 300 kr., eða meira. Það hefðu þau orðið, ef lögin frá 1907 næðu til ekkju hans, en stjórnarráðið fór eftir mati frá 1900, og með því móti urðu eftirlaunin að eins 170 kr. Jeg lít svo á, að hjer sje um órjettlæti að ræða, og vonbrigði fyrir ekkjuna, sem jeg veit auk þess, að alls ekki veitir af fullum eftirlaunum. Jeg leitaði til biskups viðvíkjandi þessu, og hann og stjórnarráðið samþyktu að hækka eftirlaunin, en vildu samt fá samþykki þingsins fyrir fjárveitingunni. Nd. hefir tekið upp eftirlaunaviðbótina, sem sje kr. 129,94, svo að þau verða framvegis kr. 300, en hefir ekki gjört ráð fyrir neinu fyrir þetta ár. Tillaga mín gengur því í þá átt, að ekkjunni verði veittir $^{11}/_{12}$ af þessum kr. 129,94, sem verða þá 119 kr., með tilliti til þess, að maður hennar dó 25. jan. 1915, og hún fái eftirlaun frá 1. febr. Þetta fje veitist því sem fjárveiting í fjáraukalögum. Vona jeg að hv. deild sjái rjettlæti í þessu og samþykki brtt.

Viðvíkjandi öðrum brtt. hefi jeg ekki mikið að segja, en mun sýna með atkvæði mínu, hvernig jeg snýst við þeim.

Jeg vildi að eins taka það fram, að jeg er á því máli um 2. brtt. nefndarinnar á þgskj. 339, að byggingarmeisturum pósthússins beri með rjettu uppbót sú, er þeir fara fram á. Tilboð þeirra var 20 þúsund krónum lægra en annara, og þrátt fyrir styrjöldina og ýmis konar erfiðleika, sem af henni leiddi fyrir þá, luku þeir verkinu fljótt og vel. Húsið er laglegt, og að því er mjer er sagt, að öllu leyti vel byggt.

Enn fremur leyfi jeg mjer að skírskota til ræðu hv. 4. kgk. (B. Þ.) viðvíkjandi síðari brtt. á sama þgskj. Hjá framsm. nefndarinnar í Nd. liggur fyrir yfirlýsing frá Skúla Thoroddsen um, að hann muni ekki síðar krefjast meira, en hann þegar hafi farið fram á, enda getur hann það tæpast, þar eð hann hefir ekki krafist neins í 20 ár. Erfitt er að vísu, að dæma um mál þetta, svo löngu síðar, en hins vegar rengi jeg það alls ekki, að skrifstofukostnaður hans á síðustu árunum hafi ekki farið fram úr 350 kr. Álít jeg þetta samning milli nefndarinnar í Nd. og Skúla Thóroddsen, og því ekki ástæðu til að ganga lengra.

Viðvíkjandi 1. brtt. á sama þgskj., þar sem talað er um 38 þúsund krónur til Heilsuhælisins, þá verð jeg að segja, að jeg skildi ekki fylgisskjölin þegar í stað. Jeg hygg, að nauðsynlegt væri, að nefna það, að 20 þúsund hefðu þegar verið etin upp 1. ágúst, og því 18 þúsundir algjörlega vantað.

Ráðherra: Fjárveitingin til Heilsuhælisins byggist sumpart á lögum frá þinginu 1914, heimildarlögum, um að verja til hælisins 10 þúsund krónum. Það, sem meira var greitt, var úti látið til hælisins, af fullri nauðsyn. Ef það hefði eigi verið gjört, var tvent til. Hælið hefði annað hvort orðið að loka fyrir sjúklingum, og það hefði verið hið mesta örþrifaráð,

eða að meðgjöfina hefði orðið að færa upp, en það taldi stjórnin í fyrra vetur ógjörlegt, og því greiddi hún þetta meira, en þingið 1914 beinlínis og skilmálalaust heimilaði.

Viðvíkjandi 3. lið nefndarálitsins á þgskj. 358, þá verð jeg að taka í sama strenginn og sumir aðrir hafa gjört, að veita byggingameisturum pósthússins uppbót þá, er þeir krefjast. Þeir sendu beiðni í vor, skömmu eftir að jeg tók við, og jeg sendi hana þegar til byggingameistara eins hjer í bæ, til umsagnar, og hann færði hana niður um 2—300 kr. Þeir eiga alls engan lagalegan rjett til þessa, enda hefði svo verið, þá væri þegar búið að borga þeim upphæðina, en af því að stjórnarráðið áleit, að þeir ættu sanngirniskröfu til uppbótar, þá lagði það málið fyrir þingið. Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. G.-K. (K.D.) sagði, að hann áliti rjett að fara meðalveg, þá álít jeg það ekki; annaðhvort er að borga þeim allt þetta eða ekkert. Það hefir verið tekið fram, að stríðið væri orsök þess, að þeir töpuðu á verkinu og að beiðnin kom fram. Þó hv. Ed. striki þetta nú út, þá er samt ekki ólíklegt, að Nd. láti við það sitja sem komið er.

Þá er 4. liður í sama nefndaráliti, um 250 kr. til próf. B. M. Ólsen. Jeg skal geta þess, að fjárlaganefnd Nd. tók þetta til greina, að því er framtíðina snertir, en tók það ekki upp í fjáraukalög, og gjörði jeg því brtt. við þau. Próf. Ólsen skrifaði stjórnarráðinu í fyrra, og þóttist vera misrjetti beittur. Svo stendur sem sje á um hann, að þegar hann tók við embætti því, er hann hefir nú, hafði hann verið embættislaus um hríð, en hafði haft eftirlaun sem fyrverandi rektor latínuskólans. Tók hann síðan við prófessorsembættinu með 3. þúsund kr. launum og 1000 kr. persónulegri launaviðbót, samkv. einu fyrirmæli eftirlaunalaganna, þar eð hann hafði haft hærri laun áður. Nú hafa 2 af embættisbræðrum hans þegar fengið 200 kr. launaviðbót, samkvæmt lögum, en hann, sem þó er þeirra elstur, og eigi síður hæfur til starfa síns en þeir — hann er einn okkar þektustu vísindamanna, bæði hjer og erlendis, og því alls góðs maklegur — enga viðbót fengið. Að vísu er þetta ekki neitt fjárspursmál fyrir hann, heldur stefnuspursmál; finst mjer því allt rjettlæti mæla með því, að honum verði veitt viðbót þessi.

Fossvallarjómabúið hefir verið allsárt leikið. Sigurður ráðunautur kom upp í stjórnarráð, um það skeið, þegar umsóknir voru að berast að, og var þá sagt, að umsóknir allar væru þegar komnar, en síðar kom í ljós, að umsókn þessa rjómabús kom of seint. Ef Sigurði hefði því verið skýrt rjett frá, hefði búið fengið styrk þann, er það bað um. Mjer finst því sanngjarnt, að veita því styrk þann, sem fjáraukalaganefnd Nd. 1914 ætlaði því. Þetta er að vísu ekkert höfuðatriði, en sanngjarnt er það.

Þá er víst ekki fleira, sem taka þarf fram að sinni, í þessu sambandi.

Framsögumaður (Magn. Pjetursson): Jeg bjóst aldrei við, að hjer yrðu allir sammála, enda hefir það komið á daginn, en ekki hefi jeg þó enn þá látið sannfærast.

Þá er heilsuhælið fyrst. Háttv. þm. Barð. (H. K.) þótti illt, að hækka meðlag með sjúklingum, eins og við krefjumst; en ef sú meðgjöf, sem heimtuð var, þegar hælið var stofnað, var rjettlát, þá er það ekki síður rjettlátt, sem við förum nú fram á. Jeg er ekkert hræddur um, að sjúklingar haldist frekar heima í sveitum fyrir það, því nú munu sveitamenn eins færir um að borga 2 kr., eins og þeir áður voru um að borga 1,50 og sama er að segja um sjávarplássin. Þar er víða einnig veltiár. Finst mjer því hækkun þessi sjálfsögð, og hefði að eins átt að koma fyrr. Okkur fanst engin *brýn* nauðsyn hafa borið til, að borga út þessar 10 þúsund kr., sem fyrv. stjórn borg-

aði, því fyrst hefði átt að reyna að hækka meðlagið.

Þá sný jeg mjer að því, sem hv. 2. kgk. (Stgr. J.) sagði. Brtt. nefndarinnar viðvíkjandi uppbótinni til byggingameistara pósthússins, hefir mælst illa fyrir, en jeg get ekki skilið hvers vegna, því mjer finst ekki hægt að krefjast þess, að nefndin vilji fara fram yfir samninga. Jeg skil það tæpast, að þótt mennirnir hefðu lent í einhverjum sjerstökum kjarakaupum, að þess hefði orðið krafist af þeim, að þeir bygðu húsið fyrir minna fje heldur en samningarnir hljóðuðu uppá. Það getur vel verið, að þessir menn hafi orðið fyrir skakkafalli sökum ófriðarins, en það hafa nú svo margir orðið það, að naumast er ástæða til, að hugsa um þessa menn fremur en aðra.

Hæstv. ráðherra hefir upplýst málið viðvíkjandi háskólaprófessornum, og finst mjer ekki, að prófessor þessi geti sagst vera misrjetti beittur, þar eð hann gat ekki búist við að öðruvísi færi. Hæstv. ráðh. sagði sjálfur, að þetta væri ekkert fjárspursmál, og finst mjer þá því síður ástæða til að hann þurfi hærri laun.

Um Fossvallarjómabúið eru misjafnar skoðanir. Hæstv. ráðherra fór ekki með rjett mál, er hann sagði að stjórnin hefði sett það í fjáraukalög, heldur var það nefndin í Nd. Þingið getur ekki átt sök á því, þó beiðnin kæmi ekki í tæka tíð. Má og gjöra ráð fyrir, að ef stjórnin hefði álitið kröfuna rjettmæta, þá hefði hún borgað hana út strax, og talið hana lögum samkvæma.

Viðvíkjandi Skúla Thoroddsen, talaði hv. 4. kgk. (B. Þ.) á móti brtt. nefndarinnar, citeraði þar viðtal við framsm. nefndarinnar í Nd. Jeg skal ekki segja um, hvort hann hefir þar farið með rjett mál; en jeg talaði við Skúla Thoroddsen sjálfan, og hann sagði mjer, að hann mundi gjöra sig ánægðan með þessa upphæð í bráð, en áliti sig þar fyrir ekki bundin við, að gjöra ekki kröfur síðar. Ósæmilegt er það, að láta menn ekki hafa þau laun, sem þeim ber, og ef hann á kröfu til þessa, þá er sjálfsagt að borga honum það. Sparnaður er góður, en of langt má ganga í honum eins og öðru. Hann má ekki ganga svo langt, að landsjóður tími ekki að greiða skuldir sínar. Það eina, sem á móti þessu má hafa, er það, að krafan komi of seint, en um það er ekki hægt að fást. En hitt, að hann hafi áður fengið uppbót, nær engri átt að bera saman við þetta, því það er alveg áreiðanlegt, að þá uppbót hefði hann eins fengið, þó hann hefði ekki verið misrjetti beittur um eftirlaun sín.

Brtt. hv. þm. G.-K. (K. D.) álítur nefndin rjetta, og mun fallast á hana.

Hvað snertir brtt. hv. 2. kgk. (Stgr. J.), þá hefir nefndin ekki tekið neina afstöðu til hennar sem slík, en hún er henni fremur hlynt, þar eð hún virðist vera sanngjörn. Um brtt. hv. 6. kgk. (J. Þ.) er það að segja, að þar eru 2 leiðir að fara, sem báðar eru góðar fyrir hlutaðeigandi, en þó getur farið svo, að hann fái engar bætur, ef brtt. nefndarinnar verður samþykt. Það fer eftir því, hve lengi hann lifir. Auðvitað getur ekki komið til mála, að láta standa við ákvæði Nd., að hafa eftirlaunin kr. 1752, því það er sýnileg reikningsvilla. Þau eiga að vera kr. 1712, rjett út reiknuð.

Hákon Kristófersson: Háttv. framsögum. virðist hafa tekið það illa upp af mjer, að jeg var því mótfallinn, að hækka meðlagið sjúklinganna á Vífilsstöðum. Jeg álasaði nefndinni ekkert fyrir hennar niðurstöðu, en jeg bjóst ekki við svona fráleitum rökum frá háttv. framsögum. fyrir niðurstöðu nefndarinnar. Ef svo er, að gjaldið hafi verið of lágt áður, þá á fólk í sveitum að minsta kosti fullerfitt með að gjalda það núna, þrátt fyrir það, sem framsögumaður sagði, að vel áraði fyrir sveitabóndann. Annars er svo að sjá, sem sumum renni til hjarta þessi tekjuhækkun

bænda, en það er að minu áliti næsta ástæðulítið enn sem komið er. Bændur hafa að vísu selt ull sína þolanlega, en kjöt þeirra er alls ekki komið á markaðinn, og er því helsti snemt, að reikna þeim tekjur fyrir það enn þá, og verð jeg að lýsa furðu minni á slíkri ófundssýki, sem virðist vera mjög almenn hjer í þinginu gagnvart bændum og framleiðendum. Og jafnframt tel jeg það mjög illa farið, ef hækkað verður gjald sjúklinganna á Vífilsstöðum.

Karl Finnbogason: Jeg vil að eins mæla með nokkrum orðum með breytingarttillögunni á þgskj. 440. Augljóst er, að hv. Nd. kannast við, að Skúli Thoroddsen hafi orðið fyrir órjetti. Jafn-augljóst er það, að hv. fjárlaganefnd efri deildar og þeir aðrir, sem talað hafa um málið, viðurkenna þetta.

Þingið virðist því vera á einu máli um það atriði. Hitt greinir menn nokkuð á um, hvort bæta eigi manninum skaðann að sumu leyti eða öllu. Auðvitað ætti þingið að bæta skaðann alveg að fullu, ef ef auðið er. Það er hið eina rjetta í málinu. En vera má, að það sje nokkrum örðugleikum bundið, og ekki ástæða til að telja upp á eyri. Tillaga háttv. 6. kgk. þm. (J. Þ.), á þgskj. 440, fer lang næst því, sem rjett er af framkomnum tillögum, og er því sjálfsagt, þeim er rjett vilja gjöra í máli þessu, að samþykkja hana. Því það er með öllu ósæmilegt þinginu, að refjast um að borga skuld, er það viðurkennir. Slíkt fordæmi situr síst á því að skapa — löggjafarstofnuninni sjálfri.

Mikið hefir verið talað um dýrtíðina upp á síðkastið. Og nú á jafnvel að afsaka rangsleitni í þessu litla máli með henni. Já, flest er notað í nauðum. En þá verður dýrtíðin dýrust, ef sú „úáran kemur í mannfólkið", að jafnvel Alþingi telur sjer sæmilegt, að víkja sjer undan viðurkendri skyldu, alveg að nauðsynjalausu. Því hjer er ekki um neina ægilega upphæð að ræða.

Jeg verð því að vænta þess, að háttv. deild samþykki nefnda tillögu, og hygg að háttv. Nd. muni ekki fyrir það breyta frumvarpinu á ný.

Framsögum. (Magnús Pjetursson): Jeg neyðist til að standa upp, þó að jeg hafi ekki ætlað mjer það, og svara háttv. þm. Barðstr. (H. K.), þó hann dáinn sje.

Einhver stakk því að mjer, að hvorugur okkar skildi hinn, og má það satt vera, en þó held jeg, að hann hafi síst skilið sjálfan sig.

Jeg hefi aldrei sagt, að tillag sjúklinganna á Vífilsstöðum hafi verið of lágt, og því síður of hátt; hann vissi ekki, hv. þm., hvort heldur hann hefði sagt, en hitt hefi jeg sagt, að það yrði ekki, ef tillaga okkar nær fram að ganga, *hlutfallslega hærra* en það var í upphafi, miðað við hvað nú er miklu kostnaðarsamara að halda sjúklinga.

Þegar jeg mintist á tekjur bænda, var sem tekið væri á viðkvæmu kýli, og þaut háttv. þingm. upp úr sæti sínu. En því fer mjög fjarri, að jeg öfundi þá af tekjuaukanum, enda hefir verið tekjuauki hjá fleirum en bændum einum. Góðærið hefir komið fram við fleiri en framleiðendur eina. Kaup manna hefir hækkað talsvert, og yfirleitt margir notið góðs af.

Annars hefi jeg ekkert frekar um þetta að segja, en mig furðar stórlega á, hversu þetta hefir verið tekið óstint upp af mörgum hjer í háttv. deild.

Guðmundur Ólafsson: Jeg er ekki vanur að halda ræður, til þess að gjöra grein fyrir atkvæði mínu, en í þetta sinn get jeg ekki stilt mig um að segja nokkur orð. Mjer finst sem sje talsverður vandi, að greiða atkvæði í þessu máli,

sjerstaklega ef fara á eftir röksemdum nefndarinnar í áliti hennar.

Í 1. lið nefndarálitsins er það tekið fram, að slíkar fjárveitingar, sem þar er um talað, megi alls ekki eiga sjer stað. En þó telur nefndin rjett, að samþykkja fjárveitinguna. Aftur á móti er nefndin mótfallin því, að fjárveitingin, sem talað er um í 4. lið nefndarálitsins, sje samþykt, sökum þess, að það sje „lítil ástæða til að hækka laun hálaunaðra embættismanna, fram yfir það sem lög standa til". En nú stendur einmitt svo á, að fjárveitingin, sem talað er um í 1. lið, er líka ætluð hálaunuðum embættismanni, svo hjer virðist lítið samræmi í milli. Háttv. framsögumaður fullvissaði deildina um, að þessi fjárveiting mundi ekki koma fyrir aftur og mun það rjett, því maðurinn er dáinn.

Nefndin vill ekki, að smiðunum, sem pósthúsið reistu, sje bættur upp skaðinn, sem þeir hafa beðið á því verki, og segir þá enga lagakröfu hafa til þess, en leggur þar á móti til að prófastsekkja, sem eftirlaun hefir nú samkvæmt lögum, fái hærri eftirlaun og telur hana hafa lagalegan rjett til þess.

Það er þess vegna auðsætt, að niðurstöður nefndarinnar eru nokkuð af handahófi. Sumstaðar ræður sanngirniskrafan, en á öðrum stöðum lagakrafan, en sanngirnin þá að engu höfð.

Jeg vona að menn skilji mig ekki svo, sem jeg sje yfir höfuð mótsnúinn nefndinni, heldur bendi jeg á þessi dæmi, og til að sýna hversu einkennileg röksemdaleiðslan er hjá háttvirtri nefnd, sem reyndar er eðlilegt, þar sem tillögur hennar, sumar hverjar, reka sig svona óþægilega hver á aðra.

Framsögum. (Magnús Pjetursson): Það er naumast að komið hefir verið við hjartað í bændunum, þegar jeg nefndi góðæri. Ræða háttv. þm. Húnvetninga (G. Ó.) mun hafa farið fyrir ofan garð og neðan hjá flestum, enda var hún útúrsnúningur einn.

Hjer spyr mig einhver að því, hverjar sjeu þær „sjerstöku ástæður" nefndarinnar, sem mæli með fjárveitingunni, sem talað er um í 1. lið nefndarálitsins. En þeirri spurningu vil jeg ekki svara; úr því hæstv. ráðherra er hjer viðstaddur, þá getur hann manna best skýrt þetta fyrir deildinni, ef hann álítur það rjett.

Háttv. 2. þingm. Húnvetninga (G. Ó.), var með einhverja útúrsnúninga á ræðu minni um það, að jeg hefði sagt, að þessi fjárveiting mætti ekki koma oftar fyrir. Þetta hefir hann misskilið eða misheyrt. Jeg átti hjer vitanlega að eins við stjórnina, að hún mætti ekki borga þannig lagaðar fjárveitingar út, en hitt er öllum vitanlegt, að við getum ekki bundið hendur næstu þinga, hvað sem þeim þóknast að gjöra. Annars fanst mjer svo undarlegt, sumt af því, sem háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) sagði, að jeg held hann hafi hvorki sjeð það, sem í nefndarálitinu stendur, nje heyrt það, sem jeg sagði.

Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til, að fjölyrða um þetta.

Ráðherra: Háttv. framsögumaður skaut því til mín, að gera grein fyrir ástæðunum fyrir fjárveitingunni, sem talað er um í 1. lið nefndarálitsins á þgskj. 358. Jeg get reyndar að mestu leyti vísað til athugasemda stjórnarinnar um málið, því þar er flest tekið fram, sem um málið er að segja.

En ástæðan er í stuttu máli sú, að þessi maður, er hjer ræðir um, var mjög veikur, en læknir hans taldi þó eigi úti lokað, að hann kynni að hressast, ef hann fengi eins til tveggja missera hvíld frá starfa sínum. Stjórnin leit þess vegna svo á, að rjettara væri, að fá annan mann til að gegna embættinu þennan tíma, heldur en að setja manninn þegar á eftirlaun.

En annars er enn ekki mikill skaði

skeður, því að eins og háttv. fjárlaganefnd Ed. er kunnugt, þá hefir þetta fje ekki enn verið útborgað, og er þess vegna hægurinn á að fella fjárveitinguna. Búi mannsins mundi það ekki gera neinn skaða. Sá, er embættinu gegndi fyrir hann, gjörir enga kröfu á hendur búinu. Hann mundi að eins vinna ókeypis fyrir hinn látna heiðursmann, og eigi telja það eftir sjer.

Guðmundur Ólafsson: Jeg vildi að eins segja örfá orð.

Ekki verður því neitað, að hjörtun eru viðkvæm í fleirum en bændunum, og sannast það berlega á háttv. framsögum. (M. P.). Hann kvað mig hvorki heyra nje sjá rjett, en getur þó ekki hrakið neitt af því, sem jeg benti á. Því verður alls ekki neitað, að í nefndárálitinu eru algjörlega höfð hausavíxl á lagalegum og sanngirnisrjetti. Stundum hefir sanngirnin betur, en stundum er hún að engu höfð.

Annars þarf jeg ekki að fara frekari orðum um þetta, því háttv. frsm. getur alls ekki neitað því, að jeg fer með rjett mál.

ATKVGR.:

2.—3. gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 359 samþ. með 11 samhlj. atkv.

4. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

Brtt. 359,2 feld með 7 : 5 atkv.

— 396 samþ. í e. hlj.

— 434,1 samþ. með 11 samhlj. atkv.

5. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

Brtt. 359,3 feld með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Þorláksson,	Steingrímur Jónss.,
Jósef Björnsson,	Eiríkur Briem,
Karl Einarsson,	Guðm. Björnson,
Magnús Pjetursson,	Guðmundur Ólafss.,
Sigurður Stefánss.,	Hákon Kristóferss.,
	Jón Þorkelsson,
	Karl Finnbogason,
	Kristinn Daníelsson,

6. gr. samþ. í e. hlj.

7. gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 359,4 samþ. með 10 : 2 atkv.

8. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

Brtt. 397 tekin aftur.

— 434,2 samþ. í e. hlj.

— 359,5 samþ. með 12 samhlj. atkv.

— 440 feld með 7 : 5 atkv.

— 359,6 samþ. með 9 : 3 atkv.

— 418 samþ. með 10 samhlj. atkv.

9. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

1. gr. breytist samkv. atkvæðagreiðslunni.

Fyrirsögn samþykt án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 39. fundi í Ed., laugardaginn 21. ág., var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. 454, 472, 476, 477, 478).

Jón Þorkelsson: Jeg hefi leyft mjer, að koma fram með brtt. um eftirlaun Skúla Thoroddsens. Rjettast álít jeg, að borga honum alt út, sem honum hefir verið vanreiknað, en ef brtt. á þgskj. 472 verður samþykt, fær hann helming þeirrar fúlgu, og þá tel jeg þó nokkru nær. Jeg hefi enn fremur komið fram með brtt. við þessa brtt., á þgskj. 477, og mun jeg ekki þurfa að skýra frá, hvernig á henni stendur, því að það sjá auðvitað allir. — Þá hefir og háttv. þingm. Seyðf. (K. F.) borið fram brtt. við brtt. mína, og er það eitt um hana að segja, að jeg hefi ekkert á móti henni, og mun fúslega greiða atkv. með henni, ef til kemur. En ekki sje jeg þó ástæðu til að taka brtt. mína aftur.

Karl Finnbogason: Jeg hefi komið fram með brtt. á þgskj. 476, til miðlunar. Hún fer fram á að Skúla Thoroddsen verði útborgaðar 1500 kr. þegar í stað, en rjett eftirlaun hans síðan hækkuð um 200 kr. á ári. Mjer virðist þetta sanngjarnt, því maðurinn er gamall og ekki sagt, hve lengi hann nýtur eftirlaunahækkunar þeirrar, sem honum er ætluð. Hins vegar er sjálfsagt, að landssjóður greiði honum eitthvað af þeirri fúlgu, sem reiknuð hefir verið af honum; og þótt háttvirtri deild

hafi eigi þóknast að greiða alla skuld landsins við manninn, vona jeg að þessari tillögu minni sje svo stilt í hóf, að allir megi vel við una.

Steingrímur Jónsson: Það er leiðinlegt, hvað miklar umræður hafa orðið um þetta mál. Það hefir verið viðurkent af öllum, að eftirlaun Skúla Thoroddsens hafi verið rangt reiknuð, og á hann því kröfu til að fá hina rjettu upphæð hjer eftir. En hins vegar virðist mjer hann ekki hafa rjett til uppbótar fyrir liðinn tíma, því að það er sjálfskaparvíti, að hann hefir ekki fyr fengið leiðrjettingu þessa máls. Jeg gæti þó gengið að fyrri liðnum í brtt. á þgskj. 476, en ekki að seinni liðnum, sem fer í þá átt, að hækka eftirlaunin framvegis um 200 kr. fram úr því sem rjett er. Jeg vil því leyfa mjer að skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki er hægt að haga atkvæðagreiðslunni svo, að hvor liðurinn verði borinn undir atkvæði fyrir sig. Ef það er ekki gjörlegt, þá vil jeg óska, að málið verði tekið út af dagskrá.

Framsögum. (Magn. Pjetursson): Jeg hefi ekki neitt umboð til þess, að lýsa skoðunum nefndarinnar á brtt. þeim, sem komið hafa fram um eftirlaun Skúla Thoroddsen. En fyrir sjálfs mín hönd vil jeg taka það fram, að jeg get ekki fallist á brtt. hv. 6. kgk. (J. Þ.). Mjer virðist eitt af tvennu liggja fyrir, annaðhvort að greiða Skúla Thoroddsen alla fúlguna, eða þá að borga honum framvegis fulla vexti af henni, umfram rjett eftirlaun. Jeg get ekki heldur fallist á það, sem hv. 2. kgk. (Stgr. J.) sagði, því að mjer virðist Sk. Thoroddsen hafa fulla rjettarkröfu til þessa fjár, þó að honum sje ef til vill nokkuð um að kenna, að þetta hefir ekki verið fyrr leiðrjett. Jeg hallast því einna helst að brtt. hv. þm. Seyðf. (K. F.), og mun greiða atkv. með henni.

Leitað var leyfis til afbrigða um brtt. 472, 476, 477 og 478, er voru of seint fram komnar, og voru þau leyfð.

ATKVGR.:

Brtt. 478 samþ. með öllum atkv.

— 476 a við brtt. 472 samþ. með 11 : 2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Eiríkur Briem,
Steingrímur Jónss.,	Hákon Kristóferss.
Guðm. Björnson,	
Guðmundur Ólafss.,	
Jón Þorkelsson,	
Jósef Björnsson,	
Karl Einarsson,	
Karl Finnbogason,	
Kristinn Daníelsson,	
Magnús Pjetursson.	

Sigurður Stefánsson greiddi ekki atkv. og taldist með meiri hluta.

Brtt. 477 við brtt. 472 samþ. með 8 : 4 atkv.

Brtt. 476 b við brtt. 472 samþ. með 8 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Jón Þorkelsson,	Björn Þorláksson,
Jósef Björnsson,	Steingrímur Jónss.,
Karl Einarsson,	Guðm. Björnson,
Karl Finnbogason,	Guðmundur Ólafss.,
Kristinn Daníelsson,	Hákon Kristóferss.,
Magnús Pjetursson,	
Sigurður Stefánsson.	

Eiríkur Briem greiddi ekki atkv. og taldist með meiri hluta.

Brtt. 472 með áorðnum breytingum feld með 6 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Jón Þorkelsson,	Björn Þorláksson,
Jósef Björnsson,	Steingr. Jónsson,
Karl Einarsson,	Eiríkur Briem,
Karl Finnbogason,	Guðm. Björnson,
Kristinn Daníelss.,	Guðm. Ólafsson,
Magnús Pjetursson.	Hákon Kristóferss.

Sigurður Stefánsson greiddi ekki atkv.
Frumv. samþ. í e. hlj.
Endursent til Nd.
(A. 488).

Á 47. fundi í Ed., þriðjud. 31. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915,

eins og það var samþykt við eina umr. í Nd. (A. 655).

Á 58. fundi í Ed., laugardaginn 4. sept., var frumvarpið tekið til einnar umr.
(A. 655, 868, n. 895).

Framsögum. (Magn. Pjetursson): Eins og háttv. deild hefir sjeð, hefir háttv. Nd. ekki viljað fallast á allar breytingar okkar hjer í deild. Tvo liði, sem feldir voru hjer í deild, hefir hv. Nd. sett inn aftur. Um annan þeirra, fjárveitinguna til Fossvallasmjörbúsins, er það að segja, að nefndin vill ekki gjöra hana að kappsmáli, því að þótt hún telji hana eigi rjettmæta, þá treystir hún sjer ekki til að halda sinni skoðun þar til streitu. Nefndin hefir komið fram með brtt. sínar á þgskj. 868. Þær eru þrjár að tölu, og er hin fyrsta um að veita Háskólanum 500 kr. til bókakaupa handa kennaranum í klassiskum fræðum. Hann sendi nefndinni erindi, þar sem hann skýrði frá því, að hann gæti ekki kent fræði sín fyrir bókaleysi. Nefndin leitaði álits landsstjórnarinnar um málið, og áleit hún nauðsynlegt að útvega bækurnar, með því að Háskólinn ætti þær ekki til. Nú hefir Háskólinn ekki fje til bókakaupanna; en hvorki er hægt að ætlast til þess, að kennarinn kaupi bækurnar fyrir eigin fje, nje að hann kenni bókalaus. Því leggur nefndin til, að 500 kr. sjeu veittar til bókakaupa þessara.

Önnur tillagan er sú, að veittar sjeu 500 kr. til vjelstjóraskóla.

Ráðherra sendi nefndinni erindi um það, að mjög nauðsynlegt sje, að hinn fyrirhugaði vjelstjóraskóli geti tekið til starfa þegar í haust, með því að tilfinnanleg vöntun sje á vjelstjórum hjer á landi; og ýmsir hafa sótt um aðgöngu að fyrstu deild vjelstjóraskólans á næsta hausti. Ráðherra hefir skýrt frá því, að það muni kosta 1000 kr. að reka skólann til nýjárs, ef hann tekur til starfa 1. október í haust. En þá sparast um leið 500 kr., sem veittar eru til vjelstjórakenslu við stýrimannaskólann, sem verja má til þessarar kenslu; vanta þá ekki nema 500 kr., og leggur nefndin til að þær sjeu veittar í fjáraukalögunum 1914 og 1915.

Um þriðju brtt. þarf jeg ekki að fjölyrða. Það hefir áður verið gjörð grein fyrir henni hjer í deild. Nefndin hefir ekki en getað sannfærst um, að rjett sje að ganga inn á þá braut, að endurgreiða toll af endursendum íslenskum vörum. Slíkt gæti haft vafninga og meiri eða minni fjárútlát í för með sjer, því að gera má ráð fyrir, að ýmsir kæmu með sams konar kröfur sem Sláturfjelagið, ef því er veitt áheyrn, og mundi erfitt að greiða sumstaðar úr þeirri flækju, svona eftir dúk og disk.

ATKVGR.:
Brtt. 868,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 868,2 — — 12 — —
— 868,3 — — 12 — —
Frumv. svo breytt samþ. í e. hlj. og sent forseta sameinað þings.
(A. 932).

---

3. Landsreikningurinn fyrir árin 1912 og 1913.

Á 39. fundi í Ed., laugardaginn 21. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1912 og 1913

eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. (A. 462).

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 23. ágúst, var málið tekið til 1. umr.

Björn Þorláksson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að kosin verði þriggja manna nefnd til að athuga mál þetta, að þessari 1. umr. lokinni.

ATKVGR.:
Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.
Samþykt að kjósa þriggja manna nefnd í einu hlj.
Í nefndina voru kosnir að viðhafðri hlutfallskosningu:
Björn Þorláksson,
Guðmundur Ólafsson,
Eiríkur Briem.

Á 48. fundi í Ed., mánudaginn 1. sept., var frumv. tekið til 2. umr. (A. 462, n. 629).

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Nefndin hefir komið fram með 3 brtt., og er gjörð grein fyrir þeim í nefndarálitinu. Í útgjaldalið 10 í frumv. er vantalin 1 kr., því að gjöldin voru kr. 32644,40 árið 1912 og kr. 7680,70 árið 1913. Samanlagt verður þetta kr. 40325,10, en ekki kr. 40324,10, eins og í frumv. stendur. Þá er það og athugavert, að til jafnaðar móti lántökum landssjóðs, er gjalda megin talið í frumv. að eins 250 þús. kr., en lánin voru 750 þús. kr., og eru þau talin tekju megin. Nefndin taldi sjálfsagt, að telja þá upphæð alla til jafnaðar móti lántökunum, og lækkar þá tekjuafgangurinn sem því svarar.

ATKVGR.:
Tekjukafli frumv. samþ. í einu hlj.
Brtt. 629,1 samþ. í einu hlj.
— 629,2 — — — —
Brtt. 729,3 samþ. án atkvgr.
Útgjaldakaflinn, svo breyttur, samþ. í einu hlj.
Fyrirsögn frumv. samþ. í einu hlj.
Frv. vísað til 3. umr. í einu hlj.

Á 50. fundi í Ed., föstudaginn 3. sept., var frumv. tekið til 3. umr. (A. 698).

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Jeg vil benda mönnum á, að ruglingur dálítill hefir orðið á tölum í frumv. í prentuninni. Í síðustu línu útgjaldanna stendur, að tekjuafgangur sje 291,884,63, en á að vera 291,883,63 og samkvæmt því breytast aftur í samlagningunni 4 í 3. Þetta ætti að vera hægt að lagfæra á skrifstofunni, en óhætt að samþ. frumv. fyrir því.

ATKVGR.:
Frumv. samþ. með öllum atkv.
Endursent til Nd.
(A. 732).

Á 54. fundi í Ed., þriðjudaginn 7. sept., var útbýtt
Frumvarpi til laga um samhykt á landsreikningnum fyrir árin 1912—1913, eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 789).

A 58. fundi í Ed., laugardaginn 11. sept., var frumv. tekið til einnar umr. (A. 789; n. 869).

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Um þetta mál hefi jeg ekki annað að segja en að vitna í hið mjög ítarlega nefndarálit ritara nefndarinnar, þar sem svo greinilega er skýrt frá, hvernig stendur á ágreiningnum milli nefndarinnar hjer í deild og nefndarinnar í háttv. Nd.

Nefndin leggur það til, að eigi sje það látið standa fyrir því að frumv. sje samþ., þótt nokkur ágreiningur sje milli nefnd-

anna í deildunum, því að hjer er mestmegnis um formatriði að ræða, sem ekki hefir áhrif á aðalútkomuna.

ATKVGR.:
Frumv. samþ. í einu hlj. og afgreitt
sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 931).

---

4. Fjáraukalög fyrir árin 1912 og 1913.

Á 39. fundi í Ed., laugardaginn 21. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. (A. 461).

Á 40. fundi í Ed., mánud. 23. ágúst, var frumv. tekið til 1. umr.

Jósef Björnsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að þessu frumv. sje vísað til reikningslaganefndarinnar að þessari fyrstu umræðu lokinni.

ATKVGR.:
Frv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frv. vísað til reikningslaganefndar í einu hljóði, en hana skipuðu þeir:
Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,
Guðm. Ólafsson.

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn 1. september, var frumvarpið tekin til 2. umr. (A. 461, n. 628).

Framsögumaður (Björn Þorláksson: Það hefir stundum verið siður hjer í deildinni, að skipa ekki nefnd til þess að athuga fjáraukalagafrv., en í þetta skifti var nefnd skipuð, og liggur nú nefndarálitið fyrir á þgskj. 628. Jeg hefi litlu við það að bæta, sem þar segir, en vil þó endurtaka hjer helstu athugasemdir nefndarinnar. I frv. stjórnarinnar er það, sem sparast hefir á einum gjaldlið annað árið, dregið frá því, sem goldið hefir verið fram yfir fjárveitingu seinna árið, og virðist nefndinni það algjörlega röng aðferð. Enn fremur er það varhugavert, að í frv. er hinum ýmsu gjaldliðum, er snerta flutningabrautirnar og þjóðvegina, slegið saman, svo að það fje, sem veitt var á einum lið og ekki hefir verið notað, er látið koma upp í það, sem varið hefir verið fram yfir fjárveitingu á öðrum lið. Þetta virðist nefndinni ekki rjett, og telur hún þvert á móti sjáltsagt, að umfram greiðslurnar á hinum einstöku liðum sjeu bornar undir atkvæði Alþingis, hver í sínu lagi. Nefndin hefir samt ekki viljað koma fram með brtt. út af þessu, og er það af þeirri ástæðu, að hún mundi hafa lagt það til, að umframgreiðslurnar á hinum einstöku liðum yrðu allar samþyktar. Þetta má þó alls ekki skoða sem fordæmi, og vonar nefndin, að stjórnin taki aðfinningar hennar í nefndarálitinu til greina framvegis.

Í frv. er talið, að sparast hafi á árinu 1912 til þjóðvega kr. 2982,08, en það er ekki rjett upphæð. Það ár var veitt til þjóðvega kr. 43,100, en varið til þjóðvega kr, 40127,92. Mismunurinn er kr. 2972,08, og hefir hjer misreiknast um 10 krónur. Enn fremur er prentvilla í samtölunni kr. 2656,94 fyrir kr. 2686,94, og er þetta leiðrjett með 1. brtt. nefndarinnar.

Um hinar brtt. nefndarinnar þarf jeg ekki að tala margt. Nefndinni virðist rjett að taka alla þá upphæð, sem varið var til kennaraskólans 1913 fram yfir fjárveitingu, — en það voru kr. 303.11 — upp í fjáraukalögin. Þær 300 kr., sem veittar voru fyrir árin 1910 og 1911 til sundkenslu í Reykjavík, en fyrst útborgaðar 1912, þótti nefndinni rjett að taka upp í fjáraukalögin til endurveitingar. Útborgaður námsstyrkur til iðnaðarmanna erlendis, fór 1912 225 kr. fram úr fjár-

veitingu. Að vísu hefir þessi upphæð sparast á undangengnu fjárhagstímabili, en nefndinni þykir rjett, að taka hana upp til endurfjárveitingar.

ATKVGR.:
1. gr. samþykt án atkvæðagreiðslu (breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu).
2., 3., 4., gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.
Brtt. 628,1 samþ. með 12 samhlj. atkv.
5. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
Brtt. 628,2 samþ. með öllum atkv.
Brtt. 628,3 samþ. í e. hlj.
6. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
7. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 628,4 samþ. í e. hlj.
8. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
9. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frumvarpsins samþ. í e. hlj.
Frumvarpinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Á 50. fundi í Ed., föstudaginn 3. september, var frv. tekið til 3. umr. (A. 697).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frv. samþ. í einu hljóði.
Endursent til neðri deildar.
(A. 733).

Á 54. fundi í Ed., þriðjudaginn 7. september, var útbýtt
Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913,
eins og það var samþ. við eina umr. í neðri deild. (A. 790).

A 58. fundi í Ed., laugardaginn 11. september, var frv. tekið til einnar umr. (A. 790, n. 870).

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Frumvarp þetta hefir verið áður hjer í deildinni, og fór með töluverðum breytingum hjeðan til háttv. Nd. Þar voru þær allar teknar til greina, nema tvær, sundkensla í Reykjavík 600 kr. og námsstyrkur iðnaðarmanna erlendis 225 kr. Báðar þessar upphæðir höfðu verið veittar fyrir fjárhagstímabilið 1910—1911, en eigi notaðar þá, en svo voru þær greiddar 1912. Nefndinni hjer í deild þótti sjálfsagt að setja upphæðir þessar inn í frv. til endurveitingar. Við þessa skoðun heldur hún enn; þó þykir henni það ekki svo miklu máli skifta, að hún hirði um að hleypa málinu fyrir þessa sök í sameinað þing, þótt formlegra væri og rjettara að hafa það eins og það fór hjeðan úr deild, og það því frekar, sem tvær aðrar upphæðir, er líkt stendur á með, eru teknar upp til endurfjárveitingar á þessu þingi. Á þinginu 1911 voru prestinum að Kvennabrekku veittar 1200 kr. til baðstofubyggingar á prestssetrinu. Af þessum 1200 kr. voru að eins 600 borgaðar út á fjárhagstímabilinu, en 600 kr., sem eftir stóðu, eru settar inn í fjáraukalögin fyrir 1914—1915. Hin fjárveitingin snertir brúargjörð á Ljá í Dalasýslu. Á þinginu 1913 voru veittar 3000 kr. til brúargjörðar þessarar, en af vissum ástæðum var fje þetta ekki notað á fjárhagstímabilinu, og er nú í fjárlögunum farið fram á endurveiting fjár þessa.

Jeg bendi á þetta til þess að sýna að það sje ekki formlega rjett af háttv. Nd. að fella áður nefnda tvo liði burtu, og gagnstætt því, sem gert hefir verið á þingi í sumar um aðrar sams konar fjárveitingar. En með því báðar deildir hafa sýnt það, að þær eru samþykkar fjárveitingum þeim, sem hjer ræðir um, þá ræður nefndin til, að svo búið standi og að frv. sje samþ. óbreytt.

ATKVGR.:
Frv. samþykt í einu hljóði og afgreitt
sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 930).

5. Bæjarstjórn á Ísafirði.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 8. júlí, var útbýtt.

Frumvarpi til laga um breyting á lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað. (A. bls. 153 – 155).

Á 4. fundi í Ed., mánudaginn 12. júlí, var frumvarpið tekið til 1. umr.

Jósef Björnsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að skipuð verði þriggja manna nefnd, til að athuga mál þetta, að þessari fyrstu umræðu lokinni.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Þriggja manna nefnd samþ.

Í nefndina kosnir:

Kristinn Daníelsson,
Sigurður Stefánsson,
Steingrímur Jónsson.

Á 10. fundi í Ed., mánudagin, 19. júlí var frumvarpið tekið til 2. umr.

Forseti tók málið út af dagskrá.

Á 11. fundi í Ed., þriðjudaginn 20. júlí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. bls. 153—155; þgskj. n. 51).

Framsögum. (Sigurður Stefánsson): Jeg skal ekki þreyta hv. deild með langri ræðu, því nefndin hefir tekið það fram, sem þörf er á, í nefndarálitinu, Jeg vil að eins benda á, að frumvarp þetta hefir sætt alveg sjerstakri meðferð, og vandaðri útbúning en venja er til um þau mál, þar sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefir snúið sjer til landstjórnarinnar og beðið hana fyrir málið. Þetta sýnir það ljóslega, að málið er sjerstakt áhugamál bæjarstjórnarinnar, þar sem hún hefir farið þessa leið, til þess að tryggja framgang frumvarpsins.

Hvað frumvarpið snertir að öðru leyti, þá skal jeg geta þess, að helsta nýmælið í frv. er stytting kjörtímabilsins úr 6 árum í 3 ár; er sú breyting lögleidd að eins í einum kaupstaðanna, Seyðisfirði. Annars skal jeg geta þess, að bæjarstjórnin á Ísafirði var í fyrstu treg til þessarar og fleiri breytinga á bæjarstjórnarlögum, sem fram á er farið í frumvarpi þessu, en nú virðist henni vera það sjerstakt áhugamál að frumv. nái fram að ganga, eins og eg hefi áður sýnt fram á.

Að öðru leyti leyfi jeg mjer að vísa til nefndarálitsins, og vil því ekki tefja háttv. deild með lengri ræðu, frá því að hlusta á hinar uppbyggilegu ræður í neðri deild um stjórnarskrármálið.

ATKVGR.:

Brtt. 51,1 (ný 1. gr.) samþ. með 12 samhlj. atkv.

Brtt. 51,2 (ný 2 gr.) samþ. með 12 samhlj. atkv.

Brtt. 51,3 (1. gr. verði 3. gr.) samþ. í e. hlj.

Brtt. 51,4 (ný 4. gr.) samþ. í e. hlj.

— 51,5 (2. gr. verði 5. gr.) samþ. í e. hlj.

Brtt. 51,6 (3. gr. verði 6. gr.) samþ. í e. hlj.

Brtt. 51,7 (4. gr. verði 7. gr.) samþ. í e. hlj.

Brtt. 51,8 (við 4. gr.) samþ. í e. hlj.

— 51,9 (ný 8. gr.) — - - —

— 51,10 (5. gr. verði 9. gr.) samþ. í e. hlj.

Allar gr. frumvarpsins, í þeirri röð og svo breyttar, sem af atkvgr. leiðir, hver um sig, samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumvarpsins samþ. án atkv.-gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 samhlj. atkvæðum.

Á 13. fundi í Ed., fimtudaginn 22. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 66).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþykt með öllum atkvæðum.

Afgreitt til Nd.

(A. 76).

6. Ógilding viðskiftabrjefa.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 8. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um ógilding viðskiftabrjefa og annara skjala með dómi. (A. bls. 115—118).

Á 3. fundi í Ed., laugardaginn 10. júlí, var frumvarpið tekið til 1. umr.

Ráðherra: Í núgildandi lögum er ekki vafalaus heimild til þess að veita leyfisbrjef til ógildingardóms á ýmsum viðskiftabrjefum. Lög heimila að vísu, að slík leyfisbrjef sjeu veitt, ef um *skuldabrjef* með veði í fasteign er að ræða, eða *víxla, tjekka, farmskírteini* og ýms *opinber peningaskjöl;* þar að auki er sjerstök heimild í núgildandi lögum, til ógildingar *sparisjóðsbóka.* Hins vegar vantar slíka ógildingarheimild um önnur brjef, t. d. skuldabrjef, sem ekki er veð fyrir, hlutabrjef, heimildarskjöl ýms, (legimationspapirer) o. s. frv. Það hefir komið fyrir, að sótt hefir verið til stjórnarráðsins um leyfisbrjef til ógildingardóma á ýmsum skjölum, og hefir stjórnarráðið að vísu álitið heimilt að veita slíkt leyfi. Það er vafasamt, hvort dómstólarnir telja stjórninni slíkt heimilt, enda hefir nú nýlega verið kveðinn upp dómur í þá átt, að neitað er um ógilding. Það er að vísu talsvert vafamál, hvort þessi dómur er á góðum rökum bygður, en dómstólarnir halda nú fram þessum skilningi á lögunum, og fyrir þeim verða allir að beygja sig. Það er þess vegna bráðnauðsynlegt, að löggjöfin verði endurbætt í þessu efni, og vona jeg því, að hv. Ed. taki þessu frv. vel og greiði fyrir því á sem bestan hátt.

Kristinn Daníelsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að skipuð verði þriggja manna nefnd, til þess að íhuga málið, að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþykt í einu hljóði að skipa þriggja manna nefnd, og í hana kosnir með hlutfallskosningu þeir:

Karl Einarsson,
Guðm. Ólafsson,
Björn Þorláksson.

Á 12. fundi í Ed., miðvikudaginn 21. júlí, var frumvarpið tekið til 2. umr. (A. bls. 115—118; þgskj. n. 57).

Framsögum. (Karl Einarsson): Nefndin hefir athugað mál þetta, og árangur þeirrar athugunar er á þingskjali 57. Við efni þess er ekkert að athuga; það er í fullu samræmi við gildandi ákvæði um ógildingu viðskiftabrjefa. Þó hefir nefndinni komið saman um, að enga nauðsyn beri til þess, að varnarþing ógildingarmálsins sje ætíð ákveðið í Reykjavík, þegar eðli málsins ekki beint krefst þess, og finst engin ástæða til að meina beiðanda ógildingarstefnu, að stefna málinu til dóms, í því lögsagnarumdæmi, þar sem hann á heima. Ætti því ekki að vera nauðsynlegt að stefna til bæjarþings Reykjavíkur, heldur að eins þangað, sem auðveldast væri fyrir þann, sem óskaði ógildingarinnar, og þá auðvitað innan lögsagnarumdæmis hans. Þetta er eina efnisbreytingin, sem nefndin hefir lagt til að gjörð yrði. Hitt eru alt leiðrjettingar vegna málsins, nema 9. brtt. Því fyrsti málsliður 10. gr.

í lögum frá 16. nóv. 1907 fjallar ekki um þetta. Að við höfum sett málslið í stað málsgreinar, stafar af því, að okkur finst það fara betur.

Fjölyrði jeg svo ekki meira um þetta; breytingartillögurnar sýna sig sjálfar.

Eiríkur Briem: Jeg veit ekki hvort mjer skjöplast, en jeg hygg, að rjett sje að kalla það málsgrein, þar sem línuskifti eru, en málsliði mismunandi setningar innan þeirrar málsgreinar. Best væri, að föst regla kæmist á um þetta, svo ekki væri hætta á sífeldum ruglingi. Vildi jeg því óska þess, að nefndin tæki brtt. aftur. Hins vegar álít jeg til bóta, að setja málsgr. í stað mgr. (skammst.).

ATKVGR.:

Brtt. 57,1 samþ. án atkvgr.

1. gr. svo breytt samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 57,2a samþ. án atkvgr.

— 57,2b samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. svo breytt samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 57,3a og b samþykt án atkvgr.

3. gr. svo breytt samþ. með 12 atkv. shlj.

Brtt. 57,4a og b samþ, án atkvgr.

4. gr. svo breytt samþ. með 12 atkv. shlj.

Brtt. 57,5a og b samþ. án atkvgr.

5. gr. svo breytt samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 57.6a—d samþ. án atkvgr.

6. gr. svo breytt samþ. með 12 shlj. atkv.

7. — óbreytt — — 12 — —

Brtt. 57,7 samþykt án atkv.

8. gr. svo breytt samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 57,8 feld með 7 : 3 atkv.

9. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

Brtt. 57,9 samþ. með 9 : 1 atkv.

10. gr. svo breytt samþ. með 12 shlj. atkv.

11. — samþykt með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþykt án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., föstudaginn 23. júlí, var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. 70).

Karl Einarsson: Að eins örfá orð, til þess að geta um, að láðst hefir að fella úr frv. breytingartillögu sem þegar hefir verið feld, sem sje við 10. gr., í stað *málsl.* komi *málsgr.*; en skrifstofustjóri hefir lofað að sjá um, að leiðrjettingin fari fram.

ATKVGR.:

Frv. með leiðrjettingunni samþykt með öllum atkv.

Afgreitt til Nd.

(A. 82).

---

7. Lóðamat og landa í Reykjavík.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 8. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um mat á lóðum og löndum í Reykjavík (A. bls. 138—142).

Á 4. fundi í Ed., mánudaginn 12. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Jósef Björnsson: Jeg skal leyfa mjer að leggja til, að skipuð verði þriggja manna nefnd, til að athuga mál þetta, að þessari fyrstu umræðu lokinni.

ATKVGR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Þriggja manna nefnd samþykt í einu hlj., og voru í hana kosnir þeir:

Guðm. Björnson,
Karl Einarsson,
Eiríkur Briem,

allir í einu hljóði.

Á 10. fundi í Ed., mánudaginn 19. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. bls. 138—142; þgskj. n. 47).

Framsm. (Guðm. Björnson): Þetta frv. var borið upp í háttv. Nd. í fyrra, en

kom ekki hingað í deildina fyrr en undir þinglok. Nefndin, sem hjer var skipuð í málið, leit svo á, að svo margir gallar væru á frv., að ekki væri tiltækilegt, að samþykkja það, nema með miklum breytingum. Nefndin lagði því til, að vísa málinu til stjórnarinnar, svo að hún gæti undirbúið það sem best fyrir næsta þing, í samráði við bæjarstjórn. Nú hefir málið fengið góðan undirbúning, og hefir bæjarstjórnin tekið til greina allar bendingar, sem gefnar voru hjer í deildinni í fyrra, nema eina. Bæjarstjórnin vill ekki fallast á yfirmat, en nefndin hlýtur að halda fast fram þeirri skoðun, að yfirmat sje nauðsynlegt, því að oft geta verið mjög deildar meiningar um verðmæti þeirra eigna, sem um er að ræða. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt, en að bætt verði við það einni grein um yfirmat.

ATKVGR.:

1. gr. samþykt með öllum atkv.

2.—8. gr. samþ. með öllum atkv.

Viðaukatill., sem verður 9. gr., samþykt með öllum atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 12. fundi í Ed., miðvikudaginn 21. júlí, var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. 59).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumv. samþ. með 12 shlj. atkv.

Afgreitt til Nd.

(A. 89).

---

8. Ullarmat.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 8. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um ullarmat.
(A. bls. 120—124).

Á 4. fundi í Ed., mánudaginn 12. júlí, var frumvarpið tekið til 1. umr.

Jósef Björnsson: Þetta mál er ekki stórt, en það er nýmæli, og því má ske athugavert. Tel jeg því rjett, og vil leggja til, að skipuð verði fimm manna nefnd til að athuga það, að þessari umræðu lokinni.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Fimm manna nefnd samþ. í einu hljóði.

Í nefndina kosnir:

Björn Þorláksson,
Guðmundur Ólafsson,
Hákon Kristófersson,
Sigurður Stefánsson,
Jósef Björnsson.

Á 10. fundi í Ed., mánudaginn 19. júlí, var frumvarpið tekið til 2. umr.

(A. bls. 120—124; þgskj. n. 49,50).

Framsögumaður (Jósef Björnsson): Eins og háttv. deild hefir sjeð á nefndarálitinu í þessu máli, hefir nefnd sú, sem kosin var til að athuga frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, komist að þeirri niðurstöðu, að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið, að vísu ekki óbreytt, en með litlum breytingum, að því er efni þess snertir. Skal jeg nú drepa á það, sem mest hefir stuðlað að því, að nefndin hefir ráðið háttv. deild til að samþykkja frumvarpið. Það er í fyrsta lagi, að nefndin er sammála um, að verkun á íslenskri ull sje ekki svo góð, sem hún þyrfti að vera, til þess að ullin gæti verið í því verði, sem æskilegt væri. Um þetta efni hafa ekki heldur verið skiftar skoðanir meðal landsmanna, að því er nefndinni er kunnugt. Hins vegar hafa verið skiftar skoðanir um það, hvernig eigi að ráða bót á þessu. Hefir verið bent á tvær leiðir til þess. Önnur leiðin er sú, að menn reyni með frjálsum samtökum, að koma því til leiðar, að verkunin á ullinni batni; að þessu hafa kaupfjelögin stuðlað, og hefir þeim orðið nokkuð ágengt, en

þó allt of lítið. Hin leiðin er sú, að fyrirskipa með lögum að öll ull, sem ætluð er til útflutnings, skuli flokkuð og metin. Með því er trygging fengin fyrir því, að ull verði yfirleitt vandaðri og betri, og fyrirbygt að kaupmenn kaupi ljelega ull. Það má segja að þessi leið sje ófrjálslegri en hin leiðin, en reynslan hefir sýnt, að það vinst ekki á þeirri leið eins fljótt fram og æskilegt væri, og margir landsmenn eru þeirrar skoðunar, að nauðsyn beri til að fyrirskipa ullarmat. Nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að þessa leið eigi að fara, og er ekki hrædd við, að mæla með henni, af því að málið hefir legið fyrir ullareigendum til athugunar og umsagnar. Og þótt að eins hafi komið óvíða frá óskir um, að ullarmat verði lögleitt, hafa hins vegar hvergi komið fram andmæli gegn því. Á 10 þingmálafundum hafa komið fram óskir um, að þingið samþykti lög í þessa átt, eða fundirnir hafa talið sig því meðmælta, en á öðrum þingmálafundum hefir þessu máli ekki verið hreyft, enda þótt neðri deild hefði á síðasta þingi samþykt þingsályktun um, að skora á stjórnina, að leggja frumvarp um þetta efni fyrir þingið. Nefndin mælir því með því, að frumvarpið verði samþykt, enda þótt hún álíti þessa leið, ekki eins frjálslega og hina leiðina. Jeg skal taka það fram, að frumv. er sæmilega undirbúið. Að því hefir unnið sá maður, sem færastur var til þess, Sigurgeir Einarsson ullarmatsmaður. Enn fremur hefir það verið undirbúið af Búnaðarfjelaginu, og nokkur drög voru lögð til þess á síðasta Alþingi. Stjórnin hefir því haft málsatriðin frá öllum þessum stöðum og gjört frumvarpið eftir því.

Nefndin hefir lagt til, að nokkrar breytingar verði gjörðar á frumvarpinu, og er þær að finna á þingskjali 50. Um nokkrar af þessum breytingum er það að segja, að þær eru að eins orðabreytingar, sem ekki er ástæða til að eyða mörgum orðum um. Að eins fáeinar eru efnisbreytingar, og mun jeg vikja nokkrum orðum að þeim. Er þá fyrst 3. brtt. við 4. gr., um það, að ullarmatsmenn skuli vera búsettir sem næst miðju þess umdæmis, sem þeir hafa til yfirsóknar. Með þessu mælir, að ullarmatsmönnum verður þá gjört hægra fyrir að rækja starf sitt, en á hinn bóginn er þetta ekki svo einskorðað, að þeir megi ekki búa á öðrum stöðum.

Þá er 5. brtt. við 7. gr. um, að aftan við greinina bætist „nje kaupa til útflutnings, hvorki fyrir sjálfa sig nje aðra". Þessi viðbót miðar að því, að sem mest trygging sje fyrir því, að allt mat á ull sje hlutlaust, og ætti það að fyrirbyggja alla tortryggni gegn matsmönnunum. 2 síðustu breytingarnar eru smávægilegar. 6. brtt. við 9. gr. er um að hækka lágmark sektaákvæðisins úr 100 kr. upp í 200 kr., og vill nefndin leggja það til, til þess að freistingin verði því minni, til þess að skjóta sjer undan að láta meta alla ull, sem út á að flytja. Síðasta brtt., um að lögin nái gildi í janúar, í staðinn fyrir í apríl, stafar af því að nefndin áleit heppilegra, að lögin gengi í gildi í ársbyrjun 1916, til þess að þau gætu komið til framkvæmda nægilega snemma á því ári.

Jeg hefi þá gjört grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar, og fyrir ástæðum hennar fyrir því, að lögin verði samþykt, og mun jeg ekki fara fleiri orðum um málið að sinni, fyrr en umræðurnar hafa gefið ástæðu til þess.

Eiríkur Briem: Jeg verð að játa, að jeg hefi ekki það vit á þessu máli, sem jeg vildi óska, en eftir þeirri hugmynd, sem jeg gjöri mjer um þetta mál, þá held jeg að vafasamt sje, hvort það verður til bóta, að frumvarpið gangi fram. Tilgangurinn er sá, að útvega þjóðinni meiri peninga fyrir ullina en hún fær nú. En þá er ekki nóg, að mun meira fáist fyrir hvert pund af ullinni en nú, þegar

húu er miður vönduð. Ef 100 pd. af ull eru svo vel þvegin, að þau ljettast um 10 pund, þá verður verðið fyrst og fremst að hækka svo, að maður fái eins mikið fyrir 90 pund og áður fjekst fyrir 100 pund. En þetta er ekki nóg. Verðið verður að vera svo hátt, að það auk þessa borgi kostnaðinn við að þvo ullina betur og kostnaðinn við matið, og til þess að nokkuð sje unnið, verður að vera eitthvað í viðbót við þetta. Jeg hygg, að allir muni vera mjer sammála um, að ullarmatið muni varla borga sig fyrst í stað, á meðan ekki er orðið kunnugt, að ullin sje betri vara; en það gjörir ekkert til, ef það yrði að eins nokkur ár, og verðið yrði þeim mun betra seinna. En menn verða að gæta þess, að hjer er öðru máli að gegna en um ýmsar aðrar vörutegundir, svo sem fisk og síld. Þar er ekki hægt, að laga verkunina á eftir. En ullina má hreinsa á eftir, og jeg hygg að verksmiðjurnar, sem kaupa ullina, gæti að því, hvað mikið er hrein ull og hvað mikil óhreinindin, og taki tillit til þess, hvað mikið hún muni ljettast við hreinsunina. Jeg hygg, að þær muni borga þeim mun meira fyrir þá vel þvegnu ull, sem hún ljettist minna, en ekki meira en sem því svarar. Jeg vil í þessu sambandi geta þess, að jeg hefi heyrt, að á Skotlandi selji allir sína ull óhreina, og jeg held að það sje heppilegast. Það er þetta, sem mjer sýnist nefndin hafa gengið fram hjá, að það er hjer allt öðru máli að gegna en um þær vörur, sem ekki er hægt að bæta verkunina á seinna. Enn er eitt, sem jeg vil benda á, og það er, að í Ameríku er lagður tollur á ullina, og er hann því hærri, sem ullin er dýrari; gæti það dregið úr því verði, sem verksmiðjurnar vildu bjóða. Jeg hefði álitið heppilegra, að verulegar tilraunir hefðu verið gjörðar um þetta efni, áður en lögin hefðu verið samþykt. Háttv. framsögumaður (J. B.) sagði þær hefðu verið gjörðar, en maður veit ekki um niðurstöðuna. En segjum, að 10 þúsund pund væru send út til einhverrar ullarverksmiðju, 5 þúsund vel þvegin og 5 þúsund óþvegin, og verksmiðjan spurð að, hvað mikið meira hún vildi gefa fyrir þvegnu ullina. Jeg er hræddur um að það yrði ekki meira en sem svaraði því, hvað minna er af óhreinindum í þvegnu ullinni. Og það væri rjett að fjelögum væri veittur styrkur til að gjöra slíka tilraun. En meðan ekki er víst, að frumvarpið verði landinu til hagnaðar, álít jeg ekki rjett að samþykkja það.

Framsögumaður (Jósef Björnsson): Jeg skal taka það fram, út af orðum hv. 1. kgk. (E. B.) að jeg er honum fullkomlega sammála um að það, sem hjer verður að hafa fyrir augum, er sú verðbækkun, sem búast má við, eftir betri verkun og mat á ullinni. En fyrst og fremst er það, að vörur hækka yfirleitt í verði, þegar farið er að vanda þær betur, ekki í hlutfalli við það, sem betri vöruvöndun hefir kostað, heldur oft nokkru frekar. Það er undantekning, ef reynslan verður hjer önnur en með aðrar vörur. Ef matið leiðir til betri verkunar á ull, vona jeg að háttv. 1. kgk. geti orðið nefndinni sammála um, að sá kostnaður, sem til þess fer, muni borga sig, og verða til beins hagnaðar fyrir sauðfjáreigendur. Og mjer er óhætt að segja, að Sigurgeir Einarsson lítur þannig á málið. Það má vera, að það sje rjett, sem háttv. 1. kgk. sagði, að það væri öðru máli að gegna um fisk og síld en um ull, því að ill verkun á ull stæði til bóta. En jeg held að fullyrða megi, að íslensk ull hafi stundum verið svo illa verkuð, að það hafi verið ómögulegt að bæta það, t. d. þegar hún hefir verið svo illa þur, að hitnað hefir í henni. Það má vera, að sandur og mold og önnur óhreinindi, sem í ullinni eru, verði hreinsuð úr, en sumar skemdir á ullinni eru þannig vaxnar, að þær standa að

skoðun nefndarinnar ekki til bóta, og er nefndin því þeirrar skoðunar, að mat á ull verði til bóta, eins og á flski og síld. Háttv. 1. kgk. talaði um að þær tilraunir, sem gjörðar hefðu verið, hefðu ekki leitt í ljós, að hagnaður væri að betri verkun á ull. Jeg skal benda á, að kaupfjelag Þingeyinga hefir lagt sig eftir betri verkun á ull um langan tíma og hefir víst komist að þeirri niðurstöðu, að það borgi sig. En það vill svo vel til, að við höfum hjer í deildinni mann, sem getur sagt um, hver reynslan er í þessu efni. Jeg held að það þurfi ekki að óttast, að verðið hækki ekki svo, að nemi kostnaðinum við verkunina og nokkru um fram, svo að hagur verði að beinlínis. Og jeg get líka búist við, að þetta leiði til óbeins hagnaðar. Jeg skal benda á, að það hefir ávalt reynst svo, að þegar vara hækkar í verði, þá leitast framleiðendurnir við að framleiða sem mest af vörunni. Ef verð á ull hækkar, þá lít jeg svo á, að íslenskir fjáreigendur muni fara að leggja meiri stund á, að hafa gott ullarfje. Og eitt er það, sem kemur í ljós, þegar farið er að meta ullina, en það er mismunurinn á ullargæðunum. En nú er því svo varið, að ullin er mjög misjöfn að eðli og gæðum, ekki að eins í ýmsum hjeruðum landsins, eða sjerstökum sveitum, heldur jafnvel hjá sama manninum. Þetta myndu menn smám saman kappkosta að laga. Og í engum vafa er jeg um, að bæði er hægt að gjöra fjeð ullarmeira en nú er og fá ull þess jafnari að öllum gæðum. En kaupendur ullar leggja mikla áherslu á, að ullin sje sem jöfnust að gæðum, og liggja því hjer hagsmunir á bak við, sem vert er að taka tillit til, og ullarmat ætti að stuðla til að náist.

Steingrímur Jónsson: Það er rjett sem háttv. framsögumaður (J. B.) gat um, að Kaupfjelag Þingeyinga hefir gjört tilraunir til að bæta ullarverkunina. Fyrir rúmum 30 árum sendi það mann til Englands, til þess að kynna sjer hver ráð væru vænlegust til að bæta ullarverkunina. Sendimaður þessi kom með ýmsar leiðbeiningar og ritaði ritgjörð um málið. Voru leiðbeiningar hans prentaðar og sendar út, og hegðuðu Kaupfjelagsmenn sjer eftir þeim. Afleiðingin varð sú, að ullarverkunin varð betri en áður, en jafnframt ljettist ullin, eins og háttv. 1. kgk. þm. (E. B.) gat um að hún mundi gjöra.

Þessi betur verkaða ull frá kaupfjelaginu og eins ull frá Örum & Wulffs verzlun í Húsavík, er var svipað eða eins vel meðhöndluð, varð bráðlega meira eftirspurð á markaðinum, og seldist nú hin síðari árin nokkru hærra verði. En verðmunurinn var svo lítill, að menn töldu það efamál, að þessi vöruvöndun borgaði sig. Þá var það að Kaupfjelag Þingeyinga tók upp á því, að flytja út óþvegna ull, og eins gjörði þá um sama leyti Kaupfjelag Borgfirðinga. En Kaupfjelag Þingeyinga hætti því strax aftur; um Kaupfjelag Borgfirðinga veit jeg ekki. Það reyndist svo, að þá fyrst keyrði um þverbak með álitið á ullinni ytra, því óþvegna ullin var í mjög litlu áliti, skemdist og var slæm. Og útflutningurinn á óþveginni ull, reyndist enn vandasamari en útflutningur á þveginni ull, því ef óþvegin ull er send út, þá þarf alveg sjerstaklega góða meðferð á ullinni strax frá byrjun. Sú skoðun hefir því rutt sjer til rúms þar norður frá, að ef ullin á að vera góð verslunarvara, þá þarf að vanda þvott hennar sem allra mest. En það er fyrirsjáanlegt, að með frjálsum samtökum næst það ekki, svo dugi, því þó að 30—50 þúsund pund af ull sjeu vel þvegin og meðhöndluð á allan hátt, þá gætir þeirra of lítið á heimsmarkaðinum og er jafnvel á stundum ekki nóg til að fullnægja þörfum eins kaupanda. Verður þá ullarverðið lægra, miðað við gæði meginhluta ullarinnar.

Fyrir því, er það rikjandi skoðun í Þingeyarsýslu, að ullarvöndun sje nauðsynleg, og eigi hún að verða að verulegu gagni, þá þurfi ullarmat, og fyrir því glöddust menn þar, er þeir heyrðu, að hr. Sigurgeir Einarsson var á sama máli.

Hákon Kristófersson: Jeg hefi ritað undir nefndarálitið með fyrirvara, að því er 1. grein þess snertir, og kemur það aðallega af því, að jeg get ekki verið háttv. nefnd sammála um niðurlag 1. greinar. Jeg kynni betur við, að síðari hluti þeirrar greinar, frá orðunum „skal sýslumanni“ til enda greinarinnar, fjelli burtu.

Jeg get ekki sjeð, að þessi hluti greinarinnar sje sprottinn af öðru en vantrausti til kaupmannastjettar landsins, þar sem það er beint tekið fram, að sýslumenn eða hreppstjórar verði að skrifa upp á matsvottorðið með ullarmatsmanni; það, að kaupmaðurinn má ekki gjöra það, hlýtur að koma af því, að menn haldi, að þeir ef til vill vilji falsa vottorðin, og það finst mjer bæði ómaklegt og ástæðulaust, eins vel og jeg tel þá stjett yfirleitt skipaða. Jeg vil auk þess benda á, að það getur oft verið nokkur kostnaðarauki, að ná í hlutaðeigandi valdsmenn til þessarar áteiknunar.

Í öllum öðrum atriðum er jeg samþykkur frumvarpinu, og þótt jeg jafnvel að sumu leyti geti fallist á athugasemdir hins háttv. 1. kgk. þm. (E. B.), þá verð jeg að telja ullarmatið æskilegt. Einn háttv. þingmaður sagði mjer, að hann hefði heyrt mikils metinn bónda komast þannig að orði: „Síðan jeg lærði að verka ullina mína rjett, þ. e. hafa hana bæði skítuga og blauta, þá hefi jeg grætt á henni mörg hundruð krónur“. Þetta meðal annars sýnir, að þörf sje á ullarmati. Þó jeg á hinn bóginn verði að álíta það, að ullarmat hafi ekki óverulegan kostnað í för með sjer.

Að endingu vil jeg aftur vekja athygli háttv. deildar á niðurlagi 1. greinar og áskil mjer, ef mjer þá svo líst, að koma fram með breytingarfillögu viðvíkjandi þeirri grein til 3. umræðu.

ATKVGR.:

Brtt. 50, I. 1—2, samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr. svo breytt samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 50, II. samþykt með 10 shlj. atkv.
2. gr. svo breytt samþ. með 10 samhlj. atkv.
3. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.
Brtt. 50, III. samþ. með 10 samhlj. atkv.
4. gr. svo breytt samþ. með 10 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.
Brtt. 50, IV samþ. án atkvgr.
6. gr. svo breytt samþ. með 10 samhlj. atkv.
Brtt. 50, V samþ. með 10 samhlj. atkv.
7. gr. svo breytt samþ. — 10 — —
8. gr. samþ. með 10 samhlj, atkv.
Brtt. 50, VI samþ. með 9 samhlj. atkv.
9. gr. svo breytt samþ. með 10 samhlj. atkv.
Brtt. 50, VII samþ. með 10 samhlj. atkv.
10. gr. svo breytt samþ. með 10 samhlj. atkv.
Fyrirsögn frumvarpsins samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10: 1 atkv.

A 12. fundi í Ed., miðvikudaginn 21. júlí, var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. 61,65).

Hákon Kristófersson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á því, að málið sje tekið út af dagskrá, sökum þess, að framsögumaður er eigi viðstaddur.

Jeg hefi komið fram með breytingartillögu, þar eð jeg er ekki algjörlega sammála meðnefndarmönnum mínum um eitt átriði. Jeg hjelt, að í mörgum tilfellum gæti orðið erfitt að ná til sýslumanns eða hreppstjóra, til þess að gefa útflutningsvottorð, en kæmu aftur umboðsmenn sýslumanna í stað þeirra, álít jeg sparaðan óþarfa kostnað, þar eð sýslumenn hljóta að hafa umboðsmenn sína á öllum útflutningsstöðum. Jeg vona því, að hin háttv. deild samþykki tillögu mína.

ATKVGR.:

Brtt. 65 samþ. með 7 samhlj. atkv.

Frumvarpið svo breytt samþ. með 11 : 1 atkv. Afgreitt til neðri deildar.

(A. 68).

Á 19. fundi í Ed., föstudaginn 30. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um ullarmat,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd (A. 143).

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 2. ágúst, var frumvarpið tekið til einnar umr.

(A. 143, n. 160, 180, 184).

Framsögum. (Jósef Björnsson): Eins og háttv. deild sjer af nefndarálitinu, þá hefir nefndin byrjað með því, að leggja til að frumv. yrði samþykt óbreytt, þó að minni hluti nefndarinnar væri ekki allskostar ánægður með frv. og meiri hluti hennar kannist við, að sumt í breytingum neðri deildar hefði mátt betur fara.

En nú hefir háttv. þm. Vestm. (K. E.), komið fram með þá brtt., að sýslumenn geti skipað aðra en hreppstjóra til þess að rita upp á vottorðin. En með því, að margt mælir með því, að það sje hægt, því til eru þeir útflutningsstaðir á ull, þar sem hreppstjóri er ekki búsettur, og jafnvel getur verið erfitt að ná til þeirra, t. d. í Flatey á Breiðafirði, þá vill nefndin fallast á þessa breytingartillögu með þeirri orðabreytingu eða orðaúrfelling, að orðið „þar" falli burtu, og ber nefndin fram tillögu um það á þgskj. 184, að brtt. háttv. þm. Vestm. (K. E.) verði breytt á þá lund. Nefndin verður að leggja áherslu á, að þetta orð falli burtu. Í sumum kauptúnum landsins er þetta beinlínis nauðsynlegt, því þar er að eins kaupmaðurinn, er flytur ullina út, ásamt fólki sínu. Skal jeg þar nefna sem dæmi Kolkuós við Skagafjörð, sem menn geta sjeð af landshagsskýrslunum að flytur út mikið af ull. Það er því nauðsynlegt, að sýslumennirnir sjéu ekki bundnir við, að taka mann á staðnum, heldur geti, er heppilegt verður að teljast, tekið mann í grend við hann.

Með þessari breytingu vill nefndin mæla með því, að brtt. verði samþykt.

ATKVGR.:

Brtt. 184 við brtt. 180 samþ. með öllum samhlj. atkv.

Brtt. 180 svo breytt samþ. með 12 samhlj. atkv.

Frumvarpið samþykt með 11 : 1 atkv. og endursent til Nd.

(A. 190).

---

9. Verðlag á vörum.

Á 18. fundi í Ed., fimtudaginn 29. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands, til að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 133).

Á 20. fundi í Ed., laugardaginn 31. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Á 22. fundi í Ed., þriðjudaginn 3. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 133).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

2. — — — 10 — —

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 10 samhlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., fimtudaginn 5. ágúst,

var frumv. tekið til 3. umr. (A. 133).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumv. samþ. með 10 samhlj. atkv. og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 237).

---

10. Gullforði Íslandsbanka o. fl.

Á 18. fundi í Ed., fimtudaginn 29. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um framlenging á gildi laga 3. ágúst 1914, um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka, innstæðufje í bönkum og í sparisjóðum og á póstávísunum,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 134).

Á 20. fundi í Ed., laugardaginn 31. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Guðm. Björnson: Jeg leyfi mjer að gjöra það að tillögu minni, að kosin verði þriggja manna nefnd í málið, að þessari umræðu lokinni.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með öllum atkv.

Samþ. þriggja manna nefnd, og í hana valdir með hlutfallskosningu:

Kristinn Daníelsson,
Karl Finnbogason,
Eiríkur Briem.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 9. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 134, n. 232).

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Eins og háttv. þingmönnum er kunnugt, hefir nefndin lagt það til, að frumv. þetta verði samþ. óbreytt, af því að sömu ástæður eru nú fyrir hendi, eins og þegar frv. var samþ. í fyrra. Það var þá vegna ófriðarins og þeirrar hræðslu, er hann gat gefið tilefni til. Sama ástæða er enn fyrir hendi, og því leyfir nefndin sjer að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. með öllum atkv.

2. — — — — —

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með öllum atkv.

Á 29. fundi í Ed., miðvikudaginn 11. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr. (A. 134).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumv. samþ. í einu hlj, og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 307).

---

11. Útflutningsbann á bretskum vörum.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 8. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um bann á útflutningi frá Íslandi á vörum, innfluttum frá Bretlandi o. fl.

(A. bls. 156—158).

A 3. fundi í Ed., laugardaginn 10. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Ráðherra: Frumv. þetta er lagt hjer fram samkv. 11. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem svo er mælt fyrir, að jafnan skuli leggja bráðabirgðalög þau, sem konungur af brýnum ástæðum verði að gefa út milli þinga, fyrir næsta Alþingi á eftir. En bráðabirgðalög þessi eru svo til komin, að bretski ræðismaðurinn hjer benti landsstjórninni á, að stórum hægara mundi að fá leyfðan hingað innflutning á ýmsum vörum frá Englandi, ef útflutningur á þeim hjeðan væri bannaður með lögum. Stjórnarráðið bar svo mál þetta undir Velferðar-

nefndina, og var hún einhuga um, að sjálfsagt væri að fara eftir bendingum ræðismannsins. Það er ekki heldur gott að sjá, að lög þessi geti bakað neinum tjón, því að vörur frá Bretlandi eru víst mjög sjaldan útfluttar hjeðan, að kolum undanteknum. Ef til vill væri þó rjettast að skipa nefnd, til þess að íhuga frv., því að einu atriði þess væri má ske heppilegt að breyta nokkuð.

Guðmundur Björnson: Enda þótt jeg telji sjálfsagt, að Alþingi muni leggja samþykki sitt á bráðabirgðalög þessi, þá er þó hitt jafn sjálfsagt, að skipa nefnd til þess að athuga þau, því að þeirri aðferð ber Alþingi jafnan að beita, ef stjórnin telur sig knúða til þess, að gefa út bráðabirgðalög milli þinga. Jeg leyfi mjer því að leggja til, að skipuð verði þriggja manna nefnd.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Samþ. í einu hlj. að skipa þriggja manna nefnd, og í hana kjörnir með hlutfallskosningu:

Jósef Björnsson,
Steingrímur Jónsson,
Magnús Pjetursson.

Á 9. fundi í Ed., laugardaginn 17. júlí, var frumv. tekið til 2. umr. (A. bls. 156—158; þgskj. n. 39).

Framsögumaður (Steingr. Jónsson): Eins og háttv. þingdeildarmönnum er kunnugt, hefir verið mjög örðugt að fá vörur frá útlöndum síðan að Norðurálfustyrjöldin byrjaði, og hefir á Englandi oftast þurft að fá sjerstakt stjórnarleyfi, til þess að þaðan mætti flytja vörur hingað. Þetta hefir sumpart verið af því, að Englendingar hafa óttast þurð á vörum þessum, og sumpart af því, að þeir hafa viljað hafa eftirlit með því, hvert vörurnar færu. En þetta hefir gjört erfið viðskifti við England og verið oss oft bagalegt.

Það mun hafa verið eftir bendingu bretska ræðismannsins hjer, að stjórnin gaf út bráðabirgðalög um þetta efni 19. júní síðastliðinn, þar sem bannaður er útflutningur af nýju á öllum vörum, er hingað flytjast frá Bretlandi, og er orsökin til þess tæplega önnur en sú, að Englendingar hafa óttast, að vörur þær, er fluttar yrðu hingað, yrðu aftur fluttar hjeðan til óvinalanda sinna, einkum Þýskalands. Jeg hygg að það hafi verið heppilegt og rjett af stjórninni, að setja bráðabirgðalögin frá 19. f. m., en þá er það eins heppilegt og gagnlegt, að þeim sje haldið áfram í gildi og þau sjeu samþykt hjer á Alþingi. Það er ekkert útlit fyrir að styrjöldin ætli að hætta bráðlega, eða að eftirleiðis verði hægra að fá vörur en verið hefir til þessa; telur því nefndin sjálfsagt að samþykkja frumv. í öllum aðalatriðunum.

Nokkrar smábreytingar hefir nefndin þó gjört við frumv., og hefir hún talað um þær við hæstv. ráðherra, er hefir tjáð sig þeim samþykkan.

Brtt. þessar eru á þgskj. 39.

Fyrsta brtt. er um að setja „Bretlandseyjum“ í staðinn fyrir „Bretlandi“ í 1. gr. frumv., og er það vegna þess, að nefndinni þykir rjett, að lög þessi nái til allra vara, sem fluttar eru hingað, hvaðan sem er frá Bretlandseyjum, t. d, að það nái til þess, ef hveitifarmur væri fluttur hingað frá Írlandi eða Hjaltlandi.

Þá er önnur tillagan. Eftir frumv. má að eins birgja upp með þessar vörur íslensk fiskiskip, en nefndin finnur ekki ástæðu til þess, að binda þetta við íslensk fiskiskip, heldur megi einnig byrgja upp með vörur þessar þau erlend fiskiskip, er leggja hjer upp afla sinn. Nær þetta einkum til norsku síldarskipanna við Norðurland, og erlendra botnvörpuskipa hjer við

Suðurland. Eftir tillögu nefndarinnar kemur 2. málsgrein 1. greinar til að hljóða svo:

„Þó er heimilt að birgja upp skip, er siglir frá Íslandi, til næstu erlendrar hafnar, sem það ætlar að koma á, svo og fiskiskip meðan þau stunda fiskveiðar við Ísland og leggja hjer upp afla sinn".

Loks er 3. brtt. nefndarinnar um sektirnar. Þær eru alt of lágar í frumvarpinu. Raunar má búast við, að þeim verði ekki oft beitt, ef það yfir höfuð kemur fyrir. En ef sá ótti, er hefir komið málinu af stað, reynist rjettur, þá eru 1000 kr. sektir fyrir að flytja út miklar vörur allt of lítið; það má alls ekki vera minna en 5000 kr., eins og nefndin leggur til.

Að síðustu hefir nefndin lagt til, að fyrirsögn frumv. verði breytt, og er það gert í samræmi við fyrstu brtt. nefndarinnar, ef hún verður samþykt.

Hæstv. ráðherra hefir bent nefndinni á, hvort ekki væri rjett að fella aftan af 2. gr., er nú hljóðar svo:

„Sams konar útflutningsbann og getur um í 1. gr., er stjórnarráði Íslands heimilt að leggja með reglugjörð á vörur, sem til Íslands flytjast frá öðrum löndum, ef það telur hættu á, að ella taki að einhverju leyti eða öllu fyrir vöruflutning frá þeim löndum til Íslands".

Vill hæstv. ráðherra fella aftan af greininni, svo, að 2. gr. heimili stjórninni, að leggja sama bann á gagnvart öðrum löndum, þótt eigi sje hætta á, að útflutningur frá þeim löndum verði bannaður til Íslands, og yrði það þá eins og lög frá 3. ágúst f. á. væru tekin þar upp. Nefndin hefir ekki rætt þetta atriði, en mun athuga það til 3. umr, og þá ef til vill gjöra brtt. í þessa átt.

Jeg leyfi mjer svo nefndarinnar vegna að leggja til, að frumv. verði samþ. með breytingum þeim, sem skráðar eru á þgskj. 39.

ATKVGR.;

Brtt. 39,1—2 samþ. í einu hlj.
1. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.
2. — samþ. í einu hlj.
Brtt. 39,3 samþ. í einu hlj.
3. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.
4. — samþ. í einu hlj.
Brtt. 39,4 (við fyrirsögn) samþ. í einu hlj.
Fyrirsögn frumv. svo breytt, samþ. í einu hlj.
Frumv. vísað til 3. umr. í einu hlj.

A 10. fundi í Ed., mánudaginn 19. júlí, var frumv., með svo felldri fyrirsögn:

Frumv. til laga um bann á útflutningi frá Íslandi, á vörum innfluttum frá Bretlandseyjum o. fl., tekið til 3. umr. (A. 55, 56).

Framsögumaður (Steingr. Jónsson): Það er samkvæmt bendingu frá hæstv. ráðherra, að brtt. á þgskj. 56 er fram komin. Eins og 2. gr. frumv. nú er orðuð, er heimild stjórnarinnar, til þess að leggja útflutningsbann á vörum, sem flytjast til Íslands frá öðrum löndum en Bretlandseyjum, skilyrði bundin, en öll ástæða virðsit til að hafa heimildina víðtækari, svo að stjórnin t. d. geti lagt útflutningsbann á vörur, sem hún álítur að of lítið sje til af í landinu. Hjer með væru þá lög frá 3. ágúst 1914 tekin upp í frumv., og mættu þau þá falla úr gildi. Nefndin vill fastlega ráða háttv. Ed. til að samþykkja frumv. með þessari breytingu.

ATKVGR.:

Brtt. 56, samþ. með öllum atkv.
Frumv. svo breytt, samþ. með öllum atkv. og afgreitt til Nd.
(A. 60).

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 9. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um bann á útflutningi frá Íslandi á vörum, innfluttum frá Bretlandseyjum,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A 256).

Á 31. fundi í Ed., föstudaginn 13. ágúst, var frumv. tekið til einnar umr. (A, 256, n. 292).

Framsögumaður (Steingr. Jónsson): Þetta frumv. er komið aftur frá háttv. Nd., sem hefir breytt því að eins að því leyti, að 2. gr. hefir verið feld burtu og tekin í stað þess upp í frumv., sem við höfðum til 2. umr. áðan, ófriðarráðstafanirnar, og þar sem nefndin álítur að vel eigi við, að heimildin til að banna útflutning á innlendum vörum sje í þeim lögum, ræður hún háttv. deild til þess, að samþ. frumv. óbreytt.

ATKVGR.;
Frumv. samþ. með öllum atkv. og afgreitt *sem lög frá Alþingi.*
(Sjá A. 328).

---

12. Vjelstjóraskóli í Reykjavík.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 8. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um stofnun vjelstjóraskóla í Reykjavík. (A. bls. 135—138).

Á 3. fundi í Ed., laugardaginn 10. júlí, var frumvarpið tekið til 1. umr.

Ráðherra: Frv. þetta miðar í sömu átt, sem næsta frv. á undan, um vjelgæsluna, nefnilega að herða á kröfunum um þekking vjelstjóra. Nú er vjelafræði að eins kend í sjerstakri deild í stýrimannaskólanum, en frv. þetta fer fram á, að settur verði á stofn sjerstakur skóli í vjelafræði. Frv. mun að vísu hafa nokkurn kostnað í för með sjer, ef það verður samþ., en væntanlega verður það frv. ekki að falli, því að ætla má, að allir verði sammála um, að ekki tjái annað, en að sjá íslenskum vjelamönnum fyrir slíkri fræðslu, sem talin er nauðsynleg í öðrum löndum.

ATKVGR.:
Frumvarpinu vísað 2 umr. í e. hlj.

Stungið var upp á að skipa þriggja manna nefnd, en sú tillaga var feld með 7 : 6 atkv.

Frumvarpinu því næst vísað til stýrimannaskóla nefndarinnar með 7 samhljóða atkvæðum, og skipuðu þá nefnd þeir:
Karl Einarsson,
Eiríkur Briem,
Karl Finnbogason,
Hákon Kristófersson,
Kristinn Daníelsson.

Á 19. fundi í Ed., föstudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 2. umr.
(A. bls. 142—145; þgskj. n. 117, 126, 150).

Framsögum. (Karl Finnbogason): Nefndin hefir einungis gjört örfáar brtt. við frv., og þær eru allar þess eðlis, að engin ástæða er til að halda langa ræðu um þær. Breytingarnar, sem nefndin leggur til að gjörðar sjeu, eru allar orðabreytingar, nema ein, og vil jeg skýra hana nánar. Þessi breyting er d-liður 3. brtt. við 4. gr. frv.

Í þessum viðauka, sem hjer ræðir um, leggur nefndin til, að þeir, sem fengið hafa vjelstjóraleyfi áður en lög þessi öðlast gildi, fái að ganga undir próf, enda þótt þeir fullnægi ekki skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. og 2. lið 4. greinar laga þessara, sem sje: þótt þeir hafi ekki stundað járnsmíði í 3 ár eftir 14 ára aldur, og ekki fengið vottorð um það. Þetta álítur nefndin sanngjarnt og nauðsynlegt til að eyða ekki að óþörfu tíma fyrir starfhæfum mönnum.

Nefndin álítur ekki rjett, að veita þess-

um mönnum skilyrðislaust jafnan rjett við þá, er fullnægt hafa hærri kröfum til að öðlast rjettinn, en telur hins vegar sjálfsagt, að gjöra þeim svo ljett sem auðið er að öðlast hann, án þess þó, að veikt sje tryggingin fyrir því, að þeir megi með hann fara.

Við höfum, tveir nefndarmenn, gjört brtt., sem prentaðar eru á þgskj. 126. Þær eru alveg sama eðlis og breytingartillaga okkar við stýrimannaskólalögin, er háttv. deild samþykti í gær. Og er jafn sjálfsagt að þær verði samþyktar sem hún.

Legg jeg því til, fyrir hönd nefndarinnar, og okkar tveggja, að allar þessar breytingartillögur verði samþyktar.

Karl Einarsson: Jeg á svolitla breytingartillögu á þgskj. 150, sem að mestu leyti mælir með sjer sjálf. Nefndin áleit heppilegt að þeim yfirvjelstjórum, sem undanþáguleyfi hefðu fengið, væri gjört hægara fyrir en öðrum að taka próf. En það hefir slæðst inn svolítill misskilningur af vangá. Jeg vil leyfa mjer að lesa upp d-liðinn í 3. breytingartillögu nefndarinnar við 4. gr.: „Sá, sem fengið hefir vjelstjóraskírteini eða undanþáguleyfi til að vera undirvjelstjóri, áður en lög þessi öðlast gildi, hefir rjett til að ganga undir vjelstjóraprófið, þótt hann fullnægi ekki skilyrðum þeim, er sett eru í 1. og 2. lið þessarar greinar". Meining meiri hluta nefndarinnar var að setja „vjelstjóraskírteini eða undanþáguleyfi til að vera yfirvjelstjóri", og var það í samræmi við 18. gr. frv. til laga um vjelgæslu.

Breytingartillagan gengur út á að leiðrjetta þetta. Jeg vil ekki ganga svo langt að meina þeim, sem fengið hafa undanþágu og ekki hafa lært járnsmíði, að taka próf við skólann.

Jeg vil benda á að brtt. við næsta mál á dagskrá, vjelgæslumálið, ganga út á að þeir, sem fengið hafa yfirvjelstjóraskírteini, samkvæmt eldri lögum, fái einnig yfirvjelstjóraskírteini samkvæmt þessum lögum. Það útilokar ekki, þótt þessi viðbót sje sett við 4. gr., að sumir þeirra kunni að óska eftir að taka prófið. Jeg vona að breytingartillaga mín verði samþykt.

Eiríkur Briem: Það hefir tekist svo óheppilega til, að úr 3. breytingartillögu nefndarinnar, staflið d, hafa fallið orðin „yfirvjelstjóri eða". Greinin á að hljóða svo: Sá sem fengið hefir vjelstjóraskírteini eða undanþáguleyfi til að vera yfirvjelstjóri eða undirvjelstjóri o. s. frv.

Háttv. þm. Vestm. (K. E.) kom fram með þá breytingartillögu, sem prentuð er á þgskj. 150 og gengur út á að breyta undirvjelstjóri í yfirvjelstjóri. Sú tillaga kom svo seint fram, að nefndin átti ekki kost á að athuga hana. Jeg er ekki á móti því að samþykkja þá breytingu.

Fyrir hönd nefndarinnar vil jeg svo koma fram með þá tillögu, að málinu verði vísað til 3. umræðu.

Kristinn Daníelsson: Jeg stend upp til þess að minnast á breytingartillögur þær, sem prentaðar eru á þgskj. 126. Jeg þarf reyndar ekki að tala mikið fyrir þeim, því að það var gjört vel í gær. Þessar breytingar eru sama eðlis og breytingarnar, sem gjörðar voru þá, og vona jeg því, að þessar fái sömu undirtektir.

En af því að minst hefir verið á, að nýyrði bentu oft ekki á hvað í þeim fælist, þá vildi jeg minna á, að svo er reyndar um flest nöfn, að þau geta ekki bent á öll hugtök, sem í einu nafni kann að felast. Þannig er með „geometriskar konstruktionir", að þótt flatarmálsteiknanir ekki innifeli í sjer nákvæmlega sömu hugsun, þá getur það ekki misskilist, þegar útlenda orðið stendur í svigum á eftir. Auk þess er þetta skýrt nánar í kenslubókum og því enginn vafi á, að það getur engum misskilningi valdið.

Jeg vil einnig minnast á b-liðinn á þgskj.

126. Það gengur út á að breyta bifvjel í hreyfivjel með mótor í svigum fyrir aftan. Jeg veit ekki, hvort hæstv. forseti álítur að þessa tillögu mætti skoða sem breytingartillögu við sama atriði í þgskj. 117, og ef okkar tillaga verði samþ. þá falli breytingartillagan um þetta sama atriði á þgskj. 117.

ATKVGR.:
Brtt. 117,1 samþ. í einu hljóði.
1. gr. svo breytt. samþ. í e. hlj.
Brtt. 117,2 a. samþ. án atkvgr.
Brtt. 117,2 b og c samþ. í e. hlj.
Brtt. 126 a samþ. í e. hlj.
Brtt. 126 b samþ. með 7 : 2 atkv. og tillaga 117,2 d þá fallin.
2. gr. svo breytt samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með öllum atkv.
Brtt. 117,3 a 1—2 samþ. með öllum atkv.
Brtt. 117,3 b og c samþ. án atkvgr.
Brtt. 150 við 117,3 d samþykt með 11 samhlj. atkv.
Brtt. 117,3 d svo breytt. samþykt með öllum atkvæðum.
4. gr. svo breytt samþ. með öllum atkv.
5. gr. samþ. með öllum atkv.
Brtt. 117,4 a—b samþ. með öllum atkv.
6. gr. svo breytt samþ. með öllum atkv.
Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvæðagreiðslu.
Frv. vísað til 3 umr. í e. hlj.

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 2. ágúst, var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. 156).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frumvarpið samþykt í einu hljóði og afgreitt til Nd.
(A. 188).

---

13. Stýrimannaskólinn í Reykjavík.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 8. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 22, 11. júlí 1911, um Stýrimannaskólann í Reykjavík. (A. bls. 135—138).
Á 3. fundi í Ed., laugardaginn 10. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Ráðherra: Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þetta frv., enda verð jeg að játa, að mig brestur þekkingu til þess að dæma um innihald þess. Frv. er samið af sjerfræðingum, og er tilgangur þess, eftir því sem mjer skilst, að herða á kröfum um þekkingu þeirra manna, sem stjórna eiga hafskipum. Jeg býst við að háttvirt deild skipi nefnd til þess að íhuga málið, en að öðru leyti skal jeg ekki orðlengja frekar um það.

Jósef Björnsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að skipuð verði fimm manna nefnd til þess að íhuga málið að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.:
Frv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.
Samþ. í einu hljóði að skipa fimm manna nefnd, og í hana kjörnir með hlutfallskosningu:
Karl Einarsson,
Eiríkur Briem,
Karl Finnbogason,
Hákon Kristóferss.,
Kristinn Daníelsson.

Á 18. fundi í Ed., fimtudaginn 29. júlí, var frv. tekið til 2. umr.
(A. bls. 135—138; þgskj. n. 105, 127).

Framsögumaður (Karl Einarsson): Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er

stjórnarfrumvarp og er fram komið vegna þess, að nauðsyn þótti að breyta lögunum um atvinnu við siglingar. Hefir það frv. þegar verið hjer til 2. umr. og verið vísað til 3 umr. Og ef þau lög ná fram að ganga, þá er nauðsynlegt að breyta lögunum um Stýrimannaskólann á þann hátt, sem hjer er farið fram á. Nefndin hefir athugað frv. og finnur ekkert að athuga við efni þess, og yfirleitt ekkert við það að athuga að öðru leyti. Að eins hefir nefndin komið fram með brtt. í þá átt, að setja íslensk orð í staðinn fyrir orðin inclination og deviation, sem notuð eru í frumvarpinu, þó þannig, að útlendu orðin sjeu látin fylgja með innan sviga, til skýringar. Sumir nefndarmenn líta reyndar svo á, að þetta sje ekki til verulegra bóta fyrir íslenskt mál og geti jafnvel valdið ruglingi. Jeg vil benda á að orðið segulskekkja í 3. gr. má ekki standa, því að það orð er haft í annari merkingu anarsstaðar; er þar ósamræmi í frumvarpinu. Vona jeg að deildin samþykki þessa breytingu. Svo er brtt. á þgskj. 127 um að fyrir deflectorsins komi afhvarfsmælisins, en jeg held að það orð sje ekki heppilegt og geti valdið misskilningi. 4. breytingartillaga er að eins orðabreyting. Vona jeg að deildin samþykki frumvarpið og breytingartillögur nefndarinnar.

Karl Finnbogason: Eins og háttvirtur framsm. (K. E.) tók fram, er nefndin ekki sammála um það, hvort rjett sje að setja þau íslensku orð, sem stungið hefir verið upp á, í stað hinna útlendu. Í nefndinni komu fram tvær skoðanir um það, hvort rjett væri að taka útlend orð inn í málið eða ekki. Sumir hjeldu því fram, að rjettast væri að taka útlendu orðin hiklaust inn í málið og gjöra enga tilraun til að íslenska þau, aðra en þá, að leyfa þeim að ryðja sjer til rúms. Aðrir hjeldu því fram, að rjettara væri að finna íslensk orð og setja þau í lögin og láta útlendu orðin fylgja innan sviga til skýringar, til þess að komist yrði hjá misskilningi. Meiri hluti nefndarinnar samþykti þær breytingartillögur, sem nefndin nú hefir komið fram með, en ekki brtt. á þgskj. 127, sem þó er alveg sama eðlis. Tel jeg sjálfsagt, að hún verði samþykt, ef þær verða samþyktar, en að öðrum kosti feld. Ef afhvarf verður sett í staðinn fyrir deviation, er sjálfsagt að setja afhvarfsmælir í staðinn fyrir deflector, því að deflector er ekki annað en verkfæri til að mæla með deviationina. Jeg fyrir mitt leyti tel það sjálfsagða skyldu þingsins að semja lögin á íslenska tungu, og þess vegna eigi að taka upp íslensk orð yfir öll ný hugtök, sem lög mæla fyrir um. Hitt tel jeg jafn sjálfsagt, að útlendu orðin fylgi fyrst — í svigum —, svo enginn þurfi að misskilja, það, sem mælt er fyrir um.

Vona jeg að háttv. deild verði okkur tillögumönnum sammála og samþykki breytingartillögurnar.

Eiríkur Briem: Það getur verið gott, sem háttvirtur síðasti ræðumaður hjelt fram, að setja íslensk orð sem víðast í stað útlendra orða, en hitt er þó meira um vert, að íslensk tunga sje töluð og rituð eins og vera ber. En það er algengt að menn, sem ekki geta tekið sjer í munn orð eins og kílómeter, blygðast sín ekki fyrir að láta orð stýra skökkum föllum.

Þegar Stýrimannaskólinn var settur á stofn fyrir 25 árum voru orðin inclination og deviation notuð í lögunum. Þetta eru sjerstök hugtök fyrir þá menn, sem þessa fræðigrein læra, en alþýða manna notar aldrei þessi orð. Jeg get því ekki sjeð að þessi orð verði íslenskri tungu til lýta. Það mætti bera sömu ásökun fram gagnvart Snorra Sturlusyni og Sturlu Þórðarsyni eins og borin er fram á móti þeim mönnum, sem vilja halda þessum útlendu orðum. Forfeður okkar hafa tekið upp fjölda af útlendum orðum, t. d. þegar

kristni kom til landsins, eins og orðin biskup, prestur og fleiri orð. Jeg hefi jafnvel heyrt, að öll orð, sem byrja á p, sjeu af útlendum uppruna. En þetta hefir ekki skemt málið. Annað, sem mælir á móti að taka upp þau nýyrði, sem hjer er farið fram á, er að þau eru ekki heppilega valin. Jeg vil taka til dæmis orðið segulhalli. Það getur verið gott orð út af fyrir sig, en það þarf að sjást um halla frá hverju er að ræða. En hjer er engin bending um það frá hverju halli. Sama máli gegnir um orðið afhvarf. Þar er engin bending um frá hverju hvarfið er.

Jeg sje því ekki annað, en að þessi orð sjeu meiningarlaus og því alls ekki bóta. Annars má hver hafa sína skoðun á þessu. En ef þeir, sem þykjast styðja íslenska tungu með þessu, geta ekki notað orð eins og deflector, hvernig geta þeir þá notað orð eins og t. d. pólstjarna? Því á ekki að kalla það heimskautsstjörnu?

Guðmundur Björnson: Af því að það er ekki orðið svo mjög sjaldgæft í seinni tíð, að á þingi rísi deila um það, hvort taka beri útlend orð upp í lagamál vort, vil jeg leyfa mjer að gjöra örfáar athugasemdir við ræða háttv. 1. kgk. þm. (E. B.). Hann sagði, að ef maður leitaði í fornritum okkar, þá sæi maður, að rithöfundar frá fyrri öldum hafi tekið upp í íslenskuna útlend orð. Þetta er satt, að þeir gjörðu það stöku sinnum. En þegar jeg hefi litið í fræðirit frá þeim öldum, þá hefi jeg einatt furðað mig á því, að fremur sjaldgæft virðist það hafa verið, að útlend orð væru tekin upp í málið. Þeir gömlu fræðimenn smíðuðu oftast ný orð, þegar ekki voru í alþýðumáli til orð yfir þau hugtök, sem þeir vildu nefna, og mig hefir oft furðað á því, hve sparir þeir voru á að taka upp útlend orð.

Það er til einn þýskur fræðimaður, sem hefir safnað öllum lánsorðum, sem til eru í íslenskum fornritum, en hann hefir farið full langt í þá áttina, og tekið heldur meira en minna, því að hann telur þar ýms orð, sem eru góð og gild að allra dómi. Jeg á þetta orðasafn og hefi oft borið það saman við ýmsar íslenskar orðabækur t. d. Fritzner o. fl. Jeg hefi furðað mig á því, hve lítill hluti af þessum lánsorðum hefir komist inn í íslenska tungu.

Það er annars furðulegt, að af öllum útlendum orðum, sem tekin hafa verið upp í íslensku á fyrri öldum, eru fyllilega $^2/_3$ dauð; þau hafa aldrei náð að festa rætur í málinu.

Þetta segi jeg til þess að benda á, að ef vjer eigum að fara að dæmi feðra vorra, þá verðum vjer að halda fast við íslenskuna, og gjöra svo lítið að því að taka upp í hana útlend orð, sem frekast er unt.

Það er líka margreynt, að þegar tekin hafa verið upp góð íslensk orð og sett á móti útlendum orðum, sem farin voru að festast í málinu, þá hafa íslensku orðin útrýmt þeim.

Víst er um það, að ýmsar aðrar þjóðir eru farnar að láta sjer einkar ant um móðurmál sitt. T. d. er svo um eina helstu mentaþjóð nútímans, Þjóðverja. Þeir láta sjer mjög ant um að halda móðurmáli sínu hreinu og hreinsa úr því útlend orð.

Jeg held að það sje skylda okkar við móðurmálið, að taka sem minst upp í það af orðum úr erlendum málum, bæði í ræðu og riti. Jeg játa það fyllilega, sem háttv. 1. kgk. þm. (E. B.) sagði, að það skiftir minnu um þau útlend orð, sem aldrei koma á alþýðu varir. Það er fyllilega rjett hjá háttv. 1. kgk. þm. (E. B.).

Sjeu tekin upp íslensku orðin, sem jeg kann lang best við, ættu vísindalegu orðin á grísku eða latnesku að standa í svigum fyrst um sinn. Jeg álít, að það geti ef til vill verið varasamt að sleppa þeim alveg. En þegar þau eru höfð í svigum með íslenska orðinu, þá getur það aldrei misskilist. Jeg felli mig vel við íslensku orð-

in, sem gjört er ráð fyrir í frumvarpinu, og ætla því að greiða þeim atkvæði. Jeg held að hv. síðasti ræðumaður (E. B.) geti og vel sætt sig við þau, sjeu þau útlendu tekin með í svigum.

ATKVGR.:
1. gr samþ. með öllum atkv.
Brtt. 105,1 a og b samþ. með 7 : 3 atkv.
Brtt. 105,1 c samþ. án atkvgr.
Brtt, 105,2 samþ. án atkvgr.
2. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
Brtt. 105,3 a—c samþ. með 8 samhljóða atkvæðum.
Brtt. 127 samþ. með 8 samhlj. atkv.
Brtt. 105,4 samþ. án atkvgr.
3. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
4. og 5. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvæðagreiðslu.
Frv. vísað til 3. umr. Með öllum atkv.

Á 20. fundi í Ed., laugardaginn 31. júlí, var frv. tekið 3. umr. (A. 145).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frumvarpið samþykt í einu hljóði og afgreitt til Nd.
(A. 174).

---

14. Vörutollsframlenging.

Á 24. fundi í Ed., fimtudaginn 5. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, og laga nr. 44, 2. nóv. 1914, og laga nr. 45 s. d.,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 220).

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 7. júlí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 28. fundi, þriðjudaginn 10. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 220).

Steingrímur Jónsson: Þetta frv. er ekki umfangsmikið, en samt er það mjög mikils varðandi fyrir land og lýð. Jeg stend þó í þetta skifti að eins upp til þess að benda á, að það var sjálfsögð skylda stjórnarinnar að sameina öll þessi vörutollslög í einn lagabálk, og þá um leið, að sníða nokkra þá agnúa af, sem tilfinnanlegastir eru. Hins vegar álít jeg óráðlegt að koma fram með tillögur um breytingar á frumvarpinu hjer í deildinni. Það gæti orðið til þess, að frv. strandaði, eða yrði breytt í óheppilega átt, og væri þá verr farið en heima setið. Jeg vildi að eins vekja eftirtekt á þessu hjer í deildinni, því að mjer finst það mjög illa farið, að stjórnin skuli ekki hafa tekið málið til rækilegri meðferðar en raun hefir á orðið.

ATKVGR.:
1. gr. samþ. með öllum atkv.
2. — — — — —
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í einu hlj.

Á 30. fundi í Ed., fimtudaginn 12. ág. var frv. tekið til 3. umr. (A. 220, 306).

Hákon Kristófersson: Vegna þess að brtt. á þgskj. 306 hefir komið fram seinna en svo, að háttv. þingdeildarmenn hafi getað haft tækifæri til að glöggva sig á henni, leyfi jeg mjer að leggja til að málið verði tekið út af dagskrá.

Kristinn Daníelsson: Jeg tek í sama streng, því að jeg hygg, að menn þurfi nokkurn tíma til þess að átta sig á brtt. Menn hefir áður greint mjög á um efni hennar, og sams konar tillaga var nýlega feld í hv. Nd. Jeg hygg því, að nú sje einmitt ástæða til að nëyta þess ákvæðis í þingsköpum, að tillögum sje útbýtt daginn áður, og að rjett sje, að gefa mönnum tóm til umhugsunar, áður en gengið er til atkvæða um hana.

Karl Einarsson: Þessi sama tillaga var á ferðinni hjer í fyrra, og gafst þá deildarmönnum tækifæri til þess að athuga hana. Jeg álít því þarflaust að taka málið út af dagskrá hennar vegna.

Þegar hjer var komið umræðum, tók forseti málið út af dagskrá.

Á 31. fundi í Ed., föstudaginn 13. ág., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 220, 306, 316).

Hákon Kristófersson: Jeg á hjer viðaukatillögu á þgskj. 306, sem fer fram á, að segldúkur, strigi og fiskumbúðir verði fært undir 2. lið vörutollslaganna, sem er sanngjarnara, en að það sje tollað eins og nú. En bæði með tilliti til þess, að þetta gæti orðið til að vekja óheppilegar umræður um lögin, og ef til vill til þess, að þau gangi ekki fram á þessu þingi, þá leyfi jeg mjer að taka tillöguna aftur, þó jeg álíti, að hún gangi í rjetta átt, einkum þar sem lítil von er til, að hún nái fram að ganga hjer í heildinni, nje í neðri deild, þó hún kæmist þangað.

Karl Einarsson: Jeg vil leyfa mjer að benda háttv. flutningsmanni að tillögunni á þingskjali 316 á, að mjer sýnist hún ekki vel geta fallið aftan við greinina í frumvarpinu. Jeg vil því skjóta því til háttv. flutningsmanns, hvort hann vilji ekki að málið sje tekið út af dagskrá, og tekið aftur fyrir á morgun.

Hákon Kristófersson: Án þess að jeg hafi nokkuð á móti því, að málið verði tekið út af dagskrá, þá get jeg ekki sjeð, að það, sem felst í varatillögu minni, geti ekki samrýmst við lögin. Meiningin er sú, að fiskumbúðir og strigi skuli vera undanþegnar tolli. Og jeg mundi skilja tillöguna svo, en jeg veit ekki, hvort það er rjett skilið. Jeg vil taka það fram, að jeg er ekki að mótmæla því, að orða mætti tillöguna heppilegar, en jeg get ekki sjeð, að mitt orðalag valdi misskilningi. En ef deildin álítur það gagnstæða, þá má gjarna taka málið út af dagskrá fyrir mjer, en jeg get ekki óskað eftir því, þar sem jeg sje ekki að mitt orðalag sje rangt. Um sjálfa tillöguna þarf jeg ekki að tala frekar. Það sjá allir, að sanngjarnt er, að fiskumbúðir sem búið er að flytja inn og greiða toll af, sjeu tollfrjálsar, þegar þær eru sendar heim aftur, eftir af hafa verið notaðar til umbúða.

Forseti: Mjer virðist orðalagið á tillögunni svo óviðfeldið, að deildin geti ekki látið hana frá sjer fara, og leyfi jeg mjer því að taka málið út af dagskrá.

Á 33. fundi í Ed., laugardaginn 14. ág., var frv. enn þá tekið til 3. umr. (A. 220, 306, 316, 331).

Hákon Kristófersson: Jeg á breytingartillöguna á þgskj. 331. Í henni er sama og varatillögunni í gær, er þótti ekki nógu skýr að orðalagi. Hún fer fram á, að aftan við 1. gr. bætist, að fiskumbúðir úr striga, sem endursendar eru, skuli taldar með vörum þeim, er undanþegnar eru vörutolli.

Þetta er svo eðlilegt og ljóst, að jeg vona að háttv. deild samþykki tillöguna. Jeg finn enga ástæðu til, að fjölyrða meira

um þetta, en óska að hæstv. forseti leiti atkvæða um þetta með nafnakalli.

ATKVGR.:
Brtt. 306 og 316 teknar aftur.
— 331 samþykt með 10 : 2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eiríkur Briem,	Björn Þorláksson,
Guðm. Björnson,	Steingr. Jónsson,
Guðm. Ólafsson,	
Hákon Kristófersson,	
Jósef Björnsson,	
Karl Einarsson,	
Karl Finnbogason,	
Kristinn Daníelsson,	
Magnús Pjetursson,	
Sig. Stefánsson.	

Jón Þorkelsson fjarverandi.
Frv. svo breytt samþ. með 12 samhlj. atkv. og endursent Nd.
(A. 342).

---

15. Sparisjóðir.

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 7. ág., var útbýtt
Frumvarpi til laga um sparisjóði,
eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. (A. 247).
Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 9. ágúst, var frumv. tekið til 1 umr.

Jósef Björnsson: Jeg leyfi mjer að leggja til að kosin verði fimm manna nefnd, til þess að athuga þetta mál að þessari umræðu lokinni.

ATKVGR.:
Frumv. vísað til 2. umr. með öllum atkv.
Fimm manna nefnd kosin með öllum atkv.

I nefndina kosnir að viðhafðri hlutbundinni kosningu:
Björn Þorláksson,
Jósef Björnsson,
Eiríkur Briem,
Karl Finnbogason,
Kristinn Daníelsson.

Á 37. fundi í Ed., fimtud. 19. ágúst, var frumvarpið tekið til 2. umr. (A. 247, n. 366, 367).
Atkvæðagreiðslu um breytingartillögur á þgskj. 367 var frestað til 3. umr., samkvæmt tilmælum nefndarinnar.

Frmsm. (Kristinn Dan.): Jeg ætla enga langa framsöguræðu að halda. Málið er orðið svo marg kunnugt, að jeg álít óþarfa að tala langt mál um ágreiningsatriði. Jeg vil því að eins leyfa mjer að vísa til nefndarálitsins, sem jeg vona að háttv. deildarmenn hafi kynt sjer. Jeg vona, að málið fái góðan framgang, og verði að lögum, svo að reynsla fáist fyrir því, hvernig það reynist; jeg gjöri mjer því von um, að það verði samþykt. Jeg hygg að háttv. deildmenn hugsi ekki til breytinga á lögunum, frá því sem nú er, því ella mundu þeir hafa borið sig saman við nefndina.
Það var samkomulag hjá nefndinni, að koma ekki fram með breytingartillögur sínar við þessa umræðu. Við viljum að málinu verði vísað til 3. umræðu og þá munum við koma með breytingartillögurnar á þgskj. 367. Þá mun jeg og skýra dálítið frá, hvað vakti fyrir nefndinni með þeim breytingartillögum.

ATKVGR.:
1. gr. samþ. í e. hlj.
2.—28. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 39. fundi í Ed., laugardaginn 21. ág., var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. 247, 367).

Framsögum. (Kristinn Daníelsson): Með skírskotun til nefndarálitsins vil jeg leyfa mjer, fyrir hönd nefndarinnar, að legga það til, að háttv. deild samþykki frumvarpið eins og það liggur fyrir, með þeim breytingum, sem nefndin hefir gjört og prentaðar eru á þgskj. 367. Það er nú orðið sýnilegt, að þinginu er erfitt að ganga svo frá lögum þessum, að allir sjeu ánægðir.

Nefnarmennirnir hafa litið sínum augum hver á silfrið, en út í það skal ekki farið. Þeir hafa orðið sammála um það, að frumvarpið er mjög til bóta, og að rjettast sje að samþykkja það með þessum breytingum.

Nefndin álítur, að mikið sje unnið með lögunum; meira samræmi kemur í starfsaðferð sparisjóðanna, og meiri trygging fyrir því, að sparisjóðirnir nái tilgangi sínum, þ. e. að geyma fjeð vel og ávaxta, en hafa það þó jafnan á reiðum höndum. Jafnframt er sparisjóðunum sjeð fyrir ýmsum hlunnindum, t. d. ef sparisjóðsbók glatast.

Að öðru leyti skal jeg ekki tefja um of við einstök atriði, ekki heldur við hið mikla ágreiningsatriði um umsjónarmann, en vil þó taka það fram, að slíkt eftirlit álít jeg ekki tímabært enn.

Nefndin hefir gjört þær einar breytingartill., sem ekki eru líklegar að vekja ágreining, og þarf jeg ekki um þær að tala, því að fyrir þeim er gjörð full grein í nefndarálitinu.

Þótt breytingarnar sjeu ekki miklar, álít jeg þær þó til bóta.

Jeg skal ekki fara meira út í það, nema minnast lítið eitt á 3. brtt., sem er við 13. grein. Þar er ákveðið í lögunum frá hv. Nd., að sjálfskuldarábyrgðarlán megi að eins veita til eins árs. Það hefir verið venja, að sjálfskuldarábyrgðarlán hafa verið veitt til eins árs, en síðan verið framlengd. Nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að rjettast væri að lána þau með afborgun. Þetta getur horft til bóta; nú er oft vani að framlengja þau öll, og getur það oft verið athugaverðara, en samkvæmt þessari breytingu verður það trygt, að árlega skuli vera horgað af þeim.

Svo er að eins 4. brtt. á þgskj. 367, að orðin „um stundarsakir" falli burt. Þau höfðu slæðst inn í frv. úr eldri lagaákvæðum í kgsbrj. frá 1864 og tilsk. 1874. Þá vakti það nefnilega fyrir mönnum, að koma peningunum fyrir á annan arðvænlegri hátt en í sparisjóðum.

Jeg skal ekki fjölyrða frekar um frv., en vil leyfa mjer að mæla með að hv. Ed. samþykki það.

ATKVGR.:

Brtt.	367,1 a	samþ.	með 12 shlj.	atkv.
—	367,1 b	—	— 12 —	—
—	367,2	—	— öllum	—
—	367,3	—	— 12 shlj.	—
—	367,4	—	— 12 —	—
—	367,5	—	án atkvgr.	

Frv. svo breytt samþ. með 11 : 2 atkv. og endursent til Nd.

(A. 489).

16. Vjelgæsla á gufuskipum.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 8. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum (A. bls. 146—150).

Á 3. fundi í Ed., laugardaginn 10. júlí, var frumvarpið tekið til 1. umr.

Ráðherra: Þetta frv. stendur í sambandi við 2. frv. á dagskránni, vjelstjóraskólann. Það er komið fram fyrir atbeina vjelstjórafjel. Íslands, með því að sjálfsagt þótti, að setja

ný skilyrði fyrir atvinnu við vjelgæslu á skipum, um leið og hert er á kröfunum um sjerþekkingu vjelamanna. Jeg vona því, að hv. deild taki frv. vel.

Karl Einarsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að þessu máli verði, að umræðunni lokinni, vísað til stýrimannaskólanefndarinnar.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. í einu hljóði og til stýrimannaskólanefndarinnar, sömul. í einu hlj., en þá nefnd skipuðu þeir:

Karl Einarsson,
Eiríkur Briem,
Karl Finnbogason,
Hákon Kristóferss.,
Kristinn Daníelsson.

Á 19. fundi í Ed., föstudaginn 30. júlí, var frumvarpið tekið til 2. umr. (A. bls. 146—150; þgskj. n. 118, 151).

Framsögum. (Karl Finnbogason): Jeg tel enga nauðsyn rækilegrar framsögu í máli þessu, því í áliti nefndarinnar er gjörð grein fyrir þeim breytingum, sem efnisbreytingar eru, svo það getur engin ástæða verið til þess að taka það hjer upp. Hitt eru að eins orðabreytingar. Jeg vænti þess, að háttv. deild samþykki breytingar nefndarinnar, og lofi frumvarpinu síðan að ganga áfram.

Karl Einarsson: Jeg á smá breytingartillögu við frumvarp þetta, er jeg vildi gjöra stutta grein fyrir. Eftir því sem nú er, hafa, að því sem mjer er frá skýrt, 20—30 menn leyfi til að vera vjelstjórar á skipum, er hafa hreyfivjelar með alt að 800 hestöflum, en þegar núgildandi lög voru samin, þá voru ekki sterkari vjelar til, og var því hámarkið þá ekki sett hærra. Flestir þessara manna, eða yfir 20, hafa tekið próf í vjelstjórafræði, en hins vegar munu kröfur þær, er gjörðar voru þá við prófið, vera minni en kröfur þær, er gjöra á við hinn fyrirhugaða vjelstjóraskóla. En auk þeirra munu það vera um 6 menn, er hafa verið vjelstjórar, án þess þeir hafi leyst próf, en hafa prófskýrteini; en aðgætandi er um þá, að þeir munu allir hafa reynst ágætlega vel í starfi sínu. Mjer finst það vera hart, ef þessir menn, er hafa allir leyst þetta starf vel af hendi, væru settir skör lægra en nýbakaðir lærisveinar frá þessum fyrirhugaða skóla, og því vil jeg, að þeir fái áfram að stunda verk þetta. Og hvað það snertir, að mennirnir væru ekki hæfir til starfans, þá er engin ástæða til þess að óttast það, því útgerðarmennirnir, sem ráða mennina, vinsa áreiðanlega þá úr, er þeir telja vel hæfa til starfans, því jeg skil ekki annað, en að allir útgerðarmenn eigi sammerkt í því, að vilja hafa bestu mennina, sem kostur er á, í þjónustu sinni. Jeg skal taka það fram, að til 3. umræðu er jeg fús á, til samkomulags, að bæta því við, að það skuli sjást á skírteininu sjálfu, að það sje gefið út samkvæmt þessari heimild í lögunum. (*Eiríkur Briem*: Viljið þjer þá ekki taka hana aftur og koma með hana breytta til 3. umræðu?) Jú, það get jeg gjarnan gjört, og vænti þá fylgis háttv. 1. kgk. þm. (E. B.). En það er ekki rjett, að orða þetta svo, sem forstöðumaður Stýrimannaskólans vill, að þessir menn hafi eigi tekið próf, því þeir hafa lokið prófi, þótt það sje lítilfjörlegra en það, sem nú á að verða.

Úr því að jeg stóð upp, vil jeg vekja athygli á, að nefndin vill fella burtu b-lið í 8. grein frumvarpsins. Honum er ofaukið, því í honum felst að eins skilyrði vjelstjóraprófsins, sem krafist er í a-lið sömu greinar, og stendur í 4. gr. frumvarpsins um stofnun vjelstjóraskóla. Þetta hlýtur að vera komið inn af misgáningi, því ef það verður ekki lagfært, ætti nemandinn að hafa stundað járnsmíðar í tvis-

var 3 ár eða 6 ár, í stað þess, að tilætlunin er, að hann stundi þær í 3 ár.

ATKVGR.:
Brtt. 118,1 samþ. í e. hlj.
1. gr. þar með fallin.
Brtt. 118,2 samþ. í e. hlj.
2. gr. þar með fallin.
Brtt. 118,3 samþ. í e. hlj.
3. gr. þar með fallin.
Brtt. 118,4 samþ. í e. hlj.
4. gr. þar með fallin.
Brtt. 118,5 samþ. í e. hlj.
5. gr. þar með fallin.
Brtt. 118,6 samþ. í e. hlj.
6. gr. þar með fallin.
Brtt. 118,7 samþ. í e. hlj.
7. gr. þar með fallin.
Brtt. 118,8 samþ. í e. hlj.
8. gr. þar með fallin.
Brtt. 118,9 samþ. í e. hlj.
9. gr. þar með fallin.
Brtt. 118,10 samþ. í e. hlj.
10. gr. þar með fallin.
Brtt. 118,11 samþ. í e. hlj.
11. gr. þar með fallin.
Brtt. 118,12 a—e. samþ. í e. hlj.
12. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
Brtt. 118.13 a—b samþ. í e. hlj.
13. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
14. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 118,14 samþ. í e. hlj.
15. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
Brtt. 118,15 a—e samþ. í e. hlj.
16. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
17. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 151 (við brtt. 118,16) tekin aftur.
— 118,16 samþ. í e. hlj.
18. gr. þar með fallin.
19. og 20. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frumvarpsins samþ. í e. hlj.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 2. ágúst, var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. 157, 175, 182).

Karl Einarsson: Jeg á svolitla breytingartillögu á þgskj. 175, og skoða hana sem hún sje frá nefndinni, því hún hefir tjáð mjer, að hún fallist á hana. Brtt. er sem sje við 18. gr., sem ræðir um rjettindi þeirra, sem hafa fengið undanþágu til að vera vjelstjórar, eða fengið vjelstjóraskírteini áður en lögin öðlast gildi. Þessir menn standa á ólíku stigi, hvað þekkingu snertir, 1) þeir sem hafa tekið próf og 2) þeir sem ekkert próf hafa tekið. Þeir munu vera 6 alls, sem ekkert próf hafa tekið, en fengið vjelstjóraskírteini, og hafa þeir reynst hæfir og dugandi menn.

Frv. ætlast til, að þessir menn haldi stöðu sinni, en nefndinni hefir virst það varhugavert, nema það sæist á skírteininu, að það væri með undanþágu.

Ritvilla hefir slæðst inn í brtt., *þá* í stað *þó*, og skal jeg biðja skrifstofustjórann að lagfæra það.

Að öðru leyti leyfi jeg mjer að mælast til þess, að háttv. deildin samþykki breytingartillöguna.

Framsm. (Karl Finnbogason): Jeg hefi borið fram eina smávægilega breytingartillögu við frumvarpið á þgskj. 182. Á hún að leiðrjetta prentvillu, er hefir slæðst inn í það, og vænti jeg því, að henni verði vel tekið. Auk þess vil jeg vekja athygli á því, að orðið hefir prentvilla í 9. grein „yfirvjelstórum“ fyrir „yfirvjelstjórum“, og í 16. grein, 4. málsgrein „stjórnarráðir“ fyrir „stjórnarráðið“, og vænti jeg, að sjeð verði um, að þær verði leiðrjettar.

ATKVGR.:
Brtt. 175,1 tekin aftur.
— 182 samþ. án atkvgr.
— 175,2 samþ. með öllum atkv.

Frumv. svo breytt samþ. með 11 samhlj. atkv.

Afgreitt til neðri deildar.

(A. 189).

Á 35. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. ág., var útbýtt

Frumvarpi til laga um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 357).

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. ágúst, var frumvarpið tekið til einnar umr. (A. 357, n. 486).

Karl Einarsson: Þetta mál hefir verið endursent frá háttvirtri neðri deild. Í því hefir engu verið breytt, að eins færðar til nokkrar greinir. Jeg þarf ekki að orðlengja um það; nefndin hefir fallist á að samþykkja það, eins og það nú liggur fyrir, og vona jeg því að háttv. deild samþykki það óbreytt.

ATKVGR.:

Frv. samþykt með öllum atkv. og afgreitt *sem lög frá Alþingi.*

(Sjá A. 551).

---

17. Atvinna við siglingar.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 8. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um atvinnu við siglingar.

(A. bls. 124—131).

Á 3. fundi í Ed., laugardaginn 10. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Ráðherra: Jeg vil að eins leyfa mjer að benda á, að þetta frumv. stendur í nánu sambandi við fyrsta frumv., sem er á dagskránni í dag, stýrimannaskólann. Frv. er samið með ráði þeirra manna, er best hafa vit á þessu máli, en það er stjórn Fiskifjelags Íslands og nefnd manna, sem Öldufjelagið í Reykjavík hefir falið að beitast fyrir, að gjörðar yrðu breytingar á núgildandi lögum nr. 50 frá 10. nóv. 1905. Síðan þau lög komu út hefir margt breytst; þau áttu aðallega við þilskipaútgjörðina, sem þá blómgaðist hjer sem mest, en nú er botnvörpungaútgjörðin, og svo eimskipaútgjörð alment, komin til sögunnar og fer árlega sívaxandi. Löggjöfin um atvinnu við siglingar er því nú orðin svo óhentug, að ekki er við hlítandi, og fær frumv. þetta því væntanlega góðar undirtektir hjer í deildinni.

Karl Einarsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að þessu máli verði vísað til sömu nefndar, sem fyrsta málinu á dagskrá.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj., og til stýrimannaskólanefndar, sömul. í einu hlj., en í henni sátu þeir:

Karl Einarsson,
Eiríkur Briem,
Karl Finnbogason,
Hákon Kristófersson,
Kristinn Daníelsson.

Á 17. fundi í Ed., miðvikudaginn 28. júlí, var frumv. tekið til 2. umr. (A. bls. 124—131; þgskj. n. 92).

Framsögumaður (Karl Einarsson): Nefndin hefir athugað þetta stjórnarfrumv. og getur að flestu leyti mælt fram með því að efninu til. En hins vegar verður hún að leggja til, að orðfæri þess sje breytt mikilla muna.

Efnisbreytingarnar, sem nefndin leggur til að gjörðar verði, eru aðallega þær, að ákvæði frumv. verði eigi látin ná til minni

báta en 6 lesta, og að eigi verði gjörðar jafn strangar kröfur um sjón þeirra manna, sem stjórna skipum frá 6—12 lesta, og um sjón annara skipstjóra.

Þá vil jeg minnast á hinar einstöku brtt. 1. brtt. er við 2. gr., og fer í þá átt, að greinin orðist öll upp, og vona jeg að háttv. deild fallist á, að orðalag nefndarinnar sje betra en orðalag frumv. Í b- og c-lið þeirrar brtt., eru þær efnisbreytingar, sem jeg þegar hefi getið um. — 2., 3., 4., 5. og 6. brtt. eru við 3., 4., 5., 6. og 7. gr., og fara allar í þá átt, að breyta orðalagi þeirra greina, sem þær eiga við. — 7. brtt. er við 9. gr., og fer aðallega fram á orðabreytingar, en þar að auki er þar lagt til, að aftan við greinina sje hnýtt einni málsgrein um að sá, sem staðist hefir próf, geti fengið skipstjóraskírteini á smáskipum hjá yfirvaldi. — Aðrar brtt. þykist jeg ekki þurfa að tala sjerstaklega um, og vona jeg að háttv. deild taki þær allar til greina.

Steingrímur Jónsson: Það er að eins ein af brtt. nefndarinnar, sem mjer finst athugaverð. Er það tillaga um, að nægilegt sje að skipstjórar á smáskipum hafi læknisvottorð um, að „sjón þeirra sje ekki sjerstaklega áfátt“. Getur það ekki verið nokkur áhætta að slaka svo til á kröfunum? Jeg hefi ekki þekkingu til þess að dæma um þetta sjálfur, en jeg vil leyfa mjer að benda á, að fiskiþingið, sem þó hafði töluvert við stjórnarfrumv. að athuga, fann ekkert að þessu atriði frumv. Jeg er því hræddur um, að þessi brtt. fari of langt.

Framsögumaður (Karl Einarsson): Nefndin hefir vandlega athugað þetta atriði og hefir komist að þeirri niðurstöðu, að brtt. væri til bóta. Það vakti aðallega fyrir henni, að óþarft væri að gjöra mönnum það ómak, að skylda þá til að leita til augnlæknis um það efni, sem hver hjeraðslæknir er fullfær til að dæma um. Jeg held að ástæðulaust sje, að bera neinn kvíðbvga fyrir því, að brtt. sje of væg í kröfum, því að hjer er að eins um smáskip að ræða, sem sjaldan fara út fyrir fiskimið. (*Guðmundur Björnson*: Hvað er meint með því, að sjón manna sje „ekki sjerstaklega áfátt“?) Að þeir sjeu ekki litblindir, að þeir geti greint sundur grænt og rautt t. d., eða hafi ekki aðra slíka sjóngalla, sem gjöri þá óhæfa til allrar skipstjórnar.

Guðmundur Björnson: Jeg vil að eins vekja athygli á, að orðalagið á brtt. nefndarinnar við 1. gr., um að formenn á bátum skuli fá vottorð læknis um að „sjón þeirra sje ekki sjerstaklega áfátt“, er afar óhentug, og vil jeg því ráða háttv. nefnd til að athuga þetta nánar. Jeg vil ekki blanda mjer inn í deilurnar um það, hvort þessir formenn þurfi að hafa eins góða sjón og skipstjórar á stærri skipum. En þetta orðalag, sem jeg mintist á, getur valdið miklum erfiðleikum fyrir lækna, þannig að þeir geta orðið í vafa um, hvort sjón manns er „sjerstaklega“ áfátt eða ekki. Þetta er svo óákveðið, að þeir geta ekki vitað hvað með því er meint, og því hætt við, að einn myndi telja það sjerstaklega ábótavant, sem annar teldi ekki. Jeg vil skjóta því til nefndarinnar, hvort ekki mundi hægt, að stjórnarráðið í samráði við augnlækni semdi reglur um, hvað minst ætti að heimta af manni, til þess að geta orðið formaður á þeim skipum, sem hjer er um að ræða, til þess að læknar viti við hvað þeir eiga að halda sig. Jeg vil taka til dæmis litblindu. Það getur verið, að allir læknar mundu telja sjón þess manns, sem litblindur er, „sjerstaklega“ áfátt, en litblinda getur verið á mjög mismunandi stigi. Þá vil jeg nefna annan galla, sem er afar algengur, nærsýni. Jeg veit ekki hvað nærsýnir menn þurfa að vera, til þess, að sjón þeirra sje

„sjerstaklega“ áfátt. Jeg vona að háttv. nefnd sjái af því, sem jeg nú hefi bent á, að læknar verða að hafa einhverjar fastar reglur til þess að halda sjer við í þessu efni.

Framsögumaður (Karl Einarsson): Jeg skal að eins taka það fram fyrir hönd nefndarinnar, að hún mun taka málið til athugunar fyrir 3. umr., og koma fram með breytingartillögu, ef henni þykir ástæða til.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. með öllum atkv.
   Brtt. 92,1 a samþ. með öllum atkv.
   — 92,1 b — — 7 : 2 —
   — 92,1 c — án atkvgr.
2. gr. svo breytt samþ. með öllum atkv.
   Brtt. 92,2 samþ. með öllum atkv.
   3. gr. þar með fallin.
   Brtt. 92,3 a—c samþ. án atkvgr.
4. gr. svo breytt samþ. með öllum atkv.
   Brtt. 92,4 a—b samþ. án atkvgr.
5. gr. svo breytt samþ. með öllum atkv.
   Brtt. 92,5 samþ. án atkvgr.
6. gr. svo breytt samþ. með öllum atkv.
   Brtt. 92,6 samþ. án atkvgr.
7. gr. svo breytt samþ. með öllum atkv.
8. gr. samþ. með öllum atkv.
   Brtt. 92,7 a—h samþ. án atkvgr.
   — 92,7 i samþ. með öllum atkv.
9. gr. svo breytt samþ. með öllum atkv.
   Brtt. 92,8 a—f samþ. í e. hlj.
10. gr. þar með fallin.
   Brtt. 92,9 a—b samþ. án atkvgr.
11. gr. svo breytt samþ. með öllum atkv.
   Brtt. 92,10 a—e samþ. án atkvgr.
12. gr. svo breytt samþ. með öllum atkv.
   Brtt. 92,11 a—c samþ. án atkvgr.
13. gr. svo breytt samþ. með öllum atkv.
   Brtt. 92,12 a—b samþ. án atkvgr.
   — 92,12 c samþ. með öllum atkv.
   — 92,12 d — án atkvgr.
14. gr. svo breytt samþ. með öllum atkv.
   Brtt. 92,13 samþ. með öllum atkv.
15. gr. þar með fallin.
   Brtt. 92,14 a—b samþ. án atkvgr.
16. gr. svo breytt samþ. með öllum atkv.
   Brtt. 92,15 a—e samþ. án atkvgr.
17. gr. svo breytt samþ. með öllum atkv.
   Brtt. 92,16 samþ. með öllum atkv.
18. gr. þar með fallin.
   Brtt. 92,17 a—c samþ. án atkvgr.
19. gr. svo breytt samþ. með öllum atkv.
20.—23. gr. hver um sig samþ. með öllum atkv.
   Fyrirsögnin samþ án atkvgr.
   Frumv. var vísað til 3. umr. með öllum atkv.

A 19. fundi í Nd., fimtudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 138, 152).

Framsögum. (Karl Einarsson): Sem framsögumaður nefndarinnar vil jeg mæla örfá orð með brtt. þeirri, er nefndin flytur á þgskj. 152.

Það kom fram við 2. umr. málsins, að háttv. þingdeildarmenn voru ekki ánægðir með ákvæði þau í 2. gr. frv., er lúta að sjón mótorbátaformannaefna. Og ýmsir hv. þingmenn greiddu atkvæði með þessu ákvæði til 3. umr., í því trausti, að því yrði þá breytt og fært á þann veg, er þeir óskuðu.

Nefndinni fanst því rjett, að athuga þetta atriði, og hefir nú borið fram þessa tillögu á þgskj. 152, til samkomulags, og þá gengið svo langt, sem hún sá sjer fært.

Jeg er að vísu ekki alveg óhræddur við að leggja þetta á vald stjórnarráðsins; það verður ef til vill of strangt, en jeg vænti þess, að það leiti sjer álits landlæknis um reglurnar, áður en þær verða settar, er síðan leiti álits sjerfræðinga, t. d. forstöðumanns Stýrimannaskólans, og býst því við, að þessar reglur verði við hæfi, og mæli því með að brtt. verði samþykt.

ATKVGR.:

Brtt. 152 (við 2. gr.) samþ. í e. hlj.

Frumv. svo breytt samþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

(A. 158).

Á 34. fundi í Ed., mánudaginn 16. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um atvinnu við siglingar,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 340).

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. ágúst, var frumv. tekið til einnar umr. (A. 340, n. 487, 519).

Framsm. (Karl Einarsson): Háttv. Nd. hefir gjört dálitlar breytingar á frv., frá því sem það var hjer. Sumar þeirra eru til bóta, eins og tekið er fram í nefndarálitinu; þær gjöra lögin aðgengilegri, og eftir því er hægara að sjá, hvað útheimtist, til þess að fá þessa stöðu. Slæðst hafa inn í það nokkrar gáleysisvillur og prentvillur, sem nefndin hefir leyft sjer að leiðrjetta. Nokkrar efnisbreytingar hafa verið gjörðar, sem nefndin fellir sig við, t. d. að felt er úr ákvæðið um innborinna manna rjett, til þess að verða skipstjórar á þilskipum og öðrum stærri skipum. Þetta ákvæði komst inn í siglingalögin 1905, víst af vangá, og er óþarft.

Aðra efnisbreytingu hefir háttv. Nd. gjört við 19. gr., og það er, að ekki er krafist vottorðs um sjón þeirra manna, sem nú eru formenn á mótorbátum. Nefndin var ekki ánægð með þetta, en vill þó ekki gjöra þetta að kappsmáli og leggur því til, að það sje samþykt.

Aftur á móti vill nefndin ekki láta lögin ná til mótorbáta, sem eru minni en 6 smálestir. Jeg hygg ekki marga mótorbáta minni en 6 smálestir.

Svo er það eitt orð, þar sem borið hefir á milli. Nefndin er á einu máli um, að smálest sje ekki heppilegt orð; tonn er betra, þegar ræða er um stærð. Hjer er meint rúmmál, ekki þyngd. Smálest táknar venjulega annað, nefnilega 2000 pund. Nefndin hafði gengið svo frá frumvarpinu að nota orðið lest; nú leggur hún til að það sje nefnt tonn, til þess að ekki skuli verða ágreiningur, því að háttv. Nd. þótti orðið „lest“ ekki nógu greinilegt. Nú hefir komið fram brtt. á þgskj. 519 frá minni hluta nefndarinnar, um að nota alstaðar orðið „lest“, en hafa „tonn“ í svigum þar sem það kemur fyrir í fyrsta sinni. Jeg ætla háttv. deild að skera úr þessu og vona að hún verði með meiri hluta nefndarinnar.

Jeg held að ekki sje fleira um þetta að segja. Jeg vona að háttv. deild samþykki frumv. með þeim breytingum sem nefndin hefir gjört.

Karl Finnbogason: Við háttv. þm. G.-K. (K. D.) eigum brtt. á þgskj. 519. Við vorum í minni hluta í nefndinni um þetta orð. Jeg þarf ekki að gjöra langa grein fyrir því, hygg að það komi í veg fyrir misskilning á orðinu smálest, og það var aðalástæðan fyrir brtt. háttv. meiri hluta nefndarinnar. Við leggjum til, að orðið *lest* verði alstaðar notað, en í fyrsta skifti sem það kemur fyrir, sje „tonn“ haft með því í sviga. Þetta er í fullu samræmi við aðrar brtt., sem við höfum

gjört í sömu átt, og jeg skil ekki, annað en að allir, sem hafa greitt þeim atkv., greiði einnig þessari brtt. atkv. sitt. Hún er til *málbóta*, eins og aðrar tillögur okkar háttv. þm. G.-K. (K. D.)

ATKVGR.:

Brtt. 487,1 a samþ. með 12 shlj. atkv.

— 519 samþ. með 8 : 5 atkv. að við höfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingrímur Jónsson,
Guðm. Björnson,	Eiríkur Briem,
Guðmundur Ólafsson,	Hákon Kristófersson,
Jósef Björnsson,	Karl Einarsson,
Karl Finnbogason,	Sigurður Stefánsson.
Kristinn Daníelsson,	
Magnús Pjetursson.	

Jón Þorkelsson greiddi eigi atkv., og taldist til meiri hl.

Brtt. 487,1 b sjálffallin.

— 487,2 samþ. án atkvgr.

— 487,3 A samþ. með öllum atkv.

— 487,3 B — án atkvgr.

— 487,4 — — —

— 487,5 — — —

— 487,6 — — —

Frv. svo breytt samþ. með öllum atkv. og endursent til Nd.

(A. 540).

18. Seðlaauki Íslandsbanka.

Á 39. fundi í Ed., laugardaginn 21. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn, samkvæmt 4. gr. laga 10. nóv. 1905, getur gefið út,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. (A. 464).

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 23. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Kristinn Daníelsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að kosin verði 5 manna nefnd til að athuga mál þetta, að þessari fyrstu umræðu lokinni.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Samþykt að kjósa fimm manna nefnd í e. hlj.

Í nefndina kosnir að viðhafðri hlutfallskosningu:

Kristinn Daníelsson,
Jón Þorkelsson,
Karl Finnbogason,
Hákon Kristófersson,
Steingrímur Jonsson.

Á 47. fundi í Ed., þriðjudaginn, 31. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 464, n. 636).

Framsögum. (Stgr. Jónsson): Frumv. þetta er komið frá hv. Nd. Hafði konungur gefið út bráðabirgðalög um þetta efni 30. nóv. f. á., og lagði stjórnin þau fyrir Nd. Þrátt fyrir skiftar skoðanir og mikinn ágreining, var frv. samþ. í hv. Nd. og er því hingað komið. Eins og kunnugt er, fer það fram á að heimila Íslandsráðherra að leyfa Íslandsbanka að auka seðlafúlgu sína um 1 miljón kr., úr $2^1/_2$ milj. upp í $3^1/_2$ milj.

Eins og sjá má af nefndarálitinu á þgskj. 636, var nefndin ekki sammála um þetta mál, í heild sinni. Þó var hún sammála um eitt atriði, sem sje, að full ástæða og jafnvel brýn þörf sje á því, að seðlaútgáfurjetturinn verði aukinn. Ástæðurnar, sem hún færir fyrir þessu, er dýrtíðin sem leiðir af ófriðnum, og það, hve peningar hafa fallið mikið í verði. Nú er það öllum ljóst, að sá maður, sem áður komst af með 1 krónu, þarf nú $1^1/_2$. Sjálfsögð afleiðing af því, er að fleiri seðla þarf að hafa í umferð en áður. Nú var það upp-

lýst, að í fyrra voru ekki nægir seðlar til þegar ófriðurinn byrjaði; þá þurfti að minsta kosti $^1/_2$ milj. af útlendum seðlum. Síðan í fyrra hafa peningar enn lækkað í verði, krónan er orðin enn ljettari í vasa en hún var þá. Þess vegna urðu nefndarmennirnir sammála um það, að samþ. frv. óbreytt. Við teljum þetta nægilegan seðlaforða, enda þótt sumir sjeu í efa um, hvort $3^1/_2$ miljón reynist nóg. Meiri hlutinn taldi ekki hægt að komast af með minna, en minni hlutinn hjelt, að $^1/_2$ milj. væri jafnvel nóg, en vildi þó ekki koma fram með breytingartillögu.

Nefndin vill láta þess getið, að 3. liður í 1. gr. á í raun og veru ekki heima í frv., en viljum þó ekki koma fram með breytingartillögu. Hann ræðir um viðskifti Íslandsbanka og Landsbankans, en slíkt er einungis samningsatriði milli bankastjórnanna, og hefir nefndin heyrt, að um það hafi verið samið; gjörir því ekkert til, þó það standi í frumvarpinu.

Jeg hygg, að jeg þurfi ekki að fjölyrða meira um þetta mál, en legg það á vald hv. deildar.

Að eins vil jeg geta þess, að nefndinni þykir full þörf á, að frumvarpið verði samþykt, og líka að það verði gjört sem fyrst.

Bankastjórnin hefir skýrt okkur frá því, að nú yrði að gefa út nýja seðla, ef ekki ætti að fá hingað útlenda seðla. Að vísu er hjer mikið af útlendum seðlum nú, en það verður ekki nóg, þegar farið verður að kaupa innlendu vöruna í haust.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. — — 10 — —

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn, 1. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 464).

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum, til þess að taka málið fyrir, og voru þau leyfð og samþykt.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með öllum atkv. og afgreitt *sem lög frá Alþingi.*

(Sjá A. 695).

---

19. Rafmagnsveitur.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 8. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um rafveitur,

(A. bls. 101—107).

Á 4. fundi í Ed., mánudaginn 11. júlí, var frumvarpið tekið til 1. umr.

Jósef Björnsson: Jeg skal leyfa mjer, að því er þetta mál snertir, að leggja til, að háttv. deild skipi þriggja manna nefnd, til að athuga það, að þessari umræðu lokinni.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Þriggja manna nefnd samþ. í einu hljóði.

Í nefndina kosnir:

Guðm. Björnsson,
Karl Einarsson,
Magnús Pjetursson,

allir í einu hljóði.

Á 10. fundi í Ed., mánudaginn 19. júlí, var frumvarpið tekið til 2. umr.

(A. bls. 101—107; þgskj. n. 46, 48).

Framsögumaður (Guðm. Björnson): Herra forseti! — Jeg mun ekki þurfa að gjöra grein fyrir, hvernig frumvarp þetta er til komið. 1913 var efnt til rafveitu á Seyðisfirði, og bar þá þm. Seyðf. upp frv. um rafveitur í hv. Nd., og var það frumvarp samþykt þar. En er það kom hingað í deildina, varð mönnum þegar ljóst við

nánari rannsókn, að svo margir gallar voru á því, að það var með öllu ófullnægjandi. En þá var komið að þinglausnum, svo að ekki var tími til þess að breyta frumvarpinu svo, sem þurft hefði, og var því það ráð tekið, að frumvarpið var samþykt, en ákveðið, að það skyldi ekki gilda lengur en til 1. jan. 1916. Jafnframt var skorað á stjórnina, að búa málið vel og vandlega til þessa þings. Það verður því ekki annað sagt, en að stjórnin hafi haft nægan tíma, til þess að leysa þetta starf vel af hendi, en henni hafa verið mjög svo mislagðar hendur, og er allur frágangur á frumvarpinu frámunalega ljeleg-ur, bæði að efni og orðfæri. Um orðfærið má geta þess til dæmis, að svo mikið ósamræmi er í því, að sömu orð tákna ekki alt af sömu hugtök. Þannig er orðunum „sveitarfjelagsstjórn“ og „sveitarstjórn“ ruglað saman alveg af handa hófi. Annars vil jeg ekki þreyta hv. deild á því, að fjölyrða um orðabreytingar þær, sem nefndin leggur til að gjörðar verði; þær mæla væntanlega allar fram með sjer sjálfar.

Ýmsar efnisbreytingar hefir stjórnin gjört á hinu fyrra frumvarpi, en hitt hefir henni láðst, að gjöra grein fyrir, hvernig á sumum þeim breytingum stendur, og er slíkt óhæfilegt. Þetta er raunar ekki ný bóla, því að þessi ósiður stjórnarinnar ágjörist þing frá þingi, og sje jeg ekki betur en að alþingi verði að fara að grípa alvarlega í taumana, til þess að afstýra þessu háttalagi, ef stjórnin sjer ekki að sjer. — Um efnisbreytingar, sem nefndin leggur til að gjörðar verði, skal jeg vera fáorður, og get jeg að flestu leyti vísað til nefndarálitsins. Það er að eins ein brtt., sem jeg vil fara nokkrum orðum um. Í 6. gr. frumvarpsins, er sveitarstjórnum heimilað, að selja öðrum til umráða einkarjett sinn um 30 ára skeið. Þetta telur nefndin athugavert, tímatakmarkið oflangt, því að það er vafalaust, að best er að hver sveit eigi sjálf sína rafmagnsveitu, og væri því illa farið, ef sveitir tækju upp á því að selja öðrum rjettinn í hendur til mjög langs tíma. Hjer í Reykjavík höfðu menn það ráð, er gasveitan komst á laggirnar, að bæjarstjórnin áskildi sjer rjett til þess að taka að sjer öll umráð yfir henni eftir 5 ár. Nefndin vill því leggja til, að tímalengdin verði færð niður í 15 ár.

Það getur vel verið, að frumvarpið þurfi enn þá fleiri breytinga við, og má þá taka það til greina við 3. umr. Stjórnin hafði svo frá frumv. gengið, að í rauninni hefði verið rjettast, að vísa því heim til hennar aftur, ef ekki hefði bráða nauðsyn borið til, að það næði fram að ganga á þessu þingi. En hitt má þingið ekki lengur láta undir höfuð leggjast, að heimta betri vinnubrögð af stjórninni.

Karl Einarsson: Jeg vil að eins gjöra nokkra grein fyrir þeim brtt., sem jeg legg aðallega áherslu á. Mjer og oss nefndarmönnum, fanst nokkuð mikið leyfishafa-bragð að sumum ákvæðum frumvarpsins, og höfum því lagt til, að feld verði burtu síðari málsgrein 7. gr. og síðasta málsgrein 10. gr. Ákvæðin, sem felast í þessum málsgr., eru enda óþörf vegna þess, að gjört er ráð fyrir, að sveitarstjórn geti afsalað leyfishafa einkarjetti sínum, og fær hann þá eðlilega í öllum einstökum atriðum sama rjett og hún hafði sjálf. Enn fremur virðist óþarft að ákveða, að leyfishafi hafi lögtaksrjett, enda geng jeg út frá, að sveitastjórnir semji allt af gjaldskrána og hún sje síðan staðfest af stjórnarráðinu, og leiðir þá af sjálfu sjer, að hægt er að heimila lögtaksrjett á gjöldunum, þar sem leyfishafi hefir sama rjett og sveitastjórnin, sem gefið hefir leyfið. Að öðru leyti læt jeg mjer nægja að vísa til nefndarálitsins og framsögunnar.

ATKVGR.:

Brtt. 48,1 samþ. í einu hljóði.

1. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.
Brtt. 48,2 samþ. í einu hljóði.
2. gr. þar með fallin.
Brtt. 48,3 a—d. samþ. í einu hljóði.
3. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.
Brtt. 48,4 a—c. samþ. í einu hljóði.
4. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.
Brtt. 48,5 a—h. samþ. í einu hljóði.
5. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.
Brtt. 48,6 a—e. samþ. í einu hljóði.
6. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.
Brtt. 48,7 a—c. samþ. í einu hljóði.
7. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.
8. gr. samþ. í einu hljóði.
Brtt. 48,8 a—d. samþ. í einu hljóði.
9. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.
Brtt. 48,9 a—d. samþ. í einu hljóði.
10. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.
11. gr. samþ. í einu hljóði.
Brtt. 48,10 samþ. í einu hljóði.
12. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.
Brtt 48,11 samþ. án atkvgr.
13. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.
Brtt. 48,12 a—b. samþ. í einu hljóði.
14. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.
15.—17. gr. samþ. í einu hljóði.
Brtt.48,13(við fyrirsögn)samþ.í einu hljóði.
Fyrirsögn frv. svo breytt samþ í e. hljóði.
Frv. vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Á 13. fundi í Ed., fimtudaginn 22. júlí, var frumv. með fyrirsögninni: *Frumvarp til laga um rafmagnsveitur*, tekið til 3. umr.
(A. 62, 72).

Framsm. (Guðm. Björnson): Nú er að eins að ræða um lítinn viðauka við 5. gr. frumvarpsins, sem að vísu hafði komið til tals áður, en fórst fyrir, en nú hefir nefndin athugað hann. Viðaukinn gengur í þá átt, að þar sem sveitastjórnir hafi komið rafmagnsveitum á stofn, þá megi ekki einstakir menn stofna smærri rafmagnsveitur, nema með leyfi, að öðru leyti gildi þar takmarkanir, sem teknar eru fram í fyrri lið 5 greinar. Vona jeg að háttv. deild samþykki viðauka þenna.

Karl Einarsson: Jeg hefi hjer litlu við að bæta, en vildi að eins benda á, að viðaukatillagan er komin fram, til þess að koma á samræmi milli 5. og 8. gr. I 5. gr. er sveitastjórnum veitt heimild til að gefa slík leyfi, en slíkt væri meiningarlaust, ef aftur mætti taka það af mönnum jafnsnemma og þeir væru búnir að koma sjer upp rafveitum.

ATKVGR.:
Viðaukatill 72 samþ. með öllum atkvæðum.
Frumvarpið svo breytt samþ. með öllum atkvæðum og afgreitt til Nd.
(A. 75.).

Á. 33. fundi í Ed., laugardaginn 14. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um rafmagnsveitur,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 321).
Á 40. fundi í Ed. mánudaginn 23. ágúst var frumvarpið tekið til einnar umr.
(A. 321, n. 447).

Framsm. (Guðm. Björnson): Það eru ekki miklar breytingar, sem Nd. hefir gjört við frv. þetta, en þó getur nefndin hjer ekki fallist á þær. Annars er ekki mikla við að bæta það, sem áður hefir sagt verið, en almenningi ætti að skiljast, að það er ekki rjett, að selja af hendi einkarjettindi fyrir mjög langan tíma, og það er álitið, að hægt sje að fá mörg fjelög til þess að byggja stöðvarnar, þó einkaleyfið sje ekki nema til 15 ára. Af því reynsla er fyrir því, að sveitafjelögin kunna ekki enn einsvel að meta rjettindi sín, sem skyldi, þá viljum við, að haldið sje fast við 15 ára ákvæðið.

Þá er ákvæðið um yfirmatið. Báðum kemur saman um að yfirmatsins sje þörf, en ósamkomulagið er um það, hvernig meta skuli. Það liggur í augum uppi, að austur í fjörðum veit ekki yfirdómurinn hjer í Reykjavík hverja velja skuli, og jafnframt verður kostnaður meiri við að senda menn hjeðan til þess. Verður því að halda fast við það, að aðiljar tilnefni sinn manninn hver, og landsyfirdómur þann þriðja. Álít jeg hagsmunum sveitarfjelagsins betur borgið með þessu, og vona jeg að hv. deild samþykki þetta, og Nd. gjöri það ekki að neinu kappsmáli, svo að frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.:

Brtt. 447,1 samþ. með öllum atkv.

— 447,2 — — — —

Frumvarpið svo breytt samþ. í einu hljóði og endursent til Nd.

(A. 505.).

---

20. Kirkjugarður í Reykjavík.

Á 38. fundi í Ed., föstudaginn 20. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 449).

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 23. ágúst var frv. tekið til 1. umr.

Björn Þorláksson: Jeg tel að þetta mál sje svo þýðingarmikið, að rjett sje að skipa þriggja manna nefnd til að athuga það, að þessari umræðu lokinni, og vil jeg því leggja til að svo verði gjört.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Þriggja manna nefnd samþ. í e. hlj.

Í nefndina kosnir að viðhafðri hlutbundinni kosningu:

Björn Þorláksson,
Guðm. Björnson,
Hákon Kristófersson.

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 30. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 449, n. 521 og 532, 651),

Framsögumaður (Guðm. Björnsson): Eins og sjá má af nefndarálitinu á þgskj. 532, þá leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarp þetta verði samþykt með dálitlum breytingum. Vjer nefndarmenn höfum gjört fulla grein fyrir skoðun okkar á þessu máli í nefndarálitinu og við umræður um frv. um upptöku legkaups, sem var næsta mál á undan á dagskránni. Jeg fyrir mitt leyti hefi þar engu við að bæta, en vona að hv. deild samþykki breytingartillögur okkar og síðan frumvarpið í heild sinni.

Kristinn Daníelsson: Jeg hefi komið fram með dálitla brtt. á þgskj. 651, er fer fram á, að hálfa legkaupið sje miðað við tveggja ára börn í stað fimm. Jeg tek það fram, að jeg gjöri þetta ekki að neinu kappsmáli og tel það í sjálfu sjer ekki skipta máli, en vildi koma með það sem bending fyrir deildina, svo ákveðið verði hið sama aldurstakmark og áður. Jeg hygg að hv. nefnd hafi ekki verið fullljóst á hverju þetta ákvæði muni hafa verið bygt fyrr á tímum. Ástæðan hygg jeg hafi verið sú, að barn yngra en tveggja ára væri ekki gjört ráð fyrir að þyrfti sjerstakt rúm, en síðurinn einatt sá, að stinga barnsstokk, sem það er kallað, í gröf með fullorðnum manni. En þegar barnið er orðið fimmára, verður að ætla því sjerstakt grafrúm. Jeg hef viljað að eins leiða athygli að þessu. Annars má auðvitað ákveða hvert aldurstakmark sem vill.

Frsm. (Guðm. Björnson): Jeg hafði ekki

tekið eftir breytingartill. hv. 2. þm. K.-G. (K. D.), en jeg get sagt það, eftir að jeg hefi litið á hana, að meiri hluti nefndarinnar getur ekki fallist á hana, eins og nefndarálitið ber með sjer.

Það var annars fróðleg upplýsing, er háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) gaf, um að þetta hálfa legkaup fyrir börn innan tveggja ára aldurs kæmi af því, að þau væru svo oft látin í gröf hjá fullorðnum, svo þau þyrftu ekki neitt sjerstakt pláss. En mjer sýnist að eina rökrjetta ályktunin af þessu sje sú, að það ætti ekkert legkaup að greiða fyrir börn innan tveggja ára aldur.

En jeg býst nú við því, að það komi ekki svo sjaldan fyrir, að börn á þessum aldri sjeu grafin sjer, án þess að vera látin í gröf með fullorðnum, og þá er rjett að legkaup sje greitt, ef legkaup eiga sjer stað.

Nú er það sýnt, að tvö börn taka jafnmikið rúm í kirkjugarðinum og fullorðin manneskja; þetta hefir reynst svo ytra, og er skýrt frá því í nefndarálitinu.

Það virðist því öll sanngirni mæla með því, að aldurstakmarkið sje að minsta kosti fimm ár, enda fanst mjer hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) ekki vera kappsmál um tillögu sína. Það mætti heldur álasa nefndinni fyrir að hún hefði ekki aldurstakmarkið nógu hátt.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. með 12. atkv samhlj.

Brtt. 532,1 samþ. með 11 : 2. atkv.

— 532,2 — án atkvgr.

2. gr. svo breytt samþ. með 12. atkv. samhlj.

Brtt. 651 (við 532,3) samþ. 8 : 4 atkv.

— 532,3 svo breytt samþ. með 7 : 2. atkv.

3. gr. þar með fallin.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umræðu með 9 : 1 atkv.

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn 1. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 663).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 6 : 1 atkv. (að eins 10 þm. viðstaddir auk forseta) endursent til Nd. (A. 788).

Á 54. fundi í Ed., þriðjudaginn 7. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík,

eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 788).

Á 57. fundi í Ed., föstudaginn 10. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 788, n. 829).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgreitt *sem lög frá Alþingi.*

(Sjá A. 919).

II.

Þingmannafrumvörp.

1. Dómþinghár í Vöðluþingi og Þingeyjar.

Á 17. fundi í Ed., miðvikudaginn 28. júlí, var útbýtt

Frumvarp til laga um sjerstakar dómþinghár í Öxnadals- og Árskógshreppum,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. (A. 103).

Á 19. fundi í Ed., föstudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Karl Einarsson: Jeg vil að eins með örfáum orðum mæla með því, að háttv. deild lofi máli þessu að ganga óhindrað áfram, án þess að setja í það nefnd.

Jeg skal jafnframt geta þess, að flutningsmaður þess, háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.), hefir sýnt mjer símskeyti frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, þar sem hann segist ekkert hafa að athuga við að sveitum þessum verði skift í 2 dómþinghár, en hann varðar helst mál þetta, auk sveitabúa, er óska þess eindregið.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., þriðjudaginn 3. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 103).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumvarpsgreinin samþ. með öllum atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með öllum atkv.

Á 24. fundi í Ed., fimtudaginn 5. ág., var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. 103, 207).

Steingr. Jónsson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með breytingartillögu á þingskjali 207. Það stendur svoleiðis á því, að fyrir 20 árum var hinum gamla Helgastaðahreppi í Þingeyjarsýslu skift í 2 hreppsfjelög, Reykdæla- og Aðaldælahrepp. Var þá svo ákveðið, eins og venja er til, þegar hreppum er skift, að dómþingháin skyldi vera óskift, þ. e. að allir skyldi sækja þing í Reykdælahrepp. Þetta hefir verið látið haldast, en þó var af fyrirrennara mínum, Benedikt Sveinssyni, tekin upp sú venja, að halda manntalsþing í ytri hreppnum líka.

Úr því nú er komið fram frumvarp um að fjölga dómþinghám í Eyjafjarðarsýslu, álít jeg heppilegt, að þessu yrði breytt um leið í Þingeyjarsýslu. Þessi breyting getur ekki verið til baga fyrir neinn. Það er til hagræðis fyrir sýslumanninn, þar sem annar þingstaðurinn, sá í Aðaldælahreppi, verður nær skrifstofu hans en verið hefir. Hinn verður óbreyttur. Jeg vona því, að deildin viðurkenni, að breytingartillaga þessi sje rjettmæt, og leyfi henni að ganga fram.

ATKVGR.:

Brtt. 207,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 207,2 (við fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frumvarpið svo breytt samþ. með 11 shlj. atkv., og endursent til Nd. (A. 238).

2. Ófriðarráðstafanir.

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 7. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimildir fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðinum,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 246).

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 9. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Hákon Kristófersson: Jeg leyfi mjer að leggja til að kosin verði fimm manna nefnd til að íhuga mál þetta, að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Fimm manna nefnd samþ. í e. hlj.

Í nefndina kosnir að viðhafðri hlutbundinni kosningu

Hákon Kristófersson,
Magnús Pjetursson,
Guðm. Björnson,
Guðm. Ólafsson,
Karl Einarsson.

Á 31. fundi í Ed., föstudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 256, 295, n. 297, 305).

Framsögumaður (Karl Einarsson): Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, og komist að þeirri niðurstöðu, að þýðingarlaust væri að fara fram á neinar verulegar breytingar á því, þótt það sje engan veginn svo vel úr garði gjört, sem við hefði mátt búast. Allri nefndinni kom saman um, að breyta þyrfti 2. málsgrein 3. gr. í frumvarpinu, ef það ákvæði, sem í henni felst, ætti að geta komið að nokkru haldi, og leggur því nefndin til, að brtt. á þgskj. 295 verði samþyktar. Það þarf ekki að taka það fram, að nefndin leggur ríka áherslu á, að stjórnin grípi aldrei til þess óyndisúrræðis að leggja á útflutningsbann, nema brýnustu nauðsyn beri til. Um útflutningsbann það, sem nefndin leggur til að gjört verði á mör og tólg, er það að segja, að margir álíta það þýðingarmikið, því að hjer er að ræða um ódýrt feitmeti sem auðvelt er að bæta svo, að það verði gott viðbit. — Brtt. á þgskj. 305 leiðrjettir að eins prentvillu, sem slæðst hefir inn í frv.

Loks skal jeg geta þess, til skýringar því, sem stendur í nefndarálitinu um það, hversu lengi háttv. Nd. hefir legið á frv. þessu, að mjer er kunnugt um, að strax í þingbyrjun fór deildin að yfirvega þetta mál, eins og sjálfsagt var. Annars leggur nefndin mikla áherslu á það, að málinu verði flýtt sem mest má verða.

Guðmundur Björnson: Jeg hefi engu við það að bæta, sem háttv. framsögumaður (K. E.) nú hefir sagt um breytingartillögurnar. En þó þykir mjer hlýða að fara nokkrum orðum um þetta mikilsverða mál við þessa umræðu.

Það er að vísu gott og sjálfsagt, að landsstjórninni og útvöldum mönnum, sem skipaðir eru henni við hlið, sje heimilað vald til þess að gjöra allar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að verða á þessum háskalegu tímum. En hitt er eigi síður nauðsyn, að Alþingi íhugi vendilega fyrir sitt leyti, hverjar og hve víðtækar þessar ráðstafanir skuli vera.

Þetta eitt er víst, að hættan er ekki minni nú en í fyrra. Jeg hygg að í raun og veru sje útlitið ískyggilegra nú en þá. Það hefir komið á daginn, að þessi ófriður hefir orðið miklu víðtækari og illkynjaðri en nokkur gat rent grun í. Jeg hygg því að allir hjer á þingi muni sammála um, að óumflýjanlegt sje að heimila landsstjórninni vald til slíkra ráðstafana, sem nauðsyn krefur. En hvers krefst nauðsyn landsmanna nú? Hvað á

að gjöra? Um það hafa þegar orðið talsverðar umræður og skiftar skoðanir í hv. Nd. Og ef til vill eru ekki heldur allir á eitt mál sáttir í því efni í þessari háttv. deild.

Hingað til hafa menn mest talað um þá hættu, sem stafa kynni af kjötskorti, og hafa heyrst háværar raddir um, að banna ætti að einhverju leyti útflutning á kjöti. Aðrir hafa þó bent á, að háskalegra væri, ef skortur yrði á kornmat í landinu. Það er einkum þetta tvent, kjötið og kornið, sem mönnum hefir orðið tíðrætt um. Og jeg hefi nú kvatt mjer hljóðs aðallega til þess, að lýsa skoðunum mínum um það efni.

Jeg vil þá taka það fram þegar, að höfuðnauðsynin virðist mjer þetta eitt *að tryggja landinu nægan kornmat.* Þegar allar lífsnauðsynjar hækka í verði, verður byrðin þyngst á herðum fátæklinganna, og er því lífsspursmál að athuga sem vandlegast, *hvernig hægt sje að gjöra best matarkaup.* En mjer hefir fundist á skorta, að þessari spurningu væri slíkur gaumur gefinn sem skyldi. Í slíkum efnum kemst alþýðan oft á rjetta leið af sínu eigin hyggjuviti, og jeg vil leyfa mjer að benda á, að á síðustu árum hafa bændur meir og meir tekið upp þann sið, að selja kjöt og smjör, en kaupa í staðinn korn og smjörlíki. Þetta hafa þeir vitanlega gjört vegna þess, að þeir sáu að þetta voru góð matarkaup. Menn kunna að ætla að munurinn á saðningargildi þessara matartegunda sje ekki mikill eftir verði þeirra, en hann er geysimikill. Jeg hefi reiknað út, hvað mikið næringargildi er í einnar krónu virði af ýmsum matvælum samkvæmt *núgildandi* verðlagi. Mjer telst svo til, að fimmföld næring sje í rúgmjöli á móts við saltkjöt, og að ferfalt meiri næring sje í saltaðri síld en kjöti. Enn fremur er næstum því tvisvar sinnum betra matarkaup, að smjörpundinu fyrir 90 aura heldur en að kjötpundinu fyrir 50 aura. Og um tólgina er það sama að segja, ef pundið af henni er selt á 50 aura, þá fæst *margfalt* meiri næring fyrir þá peninga, heldur en ef keypt væri fyrir þá saltkjöt eða saltfiskur.

Mennirnir þurfa að halda á næringarefnum bæði úr dýraríkinu og jurtaríkinu. Fyrsta lífsnauðsyn okkar er sú, að tryggja oss þær matvörutegundir, sem við getum ekki framleitt sjálfir. Korn vex ekki hjer á landi, og þurfum vjer því að flytja geysimikið af kornmat frá útlöndum. Undanfarin ár höfum við flutt inn $9^1/_2$ þúsund smálesta af kornvörum, eða fyrir um 2 miljónir króna. Jeg get því ekki betur sjeð en að fyrsta ráðstöfun stjórnarinnar hljóti að verða sú, að útvega landinu nægilegan kornforða. Þar með er auðvitvitað ekki sagt, að stjórnin eigi að kaupa alt það korn. Hún gæti og ætti að hafa þá aðferð, að grenslast vandlega eftir, hvað verslanir og kaupfjelög landsins hafa gjört til þess að birgja sig að kornvöru. Vera má að verslanir og kaupfjelög sjái sjer fært að útvega af eigin ramleik alt það korn, sem þarf, en hitt gæti líka komið í ljós, að svo væri ekki, og þyrfti þá stjórnin samstundis að hlaupa undir bagga. Þess vegna er slík eftirgrenslan af stjórnarinnar hálfu bráðnauðsynleg.

Jeg vil annars leyfa mjer að vekja athygli manna á því, að fyrir tveim árum var því hreyft hjer á Alþingi, að nauðsyn bæri til, að þing og stjórn sæi svo um, að á hverju hausti væri til hjer á landi *ársforði* af kornvöru. Því var þá haldið fram af minni hálfu, að annaðhvort ætti landsstjórnin að hafa alla kornverslun í sínum höndum, eða þá allsherjar kaupfjelag, fyrir alla alla þjóðina. Jeg hygg, að það hafi nú þegar sýnt sig, að talsvert vit var í þessari tillögu. Svo sem kunnugt er, gjörðist það í fyrra haust í fyrsta sinn, að landsstjórnin battst fyrir kornkaupum í í stórum stíl frá fyrstu hendi. Þessi fyrsta tilraun hepnaðist prýðilega; varan var ágæt

og verðið var ágætt. Jeg er sannfærður um, að mörgum hefir orðið þetta ljós bending þess, að þetta væri rjetta framtíðarbrautin, *að gjöra alla kornverslun að landsverslun, sem þó helst ætti að vera í höndunum á allsherjarkaupfjelagi.* Mjer finst rangt að minnast ekki á þessa þjóðarnauðsyn við þetta tækifæri. —

Þá vil jeg minnast lítið eitt á önnur matvæli. Það er betra matarkaup í saltfiski en kjöti, og ef nóg er til í landinu af fiskæti, þá er lítil þörf á kjöti. Að eins verður þess að gæta, að í öllu kjöti er talsvert af fituefnum, en mjög lítið í fiski. Þess vegna þarf miklu meira viðbit með fiski, og verður að setja undir þann leka. Það vill nefndin gjöra með seinni brtt. á þgskj. 295, sem fer fram á að banna allan útflutning á mör og tólg. Árið 1912 voru flutt hjeðan úr landi 27 þúsundir tvípunda af tólg, en svo mikil er feitmetisþörfin og svo afkáralegt er verslunarólagið, að talsvert af þessari tólg varð að flytja inn í landið aftur, eða 8600 tvípund. Nú er það víst, að feitmetisþörfin eykst með þverrandi kjötnautn en vaxandi fisknautn. Jeg þori því ekki að fullyrða, að feitmetisþörfinni verði fullnægt, þó að allri tólg sje haldið í landinu, en hins vegar býst jeg við, að mikið muni falla til af tólg í haust, því að sjálfsagt verður slátrað í langmesta lagi vegna hins háa kjötverðs.

Loks vil jeg minnast á síldina. Söltuð síld er ein hin besta fæða, bæði holl og næringarmikil. Það er (eftir verði) ferfalt meiri saðning í henni en kjöti, og í henni er mikið af feiti. Menn kunnna nú að segja, að síldin geti samt ekki orðið að fullu liði, því að alþýða manna kunni ekki enn þá að eta hana. Þetta er að vissu leyti satt, en það er nú, finst mjer, einmitt hin fyrsta skylda stjórnarinnar, og væntanlegrar Velferðarnefndar að fræða alþýðu um, hvernig hún geti aflað sjer hollrar og ódýrrar fæðu fyrir sem minst verð, hvaða matarkaup sjeu hentust, og þessu næst er hitt, að sjá um að bestu og *ódýrustu* matvæli sje höfð á boðstólum og alstaðar fáanleg.

Jeg skal nú ekki fara fleirum orðum um þetta efni. Mjer finst að það, sem jeg nú hefi sagt, hafi hingað til verið látið liggja um of í láginni. Jeg held að ekkert vit sje í að fara að banna útflutning á einhverju af saltfiski og saltkjöti, en vanrækja hitt, að útvega hentugustu og *ódýrustu* matvæli. Jeg vona að gjörlegt verði að ráða fram úr vandræðum þeim, sem að höndum kunna að bera, án þess að grípa til þessa óyndisúrræðis að stórskaða framleiðendur landsins. Og þessu vil jeg að lokum bæta við: Ef hægt verður að búa svo um hnútana að ekki verði kornmatarskortur og sjávarútvegurinn geti haldið áfram, þá er sannarlega ekkert að óttast. Þess hefi verið of lítið gætt, að meiri háski gæti ekki dunið yfir landið en sá, ef aðflutningur á kolum og steinolíu teptist. Þá mundu togarar og vjelabátar verða að liggja aðgjörðalausir og arðlausir uppi í landssteinum og sulturinn sækja að hverju heimili á öllu landinu. En á meðan við getum aflað oss nægilegs kornforða og haldið úti okkar fríða fiskiflota, þá verður aldrei mikil þröng í búi hjá alþýðu manna, hvað sem öllu kjötinu líður.

ATKVGR.:
1. og 2. gr. samþ. í einu hljóði.
Brtt. 305 samþ. í e. hlj.
Brtt. 295,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 295,2 samþ. með 12 : 1 atkv.
3. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
4.—6. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvæðagreiðslu.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 32. fundi í Ed., sama dag, var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. 326).

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpunum, til þess að mega taka frumvarpið til umræðu þegar í stað. Voru afbrigðin leyfð og samþykt.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumvarpið samþykt í einu hljóði og endursent til Nd.

(A. 360).

---

3. Akureyrarhöfn.

Á 23. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til hafnarlaga fyrir Akureyrarkaupstað,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 203).

Á 25 fundi í Ed., föstudaginn 6. ágúst, var frumvarpið tekið til 1. umr.

Magnús Pjetursson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að málinu sje vísað til sjávarútvegsnefndarinnar, að þessari umræðu lokinni.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. í einu hljóði og til sjávarútvegsnefndar með 8 samhlj. atkvæðum, en nefndina skipuðu þeir:

Hákon Kristófersson,
Kristinn Daníelsson,
Sigurður Stefánsson.

Á 31. fundi í Ed., föstudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 203, n. 294).

Framsm. (Kristinn Dan.): Nefndin hefir ekki fundið neitt að athuga við frumvarp þetta, sem henni þætti svo mikils vert, að tæki því að breyta því. Það er sniðið eftir sams konar lögum fyrir aðra kaupstaði, sjerstaklega Reykjavík. Jeg vil því með skírskotun til nefndarálitsins, leyfa mjer að ráða háttv. deild til að samþykkja það.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.
2.—16. gr. hver um sig samþ. með 12. samhljóða atkvæðum.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með öllum atkv.

Á 34. fundi Ed., mánudaginn 16. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr. (A. 203).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt *sem lög frá Alþingi.*

(Sjá A. 361).

---

4. Landhelgissjóður.

Á 18. fundi í Ed., fimtudaginn 29. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 55, 10. nóv. 1913, um stofnun Landhelgissjóðs Íslands,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 135).

Á 20. fundi í Ed., laugardaginn 31. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Jósef Björnsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að kosin verði þriggja manna nefnd í málið að lokinni þessari umræðu,

ATKVGR:

Frv. vísað til 2. umr. í e. hljóði.

Þriggja manna nefnd kosin:

Karl Finnbogason.
Kristinn Daníelsson,
Sigurður Stefánsson.

Á. 27. fundi í Ed., mánudaginn 9. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 135, n. 239).

Framsm. (Sig. Stefánsson): Nefnd sú, sem kosin var til að athuga þetta mál, hefir gjört grein fyrir tillögum sínum um það. Það er sjálfsagt, að ef Norðurálfuófriðurinn hefði ekki komið, hefði ekki komið fram sú tillaga um breytingu á Landhelgissjóðnum, sem hjer er farið fram á. Það hefði þá mátt gjöra ráð fyrir, að þessi sjóður árlega hefði fengið mikið fje fyrir sektir fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi, svo að ekki hefði verið ástæða til að auka hann með meira tillagi úr landssjóði. En nú er það komið í ljós, að tekjur sjóðsins fara mjög þverrandi, af því að svo lítið er hjer við land af útlendum fiskiskipum. En hins vegar dylst engum, að nauðsyn beri til, að þessi sjóður aukist sem fyrst, svo að hann geti komið sem fyrst landhelgisvörnunum að verulegu haldi. Nefndarálitinu fylgir brjef stjórnarráðsins, sem sýnir hversu miklar tekjur sjóðsins hafa verið síðasta ár; þær eru allmiklar, og hefðu þó orðið meiri, ef ófriðurinn hefði ekki skollið á. Í ár hafa tekjurnar verið svo sem engar og má búast við, að svo verði meðan ófriðurinn stendur.

Jeg skal játa, að varlega sje nú í það farandi, að setja mikið af fje landssjóðs fast, en neðri deild, sem á að ráða mestu um fjármálin, þótti samt rjett, að hækka þetta tillag. Það má segja, að þetta sje tillag úr landssjóði til eflingar fiskiveiðunum, en að vísu kemur það ekki strax að haldi, en það flýtir fyrir því, að við gætum sem fyrst tekið að okkur landhelgisvarnirnar, og það ætti öllum að vera áhugamál.

Það er lauslega drepið á það síðast í nefndarálitinu, að þessi fúlga, sem landssjóði ber að greiða, er ekki innborguð í sjóðinn. Meðan það fje er ekki innborgað, liggur það vaxtalaust. Nefndin vill lýsa því yfir, að hún telur þetta illa farið, en vill þó ekki álasa landsstjórninni fyrir það. Hún álítur þó rjett að hreyfa því hjer á þinginu, að framvegis verði það fje, er Landhelgissjóðurinn fær, innborgað strax í hann. Það er mikið vaxtatap fyrir sjóðinn, ef fje hans liggur í landssjóði vaxtalaust tímum saman. Þetta vildi nefndin taka fram. Hún vonast að öðru leyti eftir því, að háttv. deild amist ekki við að láta frumvarpið ganga óbreytt gegnum deildina.

Guðmundur Björnson: Þetta mál, sem hjer er um að ræða, fæddist hjer í efri deild. Jeg var því þá hlyntur, og er það enn.

Mjer virðist full ástæða til í þessu máli, sem öðrum fjármálum, að athuga tvent, bæði þörfina og getuna. Fjármálin eru alt af mestu vandræðamálin, því að þarfirnar hjá oss Íslendingum eru jafnan óteljandi, en krónurnar teljandi. Nú á það svo að vera, að fjárlaganefndir í báðum deildum fái til íhugunar allar þarfir landsins. Þær eiga að meta þarfirnar, en þær eiga einnig að meta getuna. Því miður hefir það um of tíðkast hjer í þinginu, að fara á bak við þessa langþýðingarmestu nefnd þingsins. Lög hafa verið samþykt, án þess að geta hafi verið til að fullnægja þörtunum. Á þenna hátt hefir landið komist í skuldir, í fjárþröng. Jeg kalla, að svo hafi verið í þessu máli; landssjóði hefir verið skipað, að leggja í þenna sjóð, en tekjurnar hafa ekki hrokkið til, og lán ekki fengist. Manni virðist, að áfallinn kostnaður ætti að ganga fyrir öðru, en nú er svo komið, að landið skuldar Landhelgissjóðnum 46 þúsundir króna. Og enn stendur illa á fyrir okkur fjárhagslega; þarfirnar verða miklar og óhægt eða ef til vill ókleift að fá lán.

Jeg kann því ekki við, að þessu máli, hversu þarflegt sem það er, og um það er jeg ekki í minsta vafa, sje hraðað um of. Jeg vona að vinir málsins og fylgismenn sjeu mjer sammála um, að best er að fresta umræðum um þetta

mál, þangað til við vitum, hver geta landsins er, og hve miklar og margar aðrar þarfir. Það sjáum við þegar fjárlögin eru komin úr nefndum. Jeg tek það enn fram, að jeg hefi miklar mætur á þessum sjóði, en fyrst og fremst vil jeg þó líta á getuna. Jeg tala ekki meira um þetta að sinni; mjer virðist málið full ljóst. Og að svo mæltu vil jeg leyfa mjer að koma fram með rökstudda dagskrá, svo hljóðandi:

Deildin freistar ummræðum um þetta mál hálfan mánuð og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Framsm. (Sig. Stefánsson): Það er síður en svo, að jeg vilji ámæla síðasta ræðumanni fyrir það, að hann vill fara varlega með fje landsins. Við erum sammála um það, að varlega beri að fara með fje landssjóðs. Hitt er líka rjett, að rjettara er að ráða ekki þeim málum til lykta, er hafa mikil útgjöld í för með sjer, nema í samráði við fjárlaganefndir þingsins. Þetta mál hefir gengið sinn eðlilega gang. Fjárlaganefnd neðri deildar er kunnugt um það, og hafa víst flestir nefndarmennirnir greitt því atkvæði. Það er aðgætandi, að hingað til hefir landssjóður ekki getað bygt neinar vissar tekjuvonir á sektafje fyrir landhelgibrot; þær tekjur hafa ávalt verið óvissar, og mjer er því ekki um vissan tekjustofn að ræða. Jeg skal ekki um það segja, hvernig meðnefndarmenn mínir líta á dagskrána, sem fram er komin, en jeg fyrir mitt leyti mun ekki leggjast fast á móti henni. Jeg vona, að svo framarlega sem fjárhagshorfur verða ekki því verri, þá verði fjeð til. En það sæti illa á mjer, ef fjárhagshorfur verða slæmar, að hækka fjárframlög landsjóðs þetta ár.

Kristinn Daníelsson: Aðeins örstutt athugasemd. Í sjálfu sjer er það ekki hættulaust fyrir málið, að því sje frestað. Að því leyti hefir hv. 5. kgk. (G. B.), höfundur dagskrárinnar, ekki rjett fyrir sjer, þar sem hann þó segist vera málinu hlyntur. Jeg lít svo á, að málið eigi að ganga fram með engu minna fjárframlagi en gjört er ráð fyrir í frumvarpinu. Þess vegna er ekki hættulaust, að því sje frestað.

Ef málið er saltað, geta önnur mál og aðrar kröfur rutt sjer til rúms, en það orðið á hakanum. Þetta mál er svo þýðingarmikið, að það verður að þoka öðrum málum, en ekki víkja sjálft.

Jeg vil ekki orðlengja þetta meira, en vil lýsa því yfir, að jeg er á móti dagskránni. Þótt ekki sje víst, að málið sje dautt með því móti, þá þori jeg ekki að treysta því, að svo fari ekki. Jeg skal fúslega taka frumvarpið til nánari athugunar með meðnefndarmönnum mínum.

Steingrímur Jónsson: Jeg stend að eins upp til þess, að styðja háttv. 5. kgk. (G.B.) Jeg held jeg þurfi ekki að rökstyðja mikið skoðun okkar, því að það gjörði hann sjálfur. Ræða framsögumanns og brjefið aftan á þgskj. 239 sýna, að það er nauðsynlegt að athuga málið vel.

Jeg var styðjandi málsins í upphafi og er það enn. En athugavert finst mjer, að binda fjárveitingarvald þingsins um aldur og æfi. Í upphafi var ákveðið, að landssjóðstillagið til Landhelgisjóðsins skyldi vera 5000 kr. Nú er ekki lengur farið fram á 5000 kr., heldur mikið meira.

Jeg ætla ekki að ræða þetta mikið meira, því að jeg treysti því, að hin mjög sanngjarna dagskrá háttv. 5. kgk. þm. verði samþykt. Jeg hygg fulla ástæðu til að bíða þangað til við sjáum, hve miklu fjárlaganefnd neðri deildar hefir úr að spila. Þeir menn, sem í fjárlaganefnd eru, hafa oft ekki tíma til þess að athuga öll smáfrumvörp fyrr en síðustu dagana, þegar allt er uppgjört. Fyrr er því erfitt að vita, hve mikið fje það er, sem þingið hefir úr að spila. Mjer finst því sjálfsagt, að háttv. deild bíði eftir nefndaráliti frá

fjárlaganefnd neðri deildar, áður en hún samþykkir þetta frumvarp.

Framsm. (Sig Stefánsson): Jeg hefi ekki miklu við að bæta. Jeg vil að eins leiðrjetta það, er háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.) sagði, að fje það, sem lagt er í þennan sjóð, væri bundið um aldur og æfi. Þetta er ekki rjett, því meiri tekjur sem sjóðurinn fær, því styttra verður þess að bíða, að tilgangi hans verði náð. Ef Norðurálfuófriðurinn hefði ekki skollið á, þá hefði sjóðurinn á fáum árum eflst svo, að hann hefði getað komið landhelgisvörnum að verulegu liði. Mjer þykir slæmt, að einn meðnefndarmaður minn var á móti frestun málsins; mjer þykir slæmt að vera á móti nefndinni. Jeg gjöri það því að tillögu minni, að málið sje nú tekið út af dagskrá, til þess að nefndinni gefist kostur á, að leita álits fjárlaganefndar þingsins um það, hvort þær fjárhagsins vegna telji nauðsynlegt, að tefja framgang málsins þar til í þinglok, eins og mjer skilst að sje tilætlun hinnar rökstuddu dagskrár.

Guðmundur Björnson: Jeg býst við, að mörgum þyki dagskrá mín nýstárleg, og hún er það líka. Að fresta málum um tiltekinn tíma, veit jeg ekki til að tíðkast hafi fyrr hjer á þingi. En jeg vil vekja athygli á aðferðinni, því jeg hygg hana góða. Oft hefir það komið fyrir, að þörf mál hafa verið feld í flaustri, en hefðu komist fram, ef þeim hefði verið frestað um tiltekinn tíma til nánari athugunar. Hitt þarf ekki að taka fram, að mál hafa einnig gengið fram, sem margir óska að aldrei hefði orðið, og það hefir verið því að kenna, að aldrei hefir verið síður að taka sjer umhugsunartíma á þennan hátt.

Framsögumaður vill taka málið út af dagskrá; jeg vil fresta því um hálfan mánuð. Hans tillaga er að fresta málinu um ótiltekinn tíma. En jeg vil athuga málið um tiltekinn tíma. Hitt er að svæfa það. En það er ekki hægt að segja um þá aðferð, að fresta því ákveðinn, tiltekinn tíma, um hálfan mánuð. Jeg vona að allir vilji heldur hallast að rökstuddu dagskránni. Það er bæði þinglegra og verklegra að fresta um tiltekinn tíma, heldur en að taka málið út af dagskrá og láta það liggja niðri um óákveðinn tíma.

Kristinn Daníelsson: Jeg tel það vafalaust, að dagskráin, sem fram er komin, sje ekki á móti þingsköpunum. Annars mundi jeg hafa mótmælt henni. Ef þörf væri á nokkrum fresti, mundi jeg þó fella mig betur við uppástungu háttv. framsm., heldur en dagskrá háttv. 5. kgk. þm. (G. B.). Framsögumaður ætlast að eins til venjulegrar frestunar, í 1—2 daga, til þess að nefndin geti athugað tillögur og athugasemdir þær, sem fram hafa komið. Jeg held því fram, að málið sje svo mikilsvert, að það eigi ekki neitt að hika við það. Það hefir nógsamlega verið sýnt fram á og Alþingi viðurkent nauðsyn málsins, og jeg vil ekki stofna því í þá hættu, að láta það bíða þess, að kappið komist fyrir alvöru í fjármáladeilurnar. Þær eru oft harðar og þá ekki fyrirsjáanlegt, hvaða málið kann að hafa betur; það eru ekki ætíð þau, sem helst skyldi.

Eins og háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) tók fram, sjest það á brjefi skrifstofustjórans, að landssjóður skuldar nú landhelgissjóðnum 46 þús. kr., og er borið fram, að landssjóður hafi ekki enn getað borgað það. En hjer var ekki að tala um að borga. Þetta fje greiddist Landhelgissjóðnum sjálfum og átti að standa á vöxtum fyrir hann. En landssjóður hefir tekið það að láni hjá honum. Jeg sje ekki ástæðu til þess, enda þótt jeg, eins og háttv. frsm., hirði ekki um að víta stjórnina fyrir það. En jeg sje ekki að einar 46 þús. kr. hefðu átt að geta valdið landssjóði vandræðum. Hann gat tekið bráðabirgðalán; jeg trúi ekki öðru

en að það hefði fengist einhversstaðar annarsstaðar og landssjóður greitt sína vexti af því, en Landhelgissjóður notið vaxtanna af sínu fje.

Jeg vil því helst ekkert fresta málinu, að minsta kosti ekki lengri frest en eftir tillögu háttv. framsögumanns, að það væri í þetta sinn tekið út af dagskrá.

Karl Finnbogason: Sem 3. nefndarmaður lýsi jeg yfir því, að jeg er samdóma háttv. framsm. um, að taka málið til bráðabirgða út af dagskrá. En jeg vil ekki ákveða, að fresta málinn eins lengi og ætlast er til í dagskránni, sem hv. 5. kgk. (G. B.) lagði fram og mælti með. Hitt tel jeg hyggilegt, að fresta málinu með vanalegum hætti, til að koma í veg fyrir, að ótti sá um það, að hjer sje verið að binda landssjóði bagga, sem hann fái ekki risið undir, verði því að falli.

Um leið vil jeg vekja athygli á mjög mikilsverðu atriði í þessu máli.

Tilgangur sjóðsins er að gjöra oss færa um að verja landhelgi vora sjálfir. Því fyr, sem hægt verður að nota sjóðinn, þess fyrr næst sá tilgangur. Nú er sjóðurinn orðinn fullar 56 þús. kr. Og ef 40 þús. kr. að minsta kosti bættust við hann á hverju fjárhagstímabili framvegis, yrði hann orðinn um 200 þús. kr. árið 1921. Þá mætti kaupa skip til landhelgisvarna, og verður ekki tölum talið, hversu mikið gagn gæti af því leitt. Frumv. þetta miðar að því, að þetta geti orðið. Og væri hrapallegt, ef hv. Ed. þyrði ekki að stefna hiklaust að því marki.

Karl Einarsson: Jeg sje ekki hvað það er á þgskj. 239, sem hefir getað gefið tilefni til ótta. Jeg skil ekki í öðru en að nóg sje til í landssjóði, til þess að borga þetta fje. Mjer þætti ekki undarlegt, þótt hann gæti borgað þessa upphæð með núlli aftan við. Hvers vegna hún hefir ekki verið útborguð að svo stöddu, er skiljanlegt; reikningarnir voru nýlega endurskoðaðir, og því alls ekki hægt að ákveða upphæðina fyrr en eftir að sú endurskoðun fór fram. Okkur hefði sæmt betur, að vera búnir að taka að okkur landhelgisvörnina fyrir löngu, en þetta er nú spor í áttina til þess. Og hjer er svo hóflega farið, að engin ástæða er til ótta. Þótt 20 þús. væru endurgoldnar árlega af því sektafje, sem runnið hefir í landssjóð, þá væri það ekki of mikið og ekki nærri vextir af því fje.

Mjer þykir gaman að sjá þá menn, sem greiða atkvæði á móti frumvarpinu. Jeg vil láta málið ganga sinn gang og lofa þeim að sýna sig, sem eru á móti því.

Jeg væri ekki á móti því, að málinu væri frestað, ef nokkur ástæða væri til þess, því að nefndir í svona máli, sem hafa talsverð útgjöld í för með sjer fyrir landssjóð, ættu að bera sig saman við fjárlaganefndirnar.

Framsögum. (Sigurður Stefánsson): Jeg tel að rjettara sje að bera þetta undir fjárlaganefnd Nd.; hún getur að vísu ekki nú þegar með vissu sagt, hvernig líta muni út með fjárhaginn í þinglok, en hitt veit hún með fullri vissu innan fárra daga, hvernig fjárlögin líta út samkvæmt tillögum hennar. Tel jeg því rjett að taka málið út af dagskrá nú, til þess að bera það undir álit beggja fjárlaganefnda þingsins, sem unnið hafa saman í fjárlögunum að þessu sinni. Komist þær að þeirri niðurstöðu, að landið geti ekki lagt fram þetta fje, og því beri að fella frumv., þá eru það að vísu mikil vonbrigði fyrir mig, en því verður þá að taka.

Steingrímur Jónsson: Háttv. frsm. (S. St.) vildi vjefengja það, að það mætti segja, að framlag þetta væri um aldur og ævi. En jeg vil skýra þau orð nánar.

Jeg tel sjálfsagt, að þetta fje verði lagt fram, þar til að það nægir til þess að

kaupa eitt eða tvö skip til strandgæslunnar, en þegar það er búið, þá kemur nýr kostnaður til sögunnar. Og jeg leyfi mjer að halda því fram, að sá kostnaður verði enn þá meiri, það er kostnaðurinn við úthald skipanna, og sá kostnaður verður um aldur og æfi, og því tel jeg rjett það, sem jeg sagði. Jeg skal ekkert um það segja, hvort landið er fært um að taka þennan kostnað að sjer.

Jeg leit svo á, á Alþingi 1913, þegar samþykt var að landssjóður legði 5000 kr. í þennan sjóð, að það færði okkur ekki hænufeti nær takmarkinu, og jeg lít svo á enn þá, að þetta frumv. færi oss ekki nær því, sem hlýtur að vera aðalatriðið, hve nær við erum færir um að taka þennan kostnað á okkar herðar, kostnaðinn við að halda úti varðskipi eða varðskipum.

Jeg leit svo á þá, 1913, og gjöri það enn, að það sje rjett, að sektirnar renni í þennan sjóð, en það tel jeg rangt, að binda fjárveitingarvald Alþingis og veita vissa fúlgu árlega í þennan sjóð. Og þessi fúlga getur verið tekin frá brýnustu og nauðsynlegustu framfaramálum þjóðarinnar, er miklu síður þola bið.

Það stendur fast, og er óhrekjanlegt, að nú í júlílok átti sjóðurinn hjá landssjóði yfir 46 þús. kr., er landssjóður gat þá ekki borgað. Háttv. þm. Vestm. (K. E.) taldi engan vafa á því, að landssjóður hefði nú nóg í sjóði, til þess að greiða þessa upphæð. Það má vel vera að svo sje, því jeg efa ekki að það sje rjett hjá hinum háttv. þingmanni, að landssjóður hafi nú fje í sjóði, þar sem nýverið er búið að fullgreiða, eða því sem næst, til hans tekjur síðasta árs. En það ber líka líta á það, að það liggur margt fyrir, er hann þarf að greiða; má þar meðal annars benda á þingsályktunartillögu, sem nýverið hefir komið fram í háttv. Nd., þar sem farið er fram á, að landssjóður leggi fram 500 þús. kr. til vörukaupa. Og á þessum voðatímum, sem nú standa yfir, þá verður landssjóður að vera til taks, því peningar eru dýrir, eða má ske ófáanlegir.

Jeg á því, fyrir mitt leyti, erfitt með að greiða atkvæði um frumvarpið nú. Jeg er hræddur um, að þessi fjárveiting kunni að standa fyrir þörfum nauðsynjamálum vorum.

Framsögum. (Sigurður Stefánsson): Jeg verð að segja það, að ræða háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.) sannfærði mig ekki um það, að það væri rjett hjá honum, að framlag þetta verði um aldur og æfi.

Og jeg verð að játa það, að mjer þykir það dálítið vesalmannnlegt, að við skulum ekki treysta landinu til þess að kaupa skip þessi, þegar jafnvel einstakir menn kaupa togara, er slaga hátt upp í verð nægilga stórra strandvarnar skipa. Mjer þykir hjer kenna ofmikillar svartsýni eða bölsýni, að halda því fram, að við sjeum ekki færir um það. *(Stgr. J.:* Hver hefir sagt það?) Háttvirtur, 2. kgk. þm. (Stgr. J.) þar sem hann hjelt því fram, að tillag þetta yrði um aldur og æfi, án þess að nokkurn tíma kæmi til verklegra framkvæmda.

Það, sem jeg tel erfiðast, er byrjunin, að kaupa skipin eða fá þau. En þegar við vinnum alt af að því marki, með auknigu sjóðins, þá verður það ekki tilfinnanlegt, og þá er síður hægt að segja, að vjer reisum oss hurðarás um öxl með því. Vitaskuld er það rjettast, að aðaltekjur landhelgissjóðsins verði sektafjeð, en það má búast við því, að það verði mjög lítið, ef það verður nokkuð, meðan ófriðurinn stendur yfir, og því verðum við ef unt er, sem eg tel, að leggja nú meira fje til sjóðsins en endranær og í venjulegu árferði. Jeg vil hins vegar gæta allrar sparsemi og hófs í málinu, og því vil jeg taka til greina athugasemdir hv. 5. kgk. þm. (G. B.) og

hv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.), svo hægt verði að athuga málið nánar frá fjárhagslegu sjónarmiði.

Hvað reksturskostnað skipanna snertir, er hv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.), talaði um, þá hygg jeg, að hann verði ekki svo tilfinnanlegur, að við getum ekki vel staðist hann, og það því heldur, sem búast mætti við að allmikið fje fengist árlega upp í þann kostnað í sektafjám og andvirði upptæks afla og veiðarfæra. Auk þess verðum við að gæta þess, að hinn óbeini hagnaður af því, að landhelgin sje vel varin, er afarmikill, svo mikill, að hann verður ekki með tölum talinn.

ATKVGR.:

Rökstudd dagskrá (borin fram af G. Björnson, 5. kgk., sjá A. 277) feld með 7 : 6 atkv.

Forseti tók því næst málið út af dagskrá.

Á 33. fundi í Ed., laugardaginn 14. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 135 n. 239).

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Þegar mál þetta var tekið út af dagskrá síðast, var það gjört fyrir tillögur nefndarinnar, af því að hún kvaðst mundi bera sig saman við háttv. fjárlaganefndir þingsins um það, hvort ástæða væri til að fresta málinu til þingloka. Nefndin hefir nú borið sig saman við báðar fjárlaganefndir þingsins, og allir nefndarmenn, sem við voru staddir, óskuðu að málið gengi tafarlaust sinn gang. Jeg hefi nú tjáð hv. deild þetta, en hún ræður hvort hún tekur tillit til þess eða ekki. En jeg vil að eins óska þess, að hún lofi málinu að ganga leið sína gegn um þingið.

Karl Finnbogason: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á því, að mál þetta verði tekið út af dagskrá. Málið er mjög mikils vert, en þrír af hv. deildarmönnum eru ekki viðstaddir, og jeg álít að ekki sje rjett, að ganga til atkvæða um það á meðan ekki eru allir þingmenn viðstaddir.

Forseti: Jeg sje ekki ástæðu til að taka þetta mál út af dagskrá, þar eð þeir þingmenn, sem ekki eru viðstaddir, hafa ekki tilkynt nein forföll.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. með 7 : 2 atkv.

2. og 3. gr. hvor um sig samþ. með 8 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 9 samhlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. ág., var frv. tekið til 3. umr. (A. 135, 368).

Steingrímur Jónsson: Jeg á litla breytingartillögu á þgskj. 368, og gjöri jeg ráð fyrir, að engum komi hún á óvart, eftir ummælum mínum við 2. umræðu málsins. Jeg tók það þá fram, að jeg hafi alt af verið hlyntur stofnun þessa sjóðs, þannig, að sektirnar rynnu í hann samkvæmt því, sem ákveðið var 1913. En mjer fanst óþarfi að ganga lengra. Það var nóg að geyma þetta fje þangað til við sæum okkur fært, að taka landhelgisvarnirnar algjörlega í okkar hendur.

Ástæðurnar til þessa eru tvær. Það er fyrst og fremst afar óheppilegt, að binda fyrirfram það fje, sem þingið hefir til umráða, og taka á þann hátt fram fyrir hendurnar á fjárveitingarvaldinu.

Jeg skal í stuttu máli benda á, hversu langt við erum nú þegar komnir inn á þá braut. Við erum búnir að leggja stórfje í sjerstaka sjóði, og skal jeg nefna þessa: Styrktarsjóður barnakennara 2500

kr., Fiskveiðasj. 6000 kr., Landhelgissj. 5000 kr., Byggingasj. 7500 kr., Bjargráðasj. 22000 kr., Ellistyrktarsj. 20000 kr., Landsbankinn 100000 kr., því að það er fje, sem líta má á, sem sje það lagt í sjóð. Þetta er samtals 163,000 kr., og nú á að bæta við það 15000 kr., og verður fúlgan þá 178000 kr. á ári. Með öðrum orðum, nærfelt 10% af fje því, sem þingið á að hafa til umráða, er fyrirfram bundið. Auk þessa eru önnur bönd og aðrar kvaðir, sem á þinginu hvíla. Jeg býst þess vegna við, að það sjeu fleiri en jeg, sem líta svo á, sem þetta sje hættuleg braut. Og þó þetta væri ekki tekið til greina, sem jeg nú hefi skýrt frá, þá vill svo til, að það er til önnur mikilvæg ástæða fyrir máli mínu.

Eins og menn muna, þá var mál þetta tekið út af dagskrá um daginn, og því frestað. Síðan hafa háttv. deildarmenn átt kost á því, að kynna sjer nefndarálit háttv. fjárlaganefndar neðri deildar og þær niðurstöður, sem hún hefir komist að. Þar má sjá margt næsta nýstárlegt og afar þýðingarmikið, ef vel er athugað. Og það er skylda okkar að athuga alt sem gaumgæfilegast, ef við viljum fara vel með það pund, sem okkur er trúað fyrir.

Eins og menn vita, þá var gjört ráð fyrir 130000 kr. tekjuhalla í fjárlagafrumvarpi sjórnarinnar, sem lagt var fyrir þingið. Eftir því, sem jeg þykist sjá af nefndaráliti fjárlaganefndarinnar, þá hefir hún talið það eitt aðalhlutverk sitt, að afmá eða minka þennan tekjuhalla. Þetta er mjög eðlilegt, að nefndin skyldi líta svona á starf sitt, en hitt var erfiðara að sjá, hvernig þessu yrði við komið, sjerstaklega fyrir þá sök, að nefndin gat ekki, sökum ófriðarins, fyllilega bygt á þeim tekjum, sem annars hefðu verið taldar sjálfsagðar.

En vjer skulum nú athuga, hvernig nefndin leit á að þetta gæti orðið, og hverjum höndum hún tekur á fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar.

Nefndin hefir, í fyrsta lagi, reynt að klípa af ýmsum fjárupphæðum, sem annars skifta litlu máli. Það er fyrst, er komið er að 13. gr. fjárlaganna, að upphæðirnar fara að nema nokkru. Nefndin hefir talið sjer skylt, að lækka útgjöldin til akbrauta og þjóðvega um 57 þúsund kr.

Nefndin ætlast enn fremur ekki til, að bygð sje nema ein ómerkileg brú, sem á að kosta 25 þús., en það hefir jafnan verið talin skylda, að byggja að minsta kosti eina stóra brú á fjárhagstímabili. En meira hefir nefndin ekki sjeð fært að gjöra í þetta sinn, og er þó, eins og kunngt er, ekki enn farið að róta við Eyjafjarðarárbrú, nje við brúnni á Jökulsá á Sólheimasandi, og er þó sama sem búið að lofa þeim báðum fyrir löngu. Jeg lasta þetta ekki, því jeg veit að brýn nauðsyn hefir knúð nefndina til að sleppa þessu, þó vissulega sje það hart aðgöngu.

Þá komum við að öðru atriði. Það eru vitarnir. Það hefir jafnan verið litið svo á, að þar sem vjer tökum mjög hátt vitagjald af skipum, þá verðum vjer að hafa vitana sem flesta og sem fullkomnasta. Enda væri ekkert rættlæti í öðru. Í samræmi við þetta er gjört ráð fyrir í fjárlagafrv., að 5 vitar verði reistir á fjárhagstímabilinu. Fjárlaganefndin leggur aftur á móti til, að ekki verði reistur nema einn viti. Þetta er óneitanlega hart gagnvart siglingum vorum, og það er engu síður hart gagnvart vitafyrirkomulaginu sjálfu. Eins og kunnugt er, þá höfum við orðið að setja á stofn embætti, umsjónarmann vitanna og aðstoðarmann hans, og eru goldnar til þess 6500 kr. En nú er fyrir það girt, að þeir geti gegnt því starfi sínu, eins og til var ætlast, þar sem ekki á að reisa nema Straumnesvitann einan. Þetta er eitt beiska atriðið, sem nauðsynin hefir krafist af fjárlaganefnd Nd.

Þá komum við að 14. gr., þar sem ræðir um fræðslu- og kenslumál. Þar er einn liður, sem fjárlaganefndin hefir álitið nauðsyn bera til að strika alveg burt. Það er fjárveitingin til þess að byggja barnaskóla. Eftir fræðslulögunum er það skylda að byggja barnaskóla, en nú leggur nefndin til, að allri upphæðinni, 30. þús. kr,, sje slept. Lagaskuldbindingu landssjóðs er þar með varpað burt, þar sem álitið er að mögulegt sje að komast af, án þess að hún sje uppfylt. Og verður því þó ekki mótmælt, að þetta er ranglátt gagnvart mörgum fræðsluhjeruðum landsins, þar sem fjarri fer því, að alstaðar sje viðunandi skólahús. En það er ekki um það að fást; þetta *varð* að gjöra.

Þá er 16. gr. Í henni ætla jeg einungis að stikla á stærri upphæðunum. Svo er til ætlast, að styrkurinn til búnaðarfjelaganna, 22. þús. kr. hvort árið, sje feldur í burtu. Nefndin lítur svo á, að landbúnaðurinn standi nú svo vel að vígi, þar sem afurðir hans allar eru í svo háu verði, að hann geti mist styrkinn. En þess er þó að gæta, að með því að lækka þetta alt í einu, þá er kipt burtu lyftistönginni, sem öll búnaðarsambönd landsins hvíla á, og er það síður en ekki hættulaust, að raska þessu svona alt í einu. Má í því sambandi minna á, að nú hafa verið gjörðar nýjar og sjerstakar kröfur fyrir styrk fyrir jarðabætur, en nú verður það líkast til alt að detta niður. Með öllum þessum breytingingum, hefir fjárlaganefndinni tekist að minka tekjuhallann um 20 þús. kr., koma honum niður í ca. 110 þús. kr. Og til þess að komast nær markinu, hefir nefndin lagt til, að samþykt verði, að stjórninni verði veitt heimild til þess, að fresta símalagningum, en til þeirra eru í frv. ætlaðar 78500 kr. En eins og kunnugt er, þá hefir síminn gefið góðan tekjuafgang, og er svo fyrir mælt í símalögunum, að halda skuli áfram að leggja síma, þangað til loforðum öllum um símalagningar sje fullnægt. Auðvitað er það skuldbinding, sem kippa má í burtu, en það er líkt því, sem að skera bestu kúna á básnum í matarþröng. Það er hart, að þurfa að hætta við að bæta símakerfið, sem vitanlega gefur alt af því meira af sjer, sem það verður fullkomnara, og nota í þess stað fjeð til annara þarfa. En þrátt fyrir alt þetta er ekki hægt að ná tekjuhallanum alveg í burtu, og auk þessa eru ótal kröfur, sem kostnað hafa í för með sjer. Má til dæmis minna á, að nú er hjer á ferðinni í deildinni frv. til laga um hafnargjörð í Vestmannaeyjum, sem hlýtur að verða mjög kostnaðarsöm, því að ekki verður hætt við þá höfn hjeðan af, fyrst byrjað er á henni.

Og nú kemur fram tillaga, um að efna enn til nýrra útgjalda, í talsvert óákveðnu augnamiði, og sem ekki mun koma að gagni fyrr en einhverntíma í framtíðinni. Þetta finst mjer vera mjög óheppileg fjármálapólitík, og naumast forsvaranleg. Mjer finst fátt benda til þess, að þessi tillaga færi oss nær miklu takmarki voru, því að þetta mál getur ekki komið til framkvæmda nú fyrst um sinn. Auk þess má benda á, að ekki er líklegt, að mikil þörf verði á þessu fyrst eftir ófriðinn, því að erlend fiskiskip munu þá naumast sækja hingað mikið. Eins og jeg benti á við aðra umræðu málsins, þá er ekki líklegt að oss skorti fje, er við þurfum verulega til að taka í þessu máli. En eins og nú stendur á, þá vantar okkur fje til þarfa vorra í dag og á morgun, og er því lítil ástæða til að fara *nú* að leggja út í það, sem virðist vera óvissan ein. Mjer finst því hyggilegt, að fresta þessum 15 þús. kr. tillagi landssjóðs í næstu 2 ár. 1918 má búast við að ófriðurinn verði úti og sárin tekin að gróa, og má þá taka til óspiltra málanna, enda getur ekki til framkvæmda komið í því máli fyrir þann tíma. Við getum ekki á neinn hátt verið undir það búnir.

Af þessum ástæðum öllum vona jeg að háttv. deild samþykki brtt. mína.

Framsögum. (Sig. Stefánsson): Jeg mun litlu svara þessari löngu ræðu háttv. 2. kgk. (Stgr. J.). Jeg vil að eins leyfa mjer að benda á, hvernig háttv. fjárlaganefnd Nd., sem þekkir eins vel fjárlögin og háttv. 2. kgk., lítur á málið. Hún, sem annars virðist vera mjög gætin í öllu, leggur til, að frumvarpið nái fram að ganga. Enda er jeg ekkert hræddur um, að landið fari á höfuðið sökum þessa litla frumvarps.

Það er satt hjá hv. þingmanninum, að talsvert fje hefir nú verið lagt í ýmsa sjóði í vissu augnamiði. Og þótt það geti ekki talist öldungis hættulaust, þá vil jeg þó ekki fyrirdæma það skilyrðislaust. Það er hygginna bænda háttur, að leggja fje til hliðar, til ýmissa fyrirtækja, sem síðar á að framkvæma. Og víst er um það, að þess hægra eiga menn með framkvæmdir á ókomnum tíma, því betur sem þeim tókst að búa sig undir þær. Jeg veit um margan góðan bóndann, sem fylgir þessari aðferð í búskap sínum, þótt ekki sje um mjög stór fyrirtæki að ræða, fer t.d. að viða að til nýrrar baðstofubyggingar alllöngu áður en byrjað er á verkinu, til þess að það veiti honum ljettar, er til framkvæmdanna kemur.

Jeg get ekki sjeð, að það sje nein óhagsýni að leggja nokkurt landsfje í sjóði, sem stofnaðir eru til framkvæmda bráðnauðsynlegum fyrirtækjum, sem í bráðina verður að fresta sökum þröngs fjárhags. Enda eru dæmin deginum ljósari, að menn hafa ekki alt af verið hræddir við það. Jeg man ekki betur, en að það þætti vel ráðið, er Ræktunarsjóðurinn var settur á laggirnar og 132 þús. lagðar til hans í einu, enda átti það fje að ganga til landbúnaðarins. En til hvers á að verja því fje, sem hjer ræðir um? Til þess, að landið verði sem fyrst fært um það, að taka að sjer það sjálfsagða skylduverk, að verja hin íslensku fiskimið. Með öðrum orðum: þetta fje á að vera beint framlag til eflingar sjávarútveginum. En ef við tökum ekki ráð í tíma og undirbúum þetta mál ekki með sem mestri framsýni og fyrirhyggju, þá er jeg ekki viss um, nema að það kunni að dragast því lengur úr hömlu, að við tökum að okkur landhelgisgæsluna. Jeg er ekki viss um að áhuginn verði svo brennandi, eða slík fjárgnótt í landssjóði í náinni framtíð, að menn sjái sjer fært að snara fram í einu þeirri fúlgu, sem þarf til þess að við getum hafist handa í þessu mikilsverða máli. — Það er hverju orði sannara, að menn eiga að gæta allrar varúðar við slík framlög úr landssjóði, sem hjer ræðir um, en menn eiga líka að fara varlega í það að mála þann vonda á vegginn, þegar reynt er að hrinda áleiðis mestu vanda- og velferðarmálum þjóðarinnar. Menn verða að minnast þess, að hjer á hlut að máli sá atvinnuvegur þjóðarinnar, sem langmest leggur af mörkum til alþjóðar þarfa. Það eru engar ýkjur, að þessar 20 þús. kr. eru ekki nema lítil partur af því fje, sem oftsinnis hefir verið lagt til að eins einnar flutningabrautar, og hygg jeg óþarft að fjölyrða um, hvort þessara tveggja fjárframlaga muni reynast landssjóði arðvænlegra. Það er skylda vor, að styðja og styrkja þann atvinnuveg, sem fleytir fje í svo stórum straumum inn í landssjóð, að framlög landbúnaðarins eru ekki nema smá sprænur í samanburði við þær stórár. Hinn háttv. 2. kgk. (Stgt. J.) sagði, að Alþingi ætti að fara að eins og góður búmaður og haga útgjöldum eftir árferði. Þetta er alveg rjett; hefðum við byrjað fyrir 10—12 árum að leggja botnvörpusektirnar í sjóð, þá hefðum við hagað oss sem góðir búmenn og værum bráðlega orðnir færir um að taka að oss landhelgisvarnirnar, án verulegra útgjalda fyrir landssjóð, að því er stofnkostnaðinn snertir. Og ætli að okkur þætti ekki gott, að eiga nú sumt af því fje í sjóði, sem eytt hefir verið í hitt og þetta, og horfið niður í

sandinn, án þess nokkur verulegur arður hafi af því orðið. Það fje, sem lagt er í þennan sjóð, á ekki að vera eyðslufje, heldur eins konar trygging fyrir því, að vjer getum sem fyrst orðið færir til að taka að oss landhelgisvarnirnar fyrir sjávarútveginn. Sú staðhæfing hins hv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.), að sjóður þessi væri stofnaður í óákveðnu augnamiði, er því alveg út í loftið. Og ekki skil jeg að það yrði margra meina bót, þótt Alþingi neitaði um þessa fjárveitingu; það mundi eftir sem áður neyðast til að skjóta skollaeyrum við ótal mörgum kröfum og fjárbeiðnum, sem því hafa borist. — Samt sem áður hefði mjer ekki komið til hugar að fara fram á þetta framlag til sjóðsins, ef ekki stæði alveg sjerstaklega á. En Norðurálfuófriðurinn kemur til greina hjer sem annarsstaðar, og af hans völdum er það, að tekjur sjóðsins af sektum eru nú alveg að hverfa.

Jeg vil því fyrir hönd nefndarinnar mótmæla brtt. hv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.). Ef hún yrði samþykt hjer, mundi hún að sjálf. sögðu verða þess valdandi, að málið komist á flæking milli deilda, en það væri að minni hyggju illa farið. Jeg skil ekki, að sú fjárhæð, sem hjer ræðir um, þurfi að vaxa neinum í augum; við erum þó ekki svo illa staddir, að neinn háski geti stafað af því, þótt hún verði veitt. Jeg er hjartanlega samdóma hv. 2. kgk. (Stgr. J.) um, að það sje skylda okkar að gæta ítrustu sparsemi og forsjálni á þessum háskalegu tímum. En sparsemin á ekki að koma niður þar sem síst skyldi; það er t. d. mín skoðun um alla þá sjóði, sem hv. þm. (Stgr. J.) taldi upp, að þeir hafi ekki verið settir ófyrirsynju á laggirnar. Vöxtunum af þeim hefir ýmist verið varið til mentunar landsmanna, eða til þess að styrkja ellihrum gamalmenni eða til annara stórþarfa fyrirtækja. Og að minni hyggju er það þjóðarnauðsyn og þjóðarsæmd, að landhelgissjóðurinn geti sem fyrst tekið til starfa, og vona jeg því að brtt. hv. 2. kgk. (Stgr. J.) verði feld.

Steingrímur Jónsson: Háttv. framsögumaður (S. St.) sagði þegar hann stóð upp, að hann ætlaði ekki að halda langa ræðu, en þó varð hann álíka langorður sem jeg. Samt sem áður svaraði hann alls ekki þeirri spurningu, sem var meginatriðið í mínu máli. Hvers vegna eigum við að neita um bráðnauðsynlegar fjárveitingar, en leggja í þess stað fje í þennan sjóð? Hvers vegna eigum við að láta svo óðslega með framlög í þenna sjóð, en neita svo búnaðarfjelögum um styrk og og hætta að leggja fram fje til barnaskólahúsa, vita og síma? Jeg veit að vísu að við kollsteypumst ekki fyrir þessar 15 þús. kr., en jeg verð að játa, að slík fjármálapólitík stórhneykslar mig og er í sjálfu sjer hálfgjört fikt. — Það er satt, að fjárlaganefnd háttv. Nd. hefir verið spurð um, hvort hún teldi nauðsyn á að fresta þessari fjárveitingu, og hefir meiri hluti nefndarinnar svarað þeirri spurningu neitandi. Jeg vissi að háttv. framsögumaður (S. St.) skýrði rjett frá þessu, enda hefi jeg ekki vjefengt það. En það haggar ekki minni skoðun á þessu máli. Það er hverju orði sannara, að það er góður búskapur að leggja fje til hliðar, að eins ef það fje er ekki tekið frá bráðnauðsynlegum fyrirtækjum. Við þekkjum allir maurapúkana, sem hrúga saman krónunum, en níða niður jarðirnar, sem þeir búa á, og munu fæstir vitibornir menn vilja taka þá til fyrirmyndar. Og jeg verð að halda því fram, að hagur landssjóðs sje ekki slíkur nú sem stendur, að við getum lagt þessar 15 þúsundir til hliðar, án þess að það komi tilfinnanlega niður á þörfum fyrirtækjum.

Háttv. framsögumaður (S. St.) mintist á Ræktunarsjóðinn, en sá samanburður var villandi. Þegar sá sjóður var settur á stofn var tekinn til þess viss hluti af viðlagasjóðnum, en ekkert fje lagt beinlínis úr

landssjóði. Og jeg hygg, að á þeirri ráðstöfun hafi landssjóður beinlínis *grætt*, því að eftir það hefir jafnan verið miklu betri regla og stefnufesta í öllum bitlingaveitingum til landbúnaðarins.

Það getur verið satt hjá háttv. framsögumanni (S. St.), að fje verði ekki fyrir hendi, þegar vjer á sínum tíma viljum taka að oss strandvarnirnar. En nú sem stendur vantar fje til svo margs annars. — Jeg vona að það hafi ekki átt að vera sneið til mín, er háttv. framsögumaður (S. St.) sagði og lagði áherslu á, að hjer væri að ræða um framlag til sjávarútvegsins. Jeg veit ekki til þess, að jeg nokkru sinni hafi viljað skóinn niður af sjávarútveginum, enda veit jeg ekki betur en að sá atvinnuvegur hafi fengið ríflegar fjárveitingar á síðustu þingum, og svo mun einnig verða á þessu þingi. Jeg vil að eins minna á styrkinn til Fiskifjelags Íslands, á brimbrjótinn í Bolungarvík og höfnina í Vestmannaeyjum.

Það var illa til fundið hjá háttv. framsögumanni (S. St.), er hann skaut því fram, að hann sæi ekkert á móti því, þótt einhver fjárveiting til vegabóta fjelli, og þessi fjárveiting fengi fram að ganga í staðinn. Mjer virðist þvert á móti sjálfsagt, að einhver önnur framlög til sjávarútvegsins hljóti að rýrast, ef þessi fjárveiting verður samþykt. Vegina verður að halda áfram með, hvað sem öðru líður. Það er hörmulegt menningarleysi hvað óvíða er hægt að nota vagna og hjól hjer á landi, og verður sú tímatöf, sem af því hlýst, ekki metin til peningaverðs. Það væri því mjög illa farið, ef þessi fjárveiting, sem er ekki annað en fikt út í loftið, bitnaði á vegakafla fjárlaganna.

Guðmundur Björnson: Það er einn stór meinbugur á þessu máli, sem jeg vil minnast á, áður en það verður afgreitt hjeðan úr deildinni. Það mætti ætla, þegar rætt er um þarfir sjávarútvegsins, þá vissi Fiskifjelag Íslands best hvar skórinn kreppir. En frá því fjelagi hefir ekki komið nein ósk um þá fjárveitingu, sem hjer er verið að tala um. Hins vegar hefir fjelagið óskað, að skipuð væri millilandanefnd, til þess að rannsaka slysfarir á sjó og slysatrygging. Þar kreppir skórinn fastast. En hvað gjörir svo Alþingi? Það skellir skolleyrum við þessari sanngjörnu og skynsamlegu málaleitun Fiskifjelagsins, en vill óbeðið leggja fram fje til landhelgisvarna einhvern tíma í framtíðinni! Þetta kalla jeg meinbugi. Bændur vilja grípa fram fyrir hendur sjómanna og hafa vit fyrir þeim um þarfir sjávarútvegsins. — Það kalla jeg leikaraskap! Það er einn þátturinn úr þeim hörmulega skrípaleik, sem nú um nokkur ár hefir verið leikinn hjer á landi, og innblásinn er af sjálfstæðisgorgeir en ekki sjálfstæðisþrá. Þess vegna óskaði jeg um daginn, að þessu máli yrði frestað, og þess vegna mun jeg greiða atkvæði með brtt. háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.).

Framsögum. (Sigurður Stefánsson): Háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.) sagði, að jeg hefði ekki svarað aðalatriðinu í ræðu sinni. Hann spurði, hvers vegna menn vildu skjóta hinum og þessum framkvæmdum á frest, en láta þessa fjárveiting ná fram að ganga. Þessi spurning er alveg út í hött, því að hvernig getur nokkrum manni komið til hugar, að þessi nauðsynjafyrirtæki, sem hann nefndi, strandi á þessari 15 þúsund króna fjárveitingu? 15 þúsund krónur er svo örlítill hluti af því fje, sem til þeirra þarf, að háttv. þingmaður (Stgr. J.) hefði sannarlega getað sparað sjer þessa spurningu. Það er sjálfsagt af sparnaðarástæðum, að menn vilja fresta þeim fjárframlögum, sem hann minntist á, enda má háttv. þingmanni (Stgr. J.) vera kunnugt, hvílíkur geigur er nú í mörgum manni út af fjárhagsástandinu á þessum háskalegu tímum. — Háttv. þingmað-

ur (Stgr. J.) kallar þessa fjárveiting *fikt*, en þá hefði hann átt að taka ráð í tíma og vera á móti stofnun þessa sjóðs þegar í upphafi. En jeg verð að játa, að jeg sannfærist æ betur og betur um, að bæði hann og háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) eru í hjarta sínu báðir mótfallnir öllu þessu máli. Mig furðaði á því, að hinn síðarnefndi hv. þingmaður (G. B.) fór að tala um sjálfstæðisgorgeir í þessu sambandi. Jeg vísa slíkum brigslum brixlum frá mjer, og hafði mjer síst komið til hugar að hinn háttv. þm. (G. B.) færi að bera mjer slíkt á brýn. *(Guðm. Björnson*: Jeg átti ekki við hinn háttvirta þingmann). Hinn sami háttv. þm. (G. B.) mintist á slysatrygginguna og vildi láta slysni Alþingis í því máli bitna á þessari fjárveitingu. En þá færi nú meinbugum þessa máls að fjölga, því að víst er það, að bæði nú og í fyrra var sú ósk látin í ljós á Fiskiþinginu, að fjárframlögum til Landhelgissjóðs yrði haldið áfram. Enda hygg jeg, að þetta tvent, slysatryggingin og Landhelgisvarnirnar, sjeu hliðstæð áhugamál sjómannastjettarinnar. — Það sem háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.) sagði um vegina, er auðvitað rjett, en ekki get jeg þó sjeð, að neinn háski væri á ferðum, þótt varlega væri farið í fjárveitingar til vegabóta á þessu þingi. Menn verða þó að hafa það hugfast, hvort það er landbúnaðurinn eða sjávarútvegurinn, sem gefur landssjóði meira í aðra hönd. — Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál, en vil óska þess, að atkvæðagreiðslan fari fram með nafnakalli.

Steingrímur Jónsson: Út af orðum hv. framsm. (S. St.) skal jeg geta þess, að jeg var frá upphafi hlyntur því, að togarasektirnar yrðu lagðar í Landhelgissjóðinn, og að því leyti var jeg meðmæltur lögunum frá 1913. En hjer er ekki að ræða um annað en meiningarlaust fikt.

ATKVGR.:

Brtt. 368 feld með 9 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Þorláksson,	Guðm. Ólafsson,
Stgr. Jónsson,	Hákon Kristófersson,
Eiríkur Briem,	Jón Þorkelsson,
Guðm. Björnson,	Jósef Björnsson,
	Karl Einarsson,
	Karl Finnbogason,
	Kristinn Daníelsson,
	Magnús Pjetursson,
	Sig. Stefánsson.

Frv. samþ. með 11 : 2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Björnson,
Guðm. Ólafsson,	
Hákon Kristófersson,	
Jón Þorkelsson,	
Jósef Björnsson,	
Karl Einarsson,	
Karl Finnbogason,	
Kristinn Daníelsson,	
Magnús Pjetursson,	
Sig. Stefánsson,	

og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 379).

5. Vatnsveitur í verslunarstöðum.

Á 22. fundi í Ed., þriðjudaginn 3. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 26, 22. október 1912, um vatnsveitur í löggiltum verzlunarstöðum. (A. 179).

Á 24. fundi í Ed., fimtudaginn 5. ágúst, var frumvarpið tekið til 1. umr.

Flutnm. (Kristinn Dan.): Þetta frumv., er hjer liggur fyrir, er viðauki við vatns-

veitulögin, og jeg flyt það eftir ósk og þörf kauptúns eins í kjördæmi mínu, þar sem eins stendur á og gjört er ráð fyrir í frumvarpinu, að ekki er hægt að veita þangað neysluvatni.

Eins og háttv. þingmönnum er kunnugt, heitir hjer suður með sjó Vatnsleysuströnd. Það er rjettnefni, en á ekki einungis við þá sveit, sem svo er kölluð, heldur einnig alla strandlengjuna í kring um Reykjanes, því að þar er, svo að segja, hvergi lind nje lækur. Af því stafa erfiðleikar með að ná í drykkjarvatn, og vatnið þar að auki víða illt, svo að auk erfiðleikanna eiga menn við þau óþægindi að búa, að hafa vont neysluvatn, svo að sumstaðar er varla hægt að fá góðan kaffisopa. Þetta er líka mjög varhugavert frá heilsufræðislegu sjónarmiði, og læknisfróða menn hefi jeg heyrt segja, að ýmsir kvillar, sem þar eru landlægir, muni geta stafað af vondu vatni.

Jeg á með frumvarpi mínu við einn stað á strandlengju þessari, og það er Keflavík. Þar var til skamms tíma einn brunnur með nokkurn veginn góðu vatni í, en útbúnaður allur við brunn þenna, var mjög ófullkominn. Þess vegna var gjörður annar brunnur, eftir samkomulagi við verslun eina þar, sem lagði fram kostnaðinn, og var það í samningum, að hús þau, er neyttu vatns úr brunninum, skyldu greiða henni vatnsskatt. Á eftir gekk þetta ekki eins vel og hugsað var, og varð úr því ágreiningur og vandræði. Hefir því hygnum mönnum fundist, að hið opinbera, sveitarstjórnin, ætti að taka að sjer kostnað við brunnana og gjöra þá úr garði, svo að þeir fullnægi þörfunum. Það er þörf á nokkrum meiri stofnkostnaði; það þarf að dýpka að minsta kosti annan brunninn, kaupa góðar dælur og svo fram eftir götunum. Einhver kann nú að segja, að sveitarstjórnin geti, án nýrra laga ráðist í þetta, og jafnað niður kostnaðinum á hreppsbúa, með öðrum sveitarþörfum. En það er ekki hægt, því að hreppurinn er tvískiftur, nefnilega Keflavík- og Njarðvíkurhreppur. Njarðvík getur auðvitað ekki borið þenna kostnað, sem Keflavíkurkauptún eitt, nýtur góðs af. Nauðsynlegar framkvæmdir hljóta því auðvitað að verða ákostnað vatnsneytanda í Keflavík.

Jeg vil ekki þreyta háttv. deild með langri ræðu, og vona líka, að ekki þurfi að reifa málið meira að sinni; vona, að háttvirt deild vísi málinu til 2. umræðu, til þess að íhuga og bæta búning þann, er það hefir birst í hjer.

Það getur verið, að taka þurfi fleiri atriði til greina. Leyfi jeg mjer svo að stinga upp á þriggja manna nefnd, til að íhuga málið að þessari umræðu lokinni.

ATKVGR.:

Frv. vísað til að 2. umr. í einu hljóði.

Samþ. 3 manna nefnd með 8 samhlj. atkv.

Hlutfallskosning við höfð og kosnir:

Karl Finnbogason,
Kristinn Daníelsson,
Guðm. Björnson.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 9. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 149, n. 248).

Framsm. (Kristinn Daníelsson): Jeg þarf ekki að endurtaka það, sem jeg sagði um þetta mál við. 1. umr., og sem við átti við þá umr., að taka alment fram um tilgang frumvarpsins. Nefnd sú, sem kosin var til að athuga þetta mál, er öll sammála um, að sá tilgangur sje góður, og sú viðbót við vatnsveitulögin, sem hjer er farið fram á, horfi til bóta, ef hún verður að lögum. Aðalhlutverk nefndarinnar hefir verið að athuga hvort lögin um vatnsveitu gætu átt við, þegar brunnar væru grafnir til almenningsnota, og

hún hefir komist að þeirri niðurstöðu, að þau gætu þá átt við að öllu leyti. Eins og nefndarálitið ber með sjer, tók nefndin sjerstaklega til íhugunar, hvort ástæða væri til að undanþiggja skatti þau hús, sem hafa fyrir fram og nota brunna heima hjá sjer, áður en slíku almennu fyrirtæki væri komið á. Nefndinni þótti að vísu nokkur sanngirni mæla með því, en þó sýndist okkur ekki ástæða til, að eigendur þessara húsa slyppu algjörlega við að styðja fyrirtæki, sem er til nytsemdar fyrir kauptúnið og borgara þess í heild, og öllum þá eðlilega skylt að standast kostnað af, ekki síst þegar hann er lítill, eins og hjer, í samanburði við það, er um vatnsveitu er að ræða. En þeirri lækkun á skattinum, sem sanngjarnt er að veita, ættu sveitastjórnir að geta komið að með þeirri flokkun á skattinum og gjaldskránni, sem ráðgjörð er í 5. gr. laganna. Hámark skattsins er í vatnsveitulögunum ákveðið 6%, af virðingarverði húsanna, og ef það nægði ekki fyrir kostnaði, þótti nefndinni, sem fjallaði um vatnsveitulögin 1912, rjett að jafna því niður sem á skorti. Það væri að vísu ekki hægt á þeim stað, sem tilefni hefir gefið til þess, að þetta frumvarp hefir komið fram, þar sem Keflavík er hluti af hreppsfjelagi og kauptúnsbúar yrðu einir að bera þennan kostnað. Enda mun ekki til þess koma, því að okkur hefir talist svo til, að þar mundi þessi skattur ekki nema meiru en 1% eftir skýrslu um virðingarverð húseigna í Keflavík og þeim upplýsingum, sem jeg hafði um kostnað þann, er hjer um ræðir.

Því var skotið til nefndarinnar af utannefndarmanni, að rjett væri að fella burtu orðin: „þar sem ekki er hægt að veita neysluvatni“, vegna þess, að álitamál geti verið, hvað hægt sje og í raun og veru mætti alstaðar veita vatninu til dæmis með dælukrafti, en oftast yrði ókleifur kostnaður að veita vatni inn í hvert hús á þann hátt, en í hverju einstöku tilfelli yrði það undir dómi og úrskurði sveitastjórnar komið, hvort unt sje að veita vatninu. Nefndinni þykir þó heppilegra að láta þessi orð standa, því að með þeim er bent til, að vatnsveita sje æskilegust, ef unt er að koma henni við. En þegar það er ekki unt, þá sje alt af heimild til að gjöra brunna.

Nefndinni hefir borist brjef frá stjórnarráðinu, og fylgir með því brjef frá verkfræðingi. Gjörir það svipaðar athugasemdir og þetta. Nefndin hefir að vísu ekki athugað brjefið nákvæmlega, en hefir þó komist að þeirri niðurstöðu, að ekki væri ástæða til að breyta þessu. Vil jeg leyfa mjer með leyfi hæstv. forseta að lesa upp þann kafla úr brjefinu, sem hjer skiftir máli, þar sem lagt er til, að samþykt verði viðbótarlög við vatnsveitulögin, er hljóði svo: „Í þeim verslunarstöðum, þar sem ekki er hægt með kleifum kostnaði, að gjöra vatnsleiðslu, skal hreppsnefndum heimilt að gjöra brunna eða önnur vatnsból til almenningsnotkunar; um kostnað við það, notkun, viðhald og önnur rjettindi, er farið eftir reglum, er hreppsnefndin semur og stjórnarráðið staðfestir, og skulu gjöldin innheimt eftir sömu reglu og hin almennu hreppsgjöld“.

Þetta er hjer um bil það sama og frumvarpsgreinin fer fram á, en mismunurinn er aðallega að bætt er inn í orðunum „með kleifum kostnaði“, og að hreppsnefndum er ætlað að innheimta gjaldið, eftir reglum, sem stjórnarráðið staðfestir. En jeg get ekki sjeð, að sú aðferð taki fram innheimtu, eftir þeim reglum, sem vatnsveitulögin gjöra ráð fyrir.

Jeg sje því ekki að svo stöddu ástæðu til annars en að samþykkja frumv., og leyfi mjer því að leggja það til, að háttv. deild samþ. frumv. óbreytt eins og það liggur fyrir.

Steingrímur Jónsson: Jeg vil leyfa mjer, að skjóta því til hinnar háttv. nefnd-

ar, hvort hún vilji ekki bæta inn í frumvarpsgreinina orðunum: „með kleifum kostnaði“. Mjer finst orðalagið, sem nú er, vera rangt, því að það má segja, að það sje alt af mögulegt að veita vatninu. Meiningin verður sú sama, og því þá ekki að hafa það orðalagið, sem við á.

Framsm. (Kristinn Dan.): Jeg efast ekki um, að háttv. formaður nefndarinnar muni fús til að kalla okkur nefndarmenn saman, til að athuga það, sem 2. kgk. benti á, og má þá koma fram með breytingartillögu við 3. umr., ef nefndinni þykir ástæða til.

ATKVGR.:
Frumvarpsgreinin samþ. með öllum atkv.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frumv. vísað til 3. umr. með öllum atkv.

Á 29. fundi í Ed., miðvikudaginn 11. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr. (A. 179, 289).

Framsm. (Kristinn Dan.): Jeg hefi engu við það að bæta, sem jeg sagði um þetta mál við 2. umr. Þó hefir síðan komið fram ein brtt., á þgskj. 289, um að á eftir orðunum: „þar sem ekki er hægt“, sje bætt við „með kleifum kostnaði“. Nefndin hefir fallist á að gjöra þessa brtt. samkv. tilllögu frá einstökum þm. hjer í deildinni, við 2. umræðu, og eftir bendingu frá Krabbe verkfræðing. Vona jeg, að með þessari breytingu, sje frumv. komið í það horf, að ekki verði að því fundið, og skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um það.

ATKVGR.:
Brtt. 289 samþ. með öllum atkv.
Frv. svo breytt samþ. með öllum atkv. og afgreitt til Nd.
(A. 303).

---

6. Dalavegur.

Á 30. fundi í Ed., fimtudaginn 12. ág., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingar á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. (A. 302).

Á 33. fundi í Ed., laugardaginn 14. ág., var frv. tekið til 1. umr.

Jósef Björnsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að þessu máli verði vísað til þriggja manna nefndar að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.:
Frumv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.
Samþ. með öllum atkv. að skipa þriggja manna nefnd, og í hana kosnir með hlutfallskosningu:
Jósef Björnsson,
Kristinn Daníelsson,
Sig. Stefánsson.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 23. ág., var frv. tekið til 2. umr. (A. 302, n. 465).

Framsm. (Sig. Stefánsson): Það má að mestu leyti sama segja um þetta frv. og það, er til umr. var næst á undan, Hafnarfj.veg. Nefndin leyfir sjer að leggja það til, að það verði samþykt óbreytt. Það, sem hjer er um að ræða, er dálítil stefnubreyting á þjóðveginum, og hefir það mál verið á dagskrá um tíma þar í sveit og ýmsum mönnum áhugamál. Viðhaldið á þessum væntanlega vegarkafla verður líklega ódýrara, því vegurinn styttist talsvert, þar sem hann á að liggja beinna en eldri vegurinn. Það mun vera víðar svo á landinu, að nauðsyn ber til að breyta stefnu veganna og gera þá beinni og ódýrari. Má þar til nefna veg í Húnavatnssýslu milli Blöndu-

óss og Sauðárkróks. Það hefir komið talsvert sterk hreyfing fyrir því í Skagafirði, að breyta veginum, sem nú liggur eftir endilöngum Langadal, og leggja hann í þess stað yfir Kolugafjall. Jeg hygg að svo muni víðar vera, að nauðsyn sje á að breyta til á líkan hátt, og álít jeg rjett vera, að þingið sýni það með atkvæðagreiðslunni, að það líti svo á, sem sú stefna eigi við nokkur rök að styðjast. Það er ekkert vit í því, að leggja of fjár til vega, þegar stefna þeirra er mjög óhagkvæm. Þess hefir verið farið á leit við stjórnina, að mælingar yrðu gerðar á Kolugafjalli, en ekki hefir því verið sint enn. En jeg verð að endurtaka það, að brýn nauðsyn er á að þetta sje alt sem vandlegast athugað.

Hákon Kristófersson: Það voru að eins örfá orð, sem jeg vildi sagt hafa. Samkvæmt 1. gr. á vegurinn að liggja frá vegamótum hjá Gljúfrá í Borgarfirði, um Norðurárdal, Bröttubrekku o. s. frv., en jeg vildi leiða athygli deildarmanna að því, að hugsanlegt er, að eftir frumvarpinu mætti líta svo á, að vegurinn ætti að liggja um Reykhólasveit og fyrir Reykjanes. Vildi jeg því leyfa mjer að spyrja háttv. nefnd, hvort það væri tilætlunin. *(Sig. Stefánsson:* Nei, svo er ekki). Jæja, ef þetta getur ekki valdið misskilningi, þá er ekkert við það að athuga.

ATKVGR.:
1. gr. samþykt í e. hlj.
2., 3. og 4. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 41. fundi í Ed., þriðjudaginn 24. ág., var frv. tekið til 3. umr. (A. 302).

Afbrigði frá þingsköpum til að taka málið fyrir voru leyfð og samþykt.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt *sem lög frá Alþingi.*
(Sjá A. 513).

---

7. Hafnarfjarðarvegur.

Á 30. fundi í Ed., fimtudaginn 12. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 29, 2. nóv. 1914, um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 301).

Á 33. fundi í Ed., laugardaginn 14. ág., var frv. tekið til 1. umr.

Jósef Björnsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að þessu máli verði vísað til nefndar þeirrar, sem kosin var til að athuga 2 næstu mál á undan, vegamál, þegar þessari umræðu er lokið.

ATKVGR.:
Frv. vísað til 2. umr. með öllum atkv.

Samþ. með öllum atkv. að vísa frv. til vegalaganefndar, en hana sátu þeir:
Jósef Björnsson,
Kristinn Daníelsson,
Sig. Stefánsson.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 23. ág., var frv. tekið til 2. umr. (A. 301, n. 466).

Framsögum. (Sig. Stefánsson): Þar sem nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt, þá hefi jeg ekki mikið að segja. Það voru einkum ummæli landsverkfræðingsins, sem komu nefndinni til að líta svo á, að sjálfsagt væri að samþykkja frumvarpið. Eftir gild-

andi lögum er Hafnarfjarðarvegurinn í tölu flutningabrauta, og er þá sýslufjelaginu skylt að halda honum við. En þetta er ranglátt gagnvart öðru sýslufjelaginu, Kjósarsýslu, sem engin not hefir af veginum. Bendir landsverkfr. á, að rjettast sje að taka veginn upp í tölu þjóðvega. Og á þá skoðun felst nefndin algjörlega.

En það eru ýms atriði í brjefi landsverkfræðingsins, sem athuga þyrfti, en sem jeg mun leiða hjá mjer að tala um, því jeg býst við, að háttv. meðnefndarmaður minn, þm. G.-K. (K. D.), muni eitthvað drepa á þau. En jeg vona að háttv. deild samþykki frumvarpið óbreytt, einkum með það fyrir augum, að ljetta þessum ranglátu kvöðum af Kjósarsýslu.

Kristinn Daníelsson: Jeg stend upp til að lýsa því yfir, að jeg get vel látið mjer lynda, ef málið fær þau úrslit, er á horfist, þó jeg sje ekki alls kostar viss um, að þetta sje að öllu leyti heppileg úrslit. Niðurstöðu sína hefir bæði nefndin og háttv. Nd. bygt á brjefi landsverkfræðingsins, sem er fylgiskj. á þgskj. 240. Niðurstaðan er sú, eins og kunnugt er, að taka Hafnarfjarðarveginn í þjóðvegatölu og landssjóður taki þar með að sjer allan *kostnað af viðhaldi hans*. En verkfræðingurinn tekur það fram, að ekki megi líta á þessa ráðstöfun, nema sem *loforð um að halda veginum við*. Er þá samþykt þessa frumvarps að skoða sem slíkt loforð, og get jeg að vísu látið mjer þetta vel lynda frá sjónarmiði Gullbr. og Kjósarsýslu, sem er algjörlega ofvaxið að halda við þessum vegi, en jeg er þar fyrir ekki fyllilega samdóma landsverkfræðingnum. Hann hefir ekki haft fyrir augum það, sem er aðalatriðið í þessu máli, sem sje það, að lífsnauðsyn er að halda við sjerstaklega góðum vegi milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. En þar sem landsverkfræðingurinn segir, að ekki megi líta á þetta sem neitt loforð um nýjan veg, þá liggur við að orð hans verði skilin sem hótun um það, að nýr vegur verði alls ekki lagður. En nú er mikil þörf á að leggja nýjan veg. Öllum er kunnugt um það, sem veginn þekkja, að ómögulegt er að fara með vagna eftir honum, hvorki vetur, vor nje haust.

En jeg vildi láta það koma fram í umræðunum, að einmitt er óhjákvæmileg þörf á, að nýr vegur verði lagður. Mjer er ekki það eitt nóg, þótt sýslufjelag mitt losni við kostnaðinn, og álít, vegna vegarins sjálfs, og hinna ótal mörgu, sem nota hann, að málinu sje ekki ráðið vel til lykta, fyrr en nýr vegur er gjörður af bestu gjörð, sem nú tíðkast.

Framsm. (Sig. Stefánsson): Jeg verð að taka í sama strenginn og háttv. þm. G.-K. (K. D.), að fyrst landsverkfræðingurinn mælir með því, að landið taki veginn að sjer, þá er líka sjálfsagt, að það gangi vel frá honum. Þetta er einn aðalvegur landsins, og afar fjölfarinn, og því bráðnauðsynlegt, að hann sje vel úr garði gjörður. En nú er hann oftast ófær, ef nokkuð rignir. En þar sem verkfræðingurinn talar um að leggja ekki nýjan veg, þá verður það víst að skiljast svo, að ekki sje meiningin að breyta stefnu vegarins, en vitanlega eigi að gjöra á honum allar þær endurbætur, sem við þarf, svo að hann verði alt af vel fær, því nú er hann landinu til vansæmdar, og jeg álít það skyldu deildarinnar að taka undir það, að stjórnin megi ekki láta undir höfuð leggjast, að sjá um að sem best verði frá þessum vegarkafla gengið.

ATKVGR.:
Frv.greinin samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 41. fundi í Ed., þriðjudaginn 24.

ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 301).

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum, til þess að mega taka málið fyrir. Voru þau leyfð og samþykt.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt
sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 515).

---

8. Vatnssala í kaupstöðum.

Á 37. fundi í Ed., fimtudaginn 19. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um vatnssölu í kaupstöðum,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. (A. 412).

Á 39. fundi í Ed., laugardaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 45. fundi í Ed., þriðjudaginn 24. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 412).

Enginn tók til máls.

ATKVGR:

1. gr. samþ. með öllum atkv.
2. — — — — —
3. — — — — —

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frumv. samþ. til 3. umr. í e. hlj.

Á 43. fundi í Ed., fimtudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 412).

Enginn tók til máls.

ATKVGR:

Frumv. samþ. með 12. shlj. atkv. og afgreitt
sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 570).

---

9. Stykkishólmsvegur.

Á 30. fundi í Ed., fimtudaginn 12. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 57, 22. nóv. 1997, um vegi,

eins og það var samþ. við 3. umr í Nd. (A. 300).

Á 33. fundi í Ed., laugardaginn 14. ágúst, var frumv. tekið til 1. umr.

Jósef Björnsson: Jeg vil að eins leyfa mjer að leggja það til, að máli þessu verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til nefndarinnar, sem kosin var í næsta máli á undan (vegalaganefndar).

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Samþ. með öllum atkv. að vísa frumv. til vegalaganefndar, en þá nefnd sátu þeir:

Jósef Björnsson,
Kristinn Daníelsson,
Sigurður Stefánsson.

Á 41. fundi í Ed., þriðjudaginn 24. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 300, n. 479).

Framsögum. (Sigurður Stefánsson): Það er svipað að segja um frumv. þetta og Hafnarfjarðarveginn, að það er komið fram til að bæta úr misrjetti á vegalögunum um viðhald á Stykkishólmsveginum.

Eins og nú er um veg þennan, þá

koma 16. og 18. gr. vegalaganna hvor í bága við aðra. Í 16. grein er svo mælt fyrir, að sýslufjelagið skuli kosta viðhald vega, að því leyti sem þeir sjeu akfærir, en í 18. grein er aftur svo mælt fyrir, að hjeruðin kosti viðhald þessara vega undantekningarlaust, eins þá hluta hans, sem ekki eru akfærir.

Þessi ósamkvæmni er komin af því, að í sjerstökum lögum um veg þennan, er sett voru á undan hinum núgildandi vegalögum, var svo mælt fyrir, að Snæfellsness- og Mýrasýslur skyldu skilyrðislaust kosta viðhald þessa vegar að öllu leyti, en þegar svo vegalögin voru endurskoðuð, þá voru þessi ákvæði gömlu laganna tekin óbreytt upp í lögin, og þannig komst þessi ósamkvæmni inn í vegalögin.

Úr þessu á frv. að bæta, og mæli jeg því með, að það verði samþykt óbreytt.

ATKVGR.:
Frumv. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 43. fundi í Ed., fimtudaginn 26. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr. (A. 300).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frumv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgreitt.

sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 571).

---

10. Prestakallaveitingar.

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 2. ágúst, var útbýtt

Frumvarp til laga um veitingu prestakalla. (A. 161).

Á 23. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsmaður (Guðm. Ólafsson): Á þingi í fyrra bar jeg og tveir aðrir hv. þingmenn hjer í deildinni fram tillögu til þingsályktunar um að skora á stjórnina að undirbúa og leggja fyrir þetta þing frumvarp til laga um veitingu prestakalla. Þessi háttv. deild tók tillögunni svo vel, að hún samþykti hana umræðulaust með öllum atkvæðum og afgreiddi hana þannig til ráðherra. Jeg bjóst við að þetta frumvarp yrði eitt af þeim, sem stjórnin legði fyrir þingið, og það því fremur, sem mjer var kunnugt um að biskup var að undirbúa þetta mál í vetur. En þessi von mín brást. Jeg inti ráðherra eftir því, hvernig á því stæði, að frumvarp þetta hefði ekki verið lagt fyrir þingið, og svaraði hann því, að frumvarp það, sem biskup var beðinn að semja hefði ekki komið til stjórnarinnar fyr en í maí, og hefði þá ekki verið tími til að bæta úr þeim göllum, sem á því hefði verið. Jeg hefi nú með aðstoð lögfræðings samið þetta frumvarp og tekið tillit til álits biskups á málinu. Í vetur leitaði hann álits allra sóknarnefnda á landinu um mál þetta, og fjekk hann svar frá 200 sóknarnefndum, en alls munu þær vera um 270 talsins. Voru þær flestar fylgjandi þeirri breytingu, sem hjer er farið fram á. Að eins 30 voru á móti því, af því að þær óttuðust kostnaðarauka, og örfáar álitu að ekki væri þörf á breytingunni, af því að ekki væri nema ein sókn í þeirra prestakalli. Þessi svör liggja nú í stjórnarráðinu, og getur væntanleg nefnd sjálfsagt fengið þau til yfirlits og sömuleiðis athugasemdir biskups um málið.

Jeg skal svo ekki að sinni fjölyrða um frumvarpið. Verði það að lögum, ræður það að minni hyggju sanngjarna bót á göllum þeim, sem eru á núverandi fyrirkomulagi við prestskosningar og mjög oft hafa orðið þess valdandi, að að eins lítill

hluti atkvæðisbærra manna í hverju prestakalli hefir getað neytt kosningarrjettar síns. Kostnaðaraukinn við breytinguna held jeg að verði lítill og ekki meiri en óhjákvæmilegt er, ef þingið vill gefa mönnum kost á að neyta atkvæðis síns.

Jeg vil loks leyfa mjer að gjöra það að tillögu minni, að þriggja manna nefnd verði skipuð í málið að lokinni þessari umræðu, og vona að hv. deild sýni frv. þá velvild að lofa því að ganga fram.

ATKVGR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umr. með öllum atkvæðum.

Samþykt með öllum atkvæðum að skipa þriggja manna nefnd, og í hana kosnir:

Guðm. Ólafsson,
Jón Þorkelsson,
Steingrímur Jónsson.

Á 34. fundi í Ed., mánudaginn 16. ágúst, var frumvarpið tekið til 2. umr. (A. 161, n. 329).

Framsögumaður (Guðm. Ólafsson): Jeg hefi ekki miklu við það að bæta, sem jeg hefi áður tekið fram um þetta mál. Eins og áður er um getið, telur biskup frumvarp þetta betra en gildandi lög, og mikill meiri hluti allra sóknarnefnda hefir talið breytingarnar til bóta. Fáar eru andvígar því, og sum mótmælin, sem komið hafa, stafa sjáanlega af misskilningi. Ein sóknarnefndin t. d. segist hafa haft sama prestinn um mjög mörg ár, og af því að hún er vel ánægð með hann, vill hún enga breytingu hafa á lögunum „þótt hún sjái að þessi breyting á þeim sje til mikilla bóta frá því, sem nú er". Það, sem þessi heiðraða sóknarnefnd óttast, finst mjer hljóta að vera þetta, að verði frumvarpið að lögum, muni þeir prestar, sem náð hafa kosningu með atkvæðum mjög lítils hluta safnaðar, heimta, samvisku sinnar vegna, að ný kosning fari fram í þeirra prestaköllum, og geti það leitt til nokkurra prestakaupa milli safnaða.

Nefdin er nú alls ekki hrædd við þetta. Hún er sammála og leggur til, að frumvarpið sje samþykt með litlum breytingum. Þá er 1. brtt. við 4. gr., inn í hana bætist á eftir orðinu „kjósendur" orðin „í hverri sókn". Það er búist við að biskup sendi hverri sóknarnefnd ákveðna tölu kjörseðla, en til þess þarf hann að vita tölu kjósenda í hverri sókn.

2. breytingártillagan er við 7. gr. Þar er lagt til að falli burtu síðasta setningin og í hennar stað komi: Þó er fundur lögmætur, ef meiri hluti atkvæðisbærra manna sækir hann. Það er auðvitað mikið betra, ef meiri hluti atkvæðisbærra manna sækir fund, þótt veikindi, vatnavextir eða veðurátta hamli, að þurfa ekki að boða til fundar af nýju.

3. breytingartillaga er við 11. gr. Þar falli orðin „hæfilega margir" burt. Nefndinni fanst að þau orð mættu falla niður og rjettast, að fleiri kjósendur sjeu ekki inni en þeir, sem eru að koma til kosningar eða fara frá þeim.

Nefndin vill bæta inn í 12. gr., að í öðrum stöðum en Reykjavík, þar sem kjósendur eru 1000 eða fleiri, megi einnig kjósa á fleirum en einum stað. Líka er önnur breyting við 12. gr., að sóknarnefnd skuli ákveða, hverjir kjósi á hverjum stað.

6. breytingartillagan fer í þá átt, að breyta orðalagi á 13. gr. á þrem stöðum, til þess að færa hana til betra máls.

Síðasta breytingartillagan er við 14. gr. Í henni var ekki talað um að kaupa yrði ábyrgð á skilríkjum þeim, er kjörstjórn sendi til yfirkjörstjórnar. Nefndinni fanst sjálfsagt að taka það fram, að kaupa skyldi póstábyrgð, til þess að engum skyldi detta í hug að senda þau öðruvísi. Þessar brtt. eru fáar og flestar lítilfjörlegar, en nefndinni fanst þær til bóta, og vonar því, að háttvirt deild leyfi þeim fram að ganga.

Guðmundur Björnson: Jeg vil leyfa mjer að benda að eins á tvær smávillur í nefndarálitinu. Í 5. breytingartillögunni stendur málsgrein, en ætti að vera setning. (*Steingrímur Jónsson*: Hvað kallar þingmaðurinn málsgrein?) Jeg kalla það málsgrein, sem vani er að nefna svo á þingi og í lögum. Hin villan er í 6. brtt. og mun vera prentvilla. Þar stendur innsiglir, en á vitanlega að vera innsiglar.

ATKVGR.:

1., 2. og 3. gr. samþykt með 12 samhljóða atkv.
Brtt. 329,1 samþ. með 11 samhlj. atkv.
4. gr. svo breytt samþ. með 11 shlj. —
5. og 6. gr. — — 11 — —
Brtt. 329,2 — — 11 — —
7. gr. svo breytt — — 11 — —
8., 9. og 10. gr. — — 11 — —
Brtt. 329,3 — — 11 — —
11. gr. svo breytt — — 11 — —
Brtt. 329,4 — — 11 — —
Brtt. 339,5 — — 11 — —
12. gr. svo breytt — — 11 — —
Brtt. 329,6 — — 11 — —
13. gr. þar með fallin.
Brtt. 329,7 samþykt — 11 — —
14. gr. svo breytt — — 11 — —
15.—22. gr. — — 11 — —

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr. (A. 362).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumvarpið samþykt í einu hljóði og afgreitt til Nd.
(A. 419).

---

11. Dýraverndun.

Á 35. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um dýraverndun, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 355).

Á 37. fundi í Ed., fimtudaginn 19. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Sigurður Stefánsson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að þriggja manna nefnd verði kosin til þess að athuga málið að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umr. með öllum atkvæðum.

Samþ. að kjósa þriggja manna nefnd, með 11. samhlj. atkv. og voru í hana kjörnir þeir:

Jósef Björnsson,
Magnús Pjetursson,
Sigurður Stefánsson.

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn, 25. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 355, n. 492).

Framsögum. (Sigurður Stefánsson): Nefndin hefir ekki gjört miklar breytingar við frv., og telur stefnu þess algjörlega rjetta. Þó að við raunar getum ekki borið fult traust til löghlýðni manna við þessi lög fremur en önnur, þá hygg jeg að sómatilfinning og vaxandi mannúð venji menn á, að fara betur með skepnur en verið hefir.

Tvö atriði voru það, sem nefndinni fanst þörf á að breyta. Var það fyrst og fremst a- og b-liður á þgskj. 492, því nefndinni þykja þessar breytingar ekki heppilega orðaðar, og þess vegna tek jeg brtt. hjer með aftur, en mun koma fram með þær síðar.

3. gr. breytingartillögunnar, sem miðar að því að skýra ákvæði frumvarpsins, þar

sem átt er við meðferð hesta í brúkun, á að eins við það, að stjórnarráðið setji reglur um hesta í brúkun.

Fleira var ekki, sem jeg þurfti að taka fram. Frumvarpið álít jeg gott og gagnlegt, og kemur sjálfsagt að því betri notum, sem þjóðinni eykst siðferðislegur þroski og menning.

ATKVGR.:
1. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 492,1 a—b teknar aftur.
2. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 492,2 samþ. í e. hlj.
3. gr. svo breytt. samþ. í e. hlj.
4. og 5. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 543, 546).

Framsögum. (Sigurður Stefánsson): Eins og jeg tók fram við 2. umr., hefir nefndin nú komið fram með brtt. við 2. gr. Jeg gat þess þá, að nefndin tæki aftur brtt. sína við. 2. gr., vegna þess að henni þætti hún ekki vel orðuð, og hefir hún nú komið með nýja tillögu í hennar stað. Hefi jeg svo ekki meira um þetta mál að segja.

ATKVGR.:
Brtt. 546. samþ. með öllum atkv.
Frv. svo breytt samþ. með öllum atkv. og endursent Nd.
(A. 612.).

---

12. Hrossaútflutningur.

Á 35. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á lögum um útflutning hrossa 22. nóv. 1907,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. (A. 356).

Á 36. fundi í Ed., fimtudaginn 19. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Jósef Björnsson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að málinu verði vísað til sömu nefndar og kosin var í næsta mál á undan, þ. e. dýraverndunarnefndar, að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.:
Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.
Þriggja manna nefnd samþ. með 12 samhlj. atkv., og í hana kjörnir með hlutfallskosningu:
Jósef Björnsson,
Magnús Pjetursson,
Sigurður Stefánsson.

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. ágúst var frumv. tekið til 2. umr. (A. 356, n. 453).

Framsm. (Sig. Stefánsson): Nefndin, sem skipuð var í mál þetta í Nd., hefir ekki gjört miklar breytingar við frumv. og álítur að breytingar á lögunum um útflutning hrossa sjeu nauðsynlegar.

Hross hafa ekki verið mikið flutt út að vetrarlagi, fyrr en síðastliðinn vetur, og eftirspurn sú, sem þá var eftir hrossum, var sök í því, en frá mannúðarinnar sjónarmiði er það vart verjandi að flytja hross út um hávetur, þegar litið er til útbúnaðar þess á skipunum, sem þau verða að búa við.

Frumv. þetta var borið fram í Nd. og þar lagði nefndin til, að útflutningur væri bannaður á hrossum frá 1. nóv. til 1. apr., en það var felt. Nefndin játar fullkomlega, að þegar litið er til hrossaútflutnings á haustin, þá er heppilegra að binda bannið við 1. okt. Því þá eru við-

ur oft farin að spillast allmikið, en samt þorði hún ekki að lengja banntímann að haustinu. Sama er að segja um vorið og útflutning á þeim tíma árs. Þar lagði nefndin til, að tíminn væri lengdur frá 1. apríl til 1. maí, og hefði helst átt að vera til 1. júní, en svo langt þorði nefndin ekki að fara, en þótti þó of skamt farið. Það er öllum kunnugt, að aprílmánuður er versti mánuðurinn fyrir hrossin, þá falla þau helst, ef þau annars falla, og þótt bannað sje að flytja út mögur hross, þá er því banni tæpast hlýtt. Aprílmánuður er alt af versti mánuðurinn, og það er hann, sem gengur næst hrossunum. Nefndin leggur því til, að tíminn sje ákveðinn frá 1. nóv. til 1. maí. Það er álitamál, hvernig útflytjendum geðjast að þessu, en hjer er það mannúðin, sem á að ráða, en ekki smávægis hagsmunir einstakra manna. Ræð jeg því háttv. deild til að samþykkja frumv.

Hákon Kristófersson: Jeg verð að viðurkenna það, að nefndin hefir komið vel fram í þessu máli, en þó get jeg ekki verið henni sammála. Jeg sje ekki að betra sje, nema jafn vel verra, að leyfa útflutning á hrossum 1. maí, en ekki 1. apríl. Í aprílmánuði er jafnan flutt út lítið af hrossum, svo að meðferð þeirra á skipunum er betri, þar eð færri eru. April er sá mánuðurinn, sem hrossin fara verst, og þess vegna er ástæða til að ætla, að þau sjeu betur útlítandi í byrjun mánaðarins, heldur en í lok hans.

Jeg verð að segja, að það er hrygðarefni að verða segja frá því hjer opinberlega í háttv, deild, að hross sjeu að drepast úr hor í aprílmánuði, og hlýtur þar að vera um að kenna frámunalegu eftirlitsleysi af hálfu þeirra, sem hlut eiga að máli, og finst mjer því bein ástæða til að lengja bannið til 1. júní. Mun jeg koma með brtt. þess efnis til 3. umr. Í sambandi við þetta vil jeg geta þess, að jeg var í vor staddur á stað, þar sem hrossum var skipað út til útflutnings, og mjer blöskraði að sjá hve mögur hrossin voru, og er okkur til hreinustu vanvirðu að láta þau fara þannig frá okkur. Vildi jeg því að háttv. deild sæi sjer fært, að breyta tímanum til 1. júní.

Þetta mál er svo vaxið, að við megum ekki láta það hamla okkur, þó háttv. Nd. láti í ljósi gagnstæða skoðun; í því megum við ekki láta álit hennar ráða svo miklu, að við hopum frá rjettu marki.

Framsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg tók það fram áðan, að nefndin sem kosin var í Nd. hefði helst kosið að útflutningsbannið hefði staðið fram í júnímánuð, en hjer verður að gæta þess, að ganga ekki svo langt, að það geti orðið mönnum að miklu efnalegu tjóni. Þangað til í fyrra hefir ekki verið venja, að flytja út hross, nema að sumarlagi. Jeg hefi ekkert á móti því, að tíminn sje lengdur eins og háttv. þm. Barð. (H. K.) fór fram á, en þó það verði ekki samþykt, þá er þó frv., eins og það er, mikil bót frá því sem nú er.

Þó sorglegt sje að segja frá því, þá verður þess ekki dulist, að hross falla hjer á landi, þó háttv. þm. þekki það ekki af Vestfjörðum. Álít jeg að betra sje þó, að lengja tímann til 1. maí.

Það, sem nefndin hafði fyrir augum, er hún tiltók þenan tíma, var hve misjafnt tíðarfar er hjer oft á vorin, og ástand hrossanna fer, sem kunnugt er, mikið eftir því. Reynslan hefir sýnt, að í vondum vetrum falla hross unnvörpum; en eins og gefur að skilja, eru þau færari um að þola hrakninga á haustin en vorin.

Hvað því við víkur, að frámunalegu eftirlitsleysi sje um að kenna, að hross falli, þá er líkt um þau og annan búpening, að öllu eftirliti með honum er mjög ábótavant. En þess ber að gæta, að þess örðugra er þetta með hrossin en aðrar skepnur, að í sumum hjeruðum landsins er

hrossaeign svo mikil, að bændur eiga þar fleiri hross, heldur en vestfirskir bændur eiga sauðfje, og sumir bændur eiga þar jafnvel ekki hús yfir öll hross sín.

Mjer láðist að geta þess áðan, að 1. brtt. á þgskj. 493 hefir gengið í gegn í Nd. með rangri tilvitnun, sem sje 2. málsl. 2. gr., en á að vera 2. málsl. 1. gr. Nefndin hefir tekið eftir þessu og leiðrjett það.

Jósef Björnsson: Að eins fáein orð, út af ágreiningi þeim, sem hjer hefir orðið.

Eins og háttv. framsm. tók fram, var það aðallega umhugsunin um veðuráttuna, sem rjeð því, að nefndin hallaðist að 1. maí. Eru vitanlega meiri líkur til þess, að veður sjeu farin að batna, þegar svo áliðið er orðið. En úr því jeg stóð upp, vil jeg taka það fram, að jeg lít ofurlítið öðruvísi á útflutning hrossa á þessum tíma heldur en hinir háttv. þm., sem talað hafa. Jeg er á sama máli um það, að hrossin leggi mest af á vorin, og að þau sjeu oft í betra standi 1. apríl, heldur en síðar að vorinu. Að þessu leyti er því öllu betra að flytja þau út í apríl en í maí, þegar hart vorar. Þau hross, sem 1. apríl líta illa út, versna venjulega, og þá skal jeg játa, að nokkurt álitamál getur verið, hvort meira eigi að meta, líkindi til betra veðurs eða að fyrstu hrossin, sem út eru send, sjeu í betra standi.

Þá vil jeg láta það í ljós, að þótt meðferð hrossa sje auðvitað að mörgu leyti ábótavant, þá er þó ekki ástæða til, að tala á þá leið, að algengt sje, að þau deyi úr harðrjetti, þó það ef til vill komi fyrir. En komi það fyrir í harðindaárum, þá eru það ekki hrossin ein, heldur og fleiri skepnur. Mannúðin og sómatilfinning manna er á miklu hærra stigi nú en áður, og meðferð því betri á öllum skepnum.

ATKVGR.:

Brtt. 493,1 samþ. án atkvgr.

— 493,2 — með 9 shlj. atkv.

Frumv. svo breytt samþ. með 11 shlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með öllum atkv.

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 27. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr. (A. 544, 566).

Hákon Kristófersson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með breytingartillögu á þgskj. 566, og miðar hún í sömu átt og jeg mælti fram með, þegar málið var hjer síðast til umræðu, sem sje að tímabilið, sem bannað er að flytja út hesta á, sje lengt til 1. júní. Jeg verð að halda fast við það, sem jeg sagði þá, að ekki sje hyggilegra að leyfa að flytja út hesta 1. maí, heldur en 1. apríl, bæði af því, að þá eru veður lítið farin að batna, og ef maður lítur til velliðanar hrossanna á útleiðinni, en einkum vegna hins, að hross eru oft í svo slæmu ástandi, í byrjun maí, að það er ekki forsvaranlegt, að flytja þau út, því að útlit þeirra er lakara þá, en í byrjun aprílmánaðar. Þetta er svo ljóst, að það er óþarfi að eyða orðum að því. Jeg vona, að háttv. deild samþykki frumv. með þessari breytingu. Jeg hefði gjarna óskað, að tíminn hefði verið lengdur fram í miðjan júní, en sje mjer ekki fært, að fara fram á það, því að jeg bjóst við, að það mundi mæta mótspyrnu hjer í deildinni. En jeg vona, að háttv. deild sje mjer sammála um það, að auk þess, sem hrossin þola miklu lakar hina, að mínu áliti, slæmu meðferð, er þau verða fyrir á leiðinni millum landa, þegar þau eru mögur, þá sje það hin mesta vanvirða fyrir okkur, að senda þau í önnur lönd, ef þau eru illa útlítandi. Því verð jeg

einnig að halda fram, að þó vert sje að taka sem mest tillit til þess, er ganga muni fram í háttv. neðri deild, megum við hjer í háttv. Ed. ekki þar fyrir hopa frá því, er við álítum að stefni að rjettu marki.

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Jeg tók það fram, að við 2. umr. þessa máls, að sumir í nefndinni hefðu kosið að bannað væri að flytja út hross til 1. júní. En nefndinni var hins vegar kunnugt, að breytingartillaga í þá átt hefði komið fram í neðri deild og verið feld þar, og jeg get ekki fallist á, að það sje ekki rjett, að taka tillit til þeirrar deildar, þegar um mál er að ræða, sem menn óska að fái framgang. Jeg tók það fram, að jeg fyrir mitt leyti felli mig betur við, að bannið næði til 1. júní, en við verðum að aðgæta, hvort það gæti ekki orðið málinu að falli, á þessu þingi. Það er ómögulegt að segja um, hve nær best er að flytja hrossin út. Stundum er það best í apríl, stundum seinna, eftir því hvernig vorar. Það er því ómögulegt, að sigla fyrir það, að hross verði flutt út, þótt mögur sjeu, nema því að eins, að bannið sje látið standa t. d. fram í miðjan júní, en það gæti komið mjög í bága við hagsmuni hrossaeigenda. Vorbati getur maður hugsað að altaf byrji í júní, en stundum ekki fyrr. Hjer er litið á það, hvað líklegt er um líðan hrossa á útleiðinni og það er sennilegt, að hún sje því betri sem lengra líður fram á. Að lokum vil jeg geta þess, að nefndin hefir óbundnar hendur í þessu máli.

Hákon Kristófersson: Jeg vildi mega leiðrjetta mishermi hv. þm. Ísfirðinga (S.St.) á orðum mínum. Jeg sagði ekki, að við ættum ekkert tillit að taka til hv. neðri deildar, heldur hitt, að við ættum ekki fyrir það, að hopa frá rjettu marki.

Kristinn Daníelsson: Jeg held, að það sje erfitt að ganga svo frá þessum lögum, að hægt sje að tryggja hrossunum gott veður á útleiðinni. Til þess yrði að takmarka svo útflutningstímann, að það mundi þykja gengið helsti nærri atvinnufrelsi manna. Jeg held að það hefði þurft að athuga 2. gr. laganna ekki síður en 1. gr., þar sem ræðir um skipakostinn; og mest er undir því komið, að góður útbúnaður sje í skipunum, svo að vel fari um hrossin í þeim á leiðinni út. Jeg held, að það sje of langt gengið, að banna að flytja hrossin út til 1. júní, og vil leyfa mjer að benda háttv. deild á, að tillaga í þá átt var feld í neðri deild. Undir hinu er mest komið, að skipakostur sje góður, og að eftirlit sje gott með því að ákvæðum 2. gr. laganna sje fylgt. Þar sem þetta er þriðja umræða málsins, og því of seint að koma með breytingartillögu úr þessu, vil jeg leyfa mjer að stinga upp á því, að málið sje nú tekið út af dagskrá, í því skyni að breyta 2. gr. laganna.

Sigurður Stefánsson: Það er rjett, sem háttv. þingm. G.-K. (K. D.) og tók fram, að nefndin gat ekki lagt út í að tryggja hrossunum gott veður á leiðinni út. Það er annað, sem þar ræður. En nefndin leit svo á, að meiri líkur væri á, að veðrið yrði betra, því lengra sem liði fram á vorið. Sami háttv. þm. sagði, að meiri þörf væri að athuga 2. grein en 1. grein. En þetta er algjör misskilningur hjá honum, því að brtt. nefndarinnar er einmitt við 2. grein. En jeg skal játa, að það geta verið fleiri atriði í 2. gr., sem þyrfti að laga, enda þótt mikið hafi verið gjört til þesss, að skepnunum geti liðið vel á útleiðinni, ef fyrirskipunum þeirrar greinar er hlýtt. Þar er sagt, að öll skip, er er flytja hross frá Íslandi til útlanda, skuli vera hagkvæmlega útbúin í því skyni. Hross má eigi flytja á þilfari frá Íslandi til annara landa á öðrum tíma árs en frá

miðjum júní til ágústmánaðarloka. Hrossin skal hafa í stíum, hæfilega stórum og traustgjörðum, og sje þeim ætlað nægilegt rúm. Á stíugólf og gangrúm skal strá hálmi eða sandi eða gjöra ósleipt á annan hátt. Sjá skal fyrir góðri loftræstingu og birtu, eftir því, sem ástæður frekast leyfa. Sje nú mikið af þessu vanrækt, þá er það ekki lögunum að kenna. Það mundi eins vera vanrækt, þó farið væri að gjöra fleiri breytingar í þessa átt. Sömuleiðis er ákveðið í 2. gr., að á hverju skipi, sem flytur hross til útlanda, skuli skipstjóri hafa nægilegan mannafla, til að gæta hrossa á leiðinni og að hentugur útbúnaður skuli vera við fóðrun hrossanna og við vötnun, að hrossunum skuli ætlað nægilegt fóður og vatn á leiðinni, og má fóðrið ekki vera minna en 10 pund af heyi, fyrir hvern hest á dag, eða sem því svarar af öðru fóðri. Þetta er alt til þess að tryggja, að hrossunum líði vel á sjónum, en þingið getur ekki ráðið við, hvort þessu er fram fylgt eða ekki. Háttv. þingm. Barð. (H. K.) sagði, að jeg hefði rangfært orð sín, en mjer virtist ekki mikill munur á því, sem hann sagðist hafa sagt og því, sem jeg sagði að hann hefði sagt.

ATKVGR.:

Brtt. 566 samþ, með 12 : 1 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Þorláksson,	Eiríkur Briem.
Steingr. Jónsson,	
Guðm. Björnson,	
Guðm. Ólafsson,	
HákonKristófersson,	
Jón Þorkelsson,	
Karl Einarsson,	
Karl Finnbogason,	
Magnús Pjetursson,	
Sig. Stefánsson.	

Þeir Jósef Björnsson og Kristinn Daníelsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans.

Frumv. svo breytt samþ. með 12 samhljóða atkvæðum og endursent neðri deild. (A. 613).

13. Vigtarmenn.

Á 22. fundi í Ed., þriðjudaginn 3. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um löggilta vigtarmenn,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 185).

Á 24. fundi í Ed., fimtudaginn 5. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Karl Einarsson: Jeg vil að eins leyfa mjer að stinga upp á því, að þriggja manna nefnd verði skipuð til að íhuga þetta mál að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþ. í e. hlj. að skipa þriggja manna nefnd í málið, og í hana kjörnir með hlutfallskosningu þeir:

Hákon Kristófersson,
Karl Einarsson,
Steingrímur Jónsson.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 23. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 185, n. 473).

Hákon Kristófersson: Þar sem svo hefir atvikast, að framsögumaður þessa máls, hv. 2. kgk. (Stgr. J.), er ekki viðstaddur, þá tel eg mjer skylt að fara nokkrum vel völdum orðum um frv. í hans stað.

Eins og sjá má af nefndarálitinu, leggur nefndin það til, að frumvarpið nái fram að ganga hjer í deildinni, því hún hyggur það muni vera til bóta. Hún hefir að eins komið fram með eina brtt. á þgskj. 473; þar hefir slæðst inn í ein prentvilla:

2. gr. í stað 7. gr., og bið jeg hv. deildarmenn að athuga það.

Nefndin lítur svo á, að þó að allmargir telji frv. ef til vill óþarfa, þá muni það ekki verða óvinsælt, sjerstaklega þegar þess er gætt, að kaupmönnum er ekki skylt að nota hina lögskipuðu vigtarmenn frekar en þeim sýnist. Að öðru leyti þarf eg ekkert að taka fram um frumvarpið, en vona, að deildin taki því vel.

Eiríkur Briem: Jeg er sammála nefndinni í því, að óheppilegt er, eins og stendur í 3. gr., að þóknun skuli greidd eftir samkomulagi. Eg vil leyfa mjer að skjóta því til nefndarinnar, hvort hún geti ekki fallist á, að í stað orðanna „eftir samkomulagi" komi: eftir ákvörðun lögreglustjóra. Jeg hygg, að það muni vera heppilegra, því oft getur staðið svo á, að 75 aura gjald sje alt of lítið. Ætti þess vegna ekki að útiloka það, að það megi vera hærra, en ef til vill væri rjettast að geta þess, að það megi ekki vera lægra en 75 aurar.

Hákon Kristófersson: Nefndin leit svo á, sem ekkert væri sjerstaklega athugavert við þetta, annað en ákvæðið „eftir samkomulagi", enda vildi hún nema það burtu. Orsökin var sjerstaklega sú, að hún hugði að menn gætu orðið óþarflega háðir, ef þetta ákvæði væri notað. En hvað viðvíkur því, sem hv. 1. kgk. þm. (E.B.) sagði, að gjaldið væri of lágt, þá leit nefndin svo á, sem það væri fullsómasamleg borgun. Jeg skal t. d. geta þess, að sams konar ákvæði eru um fiskimatsmenn, og munu þeir oftast hafa 65 au. um tímann. Annars þakka jeg hv. 1. kgk. þm. fyrir þessa bendingu, en þar sem meðnefndarmenn minir eru ekki viðstaddir, þá vil eg ógjarnan taka brtt. aftur, en vona að deildin samþykki frumvarpið til 3. umr.

Eiríkur Briem: Þar sem hv. nefndarmaðurinn vill ekki taka brtt. aftur, þá sje jeg ekkert á móti því, að hún verði samþ. við þessa umræðu, en svo má þá koma með nýja brtt. við 3. umr. og lagfæra þetta þá.

ATKVGR.:
1. gr. samþ. í e. hlj.
2. gr. — með 8 samhlj. atkv.
Brtt. 473 samþ. með 8. samhlj. atkv.
3. gr. svo breytt samþ. með 7 samhlj. atkv.
4. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 503, 516).

Eiríkur Briem: Svo sem jeg mintist á við 2. umr., var jeg óánægður með það ákvæði í frv., eins og það kom frá Nd., að gjaldið til vigtarmannanna skuli fastakveðið 75 aurar, og ekki mega fara fram úr því. En það getur vel staðið svo á, að þess sje þörf á einstöku stöðum, og er þá eðlilegast að lögreglustjóri ákveði kaupið.

Guðmundur Björnson: Jeg vil ekki hafa á móti því, að þetta frv. sje gott og vel hugsað, en jeg vil víkja að öðru mikilsverðu atriði, er snertir frv. Jeg hefi rekið mig á það, þótt undarlegt megi virðast, að í búðum hjer í Reykjavík er mjög áfátt um vogir og lóð. Þessa hefi jeg orðið var, vegna þess, að jeg hefi oft látið sjúklinga mína vega sig á viku fresti, og hefir það þá borið við, að vogin hefir sagt að þeir hafi ljettst um 5 ℔, þótt þeir hafi sýnilega fitnað. Jeg hefi þá sent þá í fleiri búðir, og hefir vogunum aldrei borið saman, — mismunurinn stundum alt að

8 ℔. Jeg er því sannfærður um, að það sje nauðsynlegt að hafa meira eftirlit með þessu en verið hefir, og vil jeg því spyrja, hvort það sje meining manna, að vigtarmenn eigi að bera ábyrgð á því, að vogin sje rjett. Það er nauðsynlegt að fá einhverja tryggingu fyrir rjettri vog, því að eitt er það, að vogin sje rjett, og annað hitt, að rjett sje vegið á hana. Jeg vona að jeg fái svar við þessari spurningu.

Steingrímur Jónsson: Viðvíkjandi brtt. á þgskj. 516 vil jeg taka það fram, að jeg er henni samþykkur, og hygg jeg að hv. meðnefndarmenn mínir sjeu það líka. Við litum svo á, að 75 aurar væru undir flestum kringumstæðum fullhátt og sæmilegt kaup. En jeg neita því ekki, að það geti komið fyrir, að það sje of lágt. Jeg hygg að 75 aurar verði venjulegasta kaupið, en fari að eins fram úr því, er lögreglustjóri telur þess brýna þörf.

Nefndin hefir aldrei rætt það, sem hv. 5. kgk. þm. (G. B.) mintist á, enda kemur það þessu máli ekki beinlínis við. En nefndin gekk að því sem vísu, að vigtarmenn bæru ekki ábyrgð á því, að vogirnar væru rjettar. En það mun vera rjett vera, að of lítið eftirlit sje haft með því. Og hafi jeg verið beðinn að gæta þess, sem sjaldan hefir verið, þá hefi jeg verið í vandræðum, því að jeg þekki ekki önnur lóð, sem hægt sje að fara eftir, en frá Veje- & Maalekompagniet í Khöfn.

Jón Þorkelsson: Jeg stend ekki upp til að andmæla þessu frv., heldur út af orðum hv. 5. kgk. þm. (G. B.). Það er illa farið og skömm til frásagnar, að vog og mælir hjer á landi heyrir undir sveitarstjórn Khafnar. Í Danmörku hefir þetta verið lagt undir innanríkisráðuneytið, en við sitjum enn undir þessari dönsku hreppsnefnd. Jeg kom fram með þingsályktunartillögu 1911, um að stjórnin gerði gangskör að því, að koma reglu á þetta mál og koma hjer upp *justering*. En jeg hygg að stjórnin hafi ekkert gjört í því efni. Það ætti því að vera áminning til þingsins um að herða á stjórninni, að hún hefjist sem fyrst handa í þessu máli. Það sjá allir, hve öfugt það er, að eiga slíkt undir stofnum, sem mist hefir valdið í sínu egin landi.

Eiríkur Briem: Út af orðum hv. 5. kgk. þm. (G. B.), vil jeg taka það fram, að jeg veit ekki hvaða lög gilda nú, en verslunarlögin frá 1854 kveða svo á, að reyna skuli lóðin með því að skifta um þau á skálunum, og kemur þá alt heim, ef rjett er. En nú eru alment notaðar decimalvogir, og er mikið vandhæfi á að fullvissa sig um, að þær sjeu rjettar, því að við þær gagnar ekki gamla aðferðin. En vigtarmenn ættu að fullvissa sig um, að þær væru rjettar.

Guðmundur Björnson: Jeg hygg, að þess sje full þörf, að þetta mál verði athugað nánar. Það er satt, sem hv. 6. kgk. þm. (J. Þ.) sagði, að það er ómynd, að vjer skulum ekki sjálfir annast löggilding vogar og mælis; og það er rjett, sem hv. 1. kgk. þm. (E. B.) sagði, að það er ekki vandalaust verk að rannsaka lóð. Öll lóð geta slitnað af notkun, og skekkjur á tugavogum geta orðið mjög miklar. Það er ekki nóg, að lóðið segi rjett til, Vogin verður líka að vera svo viðkvæm, að hún þurfi ekki mikinn ábæti til þess að hreyfast. Það mun ekki ósjaldan koma fyrir, að þegar salt er vegið á tugavog, þá sje vogin svo stirð, að hún finni ekki 10 ℔ mismun. Jeg vil skjóta því til nefndarinnar, hvort hún vilji ekki verða við þeirri málaleitun minni, að bera fram nú á þessu þingi tillögu til þingsályktunar um þetta tvent, 1. löggilding vogar og mælis hjer á landi, og 2. reglur um skoðun á lóðum og vogum.

Steingrímur Jónsson: Vegna orða hv. 5. kgk. þm. (G. B.) mun jeg ræða mál þetta við meðnefndarmenn mína og heyra undirtektir þeirra.

ATKVGR.:
Brtt. 516 samþ. með 12 samhlj atkv.
Frv. svo breytt samþ. með öllum atkv og endursent Nd.
(A. 542).

14. Útflutningsgjald.

Á 38. fundi í Ed., föstudaginn 20. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 11, 31. júlí 1907, um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald. (A. 445).
Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 23. ágúst, var frumv. tekið til 1. umr.

Jósef Björnsson: Þetta frumvarp, sem hjer liggur fyrir, er þess eðlis, að eðlilegast er að vísa því til sjávarútvegsnefndar, og leyfi jeg mjer því að stinga upp á, að því verði vísað til þeirrar nefndar að lokinni þessari umr.

ATKVGR.:
Frumv. vísað til 2. umr. með öllum atkv.
Vísað til sjávarútvegsnefndar með öllum atkv., en þá nefnd sátu þeir:
Hákon Kristófersson,
Kristinn Daníelsson,
Sigurður Stefánsson.

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 30. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 445, n. 545).

Framsögumaður (Kristinn Daníelsson): Jeg vona að *háttv. deildarmenn* hafi kynt sjer nefndarálitið á þgskj. 545. Þar er gjörð nákvæm grein fyrir frumv., svo það er óþarfi að taka þær ástæður upp aftur, en með skýrskotun til þess, er þar segir, leyfi jeg mjer fyrir nefndarinnar hönd að óska þess, að háttv. deild samþykki frumv. óbreytt.

ATKVGR.:
1. gr. samþ. með 10 : 1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.
Frumv. vísað til 3. umr. með 10 : 1 atkv.

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn 1. september, var frumv. tekið til 3. umr. (A. 445).

Framsögumaður (Kristinn Daníelsson): Jeg stend ekki upp af því, að mjer þyki þurfa að tala með frumvarpinu, því að jeg vona að háttv. deild samþykki það eins og það nú liggur fyrir, nefnilega það, að helmingurinn af útflutningsgjaldi fyrir síld gangi til landhelgisvarna fyrir norðan.
Jeg vildi aðallega vekja athygli á því, sem stendur í niðurlagi nefndarálitsins, að nefndin vill henda háttv. fjárlaganefnd á það, að þetta getur leitt til þess, að nauðsynlegt yrði að hækka fjárveitinguna til landhelgisvarna. Um leið og jeg mæli með því, að frumvarpið verði samþykt, vil jeg skjóta því til hv. formanns fjárlaganefndar, hvort hún vilji hafa þetta mál til athugunar.

Karl Einarsson: Jeg vil að eins geta þess, að fjárlaganefnd hefir ekki tekið þetta mál til yfirvegunar. Ef háttv. deild óskar þess, þá verður að taka málið út af dagskrá.

ATKVGR.:
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgreitt
sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 693).

15. Lögtak og fjárnám.

Á 43. fundi í Ed., fimtudaginn 26. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um viðauka við 1. gr. laga nr. 29, 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar,
eins og það var samþykt við 3. umr í Nd. (A. 533).
Á 45. fundi í Ed., laugardaginn 28. ágúst, var frumv. tekið til 1. umr.

Jósef Björnsson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á því, að máli þessu sje, að umræðum loknum, vísað til kirkjugarðsnefndar.

ATKVGR.:
Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.
Samþ. að vísa málinu til kirkjugarðsnefndar með 10 samhlj. atkv., en þá nefnd skipuðu þeir:
Björn Þorláksson,
Hákon Kristófersson,
Guðmundur Björnson,

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn 1. september, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 533, n. 639).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frumv. samþ. með öllum atkv.
Frumv. vísað til 3. umr. með öllum atkv.

Á 50. fundi í Ed., föstudaginn 3. sept., var frumv. tekið til 3. umr. (A. 533).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt
sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 736).

16. Líkbrensla.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 23. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um líkbrenslu,
eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. (A. 483).
Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 27. ág., var frv. tekið til 2. umr.

Jósef Björnsson: Þetta mál er nýmæli, og því vafalaust rjett, að það sje athugað af nefnd, áður en það er afgreitt sem lög. Jeg vil því leyfa mjer að leggja það til, að þessari umræðu verði frestað, og að málinu verði vísað til kirkjugarðsnefndarinnar.

ATKVGR.:
Samþykt var með öllum atkv. að vísa málinu til kirkjugarðsnefndarinnar, er í sátu þeir:
Björn Þorláksson,
Hákon Kristófersson,
Guðm. Björnson.
Umræðunni frestað.

Á 48. fundi í Ed., mánudaginn 1. sept., var frv. tekið til frh. 2. umr. (A. 483, n. 624).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
1. gr. frv. samþ. með öllum atkv.
2.—5. gr. frv. samþ. með öllum atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í einu hlj.

Á 50. fundi í Ed., föstudaginn 3. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 483).

Enginn tók til máls.

ATKVGR:
Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt *sem lög frá Alþingi.*
(Sjá A. 737).

---

17. Sjúkrasamlög.

Á 41. fundi í Ed., þriðjudaginn 24. ág., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. (A. 500).

Á 43. fundi í Ed., fimtudaginn 26. ág., var frv. tekið til 1. umr.

Jósef Björnsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að kosin verði þriggja manna nefnd til að íhuga mál þetta að þessari fyrstu umræðu lokinni.

ATKVGR.:
Frv. vísað til 2. umræðu í e. hlj.
Þriggja manna nefnd samþykt í e. hlj.
Í nefndina kosnir að viðhafðri hlutfallskosningu:
Karl Finnbogason,
Guðm. Björnson,
Guðm. Ólafsson.

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn 1. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 500, n. 573).

Framsm. (Guðm. Björnson): Jeg hefi litlu við það að bæta, sem í nefndarálitinu stendur. Jeg vona, að hv. Ed. verði samdóma nefndinni um, að nauðsyn beri til að hækka styrkinn til sjúkrasamlaga, og er aðalástæðan til þess sú, að nú á að hækka meðlagið með sjúklingum á Vífisstaðahælinu um 50 aura á dag. En af þeim sjúklingum hafa samlögin mesta byrði, og mun því þessi hækkun verða þeim mjög tilfinnanleg. Jeg vil líka leggja áherslu á það, sem stendur í nefndarálitinu, að þótt till. nefndarinnar verði samþykt, þá verður landssjóðstillagið samt miklu lægra en tíðkast í öðrum löndum.

ATKVGR.:
Brtt. 573 samþ. með 11 samhlj. atkv.
1. gr. svo breytt samþ. með 12 shlj. atkv.
2. — samþ. með öllum atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í einu hlj.

Á 50. fundi í Ed., föstudaginn 3. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 694).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frv. samþ. í e. hlj. og endursent til Nd.
(A. 731).

---

18. Síldarskoðun.

Á 34. fundi í Ed., mánudaginn 16. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við

lög nr. 26, 11. júlí 1911, um skoðun á síld. (A. 329 [frá sjávarútvegsnefnd Ed.]).

Á 36. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Með því að frumvarpið var of seint fram komið, leitaði forseti leyfis að mega taka það til meðferðar, og var það veitt í einu hljóði.

Sigurður Stefánsson: Af því að mál þetta er svo seint fram komið, að leita þarf samþykkis deildarinnar um það, vil jeg leyfa mjer að skýra nokkuð frá, hvað því hefir valdið. Jeg hefi rjett nýlega fengið beiðni manna úr kjördæmi mínu, um að skora á Alþingi að semja viðauka við síldarmatslögin, þess efnis, að yfirmatsmaður verði skipaður á Ísafirði fyrir næstu hjeruð.

Jeg skal ekki fara mikið út í einstök atriði, en jeg vil þó skýra frá því, að í sumar veiðist fyrir vestan töluvert af síld í herpinætur, og er aflinn þegar orðinn 4000 tunnur og útlit fyrir að hann verði miklu meiri. Útgjörðarmenn kvarta undan því, að mat fáist ekki á síldinni, en það getur haft mjög slæm áhrif, ef hún er ekki metin.

Jeg flyt þetta mál eftir óskum 13 manna að vestan. Áskorunin er sprottin af brýnni nauðsyn til að fá yfirsíldarmatsmann, sem búsettur sje á Ísafirði. Ef það fæst ekki, er alls ekki full örugt, að viðunanlegt verð fáist fyrir síldina, og ef hún ekki verður góð verslunarvara, þá kemur það útgjörðarmönnunum í koll.

Síldarmatslögin frá 11. júlí 1911 ná að *eins yfir svæðið* frá Langanesi að Hornbjargi. Á því svæði eiga að vera tveir yfirsíldarmatsmenn, og á lögunum verður ekki sjeð, að þeir geti skipað undirmatsmenn á öðru svæði. Það er því mjög áríðandi fyrir síldarútvegsmenn fyrir vestan, að fá yfirsíldarmatsmann. Laun hans þyrftu ekki að vera jafn há og hinna, sem mega álítast of há, þegar litið er á, hve starfstími þeirra er stuttur, að öllum jafnaði.

Að svo mæltu vona jeg að háttv. deild líti á þá nauðsyn, er hjer er um að ræða, og verði meðmælt frumvarpi þessu.

ATKVGR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umr. með 11 samhlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., föstudaginn 20. ágúst, var frumvarpið tekið til 2. umr. (A. 329, 441).

Björn Þorláksson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram breytingartillögu á þingskjali 441, og fer hún fram á að bæta skuli við tveimur yfirmatsmönnum í staðinn fyrir einn, eins og frumvarpið gjörir ráð fyrir, og skuli annar þeirra hafa aðsetur á Seyðisfirði. Eins og mönnum mun kunnugt, var um eitt skeið mikil síldveiði á Austfjörðum, þótt hennar hafi litið gætt nú hin síðari árin. En í fyrra, og sjerstaklega þó í sumar hefir talsvert aflast í kastnætur, þrátt fyrir það, að tilfæringar allar hafa verið mjög ljelegar. En nú kvarta menn þar eystra yfir því, að ekki sje mögulegt að selja síldina, vegna þess, að eigi sje hægt að fá hana metna. Lög þau, sem nú eru í gildi, mæla svo fyrir, að yfirmatsmenn skuli og meta þá síld, sem veidd er í herpinætur og enn fremur hafa menn rjett til þess, að fá þá síld metna, sem legið hefir hæfilega lengi í salti. Hjer er um slíka síld að ræða, en til þess að frumvarpið geti komið að fullum notum í ár, þyrfti að koma fram með brtt. við 3 umr., um að lögin skyldu þegar ganga í gildi, því að þá má vænta, að Austfirðingar geti selt síld sína fyrir nýár. Jeg vona að háttv. Ed. taki þessari brtt. vel, því að ef skipa á yfirmatsmann á Vestfjörðum, þá sýnist ekki ástæða til að láta Austfirði sitja á hakanum. Eins og

jeg þegar hefi tekið fram, hefir síldveiðin aukist þar hin síðustu ár, og má vera að fólkinu hafi orðið að þeirri trú sinni, að síldin mundi aukast, ef hætt væri að drepa hvalina. — Um árslaun yfirmatsmannsins skal jeg geta þess, að mjer er ekki fast í hendi með þessar 600 kr., ef til vill mætti ákveða nokkru lægri upphæð, ef mönnum svo sýnist.

Sigurður Stefánsson: Sjávarútvegsnefndin hefir borið sig saman um brtt. á þgskj. 441, og hefir fallist á hana. Það er ekki nema eðlilegt, að Austfirðingar fari því sama á flot í þessu efni sem Vestfirðingar, því að líkt stendur á í báðum þessum landshlutum. Það mun og vera rjett, sem háttv. flutningsmaður brtt. (B. Þ.) tók fram, að lögin ættu að komast sem fyrst í gildi, þótt Vestfirðingar hafi að líkindum engin not af því þetta ár. Vil jeg því fyrir hönd nefndarinnar mæla með því, að brtt. verði samþykt.

ATKVGR.:
Brtt. 441 samþ. með 11 samblj atkv.
Frumvarpið svo breytt samþykt með 12 samhlj. atkv.
Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvæðagreiðslu.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 samhlj. atkvæðum.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 23. ág., var frv. tekið til 3. umr. (A. 467, 485).

Sigurður Stefánsson: Sjávarútvegsnefndin hefir komið með breytingartillögu út af ummælum háttv. 4. kgk. þm. (B. Þ.), að á Austfjörðum gæti verið ástæða til að lögin gengi strax í gildi, miðað við það, að á Austfjörðum er síldin mest veidd í kastnætur, og þolir því lengri geymslu í salti, heldur en herpinótasíld. Vona jeg að háttv. deild samþykki þetta.

ATKVGR.:
Brtt. 485 (ný gr.) samþykt í e. hlj.
Frv. svo breytt samþykt í e. hlj. og afgreitt til Nd.
(A. 506).

Á 50. fundi í Ed., föstudaginn 3. sept. var útbýtt
Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 26, 11. júlí 1911, um skoðun á síld,
eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. (A. 708).

Á 53. fundi í Ed., mánudaginn 6. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 708, n. 773).

Framsögumaður (Kristinn Daníelsson): Jeg þarf ekki mikið um frumvarpið að tala. Það hefir að eins orðið ein lítil breyting á því í háttv. neðri deild. Breytingin er sú, að umdæmi síldarmatsmannsins á Ísafirði á að ná frá Horni til Öndverðarness, í stað Látrabjargs. Meðan frumvarpið var á ferðinni í neðri deild kom fram ósk um þetta að vestan, því gjört er ráð fyrir að síldarútvegur muni aukast að miklum mun, t. d. í Grundarfirði, og þarf síldarmatsmaðurinn þá að ná þangað. Nefndin hefir ekkert við þetta haft að athuga og leggur til að háttv. deild samþykki frumvarpið óbreytt, frá því sem það er nú.

ATKVGR.:
Frv. samþykt í einu hljóði og afgreitt *sem lög frá Alþingi.*
(Sjá A. 798).

19. Áfengir drykkir.

Á 18. fundi í Ed., fimtudaginn 29. júlí., var útbýtt

Frumvarpi til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl. (A. 137).

Á 20. fundi í Ed., laugardaginn 31. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutnm. (Björn Þorláksson): Þetta frv. er breyting á gildandi lögum um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja. Þessi lög eru 15 ára gömul, og eru þau mjög stutt og ófullkomin. Sektirnar eru svo hlægilega lágar, að þær geta ekki fælt nokkurn mann frá því, að brjóta lögin. Frumvarp þetta er í nánu sambandi við bannlögin. Síðan þau gengu í gildi hefir talsvert borið á því, að menn reyndu að brugga áfengi, af því að svo erfitt hefir verið að ná í það á annan hátt, því þrátt fyrir hina löngu ræðu, sem haldin var hjer í deildinni áðan, þar sem því var haldið fram, að alt landið flyti í áfengi, þá er þó víst að sveitirnar yfir höfuð eru nú algjörlega „þurrar".

Frumvarpið fer fram á að sektir fyrir tilbúning áfengra drykkja komist í samræmi við bannlögin. Auk þess er það nýtt í frv., að lagðar eru sektir við því, að gjöra það áfengi, sem er eða hefir verið gjört óhæft til drykkjar, aftur drekkandi. Á slíkum tilraunum hefir líka borið á nú í seinni tíð. Það er sjerstaklega suðuspiritus, politur og þess konar, sem menn hafa reynt að gjöra drekkandi. Þessar tilraunir manna sýna, hve erfitt er nú að ná í áfengið, og ósanna því hina löngu ræðu hv. þm. Ísaf. (S. St.) um að bannlögin væru gagnslaus, en sýna þvert á móti, að *mjög erfitt* er að ná í áfengið. Með þessu frv. er reynt að koma í veg fyrir slíkar tilraunir manna, að gjöra þessa vöru drekkandi — reyndar verður hún naumast nokkurn tíma vel drekkandi og jafnan mjög óholl.

Jeg vona að deildin sje mjer sammála um það, að þetta frumvarp sje ekki ófyrirsynju fram komið, og málinu verði vísað til 2. umr. og fengið í hendur nefnd þeirri, sem kosin var í síðasta máli á dagskránni, að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 7 : 4 atkv. og til bannlaganefndar með 11 samhlj. atkv., en þá nefnd skipuðu þeir:

Björn Þorláksson,
Jósef Björnsson,
Guðm. Björnson,
Karl Einarsson,
Magnús Pjetursson.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 23. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 137, n. 474, 475).

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Jeg skal ekki tala lengi. Nefndarálitið — þó stutt sje — tekur fram mun þann, sem er á frumvarpinu og gildandi lögum, eða lögunum um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja. Munurinn er þrens konar. Frv. bannar ekki að eins að brugga áfenga drykki, heldur bannar það líka að gjöra aftur drekkandi það, sem áður hefir verið gjört óhæft til neytslu. Frumvarpið hækkar að miklum mun sektirnar, og það setur fastákveðið áfengismark, sem nú vantar með öllu. Nefndin var svo heppin, að í henni varð sama sem enginn ágreiningur, og vona jeg því að frv. gangi fram. Þó gæti eg búist við að mönnum kynni að þykja sektirnar of háar, ef einhverjum yrði á, er hann t. d. er brugga vín í heimahúsum úr innlendum efnum (rabarbara o. fl.), að fara yfir áfengismarkið, en jeg hygg að ekki þurfi að óttast það, ef útlend efni eru ekki notuð.

Hjer er sá kostur, að fast ákvæði er fyrir áfengismarkinu, en það var ekki til í gömlu lögunum, svo að ef maður bruggaði vín, sem væri t. d. 7—8 % að styrkleika,

þá er enginn vafi á því, að sá hinn sami yrði sektaður og dæmdur eftir núgildandi lögum, þó áfengismarkið vanti í þau. Það yrði farið eftir áfengismarki í aðflutningsbannlögunum. Ekki er hjer því að ræða um neitt nýtt eða hert ákvæði. Mönnum, sem kunna að brugga vín eða öl, er því engin ný hætta búin af þessu frumvarpi, þó að lögum yrði. Hjer er að eins að ræða um hærri sektir. Í gildandi lögum eru 10 kr. lágmarkið, en það er svo lágt, að það fælir engan. Nefndinni þótti því rjett að ákveða sektirnar sömu og við brotum á aðflutningsbannslögunum.

Þá kemur að því nýja ákvæði, sem sje að gjöra aftur drekkandi vín, sem áður hafa verið gjörð óhæf til drykkjar. Ástæðan er sú, að menn hafa tekið að reyna að gjöra aftur drekkandi suðuspiritus o. fl. tegundir. Þetta álítur nefndin hegningarvert og vill leggja sektir við. Á það skal minnst, að sumum fanst þetta ákvæði óþarft, þar eð það heyrði undir 1. gr. (tilbúning), en nefndin leitaði álits tveggja lögfræðinga utan nefndarinnar um þetta efni, og töldu þeir, að vafasamt væri, hvort hægt væri að heimfæra það undir þá grein.

Þá er sett inn ákvæði um það, að stjórnarráðið megi setja reglur um sölu áfengis, er haft er til verklegra afnota, því til tryggingar, að það verði ekki haft til þess að búa til úr því áfenga drykki eða haft til neytslu.

Skal jeg þá ekki tala meir um þetta, en vík mjer að brtt. 1. brtt. á þgskj. 475 ræðir um að í stað 3., 4. og 5 gr. komi ný grein, sem verður 3. gr., og sektir verði jafnháar og ákveðið er í 1. og 2. gr. 3. og 4. brtt. við 6. gr., sem verður 5. gr., eru að eins lítilvægar breytingar. Vona jeg svo, að hv. deild lofi frumvarpinu að ganga fram.

ATKVGR.:

1. og 2. gr. óbreytt samþ. með 7 : 1 atkv.

Brtt. 475,1 (ný 3. gr.) samþ. með 7 : 1 atkv.

3.—5. gr. þar með fallnar.

Brtt. 475,2 (ný 4. gr.) samþ. með 7 : 1 atkv.

Brtt. 475,4 (6. gr. verði 5. gr.) samþ. með 7 : 1 atkv.

Brtt. 475,3 (við 6. gr.) samþ. án atkvgr.

6. gr. (nú 5. gr.) svo breytt samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 475,5 samþ. án atkvgr.

7. gr. svo breytt (nú 6. gr.) samþ. í e. hlj.

Brtt. 475,6 samþ. án atkvgr.

8. gr. (nú 7. gr.) samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7 : 2 atkv.

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 502, 524).

Karl Finnbogason: Jeg greiddi ekki atkvæði um frumvarp þetta við 2. umr. Það gjörði jeg *vegna þess*, að jeg var óánægður með það, en hafði þá ekki komið með brtt. Nú hefi jeg komið með brtt. og vil mæla með þeim.

Ýmislegt þykir mjer athugavert við frv., en skal þó minnast á fátt eitt, og það eitt, er mjer virðast spjöll á gildandi lögum um þetta efni.

Í fyrsta lagi líst mjer illa á áfengismarkið, $2^1/_4\%$, þótt það sje í fullu samræmi við bannlögin. Jeg sje enga ástæðu til, að hafa markið hið sama á *gjörðu* áfengi og innfluttu. Enda alls engin ráð til að líta eftir því, hvort ákvæðinu yrði fylgt eða ekki. Hvernig á t. d. að ganga úr skugga um það, hvort hvítöl, sem brugguð er heima — eða jafn vel í brauðgjörðarhúsi — er óáfengt samkv. þessum lögum eða ekki?

Ekki sje jeg heldur ráð til að ganga úr skugga um það, hvort vín, sem gjörð eru úr tröllasúru (rababar) eða öðrum innlendum jurtum, eru of áfeng eða hæfilega

Og fyrst ekki er hægt að tryggja það, að öllð eða vínið, sem gjört er með lagaleyfi, fari ekki yfir áfengismarkið, þá myndu þessi ákvæði að eins verka sem hræða fyrir þá, sem langar til að gjöra drykkina, *en vilja* ekki verða brotlegir við lögin. Menn hafa eðlilega engin tæki til að mæla áfengi í þeim drykkjum, er þeir gjöra heima hjá sjer, enda víst mjög örðugt að vita það fyrirfram, hve áfengir þeir verða við geymslu og önnur atvik, er ekki verður við sjeð.

Álít jeg að rjettast hefði verið, að hrófla ekkert við þessu. Það getur ekki valdið öðru en óánægju og illu einu.

Hitt, að banna að gjöra nothæfa aftur sterka innflutta drykki, sem gjörðir hafa verið ódrekkandi, það álít jeg rjett. Slíkir drykkir verða aldrei öðruvísi en óhollir, og alt annað með þá en öl og innlenda drykki. En nauðsyn að reyna að koma í veg fyrir það, að menn drekki alls konar óþverra, sem einungis er til heilsuspillis og vitfirringar.

Í öðru lagi þykja mjer sektarákvæðin óhæfilega ströng. Enda á jeg brtt. við það atriði, sem nú liggur fyrir háttv. deild.

Það nær engri átt, að maður, sem brugg- að hefir eitt kvartil eða anker af hvítöli, eða gjört álíka mikið af tröllasúruvíni, sje sektaður um 200 kr. eða meira, þótt áfengið í drykknum reyndist t. d. $2^1/_2{}^0/_0$, og það komist upp af einhverri tilviljun. 10 króna sekt fyrir slíkt smáræði væri yfrið nóg, og ætti alls engin að vera, nema því að eins, að maðurinn gjöri sjer að *atvinnu* að brugga drykkina svo áfenga, sem unt væri, og bryti þannig lög að yfirlögðu ráði.

Í þriðja lagi tel jeg með öllu óhæfilegt, að gjöra upptæk öll tæki, sem notuð kynni að vera til að gjöra drykk, sem reynast kynni of áfengur, eftir slíkum lögum sem þessum. Brtt. mín um það atriði, fer fram á, að engin slík tæki skuli vera upptæk, nema *því að eins*, að þau sjeu *eingöngu* notuð til ólögmætrar áfengisgjörðar.

Setjum svo, að maður gjörði hvítöl til heimanotkunar. Látum hann gæta þess, svo sem hann hefir vit á, að það fari ekki yfir áfengismarkið. Hann bruggar öl hvað eftir annað, og ekkert er við þetta að athuga. Svo kemur það fyrir í eitt af mörgum skiftum, að öllð verður of sterkt. Þetta kemst upp, og tækin eru gjörð upptæk. Maðurinn verður að hætta við að gjöra öl fyrir heimili *sitt, eða fá* sjer ný áhöld, og er auk þess sektaður.

Til að gjöra tröllasúruvín, þurfa víst að eins vanaleg eldhúsgögn. Ef illa tækist til með það, ætti að gjöra þau upptæk öll — eða hvað?

Nei, þetta nær engri átt. Slíkum ákvæðum mundu ekki einu sinni höfundar þeirra hlíta nje framfylgja.

Báðar brtt. mínar miða að því að milda lögin og þar með bæta þau.

Jeg lít alveg eins á þessi lög og bannlögin. Þess mildari og sanngjarnari, sem þau eru, því betur verða þau haldin og þoluð. Og því að eins verða slík lög að gagni, að menn finni einhverja skynsamlega og sanngjarna ástæðu til að hlýða þeim. Með ofbeldi einu og ströngum refsingum verða menn aldrei gjörðir löghlýðnir, heldur fjandsamlegir öllum lögum.

Og sannarlega er það hvorki skynsamlegt nje rjettlátt, að hamla þeim frá að gjöra sjer hvítöl og aðra saklausa drykki, sem vilja gjöra það. Og vel má taka það til greina, að öl er víst engu dýrara og að mínu áliti miklu betra með mat en kaffi.

Jeg vona, að meiri hluti hv. deildar sje mjer sammála um þessi atriði, og samþykki því tillögur mínar.

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Háttv. þm. Seyðf. (K. F.) hefir haft ýmislegt við frumv. að athuga. Honum þótti

áfengismarkið, sem til er tekið í frumv., of lágt, og er það þó í samræmi við bannlögin. Hjelt hann að það mundi fæla menn frá að brugga saklaust öl, en jeg hygg, að honum skjátlist í því. Menn verða ekki sekari við lög fyrir það, þótt þetta ákvæði sje í frumv., því að ef einhver verður kærður fyrir að brugga áfenga drykki, hygg jeg að farið verði eftir bannlögunum um áfengisstyrkleikann. Háttv. þm. Seyðf. vildi því líklega helst, að áfengismarkið væri tekið úr bannlögunum.

Hv. þm. Seyðf. (K. F.) þóttu sektirnar of háar, en þar er nefndin á annari skoðun; hún vill að þær sjeu jafnháar fyrir bruggun hjer á landi og innflutning. Henni finst hvorttveggja vera jafn vítavert. Í gildandi lögum er lágmark sektanna 10 kr., en jeg held, að menn hljóti að verða sammála um, að þær sektir sjeu of lágar og hafi sárlítil áhrif. Það er satt sem hv. þm. sagði, að það er mikill munur á sakhæfi þeirra, sem brugga í smáum stíl, og þeirra, er brugga í stórum stíl. En nú er það orðin föst venja lögfræðinganna, að *nota lágmark sekta við dóma sína, og er* því hætt við, að sektin verði of lág fyrir þá, sem brugga í stórum stíl, Jeg held því fast við lágmark það, er nefndin hefir sett.

Þá er önnur brtt. við 5. gr., um áhöld þau, sem notuð eru til bruggunar. Hjer er ekki um neitt nýmæli að ræða í frv., því að bruggunarbannlögin frá 12. jan. 1900, hafa sama ákvæði um þetta atriði. Þótt sumum þyki hvítöl gott, þá er það skaðlegt, og jeg veit þess dæmi, að margir hafa drukkið hvítöl sjer til skammar, og orðið fullir af því. Við þekkjum báðir slík dæmi, hv. þm. Seyðf. (K. F.) og jeg, frá Seyðisfirði. *(Karl Finnbogason:* Það hefir verið eitthvað saman við það!).

Ef háttv. þm. tekur aftur fyrri brtt. *sína*, gæti jeg gjört honum það til geðs, að vera með seinni tillögu hans, því að jeg tel hana ekki beinlínis skaðlega.

Karl Finnbogason: Jeg get ekki verið sammála hv. 4. kgk. (B. Þ.) um það, að rjett sje að leggja jafn háar sektir við gjörð og innflutningi. Hjer er að ræða um gjörð á saklausum vintegundum, svo sem t. d. rabarbarvíni, og innflutning á sterkum drykkjum, og er rangt að leggja þar við sömu sektir. Sektarákvæði eiga þó jafnan að fara eftir eðli lagabrotsins.

Jeg vil annars benda á það, sem öllum má vitanlegt vera, að áfengisstyrkleiki öls vex við geymslu, svo að þótt það sje bruggað fyrir neðan $2^1/_4{}^0/_0$, þá getur það við geymslu farið upp fyrir áfengis mark. Er það nú rjett að hegna manni, sem bruggað hefir öl undir áfengismarkinu, þótt ölið fari yfir markið við geymslu? Eftir lögunum ætti, ef maðurinn væri kærður, að gjöra upptæk áhöldin, sem hann hefir notað við áfengisgjörðina, og sekta hann um t. d. 200 kr. Jeg get ekki fallist á, að þetta sje rjett. Hjer getur verið um meinlausa öltegund að ræða, sem rjett nær $3^0/_0$. Er það þá nokkur sanngirni að hegna mönnum fyrir slíkt? *(Jón Þorkelsson:* Mönnum er nær að drekka ölið í tíma!). — Loks vil jeg taka það fram, að jeg tek hvoruga tillöguna aftur, — best að þær komi báðar til atkv.

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Hv. þm. Seyðf. (K. F.), þótti það hart, ef svona ljettar öltegundir kæmust undir lögin. En jeg vil benda honum á, að bannlögin leggja minst 200 kr. sekt við því, að flytja inn öl með yfir $2^1/_4{}^0/_0$ styrkleika. Þetta ákvæði er því í fullu samræmi við bannlögin.

Karl Finnbogason: Það er mikill munur á innflutningi og bruggun. Menn geta bruggað öl, sem fer yfir áfengismarkið, án þess að vilja það eða vita. Og verður erfitt að sanna það, ef áfengur drykkur finst einhversstaðar, hvort hann hafi verið gjörður svo með vilja eða ekki.

En innflutningur hlýtur alt af að vera vísvitandi lagabrot.

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum um brtt. 524, er kom of seint fram, og voru afbrigðin leyfð og samþykt.

ATKVGR.:

Brtt. 524,1 feld með 8 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Steingrímur Jónsson,	Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Björnson,
Jón Þorkelsson,	Guðm. Ólafsson,
Karl Finnbogason,	Hákon Kristófersson,
Sigurður Stefánsson.	Jósef Björnsson,
	Karl Einarsson,
	Kristinn Daníelsson,
	Magnús Pjetursson.

Brtt. 524,2 samþ. með 8 shlj. atkv.

Frumv. svo breytt, samþ. með 9 : 4 atkv. og afgreitt til Nd.

(A. 541).

---

20. Verkfall opinberra starfsmanna.

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn 1. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um verkfall opinberra starfsmanna. (A. 672).

Á 49. fundi í Ed., fimtudaginn 2. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið, og leitaði forseti leyfis til afbrigða frá þingsköpunum, til þess að mega taka málið fyrir, og voru þau leyfð og samþykt í einu hljóði.

Jafnframt leitaði forseti leyfis til afbrigða frá þingsköpunum til þess að mega taka frv. til 1., 2. og 3. umr., þótt ekki liði lögmæltur tími á milli, og voru þau veitt með einu samþykki.

Flutnm. (Jósef Björnsson): Jeg skal ekki fara mörgum orðum um frv. þetta, sem jeg og nokkrir aðrir háttvirtir deildarmenn höfum gjörst flutningsmenn að.

Nú fyrir skömmu hafa þau tíðindi gjörst hjer, hvað verkfall snertir, að full þörf sýnist vera, að lög sjeu samin, sem hindri að starfsmenn landsins leggi niður starfa sinn og baki, ef til vill, þjóðinni með því tjón. Þörfin á slíkum lögum getur tæplega álitist minni hjer en annarsstaðar, og gott að grípa til þeirra, *ef svo ber* undir.

Geta skal jeg þess, að því er snertir frv. þetta, að það er komið fram hjer í þessari háttv. deild að undirlagi hæstv. ráðherra og mun að mestu vera samið af honum. Mun deildarmönnum því óhætt að treysta því, að frumvarpið sje vel samið. Vona jeg og að háttv. deild taki málinu vel, og viðurkenni nauðsyn þess, en hins vegar er nú orðið svo áliðið þingtímans, að lítið tóm er til að velta því lengi fyrir sjer; teljum við flutningsmenn því rjett, að hraða frumvarpinu sem mest. Vil jeg þó ekki mæla á móti því, að það sje athugað í nefnd, þó það kynni að tefja lítið eitt fyrir því, en hins vegar er frv. svo stutt, að tæplega er ástæða til þess. Gætu menn athugað það hver í sínu lagi og komið með breytingar, ef þeim sýnist svo.

Tef jeg svo ekki háttvirta deild lengur, en vona, að málinu verði vel tekið.

Ráðherra: Jeg stend að eins upp til að staðfesta orð háttv. þm. Skagfirðinga (J. B.). Skal jeg fúslega gangast við faðerni frumvarps þessa, og sjeu annmarkar á því, mun jeg íhuga athugasemdir þær, sem gjörðar kunna að verða. Um nauðsyn laganna tala jeg ekki, því að þar sem opinberir starfsmenn hafa lagt niður vinnu hafa verið samin slík lög, t. d. í Frakklandi, og þau munu nú vera á leiðinni bæði í Noregi og Danmörku. Öllum er ljós háski sá, er um getur verið að ræða, sem sje bæði peningatjón, tjón í viðskiftum o. fl. Hugsum okkur t. d., hvaða skipa-

og manntjón gæti hlotist af því, ef allir vitaverðir legðu niður vinnu.

ATKVGR.:

Frv. vísað til að 2. umr. í einu hljóði.

Á 51. fundi í Ed., föstudaginn 3. sept., var frumv. tekið til 2. umr. (A. 672).

Steingrímur Jónsson: Jeg vil að eins skjóta því til hæstvirts ráðherra og flutningsmanna, hvort ekki væri vert að athuga nánar nokkur atriði í frumvarpinu, sjerstaklega í fyrstu grein, þar sem talað er um hvern þann, er tekur þátt í verkfalli. Jeg hygg að það væri æskilegt, að það væri skýrt nánar, hvað meint er með „verkfalli“. Jeg gjöri ráð fyrir að með orðinu verkfall sje átt við nokkuð víðtæk áhrif eða samtök um að leggja niður vinnu, en ekki þótt t. d. einhver einn starfsmaður í Landsbankanum leggi niður starfann og mæti ekki til vinnu alt í einu, upp úr þurru. Um slíkt er óþarft að fá sjerstök lög, enda enginn háski að því. Við þetta getur því trauðla verið átt, og því æskilegt að skýra nánar hugtak orðsins verkfall.

Bæði í þessari grein og í 2. grein, tel jeg að sektarákvæðin sjeu óþarflega há og mjög erfitt fyrir dómarann að beita þeim, svo lögin verði rjettlát.

Vjer skulum hugsa oss samtök um verkfall eins og um daginn og verkfallið hefði komist á. Jeg hefi ekki á móti því, að tekið sje með harðri hendi á þeim, er gangast fyrir slíkum samtökum, og á þeim, er taka þátt í þeim með ráðnum hug. En nú vitum við að í slíkum samtökum taka og aðrir þátt nær hugsunarlaust eða minsta kosti hugsunarlítið, eru teymdir með í þau af öðrum, t. d. ungar, um 16 ára gamlar, saklausar stúlkur, er hafa að árslaunum 4—500 krónur. Hvernig á nú nokkur dómari að sekta slíka stúlku um 500 kr.? Og hver vill telja það rjettlátan dóm? Það verður líka við uppsögn dómsins að taka tillit til launa starfsmannsins.

Því mun nú verða haldið fram, að það sje venja dómara hjer á landi, að dæma í lægstu sektir, og því verði að hafa lágmark sektanna svona hátt, 500 krónur. En svo verður ekki hjer. Hjer verða margir sakaðir samtímis og þá hlýtur líka að koma fram mismunur í sektunum, eftir því, hversu sakir standa til. Forgöngumennirnir hljóta að fá hærri sektir en þeir, er hafa tekið þátt í verkfallinu af vanþekkingu og þroskaleysi. Og svo hafa laun starfsmannanna einnig áhrif á upphæð sektanna.

Þessar athugasemdir mínar eru ekki gjörðar til þess að hindra það, að lögin nái fram að ganga, því jeg álít þau nauðsynleg. En jeg kem fram með þær af því, að jeg álít að lögin komi betur að notum, ef þær eru til greina teknar; það verður betra að framkvæma lögin.

Að endingu vil jeg skjóta því til flutningsmannanna, hvort þeir vilji ekki bæta aftan við 1. gr. frumvarpsins ákvæði um, að þar sem sjerstakar ástæður væru fyrir hendi, er drægju úr sekt sakbornings, þá mættu sektirnar vera lægri. Ef það væri gjört tel jeg síður ástæðu til að álíta að lögin yrðu að eins pappírsgagn.

Rjett væri og að lagfæra 2. grein, en jeg er ekki eins óánægður með hana, en findist rjett að lægstu sektir í 1. gr. væru t. d. 100 krónur og í 2. grein 50 krónur.

Ráðherra: Háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.) vildi hafa í lögunum skilgreining á því, hvað „verkfall“ væri. Eigi tel jeg þess þörf, en tel sjálfsagt, að dómstólarnir skæru þar úr, og dæmi það, er hann tók um starfsmann í Landsbankanum, tekur enginn fyrir verkfall. Auðvitað er hjer með verkalli átt við það, sem á útlendu máli er kallað strejke. En eins og jeg tók fram, sje jeg ekki ástæðu til að skilgreina það

í lögunum. Í hegningarlögunum er t. d. hvergi skilgreint, hvað sje þjófnaður, hvað sje nauðgun, hvað sjeu svik, hvað blóðskömm o. s. frv., en þess hefir eigi þótt þörf. Vísindin og dómstólarnir skilgreina þess konar rjettarhugtök. Vitaskuld mætti setja í lögin útlenda orðið innan sviga á eftir orðinu „verkfall", svo síður væri misskilnings hætt, en jeg tel þess enga þörf, þó jeg hins vegar gjöri það ekki að neinu kappsmáli, og mjer liggi í ljettu rúmi, þó svo væri gjört. Jeg hygg það víst, að enginn dómari með heilbrygðri skynsemi yrði í nokkrum vanda með að dæma um það, hvað verkfall væri.

Út af sektunum vil jeg taka það fram, að mjer hefir virst svo, að það sje meginregla dómstólanna hjer á landi, að beita lægstu sektarákvæðum að minsta kosti við afbrot framið í fyrsta sinni, og því get jeg ekki fallist á það, að sektirnar verði færðar niður. Það eru ýmsir opinberir starfsmenn, er hafa svo gott kaup, að þá munar ekki um það, þótt þeir ættu að greiða t. d. 500 króna sekt. Það mundi eigi nema öllu meiru en mánaðarlaunum þeirra. Og ef slíkum manni þætti gaman að koma verkfalli af stað, mundi hann eigi alt af horfa í eins mánaðar kaup. Ef sektirnar almennt væru færðar niður, þá tel jeg víst að lögin yrðu pappírsgagn einbert, því að jeg gjöri ráð fyrir fyrir, að dómararnir mundu halda uppteknum hætti með að dæma í lægstu sektir. En eigi er það nema rjett, að forgöngumennirnir verði harðara úti en hinir, en annars eru opinberir starfsmenn almennt svo þroskað fólk, að það veit vel hvað það er að gjöra.

Öðru máli er að gegna um það, að heimila lægri sektir, ef *sjerstakar* ástæður eru fyrir hendi, einhverjar alveg sjerstakar málsbætur. Það tel jeg að væri gjörlegt.

Guðmundur Björnson: Mjer finst frv. þetta að ýmsu leyti athugavert.

Við megum ekki gleyma því, að rjettur fólks til að leggja niður vinnu er nú viðurkendur um allan heim.

Að banna verkföll er sama sem að segja: Komi ágreiningur milli vinnuveitanda og vinnufólks, þá hefir starfsfólkið ávalt rangt fyrir sjer; vinnuveitandinn skal ávalt hafa rjettinn, — rjettinn til að neita — hversu sanngjarnar og rjettmætar sem kröfur vinnufólksins eru.

Hæstv. ráðherra vjek að því, að þess konar lög væru til í Frakklandi og á leiðinni í Noregi. En jeg neita því, að svo sje, fyrr en jeg *sje* það. Jeg veit, að það hefir komið til mála, að setja þau í þessum löndum, en jeg neita að þau hafi verið sett, fyrr en jeg *sje* það.

Þar með vil jeg ekki segja, að lög um verkfall sjeu ónauðsynleg. En jeg vil segja, að þess konar lög megi ekki vera svona ströng, svona óbilgjörn, eins og þetta frumvarp.

Við verðum vel að gæta að því, að hið opinbera hefir allt af fjölda starfsmanna, við síma, við póstmál, við verkleg fyrirtæki, svo sem vegi, vita og járnbrautir, er þær koma, og það má allt af búast við því, að það rísi upp ágreiningur milli starfsmannanna og vinnuveitandans, útaf kaupgjaldinu, því þó fólkið sje ráðið fyrir tiltekið kaup, þá geta kringumstæður breytst, og þá mælir öll sanngirni með því, að litið sje á alla málavexti, en ekki sagt, að vinnufólkið hafi allt af rangt, og vinnuveitandinn allt af rjett fyrir sjer. Það er ekki rjett að selja vinnuveitanda sjálfdæmi.

Það rjetta og holla er, að hafa *gjörðardóm*, og í þá stefnu hneygjast hugir allra hugsandi manna í öðrum löndum. Og það er vel fárið. Gjörðardómurinn mætti vera svo skipaður, að vinnufólkið tilnefndi einn, vinnuveitandi einn og yfirdómurinn einn mann í dóminn. Ef svo vinnufólkið ekki sættir sigvið dóm gjörðardómsins, þá mætti beita sektum, eins og hjer er í frumvarpinu.

Jeg mun greiða frv. atkvæði til þriðju umræðu, en lengur ekki, óbreyttu.

Ráðherra: Háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) neitaði því, að í Frakklandi væru lög um verkfall. Jeg skal ekki fullyrða það, þótt jeg hyggi að svo sje, en hins vegar skal jeg til þriðju umræðu útvega upplýsingar um það. Það ætti að vera ljettur vandi.

Það var svo að heyra á háttv. þm. (G. B.), að hann vildi lög um þetta efni, þótt hann gjörði ýmsar athugasemdir. Hann var að tala um verkföll við ýms verkleg fyrirtæki, svo sem vegi og járnbrautir, en þau verkföll heyra ekki undir þessi lög. Menn vinna þar ekki sem sýslunarmenn, heldur er landið þar eins sett, eins og t. d. verksmiðjueigandi gegn verkafólki sínu, kaupmaður gegn starfsmönnum sínum.

Að setja gjörðardóm í slík mál sem þessi, það held jeg að ekki sje gjörlegt, þegar af þeirri ástæðu, að það gæti komið fyrir, að gjörðardómurinn hækkaði kaup starfsmannanna svo og svo mikið. Og eftir hvaða heimild ætti stjórnin að greiða þau laun?

Jeg veit að menn líta mismunandi augum á verkföll; sumum finnast þau jafnvel rjettmæt, en jeg álít þau í alla staði óhafandi, þegar sýslunarmenn þess opinbera eiga í hlut, og vil ekki eiga þau yfir höfði mjer, ef hægt er að útiloka þau. Jeg vil því, að þingið gjöri það, sem í valdi þess stendur, til þess að fyrirbyggja þau.

Spursmál er það og hvort 143. og 144. greinar hegningarlaganna ná ekki yfir verkföll opinberra starfsmanna. Það má vel vera, að dómstólarnir líti svo á. En það þurfa helst að vera skýr ákvæði um það, sjerstök lög, því að þá getur ekki á neinu tvímæli leikið. Það er ekki allt af sagt, að þeir sjeu verst staddir, er hefja verkfall; aðrir geta verið verr staddir, en þeir sjá betur sóma sinn.

Flutningsmaður (Jósef Björnsson): Jeg vil leyfa mjer að fara fáeinum orðum um þau ummæli hv. 5. kgk. (G. B.), að ákvæði frv. þessa gætu komið mjög hart og ranglátlega niður á þeim, sem hafa opinber störf á hendi, ef þeir legðu niður vinnu. Jeg er ekki sammála hv. 5. kgk. (G. B.) um þetta. Jeg lít að minsta kosti svo á, að eigi minna harðræði eða ranglæti, eins og hv. 5. kgk. (G. B.) mun vilja kalla það, hafi um langan aldur verið í lögum hjá oss, og skal jeg í þessu sambandi minna á vinnuhjúalögin.

Ef hjú rýfur gjörðan samning og gengur úr vist að orsakalausu, hvað kostar það hjúið? Það kostar að minsta kosti eins mikið fyrir það, miðað við kaup þess, eins og sektir þær, sem hjer er ætlast til að greiddar sjeu, miðað við kaup þeirra, sem þær eiga að greiða. Þótt 500 kr. virðist fljótt á litið allhá sekt, þá er þess að gæta, að fáir menn í þjónustu hins opinbera munu hafa lægri árslaun en 500 kr. En nú eiga hjúin að greiða sem svarar árskaupi sínu í sekt, ef þau rjúfa að orsakalausu vistarsamning. Hjer er því nokkurn veginn samræmi á milli.

En hjer er og annars að gæta. Það getur leitt svo mikið tjón fyrir landið af verkfalli starfsmanna þess, að ekki verði metið, og það þarf því að reisa sem rammastar skorður gegn því, að það geti komið fyrir.

Þeir, sem ganga í þjónustu hins opinbera, munu jafnaðarlegast vita full deili á því, að hverju þeir ganga, vita hvað há laun þeir eiga í vændum. Reki nú að því, að þeim þyki launin of lág, þá liggur opið fyrir þeim að segja sig frá starfinu; þessi lög hindra þá alls eigi frá því. Frumv. er því eigi svo ægilegt, sem hv. 5. kgk. (G. B.) vill gjöra það.

Þá er að minnast á athugasemdir hv. 2. kgk. (Stgr. J.), um að sanngjarnt virðist, að ákveða lægri sekt en til er tekin í 1. grein, ef sjerstakar málsbætur eru.

Það getur verið, að þetta sje á rökum bygt, og vænti jeg þess, að hæstv. ráðh., sem frv. hefir samið, og vjer flutningsmenn þess, munum taka þetta til athugunar, áður en málið kemur til 3. umr. Annars undrar mig það, ef hv. 5. kgk. sjer sjer eigi fært að vera með frumv. af þeim ástæðum, sem hann tók fram.

Guðmundur Björnson: Jeg vil svara því, sem háttv. 2. þm. Skagf. (J. B.) mintist á vinnuhjúa löggjöfina, með því, að það sje ágætt að fá hana inn í umræðurnar. Sá samanburður, sem þar hlýtur að koma fram, ætti að opna augun á mönnum fyrir því, hvað hjer er á seyði. Því að hvað er um vinnuhjúalöggjöfina að segja? Í stystu máli þetta: Hún er leifar af gamalli þrælkunarlöggjöf í landinu. Af henni spratt upp hin langvinna barátta um vistabandið; skammsýnir menn stóðu í þeirri trú, að ófært væri að lina á því tjóðurband, og henni — vinnuhjúalöggjöfinni — er það að þakka eða kenna, að æ gjörist erfiðara og erfiðara að fá fólk í vinnumensku, fá það til að bindast þeim ófrelsisböndum. Það er satt, að það er gott til skilningsauka, að taka vinnuhjúalöggjöfina til samanburðar við þetta frv. Þess ber vel að gæta, að sanngirnin getur hjer sem annarstaðar eins vel verið hjá verkamanninum, eins og hjá vinnuveitandanum.

Jeg held því fram, að komi ágreiningur upp, þá sje sanngjarnt að taka kröfur verkamannanna til skoðunar, en skjóta eigi römum slagbrandi fyrir, að þeir geti fengið áheyrn, hvernig sem á stendur. Aðrar þjóðir fara mjög varlega í þess konar mál; og jeg held því fram, þangað til mjer verður annað sýnt og sannað, að annarsstaðar sjeu eigi jafnströng lagaákvæði um verkfall, eins og í frv. þessu. Hafa þó aðrar þjóðir eigi farið varhluta af vandkvæðum þeim, sem verkföllum fylgja.

Jeg vona, að háttv. flutnm. sjái sjer fært að breyta frv. svo, að líklegt sje, að rjettmætar kröfur opinberra starfsmanna geti orðið teknar rjettlátlega til greina. Vegur til þess væri fenginn, ef hægt væri fljótt og greiðlega að skjóta málinu undir óvilhalla menn. Ef þá gengi eigi saman, eða verkamenn vildu eigi hlíta tillögum eða úrskurði gjörðarmanna, þá fyrst væri tími til kominn að láta refsivönd laganna ríða að þeim. Þessu mundi vera hægt að koma svo fyrir, að varla gæti skaðleg vinnuteppa af hlotist. Herra forseti! Við höfum, enn sem komið er, lítið haft af verkföllum að segja, og löggjöfin því eigi fjallað um þau mál. Nú höfum vjer hjer byrjunina, og er sannarlega hvorki vel nje viturlega af stað farið í þessu frumv. Áreiðanlegra er það affarasælla að viðurkenna verkfallsrjettinn innan vissra takmarka. Auðsæ rök liggja að því, að svo er. Þetta er mín skoðun. En jeg býst eigi við, að hún nje orð mín hafi mikil áhrif að svo stöddu. Hjer sem annarsstaðar verður hver að bera ábyrgð á orðum sínum og gjörðum, — jeg á mínum og háttv. flutnm. á sínum. En spá mín er sú, að þeir muni síðar sjá, að þeir hafi farið helsti langt í þessu frv., í því, að hefta athafna frelsi manna.

Flutningsmaður (Jósef Björnsson): Háttv. 5. kgk. (G. B.) nefndi vinnuhjúalögin leifar af gamalli þrælkunarlöggjöf. En með því hefir hann og játað, að hjer sje ekki um nýmæli að ræða, heldur hafi svipuð lagafyrirmæli sem í frumv. lengi verið til.

Mjer finst háttv. 5. kgk. (G. B.) eigi taka nægilegt tillit til þess, að vanalegir verkfallsmenn, sem hætta vinnu til að fá kaup sitt hækkað, eru ekki sambærilegir við þá menn, sem frv. ræðir um. Frv. þetta er enginn þröskuldur í vegi fyrir því, að almennir verkamenn geti endurnýjað samninga sína eða látið af starfinu með hæfilegum fyrirvara, ef þeim líka ekki launa-

kjörin. Það snertir þessa menn ekkert. Enga hindrun leggur frv. heldur í veg einstakra embættismanna eða annara starfsmanna landsjóðs, að segja starfi sínu lausu með fyrirvara. En ef heill hópur manna, sem hefir á hendi störf fyrir landsjóð, legði niður störf sín fyrirvaralítið eða fyrirvaralaust, og heimtaði hærri laun, þá hlýtur að reka að því, sem hæstv. ráðh. benti á, að stjórnin lenti í hreinustu vandræðum, ef hún neyddist til að borga út hærri laun en lögheimiluð eru. Það ríður á að fyrirbyggja, að þetta geti átt sjer stað, og því virðast sektarákvæðin ekki of ströng, þegar þess er gætt, að þau eiga að koma í veg fyrir það, að mikilvæg störf fyrir þjóðfjelagið sjeu lögð niður fyrirvaralaust og má ske á óhentugasta tíma. Hins vegar kann það að vera rjett, að búa svo um, að lækka megi sektirnar fram úr því, sem frumv. tekur til, ef alveg sjerstakar málsbætur eru fyrir hendi.

Ráðherra: Háttv. 5. kgk. (G. B.) sagði, að rjettur fólks til verkfalls væri viðurkendur í öðrum löndum. Það kann að hafa verið rjett, að því sem við víkur almennu verkafólki, en alls eigi nær það til starfsmanna hins opinbera. Jeg skal að svo stöddu eigi fullyrða um, hvernig verkfallslöggjöfinni, að því er snertir opinbera starfsmenn, er háttað; það mun verða kostur á að athuga það mál betur, áður en frv. kemur til 3. umr. Hv. 5. kgk. (G. B.) hjelt, að eigi mundu vera til jafnströng hegningarákvæði um verkfall í öðrum siðuðum löndum og ákvæðin í frv. þessu. Því trúi jeg þó naumast, hafi Frakkar á annað borð sett lög um þetta, eins og jeg hygg vera, að þá hafi þeir sett sektirnar lægri. Her í landi stendur auk þess sjerstaklega á með verkföll. Í öðrum löndum er auðveldara að bæta í skarðið, þótt einhver flokkur með sjermentun gangi úr skaftinu. Hjer eru fáir eða engir aðrir en þeir, sem að starfinu vinna, sem til þess *kunna*; annars staðar eru þeir að jafnaði fleiri með sömu sjermentun, og þeim mun hægra, að ná til manna úr öðrum löndum, ef á þarf að halda (*Guðm. Björnson*: Það eru samtök hjá starfsmannaflokkunum). Það úir og grúir nú samt af skrjúfubrjótum.

Ef löggjafarvaldið vill eitthvað gjöra til að stemma stigu fyrir verkföllum, má ekki gjöra lögin hlægilegt pappírsgagn.

Jeg vildi óska, að aldrei kæmi til þess, að landstjórnin þyrfti að beita verkfallslögunum. Eu ef til þess kæmi, að opinberum starfsmönnum dytti í hug að leggja skyndilega niður störf sín, þá þurfa að vera til rammar skorður, er reisa megi gegn því. Það má raunar benda á, að þegar eru í lögum vorum ströng viðurlög við því, ef menn hlaupa frá vinnu sinni eða leggja hana niður; skal jeg nefna þar til formannalögin. Skipstjóri hefir heimild til, að láta taka mann fastan, sem hleypur burt frá skipi hans, og honum er fengið takmarkalítið vald, ef skipshöfnin sýnir mótþróa eða gjörir verkfall. Það má að vísu segja, að þetta sje nauðsynlegt, því að skip og mannalif sje í veði. En má eigi alveg sama segja, ef t. d. vitaverðir tækju sig saman um að kveikja eigi einn góðan veðurdag á vitunum við strendur landsins?

Steingrímur Jónsson: Það hefir verið talsvert deilt um þetta atriði, sem hjer hefir orðið að umræðuefni í dag, um rjettinn að gjöra verkfall. Jeg held að þessi rjetttur sje ekki jafn viðurkendur, eins og hv. 5. kgk. þm. (G. B.) vill halda fram, að minsta kosti ekki að því, sem opinbera starfsmenn snertir. En það veit jeg, að erfitt hefir verið að finna takmörkin milli opinberra starfsmanna og hinna. Þetta hygg jeg að hafi komið greinilega fram í verkfallsmálunum í Frakklandi í stjórnartíð Clemenceaus.

Annars álít jeg slík lög sem þessi nauð-

synleg, þótt að sjálfsögðu megi deila um *nokkur einstök* atriði frv., og eigi finst mjer nauðsynlegt fyrir oss að viðurkenna verkfallsrjett opinberra starfsmanna og sýslunarmanna; en lengra ættu lögin ekki að ná. Getur jafnvel verið að rjett sje, að láta þau eigi ná lengra en til opinberra sýslunnarmanna í þjónustu landsins. Jeg tel það töluverða bót að orðið „strike" sje sett milli sviga á eftir orðinu verkfall; þá skýrist betur við hvað átt er. Háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) og hv. 2. þm. Skagf. (J. B.) mintust á vinnuhjúalögin og nefndi hv. kgk. þm. (G. B.) þau leifar gamallar þrælkunar, og þótti allóliklegt að þingið mundi vilja fara að endurnýja þá þrælkunarlöggjöf. Það er satt, vinnuhjúalögin eru samin í anda þeirrar tíðar, sem þau urðu til á. En þrátt fyrir alt, sem að vinnuhjúalögunum má finna, þá er það góður vottur þess, að menn uni þeim allvel, hve lengi þau hafa staðið, án þess við þeim hafi verið rótað, enda er það sannast að segja, að þau geyma ýms dýrmæt rjettindi fyrir hjúin. Jeg tel því allvarúðarvert að fara að hagga við þeim að svo stöddu, þar sem venjan hefir þegar drepið verstu galla þeirra, en kostirnir eru hagnýttir af þeim, sem undir þeim búa, og þeim, sem lögunum eiga að beita.

Ráðherra: Hv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.) sagði, að má ske væri eigi ástæða til að láta lög þau, sem hjer ræðir um, ná til annara en þeirra, sem beint væru í landsins þjónustu. Það getur verið, að eigi sje brýn þörf á því nú sem stendur, en hæglega getur þannig breytst, að full þörf verði á að þau nái til fleiri. Setjum svo, að einhver sveit setti upp rafmagnsstöð, sem veita ætti ljós og jafnvel hita heimilum í heilli sveit. Mundi ekki horfa til vandræða, ef starfsmenn við slíka stöð legðu snögglega niður vinnu? Hætt er við því, fæstir mundu eiga þar önnur ljósfæri eða hitunaráhöld til að bregða fyrir sig, einkum væri stöðin orðin nokkurra ára, þegar þetta bæri að höndum.

Það hafa jafnvel nú þegar verið reistar rafmagnsstöðvar í kauptúnum hjer í landi, og mundi ekki úr vegi að ákvæði verkfallslaganna næðu til starfsmanna við þær, og þegar minst varir geta slíkar eða þvílíkar starfsgreinir fyrir kauptún eða sveitir risið upp.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

2—6. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 samhlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., laugardaginn 4. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 672, 755, 765).

Flutningsmaður (Jósef Björnsson): Jeg hefi leyft mjer að koma með 2 brtt. á þgskj. 765. Ber jeg þær fram í samráði við hæstv. ráðh. og meðflutningsmenn mína að frv.

Eins og sjá má, eiga þær báðar við 1. gr. frv. Fyrri brtt. undir stafliðnum *a* fer fram á, að á eftir orðinu „Landsbankans" bætist inn í: spítala. Um þessa brtt. er það að segja, að oss fim. þykir ekki mjög miklu máli skipta, hvort hún er samþykt eða ekki, því nú sem stendur hefir þetta ákvæði ekki mikla þýðingu. En svo fer líklega, þegar fram í sækir, að hjer verði komið upp landspítala, og og þá er engu minn þörf að nefna spítala í lögum en t. d. Landsbankann. Það mun og svo mega líta á, að þótt landið eigi ekki spítala sjálft, þá sje ákvæðið ekki þýðingarlaust. Oss þótti því rjett að koma með þessa brtt. og gefa hv. deild kost á að segja álit sitt um hana.

Í brtt. undir b-liðnum er farið fram á, að þegar sjerstakar málsbætur sjeu fyrir

hendi, þá megi færa niður fyrir sekta lágmark það, sem til er tekið í 1. gr., þó aldrei niður fyrir sektalágmark 2. gr., eða 200 kr. Lengra sjáum vjer oss fært eigi að ganga, og vonum að deildin samþykki tillögur vorar.

Jeg hefi ekki annað um brtt. hv. kgk. þm. (G. B.) að segja, en að við flm. getum eigi aðhylst þær. Þær eru þess eðlis, að verði þær samþyktar, þá er með því kipt grundvellinum undan frv. voru og tilgangi þess verður þá ekki náð; hljótum við því að greiða atkvæði móti þeim.

Guðmundur Björnson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með breytingartillögur á þgskj. 755 við frumvarp þetta. Jeg vil byrja á síðustu breytingartillögunni, sem er við fyrirsögn frumvarpsins. Jeg álít að fyrirsögnin eigi illa við, því að hún segir: Frv. tillaga um verkfall opinberra starfsmanna. En þegar maður les frumvarpið, leynir það sjer ekki, að með því er verið að *banna* verkfall. Því ætti frumvarpið að heita: Lög um *bann* gegn verkfalli opinberra starfsmanna. Að hafa hitt nafnið er jafn skakt og að kalla bannlögin: Lög um aðflutning á áfengi. Aðalefni þessara laga er að banna verkfall.

Það er fjarska erfitt að ræða um frumvarp þetta hjer á Alþingi, því að verkföll eru svo lítt kunn hjer á landi. Nauðsynlegustu undirstöðuatriðin eru þau, að meðal verkamanna, sem vinna saman, er um öll lönd fjelagsskapur, og hjer á landi bólar dálítið á því.

Ef fjelagsmenn eru óánægðir með kjör sín, heimta þeir allir af vinnuveitendunum umbætur á þeim, og fái þeir þær ekki, hafa þeir ekki annað úrræði, en að gjöra verkfall. Öll sú mikla bót, sem orðið hefir á kjörum verkamanna á síðari tímum, er að þakka þessu ráði, sem verkamenn hafa fundið til þess að fá kröfur sínar uppfyltar. Verkföllin eru vopn vinnandi fólks gegn auðvaldi og undirokun vinnuveitenda.

Nú má líta svo á, og á því er frumvarpið bygt, að það geti orðið til mikils miska fyrir almenningsheill, ef opinberir starfsmenn hefji verkfall. Í öðrum löndum og líka hjer hafa opinberir starfsmenn myndað fjelagsskap sín á milli eins og aðrir, til þess að vernda hagsmuni sína og bæta kjör þau, sem þeir eiga við að búa. Því verður ekki neitað, að þeirra kjörum er líka hægt að misbjóða og þjaka, eins og annara starfsmanna, svo að verkfallsnauðsynin er eins mikil fyrir þá og aðra. Hitt er víst og satt, að verkföll opinberra starfsmanna geta verið mjög meinleg fyrir almenningshag og jafnvel meinlegri en önnur, enda þótt hin geti verið það líka, t. d. kolaverkföll, vjelamannaverkföll og verkföll á járnbrautum.

Það, sem mjer virðist vera þungamiðjan í þessu máli, er það, hvort ekki sje hægt að sjá önnur ráð en að banna verkfall opinberra starfsmanna, hvort ekki sje hægt að sjá um, að þeir geti fengið sanngjarnar kröfur sínar uppfyltar og standi ekki verr að vígi en aðrir. Jeg get ekki varist þeirra orða, að flýtirinn, sem hafður er á að afgreiða þetta frumvarp, — því að það er reynt, að lemja það í gegn í flughasti, — er bersýnileg játning Alþingis á því, að kosti opinberra starfsmanna *er* þröngvað, og því þurfi að *kúga* þá.

Jeg skal játa, að nauðsynlegt er, að koma í veg fyrir verkfall opinberra starfsmanna, en jeg vil þó halda því fram statt og stöðugt, að það verði að búa svo um, að opinberir starfsmenn geti á einhvern hátt fengið kröfur sínar metnar eins og aðrir, svo að þeir verði ekki þrælar vinnuveitendanna.

Það var góð samlíking hjá háttv. flutningsm. (J.B.) að líkja þessum lögum við vinnuhjúalögin gömlu, því að þau voru þrælkunarlög. Þetta eru ný þrælkunarlög, og það mannúðarlaus, og því get jeg ekki greitt þeim atkvæði mitt.

Mín meining er, að eins verði girt fyrir verkfall með því, að veita verkafólkinu rjett

til að fá krðfur sínar metnar af óvilhöllum mönnum. Vinnuveitandanum er veitt yfirhöndin, því að hann nefnir einn og yfirdómurinn annan. Þá er girt fyrir að stórbagi geti hlotist af verkfalli.

Það var drepið á, að slík lög sem þessi væru til í 2 öðrum löndum, en jeg ætla að bíða eftir sönnun fyrir því. En þótt slík lög sem þessi hafi verið gefin út í öðrum löndum, sem jeg hygg að sjeu harla fá, þá efast jeg um að nokkursstaðar sje útilokað að menn geti fengið sanngjarnar krðfur sínar metnar, eða að bannað sje að gjöra verkfall. En þótt slík lög væru komin á á öðrum stöðum, eigum við ekki að semja siðu okkar eftir öðrum þjóðum í því, sem er ilt, ósómasamlegt og ómannúðlegt.

Við höfum mikið að gjöra í dag, og vil jeg því ekki tefja tímann. En jeg spái því, að þótt þessi lög komist á, þá sje þó ekki með þeim girt fyrir öll vandræði á ókomnum tíma. Jeg býst við að þessi ræða mín verði þýðingarlaus, því að það lítur út fyrir að það sje búið að samþykkja hjer í deildinni í hljóði, að þessi lög *skuli* ganga fram. En sá tími getur komið, að þrátt fyrir þessi strðngu lög slái þó einhvern tima í baksegl.

Ráðherra: Jeg vil leyfa mjer að tala nokkur orð um breytingartillögu hv. 5. kgk. (G. B.). Jeg vil þá byrja á enda breytingartillögunni, þeirri 6., eins og hann sjálfur.

Það er vitanlega óaðgætni hjá háttv. flytjanda, að hafa fyrirsögnina: Lög um bann gegn verkfalli; það ætti að vera: Frv. til laga o. s. frv., en það er ef til vill prentvilla. *(Guðm. Björnson*: Það er prentvilla). Mjer skildist svo, að frumvarpið væri ekki bann gegn verkfalli, heldur legðu þau hegningu við slíku; hegningarlögin banna ekki þjófnað, en þau leggja hegningu við honum.

Háttv. 5. kgk. (G. B.) talaði í gær um, að rjetturinn til að gjöra verkfall væri viðurkendur, en nú vill hann banna mönnum að nota þenna rjett. Hann vill gjöra opinberum starfsmönnum heimilt að koma einn góðan veðurdag og segja: Við erum óánægðir með kjör okkar; nú viljum við fá gjörðardóm. Gjörðardómurinn dæmir þeim nú má ske hærra kaup á þeim tíma, þegar fjárveitingarvaldið er ekki saman komið, og landssjóður verður þá dæmdur til að greiða fje, sem ekki er veitt leyfi til í fjárlögum. Það getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Háttv. 5. kgk. vill fella alt frumvarpið nema 1. gr. og láta hana ekki ná til þess, ef menn hóta verkfalli. Það að ógna með verkfalli, er þó alls ekki hættulaust, og því verður að setja skorður.

Háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) var að bera saman kjör opinberra starfsmanna og annara. Þegar þeir væru óánægðir, þá væri það þeirra rjettur að leggja niður vinnu. Þetta er stundum en ekki altaf. Sje ekki ógnað með verkfalli fyrr en samningar eru runnir út, er það löglegt. En sje það gjört áður en samningar eru útrunnir, þá er það ólöglegt. Venjulegast er það svo, að vinnuveitendur fá aðvörun löngu áður en á að gjöra verkfallið, stundum hálfu ári áður, í öllu falli mörgum vikum. Oft talaði háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) um fjelagsskap, sem verkamenn hefðu sín á milli, og enginn ætti að amast við. En sá fjelagsskapur á að vera í öðru fólginn en verkfallssamtökum, að minsta kosti meðal opinberra starfsmanna. Fjelagsskapurinn getur haft þann tilgang að fræða, skemta og auðga andann.

Háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) talaði um að opinberir starfsmenn yrðu þrælbundnir, ef þetta frumvarp yrði að lögum. Hann gætir ekki að mismuninum, sem er á milli þeirra og annara verkamanna. Það er ekki venja að segja þeim upp vinnunni fyrirvaralaust og það kemur ekki fyrir að ríkið gjöri „loc out“ eða verkbann. Þetta getur komið fyrir hjá almennum vinnu-

veitendum, en ekki því opinbera. Um verkamenn einstakra manna er það algengt, að þeim er sagt upp vinnu, en það opinbera er ekki vant að segja mönnum upp vinnu, nema fyrir lasleika sakir eða vanrækslu í embættisfærslu. Þessir opinberu starfsmenn hafa svo mikil forrjettindi, að það er ekki ósanngjarnt að skylda þá til að halda vinnu sinni áfram þangað til þeir beiðast löglega lausnar.

Þar sem háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) vill hafa gjörðardóm, er hann ávísun fyrir menn að vera allt af að kveina og kvarta, hvernig sem á stendur. Jeg held að það mundi koma losi á allar framkvæmdir, því það er alt af hægt að heimta hækkun og heimta gjörðardóm. Mjer er ekki kunnugt um, að slíkur gjörðardómur sje til í nokkru landi, en jeg vil þó ekki neita fortakslaust, eins og háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) gjörði í gær, heldur bíða átekta.

Háttv. 5. kgk. vill loks, ef gjörðardómur hefir kveðið upp dóm sinn og honum er ekki hlýtt, sekta starfsmenn ofurlítið; 100 kr. er lágmarkið. En svo er það tilfelli, ef starfsmennirnir segjast engan gjörðardóm vilja hafa, heldur bara heimta það, sem þeim sýnist, þá fyrst koma sektirnar.

Háttv. 5. kgk. vill fella 3. gr. alveg niður, en það er einmitt hún, sem að mínu áliti er mest áríðandi; það varðar mestu, ef ógnað er með verkfalli. Sú grein átti því að koma í veg fyrir samtökin, því að þau eru hættulegust.

Mjer finst mjög undarlegt, að háttv. 5. kgk. vill ekki ákveða, hvernig fara skuli með mál, sem út af þessu kunna að rísa. *(Guðm. Björnson*: Svo, það var skrítið!) Jeg bið forláts, jeg sje að 5. grein á að standa.

Háttv. 5. kgk. neitaði í gær, að verkfallslög væru til annarstaðar. Í norsku hegningarlögunum frá $^{22}/_{5}$ 1902 er þó þetta verkfallsákvæði, sem jeg með leyfi hæstv. forseta vil lesa upp: Undlader en offentlig Tjenestemand forsætlig at udføre nogen Tjenestepligt, eller overtræder han paa anden Maade forsætlig sine Tjenestepligter, eller viser han, trods Advarsel, Forsömmelighed eller Sködeslöshed ved Udförelse af disse, straffes han med Böder eller Tjenestens Tab.

Eins og jeg drap á í gær, má ætla, að 144. gr. almennra hegningarlaga nái til verkfalls. Þar er lögð refsing við, ef menn sýna vanrækslu eða hirðuleysi í embættisfærslu. Það er að minsta kosti vanræksla, ef menn leggja niður starf sitt samkvæmt ákveðinni hótun; það getur vægast heimfærst undir vanrækslu. En greinin er ekki orðuð með þessu fyrir augum, og því vafasamt, hvernig dómstólarnir mundu líta á það. Best er því að ákveða skýlausar reglur, svo engum vafa sje undirorpið, hvernig með skuli farið. Frakkar hafa líka sett hjá sjer mjög ströng lög um þetta efni, miklu strangari en þau, sem hjer er um að ræða. Samkvæmt lögum Frakka, sem jeg hefi fengið í hendur og hefi þýtt nokkurar greinar úr, varða samtök, sem menn gera í því skyni, að hefja verkfall, fangelsisvist frá 6 dögum upp í 3 ár, eða fjesektum frá 6 frönkum upp í 3000 franka. Og í þessum lögum er líka sjerákvæði um opinbera starfsmenn, sem jeg með leyfi hæstv. forseta skal lesa upp:

„Sjerhver samtök um ráðstafanir, er fara í bága við lögin, hvort sem þau eru framin af fjelagsskap einstakra manna, eða af stjett manna, sem hefir með höndum einhverja sjerstaka tegund opinberrar embættisstarfsemi, og hvort sem þau eru fram borin af nefnd eða brjeflega af þeirra hendi, skulu varða fangelsisvist um tveggja mánaða tíma að minsta kosti, en sex mánaða tíma í mesta lagi fyrir hvern einstakan hinna seku, og má auk þess svifta þá með dómi borgaralegum rjettindum og sjerhverri opinberri starfsemi um tíu ára tíma eða meira".

Og enn fremur stendur:

„Ef samtök hafa verið hafin með ein-

hverjum þeim meðulum, er að ofan greinir, gegn framkvæmdum landslaganna eða gegn ráðstöfunum landsstjórnarinnar, er það útlegðar sök".

Svo enn fremur ef af því hefir leitt árás á óhultleik ríkisins:

„Ef slík samtök hafa verið í þeim tilgangi hafin, eða ef af þeim hefir leitt árás á heill eða óhultleik ríkisins, varðar það dauðahegningu".

Svo loks:

„Ef slík samtök hafa verið hafin af borgaralegum yfirvöldum og herstjórnarvöldum, eða yfirboðurum þeirra, skulu upphafsmennirnir eða þeir, sem til þess hafa hvatt, fluttir af landi burt til hegningarvinnu (deporteraðir); hinir skulu gjörðir útlægir".

Mjer kom ekki til hugar að fara fram á svo stranga refsingu, sem hjer um ræðir. Annars skal jeg geta þess, að hjer á landi stendur sjerstaklega á. Hjer er erfitt að fylla upp í skörðin. Í öðrum löndum er líka her, sem hægt er að kveðja til aðstoðar, en hjer er enginn her. Póstmennirnir á Frakklandi gjörðu „strejke" hjer um árið. Jeg held að Clemenceau hafi þá verið ráðherra. Hann kvaddi saman herinn. Þetta er ráð til að láta halda áfram, enda þótt það sje hart, en hvað á að gjöra hjer, þegar alt er komið í strand?

Guðmundur Björnson: Jeg skal hafa fá orð. Hæstv. ráðherra talaði um aðalatriðið í brtt. minni, og bar því við, að það gæti komið sjer illa, ef landssjóður væri dæmdur til að borga hærra kaup.

Jeg vil segja, að það, sem er að gjörast, bendir á að það sje í alla staði rjett, að landið greiði starfsmönnum sínum hærra kaup. Því hvað er að gjörast? Það er dýrtíð, sem gengur yfir þessa þjóð. Allir hafa fengið hærra kaup, verslunarmenn, sjómenn, kaupamenn, allir, nema starfsmenn þess opinbera.

Vjer höfum einmitt nýlega haft dæmi þess, að starfsmenn landsjóðs hafa borið sig upp við stjórnina og farið fram á umbætur á kjörum sínum. En þeim var sífelt neitað, og þá gripu þeir loks til þess óyndisúrræðis að hóta verkfalli. Þetta er augljóst dæmi þess, að starfsmenn landsjóðs verða harðar úti en aðrir vinnandi menn. Og svo á það að bætast ofan á, að þeir mega tæpast með einu orði láta óánægju sína í ljós, án þess það varði stórsektum eða fangelsi. En þá virðist mjer nú, að skörin sje farin að færast upp í bekkinn. Því hefir verið kastað fram, að landssjóður gjöri aldrei lock-out — verkbann — og því eigi starfsmönnum hans hins vegar ekki að leyfast að gjöra verkfall. En jeg býst við, að þetta stafi af því, að landsstjórnin *getur* ekki verið án starfsmanna sinna, enda hefi jeg enga sönnun fyrir því, að það geti ekki komið fyrir, að landsstjórnin lýsi yfir verkbanni.

Þá vil jeg minnast á þessar greinar, sem jeg legg til, að falli burtu. Þær eru svo ófrjálslegar, að þær mundu flekka íslenska löggjöf. Mjer virðist það ótrúleg óhæfa, að menn megi ekki kvarta yfir kjörum sínum, án þess að það varði við lög, eða að það eigi að vera eins saknæmt, að ympra á verkfalli eins og hefja það. Jeg veit ekki til, að í hegningarlögunum sje lögð hegning við hótunum um kjaptshögg, en hitt veit jeg að er saknæmt, að reka manni löðrung. Hingað til hefir löggjöf vor gjört mun á orði og verki. Það er að vísu satt, að hegningarlög vor eru orðin svo úrelt, að ekki er við unandi, en mjer hefði aldrei komið til hugar, að farið yrði að endurbæta þau með svo ómannúðlegum ákvæðum, sem hjer er um að ræða. Eftir því sem jeg best gat heyrt, áttu þessi frönsku lög, sem hæstv. ráðh. vitnaði í, fremur við landráð heldur en verkfall. Og þar í landi vantar ekki herlið, til þess að kæfa niður rjettlátar kröfur. En jeg harma lítt, þótt ekki sje eins ástatt hjer að því

leyti. Jeg harma það ekki, þótt okkur vanti herlið til að kæfa niður rjettmætar kröfur almennings.

Ráðherra: Hv. 5. kgk. (G. B.) var óþarft að fara svo hörðum orðum um þing og stjórn út af þessu máli sem hann hefir gjört. Honum hlýtur þó að vera kunnugt, að bæði stjórnin og velferðarnefndin hafa gjört sitt til að bæta hag starfsmanna landsímans og annara opinberra starfsmanna. Það er og helber misskilningur hans, að starfsmönnum landssjóðs sje með lögum þessum bannað að bera fram kvartanir yfir kjörum sínum. Það er þeim vitanlega leyfilegt, en hitt er þeim bannað, og hegning lögð við, að knýja fram kröfur sínar með verkfalli. Enn fremur sagðist hinn hv. þm. ekki hafa sannanir fyrir því, að landsstjórnin gæti ekki fundið upp á því, að lýsa yfir verkbanni. En það getur ekki komið til mála, að nokkur stjórn grípi til slíkra ráða. Ef einhver stjórn t. d, tæki upp á þeim ósköpum, að lýsa verkbanni á hendur öllum símamönnum og póstmönnum, svo að þau mikilsverðu samgöngufæri legðust niður, þá mundi sú stjórn eiga víst að verða dregin fyrir landsdóm, til þess að sæta maklegri refsingu. Það gæti auðvitað komið fyrir, að landstórnin lýsti verkbanni, þar sem hún stendur eins og privat vinnuveitandi, t. d. gagnvart vegavinnumönnum, en þessi lög eiga ekki við í því tilfelli. — Hinn háttv. þm. sagði, að það væri ekki saknæmt að hóta manni kjaftshöggi. Það er satt, að yfirleitt er það ekki saknæmt, en þó í sumum tilfellum, t. d. ef presti er hótað fyrir altarinu. Þá er og lögð refsing við hótunum um það, að kosningar til Alþingis skuli heftar, eða því, að stjórnarskránni skuli breytt ólöglega, og fleira mætti nefna. Öll þessi ákvæði hafa sama markmið sam frumv.: *að vernda hagsmuni hins opinbera*. Jeg hlýt því að láta þá ósk í ljós, að hv. Ed. samþykki frv. eins og það liggur fyrir.

Flutningsmaður (Jósef Björnsson): Hæstv. ráðherra hefir þegar andmælt mótbárum hins háttv. 5. kgk. (G. B.), svo að jeg þarf ekki að tala langt mál. En jeg vil sjerstaklega nota tækifærið til þess að mótmæla þeim orðum hv. þm., að með þessu frv. eigi að gjöra alla starfsmenn hins opinbera að þrælum. Það er alls ekki rjett, en hitt er satt, að frv. á að girða fyrir það, að þeir geti stofnað heill þjóðfjelagsins í voða. En þrælar landsstjórnarinnar eiga þeir alls ekki að *vera, enda* verða menn að líta á, að hver þeirra sem er, getur að ósekju sagt starfi sínu af sjer, hve nær sem hann vill. Hinn hv. 5. kgk. þm. (G. B.) er alt af að vitna í hjúalögin sem þrælalög. Ef lögin væru svo vond sem hann segir, ætti það að vera hans fyrsta verk að fá þau numin úr gildi. En þau eru sannarlega engin þrælalög, og skal jeg því til sönnunar leyfa mjer, með leyfi hæstv. forseta, að lesa 2 kafla úr þeim. 23. gr. þeirra hljóðar svo: „Nú veikist hjú eður slasast af öðrum atvikum en nú voru talin (21. og 22. gr.), og skal það þá sjálft greiða þann kostnað er leiðir af lækning þess og sjerstaklegri aðhjúkrun, en húsbónda skal skylt að fæða það án endurgjalds. Sje legan ekki hálfum mánuði lengri um slátt eða um vertíð, eður mánuði lengri um aðra árstíma, þá skal hjúið einskis í missa af kaupi sínu“ o. s. frv. En í 30. gr. segir: „Ef hjúið fer úr vist fyrir nokkrar þær sakir, sem greindar eru í 29. gr., eður húsbóndi rekur það úr vist án löglegra orsaka, þá á það heimting á kaupi fyrir vistartíma þann, er um er samið, og matarverði o. s. frv.“ Jeg vil nú spyrja hv. 5. kgk. þm. (G. B), hvort honum sýnist þessi ákvæði líkjast þrældómi, vera þrælkun á hjúunum, eins og skilja mátti af orðum hans. Jeg get

ekki sjeð að svo sje. Mjer virðist þvert á móti svo, að í þeim felist mikilvæg rjettindi fyrir hjúin, og að engu frekar sje á hjúin hallað en húsbóndann, sem veitir þeim vinnu. Og öll orð hans um hjúalögin virðast mjer því ekkert annað en vindhögg út í loftið.

ATKVGR.:

Brtt. 755,1 feld með 11 : 1 atkv.
— 755,2 — — 10 : 1 —
— 765 a-liður samþ. með 8 : 1 atkv.
— 765 b-liður — — 11 samhlj. atkv.
Brtt. 755,3 feld með 10 : 1 atkv.
— 755,4 — — 9 : 1 —
— 755,5 — — 10 ; 1 —
— 755,6 tekin aftur.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr,

Frumv. svo breytt samþ. með 12 : 1 atkv. — Óskað var nafnakalls, og sögðu:

já:	*nei:*
Björn Þorláksson,	Guðm. Björnson.
Steingrímur Jónsson,	
Eiríkur Briem,	
Guðm. Ólafsson,	
Hákon Kristófersson,	
Jón Þorkelsson,	
Jósef Björnsson,	
Karl Einarsson,	
Karl Finnbogason,	
Kristinn Daníelsson,	
Magnús Pjetursson,	
Sigurður Stefánsson.	

Frumv. afgreitt til Nd.
(A. 769).

---

21. Ritsíma- og talsímakerfi.

Á 17. fundi í Ed., miðvikudaginn 28. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 35, 20. október 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands. (A. 116).

Á 19. fundi í Ed., föstudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsmaður (Björn Þorláksson): Örfá orð vil jeg láta fylgja frumvarpinu.

Jeg gæti lagt til að þetta litla frumvarp fengi að ganga nefndarlaust áfram, því frumvarpinu fylgja meðmæli landsímastjóra, og það er enginn útgjaldaauki fyrir landssjóð. En jeg vil þó leggja til, að skipuð verði þriggja manna nefnd til að athuga málið, að þessari fyrstu umræðu lokinni, því í ráði er, að farið verði fram á, að litilfjörleg smáviðbót bætist við það.

Vona jeg að háttv. deild lofi síðan málinu að ganga áfram.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 11 samhlj. atkvæðum.

Þriggja manna nefnd samþykt með 11 atkvæðum.

Í nefndina kosnir að viðhafðri hlutfallskosningu:

Björn Þorláksson,
Kristinn Daníelsson,
Eiríkur Briem.

A 27. fundi í Ed., mánudaginn 9. ágúst, var frumvarpið tekið til 2. umr. (A. 116, n. 230).

Framsögumaður (Kristinn Daníelsson): Þótt nefndarálitið í þessu máli sje stutt, þá hygg jeg að nægilegt sje að skírskota til þess. Mál þetta hefir komið fram að tilhlutun landsímastjórans. Orsökin til þess, að nú þegar þarf að gjöra breytingu á símalögunum, er sú, að þegar þau voru sett, vantaði mikið á, að búið væri að rannsaka fullkomlega, hvar hentugast væri að leggja símalínurnar, og var því lega þeirra sumstaðar í lögunum ákveðin nokkuð af handahófi, líkt og um vegi í áframhaldi væri að ræða. En það getur komið

fyrir um síma, að hentugra sje að slíta þá í sundur og leggja svo sjerstaka símaspotta, og þannig er það hjer. Í þessu frv. er farið fram á tvær breytingar á símalögunum, önnur þeirra er á Austfjörðum, hin á Reykjanesskaga. Fyrir austan stóð svo á, að það átti að leggja símann frá Hjaltastað á Unaós og svo þaðan til Borgarfjarðar. En það þykir ekki þörf að fá síma á Unaós, og hjer er því farið fram á að Unaós sje slept, en síminn lagður beina leið frá Hjaltastað til Borgarfjarðar. Er það ein lína í þríhyrning í staðinn fyrir tvær ella, og verður línan við það talsvert styttri, því eins og allir vita er ein lína í þríhyrningi styttri en hinar tvær línurnar. Við þetta sparast 5800 kr. Á móti þessu kemur það, að nauðsynlegt þykir að leggja síma frá Seyðisfirði til Loðmundarfjarðar. Sá sími mun kosta um 7000 kr. Hjer virðist því vera um 1200 kr. kostnaðarauka að ræða, en það þarf varla að álíta að svo sje, því að sá sími mundi verða lagður hvort sem er innan skams, svo að það má segja að þær 5000 kr., sem jeg gat um áðan, sjeu alveg sparaðar.

Hin breytingin er fólgin í því, að í staðinn fyrir að halda áfram línunni, sem komin er frá Hafnarfirði suður í Garð suður með sjó til Grindavíkur, er nú ætlast til að línan til Grindavíkur sje lögð á staurana, sem nú eru suður með sjó til Vogastapa og þaðan beint til Grindavíkur, með fram hinum nýja vegi. Með þessu er tvent unnið, að síminn liggur meðfram vegi, og þykir það kostur, og að hægt er að nota veginn við stauraflutninginn. Hinn spottinn frá Keflavík suður í Hafnir verður lagður inn í Njarðvík á eldri staura, og þaðan á nýja staura stystu leið suður í Hafnir. Þessar tvær línur verða mun styttri en lína í kring um Reykjanes, og kostnaður við þær því talsvert minni.

Björn Þorláksson: Af því að jeg er flutningsmaður þessa máls, vil jeg segja fáein orð um það. Framsögumaður hefir skýrt alveg rjett frá, en af því að jeg er kunnugur þarna fyrir austan, vil jeg geta þess, sem mælir með því, að sími verði lagður til Loðmundarfjarðar. Fyrst er það sveit, sem hefir mikil framtíðarskilyrði. Sveitin er mjög grösug, útvegur hefir verið þar dálítill og gæti verið talsverður að sumarlagi, og væri því nauðsynlegt að fá þangað síma. Á vetrum er oft erfitt um ferðir til Seyðisfjarðar, og getur því verið erfitt að ná til læknis, en ef sími væri lagður, væri unt að ná munnlega til læknisins og fá ráð hjá honum, enda þótt ekki væri unt að sækja hann. Um kostnaðinn þarf jeg ekki að ræða, því að háttv. framsögumaður hefir skýrt frá að hann yrði *ekki* verulegur fram yfir kostnað við símalagningu um Unaós til Borgarfjarðar, þó báðir þessir símar væru lagðir á Austfjörðum, er frumvarpið til nefnir.

ATKVGR.:

Frumvarpið samþykt með öllum atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvæðagreiðslu,

Frumvarpinu vísað til 3. *umr.* með öllum atkvæðum.

Á 34. fundi í Ed., mánudaginn 16. ágúst, var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. 116, 320).

Jósef Björnsson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með brtt. á þgskj. 320, samkvæmt ósk kjósenda minna. Á tveimur þingmálafundum í Skagafirði var í sumar eindregið skorað á okkur þingmenn kjördæmisins, að vinna af mætti að því á Alþingi, að símalínan frá Sauðárkróki til Siglufjarðar yrði gjörð að 1. flokks línu. Og þetta er ekki nein ný bóla, því á undanförnum árum hafa ár eftir ár verið sam-

þyktar sams konar áskoranir á flestum þingmálafundum í kjördæmi mínu með öllum atkvæðum.

Út af þessu, sem okkur þingmönnum Skagafjarðar var falið, rituðum við brjef og *fórum* þess á leit við nefnd þá, sem kosin var í þessari háttv. deild til að íhuga frumvarp það, er hjer er til umræðu, hvort hún sæi sjer ekki fært að taka það upp í frumvarpið, sem breytingartillaga mín fer fram á. Litlu síðar, eða nær samtímis, ritaði jeg landsímastjóranum brjef og fekk svar frá honum þann 11. þ. m. Í því brjefi, sem jeg skrifaði landsímastjóranum, vitnaði jeg fyrst og fremst í áskorun þá, sem gjörð var til okkar þingmanna kjördæmisins. En eins og jeg áður tók fram, hafa þær áskoranir verið endurteknar undanfarin ár. Með leyfi hæstv. forseta mætti jeg má ske lesa upp kafla úr brjefi landsímastjórans og fundarályktun þá, er gjörð var um mál þetta á þingmálafundinum í sumar. Fundarályktun þessi hljóðar þannig:

„Fundurinn felur þingmönnum kjördæmisins að vinna að því eftir mætti, að símalínan Sauðárkrókur — Siglufjörður verði gjörð að 1. flokks símalínu".

Til skýringar fundarályktun þessari bætti jeg við í brjefinu:

„Ástæður þær, er fram hafa verið færðar þessu til stuðnings, eru sjerstaklega þær, að lína þessi borgi sig flestum línum betur og gefi mjög háa vexti af fje því, er til línunnar var varið og að tillag sveitanna, 10 þúsund krónur, hafi verið tiltölulega hátt".

Þessu hefir landsímastjórinn svarað, og er svar hans aðallega fólgið í því, er jeg nú vil lesa upp með samþykki hæstv. forseta:

„. . . En jeg er yður sammála í því, að af hliðarlínum er Siglufjarðarlínan sú, er einna mest gefur af sjer, og þess vegna gæti verið ástæða til, að endurgreiða hluta af tillaginu, ef afleiðingarnar yrðu ekki til fyrirstöðu.

Jeg get ekki sjeð, að *nein* sjerstök ástæða sje til að flytja Siglufjarðarlínuna yfir í 1. flokk, enda mun það ekki vera aðalkappsmál yðar, heldur endurgreiðslan á tillaginu".

Þannig hljóðar þetta svar landsímastjórans. Hann sneiðir alveg hjá því atriði, að tillagið hafi verið tiltölulega hátt. Hitt játar hann, að línan borgi sig vel, „gefi einna mest af sjer". Og í niðurlagi þess, sem jeg las upp, fer hann að tala um, að tilgangur minn eða aðalkappsmál sje „endurgreiðslan á tillaginu". Um niðurlag þess, er það að segja, að það er sumpart rjett, sem landsímastjórinn segir, að jeg fari fram á, að Siglufjarðarlínan sje tekin í 1. flokk, vegna þess, að það sje „aðalkappsmál" mitt, að tillagið sje endurgreitt. En það er heldur ekki meira en sumpart rjett, sem hann virðist gefa í skyn með orðum sínum, að mjer sje kappsmál, að fá alt tillagið endurgreitt, eins og sakir nú standa. Því jeg hefi í brjefinu skotið því til umsagnar hans, hvort hann teldi óaðgengilegt, að línan yrði 1. flokks, ef jafnframt yrði fram tekið, að aðeins helmingur af öllu tillaginu — 10000 kr. — eða 5000 krónur, yrðu endurgreiddar. En með þessu hefi jeg sýnt, að jeg ljeti mjer nægja miðlun á málinu. Fleira getur og til greina komið en endurgreiðslan, svo sem skyldan til að endurnýja línuna, þegar þar að kemur.

En að því er snertir að taka línu þessa upp í 1. flokk, eins og jeg fer fram á, þá vil jeg leyfa mjer að rökstyðja rjettmæti þess.

Jeg hefi tekið það fram í brjefinu, og jeg tek það enn fram, að línan borgi sig flestum línum betur, og að svo megi líta á, að tillagið sje tiltölulega of hátt, og því tel jeg líka þessa kröfu, um að línan verði gjörð að 1. flokks línu bæði eðlilega og sjálfsagða.

Ástæðurnar, sem jeg ætla að dvelja við, eru þessar tvær:

1. að línan borgi sig betur en aðrar línur og

2. að tillagið sje of hátt.

Jeg skal þá fyrst athuga dálítið nánar síðari ástæðuna, um að tillagið hafi verið of hátt.

Þessi lína kostaði alls 35264 krónur 75 aura, og viðkomandi hjeruð greiddu af því 10 þúsund krónur, eða ekki fullan þriðjung af allri upphæðinni, en gætandi er að því, að í þessum kostnaði er meiri kostnaður en sá, er línan Vatnsleysa—Siglufjörður kostaði, og tillagið var miðað við í fyrstu.

Á þinginu 1909, þegar lína þessi var samþykt, ætlaðist þingið til þess, að hún væri tekin út frá aðallínunni við Vatnsleysu, og samkvæmt því var línan áætluð. En landsímastjórnin leyfði sjer án allrar heimildar frá þingsins hálfu að breyta þessu, og tók línuna alla leið frá Sauðárkrók, svo hún varð talsvert lengri. Frá Sauðárkrók og yfir að Vatnsleysu eru milli 10 og 20 kílómetrar, að mig minnir nákvæmlegar tiltekið 15—16 kílómetrar, sem jeg þó ekki þori að fullyrða að jeg muni rjett. Á þessari leið falla Hjeraðsvötnin til sjávar, svo leggja varð símann yfir báða arma þeirra, beggja megin við Hegranesið, en þetta er að ýmsu leyti erfiðasti partur leiðarinnar til Siglufjarðar.

Skagfirðingar mæltu strax á móti þessu, sýslumaður þeirra, þingmenn kjördæmisins o. fl., því þeir sáu, að með þessu móti var leiðin eigi að eins lengri og dýrari, heldur mundi línan verða ótryggari, enda hefir það sýnt sig, því oft vill línan bila á þessu svæði; en mótmælum þeirra sinti landsímastjórinn ekki.

Afleiðingin af þessu var sú, að það varð að taka upp gömlu staurana, setja upp nýja staura, hærri en þá eldri, á allri línunni frá Sauðárkróki til Vatnsleysu, því gömlu staurarnir voru of lágir, til þess að bætt yrði á þá nýjum þráðum. Þetta var aukakostnaður. Kostnaður á stauraflutningi, mismunur á stauraverðinu, nýr þráður á 15—16 km. leið og uppsetning línunnar. Þetta allt var aukinn kostnaður, sem ekki var áætlaður í upphafi, og sem í sjálfu sjer var með öllu óviðkomandi línunni Vatnsleysa—Siglufjörður, og hlutaðeigandi sveitum því ekki skylt að taka þátt í þessum kostnaði.

Jeg hefi áður áætlað hjer í háttv. deild, að þessi kostnaður hafi eigi getað verið minni en 6 þúsund krónur, og því hefir hvergi verið mótmælt, svo jeg verð að telja það mjög sennilegt, að sú upphæð sje rjett, og því yrði kostnaðurinn við Siglufjarðarlínuna sjálfa í raun og veru að eins tæpar 30 þúsundir króna. Það má líka líta svo á, sem stjórn landsímans hafi viðurkent þetta rjett að vera, er hún ákvað tillag hjeraðanna 10 þúsund krónur, því líklegt er, að hún hafi litið svo á, að tillag hjeraðanna ætti að vera um $^1/_3$ alls kostnaðarins, en ekki þar yfir. En tillag hjeraðanna, 10000 krónur, hefir þó orðið rúmlega þriðjungur af því, er símaálman Vatnsleysa—Siglufjörður kostaði.

Vona jeg nú, að sýnt sje berlega að tillag sveitanna hafi verið tiltölulega hátt. Sný jeg mjer þá að fyrra atriðinu, að þessi símalína borgi sig flestum símalínum betur.

Jeg vil árjetta það, sem í brjefinu stendur, að símaálma þessi borgi sig flestum símaálmum betur, jeg vil taka svo djúpt í árinni, að hún borgi sig betur en allar aðrar 2. flokks símaálmur, hvar sem er á landinu.

Og skal jeg nú færa nokkur rök fyrir því, að þetta sje í alla staði rjett, og að línan hafi því fullan rjett til þess að vera 1. flokks símalína.

Það kom strax í ljós, að línan gaf mjög mikinn arð, og það enda talsvert meiri en mönnum hafði komið til hugar, enda þó, að kunnugum mönnum blandaðist eigi hugur um það frá byrjun, að hún mundi gefa mikinn arð.

Jeg skal þá byrja með því að benda á, að þegar símalögin voru til umræðu á Alþingi 1912, og farið var fram á, að þessi símalína væri tekin í fyrsta flokk ásamt símalínunni til Vestmannaeyja, þá var það þegar ljóst orðið, að arðurinn var mjög mikill. Þann hluta ársins 1910, sem hún var starffær höfðu tekjurnar verið miklar og brúttotekjurnar af henni árið 1911 voru alls 12720 krónur. Að málið náði þá ekki fram að ganga, mun sjerstaklega hafa stafað af því, að þá var mjög áliðið þingtímans, er málið lá hjer fyrir hv. efri deild, og sumir deildarmenn munu því hafa litið svo á, sem málið gæti strandað í þinginu, ef að það lenti á hrakningi á milli deildanna. Að minsta kosti var þessu slegið fram í umræðunum. Jeg skal ekki nú, fara nánar út í þetta atriði, en á hinu vil jeg vekja athygli, að á næsta þingi, árið 1913, var samþykt hjer í hv. Ed., að gjöra línu þessa að fyrsta flokks línu, en hv. neðri deild breytti frv. og feldi línuna burtu.

Eftir skýrslu um störf landsímans námu hreinar tekjur af Siglufjarðarlínunni árið 1912 alt að 6000 kr., og ef frá því er dregin 5 % af stofnkostnaði símalínunnar, en hann talinn 35 þús. kr., eða 1750 krónur alls, þá eru þó eftir um 4000 króna gróði til afborgunar á stofnkostnaðinum. En þetta svarar til þess, að lína þessi greiði 5 % vexti, og endurgreiði höfuðstólinn á ca. 9 árum. Á þinginu 1913 var það dregið mjög í efa af sumum háttv. þingmönnum, að þessar tekjur væru svo fastar, að hægt væri að byggja á þeim.

Þeir þóttust óttast fallvaltleik teknanna, af því þær bygðust mikið á síldveiðinni og að þær mundu fara minkandi, en það hefir reynst rangt. Tekjurnar hafa farið vaxandi síðan. Þeir töldu þá að tryggara væri að byggja tekjur símans á starfsemi Miljónafjelagsins svo nefnda, en á síldarútveg, en reynslan hefir nú sýnt, að stórfyrirtækin geta farið á hausinn, þótt ekki fáist þau við síldveiði, og það — því miður — einmitt þau fyrirtæki, er háttv. þingmenn þá töluðu um og bygðu von sína á sem tryggum grundvelli. Enn er síldveiðin þó í mesta blóma á Siglufirði, og jeg sje enga ástæðu til að ætla, að henni hraki að neinu leyti í náinni framtíð. Síldveiðin er ekki ótryggari en aðrar greinar sjávarútvegsins, og því full ástæða til að ætla, að með vissu megi byggja á henni tekjur næstu ár.

En nú skal jeg gjöra samanburð á árunum 1912 og 1914, til þess að sýna, að tekjur síma þessa hafa farið vaxandi en ekki minkandi.

Samkvæmt skýrslu um störf landsíma fyrir árið 1914, er jeg hefi hjer með höndum, hafa tekjum Siglufjarðar símalínunnar numið það ár meir en árið 1912.

Árið 1914 voru tekjur símans á Siglufirði svo sem hjer segir:

fyrir símtöl	kr.	2905
fyrir innl. símskeyti	—	1665
Alls	kr.	4570
Fyrir skeyti til útlanda voru tekjurnar 9579 kr., og af því tilheyrir $^1/_3$ hluti símanum, eða	—	3193
Aðrar tekjur	—	96
Alls voru tekjurnar	kr.	7859
en allur kostnaður nam . .	—	1367
og voru því hreinar tekjur af þessari stöð	—	6492
En þar við bætast hreinar tekjur (tekjur að frádregnum kostnaði af hinum stöðvunum á línunni, en þær voru:		
Haganesvík	—	352
Fell	—	47
Hofsós	—	579
Kolkós og Vatnsleysa . . .	—	228
Eða alls	kr.	7698

Það er því ljóst, að tekjurnar hafa farið vaxandi, og það að miklum mun, því eins og jeg áðan tók fram, þá námu hreinar tekjur þetta ár 7698 kr. Sje nú

þar frá dregin 5 % í vexti af 35000 kr. eða 1750 kr. þá verður hreinn ágóði auk vaxta um 5950 kr. eða sem næst 6000 kr. Það er með öðrum orðum, að tekjurnar hafa vaxið svo mjög, að þetta samsvarar því, að síminn gæti með jöfnum tekjum og þeim, sem hann hafði 1914, greitt allan stofnkostnað á 5—6 árum, auk 5 % vaxta af upphaflegum stofnkostnaði.

En nú skal jeg víkja enn nánar að þessari hlið málsins, og rekja fjárhagssögu þessarar símaálmu frá öndverðu, svo að menn geti að fullnustu gengið úr skugga um, að jeg fer hjer með laukrjett mál.

Eins og jeg tók áður fram, þá var allur stofnkostnaður símans 35264 kr. 75 au., og var síminn fullgjörður haustið 1910, svo að stöðvarnar byrjuðu starf sitt, sumar í byrjun septembermánaðar, og sumar í lok mánaðarins. Jeg hygg því, að nóg sje að reikna vexti af stofnkostnaðinum frá miðjum þessum mánuði, og verða þá vextirnir með 5% 514 krónur, og kostaði þá síminn 1. jan 1911 . . . . kr. 35778,00

en hreinar tekjur þetta ár á öllum 6 stöðvunum námu alls. . . . . kr. 2014,00

svo í ársbyrjun 1911 voru eftir af stofnkostnaðinum alls kr. 33764,00
og ársvextir af því . . . — 1688,00
Alls kr. 35452,00

Árið 1911 voru hreinar tekjur símans svo sem hjer segir:

Siglufjörður .	kr. 6188,00	
Haganesvík .	— 198,00	
Fell	— 53,00	
Hofsós . . .	— 624,00	
Kolkuós . .	— 118,00	
Vatnsleysa. .	— 53,00	kr. 7234,00

og eru þá eftir af höfuðstól 1. jan. 1912 . . . . . kr. 28218,00
5% vextir af því í eitt ár (1912) . . . . . ca. kr. 1411,00
Alls kr. 29629,00

En árið 1912 voru hreinar tekjur símans aftur svo sem hjer segir:

Siglufjörður .	kr. 4836,00	
Haganesvík .	— 278,00	
Fell	— 72,00	
Hofsós . . .	— 560,00	
Kolkuós . ,	— 167,00	
Vatnsleysa. .	— 55,00	kr. 5968,00

og verður þá eftir af stofnkostnaðinum 1. jan. 1913 . kr. 23661,00
5% vextir af því árið 1913 — 1183,00
Alls kr. 24844,00

Árið 1913 námu hreinar tekjur:

Siglufjörður .	kr. 5393,00	
Haganesvík .	— 235,00	
Fell	— 42,00	
Hofsós . . .	— 432,00	
Kolkuós . .	— 95,00	
Vatnsleysa. .	— 123,00	kr. 6320,00

og er þá eftir af stofnkostnaðinum 1. jan. 1914. . . kr. 18524,00
Þar við bætast 5% vextir árið 1914 . . . . . — 926,00
Alls kr. 19450,00

En eins og jeg tók áður fram, og hefi sýnt sundurliðað, þá voru hreinar tekjur símans 1. jan. 1914 . . . kr. 7698,00
og verða þá. . . . . kr. 11752,00

eftir óborgaðar af símanum nú við síðustu árslok, eða 1. jan. 1915, en það sjá allir, að þessi upphæð verður fullgreidd innan tveggja ára; á því getur ekki leikið nokkur vafi.

En auk þessa vil jeg vekja athygli hv. þingmanna á því, að jeg hefi hjer reiknað með þeim óeðlilega og ekki rjetta stofnkostnaði, er símastjóri telur, eða 35264 krónum, í stað tæpra 30 þús. króna, sem álman frá Vatnsleysu til Siglufjarðar kostaði. Ef jeg hefði reiknað með þeirri upphæð, þá væri nú ekkert eftir, því 1. jan. síðastliðinn hefðu ekki verið eftir nema

5000 krónur, en sú upphæð mun áreiðanlega vera greidd nú.

Þá vil jeg enn fremur vekja athygli hv. deildar á því, að jeg hefi alstaðar talið með gjöldum og kostnaði alt það, sem svo er nefnt í skýrslu um störf landsímans, og þá líka þær upphæðir, sem greiddar hafa verið til viðhalds símans. En eins og allir verða að játa, þá er það ekki rjett; þar er hallað á símalínuna. Jeg hefði því, og það með rjettu, getað sýnt að línan borgaði sig betur en jeg hefi talið.

Loks vil jeg vekja athygli hinnar háttv. deildar á því, að hjer eru í sjálfu sjer ekki taldar tekjur, því jeg hefi einvörðungu, eins og skýrsla landsímans, talið það tekjur, sem hefir innborgast á stöðvunum, en ekkert tillit tekið til þess, er hefir greiðst til símans, vegna samtals eða skeyta til símastöðvanna á línunni, sem þó hefði með nokkrum rjetti mátt gjöra.

Jeg skal sem dæmi benda á það, að frá útlöndum einum hafa verið send fjölda mörg skeyti til stöðva við línu þessa. Skeytafjöldi sá nam:

1912	. .	857 símsk.
1913	. .	933 —
1914	. .	1012 —

Ef þessar tekjur væru taldar með, að einhverju leyti, væri síminn búinn að borga sig.

Það má því öllum vera auðsætt, að þessi lína gefur mikinn hagnað, og mjer finst það sjálfsagt, að hún fái að njóta þess og sje sett í fyrsta flokk.

Jeg býst nú við því, að einhver segi eða kunni að segja, að í fyrsta flokki sjeu einvörðungu þær símalínur, er megi skoða sem sjálfsagðar sambandslínur, hvort sem þær borgi sig eða ekki. En þetta er ekki rjett; það *hafa* verið teknar hliðarlínur í 1. flokk. (*Steingr. Jónsson:* Hverjar?) T. d. Vestmannaeyjasíminn, sem tekinn var í fyrsta flokk á þinginu 1912, og það er jafnrjettmætt, að *þessi lína* sje í fyrsta flokki. Hún gefur meiri arð.

Jeg skal nú ekki lengja umræðurnar að mun meira en orðið er.

Landsímastjórinn segir í svari sínu, að Siglufjarðarlínan gefi einna mest af sjer. Jeg þykist nú hafa sýnt með gögnum, er ekki verður hnekkt, að þessi lína gefur meira af sjer en nokkur önnur 2. flokks símalína gjörir.

Í þessu sama svari sínu segir landsímastjórinn, að hann telji ekki rjett, „að taka nokkra sjerstaka lagningu fram yfir aðra“. Þessu get jeg ekki verið sammála, enda má segja, að háttv. Alþingi og landsímastjórinn sjálfur, meira að segja, fallist ekki á þessa skoðun, því að í símalögunum eru símarnir flokkaðir, og jafnvel hliðarálmur teknar í 1. flokk.

Þegar mál þetta var rætt hjer á Alþingi 1913, þá komu fram raddir um það, að hafa mætti einhverjar ákveðnar reglur um það, hversu mikið símarnir ættu að gefa í arð, til þess að verða teknir í 1. flokk. Jeg man ekki betur, en að jafnskýr og vitur maður og háttv. 1. kgk. (E. B.) hjeldi því fram, að rjettur mælikvarði í þeim efnum væri sá, að setja sem mark, að símarnir gæfu, er reiknaðir væru frá 5% vextir, 10—15% í hreinan arð, upp í afborgun á stofnkostnaði. Sje þetta misminni, vænti jeg að háttv. 1. kgk. leiðrjetti það. En þessi lína gefur meira en það; hún gefur nær 20%, og er það því fullkomlega rjettmætt, frá þessu sjónarmiði skoðað, að hún verði tekin í 1. flokk.

Að lyktum skal jeg geta þess, að mjer er ekki kunnugt um afstöðu hinnar háttv. deildar, nje nefndarinnar til tillögu þessarar; jeg veit ekki, hvers vegna hún hefir ekki sjeð sjer fært, að taka hana upp, nje hvort hún muni mæla með henni eða ekki, þó hugboð mitt sje það, að hún sje tillögunni fremur mótfallin. En jeg vænti að fá að heyra umsögn hins háttv. framsögumanns um þau efni.

En vona vil jeg það, að hin háttv. þingdeild sjái sjer fært að samþykkja tillöguna. Ef hún gjörir það, má hún vera þess viss, að þar nær rjett mál fram að ganga.

Steingrímur Jónsson: Þrátt fyrir hina löngu ræðu háttv. þm. Skagf. (J. B.), þá verð jeg að játa það, að jeg er engu nær um það, hvers vegna honum er það kappsmál, að þessi lína verði gjörð að fyrsta flokks línu, ef tilgangurinn er ekki sá, að fá framlag hlutaðeigandi hjeraða endurborgað.

Hver er tilgangurinn, ef hann er ekki sá, að fá þessar tíu þúsund krónur endurgreiddar?

Er það að eins til þess að fá það heiðurssæti að vera í fyrsta flokki?

Nei, það heiðurssæti getur ekki verið nokkrum manni áhugamál; það hlýtur að vera aðal tilgangurinn að fá 10000 kr. framlagið endurgoldið, og að koma stöðvarkostnaðinum á Siglufirði, og ef til vill á hinum stöðvunum, yfir á landssjóð.

Látum nú svo vera, sem þessi krafa sje rjett, en það gæti dregið óþægilegan dilk á eftir sjer, ef Alþingi færi að samþykkja hana. Það yrði þá erfiðara að neita, þegar næsta beiðni kemur, og sýnt er fram á það, að tillagið hafi verið hátt og línan borgi sig vel, þó sú lína má ske gefi ekki eins miklar tekjur eins og Siglufjarðarlínan.

Þegar línurnar greiða lögvexti, 5%, og auk þess álitlega upphæð í afborgun á höfuðstólnum, þá mundu þær vilja eiga rjett á því, að vera settar í fyrsta flokk, því eigi getur það, í þessu sambandi, haft mikil áhrif, hvort stofnkostnaður endurgreiðist á t. d. 8 eða 10 árum.

Sem dæmi get jeg tekið línuna til Húsavíkur, sem kostaði kr. 19.500, en við lögðum sjálfir til $^1/_3$ eða kr. 6,500. Þessi lína hefir að sönnu ekki gefið eins mikið af sjer og Siglufjarðarlínan, en síðastliðið ár hefir hún þó gefið af sjer um 3 þúsund krónur, og mega það heita nettótekjur, því ekkert hefir verið lagt til starfrækslu nema 60 kr. á Húsavík, og alls ekkert til aðgjörðar. Þetta er mikið, yfir 20% af því, sem landssjóður lagði fram. Líkt er um Vopnafjarðar og Fáskrúðsfjarðar línurnar; þar lögðu hrepparnir fram til helmings. Um Patreksfjarðarlínuna var mikið deilt, en þar var nokkur hluti af framlaginu gefinn eftir. Jeg er því hræddur um, ef Siglufjarðarlínan er gjörð að 1. flokks línu, þá verði afleiðingin sú, að allar aðrar 2. flokks línur komi á eftir og gjöri kröfu til þess sama. Það getur verið að þetta sje rjett, en það er stórkostlegt peningaspursmál og bakar landssjóði mikinn kostnað, því nú er svo til háttað, að góðu línurnar bera þær lakari. Síminn hefir hingað til getað lagt talsvert af mörkum til að leggja nýjar línur, og mun geta það framvegis. Hygg jeg því rjett, að láta þetta mál bíða, þar til allar 2. flokks og hinar helstu 3. flokks línur eru lagðar. Jeg vildi gjöra dálitla athugasemd við hliðarálmur, sem gjörðar hafa verið að 1. flokks línum. Jeg held nú að að eins ein slík lína sje til, nefnilega Vestmannaeyjalínan, en eina ástæðan fyrir henni er sú, að hún ber uppi Suðurlandslínuna, og að með símanum yfir sundið er komist í samband við megnið af öllum siglingum til landsins. (*Karl Einarsson*: Við höfðum aldrei greitt neitt til þeirrar línu). Og eins og háttv. þm. Vestm. (K. E.) sagði, hefðu eyjarskeggjar víst aldrei borgað neitt til línunnar. Jeg vil því ekki samþykkja þessa breytingartillögu, þar eð jeg óttast afleiðingarnar.

Kristinn Daníelsson: Jeg hefi litlu við að bæta það, sem jeg talaði við 2. umr. Það er rjett hjá háttv. flutnm. þessarar brtt. (J. B.), að nefndin vildi ekki taka að sjer að flytja hana, þar eð skoðanir um hana voru skiftar, þrátt fyrir það, þótt hún ef til vill sje sanngjörn. Sjerstaklega vil jeg taka það fram fyrir mína hönd, að þótt mjer þyki mikil sanngirni

felast í þessari tillögu, þá er þó ekki að ræða um þessa línu eina í því sambandi, heldur miklu fleiri, t. d. í mínu hjeraði; sú lína stendur einnig mjög framarlega í því að geta góðan arð. Óska jeg einskis frekar en að síðar verði bættur sá mikli kostnaður, sem mörg fátæk hjeruð hafa lagt á sig við lagningu stöðva þessara. Lít jeg svo á, að svo hljóti að verða síðar. Spurningin er því að eins hvort Siglufjörður eigi að fá ósk sína uppfylta nú á undan öðrum. Tillaga landsímastjórans í þessu efni er sú, að allar línur sjeu teknar fyrir í einu lagi síðar. En mjer finst sem sagt erfitt að koma fram sem mótstöðumaður þessa máls; þó er ef til vill það rjettasta að taka allar línur í einu. Annars skal jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp tillögu landsímastjóra:

„Samkvæmt því leyfi jeg mjer að leggja til, að í 13. gr. D. II. í frumvarpi stjórnarinnar til fjárlaga 1916—17, verði tilfærða upphæðin kr. 7500 fyrir 1916 hækkuð upp í kr. 10,000 (eins og jeg lagði til í uppástungu til fjárlaga fyrir 1916) í því skyni, að heimilað verði að nota hið nauðsynlega af þessari upphæð, til að kaupa nefnt talsímakerfi."

Hjer stendur nokkuð sjerstaklega á með Siglufjörð, þar sem einn hreppur hefir lagt fram 3600 kr. Leyfi jeg mjer því að benda á, ef þetta fellur, hvort fjárlaganefnd háttv. Ed. vill ekki taka þessa tillögu til athugunar, þar eð jeg sje að hv. Nd. hefir ekkert gjört í þessu máli. Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um það.

Í sambandi við annað atriði vil jeg geta þess, að erindi hefir borist frá símastjóra til stjórnarinnar, um að æskilegt væri að loftskeytastöð væri stofnuð hjer í Reykjavík, sem næði til skipa. Hefir erindi þetta verið sent hingað. Samkvæmt 5. gr. símalaganna er ekki heimild til þessa, og hefir því stjórnin lagt til að orð þau, er um þetta mál fjalla í nefndri grein, sjeu feld burt. Nefndinni fanst æskilegt að fá þessa smástöð, sem næði til skipa, þar eð nú munu þegar vera komin loftskeytatæki í annað skip Eimskipafjelagsins, og bráðum von á þeim í hitt, og jeg heyri menn segja að margir togarar mundu brátt fá sjer þau tæki, þegar stöð væri komin á landi; gæti hún því komið að miklum notum. Við leituðum upplýsinga í þessu efni til Vilhjálms Finsen, sem þekkingu hefir á þessu, og hefir hann gefið oss þá skýrslu, að tækin fyrir slíka smástöð mundi kosta 11—12 þús., mastur 10 þúsund, og húsið, sem til þyrfti, 25 þús., *tvent hið síðar talda* áætlað fyrir fullstóra stöð, og það af vjelum, sem ekki nægði fyrir stóra stöð, mundi Marconifjelagið taka aftur í skiftum á sínum tíma, án mikilla affalla. En þegar vjer þó sáum hvað kostnaðurinn var mikill, rjeðum vjer af að koma ekki með sjerstaka tillögu um þetta nú til 3. umr., en nefndin vildi þó skýra frá því, og getur það þá komið fram í háttv. Nd. Hinu fyrir liggjandi frumvarpi taldi nefndin líka óhættast með því að bæta ekki fleirum atriðum við, og vona jeg að því reiði hjer vel af.

Jósef Björnsson: Jeg verð að fara nokkrum orðum um það, sem háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.) sagði.

Hann sagðist vera litlu nær um tilgang breytingartillögunnar. Jeg skal því, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp tvo kafla úr brjefi mínu til símastjóra, honum til skýringar:

„Út af þessu og sökum þess, að jeg hefi í hyggju að flytja tillögu í þessa átt við frumvarp það til breytingar á símalögunum, sem nú er til meðferðar í Ed., leyfi jeg mjer að fara þess á leit við yður, herra landsímastjóri, að þjer látið mjer upp álit yðar um, hvort þjer fyrir yðar leyti teljið þessa breytingu óaðgengilega eftir atvikum, ef við hana væri knýtt því ákvæði, að eigi yrði endurborgað meira en 5 þúsund kr. af tillagi hlutaðeigandi sveita,

eða helmingur tillags þess, er þær lögðu fram. —

Jeg leyfi mjer enn fremur að geta þess í sambandi við þetta, að jeg get ímyndað mjer, að auðveldara kynni að verða, að komast að samningum við viðkomandi sveitafjelög um framhald á starfrækslu stöðva á línu þessari nú, þegar 5 ára tíminn er útrunninn, ef breyting sú kæmist á, sem hjer er rætt um.“

Af þessum orðum er það augljóst, að tilgangurinn er sá, að nokkur hluti tillagsins fáist borgaður. en í brtt. er ekkert um þetta til tekið. En að jeg hefi engu slíku við hana knýtt er sökum þess, að landsímastjórinn *vildi ekki*, eða sá sjer ekki fært, að mæla með neinni miðlun, og eins og brtt. nú liggur fyrir er því hægt að koma með ósk um að alt sje endurborgað. Hefði landsímastjórinn sjeð sjer fært að mæla með því, að *línan* yrði 1. flokks og helmingur tillagsins borgaður, þá myndi jeg hafa látið ákvæðið um, hve mikið endurgreiða skyldi af tillagi sveitanna, fylgja tillögunni. Sje jeg því enga ástæðu til þess, að nokkur *hneykslist á tillögu minni*.

Að tilgangurinn sje meðal annars sá, að meira sje greitt af starfrækslu símans á Siglufirði af hálfu símans, heldur en nú er, það er rjett. En að starfrækslukostnaður annara stöðva á línunni komi frekar á landssjóð fyrir það, þó viðkomandi stöðvar sjeu á 1. flokks línu, eins og háttv. 2. kgk. þm. gaf í skyn, að fyrir mjer mundi vaka, kemur ekki til mála. Síminn borgar ekki að öllu starfrækslu nema 1. flokks stöðva; það hefir að vísu verið gjört, og þó er það ekki lagaskylda. Má þó vera, að einhver háttv. þm. þykist geta sýnt mjer fram á að svo sje, en þar til svara jeg fyrirfram nei; það er að eins venja og ekkert frekar, og um 2. og 3. flokks stöðvar er venjan sú, að borga lítið eða ekkert, þó á 1. flokks línu sje.

Þá talaði háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.) um 2. flokks línuna til Húsavíkur. Jeg skal ekki bera á móti því, *að hún* borgi sig vel, en ekki borgar hún sig eins vel og Siglufjarðarlínan. Húsavíkurlínan gaf árið 1912 eftir því, sem háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.) sagði sjálfur á þingi 1913, kr. 1600 nettó af kr. 19500, eða kring um 20%. Þegar það er borið saman við Siglufj.línuna, hefði Húsavíkurlínan þurft um þrisvar sinnum lengri tíma til að borga sig. Árið 1914 hefir Húsavík haft kr. 1814 fyrir símtöl, kr. 503 fyrir skeyti, útlend skeyti tæpar 600 kr., eða kr. 200 í hlut landsímans. Þetta verður samtals 2517 kr. eða að frádregnum kostnaði, 240 kr., 2277 kr. Við það má bæta tekjum af stöðvunum á Breiðumýri og Laxamýri, sem er sem næst kr. 180 nettó. Verða tekjurnar þá sem næst kr. 2450. Ef þar dragast frá 5% af láninu, verða það 1000 kr. Eftir verða þá ca. 1450 kr., og yrði sú upphæð um 14 ár að borga stofnkostnaðinn 19,500 kr.

Jeg hefi áður talað um Siglufjarðarlínuna, miðað við síðasta árs tekjur af henni, og sýnt fram á að með þeim endurborgaðist stofnkostnaðurinn, um 35000 kr., á 5—6 árum; þarf Húsavíkurlínan því sem sagt þrisvar sinnum lengri tíma til þess að borga sig, hvort sem miðað er við árin 1912 eða 1913. Mæli jeg þar með þó alls ekki á móti því, að rjett væri að taka þessa línu í 1. flokk, en Siglufjörður á meiri rjett til þess.

Hákon Kristófersson: Jeg skal ekki lengja umræðurnar mikið, en það er brtt., sem jeg þarf að segja nokkur hlý orð um.

Jeg skal strax lýsa yfir því, að jeg er flutnm. samþykkur í því, að brtt. feli í sjer rjettlætiskröfur, en það eru fleiri stöðvar, sem eiga kröfu til hins sama, og sumar af þeim stöðvum álít jeg hafa öllu meiri rjett til að komast í 1. flokk en þá, sem hjer er um að ræða. Tek jeg það þó fram, að jeg vildi gjarnan styðja að því, að þessi stöð, sem aðrar fleiri, væri

færð í 1. flokk, því að vitanlega er það rjettmætast, að landssjóður kosti alla síma, að mestu eða öllu leyti.

Á þinginu 1913 fór hv. þm. (J.B.) fram á, að Siglufjarðarsíminn væri tekinn í 1. flokk, og krafðist jeg þess jafnframt, að síminn frá Isafirði til Patreksfjarðar væri það líka. Hjer er líkt mál að sækja, enda þótt Siglufjarðarsíminn gefi meira af sjer, eins og stendur, þá byggjast þær tekjur mestmegnis á síldarútveginum, sem þar er rekinn; hyrfi hann úr sögunni, sem vel getur komið fyrir, þá mundu tekjur af síma þessum stórum minka. Þegar jeg því sá, brtt. á þgskj. 320 datt mjer í hug að koma fram með breytingartillögu um Patreksfjarðarsímann, en er jeg hafði hugsað málið, leit jeg svo á, að tæplega væri leggjandi út í það nú, að taka símalínurnar í 1. flokk, og leggja þær að öllu á landssjóð. Þótt jeg, eins og jeg hefi þegar sagt, teldi það allra rjettmætast og eðlilegast, því þó þær símalínur sjeu má ske til, er ekki bera sig, þá er það ekki bein sönnun fyrir því, að þær sjeu ekki nauðsynlegar. Það er víða hjer á landi staðhátturn þannig varið, að sími á einhvern sjerstakan stað getur alls ekki borið sig, af tekjuaukning þeirri, er samband við þennan eða þann stað gefur af sjer, en það getur verið svo mikið lífsskilyrði fyrir þá, er búa á hinum afskektari stöðum, að fá þangað síma, að það sje bein skylda þjóðfjelagsheildarinnar, að láta framkvæma það á sinn kostnað. Jeg verð því að lýsa því yfir, að þó nokkur sanngirni mæli með till. þessari, get jeg ekki greitt henni atkvæði mitt eins og sakir standa nú; lít líkt á þetta mál og hv. 2. kgk. (Stgr. J.).

Hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) gat þess, að nefndin hefði ekki sjeð sjer fært að mæla með byggingu loftskeytastöðvar, og skildist mjer, að það væri mest sökum peningaeklu.

Jeg verð að segja það, að hversu gjarna sem jeg vildi líta sömu augum á þetta mál og hv. nefnd, þá er mjer það ómögulegt. Jeg tel í raun og veru engan sparnað í því að spara til þess, sem bráðnauðsynlegt er; það getur þvert á móti oft verið mjög skaðlegt. Jeg verð því að láta í ljós undrun mína yfir því, að nefndin skuli ekki hafa lagt það til, að reist væri loftskeytastöð hjer, sjerstaklega þar sem landsímastjórnin er því máli mjög fylgjandi. Enda er það vitanlegt, að margir staðir verða alveg símasambandslausir, ef þetta kemst ekki í framkvæmd; má þar til nefna Flatey á Breiðafirði, Grímsey og fl. staði.

Það sagði einhver að fylgi mitt við þetta mál væri af hreppapólitík. Þessu neita jeg ei algjörlega. Þó jeg nefndi Flatey á Breiðafirði í einu sambandi við þetta, var ekki nema eðlilegt, því eins og hv. þingm. er kunnugt, er þar verslunarstaður allfjölmennur, er hefir engan síma. Hversu mikið tjón af því getur leitt, að sími liggur ekki þangað, er óútreiknanlegt, ekki einungis fyrir verslunina sjálfa, heldur einnig alla þá, sem eru viðskiftamenn hennar. Það, að setja hjer upp loftskeytastöð, gefur mjer mikla von um að slík stöð verði sett upp á Flatey, annað hvort samtímis eða sem allra fyrst á eftir þeirri, er hjer væri sett upp. Að svo verði gjört, þykist jeg hafa ástæðu til að vona samkvæmt loforðum símstjóra, þá er jeg átti tal við hann síðast um þetta mál. Þar sem jeg veit mjög vel, hve afar áríðandi það er fyrir Flatey, að komast í símasamband, en jeg veit einnig, að það mundi dragast um lengri tíma, að sæsími verði lagður þangað, þá er það laust við alla hreppapólitík, þó jeg sje því fylgjandi, að stöð þessi verði reist hjer, þó hún nái ekki til útlanda; því verði ekki stöðin reist hjer, þá er jeg vonlaus um að fá nokkurs konar símasamband til Flateyjar fyrst um sinn, eða svo hefir mjer virst tekið í það mál, bæði hjer á þingi og af símstjóra.

Jeg sje svo ekki ástæðu að fjölyrða frekar um þetta, en vil taka það fram, að

jeg muni ekki greiða atkvæði með brtt. á þgskj. 320.

ATKVGR.:

Brtt. 320,1 feld með 10:2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jósef Björnsson,	Björn Þorláksson,
Karl Einarsson.	Steingr. Jónsson,
	Eiríkur Briem,
	Guðm. Björnson,
	Guðm. Ólafsson,
	Hákon Kristófersson,
	Jón Þorkelsson,
	Kristinn Daníelsson,
	Magnús Pjetursson,
	Sig. Stefánsson.

Einn þingmaður ekki viðstaddur.

Brtt. 320,2 þar með fallin.

Frv. samþ. með 11 samhlj. atkv. og afgreitt til Nd.

(A. 364.).

Á 52. fundi í Ed., laugardaginn 4. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma og talsímakerfi Íslands,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 770).

Á 53. fundi í Ed., mánudaginn 6. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 770, n. 772).

Forseti tók frv. út af dagskrá.

Á 55. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. sept., var frv. tekið til einnar umr.

Framsögum. (Kristinn Daníelsson): Eins og sjest af nefndarálitinu á þgskj. 772 leggur nefndin til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Nd.; þar hafa að eins verið gerðar orðabreytingar á frumvarpsgreininni upphaflegu, en ekki efnisbreytingar. Aftur á móti hefir Nd. aukið við nýrri grein, sem ákveður, að heimilt sje að reisa loftskeytastöð í Reykjavík, þótt hún hafi ekki nægan kraft til sambands við útlönd, og fullnægi að því leyti ekki skilyrðum ritsímalaganna. Þetta kom líka til tals hjer í deildinni, er málið var rætt hjer, þótt sú yrði niðurstaðan, að taka ekki þetta ákvæði inn í frv. En nú hefir neðri deild sýnst það tiltækilegt, og vill nefndin ráða til, að hv. Ed. verði því ekki mótfallin. Það er mjög æskilegt að loftskeytastöð verði sett hjer á stofn, og þó að hún hafi ekki nógan kraft til þess að ná til annara landa, þá getur hún þó komið að haldi einnig að því leyti, því að skip eru skyldug til að flytja skeyti áleiðis. Mjer er sagt, að stöð með slíkum krafti, sem þessi á að hafa, geti náð til skipa fyrir norðan Skotland, og verður þá auðið að koma skeytum milli landa. Þegar við nefndarmenn í upphafi töluðum um loftskeytastöð, gjörðum við ráð fyrir, kostnaðurinn yrði um 50 þús. kr. En nú er okkur tjáð að komast megi af með miklu minni kostnað, eða hjer um bil 20 þús. kr. Loftskeytaáhöld kosta 11 þús. kr., með því verði, sem nú er, og vel er hægt í byrjun að komast af með hús fyrir 4 þús. kr., — seinna má svo auka við það, — en stöngin þá eitthvað nálægt 5000 kr. Í hinni fyrri áætlun var gjört ráð fyrir, að húsið kostaði 25 þús., en stöngin 10 þús. kr. — Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta, en legg til að hv. deild fallist á tillögur nefndarinnar. Þess skal getið, að í frumvarpsgreininni eru prentvillur, og mun skrifstofan sjá um, að þær verði leiðrjettar. Helst er þessi: „Sandskörð“ fyrir Sandaskörð.

Karl Einarsson: Mjer kemur það á óvart, að hjer á alt í einu og undirbúningslaust, að fara að samþykkja að setja hjer upp loftskeytastöð, sem ekki hefir nægan kraft til sambands við útlönd. Áður hefir hjer verið mikil mótspyrna móti loftskeytastöð, og hygg jeg að sumar mótbárurnar

gegn henni hafi verið á rökum bygðar. Og víst er það, að miklu var reksturskostnaðaráætlunin hærri, er það kom til tals að reisa slíka stöð í Vestmannaeyjum. Jeg man það meðal annars, að þá var álitið, að reksturskostnaður gæti aldrei orðið minni en 5000 kr. á ári. — Annars hefi jeg heyrt útgjörðarmenn efast um, að þeir mundu hafa mikið gagn af stöðinni. Einn þeirra, sem jeg átti tal við nýlega, taldi í meira lagi tvísýnt, að menn hjer færu að hafa loftskeytaáhöld á skipum sínum.

Þó að Stóra Norræna nú hafi einkaleyfi sem stendur, þá fæst vafalaust samþykki þess, ef það fær að njóta teknanna og stöðin kemur ekki í bág við hagsmuni þess. Fyrir mitt leyti get jeg ekki samþykt frv. þetta, og ræð hv. deild helst til að fella það.

Ráðherra: Mjer kemur dálítið kynlega fyrir, hverning hv. þm. Vestm. (K. E.) lítur á þetta mál. Vill hann heldur alls enga stöð, heldur en að hún geti að eins skift við skip. Getur verið að þetta orsakist af hinni sjerlegu sjómannsþekkingu hans. Mál þetta hefir verið rætt í Nd. og eftir að fyrirspurnum því viðvíkjandi hafði verið svarað, var allur þorri þingmanna á því máli, að ekki væri tiltækilegt að byggja öðruvísi stöð en hjer er rætt um.

Hjer koma 4 stærðir af stöðvum til mála, sem sje stöð, er nái til Ameríku, með uppundir 250 kílóvolta styrkleika, og mundi hún kosta frá 750 þús. til 1 milj. kr. Því næst er stöð, er næði til Bergen, og mundi hún kosta frá 130—150 þús. kr., en þar kemur ekki að eins byggingarkostnaður til greina, heldur líka hvort landsstjórnin getur rekið hana án skaða. En gegn þessu koma ákvæði þau, sem tekin eru fram í leyfisskrá þeirri, er Stóra Norræna fjekk 28. júní 1906, og birt var í A.-deild stjórnartíðindanna sama ár, og jeg skal lesa, með leyfi hæstv. forseta. 6. gr. skrárinnar hljóðar svo: „Meðan leyfi þetta stendur skal ekki mega veita neinum öðrum rjett til símalagningar eða annara til almenningsnota ætlaðra rafmagnssambanda milli Íslands og Færeyja eða milli Íslands eða Færeyja og annara hluta Norðurálfu. Aftur á móti skal leyfisskrá þessi ekki vera því til fyrirstöðu, að reistar sjeu, á Íslandi eða í Færeyjum, stöðvar fyrir þráðlausa firðritun til hraðskeytasambands við skip á sjó úti. Heimilt er og stjórn Íslands, áður leyfi þetta er á enda, að stofna þráðlaust firðritunarsamband milli Færeyja og einhvers staðar í nánd við Reykjavík, ef stjórninni þykir það æskilegt, með því skilyrði, að fjelagið fái sömu borgun fyrir hraðskeyti, send með loftritunartækjunum, eins og fyrir sæsímaskeyti frá eða til eða gegn um Ísland. Meðan slíkt þráðlaust samband er reglulega notað, færist tillag það frá landssjóði, sem nefnt er í 2. gr., niður um 13 þús. kr. á ári".

Meðan leyfi þetta stendur, höfum við því alls ekki leyfi til að byggja stöðvar, sem eru stærri en svo, að þær nái til Færeyja. Ritsímafjelagið gæti gjört rjett sinn gildandi með dómi, og jafnframt er áskilið að endurnýjun fáist á leyfinu að 20 árum loknum, en það ákvæði fjell að vísu burt með ritsímalaninu 1913, er svo var um samið, að þegar það lán væri fullborgað, þá fjelli burt skerðingin á leyfi til að byggja loftskeytastöð, en þó ekki fyrri en að leyfistímanum loknum. Eftir 20 ár er því fult leyfi til að byggja stöð, sem nær til Bergen, án leyfis Stóra Norræna, ef lánið er þá greitt. Danir voru áður að hugsa um stöð í Færeyjum, en munu nú hættir við það, að minsta kosti í bráðina. En þýðingarlaust fyrir okkur að hugsa um samband við Færeyjar, meðan þar er eigi reist loftskeytastöð.

Loftskeytastöð, sem gæti náð til skipa, mundi kosta um 28 þús. kr., og er þar með reiknuð 10% verðhækkun. Get jeg ekki sjeð nema um tvent sje að velja, annaðhvort að hyggja enga stöð, eða þá

að hún sje svo úr garði gjörð, að hún nái til skipa. En þá er auðvitað spurningin, hvort gagnið að henni sje svo mikið, að hún nái tilgangi sínum. Háttv. þm. Vestm. (K. E.) heldur það ekki, en mjer er kunnugt um að ýmsir álíta hið gagnstæða. Jeg hefi sjálfur ekki vit á þessu máli, eins og ætti að vera; en fer þar eftir áliti annara skynbærra manna, og jeg get ekki sjeð, að neinn skaði sje skeður, þó 2. gr. á þgskj. 770 sje samþykt, því að þó stöðin verði ekki reist, þá skaðar þó ekki að heimildin standi. Gott er líka að hafa heimildina, því lögin frá 1912 verða varla skilin öðruvísi en að stöðin megi ekki ná skemra en til „útlanda". Ritsímalögin segja svo í 6. gr., og hjer verður að gæta gjörðra samninga. Í Nd. var greinin samþykt með miklum atkvæðamun.

Karl Einarsson: Að eins örfá orð út af ræðu hæstv. ráðherra. Jeg verð að líta svo á þetta mál, að ekki sje nein brýn þörf á loftskeytastöð, og mjer skilst að hæstv. ráðherra álíti að ekki eigi heldur að byggja stærri stöð. Því hefir verið haldið fram, að ekkert leyfi fengist hjá Stóra Norræna fjelaginu, til að byggja loftskeytastöð, en jeg neita að þetta sje rjett; en hvað leyfisskránni viðvíkur, þegar á að framlengja einkaleyfi Stóra Norræna fjelagsins, þá neita jeg því, þá er leyfistíminn er á enda, að ekki megi setja hvaða skilyrði sem vill og alveg neita um endurnýjun. Jeg veit heldur ekki hverjir það eru, sem vit hafa á þessu máli, sem álíta þetta svo bráðnauðsynlegt, því jeg álít einmitt að bygging þessarar stöðvar nú, verði til að hamla því, að stærri stöð verði bygð síðar.

Kristinn Daníelsson: Það hygg jeg ekki rjett, sem hv. þm. Vestm. (K. E.) sagði, að að bygging þessarar stöðvar þurfi að tefja fyrir því, að stærri stöð verði bygð síðar. Látið hefir verið í ljós, og nú af hæstv. ráðherra, að stöð til útlanda kæmi í bága við samninginn við Stóra Norræna. En þegar símalögin voru sett 1912, hefir verið gengið út frá, að komast mætti að samningum við það, en þó tekið beint fram í 6. gr., að þetta verði eftir gildandi samningum.

Háttv. þm. Vestm. (K. E.) talaði mikið um kostnaðinn; um hann get jeg að vísu ekkert fullyrt, en skýri að eins frá því, sem mjer hefir verið sagt. Jeg hefi upplýsingar mínar frá Vilhj. Finsen loftskeytafræðingi, sem er eini maðurinn hjer, sem nokkuð kann að slíku. Jeg gleymdi að taka það fram, að reksturskostnaður mun, eftir lauslegri áætlun sama, verða nálægt 3500 kr. á ári. En hvað því viðvíkur, að útgjörðarmönnum mundi ekki verða nein bót að stöð þessari, þá get jeg ekki verið háttv. þm. samdóma um það; þeim hlýtur að geta orðið hún til gagns.

Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um mál þetta, en vona að eins að deildin búi ekki yfir þeim launráðum að fella alt upphaflega frumv. vegna þessarar viðbótar, og ef jeg vonaði ekki, að það mundi ná samþykki, bæði jeg hæstv. forseta að taka málið út af dagskrá, svo að kostur væri með brtt., sem engin hefir fram komið, að fella loftskeytastöðina aftan af, en *láta* aðalgreinina standa.

Karl Finnbogason: Hjer hefir verið talað um, að bygging stöðvar þessarar mundi verða til þess að tefja fyrir því, að önnur stærri stöð yrði bygð síðar. Jeg hefi heyrt að byggja mætti stöð þessa svo, að hægt væri að auka við hana síðar, og jeg vildi leyfa mjer að spyrja hæstv. ráðherra hvort svo sje ekki. Ef svo er, þá sje jeg ekki annað en hag að því að byggja stöðina strax. — Annars vil jeg taka undir það með háttv. þm. G.-K. (K. D.), að æskilegt væri að taka málið út af dagskrá, ef menn hyggjast að fella frv. Því mjer er mjög ant um það.

Ráðherra: Hv. þm. Vestm. (K. E.) vildi skilja 6. gr. ritsímalaganna svo, að heimilt væri að byggja hvernig stöð sem væri, en það er vafalaust, að ekki má byggja stöð, sem nær til útlanda, fyrr en eftir 20 ár, án samkomulags við Stóra Norræna. Því er ekki til neins að hugsa um það, því sagt er að leitað hafi verið hófanna við Stóra Norræna, og það hafi tekið fjarri að láta nokkuð af sínum rjetti. Um hitt atriðið, að engir óskuðu þessa, þá get jeg ekki skilið að svo sje; útgjörðarmenn eru margir með því að fá stöðina, og eins er mjer kunnugt um Eimskipafjelag Íslands, sem hefir loftskeytatæki á sínum skipum. Auk þess er fjöldi útlendra togara hjer í kring um land, sem hafa tækin, og mundu hafa gagn af stöðinni. Hitt er ósagt, hvort hún mundi borga sig fyrst í stað. Eins líklegt að tap yrði að henni.

Viðvíkjandi fyrirspurn hv. þm. Seyðf. (K. F.) skal jeg taka það fram, að jeg er ekki sjerfræðingur í þessari grein, en þeir 2 menn, er jeg hefi mína vitsku úr, draga það ekki í efa, að stækka megi stöðina. Annar þessara manna var landsímastjórinn og hinn var umboðsmaður Marconifjelagsins í Kaupmannahöfn. Telja þeir engan efa á því, að þó stöðin sje fyrst bygð lítil, þá megi stækka hana síðar.

Hákon Kristófersson: Þó jeg sje á því, að æskilegt væri að byggja stöð, sem næði til útlanda, þá mun jeg samt greiða frv. þessu atkvæði. Gjöri jeg það, vegna tals, er jeg átti við landsímastjórann, og þótti honum líklegt að þvílíkar smástöðvar væru hentugar á stöðum, sem lítil líkindi eru til að komist bráðlega í símasamband. Var jeg þá sjerstaklega að hugsa um Flatey á Breiðafirði. Er það sem kunnugt er, allfjölmennur staður, en lítil líkindi til, að þangað komi sími fyrst um sinn, en lítil loftskeytastöð yrði þar að góðu gagni. Auk þess mætti nefna marga aðra staði, sem mundu koma á eftir.

Get jeg að öllu leyti fallist á skýringar hæstv. ráðherra á þessu máli, að á næstu árum getum við ekki fengið stöð, nema með nýjum samningum, og eins að bæta megi síðar við væntanlega stöð hjer, án verulegs kostnaðarauka. Get jeg því ekkert sjeð á móti því, að frv. nái fram að ganga, og mun greiða því atkvæði mitt.

Karl Einarsson: Jeg vildi að eins leiðrjetta eitt atriði í ræðu hæstv. ráðherra. Jeg tók fram, að loftskeytastöð væri heimiluð, en komast þyrfti að samningum við Stóra Norræna, og jeg bætti því við, að ólíklegt væri, að þeir hefðu á móti því. Heyrt hefi jeg líka að það hafi verið reynt, og málið horft fremur vænlega.

Ráðherra: Til skýringar skal jeg geta þess, að leitað hefir verið hófanna með samninga við Stóra Norræna, en því verið tekið mjög dauflega.

Jósef Björnsson: Það er út af ummælum háttv. þm. Barðstr. (H. K.), sem jeg stend upp. Jeg verð að láta þá skoðun mína í ljós, að mjer finst það ekki vera mikil meðmæli með þessari væntanlegu loftskeytastöð, að sjálfsagt sje að fleiri smástöðvar komi á eftir hingað og þangað. Að minsta kosti tel jeg þetta engin meðmæli á meðan engin reynsla er fengin fyrir því, hvernig það mundi borga sig. Jeg minnist þess, að þegar loftskeytamálið var til umræðu hjer á þingi 1911, og talað var um að reisa smástöðvar í Vestmannaeyjum, Vík, Hornafirði og víðar, þá var það tekið fram af þeim, sem andvígir voru loftskeytum, og vitnað til þeirra, sem mest vit áttu að hafa á málinu, að mikil tvísýna væri á, og enda harla ólíklegt, að tekjurnar yrðu öllu meiri en rekstrarkostnaðurinn, sem þá var giskað á, að myndi

verða 3—5 þús. kr. á hverri stöð, því alstaðar yrði stöðvarstjóri að vera sjerfræðingur. Ef þessi ummæli hafa verið rjettmæt, þá virðist hentugra að afla sjer nokkurrar reynslu, áður en margar slíkar smástöðvar eru reistar.

Það, sem mönnum hefir helst borið á milli um þessa væntanlegu stöð hjer í Reykjavík, er það, hvort hún eigi að vera svo stór, að hún nái til útlanda, eða hvort menn eigi að láta sjer nægja, að hún nái einungis til skipa hjer við land. Það hefir verið sagt hjer í deildinni nú, að útgjörðarmennirnir hjer í Reykjavík sjeu sumir því hlyntir, en aðrir hyggja að stöðin muni koma að næsta litlum notum. Jeg skal vitanlega ekkert um þetta dæma, en jeg get getið þess, að jeg hefi nýlega átt tal við einn af stærri útgerðarmönnum hjer í Reykjavík, og taldi hann ekki líklegt, að þetta mundi koma að miklum notum fyrir botnvörpungaútgjörðina, og sagði, að sjer fyrir sitt leyti væri engin þægð í slíkri stöð. Þó sannfærðist hann um það, er á leið samtalið, að mannbjörg mundi stundum geta orðið af, sem ella væri tvísýni á eða ókleif, og eru það óneitanlega mikil meðmæli.

Í sambandi við það, sem menn hafa talað um, að úr þessari litlu stöð mætti gjöra aðra stærri, vildi jeg mega spyrja hæstv. ráðherra, hvort hann mundi ekki telja ástæðu til, ef þessi litla stöð væri reist, að hafa þá hús og annað stöðinni tilheyrandi, að vjelum undanskildum, svo stórt, að nægja mundi stærri stöðinni, ef hún kæmi seinna. Ef þetta væri hægt, án þess að skaði yrði að, þá lít jeg svo á, að talsvert aðgengilegra sje að hugsa um minni stöðina. Sumir hafa reyndar haldið því fram, að hægt muni verða að selja vjelar allar fullvirði, sem notaðar yrðu, en naumast mun þó vera hægt að gjöra ráð fyrir því, að fá fult verð fyrir þær. En þó nokkur skaði yrði á þeim, væri það ekki setjandi fyrir sig, ef annað það, er til stöðvarinnar væri kostað, yrði notað við stærri og fullkomnari stöð.

Ráðherra: Háttv. þm. Skagf. (J. B.) kvaðst hafa talað við útgjörðarmann hjer í Reykjavík, sem ekki hefði kært sig um loftskeytastöð. Það er mjög líklegt, að sumir útgjörðarmenn sjeu þeirrar skoðunar, því eins og kunnugt er, þá fylgjast menn misjafnlega vel með tímanum, og sumir hata jafnan allar nýjungar, en þykjast vera sjer fullnógir sjálfir. Þessi útgjörðarmaður viðurkendi þó, að mannbjörg gæti orðið með hjálp stöðvarinnar, sem ella væri ókleif, og virðist það þegar vera einn höfuðkostur.

Það er vitanlega alveg rjett hjá háttv. þm. Skagf., að sjálfsagt er að bíða og sjá hvernig þessi stöð reynist, áður en tekið er að reisa fleiri stöðvar.

Hvað því við víkur, að gjöra stærri stöð úr minni, þá blandast víst engum sjerfróðum manni hugur um það, að slíkt er vel hægt. Jeg vildi í því sambandi benda á ummæli landsímastjórans í brjefi hans til ritsímanefndarinnar á þingi 1914. Brjef þetta er prentað í þingtíðindunum 1914 A, fylgiskjal II við þingskjal 396, og vildi jeg leyfa mjer að lesa upp nokkrar línur úr því, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir svo: „Landsímastjórninni er það ljóst, að nú er kominn tími til að setja upp þráðlausa stöð, til viðskifta við skip á sjó, og mun hún hið fyrsta stinga upp á við landsstjórnina, að hvort sem Færeyjastöðin verður bygð um leið eða ekki, þá verði á árinu 1915 sett upp þráðlausa stöð nálægt Rvík, sem annaðhvort dregur jafnlangt á daginn og áður er talað um, eða styttra, að eins ætluð til að afgreiða skip í hafi.

Ákvörðun um stað stöðvarinnar er, ef ekki verður öðru vísi ákveðið af þingi eða landsstjórn, komin undir lagningskostnaði stöðvarinnar, samanborið við aukakostnað

við væntanlega stækkun stöðvarinnar seinna. Áætlanir yfir þetta eru ekki fengnar enn þá".

Af þessu er það ljóst, að landssímastjórnin efast ekki um, að hægt sje að reisa litla stöð með það fyrir augum, að stækka hana síðar. Jeg átti enn fremur tal um þetta efni við sjerfræðing í þessari grein í Kaupmannahöfn, er jeg síðast var erlendis, og var hann á sömu skoðun um þetta atriði. En vitanlega er sjálfsagt að rannsaka þetta alt, áður en stöðin verður reist, því jeg hygg, að næg reynsla sje fyrir þessu annarsstaðar, þó ekki sje hún enn fengin hjer á landi.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 11 : 2 atkv. og afgreitt *sem lög frá Alþingi.*

(Sjá A. 838).

---

22. Bannlagabreyting.

Á 18. fundi í Ed., fimtudaginn 29. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka og breytingu á lögum nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutnfngsbann á áfengi. (A. 136).

Á 20. fundi í Ed,, laugardaginn 31. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Björn Þorláksson): Jeg ætlaði ekki að halda neina ræðu, en að eins láta nægja að segja örfá orð.

Vil jeg byrja á að geta þess, að prentvillur höfðu slæðst inn í þingskj. 136, en þær hafa verið lagfærðar, og þgskj. útbýtt á ný í deildinni. Vona jeg að þetta hafi ekki komið að sök.

Eins og sjá má, stefnir frv. þetta að því, að bæta galla, sem eru á aðflutningsbannslögunum. Skal jeg geta þess, sem einn af flutningsmönnum þeirra, að mjer duldist ekki, að ýmsir gallar voru á þeim, er þá var ekki hægt að lagfæra, eins og stóð á, sökum ýmissa atvika, og var eigi nema um tvent að gjöra, annaðhvort að samþykkja þau óbreytt, eða fella þau. En reynsla sú, sem vjer höfum þegar fengið þetta hálfa ár, sem lögin hafa verið í gildi, hefir sýnt, að gallarnir tefja framkvæmd þeirra að ýmsu leyti. Frv. þetta er því fram komið í þeim tilgangi, að lagfæra þessa galla, þrátt fyrir það, þó mjer dyljist ekki, að ekki muni með því takast að lagfæra þá alla. Málið er þýðingarmikið og alvarlegt, jafnt vinum þess sem andstæðingum, og vona jeg því, að háttv. deild sýni frv. þá kurteisi, að láta það ganga til 2. umr. og kjósi 5 manna nefnd til þess að athuga það.

Eiríkur Briem: Jeg vil skjóta því til hv. forseta, að hlutast sje til um, að frv. sjeu ekki prentuð upp aftur, án þess að grein sje gjörð fyrir því. Heima hjá mjer lágu bæði þingskj. 136, en jeg tók að eins eitt af tveimur, og hefi ekki hugmynd um, hvort hefir verið hið rjetta. Eftirlit með þessu þarf því nauðsynlega að aukast.

Forseti: Jeg mun áminna skrifstofuna um þetta.

Björn Þorláksson: Jeg skal, með leyfi forseta taka fram, að síðari málsgr. í 2. gr. hljóðar svo; „Taka má fastan og setja í hald hvern þann mann, er ölvaður er á almanna færi, en ekki má hafa hann í haldi lengur en 24 klukkustundir".

Magnús Pjetursson: Jeg ætla ekki að halda neina ræðu, en vildi að eins gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Jeg mun greiða atkvæði með frumvarpi þessu til 2. umr., ekki af því, að jeg sje frv. samþykkur, heldur af því, að jeg hefi sjálfur hugsað mjer að koma fram með brtt. við bannlögin.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal geta þess, að á þingmálafundi í kjördæmi mínu kom fram tillaga, sem fór í sömu átt og frumvarp það, er hjer liggur fyrir, sem sje að skerpa ákvæði bannlaganna. Tillaga þessi var feld með miklum atkvæðamun. Hjeldu menn að best væri að láta lögin afskiftalaus, og gagnslaust mundi að herða á hegningarákvæðunum.

Jeg verð að játa það, að jeg var alveg á sama máli. Jeg var einn af þeim, sem greiddu atkvæði með lögum þessum á þinginu 1909, án þess að láta frekar í ljós skoðun mína á málinu. Vil jeg því nú lýsa með fám orðum afstöðu minni til frv. og bannlaganna í heild.

Jeg skal játa það, að hugsjón sú, að loka landinu með lögum fyrir öllu áfengi, var fögur, enda var henni mjög haldið á lofti af brautryðjendum bannlaganna, og aðflutningsbann talið örugt ráð til þess, að útrýma nautn áfengra drykkja. Bannmenn ferðuðust um landið þvert og endilangt, og prjedikuðu fyrir þjóðinni nauðsyn laganna, og máluðu upp fyrir henni hinar svörtustu myndir ofdrykkjunnar. Að vísu var þá ofdrykkjan að mestu horfin úr flestum bygðarlögum landsins, að undanteknum fjölmennustu kauptúnunum, svo lýsing þeirra átti fremur við ástandið fyrir 20—30 árum, en myndir af tímanum sem þá var. Þeir máluðu ekki síður glæsilega framtíðina, framtíð, fulla andlegrar og líkamlegrar velmegunar, ef þessi lagasetning næði fram að ganga.

Jeg vil ekki álasa þessum mönnum. Jeg veit þeir hafa álitið þetta aðflutningsbann dýrindis hnoss fyrir þjóðina, og þeim tókst líka 1908 að fá meiri hluta þjóðarinnar til þess að trúa því; af því spratt atkvgr. þjóðarinnar um haustið 1908. Þeim er það að þakka eða kenna, að bannlögin voru samþ. á þinginu 1909 og síðar staðfest. Með þeim lögum er landinu, með litlum undanteknингum, lokað fyrir áfengi. Jeg veit að Alþingi hefir verið legið á hálsi fyrir lög þessi, og það mest af mótstöðumönnum þeirra, sem ekki hafa trúað á, að þau næðu tilgangi sínum. En jeg vil ekki álasa þinginu vegna þeirra; getur verið að það sje af því, að jeg sje ekki alveg óhlutdrægur í þessu máli, þar eð jeg greiddi atkv. með lögunum, en jeg skal hreinskilnislega játa, að jeg var þó, þá þegar, allhræddur um, að þessi lagasetning mundi ekki láta hinar glæsilegu vonir rætast. En þinginu var vorkunn, þegar meiri hluti kjósenda hafði látið þann vilja sinn í ljós, að þessi lagasetning ætti fram að ganga. En hræddur er jeg um, að kjósendur hafi starað of mjög á hugsjónina fögru, án þess að íhuga, hverjir erfiðleikar fylgdu framkvæmdum hennar, og eins hafi verið um þingið 1909. Hugsjóninni hafði verið aflað fylgis þjóðarinnar með agitationum, og þeim oft ófgakendum.

En svo er í þessu máli, sem öðrum, að reynslan er ólygnust, og á þinginu 1909 hugsaði jeg sem svo, að best væri að láta hana skera úr þessu máli. Það var aðalástæðan til þess, að jeg greiddi lögunum atkvæði. Þykist jeg viss um, að fleiri þingmenn á því þingi hafi hugsað eins. En reynslan ólygna hefir látið góða von rætast miður en skyldi. Jeg skal játa það, að hún er að vísu ekki löng, tæpast nógu löng, til þess að dæma alveg eftir henni, en því verður ekki neitað, að hún hefir gefið þeim byr í seglin, sem harðastan reru andróðurinn 1909 gegn þessu; hún hefir látið hrakspár þeirra rætast sorglega, sem bygðar voru á þeim fullyrðingum þeirra, að lög þessi gengju svo nærri persónulegu frelsi manna, að þau hlytu frekar að verða böl en blessun fyrir þjóðina, þrátt fyrir hugsjónina fögru, og að þau gengju óþurftarerindi inn á það svið, þar sem siðgæðis- og sómatilfinningin á ein að hafa ráðin um athafnafrelsi einstaklinganna, og lögin leiddu því til ólöghlýðni og brota, ekki einungis á þeim, heldur og á öðrum lögum þjóðfjelagsins, bæði borgaralegum og sið-

ferðislegum. Reynslan hefir sýnt, að þessir menn hafa haft of mikið til síns máls.

Frumkvöðlar laganna hugðust að vinna það á í skjótri svipan með lagasetningu, sem margra ára bindindisstarfsemi hafði reynt að vinna. En það væri að gjöra lítið úr bindindisstarfseminni, að neita því, að hún hefði borið góðan ávöxt. Árangur hennar var bæði mikill og gleðilegur. Því miður er ekki hægt að segja annað en að þessi lög sjeu magnaðasta vantraustsyfirlýsing til þeirrar starfsemi. Bardagaaðferðinni gegn ofdrykkjunni var gjörsamlega breytt; með ströngum lögum átti að vinna það, sem frjáls bindindisstarfsemi áður hafði unnið. Hún hafði unnið með hógværum fortölum og bætandi áhrifum á hugsunarhátt þjóðarinnar, hún var mannúðar- og kærleiksstarf. En getur framkvæmd bannlaganna verið rekin af þvílíkum beinum hvötum? Jeg verð að efast um það, og skil ekki annað en að slíkur efi sje líka farinn að vakna hjá bannmönnum sjálfum. Jeg skil ekki annað en að þeir með sjálfum sjer hljóti að efast um, hvort heppilegt hafi verið, að hrista úr höndum sjer vopn bindindisstarfseminnar, en grípa í þess stað refsivönd laganna. Nærgöngular rannsóknir hamla frelsi manna, háar fjársektir, og jafnvel fangelsi, liggur nú við þeim verkum, sem naumast er hægt að sannfæra menn um, að sjeu í raun og veru nokkur veruleg brot, eða að minsta kosti hafi afarlítið saknæmt í för með sjer.

Jeg er því hræddur um, að lögunum sje ætlað að vinna óvinnandi verk.

Jeg nefndi reynsluna, sem ekki er orðin löng, og ekki nógu löng til þess, að ganga nú þegar á milli bols og höfuðs á lögunum. En líti maður á reynsluna, þá er hún sorgleg. Alt af síðan 1. jan. 1912 hefir vínið streymt inn í landið. Landinu er að vísu lokað með lögum fyrir öllu áfengi, en samt sem áður er ekkert lát á því áfengis syndaflóði. En hvað hefir lögreglan gjört, og hvað hefir hún getað gjört? Lítið eða ekkert. Staðið nálega ráðalaus og ekkert getað gegn lögbrjótunum. Engum mun detta í hug að segja annað en að þeir fáu, sem lögreglan hefir fest hendur í hári á, sjeu að eins örlítið brot af þeim mikla fjölda, sem lögin hafa brotið. Það vita því allir, bæði af afspurn og reynslu, hve gjörsamlega lögin eru fótum troðin.

Kvartil, kútar og flöskur eru fluttar í land á hverri vík og vog, hvar sem mönnum ræður svo við að horfa. Og það sem verra er, er að þetta hefir gefið tilefni til annara lögbrota af versta tagi, til rána og gripdeilda og þjófnaðar. Jeg get nefnt dæmi: Jón hefir falið smyglaðan brennivínskút í góðri holu, sem hann hefir fundið, og hygst að sækja hann, þegar dimt sje orðið. En Pjetur hefir sjeð til hans og stelur kútnum. Jón veit að Pjetur hefir stolið honum, fer til hans og heimtar kútinn. En þá hellir Pjetur sem allra rólegast á staup og segir: Skál vinur Jón, í brennivíni stolnu frá þjer, en klagaðu mig, ef þú þorir. (Hlátur).

Þetta er miklu fremur hrygðar en hláturs efni.

En það er ekki eingöngu á afskektum stöðum, sem brotin koma fyrir; það er á allra vitorði, að þau koma vikulega og daglega fyrir í þjettbýlustu kauptúnum landsins, rjett fyrir framan nefið á lögreglunni. En mjer dettur ekki í hug að álasa lögreglunni fyrir það; það er ekki mensks manns verk, að sjá við öllum þessum brotum, og lífsómögulegt fyrir nokkra lögreglustjóra að framkvæma lögin, eins og nú standa sakir. Mjer dettur ekki í hug að neita því, að innflutningar á áfengi hafi minkað frá því sem var, enda mætti þar á milli vera. En mjer dettur í hug að efast um hitt, að gagnið, sem af lögunum leiðir, fyrir siðgæði þjóðarinnar, vegi upp á móti því tjóni, sem þau gjöra á öðrum sviðum siðferðismeðvitundarinnar. Þeirri spurningu er ekki hægt að svara

til fulls að svo komnu máli. Og hverju erum við þá bættari, ef við getum ekki verið sannfærðir um að lögin hafi verið til góðs, bætt efnahaginn og siðferðisþroska þjóðarinnar? *Það* gerði bindindisstarfsemin. Og jeg bæti því við: Hvað eigum við að hugsa, er vjer höfum fyrir oss dæmi af þeim mannaumingjum, sem nú byrla sjer enn verra eitur en þeir nokkurn tíma hafa fengist til að láta ofan í sig, áður en þessi lög komu? Er það ekki gamla sagan, að menn hljóta æfinlega að streitast á móti þeim lögum, sem þeim finnast ganga of nærri persónulegu frelsi sínu? Jeg gæti sagt margar sögur, af slíkum eiturbyrlurum, kátlegar sögur, sem deildin mundi skellihlægja að, en jeg kæri mig ekki um það; málið er raunalegra en svo, að hlægjandi sje að því. Og svo hugsa menn sjer, að þeir geti fyrir bygt þetta með lögum. Heilaga einfeldni! liggur mjer við að segja. Lögreglustjórinn þyrfti að fylgja manninum svo að segja milli borðs og sængur, ef slíkt ætti að vera mögulegt.

Jeg verð að játa það, að jeg fæ ekki betur sjeð en hjer hafi verið verr farið en heima setið. Ekki er ólíklegt, að nú standi einhver upp og segi: „Góður maður, nú hefir þú haldið langa ræðu um lítt hafandi galla bannlaganna og ættir því að vera fyrstur manna til þess að koma fram með frumvarp til laga um afnám þeirra“. En jeg lít svo á, að þó að reynslan sje slík, sem raun er á orðin, þá sje þó viðurhlutamikið að hætta nú. Jeg er ekki *með öllu* vonlaus um, að eftir því sem þeim mönnum fækkar, sem frá barnæsku hafa haft áfengið um hönd, þá kunni mótspyrnan að rjena og þá *geti* runnið upp betri tímar. Vonin um þetta er að vísu veik, en þó nægilega sterk til þess, að jeg vil ekki afnema lögin nú þegar, og vil jeg taka á allri þolinmæði til, þess að sjá hverju fram vindur, hvort þetta batnar eða versnar. Batni það, þá er vel farið, versni það, þá er ekki annað að gjöra, en nema staðar á þeirri braut, er vjer erum nú komnir inn á og snúa þar alveg við blaðinu. Jeg þarf ekki að taka það fram, að jeg vona að til þess komi aldrei. En hinu verð jeg að mótmæla, að þetta frumvarp, sem nú er fram komið hjer í deildinni, komi að nokkru gagni. Það er algild regla, að lögum er ekkert hýltt því betur, því harðari sem viðurlögin eru í *þeim*. Þetta vitum við allir. Það var einu sinni til dómur hjer á landi, er hjet Stóridómur. Hann lagði á menn þungar refsingar fyrir öll skirlífisbrot. En haldið þið, að siðferði manna hafi verið betra hjer í landi fyrir þá sök? Sagan sýnir oss alt annað. Nægir í því efni að benda á söguna um Bjarna bónda, sem var einn af meðdómsmönnum, er Stóridómur var dæmdur á Alþingi, og er hann kom heim, þá sá konan hans til hans, er hann framdi sama verknaðinn við vallargarðinn, sem dómurinn tók einna harðast á, og varð henni þá að orði: „Legið hefir þjer nú á, Bjarni minn“. Jeg hefi ekki minstu trú á, að lögin verði neitt bætt með þessu frumvarpi, sem hjer er fram komið, og vil jeg lang helst að alls ekkert verði krukkað í lögin að svo stöddu. Við bíðum og sjáum hvað setur, sjáum hvort birtir eða syrtir enn að í þessu máli.

Jeg fer ekkert út í einstakar greinar frv., en jeg lýsi því yfir, að jeg vildi helst, að það kæmist ekki í gegn um þingið. Á hinn bóginn vil jeg ekki vera á móti því, að nefnd verði skipuð í málið, svo það verði sem vandlegast íhugað. Fleira óska jeg ekki að taka fram og býst ekki við að tala oftar í málinu.

Steingrímur Jónsson: Eins og háttvirtum samþm. mínum er kunnugt, þá hefi jeg jafnan verið og er enn andbanningur. Jeg stend því nú upp við þessa umræðu málsins til þess, að gjöra grein fyrir hvers vegna jeg vil að málið fari til

annarar umræðu og að nefnd verði skipuð í það.

Jeg er sammála háttv. 4. kgk. þm. (B. Þ.) um, að þetta er mjög þýðingarmikið mál. Því sem lög eru bannlögin mikils verð fyrir almenning. En mjer kom ekki á óvart, þó fram kæmi einhver tilraun frá bannmönnum til að bæta og breyta lögunum. En hitt var mjer vonbrigði, í hvaða átt breytingarnar svo fóru, þegar þær komu fram. Jeg hafði búist við að breytingarnar mundu miða að því, að gjöra landsstjórninni og lögregluvaldinu ljettara að framfylgja lögunum í aðalatriðunum. Jeg hafði búist við, að reynslan hefði kent bannmönnum að sjá hina miklu og mörgu agnúa, sem á lögunum eru, alls konar óþörf ákvæði, sem frekar gjörðu ilt en gott, mæddu þolinmæði manna og gengu of nærri rjettarmeðvitund þjóðarinnar. Og jeg hjelt að bannmenn mundu nú sníða þá agnúa í burtu. En með því frumvarpi, sem nú er fram komið í deildinni, er slíkt alls ekki gjört. Frumvarpið er enn ómannúðlegra en lögin, og ekkert ákvæði er í því, sem gjörir minstu vitund ljettara fyrir lögreglustjóra, að sjá um að lögunum verði hlýtt. Þetta frumvarp virðist ganga öllu nær persónulegu frelsi manna en bannlögin gjöra, og það virðist frekar auka á en draga úr erfiðleikunum í viðskiftum vorum við erlendar þjóðir.

Ef þetta frv. verður samþykt, þá er vissulega gengið feti framar, en með bannlögunum, í því, að brjóta bág við þær rjettarfarsreglur, sem viðurkendar eru af rjettarmeðvitund almennings. En jeg fæ ekki sjeð, að það gjöri framkvæmd laganna auðveldari. Jeg hygg, að í nefnd geti það komið fyrir, að þessu verði breytt til bóta, þannig, að gjört verði nokkurn veginn mögulegt að framkvæma bannlögin, svo þau geti komið að meira gagni en nú gjöra þau. Þess vegna er jeg því samþykkur, að nefnd verði skipuð til að íhuga málið, og bíð eftir breytingum á frumvarpinu.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. Samþ. með öllum atkv. að kjósa 5 manna nefnd; kosningu hlutu:

Björn Þorláksson,
Jósef Björnsson,
Guðm. Björnson,
Karl Einarsson,
Magnús Pjetursson.

Á 30. fundi í Ed., fimtudaginn 12. ág., var frv. tekið til 2. umr. (A. 136, n. 261, 262, 263, 264, 296).

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Jeg verð að leyfa mjer, áður en jeg fer að tala um frumvarpið sjálft og breytingartillögur nefndarinnar, að fara nokkrum orðum um málið í heild sinni og koma með nokkrar athugasemdir því viðvíkjandi.

Jeg vil þá fyrst taka það fram, að það eru að eins 7 mánuðir síðan bannlögin gengu að fullu í gildi. Á árunum 1912—15 var eins konar millibilsástand. Á þeim árum var að vísu óleyfilegt að flytja vín til landsins, en það var hins vegar leyfilegt að selja vín til ársloka 1914. Það gat því ekki hjá því farið, að í skjóli þessarar vínsölu ætti sjer stað nokkur ólöglegur innflutningur á víni, enda lágu ýmsar aðrar orsakir til þess, sem jeg hirði ekki að tala um. En þrátt fyrir þetta og hinn stutta tíma, sem lögin hafa að fullu verið í gildi, sje jeg ekki betur en að blessun og áhrif laganna hafi þegar komið áþreifanlega í ljós.

Jeg talaði ekki mikið um frumvarpið við 1. umr., en jeg gat þess þá, að sveitirnar væru nú að mestu orðnar þurrar og að það væri að eins í kaupstöðunum og við sjó, að nokkuð af víni væri eftir. Bleytan

af víninu er því að mestu horfin af þessu landi. En áður var landið alt einn votur völlur, eins og ein sveit hjer á landi hefir verið kölluð Votuvellir. Menn geta sannfærst um þessa breytingu þegar menn ferðast um landið. Nú sjest varla drukkinn maður, nema örsjaldan. Þegar menn mæta lest úr kaupstað eða koma á almenna mannfundi geta menn sannfært sig um þetta, er menn bera það saman við það, sem áður var.

Þetta er breytingin í sveitunum, og í kaupstöðunum er breytingin hin sama. Áður var vínveitingahús í flestum kaupstöðum og fleiri en eitt í mörgum þeirra, og þá var það ekki sjaldgæft að sjá menn ósjálfbjarga á strætum úti. Nú sjást ölvaðir menn örsjaldan. Jeg hefi verið hjer í Reykjavík nú í sumar og undanfarin ár og hefi sannfærst um þá miklu breytingu, sem orðið hefir í þessu efni á síðustu árum. Nú er það sjaldgæft að sjá ölvaðan mann, ekki af því, að það komi ekki fyrir að menn verði ölvaðir, það veit jeg vel, heldur af því, að menn eru farnir að blygðast sín fyrir að láta sjá sig ölvaða. Þingmenn og þingskrifarar sanna þetta. Jeg hefi nú verið á 5 þingum, þetta er það 6., og get borið vitni um það, að áður var það ekki svo sjaldgæft, að maður sæi þingmenn ölvaða á þingfundum, og þingskrifarar voru stundum svo drukknir, að þeir gátu ekki gætt starfa síns. Jeg vil nú ekki segja að þetta sje alveg horfið, því t. d. var einn þingskrifarinn úr neðri deild að ráfa hjer um gangana í þinghúsinu í gær talsvert drukkinn. En yfir höfuð eru þingmenn og þingskrifarar nú mestu reglu- og snyrtimenn.

Jeg gæti nefnt fleira því til sönnunar, hvað vínnautnin hefir minkað, en það er óþarfi að telja fleira að sinni. En hverju er þessi stórkostlega breyting að þakka? Fyrst og fremst bindindisstarfseminni, sem hjer er búin að standa í 30 ár, og þar næst hinum mörgu og góðu lögum, sem bindindisfjelögin hafa komið til leiðar og nú síðast aðflutningsbannslögunum.

Jeg nefndi bindindisstarfsemina. Þeir hafa verið misjafnir, dómarnir um hana. Jeg man að jeg kom hingað til Reykjavíkur á fyrstu árum eftir að Goodtemplarareglan kom hingað til lands. Bindindismennirnir voru þá lýttir og illa um þá talað af háum jafnt sem lágum. En nú kveður við annan tón bæði hjá bannmönnum og andbanningum. Nú lofa jafnvel andbanningar bindindisstarfsemina á hvert reipi. Nú segja andbanningar: „Bannlögin eru afskræmi en bindindisstarfsemin er ágæt, en bannlögin hafa eyðilagt hana.“ En þeir menn, sem svona tala, eru einmitt menn með sama hugsunarhætti og þeir, sem áður löstuðu bindindið. Þeir eru á eftir tímanum um 30 ár. 1885 þegar bindindisstarfsemin hófst gátu þeir ekki skilið nytsemi hennar. Árið 1915 þykjast þeir skilja bindindið, en þeir skilja ekki nytsemi bannlaganna. Árið 1945 býst jeg við að þeir skilji þau, því að þeir eru á eftir tímanum um 30 ár, en ekki meira.

Andbanningar finna bannlögunum það til foráttu, að þau sjeu brot á persónulegu frelsi. Þetta kveður við alstaðar, og maður skyldi ætla að það væri einhver sannleikur í þessu, fyrst svo margir virðast sammála um það. En má jeg spyrja. Hvaða lög eru ekki takmörkun á persónulegu frelsi?

Lögin eru einmitt til vegna þess, að mennirnir eru ekki nógu fullkomnir. Það þyrfti engin lög nje takmarkanir á persónulegu frelsi, ef mennirnir væru nógu góðir, en það erum við ekki, og þess vegna þarf lög. Þau eru ekki handa góðu og upplýstu mönnunum, heldur handa þeim vondu og fáfróðu.

Andbanningar og áfengisvinir hneykslast á aðflutningsbannslögunum eins og þau væru einu bannlögin. Það er óþarft að sýna fram á að til sjeu fleiri bannlög, en þó má geta þess, að á öllum síðustu þing-

um höfum við verið að samþykkja fjölda bannlaga, svo sem friðunarlög fyrir fugla, hreindýr o. fl., og enginn hefir haft neitt á móti þeim lögum, en á móti þessum lögum hamast andbanningar eins og á móti mestu þrælalögum, og þeir gefa þeim nafnið þrælalög.

Maður getur ekki neitað því, að andbanningar eru dálitið fyndnir með þessu, þó að fyndnin komi niður á þeim sjálfum. Mjer hefir ekki þótt eins vænt um neitt nafn eins og þetta nafn, þrælalög, því að það tekur einmitt fram tilgang laganna. Ófriðurinn milli suður- og norðurríkjanna í Bandaríkjunum hefir verið kallaður þrælastríðið, af því að hann var meðal annars háður, til þess að leysa þrælana úr ánauð. Aðflutningsbannslögin mega vel kallast þrælalög, af því að tilgangur þeirra er sá, að leysa menn undan þrældómi Bakkusar. Bindindismennirnir þurfa þessara laga ekki fyrir sitt leyti; þau eru ekki til vegna þeirra. Þau eru til orðin vegna ofdrykkjumannanna og til þess að varna því, að að menn venjist á að drekka og verði þannig þrælar drykkjuskaparins og Bakkusar.

Andbanningar segja: „Íslendingar eru eina þjóðin, sem heldur fast við bannlagaheimskuna", sem þeir svo kalla. En það er ekki rjett, að við sjeum eina þjóðin, sem heldur fast við þá fögru hugsjón mannúðar, frelsis og bróðurkærleika, er felst í áfengisbannslögunum. Eins og menn vita eru um 20 fylki í Bandaríkjunum, sem hafa líkt áfengisbann, þótt nokkur munur sje á, svo sem eðlilegt er, vegna mismunandi staðhátta. Í þessum ríkjum eru um 27—30 *miljónir* manna. Þar er algengt sölu og aðflutningsbann. Og mörg önnur ríki eru orðin þur fyrir sveita- og hjeraðasamþyktir. Margar miljónir manna berjast þar fyrir alríkisbanni, og búast þeir við að það fáist eftir fá ár, eða upp úr 1920. Í Noregi og Svíþjóð er búist við að algjört bann komist á innan skamms tíma og jafnvel í landinu, sem við höfum fengið okkar áfengi frá, Danmörku, er farið að nefna árið 1930 sem það ár, er slík lög muni komast þar á. Styrjöldin mikla hefir betur en alt annað sýnt, hvert heimurinn stefnir í þessu efni. Rússakeisari hefir bannað sterkasta áfengið í sínu mikla og víðlenda ríki. Í Frakklandi, vínlandinu mikla, sem varnaði því fyrir nokkrum árum með mótmælum sínum, að bannlög kæmust á í Finnlandi og Noregi, hafa nú verið gefin lög um bann gegn tilbúningi, sölu og útflutningi áfengis þess, er absint heitir og jafnvel einhverra sterkari áfengra drykkja. Í Þýskalandi er stefnt að líku marki. Englandskonungur hefir afnumið alla vínnautn við sína hirð.

Menn kunna nú að segja að þetta stafi einungis af styrjöldinni og muni falla niður, þegar henni er lokið. En það hygg jeg þó ekki verði. Hvað er talið mesta böl í heiminum? Fyrst er talið áfengisbölið og hernaðarbölið þar næst. Ófriðarbölið hefir aldrei komið fram í eins stórkostlegri mynd og nú, og áfengisbölið ekki heldur náð jafn voðalegum tökum á mannkyninu sem nú. En þegar bæði þessi böl ætla að sliga þjóðirnar, er eðlilegt að þær reyni að varpa af sjer öðru bölinu, til þess að geta betur risið undir hinu. En þegar styrjöldinni er lokið munu þjóðirnar verða orðnar svo skynsamar að halda áfram bardaganum á móti áfengisbölinu, og skipa fyrir um það með lögum eins og við höfum gjört.

Við höfum ekkert að segja af styrjöldinni, nema þá óbeinlínis að því leyti, sem hún hefir áhrif á vöruverð og viðskifti, en við höfum mörg önnur böl að berjast við. Við höfum ís, og harðindi, sem stafa af ísnum. Það er því sjálfsagt, að við vörpum af okkur þeim byrðum, sem okkur ur eru sjálfráðar, til þess að við getum betur staðið á móti hinum, sem okkur eru

ósjálfráðar. Við getum ráðið við áfengisbölið, en við getum ekki ráðið við ísinn og ekki til fulls við harðindin.

Jeg sýndi fram á þá breytingu, sem orðið hefir hjer á landi á seinni árum. Sveitirnar eru orðnar þurrar, en við sjóinn og í kaupstöðunum er enn þá rakt. Jeg held að það vanti ekki nema herslumuninn til þess, að við losnum að fullu við áfengisbölið. Og til þess þurfum við að bæta úr helstu göllunum á bannlögunum, því að eðlilega hefir það komið í ljós, að nokkrir gallar eru á þeim. Þetta verðum við að lagfæra, einkum vegna þess, að málefnið er alheimsmál, en ekki einungis íslenskt. Ekkert, sem hin íslenska þjóð hefir gjört, hefir vakið á oss eins mikla athygli út um heiminn, eins og þessi lög. Ekki af því, að þau hafi sett á okkur skrælingjamerki, eins og andbanningar sögðu að þau mundu gjöra, heldur er það hin háleita hugsjón, hin mikla, siðbætandi, mannfjelagsbætandi hugsjón, er felst í bannlögunum, sem því hefir valdið.

Og svo þetta, að minsta og fámennasta þjóðin hafði hjer í miklu og göfugu máli riðið fyrst á vaðið, gjört fyrstu tilraunina, hvort þessi hugsjón væri framkvæmanleg. Það var svo göfugmannlegt, frægilegt og stórkostlegt. Jeg man það, að 1909 lögðu andbanningar mikla áherslu á það, að við, sem værum svo fáir, fátækir, smáir, ættum ekki að gjöra fyrstu tilraunina, ættum ekki að vera að „experimentera“ með þetta mál. Þessi orð voru skökk. Eins og einstaklingarnir hafa skyldur, og því ber enginn á móti, og eins og stóru þjóðirnar hafa skyldur, þannig hafa einnig smáþjóðirnar skyldur, þegar tækifærið kemur. Tækifærið kom hjer 1909; þá ákvað Alþingi að gjöra tilraun til að útrýma áfengi og áfengisböli úr landinu með lögum. Þau lög voru þá ekki svo vel úr garði gjörð sem skyldi; til þess lágu mörg atvik, sem ekki verða rakin hjer. Nú, þegar lögin eru komin í framkvæmd, koma gallarnir í ljós. Þá þarf að laga, ekki vegna þess, að lögunum sje bein hætta búin fyrir þá sök, heldur skiftir það miklu máli, að lögin sjeu sem best úr garði gjörð, til þess að sem best reynsla fáist í þessu máli og fáist sem fyrst. Umheimurinn horfir með eftirvæntingu til Íslands og spyr: „Hvernig reynast bannlögin á Íslandi?“ Það er skylda vor Íslendinga, að gjöra alt, sem í voru valdi stendur, til þess að árangurinn verði sem bestur, og það sem fyrst. Við því liggur sæmd vor og heiður. Oss er sæmdarauki að lögunum. Sæmd vor verður meiri, þegar aðrar þjóðir geta sagt: „Þar, úti í ysta reginhafi, er fengin áreiðanleg reynsla *í því, hvernig* losast má og losast á við mestu meinsemd mannfjelagsins á þessum tímum“.

Jeg skal svo snúa mjer að einstökum greinum frumvarpsins og breytingartillögum þeim, er nefndin hefir gjört. En jeg vil áður vekja athygli háttv. deildar á prentvillu, sem slæðst hefir inn í þgskj. 262, 4. gr. Þar stendur í „5. málsgr., sem verður 4“, . . á að vera 6. málsgr., sem verður 5.

Aðalmunurinn á 1. gr. á þgskj. 136 og samsvarandi 5. gr. bannlaganna er sá, að frumvarpið gjörir ráð fyrir, að alt áfengi verði innsiglað á fyrstu höfn, þegar skip kemur frá útlöndum, og það geymt innsiglað, þangað til skipið fer frá síðustu höfn á landinu. Aftur stendur í 5. gr. bannlaganna, að áfengi, sem ætlað er til skipsforða, skuli undanþegið innsiglan. Reynslan hefir nú sýnt, að gildandi ákvæði er ekki heppilegt og lítt framkvæmanlegt. Skipsforðinn er stöðugt óinnsiglaður, og með því fyrirkomulagi hefir reynslan sýnt, að þótt ekki sje gripið til þess inni á höfn, þá er þó tekið til þess strax fyrir utan landhelgislínuna. Af þessu hefir oft leitt, að menn taka sjer far stutta leið með þessum skipum, sem eru fljótandi vínsöluhús, til þess eins að ná í áfengi. Slíkt gæti ekki komið fyrir, ef áfengi alt væri innsiglað á fyrstu höfn. Sú óregla, sem

stafar af gildandi lögum, gæti ekki átt sjer stað, ef 1. gr. frumvarpsins yrði að lögum. Auk óreglunnar, sem leiðir af gildandi lögum, er hætt við, að óhlutvandir skipverjar selji landsmönnum áfengi. Á sumum skipum gjöra þetta næstum allir.

Það er ómögulegt fyrir lögreglustjóra, hve duglegur sem hann er, að hafa nægilegt eftirlit með þessu; það er ókleift, því að skipsforðinn er vanalega fremur ríflegur, og látinn óinnsiglaður. Aftur á móti yrðu lögin framkvæmanlegri og ljettara eftirlitið, ef alt áfengi væri innsiglað á fyrstu höfn. Skipstjóri ber þá líka ábyrgð á, að engu sje skotið undan og ekkert innsigli rofið, fyrr en skipið er alfarið.

Eftirlitið verður ljett, ef innsiglað er á fyrstu höfn og skoðað á síðustu. Ef innsigli er rofið eða áfengi skotið undan, hlýtur það að komast upp og skipstjóri sætir þá hegningu. Sami skipstjóri mun þá varla oftar en einu sinni gjöra sig sekan í því. Lögin yrðu þá haldin af þeim skipum, sem oftast eru hjer við land. Og eftirlit lögreglustjóra yrði þá litið í samanburði við það, sem nú er.

Það má gjöra ráð fyrir, að einhver kunni að hreyfa þeim mótbárum gegn innsiglun alls áfengis, að sumir skipverjar kynnu að hafa, samkvæmt lögum sinnar þjóðar, rjett til ákveðins skamts af áfengi. Mjer er ókunnugt um, hvernig því er varið, en jeg veit þó, að skipverjar sumra þjóða hafa alls engan rjett til þess. Jeg hygg, að þó svo væri, að skipverjar væru þannig ráðnir, að þeir ættu að hafa daglegan áfengisskamt, þá ættu þeir að sætta sig við, að fá ekkert áfengi, meðan þeir eru hjer við land; þeir eru þá komnir undir landsins lög, og verða að hlýða þeim. Jeg get ekki sjeð, að nokkur óþægindi mundu leiða af þessu. Að eins lítil ónot fyrir skipstjóra, sem kæmu hingað í fyrsta skifti og væri ókunnugt um lagaákvæðin.

Eimskipafjelag Íslands hefir tekið upp þá reglu, að hafa ekkert áfengi á skipum sínum, meðan þau eru hjer við land. Það er bæði fallegt og gott, en alt annað væri svívirða og stórhneyksli. Hvernig mundu útlendingar líta á það, ef áfengi væri haft á þeim skipum, sem landssjóður og landsmenn eiga? Jeg hefi heyrt marga kalla Eimskipafjelag Íslands óskabarn Íslands, og það er það líka. Það gæti orðið fyrir óhag, ef óinnsiglað væri alt áfengi á öllum öðrum skipum; það getur beðið óhag við það, ef frumvarp þetta verður ekki að lögum. Jeg tel víst, að framvegis verði ekkert áfengi á skipum Eimskipafjelags Íslands, og jeg er líka viss um, að hluthafarnir gjöra stranga kröfu til þess. En ef útlendum skipum leyfist að sigla með áfengi með ströndum fram, getur það freistað andbanninga og áfengisvina, til þess að taka þau fram yfir skip Eimskipafjelags Íslands, og taka sjer fremur far með þeim. Það getur því beðið fjárhagslegan óhag af því.

Breytingartillögurnar við 1. gr., það er að segja 2. og 3. gr. á þgskj. 262, standa í nánu sambandi innbyrðis. Ábyrgð í 4. málsgr. á að færast inn í 2. gr.; 4. málsgr. verður því óþörf og fellur burt. Jeg vona að mönnum skiljist, af hverju 4. gr. stafar. Nefndinni þótti óeðlilegt að láta skipstjóra bera ábyrgð á öllum brotum, ómögulegt fyrir hann að ábyrgjast farþega, að þeir hefðu ekki áfengi. Henni þótti því nægja að hann bæri ábyrgð á brotum skipverja.

5. breytingartillagan hljóðar um það, að síðasta málsgr. 1. gr. falli burtu. Í frumvarpinu stóð, að lögreglustjóri skyldi hafa heimild til að sleppa rannsókn í útlendum fiskiskipum, sem koma snöggvast að landi. Nefndin áleit, að það gæti verið athugavert að veita þetta, og ákvað því að sleppa henni. Eftir það skýrði ráðherra frá, að það gæti valdið óþægindum, því að á frakkneskum fiskiskipum væru hásetar

ráðnir upp á vissan áfengisskamt á dag. Nefndin tekur því þessa breytingartillögu aftur.

Þá kemur 2. gr. frumvarpsins, og sjest það í nefndarálitinu, að nefndin áleit, að ekki væri þar um neitt nýtt að ræða. Í lögreglusamþyktum bæjanna er veitt heimild til að taka ölvaða menn fasta, ef þeir á almannafæri raska ró og friði, eða eru ósjálfbjarga. Enginn lögreglustjóri mundi beita þessu ákvæði, meðan maðurinn væri sjálfbjarga og hagaði sjer vel.

Þegar þessi ákvæði eru komin inn í almenn lög, er hægt að beita þeim víðar en í kaupstöðum. Það er þá einnig hægt í verslunarstöðum og sjávarþorpum. Í sveitum þarf þeirra varla með.

Aftur á móti er það nýmæli í greininni, að geti ölvaður maður ekki sannað, að hann hafi fengið vín á leyfilegan hátt, skuli hann talinn brotlegur gegn 1. gr. bannlaganna. Þetta nýmæli var tekið upp, af því að verið getur, að ölvaður maður við rannsókn neiti að skýra frá, hvernig eða hjá hverjum hann hefir fengið vín. Af því að hegningarákvæði vantar, ef maður neitar að skýra frá þessu, þótti nefndinni nauðsynlegt að eitthvert refsiákvæði væri sett, og þótti nóg að binda hegningarákvæðið við það, að maðurinn neitaði að gjöra grein fyrir, hvar og hvernig hann hefði ölvaður orðið. Meiri hluta nefndarinnar þótti viðurhlutamikið, að færa sönnunarskylduna yfir á manninn.

Síðari málsgr. 2. greinar er orðuð um. 7. breytingartillagan er að eins orðamunur en ekki efnismunur.

Þá kemur 3. gr. frumvarpsins. Hún er orðin til fyrir það, að reynsla hefir sýnt, að menn vanrækja að skýra frá áfengisbyrgðum. Engin hegning er lögð við því í bannlögunum. Það er auðskilið mál, að allir skuli gefa þetta vottorð, og gefa það rjett. Í annan stað þótti nauðsynlegt að hafa ákvæði í lögum, er knýji menn til þess. Það er reynt að gjöra þetta með 3. gr. frumvarpsins, sem er í 2 málsgreinum. En svo þótti nefndinni *nauðsyn að bæta* 2 málsgreinum inn í þessa 3. gr. frumvarpsins. Fyrri málsgreinin hljóðar um það, að eyðublöð skuli vera alstaðar til undir vottorðin eða framtalið, sem á að vera greinilega sundurliðað. Síðari málsgreinin er aftur um það, að lögreglustjóra sje heimilt að skoða, eða láta umboðsmann sinn skoða vínbirgðirnar.

Tilgangurinn með því ákvæði er að knýja menn til að gefa rjett vottorð. 9. breytingartillagan hljóðar um að koma þessum 2 ákvæðum inn í 3. gr. frumvarpsins milli beggja málsgreinanna.

8. og 10. brtt. er um að lengja frestina úr 4 vikum í 12 vikur, og 14 dögum í 8 vikur. Þessa fresti miðaði nefndin við þörf manna, ekki í kaupstöðum, heldur þar sem ógreiðar samgöngur eru, en nauðsynlegt er, að allir viti þetta nógu snemma. Enginn getur þá heldur afsakað sig með að honum hafi verið ókunnugt um skyldu *sína*, eða *hvað* við liggur, ef út af er brugðið.

Þá kem jeg að 4. gr. frumvarpsins. Aðalbreytingin þar er, að bannað er að löggilda til lækninga í lyfjaskrá landsins þá áfengisvökva, er ætlaðir eru til neytslu. Orsökin er sú, er nú skal greina:

Það var svo í byrjun ársins 1914, að hreyfing kom upp hjer í Reykjavík í þá átt, að læknar gætu gefið lyfseðil upp á alt áfengi. Frá þessu máli er skýrt *í brjefi* landlæknis til stjórnarráðsins. Fyrirsögn þess er: Um áfenga drykki til lækninga. Það er gott, að menn kynni sjer málið, og vil jeg því skýra lítið eitt frá því. Það byrjaði þannig.

Magnús dýralæknir Einarsson kvartaði undan því við stjórnarráðið, að hann gæti ekki fengið áfengt öl í lyfjabúðinni handa konunni sinni, sem læknir hafði ráðlagt áfengt öl til heilsubótar, og ljet fylgja álit frá Læknafjelagi Reykjavíkur, þess efnis, að sjálfsagt væri, að lyfsalar væru skyldir

að hafa til alt það, er læknar vildu reyna til lækninga. Þetta álit var sent landlækni til umsagnar, og þá samdi hann umrætt brjef. Það er ekki tími til að fara út í það hjer, nema að örlitlu leyti. Jeg býst við, að þar sem landlæknir er þingmaður hjer í háttv. deild, muni hann ef til vill skýra frá því að nokkru leyti. Hann skýrir frá því í brjefi sínu, að hann mótmæli því, að nauðsynlegt sje fyrir lækna, að hafa vín eða áfengt öl til lækninga.

Landlæknir skýrir svo frá í erindi sínu til landstjórnarinnar, að hann hafi skoðað lyfjabúðir hjá 38 hjeraðslæknum. Af þessum hjeraðslæknum höfðu 29 alls engin vín, og kváðust ekki vanir að hafa það handa sjúklingum, og í 25 hjeruðum af þessum 29 var engin áfengisverslun. 9 af *hjeraðslæknunum* höfðu eitthvert vín, og þó flestir mjög lítið, nema helst einn þeirra, er hafði þrjár tegundir vína, vínum oporto, vínum xeres og vínum malaga. Hinir höfðu lítið af víni og þrír þeirra höfðu að eins vínum xeres, og það í því skyni, að leysa upp í því fáein eiturlyf.

Þar sem nú 29 af þessum 38 hjeraðslæknum, sem voru í sveit, eigi hafa haft vín, þá hygg jeg að það geti ekki komið af öðru en því, að þeir telji ekki áfengi nauðsynlegt til lækninga, telji það ekki lyf, og úr því það er ekki nauðsynlegt í sveitunum, þá getur það heldur ekki verið mauðsynlegt í þessum sex kaupstöðum landsins.

Í þessu sama brjefi ritar landlæknirinn um öl, og farast honum svo orð um það: „Ölföngin eru að ýmsu leyti mjög frábrugðin öðrum áfengum drykkjum. Í mörgum góðum öltegundum eru auk áfengisins önnur markverð efni, þannig blönduð, að drykkurinn geti verið til hollustu, bæði fyrir heilbrigða og sjúka og áhættulaust að neyta hans, ef ekki er mjög mikið áfengi í honum. Nú er farið að brugga alls konar öl með tvennu móti, 1. þannig, að í því verði allmikið af áfengi, svo og svo mörg %, upp í 7—8%; það er gamla lagið. 2. Hins vegar eru nú víða bruggaðar þær sömu öltegundir og áður, en með þeim mun, að í þeim er ávalt mjög lítið af áfengi, ekki yfir $2^1/_4$%. Þessar áfengislausu öltegundir ryðja sjer nú óðfluga til rúms í öðrum löndum og útrýma meir og meir gamla áfenga ölinu. Nú er alfrjáls hjer á landi aðflutningur og sala á öllum þessum nýju og ágætu, áfengislitlu öltegundum. Er enginn verulegur munur á þeim og gömlu ölföngunum annar en þessi áfengismunur. Það er síður en svo, að sjúklingar eigi erfitt með að afla sjer ölfanga til heilsubótar . . . Það er því öldungis ástæðulaust að kvarta undan ölskorti handa sjúklingum“.

Jeg get ekki stilt mig um að taka það fram, að mjer þykir hún stóreinkennileg, þessi ósk læknanna, að lyfjabúðirnar hafi alt, er þeir kunni að girnast, jafnt öl sem annað. Og mjer þykir það einkennilegt, að þessi ósk kemur ekki fyrst fram frá *manna*lækni, heldur frá *dýra*lækni.

Hún kemur fram frá manni, er hefir verið og er harðvítugur og svæsinn andbaningur, frá manni, sem hjer um árið ritaði mjög óviturlega grein í Andvara um aðflutningsbannið, einhverja þá óviturlegustu grein, að mínum dómi, er komið hefir fram á móti því. Og hann þarf að fá ölið handa konu sinni. Svo ganga læknarnir í fjelagið, og þá er málinu hrundið af stað.

En hver fann nú upp púðrið? púðrið til að sprengja í loft upp bannlögin?

Það gjörir sá maður, sem annars er ekki kunnur að uppfundningum; það gjörði herra Magnús Einarsson.

Það er margt undarlegt í henni veröldu, og eitt af því er óneitanlega það, ef menn halda, að *dýra*læknir hafi meira vit á þessu en mannalæknar, og það sjálfur landlæknirinn.

Og ekki batnar þetta neitt við það, þó einn eða fleiri mannalæknar verði svo óheppnir, að villast inn í hjörð dýra-

læknisins og hjálpa honum til þess að halda áfram þessari rekistefnu.

Nú er þessari deilu haldið hjer áfram á Alþingi, og það gjöra þeir herrar, er flytja aðra breytingartillöguna á þingskj. 263. En tilgangur þeirra og tilgangur Magnúsar Einarssonar er ljós, svo ljós, að á honum villist enginn; hann er sá, að tortíma bannlögunum. Dýralæknirinn rak erindi andbanninga, og nú reka flutningsmennirnir að annari tillögunni á þingskj. 263 erindi þeirra. Jeg vil því mæla sterklega með því, að breytingartillaga þeirra á þingskj. 263 verði feld, en greinin samþykt svo, sem meiri hluti nefndarinnar óskar.

Ellefta breytingartillaga nefndarinnar er sjálfsögð, því málsgrein þessi er óþörf, og af þeirri breytingu leiðir aftur 12. breytingartillagan, sem þá líka er sjálfsögð.

Þrettánda breytingartillagan er um að orða síðustu málsgrein 4. greinar á annan veg. Þetta kemur til af því, að svo er ákveðið í 4. gr. aðflutningsbannlaganna, að gjöra skuli það áfengi óhæft til drykkjar, sem nota á til verklegra afnota. En við reynsluna hefir komið fram vafi á því, hvort hægt væri að gjöra áfengið óhæft til drykkjar, án þess að það missi notagildi sitt til þess, sem það er ætlað. Samkvæmt þessu virðist þá nauðsynlegt, að breyta orðalagi greinarinnar, og að því miðar 13. breytingartillaga nefndarinnar.

Fjórtánda breytingartillagan er um sektir fyrir brot gegn 1. gr. frumvarpsins, eða 2. gr., ef 1. breytingartillaga verður samþykt, þær eigi að verða hinar sömu og við brot gegn 1. gr. bannlaganna. Með þessu verður lágmark sektanna eins, en við ítrekað brot verða þær nokkuð hærri eftir bannlögunum, og er því hjer ofurlítið hert á.

Þá er 15. brtt.; hún er um að afnema heimild þá, er sendiræðismönnnm erlendra ríkja var veitt á Alþingi 1913, til þess að flytja inn vissan skamt af áfengi. Þessi heimild var þá sett í lög eftir beiðni frá stjórn Frakka. En nú hafa Frakkar lögleitt hjá sjer bann gegn tilbúningi og útflutningi á sumu áfengi, og sendiræðismaður þeirra kvað ekki ætla að nota heimildina í ár, og kærir sig ekki um hana. Það er því ástæða til þess, að nema þessa heimild úr lögum, og það því fremur, sem heimild þessi hefir verið óvinsæl hjer á landi, bæði af bannmönnum og andbanningum. Jeg vil taka það fram, að nefndin bar þetta atriði undir hæstv. ráðherra, og taldi hann, að af því mundu ekki stafa nein óþægindi.

Sextánda breytingartillagan er afleiðing af þeim fyrri, og því sjálfsögð, verði hinar samþyktar.

Og um 17. breytingartillöguna er það að segja, að hún er bein afleiðing af 15. brtt. nefndarinnar.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að ræða málið frekar, fyrr en þeir þm. Strand. (M. P.) og þm. Vestm. (K. E.) hafa gjört grein fyrir breytingartillögum sínum, og jeg heyri röksemdir þeirra.

Karl Einarsson: Eins og þingskjöl þau, er hjer liggja fyrir, sýna, þá hefir nefndin ekki getað orðið að öllu leyti samferða. Þó virtist það svo, á meðan nefndin starfaði, að þar væri nokkurn veginn góð samvinna og að nefndarmennirnir væru sammála í aðalatriðunum.

Jeg fyrir mitt leyti, og eins nefndin, vildum lagfæra þær misfellur, sem eru á frumv., en það hefir ekki tekist að öllu leyti, og vil jeg benda á nokkrar misfellur, er jeg tel nauðsyn að verði lagfærðar við 3. umr.

Í 2. brtt. á þgskj. 262 er svo fyrir mælt, að skipstjóri skuli bera ábyrgð á, að engu áfengi sje skotið undan innsiglun, og í 4. brtt. á sama þingskjali, að hann skuli að eins bera ábyrgð á brotum skipverja, en eins og greinin verður orðuð með þessum breytingum, þá lítur svo út, sem skipstjóri eigi einnig að bera ábyrgð á því,

ef einhver farþegi skýtur áfengi undan innsiglun. Þetta getur ekki hafa verið tilgangurinn, og verður því að lagfærast til 3. umr.

Við 5. tillöguna á þgskj. 262, um að síðasta málsgrein 1. greinar falli burtu, hefi jeg það að athuga, að jeg hefi ekki orðið þess var, er hátt. framsögum. (B. Þ.) var að tala um, að nefndin hefði samþykt að taka hana aftur, og hefi jeg þó mætt á öllum nefndarfundum, er jeg hefi verið boðaður til. (*Björn Þorláksson*: Meiri hluti nefndarinnar). Það getur verið, en mjer er ókunnugt um að nefndin hafi klofnað, eða nokkurir sjerfundir haldnir í nefndinni, og við hinir höfum enga tilkynningu um það fengið, sem hefði þó rjett verið.

Í 4. gr. vantar enn fremur ákvæði um, að eigi megi nota sama lyfseðil oftar en einu sinni. En það má laga við næstu umræðu.

Þá kemur það, sem jeg er ekki samþykkur meiri hluta nefndarinnar um. Jeg vil að felt sje burtu ákvæðið um það, að ekkert íslenskt fiskiskip megi hafa áfengi milli landa eða utan landhelgi; mjer finst með öðrum orðum ekki vera ástæða til þess, að önnur regla gildi um þetta fyrir íslensk fiskiskip en fyrir íslensk farþegaskip. — Og ef þetta ákvæði á að vera til þess, að síður sje hægt að fara kring um lögin, þá er engin ástæða til þess, að ætla að svo verði eða þurfi að verða. Ef íslensku fiskiskipin á annað borð vilja brjóta lögin með áfengisflutningi, þá vita allir, sem nokkuð eru kunnugir, að þau geta það hæglega, með því að fela áfengið, er skoðun fer fram, Þau hafa nógar holur og smugur til þess. Hvað þetta snertir, þá er ákvæðið þýðingarlaust og að eins óþarfa títuprjónsstingur til útgjörðarmanna og skipstjóra.

Það er með öðrum orðum alveg eins hægt fyrir skipstjóra að leyna áfengi, þó þeir hafi það, og að skjóta undan innsiglan, og vil jeg heldur halda, að *þeir* fremur gjörðu hið fyrra en síðara. Jeg gæti þó felt mig við þannig lagað ákvæði, ef það næði til *allra* íslenskra skipa, jafnt flutningsskipa sem farþega- og fiskiskipa. Yfir höfuð eiga þau ákvæði eða lagabreytingar, er við samþykkjum, að miða til þess, að hægra sje að framkvæma lögin, en ekki til þess að vekja óþarfa deilur.

Jeg get að öðru leyti um frv. vísað til þess, er háttv. framsm. (B. Þ.) sagði, og ef hann hefði ekki borið fram þetta frv., þá hefði jeg komið fram með frv. um að skerpa eftirlitið með skipunum; annars koma bannlögin ekki til fullra nota.

Jeg sje ekki að það sje neitt athugandi við það, þó þeir sjeu sektaðir, sem eru ölvaðir á almannafæri, einkum á landi, þar sem menn hafa ekki leyfi til að kaupa eða selja áfengi nje flytja til, og þó menn hafi leyfi til að hafa áfengisforða heima hjá sjer, þá leiðir ekki af því, að þeir hafi leyfi til þess óhegnt, að sýna sig ölvaða á almannafæri.

Þá vil jeg minnast nokkuð á brtt. hv. þm. Strand. (M. P.) við 1. gr. Það er þetta eftirlit með skipunum, sem er erfiðast, og það sem jeg tel hjer okkar verk, er að gjöra þetta eftirlit effektivt, án þess að skerða rjett annara manna.

Það hefir komið fram, að það þykir ekki fært, að innsigla allar áfengisbirgðir, er frakknesk fiskiskip hafa, vegna þess, að skipverjar eiga að hafa daglegan skamt af áfengi eftir þeirrar þjóðar lögum. En það er ekki allskostar rjett, að þar fyrir megi þau hafa ótakmarkaðan forða og ekkert eigi að innsigla. Mjer finst það vera ofur einfalt að spyrja, hversu lengi skipin eigi að vera inni á höfn, og má þá fljótlega sjá hversu mikið áfengi þau þurfa eftir reglum sínum; ekkert annað en margfalda dagskamt skipverja með dagafjöldanum. Þann forða þurfa þau, en hitt á að innsigla. Þetta finst mjer vera afar-einfalt mál og brotalaust, og því greiði

jeg atkvæði með brtt. á þgskj. 296 og síðan þgskj. 264.

Þó eftirlitið með skipunum sje á öllum höfnum, vegna þess, að þau væri talin burtfarin er þau færu til fiskjar, og því óforsiglaði forðinn minni, en ef hann væri talinn yfir vertímann, þá sje jeg ekki að af því leiði annað en að lögin sjeu síður brotin, birgðirnar minni til að selja af og eftirlitið betra. Og þó að af þessu leiði einhvern aukinn kostnað, þá getur hann ekki numið mjög miklu, en jeg geri ráð fyrir því, að nokkur muni hann verða. Og það ber að athuga, að eftirlitið eykst ekki stórum við þetta. Jeg lít líka svo á, að skoðun þá, er framkvæma skal, er skipin koma frá útlöndum, þurfi líka að borga, því að 10 krónur þær, sem lögreglustjórinn fær nú, þær eru fyrir alt annað starf, þær eru fyrir tolleftirlitið.

Jeg hygg að hv. meiri hluti nefndarinnar gjörði hyggilega, ef hann tæki þessum brtt. vel, því að þær eru hiklaust heppilegar frá þeirra sjónarmiði.

Þá er 2. brtt. á þgskj. 263. Jeg lít svo á, að ekki sje heppilegt fyrir lögin og framtíð þeirra í landinu, að tekið sje fram fyrir hendur þeirra manna, sem eiga að stunda sjúklinga. Jeg vil segja, að það geti komið fyrir, að eftirlifandi ættingjar einhvers dáins manns gætu ef til vill álitið að hann hefði eigi afborið sjúkdóm þann, sem dró hann til dauða, sökum skorts á vínlyfjum. Ættingjana mundi taka þetta sárt, og allmargir mundu þeir verða af alþýðu manna, sem ekki mundu skilja lögin í þessu efni. Jeg hefði ekki gjörst flutningsmaður að þessum tillögum, ef jeg hefði ekki vitað til þess, að læknir einn ágætur, sem við allir þekkjum, álítur það hafa verið skaðlegt fyrir meðhöndlun hans á sjúklingum, að hann hafði ekki vín undir höndum. Leyfi jeg mjer með leyfi háttv. forseta að lesa hjer upp ritgjörð eftir hann. Ritgjörð þessi átti að koma út í Læknablaðinu, en hefir ekki komið enn þá, óvissra orsaka vegna:

Mixturæ vinosæ.

Hjer í Vestmannaeyjum gekk — eins og víða um land — illkynjuð lungnabólga í vetur og vor.

Jeg er einn þeirra, sem tel áfengi sjálfsagt í meðferð lungnabólgu, nærri því eins nauðsynlegt og Digitalis eða Ol. Camph. pro inject., sem jeg treysti best af öllu.

Í þessari epidemi kom mjer afar illa að geta ekki notað Sherry, eins og jeg var vanur. Það er bragðgott og hitaveikir menn hafa fremur lyst á því en flestu öðru áfengi. Þess utan hafa margir sjúklingar trölla trú á Sherry sem styrkjandi lyfi. Mátt þeirrar trúar á læknirinn ekki að lítilsvirða, heldur nota.

Mjer fellur illa að vera sviftur nokkuru því, sem jeg hefi notað til lækninga og gefist vel.

Jeg fæ ekki heldur sjeð, að bannlögin gjöri ráð fyrir neinu slíku sbr. 8. gr.:

. . . Þó mega lyfsalar og hjeraðslæknar selja mönnum *áfenga drykki* eftir lyfseðli glöggildra lækna.

. . . Um sölu *lyfja* þeirra, sem áfengi er í, setur landlæknir reglur um o. s. frv.

Læknum og lyfsölum ætti því að vera heimilt að flytja t. d. Sherry, Portvín.

Mundi bannlögunum stafa nokkur hætta af því, frekar en Spir. concentr.?

Það skil jeg varla. Vinum Malaga er smeðjulegt og ólystugt þeim, sem hitaveiki hafa, og verði engin breyting á þessu ástandi, hljóta menn að notast við mixturæ vinosæ.

Jeg hefi reynt ýmsar samsetningar, en sjúklingum falla þær flestar illa.

Mixt. flava og mixt. vinosa (F. n. c. h.) eru báðar bragðvondar.

Litlu betra er t. d.:

Rp.

Spir. concentr.
vini Chinæ
aa grm 60.

Aquæ communis
Syr. Sacchari
aa grm. 40.
s. 1 staup 3—4 s. á dag, eða
Spir. concentr.
Aquæ communis
Syrupi cerasi (eða annað Syr.)
Mixt. acidi Sulphurici
aa grm. 50.
s. 1 staup í einu.

Enn fremur hefi jeg reynt:

Rp.
Spir. concentr.
Aquæ communis
Syr. cerasi
aa grm. 50.
Tinct. Amygdalae (Mandel-Essents).
guttas V.
s. 1 staup í einu.

(Er hjer um bil nákvæmlega sama og kallað er Sherry Cordial).

Karlmönnum, sem neytt hafa áfengis, þykir brennivín í kaffi skárra en alt þetta, þ. e.

Rp.
Aquæ
aa grm. 150
Ætherol. Carvi
guttas IV.

Þetta og fleira hefi jeg reynt, en líkar ekkert af því. Bið því góðfúsa collega að bæta úr og senda Læknabl. nokkrar uppskriftir af góðum áfengisblöndum.

Þetta gæti orðið vísir til „Formulæ islandicæ" sem Læknablaðið og bættur fjelagsskapur, vor á meðal, vonandi hefir í för með sjer fyrr eða síðar.

Halldór Gunnlaugsson.

Um mixturur þær, sem hjer er talað, sagði læknirinn mjer, að tveir sjúklingar, sem hann hefði reynt það við, hefðu annar kastað þeim upp, en hinn ekki viljað líta við þeim, og var þó annar þeirra drykkjumaður. Sjúklingar þessir dóu báðir; ekki held jeg því þó fram, að það hafi stafað af því, að vínið vantaði.

Jeg álít mjög skaðlegt fyrir lögin, að menn geti með nokkrum sanni sagt, að þau sjeu til ills að einhverju leyti. Hvort vín sje nauðsynlegt fyrir lækna, það fer jeg ekki út í; læt sjerfræðingana um það, en hinu held jeg fram, að það er skaði fyrir lögin, ef almenningur heldur að svo sje. Hættuna, sem stafi af því, að læknar hafi vín, sje jeg ekki, enda liggur hún þá fyrir nú þegar, þar eð þeim er leyfilegt að nota spir. concentr. eins og þeir vilja, og hefir ekki borið á að þeir hafi stórkostlega misbrúkað það vald. Úr spiritus concentr. geta þeir búið til brennivín, og það var einmitt þjóðdrykkur okkar Íslendinga til skams tíma. Hættuna og vandann, sem stafi af þessu, sje jeg ekki; bið jeg því hv. deild að hugsa sig tvisvar um, áður en hún fellir tillöguna.

3. brtt. er sjálfsögð afleiðing af þeirri 1. og verður tekin aftur, ef sú 1. er feld.

Hvað viðvíkur 9. brtt. á þgskj. 262, að í síðustu málsgrein stendur, að heimilt sje að skoða hjá mönnum, vil jeg benda á að það á ekkert skylt við húsrannsókn og er alt annað, því ef svo væri, væri hjer að tala um beint brot á stjórnarskránni.

Magnús Pjetursson: Jeg hefi ekki getað orðið sammála hv. meðnefndarmönnum mínum um ýms atriði í þessu frv., og mun jeg því leyfa mjer að færa rök að því.

Jeg get strax tekið það fram, að frá upphafi hefi jeg verið andvígur bannmálinu. Þó hefir þessi óvilji gegn hannlögunum sjerstaklega magnast hjá mjer, síðan hannlögin gengu í gildi og fóru að starfa að fullu, og reynslan fór að sýna, að sárfáar af vilspám bannvina rættust, en því fleiri af hrakspám andbanninga.

Þrátt fyrir þetta, er jeg ekki á máli þeirra manna, sem þegar vilja láta af-

nema bannlögin. Veldur það, að því var teflt í þá miklu tvísýnu, að banna aðflutning á áfengi, þá álít jeg að lögin eigi að fá að reyna sig til hlítar, og býst jeg við að skýlan falli þá af augum margra bannvina.

En til þess að bannmennirnir komi ekki síðar og segi, að lögin hafi reynst illa af því einu, að þeir fengu ekki að laga á þeim agnúana, þá get jeg gengið inn á að rjetta þeim höndina, til þess að breyta lögunum til hins betra. Jeg get virt svo mikils þeirra sannfæringu, þó hún sje ekki mín, og þó jeg búist við alt öðru í framtíðinni í þessu efni en þeir. Enda þykir mjer alls ekki ósennilegt að sumir af þeim, sem gjörðu sjer glæsivonir um afleiðingar vínbannsins, sjeu nú þegar farnir að sjá dökkna fyrir eli því, sem fyrr eða síðar sópar þessu banni úr landinu.

Það sem mest virðist vaka fyrir meðnefndarmönnum mínum, eins og líka er tekið fram í nefndarálitinu, er, að gjöra *lögin framkvæmanleg*, og þetta er einmitt það, sem jeg undir vissum skilyrðum vil hjálpa þeim til.

Þetta, að gjöra lögin framkvæmanleg, má þó ekki lenda í öfgum. En það fer út í öfgar, ef beita á ofmikilli hörku og mannúðarleysi. Fjesektir og fangelsi, rjettarhöld og rekistefnur geta aldrei orðið til að afla slíkum lögum vinsælda, en vinsældir eru einmitt fyrstu skilyrði til þess, að ljettara verði að framkvæma lögin. Og allar mínar brtt., bæði þær, sem jeg er einn um, og engu síður þær, sem hv. þm. Vestm. (K. E.) er meðflutningsmaður að, miða einmitt að því, að minka vankanta þá hina mörgu, sem enn eru á bannlögunum og þessu frv., og þó tekur frv., stórum bótum frá því, sem var, með sumum breytingum nefndarinnar, enda veitti ekki af. Og síður en svo að þessar brtt. mínar varni því að tilgangur hv. meðnefndarmanna minna náist. Þær miða allar að því, að gjöra lögin vinsælli, rjettlátari og framkvæmanlegri.

Þá kem jeg að hinum einstöku brtt., og þá fyrst að brtt. við 1. gr. frv. á þgskj. 264. Þessi brtt. er til orðin vegna þess, að mjer finst ósanngjarnt, ilt til orðs og líklega óframkvæmanlegt, að skipa fyrir með lögum, að skipverjar á útlendum skipum megi ekki neyta áfengis meðan þeir eru hjer við land. Og þó jeg sje ekki lögfræðingur, og kann ske líka af því að jeg ekki er löfræðingur, þá finst mjer það mjög vafasamt, hvort við hefðum nokkurn rjett eða getu til þess að banna útlendum útgerðarmönnum að veita skipverjum hvað sem þeim sýnist, að minsta kosti ekki utan landhelgi. Í nefndinni var því haldið fram, sem sjálfsagt má til sanns vegar færa, að íslensk skip sjeu partur af Íslandi. Ef svo er, þá gildir hið sama um útlendu skipin, að þau eru hvert partur af sínu föðurlandi. Og ef við getum sett lög, sem gilda á dönsku, norsku eða sænsku skipi utan Íslands, utan landhelginnar, ja, þá getum við, að mjer finst, einnig sett lög úti í þeim sömu löndum. Gjörum nú ráð fyrir, að brotið sje, utan landhelgi á útlendu skipi, innsigli fyrir vínforða. Hvað er þá hægt að gjöra? Er hægt að sekta fyrir það? Jeg skil ekki í því. Að eins hægt að innsigla aftur. Vel getur verið, að lögfræðingarnir reki alt þetta ofan í mig, en þá er að taka því, og beygja sig fyrir vísdóminum, en enn sem komið er fæst þetta ekki inn í mig. Brtt. mín við brtt. er gjörð eftir tillögum lögfræðings, til þess að gjöra hana aðgengilegri. Skeð getur, að haga mætti þessu öðru vísi betur, en þó held jeg að brtt. mín sje talsvert til bóta, og gjöri frv. ofurlítið vitmeira og framkvæmanlegra.

Þá er næsta brtt. mín á sama þgskj. Hún miðar til þess sjerstaklega, að gjöra frv. ofurlítið mannúðlegra og líkara til vinsælda. Hún fer fram á að sleppa

fjesektum þeim, er leggja á við, ef menn sjást ölvaðir á almanna færi, 10—100 kr. Mjer finst, satt að segja, bannofstækin teygja sig nokkuð út í gönur, þegar á að fara að beita fjesektum fyrir það, þó að menn sjeu við öl á alfara vegi. Halda nú hinir hv. bannfrömuðir, að slík ákvæði lengi mjög lífdaga bannlaganna, eða afli þeim enn meiri vinsælda. Ja, ef þeir halda slíkt, þá er jeg sannfærður um, að þeim skjátlist hrapallega. Til þess að varna bannlagabrotum, er það sannarlega nóg, að leyft sje að leiða hvern góðglaðan náunga fyrir, dómara og láta hann þar gjöra grein fyrir, hver á hann hafi dreypt. Og ef hann vill ekki um það segja, þá sje hann sekur um vínaðflutning. Hvað viljið þið hafa það meira? Nei, þessar fjesektir eru alls ekkert viðkomandi aðflutningsbanni; þær eru einungis spark bindindismanna í þá menn, sem eiga löglega fengnar birgðir og einhvern tíma kynnu að sjást ölvaðir sjálfir, eða gesti þeirra. Sama er að segja um síðustu málsgrein þessarar gr. frv.

Þá kem jeg að 2. brtt. á sama þgskj., og skal jeg straks taka fram, að það er sú brtt., sem jeg legg mesta áherzlu á. Jeg veit að nú, eftir ræðu hv. framsm., er öllum hv. deildarmönnum kunnugt um þenna stjórnarráðsúrskurð frá 8. apríl 1914, sem sker úr því, að ekki megi flytja inn til lækninga önnur áfeng lyf en þau, sem í lyfjaskránni standa.

Þessi úrskurður stjórnarráðsins er feldur samkv. tillögum landlæknis, og verð jeg að segja það, að hann kom mjer mjög á óvart og sjálfsagt mörgum öðrum læknum og landsmönnum. Því jeg hafði aldrei búist við því, að bannlögin yrði skilin svo, eða notuð til þess, að sparka í íslenzku læknastjettina og brjóta á henni eðlilegan og sjálfsagðan rjett, þann rjett, að geta fyrirskipað í hverjum einstökum sjúkdómi þau lyf eða efni, sem hver um sig álítur bezt henta eftir *sinni eigin* reynslu og sannfæringu.

Mjer finst það liggja í hlutarins eðli, að löggjafarvaldið geti ómögulega með nokkru viti, rjetti eða sanngirni sett læknum stólinn fyrir dyrnar og sagt við þá: Þessi efni, þessar blöndur *bönnum við* ykkur að nota til lækninga, því *við* álítum að þið getið gjört ilt með því og misbrúkað þær. Hafa nú hv. alþingismenn gert sjer ljóst, hversu hjákátlegt og fáránlegt þetta er og hvers konar braut þingið er komið inn á með þessu? Ætli það gætu ekki orðið nokkuð mörg lyf, er banna þyrfti innflutning á, ef taka ætti öll þau efni, sem hægt væri að gjöra skaða með og sem einhver læknir kynni að álíta að ekki væru bráðnauðsynleg? Talsvert skarð gæti orðið í lyfjaforðann, ef sú braut yrði troðin.

Það er þá gaman að íhuga ofurlítið lítið ástæður þær, sem færðar eru fyrir þessari nú gildandi rjettarskerðingu læknanna. Jeg held, að ástæðurnar komi hvergi fram, nema í tillöguskjali landlæknis, og að þar sje tjaldað því, sem til er. Þetta skjal er að vísu ekki eins skýrt og ljóst eins og búast hefði mátt við úr þeirri átt, eða svo, að hægt sje að taka það lið fyrir lið, og síst svo, að ólæknisfróðir menn geti fylgst með. Ætla jeg því að eins að taka helstu máttarstoðirnar undan þeirri byggingu.

Fyrsta ástæðan er sú, að vínin standa ekki á lyfjaskránni. Auðvitað; því ef þau stæðu á lyfjaskránni, þá þyrfti ekki framar vitnanna við. — Ólærðir menn gætu nú ef til vill ímyndað sjer, að á þessari lyfjaskrá standi öll lyf, sem læknar nota. Nei, því fer svo fjarri. Það er fjöldi af lyfjum, sem ekki standa á skránni, sem notuð eru afarmikið og mörg bráðnauðsynleg. Það, að vínin standa ekki á lyfjaskránni, er því síður en svo að sje nokkur sönnun þess, að þau sjeu ekki nauðsynleg til lækninga. Og svo er annað. Okkar lyfjaskrá er danska lyfjaskráin, löggilt með auglýsingu

21. sept. 1908. Framan við sjálfa lyfjaskrána er þess getið, að vínum og öðrum auðfegnum efnum sje ekki lýst í skránni (Vine — — — og andre lettilgængelige Stoffer). Nú eru vín auðfengin utan lyfjabúða í Danmörku og voru það hjer á landi, þegar lyfjaskráin gekk í gildi, og því engin þörf að hafa þau á lyfjaskránni, en nú geta þau varla talist hjer *auðfengin*. Mjer datt því ekki annað í hug en að eins mundi vera með vínin og önnur lyf, sem standa ekki á lyfjaskránni, að lyfsalar myndu útvega læknum þau þegar þeir óskuðu eftir, *og þannig átti það að vera*. Annars ættu lyfsalar að vera skyldir til að útvega læknum alt, sem þeir vilja nota til lækninga, en lyfsalar hjer eru greiðviknir menn, svo þetta hefir ekki komið að sök.

Jeg held að háttv. deildarmönnum hafi á þessu skilist, að ekki hefir sú ástæða, að vínin standa ekki á lyfjaskránni, mikið sönnunargildi.

Þá kemur næst sú ástæða landnæknis, að hann telur vín ekki nauðsynleg til lækninga. Ekki svo að skilja, að honum detti í hug að mótmæla að vínandinn sje lyf, heldur hitt, að vínin í þessari mynd sjeu óþörf; — hægt sje að nota sprittblöndu í staðinn. Á þessum vettvangi álít jeg alveg tilgangslaust að deila mikið um þetta. Ólæknisfróðir menn gætu ekki fylgst með í slíku. Jeg skal að eins nefna eitt dæmi.

Jeg gæti ímyndað mjer, að einhver af hv. deildarmönnum hefði einhvern tíma fengið rauðvín sem læknislyf. Mundu hinir sömu geta látið sjer detta í hug, að sama væri þó þeir hefðu fengið líkt sterka *sprittblöndu?* Frá vísindalegu sjónarmiði geta hv. deildarm. ekkert um þetta sagt. En heilbrigð skynsemi getur leitt þá á rjetta leið í þessu. En setjum nú svo, að þetta væri rjett, að sprittblöndur og vín gætu haft sömu verkanir. Við skulum ganga út frá skoðun landlæknis. Þá kemur hjer til greina annað mikilvægt atriði. Til þess að sjúklingarnir hafi gagn af lyfjunum, þarf fyrst og fremst að koma lyfjunum í þá. En nú er straks fengin talsverð reynsla fyrir því, að sjúklingar eiga miklu verra með að taka inn sprittblöndurnar heldur en vínin, og nokkur dæmi eru þess, að *ómögulegt* hefir verið að láta sprittblönduna tolla niðri í þeim, þó vín með sama áfengisstyrkleika hafi gjört það. Aldrei má heldur gleyma því, hvernig sjúklingunum er við meðulin. Það hefir áreiðanlega oft mikil áhrif á verkanir lyfja, hvort sjúklingarnir treysta þeim. Og það er að búast við, að þeir treysti betur þeim lyfjum, sem þeim áður hafa reynst vel og sjeð góðar verkanir af, heldur en öðrum blöndum, þó reynt sje að telja þeim trú um, að í þeim sje alveg sama. Jeg gæti nefnt mörg dæmi til sönnunar öllum þessum atriðum, en vil ekki lengja mál mitt með því, að svo stöddu.

Af þessu, og reyndar fleiru, ætti öllum að vera ljóst, að vínin eru nauðsynleg til lækninga, að minsta kosti fyrir þá, sem telja vínandi lyf og auðvitað fleiri, og mig stórfurðar á því, að nokkrum skuli hafa komið til hugar að halda því fram, að sprittblöndur geti *alt af* komið í staðinn fyrir vín.

Jeg skal þá minnast á þá ástæðu, sem hv. framsögumaður mintist á úr tillöguskjali landlæknis, að hann hefði skoðað hjá fjölda lækna á árunum 1908—1911, og fundið vín að eins hjá litlum minni hluta. Jeg bið háttv. deildarmenn að taka sjerstaklega vel eftir þessu „á árunum 1908—1911“, — á þeim árum, sem vínin voru auðfengin svo afarvíða, að ekki þurfti annað en segja við sjúklingana: „fáið ykkur þetta vín þarna og þarna“, þá sjá allir, að ástæðulaust var fyrir nema einstaka lækna að hafa vínbirgðir, þó þeir ætluðu að nota vín til lækninga. Og svo vildi jeg jafnframt skjóta því til hv. 5 kgk. þm. (G. B.) hvort ekki gæti skeð að suma af þessum læknum hefði einnig vantað talsvert af öðrum lyfjum, sem nauðsynleg hefðu

þótt eða þættu. Mjer finst því þessi ástæða hafa nauðalítið sönnunargildi.

Þá kem jeg að þeirri síðustu, og jeg held veigamestu ástæðu, sem háttv. Alþingi á auðveldast með að dæma um. En ástæðan er sú, að læknar væru leiddir í *mikinn vanda*, ef þeir mættu ná í vín, til þess að lækna með þeim. Mjer skilst svo, að í þessum vanda muni eiga að felast tvent. Fyrst og fremst það, að við sjálfir freistumst til að drekka vínin í öðru skyni en beint til heilsubótar, og svo það, að við munum freistast til að láta kunningjana fá flösku eða lyfjaseðil, til þess að gleðja sig á. Jeg ætla nú ekkert að fara hjer að dæma í sjálfs mín sök, eða þræta hjer um þetta atriði. Hitt ætla jeg að eins að benda á, að ef þessi vandi eða voði, hverju nafni sem það nefnist, getur verið fyrir læknana, *þá er þessi vandi þegar fyrir hendi, úr því við megum fá spíritus.* Enn sem komið er getum við fengið vínanda ótakmarkað og búið til úr honum blöndur, sem eru nægilega ljúfar þeim, sem áfengi vilja ná í til nautna, þó veiku fólki síður geðjist að þeim. Við erum því áreiðanlega þegar í þessum voða vanda staddir, og hann mun ekkert eða sárlítið vaxa, þó vínin bætist við. Eða haldið þjer, herra forseta, og háttv. deildarmenn, að maður, sem óskar eftir að drekka sig drukkinn, að hann fari til læknis og biðji hann um sherry eða rauðvín eða þvíumlíkt. Nei, það er sannarlega spíritusinn, sem þá mundi fyrst óskað eftir. Þessi ástæða er því alveg út í hött, og er líkust því eins og gengið væri út frá því, að læknar nú hafi ekkert áfengi undir höndum.

Svo er nú einnig það, að áreiðanlega mikill fjöldi lækna landsins óskar eftir að fá að nota þessi lyf, þegar þeim sýnist svo, og eru þeir þá ekki sjálfir þeim vanda vaxnir, sem slíkt hefir í för með sjer, eins og svo mörgum öðrum vanda, sem læknum fylgja? Bera þeir ekki sjálfir ábyrgð á sínum gjörðum? Eða er það ef til vill meiningin, að löggjafarvaldið og aðrir ætli að bera sig að eins og nokkurs konar stóri bróðir gagnvart læknastjettinni og *passa að hún fari sjer ekki að voða?* Jeg býst við að flestir læknar frábiðji slíka umhyggju. Að minsta kosti geri *jeg* það.

Og þó nú það væri vitanlegt, að einhverjir læknar mundu vanbrúka vínin, sem jeg verð algjörlega að mótmæla, væri það þá næg ástæða til þess að *banna öllum* að hafa þau um hönd? Það vita sjálfsagt margir, að í öllum löndum koma fyrir læknar, sem misbrúka sum efni, bæði handa sjálfum sjer og öðrum t. d. morfín og cocain. Ætli nokkrum mundi þess vegna detta í hug að *banna öllum læknum* að hafa þau um hönd? Já, sjálfsagt engum, nema þá löggjafarþingi Íslendinga. Jeg gæti trúað því til þess, ef það fellir þessa brtt. okkar háttv. þm. Vestmannaeyja.

Jeg gat þess áðan, að mikill fjöldi lækna mundi á mínu máli, og til þess að færa sönnur fyrir því, að jeg stend ekki hjer einn uppi í dýrahjörð dýralæknisins, eins og háttv. framsögumanni fórust orð, er hjer álit nokkurra utanþingslækna úr Rvík.

Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa það upp:

„Um breytingartillögu á þingskjali 263 hefir álits vors verið leitað.

Að vísu teljum vjer æskilegast, að samþykt, sem gjörð var í læknafjelagi Reykjavíkur 10. febr. 1914, gæti komist í framkvæmd, því hún ein fullnægir þeim kröfum, sem vjer viljum gera. Hún hljóðar svo:

„Læknafjelag Reykjavíkur telur sjálfsagt, að rjettur lækna til að fyrirskipa sjúklingum hvert það efni, er þeir álíta gagnlegt, sje í engu skertur og lyfsalar sjeu því gegn borgunartryggingu skyldir til að útvega alt það, er læknar æskja eftir til lækninga, jafnt öl og vín sem annað, er ekki fæst utan lyfjabúðar hjer á landi".

Þótt breytingartillaga á þingskjali 263, sem hjer er um að ræða, sje miklu yfir-

gripsminni en samþykt Læknafjelagsins, eins og eðlilegt er, eftir því sem málið horfir við á Alþingi, viljum vjer undirritaðir láta þá skoðun vora í ljós, að vjer teljum hana til bóta á því ástandi, sem nú er.

Reykjavík 10. ág. 1915.

Matth. Einarsson.	Jón Kristjánsson.
Gunnl. Claessen.	M. Júl. Magnús.
Sig. Magnússon.	V. Bernhöft.
P. J. Halldórsson.	Sæm. Bjarnhjeðinss.
G. Magnússon.	Þ. J. Thoroddsen.
Þórður Sveinsson.	Ól. Gunnarsson.
Þ. Edilonsson.	Ól. Þorsteinsson.

Þessi fríði læknahópur talar nógu greinilega, svo eiginlega ætti ekki að þurfa að bæta fleiru við. Þetta eru nefnilega allir læknar bæjarins, sem heima voru og ekki sitja á Alþingi, nema einn, sem liggur veikur.

Vilja nú háttv. deildarmenn virkilega taka *þá ábyrgð* á sig að *banna* okkur, þessum læknum og sjálfsagt mörgum fleirum, að ná í það, sem við óskum eftir að hafa til lækninga? En það gjöra þeir hv. þingmenn, sem atkvæði greiða á móti brtt. okkar, því í frumv. stendur beint, að bannað sje að löggilda vín til lækninga.

Jeg get ekki stilt mig um að spyrja: Hvað hefir eiginlega íslenska læknastjettin unnið til saka, svo að hefta þurfi og takmarka rjettindi hennar og samþykkja lög, sem fela í sjer megnasta vantraust á læknum og um leið römmustu getsakir.

Jeg skal endurtaka það, sem jeg drap á í upphafi máls míns, að jeg er alveg á sömu skoðun og þessir 14 hv. stjettarbræður mínir, sem jeg áðan nefndi, um að hið eina rjetta og sjálfsagða hefði verið fyrir þingið að láta okkur hafa alveg óbundnar hendur, eins með notkun áfengra lyfja sem annara. Og það er takmarkið; þangað vona jeg við keppum og ljettum ekki fyrr en því er náð.

Þessi brtt. mín er fram komin til samkomulags og að eins til að bæta úr bráðustu nauðsyninni, þar sem hún inniheldur þær áfengistegundir, sem algengast er að nota til lækninga.

Nú hefi jeg um hríð talað um þá hlið þessa máls, sem að okkur læknunum veit. En til er önnur hlið á þessu máli, sem að almenningi veit, og þá sjerstaklega að bannvinunum.

Það er þegar farinn að koma kurr víða, sem jeg hefi til spurt, meðal almennings út af því, að læknar skuli ekki mega láta vínin til lækninga, eins og verið hefir. Og jeg verð að segja það, ef mjer væri eins ant um bannlögin eins og hv. framsögumanni, þá mundi jeg hiklaust greiða atkvæði með þessari brtt., til þess að afla lögunum vinsælda, því það er mín hjartanleg sannfæring, að ef þetta verður ekki lagað, þá verði þetta fyrsti og stærsti steinninn í götu bannlaganna, sem þau fyrst hnjóta um.

Jeg get t. d. sagt sem dæmi, að jeg hefi heyrt þann orðróm úr nokkrum hjeruðum, að sumir væru farnir að kenna bannlögunum um, hvað lungnabólgan er afarmannskæð. Jeg er ekki að segja þetta af því, að jeg álíti þessa skoðun rjetta. Það dettur mjer ekki í lifandi hug. Að eins vildi jeg benda bannvinum á, að ef óvinir bannsins notuðu þennan streng hjá þjóðinni til að slá laglega á hann, þá gef jeg ekki mikið fyrir framtíð bannlaganna.

Áður en jeg sest niður get jeg ekki stilt mig um að segja við háttv. deildarmenn: Ef þið nú háttv. bændur og búaliðar, prestar og prelátar og aðrir, sem ekkert vit getið haft á gagnsemi vína til lækninga, eftir að hafa hlustað hjer á tvær andstæðar skoðanir um þetta, segið svo við mig og okkur, sem viljum fá að nota vínin til lækninga: *Við* bönnum ykkur að nota þetta til lækninga, þið þurfið þess ekki, þá vildi jeg helst geta sagt við ykkur, sem betur vitið: *Viljið þið þá ekki gjöra svo vel og taka við að lækna sjálfir?*

Björn Þorláksson: Háttv. þm. Vestmannaeyinga (K. E.) virtist undrast yfir

því, að jeg skyldi taka aftur 5. brtt., án þess að bera það undir hann. Jeg tel mjer nægja að bera það undir meiri hluta nefndarinnar. Eins og menn sjá, hefir ágreiningurinn verið svo mikill í nefndinni, að segja má, að hún hafi klofnað; og þess vegna fanst mjer ástæðulaust að bera þetta undir hann.

Þessi sami háttv. þingmaður talaði um að það mundi baka lögreglustjórum kostnað, að fara út í öll skip og innsigla þar áfengisbirgðirnar og virtist hallast að því, að þann kostnað ætti landssjóður að borga. Jeg fyrir mitt leyti er alveg á sömu skoðun.

Háttv. þm. Strand. (M. P.) hóf ræðu sína með því, að taka það fram, að hann væri ekki bannvinur. Það var í rauninni alveg óþarft, því það vissu allir, og mun jeg enda segja honum í fundarlok, *hvers vegna* hann er ekki bannvinur.

Háttv. þingmaðurinn (M. P.) hjelt því fram, að það mundi vera ólöglegt að innsigla alt áfengi á skipum meðan þau dveldu hjer við land. Hann kvaðst sjálfur reyndar enginn lagamaður vera, og verð jeg að segja það sama um sjálfan mig. En jeg hefi leitað álits eins besta lögfræðings, sem kostur er á í bænum, og er hann þeirrar skoðunar, að ekkert sje á móti þessu.

Háttv. þingmaðurinn (M. P.) talaði enn fremur um það ákvæði í frumvarpinu, að sekta mætti ölvaða menn, og fann þessu ákvæði það til foráttu, að óhlutvandir dómarar kynnu að nota það gegn mönnum, sem þeim væri í nöp við. En þá hefði legið nær að hann hefði valið aðra leið en þá, sem hann hefir farið, til þess að *leiðrjetta* þetta, t. d. að breyta ákvæðinu í þá átt, að sekta mætti menn, ef þeir í ölæði vektu óspektir og röskuðu almanna friði, eða væru ósjálfbjarga. Í lögreglusamþyktum bæjanna hafa slík ákvæði lengi verið, og hjer er ekki um annað að ræða en að þau skuli framvegis gilda einnig í kaupstöðum og sjóþorpum, enda er ekki gott að sjá, hvers vegna menn eigi að vera rjettlægri þar en í bæjunum, gagnvart ölvuðum mönnum.

Háttv. þm. Strand. (M. P.) talaði mest um áfengi sem læknislyf í sinni löngu ræðu, og las hann upp máli sínu til stuðnings brjef frá 14 læknum, sem eru hlyntir brtt. hans. En á móti þessum 14 læknum standa 29 sveitalæknar, sem samkvæmt brjefi landlæknis til stjórnarráðsins, hafa tjáð, að þeir notuðu ekki áfengi sem læknislyf. Hinn háttv. þm. Strand. (M. P.) var reyndar að malda í móinn gegn þessu og sagði, að á þeim árum, sem landlæknir tilfærir, hefðu læknar ekki þurft að hafa áfengi í lyfjabúðum sínum, því að þá hefði alstaðar verið hægt að ná til þess. En margir læknar búa svo fjarri kaupstöðum, að það hefði verið bein skylda þeirra að hafa áfengi við höndina, ef þeir hefðu haft nokkra trú á því til lækninga. Jeg hygg því, að skjal þessara 14 lækna sanni harla lítið.

Að mínum dómi hafir tvent valdið klofningnum í nefndinni, — því að klofin er hún í raun og veru, — nefnilega togararnir og læknarnir. Jeg ætla mjer ekki að fara fleirum orðum um læknana; það mun annar háttv. þingmaður hjer í deildinni gjöra, en vil leyfa mjer að fara nokkrum orðum um togarana. Háttv. þm. Vestm. (K. E.) taldi það ósamræmi í frv., að útlend skip gætu flutt áfengi, en íslenskum togurum væri bannað það. En hjer er um ekkert ósamræmi að ræða, því að löggjafarvald vort nær ekki yfir útlend skip, en íslenskir togarar verða að lúta íslenskum lögum. (*Karl Einarsson*: Jeg talaði ekki um útlend skip, heldur innlend flutningaskip). Það er satt að það er ósamræmi, að íslenskum farþegaskipum haldist uppi að hafa með sjer áfengi, ef togurunum er bannað það, en væntanlega verður hægt að lagfæra það við 3. umr.

Jeg sný mjer aftur að fiskiskipunum. Ákvæðið um þau er sett til þess, að hindra

óreglu, enda er lögreglustjórum lítt kleift að fara út í hvert einasta slíkt skip, til þess að innsigla áfengisbirgðir. Mjer þykir því meir en undarlegt, að mótmæli gegn þessu skuli koma frá lögreglustjóra, sem þar að auki þykist vera bannvinur, og ætti því að láta sjer sjerstaklega hugarhaldið, að lögin væru svo úr garði gjörð, að þau væru framkvæmanleg. Og nú vil jeg leyfa mjer að spyrja: Til hvers eiga íslensk skip að hafa áfengi meðferðis? Setjum svo, að allt áfengi yrði innsiglað, hvað lengi á þá innsiglið að haldast? Sjálfsagt ekki lengur en þangað til þau eru komin út fyrir landhelgina. Þá eiga þau auðvitað að hafa leyfi til að leggjast borð við borð og skipverjar að þreyta drykkju af kappi! Óþarft held jeg sje að fjölyrða um, hvað mikið ilt getur leitt af þessu. Óskaplegar eru afleiðingar drykkjuskaparins á landi, en margfalt eru þær þó voðalegri á sjó. Jeg þykist mega fullyrða, að slysförum mundi ekki fækka, nje afli vaxa, ef slíkt háttalag yrði heimilað með lögum. En annars er jeg fullviss um, að útgjörðarmenn mundu aldrei þola þetta; þeir mundu 'grípa í taumana og sjálfra sín vegna afstýra slíkri óhæfu.

En þó að nú útgjörðarmenn vildu þola að áfengi væri haft um hönd á skipum þeirra, þá væri það eigi að síður gagnstætt íslenskum lögum, því að fyrir því finst hvergi íslenskur lagastafur, að hásetar á íslenskum skipum hafi rjett til þess að fá vín. Mjer er raunar sagt, að til sje gömul reglugjörð, sem fari í gagnstæða átt, en hún hlýtur þá að falla úr gildi, því að hún getur ekki staðið við hlið bannlaganna.

Jeg er líka hræddur um, að vátryggingargjaldið mundi ekki lækka, ef leyft væri að hafa áfengi um borð í skipunum. Skiptjón hafa oft orsakast af völdum áfengis, og mundi vátryggingargjaldið því hækka, hvort sem vátrygt væri hjer eða erlendis. Enda er bannað sumstaðar í útlöndum að hafa áfengi um borð í fiskiskipum, og mundu það því ekki verða nein meðmæli með sjómannastjett vorri í þeim löndum, ef þessi brtt. yrði samþ. Jeg vona nú, að óþarft sje að fjölyrða meir um þetta mál, enda er mjer kunnugt að ýmsir merkir menn hjer, sem nákunnugir eru togaraútveginum, líta á þetta mál eins og jeg. Svo er t. d. um Jón bæjarfógeta Magnússon, Hannes Hafliðason formann Fiskifjelagsins, Þorstein Guðmundsson fiskimatsmann á Suðurlandi, Jakob Jónsson verslunarstjóra Duus verslunar og formann fiskiútgjörðar mikillar o. fl. Til árjettingar vil jeg leyfa mjer, með leyfi forseta, að lesa nokkrar línur úr grein um bannlögin og togarana, sem fyrir skemstu birtist í blaðinu „Vísir". Þar segir svo: „Erlend útgjörðarfjelög hafa seinni árin stranglega bannað vínnautn á togurum sínum og vátryggingarfjelögin lagt mikla áherslu á þetta atriði, svo að sum hafa gjört slíkt bann að skilyrði fyrir vátryggingu skipanna. — Hvað segja nú vátryggingarfjelögin, erlend og innlend, þegar þau fá að vita, að íslenskir togarar og fiskiskip eru fljótandi knæpur, sem búast má við að þau verði, ef ekki er tekið fyrir þenna ósóma. Mundu þau ekki fara að líta í kring um sig og verða treg til vátrygginga gegn venjulegu gjaldi?"

Jeg hygg því, sem betur fer að ekki mundu verða mikil brögð að vínnautn á togurunum, þótt brtt. yrði samþykt. Enda er bersýnilegt, að refarnir eru til alls annars skornir; — maður getur skilið fyrr en skellur í tönnunum.

Leikurinn er til þess gjörður, að hægt sje að flytja áfengi inn í landið. Það á að nota lækna og togara til þess að koma óorði á bannlögin. Jeg verð að játa, að í upphafi átti jeg bágt með að trúa, að svo spiltur hugsunarháttur væri til, en nú er mjer sjón sögu ríkari. Og það eru tveir embættismenn, læknir og lögreglustjóri, sem eru fengnir til að vinna slíkt verk. Jeg get ekki betur sjeð en að þar

með brjóti þeir beint í bág við embættisskyldu sína, og er það hræðilegt tímanna tákn. Mjer verður á munni hið fornkveðna: „O! tempora! O! mores!“

Þessu næst vil jeg minnast á brtt. á þgskj. 264 og 296. Það er háttvirtur þm. Strand. (M. P.), sem þær brtt. flytur, og er jeg algjörlega andvígur þeim báðum. Um fyrri brtt. er það að segja, að það er ótilhlýðilegt að veita stjórnarráðinu slíka heimild, sem þar er gjört ráð fyrir, og bætir það lítið úr skák, þótt því sje bætt við, að aldrei megi gefa eða selja öðrum en skipverjum af skipsforðanum. Ef brtt. yrði samþykt, mundu erfiðleikarnir við framkvæmd bannlaganna stórum vaxa. Það er ekki vafi á því, að þá mundi útlendingum gefast tækifæri til þess að fara í kring um bannlögin, en reynslan hefir sýnt, að flestir þeirra hafa ríka tilhneigingu í þá átt. Jeg tel illa til fallið að gefa stjórnarráðinu heimild til þess að veita slíkar undanþágur; það gæti orðið sumum af þeim háu herrum, sem þar sitja, fullmikil freisting, ekki síst, ef sá orðrómur er sannur, að ekki sjeu allir í stjórnarráðinu of miklir vinir bannlaganna. Og hver á svo að meta, hvað sje hæfilegur skipsforði? Jeg sje því ekki betur, en að þessi brtt. sje óhæfileg.

En þó er meira blóð í kúnni! Á þgskj. 296 kemur hv. þm. Strand. (M. P.) með nýja brtt. við brtt. á þgskj. 264. Þar er farið fram á, að útlend skip megi, án þess að sækja um neitt leyfi, hafa hæfilegan skipsforða óinnsiglaðan „til næstu hafnar“. Engin ástæða er færð fyrir þessari till. Hvers vegna á skipsforðinn endilega að vera óinnsiglaður til næstu hafnar? Segjum að skip komi fyrst til Fáskrúðsfjarðar, á það þá að hafa leyfi til að hafa skipsforðann óinnsiglaðan til Eskifjarðar — en síðan ekki við söguna meir? Hvers vegna ætti það fremur að komast í fordæmingunna á Eskifirði en ekki á Fáskrúðsfirði? Jeg skil ekki annað eins og þetta, — og skil það þó. Hjer er enn verið að búa til nýja smugu fyrir áfengið. Jeg get tekið fleiri dæmi. Ef skipið kemur fyrst til Vestmannaeyja, þá á ekki að innsigla fyrr en í Reykjavík, og geta allir á þeirri leið notið góðs af skipsforðanum. En ef skip kemur fyrst til Rvíkur og Ísafj. eða Seyðisfj. er næsta höfn, þá ætti hver og einn að geta sagt sjer sjálfur, að greiðviknir skipverjar gætu miðlað talsverðu af áfengi á svo langri leið. Og greiðviknir á slíkt eru útlendir sjómenn venjulega; það vita allir, og er því engin hætta á, að þeir ljetu menn deyja úr þorsta, þó að þeir væru ekki læknar.

Nei, till. ristir djúpt, og hún ber vitni um djúpsæi hv. þm. Strand. (M. P.), eða þeirra, sem hafa hleypt honum af stað. Jeg mun því verða á móti þessari brtt., þótt hún sje framkomin til þess, að svala þyrstum sálum. Útlend skip hjer við land verða að lúta landslögum, enda er það víst, að sum útlend skip hafa engan áfengisforða. Svo var t. d. um „Flóru“ fyrst þegar hún kom hingað, en seinna var því breytt, vegna samkepni við önnur skip hjer við land, sem áfengi höfðu.

Jeg get látið útrætt um þessa brtt. — Breytingartillagan á þgskj. 264 fer fram á að breyta 1. gr. frv. þannig, að fella burtu ákvæðið um, að ölvaða menn, sem eru á almanna færi, megi taka og setja í hald. Jeg hefi farið nokkrum orðum um þetta atriði í framsögu minni og í nefndarálitinu, og hefi fáu við það að bæta, en að eins vil jeg geta þess, að ef menn eru hræddir við að samþykkja frv. vegna þess, þá er mönnum innan handar að koma fram með brtt. við 3. umræðu, sem takmarki þessa heimild við það, að hinn ölvaði maður raski ró eða friði. Og jeg get sagt það fyrir mitt leyti, að jeg væri því meðmæltur, að þetta yrði gjört, en að öðru leyti verð jeg að leggja á móti breytingartillögunni, eins og hún er nú.

2. brtt. á þgskj. 263 fer fram á það, að

löggiltar verði sem læknislyf 5 vintegundir og öl áfeng. Ef þetta yrði samþykt, mundu allir 50 læknar landsins hafa leyfi til þess, að selja þessa drykki. Jeg skal lýsa því yfir, að jeg held að flestir þeirra mundu ekki vanbrúka þetta, en það er eins í þessari stjett eins og annarsstaðar, að mennirnir eru misjafnir. Það liggur það orð á um suma lækna, að þeir drekki upp spíritusinn, sem þeir eiga að hafa til lækninga, og það mundi óheppilegt fyrir þessa menn, ef brtt. yrði samþykt. Þau vín, sem hjer eru talin, yrðu þeir að hafa sjálfir, af því að lyfjabúðir eru fáar, og mundi það ekki holt fyrir þá.

Jeg get ekki komist hjá því, að lýsa því yfir, þó mjer sje það nauðugt, að læknar hafa stundum hjálpað mönnum til að ná í vín til neytslu, og gjörst með því frömuðir drykkjuskapar. Ef þessi breyting yrði samþykt, mundi það sama og að fá beittan brand í höndur örvita mönnum, að því er suma lækna snerti.

Menn verða að fyrirgefa mjer, þó jeg segi, að mjer finst það hneyksli, ef þessi tillaga nær fram að ganga, og að hún mundi verða til þess, að veikja virðingu fyrir læknastjett landsins, og að vandaðir læknar, sem margir eru hjá okkur, svo sem betur fer, mundu einnig súpa seyðið af því.

Steingrímur Jónsson: Jeg ætlaði ekki að taka til máls nú við þessa umræðu, en gjörði grein fyrir því við 1. umr., að jeg mundi ekki geta greitt frumv. atkvæði mitt. En það er hvorttveggja, að fram hafa komið þarfar brtt. við frv. og svo er málið svo mikils vert, að jeg vil gjöra frekari grein fyrir skoðun minni á því og hvers vegna jeg get ekki verið með frumvarpinu, þrátt fyrir brtt. nefndarinnar. Það, sem gjörir að bannlögin eiga svo erfitt uppdráttar, er í fyrsta lagi það, að þau brjóta bág við rjettlætistilfinningu landsmanna, bæði bannmanna og andbanninga. Það brýtur bág við rjettlætistilfinningu hvers manns, að gjöra það að glæp að neyta áfengis, en það er einmitt rauði þráðurinn, sem gengur í gegn um bannlögin. Annað atriði er það, að þau skerða persónulegt frelsi manna. Að vísu eru þau ekki einu lögin, sem gjöra það, en í flestum öðrum lögum reyna menn að komast hjá því, að blanda sjer í framferði manna, að því er snertir sjálfa þá eða heima fyrir. En hjer er gjörð fyrirskipun um það, hvers menn megi neyta. Þriðja atriðið, sem athugavert er, er hvernig eigi að koma þeim lögum, sem ganga svo langt og brjóta svo mjög bág við rjettlætistilfinningu manna, í framkvæmd. Breytingar á bannlögunum hefðu því átt að ganga í þá átt, að milda þau og gjöra þau framkvæmanlegri, því að úr því að lögin eru komin, þá á að gjöra eins gott úr þeim og hægt er. Það mundi gleðja mig, ef jeg gæti sagt við sjálfan mig: Þær hrakspár, sem þú komst með 1909, hafa ekki rætst. Þær hafa reynst rangar. En því miður hefi jeg ekki sjeð neina dagsbrún enn þá. Og þessar breytingar, sem hjer er farið fram á, gjöra hvorki að bæta úr þeim agnúum á lögunum, sem jeg gat um áðan, nje heldur að ljetta framkvæmd þeirra.

Jeg skal minnast á einstök atriði, en get farið fljótt yfir sögu. Vil jeg þá fyrst minnast á 1. gr. frv. Samkvæmt henni mega útlend skip ekki hafa skipsforða óinnsiglaðan á meðan þau eru hjer við land. Það getur verið rjett, að við getum lögboðið þetta, að minsta kosti um þau skip, sem komin eru á hafnir, en vafasamt er hvort við getum látið það ná til skipa þessara, þegar þau eru komin út af höfnum, að minsta kosti þegar þau eru komin út úr landhelginni, þó þau sjeu í siglingum hjer við land. En þó við höfum lagalegan rjett til þessa, þá er það ekki kurteisi gagnvart öðrum þjóðum, að banna skipverjum á útlendum skipum, að neyta áfengis á meðan þau eru hjer

við land. Jeg held að það sje einn af ókostum bannlaganna frá 1909, að þau gjöra útlendum ferðamönnum erfitt fyrir, og koma því til vegar, að þeir sjá sig knúða til að brjóta lögin. Og komist þetta í lög, held jeg að kvartað muni yfir því af útlendingum, og gæti þá svo farið, að landsmönnum veitti erfitt að halda þessu uppi.

Þá er annað atriði í frv., sem jeg álít að herði mjög á og spilli bannlögunum; það er að taka megi menn fasta, ef þeir eru ölvaðir á almannafæri, þó þeir engan óskunda gjöri, og fara með þá sem þjófa. Að það megi taka þá og hafa þá í haldi 24 tíma, þó að þeir hafi orðið ölvaðir af sínu eigin áfengi, sem þeir hafa fengið á algjörlega lögmætan hátt, er hart. Lengra var ekki hægt að ganga, því að stjórnarskráin bannar það. Þetta ákvæði er alveg óþarft og einn af þeim títuprjónum, sem skaða bannlögin. Þá er 3. gr. 1. liður, sem mælir svo fyrir, að ef þeir, sem áfengi finst hjá, geta ekki sannað, að þeir sjeu komnir að víninu á lögmætan hátt, skuli þeir skoðast sekir um innflutning áfengis. Þetta held jeg að hljóti að skaða framkvæmd bannlaganna mjög. *(Björn Þorláksson:* Nefndin leggur til að þessu verði breytt). Jeg held því fram, að því sje að minsta kosti ekki nógu skýrt breytt. Enn er margt fleira athugavert, sem jeg gæti nefnt, en jeg ætla að eins að minnast á síðustu brtt. nefndarinnar, um að fella úr gildi lögin frá 20. okt. 1913. Það getur að vísu verið, að það sje ekkert á móti þessu, eftir því sem framsögumaður sagði, en jeg hefði óskað að nefndin hefði haft meira til að byggja á en hún hefir haft. Alþingi 1913 áleit nauðsynlegt að lögleiða þetta, samkvæmt ósk sendiræðismanna erlendra ríkja. Nefndin hefði því átt að hafa yfirlýsingu sendikonsúlanna þriggja um, að þeir óskuðu ekki að halda þessari heimild, því að það er leitt, ef þessi breyting yrði til þess, að lögin næðu ekki fram að ganga, þegar Alþingi hefði samþykt þau. Þær brtt., sem fram hafa komið, breyta og bæta lögin talsvert, einkum breytingartillögur hv. þm. Strand. (M. P.), en þó ekki svo, að jeg álíti rjett að samþykkja frumvarpið. Jeg ætla *ekki að* tala meira um einstakar brtt., en að eins minnast á brtt. á þgskj. 263, seinni liðinn, sem fer fram á, að löggiltar verði til lækninga nokkrar víntegundir, sem alment eru notaðar til lækninga. Þessa tillögu álít jeg sjálfsagt að samþykkja, og er jeg á sama máli og hv. þm. Strand. (M. P.) um að hún miði að því, að vinna bannlögunum gagn. Jeg veit að það mælist ákaflega illa fyrir út um land, að læknar skuli ekki mega nota vín til lækninga. Jeg bý í strjálbygðu hjeraði, en hefi þó ekki sjaldan orðið var við, að sjúklingar þurfi þessara vína sjer til lækninga. En jeg hygg, að ekki geti komið til mála, að þessi vín yrðu notuð til drykkjar.

Það er ekki af þeirri ástæðu, að jeg er á móti bannlögunum, að jeg vil ekki samþykkja frumvarpið, heldur af því, að mjer virðist það spilla bannlögunum. Það hafa komið fram ýmsar fullyrðingar af hálfu þeirra, sem eru með þessu frv. Framsm. sagði t. d. að sveitirnar væru orðnar þurrar, áður hefðu þær verið votar. Jeg mótmæli því, að þetta sje rjett, að því er hið síðara snertir. Jeg get að vísu ekki sagt um þetta fyrir allar sveitir, heldur að eins fyrir þann hluta landsins, sem jeg er kunnugur. Þær voru orðnar þurar áður en aðflutningsbannið kom, og var það þakka bindisstarfseminni.

Það er eins og þeir góðu bannmenn hafi gleymt að bindindi var til hjer á landi áður en Goodtemplarareglan kom. Það var að miklu leyti að þakka þeirri bindindisstarfsemi, sem var hjer á undan Goodtemplarareglunni, að sveitir vóru orðnar þurrar og vín aðeins til í kauptúnum. Jeg held jeg þori því að fullyrða, að ástandið þá hafi ekki verið verra en nú; að vísu mun þá hafa verið meira vín

til í landinu en nú, en nú hafa menn að eins sterkustu og óhollustu drykkina. Þessu hafa menn gleymt. Í Þingeyjarsýslu er það að minsta kosti svo, að menn hafa geymt aðallega sterkustu drykkina. Þótt bleytan því sje minni, er óhollustan alls ekki minni. Háttv. þm. (B. Þ.) sagði að kaupstaðirnir væru mikið breyttir til batnaðar í þessu efni frá 1909, en því mótmæli jeg. Drykkjuskapurinn hafði minkað mikið um árabil áður en bannlögin komust á. Þess vegna var samanburður hv. þm. um Reykjavík þannig lagaður, að hann sannaði ekkert. Þegar jeg kom hingað 1904, undraðist jeg hve lítill drykkjuskapur var hjer. Nú er hann að sjálfsögðu minni, en það, sem drukkið er, er aðallega sterku, óhollu og stundum baneitruðu drykkirnir. Þetta er háskinn.

Háttv. þm. talaði um að andbanningar hefðu lítið kynt sjer, hvað bannmálinu liði utanlands, og það er ef til vill rjett. Þó gat jeg kynt mjer árið 1909 hvað því leið í Ameríku, og jeg gat ekki annað sjeð en að bannlög Bandaríkjanna væru líkari lögunum okkar frá 1899, en bannlögunum 1909; þau voru líkari þeim lögum, euda hafa þau átt mjög mikinn þátt í að draga úr áfengisnautn hjer á landi, jafnvel meiri en snapsalögin 1882. Bannhreyfingin hjer hefði einmitt átt að fara í líka átt og í Ameríku, þá hefði hún reynst vinsælli. Hv. þm. benti á, að í Ameríku væri búist við bannlögum um 1920. Fari svo, hygg jeg að þau bannlög verði mýkri en okkar lög og betur að alþýðu skapi.

Rússar hafa nú í ófriðnum að eins bannað brennivínið sitt, sterkustu drykkina, eins og Frakkar, þeir hafa bannað absintið. Sú stefna hlýtur að reynast mikið vinsælli. Þess vegna vænti jeg þess, þegar jeg heyrði að breytingartillögur væru á ferðinni, að þær gengju í þá átt, að mýkja lögin, í þá átt, sem auðvitað hefir verið aðaltakmarkið, að útiloka sterku óhollu drykkina, en hleypa þeim hollu inn.

Það lítur út fyrir, að bannlögin hafi miklu fremur gjört hitt að verkum, að útiloka hollu drykkina, en hleypa þeim skaðlegu inn.

Háttv. flutningsmaður endaði á því, að Íslendingar yrðu kallaðir brautryðjendur erlendis. Jeg held að hann hafi litið of stórum augum á okkur. Jeg held að erlendar þjóðir nefni okkur ekki sem brautryðjendur, heldur segi: „Þetta hafa Íslendingar reynt, til þess eru vitin að varast þau“. Jeg er viss um að Englendingar taka þetta mál öðruvísi. Það er rjett, að Englendingar eru farnir að hugsa um bann, en þeir fara aðrar leiðir en við. Og jeg hygg ensku aðferðina betri en ofstopann frá 1909.

Ráðherra: Jeg óska að eins að gjöra tvær athugasemdir, sem báðar horfa út á við, Það hefir verið skýrt frá því, að samkvæmt lögum Frakka *eigi* skipverjar þeirra rjett til að fá vissan áfengisforða daglega, skipsforða. Ef þetta yrði nú sett í lög, að innsigla alt áfengi, svo að ekki verði því náð án lögbrots, mundi franska stjórnin mótmæla, og lögin ef til vill ekki ná staðfestingu. Þetta vildi jeg benda hv. deild á, áður en lögin eru samþykt, ef hún vill láta þau ganga fram og ná staðfestingu konungs.

Hvað viðvíkur hinu atriðinu, þá er það um afnám laga nr. 23, 20. okt. 1913, sem heimila sendikonsúlum erlendra ríkja, að flytja ákveðinn forða til heimilis síns árlega, 800 lítrar á ári mun það vera.

Það er satt, að jeg átti tal við nefndina, sem um þetta fjallar. Jeg stend við það, að það er ekkert í milliþjóðarjetti um það, að sendikonsúlar verði ekki að hlíta landslögum í því efni eða líkum efnum, er hjer greinir. En það er annað atriði, sem kemur til greina, og það er „international“ kurt-

eisi. Jeg hefi átt tal við einn erlendan sendikonsúl hjer, og mjer virtist hann vera á því máli. Jeg býst við, að sendikonsúlarnir kynnu því illa, ef tekið væri af þeim þetta leyfi, er þeim hefir verið veitt. Þeim þykir óþægilegt að breyta oft um lifnaðarhætti, og ófrelsi að mega ekki hafa vín með mat, þegar þeir eru vanir því.

Þetta atriði mundi þó varla valda staðfestingarsynjun, en við megum sist á þessum tímum gjöra nokkuð til þess, að brjóta af okkur hylli annara þjóða.

Og þó að konsúlarnir fái að halda þessari heimild, þá er það ekki fórn á altari Bakkusar, heldur er það bannlögunum í rauninni óviðkomandi. Sendikonsúlarnir mundu auðvitað alls ekki misbrúka þetta leyfi á neinn hátt. Við getum óhræddir gengið út frá því, að bannstefnan er því ekki brotin með þessu leyfi.

Þetta tvent, vildi jeg biðja háttv. deild að athuga, en að öðru leyti ætla jeg ekki að blanda mjer inn í umræður um þetta mál.

Guðmundur Björnson: Jeg skal reyna að vera ekki langorður, því að menn eru víst farnir að verða hungraðir.

Það er tvent, sem mönnum hefir orðið hjer tíðræddast um; það eru togarar og læknar, og eru það þó ólíkir hlutir. Jeg vil ekki lengja umræðurnar, og skal því að eins taka það, sem mjer kemur meira við, en það eru læknarnir.

Það er kominn í ljós meiningamunur í þessu máli, milli mín og nokkurra annara lækna. Jeg vil gjöra grein fyrir skoðun minni í stuttu máli.

Háttv. þm. Strand. (M P.) játaði, að vín væru *ekki* nefnd í lyfjaskránni, en fræddi menn á því, að það væru svo fjarska mörg lyf, sem ekki væru nefnd þar. Þessu gjörði jeg einmitt grein fyrir í erindi mínu til stjórnarráðsins. Þess hefði líka gjarnan mátt geta, að í gömlum lyfjum mörgum er áfengi, en ekki í nýju lyfjunum, nema örfáum, af öllum þeim mikla grúa. Af hundruðum ólöggiltra lyfja hjer í lyfjabúðinni var að eins áfengi í þremur.

Það er eitt orð háttv. þm. Strand., sem vert er að hafa í minnum. Hann kallaði vínin, sem hann er með, „lyf“. Jeg vil vekja eftirtekt manna á því, að þar er háttv. þm. Strand. einn síns liðs. Í yfirlýsingunni frá Læknafjelaginu höfðu læknarnir ekki slíkt orðbragð; þeir kölluðu vínin ekki lyf, og það af þeim ástæðum, er nú skal greina.

Hvað er í þeim gamalkunnu vínum? Aðalefnið er vínandi, auðvitað blandaður vatni. Saman við er svo oft sykur og ávalt einhver smekkefni. Þetta kalla menn vín.

Vitanlega voru þau í gamla daga búin til úr drúfum, en nú eru þau flest „óekta“, sprittblöndur með ýmiskonar litarefnum og bragðmiklum efnum. Jeg hygg, að harla lítið hafi verið drukkið hjer á landi af „ekta“ vínum. Vínandi út af fyrir sig er lyf, það játar hver læknir, og jeg ekki síður en aðrir. En að kalla alt þetta samsull, alla þessa alkunnu, áfengu drykki lyf, það er stórkostlegt rangnefni, og stjettarbræður mínir, þessir 14, láta sjer ekki slíkt um munn fara. En háttv. þm. Strand. (M. P.), *hann* hefir sæmt þá gömlu drykki þessu heiðurs nafni. Nú vil jeg biðja menn að gá að því, að læknarnir hafa þó ekki löggjafarvald; þeir eru ekkert yfirálþingi; hjer er eingöngu að ræða um það, hvort þessir gömlu drykkir eru nauðsynlegir til lækninga eða ekki.

Það er eftirtektarvert, að þessir merku læknar, sem vilja losna úr aðflutningsbanninu, þeir kalla *ekki* vínin *lyf*. Þeir tala um *rjett* sinn til að heimta alt, sem þeim dettur í hug. Við eigum að hafa *rjett* til að nota vín, segja þeir. Þeir segja ekki, að þeir *þurfi* þess. Hvers vegna eru nú þessir merku læknar svo varkárir í orðum? Það get jeg sagt ykkur. Þeim er vel kunnugt um, að þessa máli er svo

farið, að það hlýtur að verða hljóðbært út um heiminn. Ef það bærist út um heiminn, ef erlendir vísindamenn heyrðu, að íslenskir læknar kalli áfenga drykki lyf, þá yrði það ekki til þess, að auka heiður íslensku læknastjettarinnar. Það vita læknarnir. Þetta er tvent ólíkt, það, hvort læknar eigi að vera rjettlhærri en aðrir menn, og hitt, hvort vín sjeu nauðsynleg til lækninga.

Háttv. þm. Strand. (M. P.) og háttv. þm. Vestm. (K. E.) fóru hjartnæmum orðum um sjúklingana, sem færu á mis við þessa makalausu lífselixíra, rom, sherry &c., sögðu, að margir væru þeir sjúklingar, sem ómögulega gætu tekið inn neinar sprittblöndur, þeir yrðu að hafa vín, þeim yrði ilt af öllu öðru áfengi! Brjóstgæðin eru falleg, og jeg býst við, að þessi fagra prjedikun hrífi hjörtu manna.

Jeg hefi nú fengist dálitið við lækningar í 20 ár og oft notað áfengi. Jeg hefi reynt bæði vínin gömlu og áfengisblöndur. Og jeg hefi frá því að segja, sem allir geta skilið, að jeg hefi horfið frá vínunum og kýs heldur áfengi úr lyfjabúðinni, blandað ýmsum smekkbæti. Kaupi jeg vín, veit jeg aldrei hvaða efni eru í þeim búðardrykk, og veit það er varasamt, að gefa það samsull sjúklingum, sem hafa veikan maga. *Jeg vil vita hvaða efni það eru, sem jeg læt sjúklinga mína taka inn*, og þess vegna kýs jeg að gefa áfengisblöndur, samsettar í lyfjabúðinni, því að jeg veit alt af hvaða efni eru í þeim: því ræð jeg sjálfur. Þess vegna er jeg t.d. fyrir löngu gjörsamlega hættur að gefa börnum vín, en hefi stundum haft áfengi handa þeim í ýmsum lyfjabúðarsamsetningum. En það er annað í þessu efni, sem var rjett hjá háttv. þm. Strand. (M. P.) og Vestm. (K. E.). Þeir töluðu báðir um það, að margir hefðu meiri *trú* á áfengum drykkjum en áfengisblöndum úr lyfjabúð. Það er öldungis rjett. Fyrr meir var höfð tröllatrú á vínum til lækninga; eitt vín átti við þessum sjúkdómi og annað við hinum. T. d. þegar kóleran gekk í Danmörku, var það alþýðu trú, að hægt væri að verja sig fyrir henni *með* kognaki. Jeg hefi nefnt eitt dæmi upp á þessa þjóðtrú í skýrslu minni til stjórnarráðsins. Það kom til mín maður ofan úr sveit og sagði mjer að hann hefði heyrt getið um vín, sem væri svo ágætt við geðveiki. Það hjeti lacrima Christi, Krists tár. Það eimir enn eftir af þessari gömlu víntrú; það eru enn til menn, sem hafa þá trú. Það er eðlilegt. En hitt er ekki eðlilegt, að löggjöf landsins sje hagað eftir slíkri röklausri hjátrú.

Jeg hefi orðið þess var, að eitt af því, sem óvinir bannlaganna hafa stöðugt í frammi, er að ala á þessari alþýðu trú á lækningakrafti vínanna. Það er ekki hægt að segja mikið til þess, þótt hinir og þessir gjöri það, en jeg verð að telja það illa farið, ef nokkur læknir verður til þess, að ala á þessari gömlu hjátrú, til þess að vekja ótrú á bannlögunum. Jeg saka engan um það, en jeg tel það illa farið, ef svo væri.

Það var eitt atriði í ræðu háttv. þm. Strand. (M. P.), sem var mjög athugavert. Árin 1908—1911 hafði jeg orðið þess áskynja, að allur þorri lækna var hættur að nota vín til lækninga. Það, sem háttv. þm. Strand. (M. P.) svaraði þessu, er mjög eftirtektarvert. Hann sagði að þá hefði verið vín til í búðunum, hægt t. d. á Norðurlandi að senda til Akureyrar eftir víni, sjúklingarnir sjálfir getað *fengið* það þar í búðunum.

En þetta er smáskrítið!

Hv. þm. Vest. (K. E.) lagði út af því, að áfengi væri nauðsynlegt í lungabólgu. Segjum nú að einhver norður í Öxarfirði fengi lungnabólgu; ætli það væri þá ekki nokkuð langt að sækja áfengið til Akureyrar? Ætli það kæmi þá ekki heldur seint handa sjúklingnum. Jú, jeg býst við því.

Það kæmi of seint.

Því er það rjettara, sem háttvirtur þm. Strand. (M. P.) hjelt fram, að þegar vinið fekkst í kaupstöðunum, þá hafi engin ástæða verið fyrir læknana að hafa það, en nú þegar það er ekki, þá þurfi þeir að hafa vínbúðir.

Já, „*vínbúðir*“ sagði *hann*; það eru *hans* orð, og það er eftirtektarvert orð.

En það er ekki nema um tvent að tala. Annað hvort er áfengið nauðsynlegt sem læknisdómur, og þá á að skylda hjeraðslæknana til að hafa það til, eða það er ekki nauðsynlegt, og það hefir sannarlega ekki verið hrakið með brjefi læknanna, að nauðsynlegt sje að hafa nema spiritus conentr. til lækninga, og þá er sannarlega ekki *nauðsynlegt* að leyfa læknum, að setja upp 50 vínbúðir í landinu, eins og háttv. þm. Strand. (M. P.) orðaði það.

Sami háttv. þm. (M. P.) sagði, að það væri saklaust, þó að læknum væri heimilað þetta, því að þeir hefðu hvort sem er nóg áfengi, nógan *vínanda*, sem þeir gætu látið úti.

Þetta er í fullu samræmi við það, sem háttv. Vestm. (K. E.) var að segja, en hann var að tala um „national“-drykk Íslendinga, brennivínið. En það er þá merkilegt, að þessi góði lungnabólguborgari í Vestmannaeyjum skyldi ekki hafa lyst á sjálfum „national“-drykknum.

Þó það sje víst, að brennivín hafi verið mikið drukkið hjer á landi, þá hafa þeir ekki látið hæst, sem það drukku. Þeir, sem mest láta, eru heldri mennirnir, sem gæddu sjer á „finu“ vínunum. *Þá* vantar koguak, portvín, sherry &c.

Hann er ekki langur, reynslutími bannlagunna enn þá, einir 7 mánuðir.

En, hæstv. forseti, jeg *vil* ekki segja alt, sem jeg veit um reynsluna í lyfjabúðunum síðan, þó að jeg viti að það styrkir mitt mál.

En jeg ætlast til þess, hæstv. forseti, að menn trúi mjer, er jeg segi, að það eftirlit, sem jeg á að hafa, verður *miklu* erfiðara, ef brtt. háttv. þm. Strand. (M. P.) nær fram að ganga.

Ekki skal jeg þó leyna því, að síðan á nýári, og fram á þennan dag, hefir talsverð misbrúkun átt sjer stað. Það eru þeir læknar til, sem látið hafa úti áfengi, bersýnilega til nautnar. En það má enginn skilja þetta sem hnjóð í alla læknastjettina; því er nú, mjer liggur við að segja fjandans verr, að læknarnir eru manneskjur, og það brotlegar manneskjur, alveg eins og aðrir, og það er því rangt að ætlast til þess, að lög, sem við þá eiga, verði ekki brotin eins og önnur landslög.

Þetta eftirlit er mjög erfitt.

Og háttv. þm. Strand. (M. P.), sem sjálfur er læknir, hlýtur að skilja það manna best hjer í háttv. deild, hve þetta eftirlit *hlýtur* að verða örðugt fyrir landlæknirinn, ef tillögur hans ná fram að ganga.

Við skulum nú hugsa okkur, að það komi fyrir, að einhver hafi út úr lækni í dag 10 ℔ af spiritus og 4 ℔ næsta dag, eða 12 flöskur í dag og 4 flöskur næsta dag. Og segjum svo, að landlæknir finni að þessu. Þá getur læknirinn svarað sem svo, að *hann* ráði *sjálfur hvað* hann gefi sjúklingum sínum til heilsubótar og *hversu mikið* hann gefi þeim.

En það gæti þó sjálfsagt komið fyrir, að það leyndi sjer ekki, að læknir bryti aðflutningsbannslögin — ljeti áfengi úti til neytslu.

Hvað á þá að gjöra? (*Magnús Pjetursson*: Refsa). Já — refsa. Í bannlögunum *er* lögð hegning við því, ef læknar brjóta þau, en það verður jafnan afar erfitt að sanna þau brot. Þá eru líka lögin um lækningaleyfi frá 1911. Þau gefa landlækni heimild til þess að áminna lækninn, og jeg býst við að hann byrji á því. En ef áminningin ekki hrífur, þá má landlæknirinn, eftir þeim lögum, svifta lækninn læknisleyfi. Á hann að gjöra það? (*Magnús Pjetursson*: Jeg svara,

er jeg stend upp). Mjer væri kært að fá svarið strax. *(Magnús Pjetursson:* Læknirinn á ekki að vera laus við refsingu; það er sjálfsagt að refsa honum). Mjer þykir mjög mikilsvert að hafa fengið þetta svar. En, háttv. forseti, jeg vil leyfa mjer að bera spurninguna líka undir háttv. þingdeild. Vill nokkur hv. þingmanna svara öðru vísi?

Nei! Það samþykkja allir með þögninni þetta svar, sem háttv. þm. Strand. (M. P.) gaf upphátt. Það hljóta líka allir að viðurkenna að það er rjett. En jeg veit að allir skilja, að það er ekki *skemtilegt* fyrir landlækni þetta eftirlitsstarf.

Svo er það um öll mál, að það er ábyrgðarhluti fyrir hvern mann, hvað hann leggur til þeirra. Fyrir hvern mann í landinu er það ábyrgðarhluti, hvað hann leggur til þjóðmála. Jeg veit að menn skilja það, að það er óþægileg aðstaða fyrir mig, þar sem jeg stend nærfelt einn míns liðs á móti því, er margir helstu læknar landsins halda fram. *Þeir* bera ábyrgð á því, er þeir halda fram, en *jeg* ber ábyrgð á *mínu* máli. Og nú eiga hv. þingmenn að skera úr, hver rjettara hefir, *og það* er líka ábyrgðarhluti fyrir *þá*, því rjettmæti eins máls fer ekki ekki eftir höfðatölunni, ekki eftir því, hversu margir eru með því eða móti. Hver rjettara hefir fyrir sjer, jeg eða stjettarbræður mínir, það er enn óafgjört mál, og það er ekki vandalaust fyrir hv. deild, að gjöra þar upp í milli, skera úr.

En það vil jeg segja, hæstv. forseti, að það alvarlega í þessa máli, ágreiningurinn sjálfur, honum er ekki lokið hjer í dag með þessum umræðum. Þetta mál er þessa stundina íslenskt þingmál, en það verður á komandi stund að alheimsmáli.

Hver úrslit málið fær hjer, það verður ekki dulið fyrir *umheiminum*.

Þetta vissi jeg strax í upphafi, og því vandaði jeg dóm minn vel og rækilega, og nú, er jeg fæ tækifæri til að íhuga hann enn á ný, þá finn jeg ekki ástæðu til að breyta hvorki einu nje neinu af því, sem jeg hefi sagt í því álitsskjali *mínu*.

Málstaður minn er sá, að þessir gömlu drykkir sjeu ekki lyf, og jeg er óhræddur um þennan málstað minn, er málið fer til æðra dóms — til vísindamanna *í öðrum* löndum.

En heiður *minn* er heiður læknanna; því er mjer það gleðiefni, að stjettarbræður *mínir* hafa ekki borið það fram — að 1 eða 2 undanteknum — að áfengir drykkir sjeu nauðsynleg læknislyf. Aðalkvörtun þeirra er sú, að þeir sjeu sviftir „rjetti“ sínum.

Þeir gjöra þá kröfu, að þeir megi heimta af lyfsölum til lækninga *alt* það milli *himins* og jarðar, er hugur þeirra kann að girnast, þótt það svo væri t. d. rustasneiðin af tunglinu! Þessi krafa er býsna fljóthugsuð, en það er oft erfiðast að fá menn ofan af því, sem minst er vitið í.

Hjer er því um það að ræða, hvort háttv. Alþingi vill uppfylla þessa frelsiskröfu læknanna og leysa þá úr aðflutningsbanninu, leysa þá undan lögunum um aðflutningsbann á áfengum drykkjum til Íslands.

Og jeg vil ljúka máli *mínu* hjer með því, að lýsa yfir því, að jeg tel það *engan* ósigur fyrir *mig*, þótt að brtt. hv. þm. Strand. (M. P.) yrði samþykt, en ekki vil jeg draga dul á það, að jeg óttast, að það yrði allri íslensku læknastjettinni til óhamingju, og ef svo færi, þá yrði sá sigur hv. þm. Strand. (M. P.) ósigur fyrir alla íslenska lækna, og þá líka fyrir mig — og hann sjálfan.

Eitt var það í ræðu hv. þm. *Ísaf.* (S. St.) við fyrstu umræðu þessa máls, sem vel var sagt. Hann vildi að bannlögin væru *látin reyna sig*; hann var þess fullviss, að þau mundu verða þjóðinni til blessunar, ef þau yrðu vel haldin og hann

sagði *að bannlögin væru ekki fullreynd fyrr en núverandi kynslóð væri dáin*, og það var *þetta*, sem var svo vel sagt.

Jeg vil, úr því jeg er að ræða bannlögin, skjóta því fram, að ef jeg hefði átt sæti á Alþingi 1909, heði jeg nauðugur greitt atkvæði með bannlögunum svona gölluðum eins og þau eru.

En hvað hafa andbanningar gjört?

Fyrst hjeldu andbanningar því fram, að lögin ætti að afnema hið bráðasta. En það hlaut ekkert fylgi.

Þá vildu andbanningar að lögin væru borin undir þjóðaratkvæði, en það fór á sömu lund, og þeir urðu að hverfa frá því ráði.

Og nú eru *allir* orðnir sammála um, að lögin eigi að fá að reyna sig.

En hvað meina menn með því, að lögin fái að reyna sig?

Hvað menn meina með því, er víst mjög mismunandi, þó fáir orði það eins fallega og háttv. þingmaður Ísaf. (S. St.) um daginn. Það játa allir — í orði kveðnu, að gott væri, ef það tækist, að útrýma áfenginu úr landinu, en lengra nær samkomulagið ekki.

Margir menn óska þess einlæglega, eins og t. d. jeg og háttv. þm. Ísaf. (S. St.), að oss takist með lögunum að útrýma allri áfengisnautn úr landinu. En þeir eru aðrir, sem óska þess jafneinlæglega, að bannlögin reynist *ekki* vel, að þau reynist *illa; það* eru hinir sannkölluðu andbanningar. Enn eru nokkrir þeir menn, sem ekki *líma* því, að bannlögin reynist vel, og eru þess vegna móti þeim nú, en telja það þó þjóðarheill, *ef* þau skyldu reynast vel; í þeim hóp eru jafnmikils metnir og góðir menn, eins og t. d. háttv. 1. kgk. þingm. (E. B.).

En því ber ekki að leyna, að *til eru þeir menn, sem gjöra alt hvað í þeirra valdi stendur, til þess að bannlögin reynist illa.* Jeg hefi heyrt tigna menn, sem hafa á hendi trúnaðarstörf fyrir þjóðina, segja, að bannlögin *skuli* verða brotin, togararnir okkar *skuli* „smúla“ og læknarnir *skuli* hjálpa mönnum til að drekka o. s. frv. Þessar hótanir hafa dunið í eyrum mjer, af vörum ýmsra mikilsmetinna manna. Jeg vil alls ekki segja, að það sje af *þeim* hvötum, sem þeir háttv. þm. Strand. (M. P.) og háttv. þm. Vestm. (K. E.) láta sjer svo einkar ant um, að leysa böndin af togurunum og læknunum.

En jeg segi, hæstv. forseti, að þeir, sem af heilum hug óska þess, að aðflutningsbannslögin reynist vel, þeir hljóta að vera á móti því, að togararnir megi koma hingað hlaðnir áfengi — sem „skipsforða“! og þeir hljóta að vera á móti þessum „vínbúðum læknanna“, sem háttv. þm. Strand. nefndi svo og lætur sjer svo ant um.

Karl Einarsson: Það var tvent, er jeg áðan spurði háttv. framsögumann (B. Þ.) að, hvort að nefndin mundi ekki lagfæra frv. til 3. umræðu, og annað var um hvort skipstjórar ættu að bera ábyrgð á brotum farþega. *(Björn Þorláksson:* Jeg kalla nefndina saman, áður en atkvæðagreiðsla fer fram). Það læt jeg mjer nægja, ef úr því verður, og finn því ekki ástæðu til að ganga nánar inn á þetta.

Mig furðar satt að segja á umtali því, er orðið hefir um brtt. þá, er jeg ber fram með háttv. þm. Strand. (M. P.). Mig furðar það mjög, að nokkrir menn skuli halda því fram, að það eigi að gilda hjer önnur lög fyrir íslensk skip en fyrir útlend. Og jeg sje ekki hvernig menn geta komið með getsakir og óviðurkvæmilegar aðdróttanir til okkar fyrir jafnsjálfsagða tillögu. Jeg læt mjer nægja með að svara fyrir sjálfan mig; jeg virði þessar getsakir og hótanir einskis. Jeg vil taka það fram, að hver maður er nokkuð hugsar mál þetta, hlýtur, ef hann hefir sæmilega skynsemi og rjettsýni, að viðurkenna það, að það er beinn skrælingjaháttur, ef til væru tvenn lög í landi, önnur fyrir Ís-

lendinga, en hin fyrir útlendinga, en svo verður það, ef brtt. vor verður feld.

Það er eins og við værum komnir til Japan, Kína eða í hið mikla Tyrkjaveldi, því þar lifa útlendingar, þeir er þar búa, eigi undir landslögum, heldur undir landslögum sínum.

Jeg vil benda háttv. þingmönnum á, að þó skipin hafi þessar vínbirgðir, þá verða þær mjög takmarkaðar. Sýndi jeg það ljóslega áðan, er jeg talaði, en auk þess má takmarka það enn þá frekar; væri nóg að hvert skip fengi að hafa óinnsiglaðan forða til næstu hafnar, og ef þeir hafa meira áfengi, þá eigi þeir að greiða af því toll; því það ættu þeir að gjöra eftir tollögunum; en það lítur svo út, sem þessir háttv. þingmenn hafi hvorki hugmynd um tollögin eða neitt annað, sem þeir þó eru að tala um.

Það er ekki nema gott, ef útgjörðarfjelögin banna, að áfengi sje haft um hönd í skipum sínum, en það bann á alveg eins við íslensk farþegaskip eins og fiskiskip.

Þá er síðasta málsgrein 1. greinar. Jeg tel heppilegast, að hún sje feld í burtu. Tel jeg miklu betra að samþykkja tillögurnar á þgskj. 296 og 264. Ef að útlend fiskiskip eru látin órannsökuð, þá skil jeg ekki þýðingu 1. gr., og það vita allir, að frönsk og norsk fiskiskip hafa miklar vínbirgðir, og ef þau mega hafa þær öldungis óáreitt, þá eru bannlögin með öllu þýðingarlaus.

Mjer var sagt áðan af fulltrúa bæjarfógetans hjer í Reykjavík, að útlend skip, sem hingað kæmu, hefðu miklar vínbirgðir innanborðs, svo ef ekki ætti að innsigla þær, þá væri jafn mikil hætta á ferðum og með hver önnur skip, ef ekki væri innsiglaðar.

Viðvíkjandi 1. brtt. á þgskj. 263 hefi jeg ekkert að athuga. Ef hún er samþykt, ætti að taka fram hvað mikinn forða íslensk fiski- og flutningaskip mættu hafa. Við þekkjum vegalengdirnar, og stjórnarráðið gæti gefið reglur þessu viðvíkjandi, en hitt kann jeg ekki við, að aðrar reglur gildi fyrir þau heldur en önnur skip.

Annars vil jeg frábiðja mjer getsakir háttv. flutningsmanns, og vísa þeim frá mjer, þar eð jeg þykist ekki eiga þær skilið.

Um 2. brtt. á þgskj. 263 þarf ekki að fjölyrða meir en búið er. Jeg vil að eins taka það fram, að jeg hefi ekki sannfærst af ræðu háttv. 5. kgk. þm. (G. B.). Hann hvorki reyndi nje treysti sjer að neita, að vín væri betra en mixtúrur til lækninga. Jeg álít því að rjett hefði verið, að leyfa læknunum að gefa lyfseðil á áfengi, sem lyfjabúðir væru skyldar að flytja inn, og löggilda þau vín, sem læknar vilja. Hitt álít jeg ekki, að einn maður eigi að ráða í þessu máli, þó góður læknir og landlæknir sje.

Hjer var jafnvel látið í ljós megnasta vantraust á læknastjettinni yfirleitt. Hv. ræðumaður (G. B.) reyndi líka að hártoga eitt orð í ræðu háttv. þm. Strand. (M. P.) og gjöra brtt. okkar hlægilega. En jeg sje enga ástæðu til að óttast hana, því hættan er nú þegar fyrir hendi, ef hún annars er nokkur, eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni. Brennivín verður jafnt drukkið eftir sem áður þrátt fyrir það. Mjer finst algjörlega ástæðulaust að halda, að læknar muni misbrúka leyfi þetta. Hv. 5. kgk. þm. (G. B.) treysti sjer heldur ekki til að halda því fram að umræddir 29 læknar *notuðu* ekki vín, þrátt fyrir það þó framsögumaður vildi segja svo.

Jeg vona því, að brtt. 234, 263 og 296 verði samþyktar, þar eð jeg álít þær til mikilla bóta.

Magnús Pjetursson: Jeg get ekki komist hjá að standa upp, en það er ekki margt sem svara þarf.

Fyrst eru tillögurnar á þgskj. 264 og 296. Mjer þykir vænt um og þakka hv. ráðherra fyrir að hann hefir skýrt flutn-

ingsmenni frá því, að möguleiki sje fyrir, að frumvarpið nái ekki staðfestingu, ef tillaga mín verður feld. Þetta sýnir þó það, að allar tillögur mínar ganga ekki í þá átt, að tortíma bannlögunum. Þarf jeg því ekki öðru við að bæta, því þetta sýnir svo greinilega hve rjettilega jeg hefi litið á málið.

Jeg mun síðar koma að því, sem flutningsmaður (B. Þ.) talaði til okkar læknanna, en fyrst vil jeg minnast á það, sem háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) sagði. Hann kom reyndar ekki með neitt nýtt, ekkert annað en það, sem stendur í álitsskjali hans, sem jeg áður hefi hrakið. Hann hneykslaðist á því, að jeg kallaði vín lyf, og þótti vænt um, að stjettarbræður mínir gjörðu sig ekki seka í því sama, en það var tæpast von, því að þeir nefna þetta atriði ekki á nafn. Málfræðingur er jeg ekki, en öll þau efni kalla jeg lyf, sem notuð eru til lækninga. En hvers vegna hneykslast háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) á þessu, þegar hann sjálfur í álitaskjali sínu kallar *áfengi lyf*. Vín eru blönduð af áfengi með ýmsum fleiri efnum. Úr því nú áfengið sjállt er lyf, er það þá ekki einnig lyf, þó það sje í ýmsum þynningum, ef ekki er látið neitt það efni saman við, er eyðileggi lækniskraft þess? Þetta er því að eins hártogun.

Þá er ótti háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) við það, að þetta yrði læknastjettinni til vansæmdar, ef hún fengi vínin til lækninga. Slíkan ótta hefi jeg ekki, og þetta eru að eins getsakir á engum rökum bygðar. Jeg vona að háttv. deild sje ljóst, að jeg held því fram, að jeg geti ekki búið til áfengisblöndur, sem sjeu jafn gómsætar sjúklingum og þessi vín; háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) heldur hinu fram; ***annað ber okkur ekki á milli.*** Hvað við víkur áhættunni, þá er hún sú sama nú, eins og jeg hefi áður tekið fram. Þá talaði háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) um, að í skjali læknanna 14 kæmi tvent ólíkt fram, sem sje rjettindi lækna og að hafa vín til lækninga. Rjett er það, að þetta sje tvent, en hjer fer það saman, og er hvað bundið öðru, svo að ekki er unt að aðgreina það.

Þá hneykslast háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) á því, að jeg skuli hafa nefnt vínbúðir, sem jeg ber ekki á móti, þó það muni hafa verið mismæli fyrir vínbirgðir, en auðvitað *gat jeg* ekkert annað meint með því en vín í búðum lækna, sem kallast lyfjabúðir. Alt annað, sem lagt væri í það orð, er vísvitandi útúrsnúningur. En ***hann*** undirstrikaði, að ef tillaga mín yrði samþykt, þá yrðu ***vínbúðir*** hjá öllum læknum landsins. Einnig talaði háttv. þm. (G. B.) um, að eftirlitið yrði erfitt. Ekki skil jeg að það yrði mikið erfiðara, því nú þarf hann þó að hafa eftirlit með áfengisblöndunum. Viðvíkjandi spurningum þeim, sem háttv. þm. (G. B.) kom með, þá verð jeg að gangast við því, að jeg skildi alls ekki hvað hann átti við. Hann spurði t. d. hvort læknar ættu að vera lnusir við að halda lögin? Mjer vitanlega höfum við aldrei gjört kröfu til að vera þeim undanþegnir, eða hver hefir farið fram á slíkt?

Þá talaði háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) um misbrúkun ýmsa, sem komin væri þegar í ljós hjá læknum, og var með dylgjur þar að lútandi. Það er leitt, að hjer er að eins einn læknir til að bera af sjer, en þessi ásökun nær til allra, og þykir mjer harla óviðeigandi af háttv. þingmanni (G. B.), að koma fram með slíkt hjer í þingsalnum, enda mundi verða erfitt um sannanir, ef lengra væri látið fara, og það jafnvel þó landlæknir eigi hlut að máli, og því enn ósæmilegra af honum að bera slíkt upp á stjett sína. Fleiru þarf jeg ekki að svara háttv. 5. kgk. þm. (G. B.), en vildi örlítið víkja að því, sem flutningsmaður (B. Þ.) sagði.

Hátv. flutningsmanni (B. Þ.) var mikið niðri fyrir, er hann stóð upp; sagðist vera hás, en það rættist furðanlega úr honum,

þegar fram í sótti. Aðallega talaði háttv. flutningsmaður (B. Þ.) í getsökum og stóryrðum. Hann ljest mundi skýra frá því hvers vegna jeg væri bannfjandi, og bjóst jeg við einhverjum mikilsverðum upplýsingum út af þeim orðum, og hefir það víst átt að vera þetta, að jeg væri í fjelagi, ásamt háttv. þm. Vestm. (K. E.) toga ra og lækna, sem hygðust að tortíma bannlögunum. *Mikil er nú trúin og viskan!* Því jeg gjöri ráð fyrir að hann hafi heyrt þetta einhver staðar; hitt er ótrúlegt, að hann hafi búið þetta til sjálfur. En ósvinna má það heita, að hann er svo trúgjarn að hlaupa með slúðursögur og koma með rakalausar staðhæfingar í garð manna hjer í deildinni. Barði hann sjer á brjóst yfir spillingu okkar tveggja embættismanna, sem heldur er ekki einkennilegt, ef hann trúir á þetta leynifjelag. En það er nú einu sinni svo með bannvini, að þeir verða alt af að hnýta í okkur, sem lítum öðruvísi á það mál heldur en þeir. Þetta er geðveiki í þeim og því vorkennandi. Jeg var fyrir skömmu að tala við bannvin um það, hvort hann óttaðist, að við, sem erum andstæðingar bannlaganna, mundum verða lögunum að falli. „Nei", sagði hann, „ekki þið bannfjendur, heldur bannvinirnir með öllu sínu ofstæki".

Frsm. (Björn Þorláksson): Hv. 2. kgk. (Stgr. J.) sagði ýmislegt, sem talsvert var athugavert, en jeg nenni ekki að eltast við það alt. Einkum lagði hann áherslu á, að það væri ekki kurteist gagnvart útlendum þjóðum, að innsigla vínföng á skipum þeirra. Jeg skal ekki segja um það, en hann efaðist jafnframt um, að það væri löglegt. Þar ber jeg fyrir mig ummæli annars lögfræðings, jafngóðs, sem áleit það fyllilega löglegt. Þá kvartaði hann um, að ekki væri rjett að leggja það á lögreglustjóra, án þess að fje væri veitt til þess sjerstaklega, en jeg vil halda því fram, að framkvæmdirnar yrðu auðveldari, ef breytingarnar næðu fram að ganga. Talaði hann um hve lögin væru ströng, og að þau mundu eyðileggja sig sjálf þess vegna. Viðurkendi hann að mikil hreyfing væri í bannlagaáttina í hinum enska heimi, en gat þess þó, að ekki væri okkar bannlög komin þaðan, eða sniðin eftir þeim fyrirmyndum, sem þar gæfust. (*Steingrímur Jónsson*: Nei). Jeg segi jú. En á fleira ætla jeg ekki að minnast hjá hv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.).

Við ræðu háttv. þm. Vestm. (K. E.) hefi jeg tvent að athuga. Vildi hann mótmæla því, að 5. brtt. væri tekin aftur, en jeg skyldi hann sem klofinn út úr nefndinni og bar hana því ekki undir hann, en hjelt, að nóg væri að fá samþykt meiri hluta nefndarinnar. Mun verða rætt um hana í nefndinni seinna og hann þá líka taka þátt í því. Sama er að segja um 15. brtt., sem talar um að nema úr gildi heimild erlendra sendiræðismanna; hún er nú tekin af dagskrá, til þess að nefndin geti athugað hana frekar.

Út af orðum háttv. ráðherra verð jeg að lýsa yfir því, að mjer þótti leitt, það sem hann sagði nú, þar eð hann hefir lýst yfir öðru áður.

Háttv. þm. Strand. (M. P.) sagði í ræðu sinni, að það hefði hneykslað sig, hver orð jeg notaði, er jeg sagði að dýralæknirinn hefði hrundið þessu af stað; hefði hann að eins verið að leita konu sinni lækninga, og skil jeg ekki við hvað hann átti. Jeg þykist stilla orðum mínum stillilega. En jeg hneykslast á orðum hv. þm. Strand. Hann segir: „Hvað var dýrið sem talað var um? Það var konan hans". Þetta hneykslaði mig, því jeg ætlaði ekki að hnjóða í frúna.

Háttv. sami þm. var dálítið stórorður út af því, að jeg hefði sagt hann vera í fjelagi, til þess að koma lögunum fyrir kattarnef. Jeg sagði þetta ekki beinlínis, en að hann ræki erindi annara.

Mjer finst framkoma hans bera vott um

það. Og í því efni er sjón sögu ríkari. Hann segist gjöra þetta til þess, að varðveita lögin. Jeg vildi nú leggja þá spurningu fyrir háttv. deildarmenn, hverir sjeu nú líklegri til að vilja lögunum vel, *vinir* þeirra eða *óvinir*. Háttv. þingmaðurinn hóf ræðu sína með því, að lýsa því yfir, að hann hafi ávalt verið mótfallinn bannlögunum. Er hann þá manna líklegastur til að gjöra þau þannig úr garði, að best gegni? Hann virtist vera í öngum sínum út af því, að jeg mundi ekki efna það, að skýra honum frá, hvers vegna hann væri andbanningur. Hann má vera óhræddur; jeg skal efna það eftir örlitla stund.

Jeg ætla áður að minnast nokkrum orðum á 4. gr. frumvarpsins. Um hana hefir nú orðið allmikill ágreiningur hjer í deildinni, eins og menn hafa heyrt. Jeg ætla lítið um þann ágreining að tala, því jeg játa, að jeg hefi ekki full skilyrði til þess, að geta dæmt þar um. Háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) hefir líka tekið þar alt ómak af mjer, og talað á þá leið, að jeg gæti engu þar við bætt. Læknarnir hjer í deildinni hafa leitt saman hesta sína í dag. Ágreiningurinn milli þeirra var í stuttu máli sá, hvort áfengi væri þarft eða óþarft sem læknislyf. Jeg skal auðvitað ekki um það dæma hvor þeirra hefir rjett fyrir sjer, en þó er það trúa mín, að eitthvað talsvert sje bogið við þessa brtt. háttv. þm. Strand. og lækningakraft áfengisins. Jeg held, að það sje eitthvað líkt um hana og trúna gömlu á Gratiu og Brama og Kína-elixírinn. Núna er sú trú gengin úr gildi, og áfengistrúin er að fara sömu leiðina. Tröllatrú alþýðunnar á áfengið er alveg horfin. Sje hún einhversstaðar eftir, þá er það helst hjá þeim, sem vanist hafa áfengi svo, að þeir eru orðnir ímyndunarveikir, og halda að áfengið bæti öll sín mein. Ágreiningurinn var mikill á milli þessara tveggja lækna, landlæknir öðru megin og hjeraðslækni Strandamanna hins vegar. En jeg get ekki að því gjört, að mjer finst, sem jeg hafi einungis hlustað á *einn lækni*. Ræða landlæknis bar vott um að honum er ant um heilsu og velferð manna, og lítur á málið sem föðurlandsvinur. Þegar jeg heyri menn tala, þá dæmi jeg þá eftir þeim anda, sem þeir tala af. Háttv. þm. Strand. (M. P.) talaði sem andbanningur, en ekki sem læknir, og vill sýnilega gjöra lögin með öllu óframkvæmanleg. Hann hefir ásamt háttv. þm. Vestm. (K. E.) komið fram með brtt., sem snertir togarana og aðra, og um að löggilda ýmsar víntegundir á lyfjaskrá landsins. Með þessu öllu, hefir háttv. þm. Strandamanna sýnt það, að hann kemur hjer fram eingöngu sem andbanningur, en alls ekki sem læknir. Að því leyti, sem háttv. þm. Vestmannaeyinga er flutningsmaður með honum að þessum tillögum, þá verður hann að sæta sama vitnisburði frá mjer fyrir þetta, hvort sem honum líkar það betur eða miður.

Jeg hyg að mörgum manni muni þykja það undarlegt, að tveir embættismenn landsins skuli verða til þess, að bindast samtökum um, að tortíma bannlögunum. Því jeg endurtek það, að það eru þeir að reyna að gjöra. Jeg hygg, að margur muni undrast, að sýslumaður og læknir, skuli veljast til þess skaðsamlega starfs. En mjer hefir dottið í hug, hver orsökin muni vera, og skal jeg nú skýra frá henni. Jeg hefi þekt menn, sem grætt hafa fje á því, að selja áfengi, og hefi jeg tekið eftir því, að margt bölið hefir oft fylgt heimili þeirra. Börn þeirra hafa alist upp við þá skoðun, að áfengissala væri heiðarlegt og nauðsynlegt starf. Synir sumra þessara manna hafa oft eyðilagst fyrir ofdrykkju, þegar þeir komust á legg, og allir hafa þeir átt það sammerkt, að hafa óbeit á bannlögum og bindindi. Þetta hygg jeg muni vera orsökin til þess, að þessir menn hafa orðið til þess, að bera fram þessar tillögur. Það vill svo til, að báðir þessir menn eru synir vínveitingamanna og aldir upp á vínveitingahúsi. *(Forseti*: Jeg skora á hv.

þingmann að fara ekki lengra inn á þessa braut. Þetta er alt of persónulegt). Jeg skil ekki hvers vegna hæstv. forseti finnur ástæðu til að áminna mig út af þessu, og veit jeg ekki til, að það sje nokkursstaðar bannað í þingsköpunum að tala á þá leið, er jeg hefi gjört. Enda er ekkert ljótt í því, sem jeg hefi sagt. Það sem jeg ætlaði að segja, var það, að þessir menn væru aldir upp á veitingahúsi, og þaðan mundu þessar skoðanir stafa, sem þeir nú hafa á þessu máli. En þess skulu þeir minnast, að „sjer grefur gröf þó grafi". Jeg skal ekki öfunda þessa menn af þeim orðstír, sem þeir eru nú að afla sjer af þessu máli. En jeg ætla að minna þá á það eitt, að Nemesis hefir verið til, og hún lifir enn. Per quod quis peccat, per idem punitur et idem.

Karl Finnbogason: Það er kominn svo mikill alvöruþungi í umræðurnar, að jeg get ekki þagað lengur en tel mjer skylt, að gjöra grein fyrir mínu atkvæði í þessu máli. Hjer hefir einkum verið deilt um þrjú aðalatriði, sem mjer virðast mestu máli skifta.

Fyrsta atriðið er það, hvort Alþingi *geti* sett lög um það, að innsigla skuli *allar* vínbirgðir *allra* skipa, sem sigla hjer við land (samkvæmt frumvarpinu), eða hvort Alþingi geti það ekki. Nú er það öllum vitanlegt, að skip, sem sigla hjer með ströndum fram, fara oft út fyrir landhelgina á leið milli hafna. Lögin yrðu því að ná út fyrir landhelgi landsins, og gilda þar — jafnvel *fyrir útlend skip*. Lögfræðingum kemur ekki saman um, hvort heimilt mundi að setja slík lög. Það er að vísu engin ný bóla, því lögfræðingum kemur aldrei saman um neitt. Jeg læt mjer því í ljettu rúmi liggja álit þeirra, en verð að fara eftir *mínu* höfði. Og mín niðurstaða verður sú, að vjer getum ekki sett slík lög. Að minsta kosti ekki framkvæmt þau.

Löggjafarsvið þingsins fæ jeg ekki sjeð nje skilið, að geti náð út fyrir landhelgina, að minsta kosti ekki að því er snertir útlend skip. Hver útlendur skipstjóri mundi fara sínu fram, utan landhelgi, hvað sem lögum vorum og innsiglum liði. Og vjer mundum engri ábyrgð geta komið fram á hendur neinum fyrir innsiglisrof utan landhelgi.

Jeg verð því á móti því, að ákvæði frv. um þetta efni verði að lögum.

Annað deiluatriðið er það, hvort Alþingi megi banna að löggilda eða leyfa áfengi til lækninga, þótt læknar telji það nauðsynlegt. Vísindamönnunum á því sviði, læknunum hjer í deildinni, fer eins og lögfræðingunum á sínu sviði. Þeim kemur ekki saman um þetta. Jeg verð því að fara minna ferða hjer, eins og í hinu. Og niðurstaða mín verður sú, að það sje mjög varhugavert, að banna *nokkrum* lækni, að nota *nokkurt* lyf, sem hann sjálfur telur sig eiga að nota. En þar fyrir er jeg ekki heldur ánægður með brtt. háttv. þm. Strandamanna. Hún felur líka í sjer bann, ætlast til að *nokkrar* ákveðnar víntegundir verði lögboðnar, en aðrar útilokaðar. Jeg álít hana því ónóga, og mun stuðla að því, að við 3. umræðu málsins komi fram brtt., sem fari í líka átt og læknasamþyktin, sem lesin var upp hjer í deildinni í dag.

Þriðja atriðið, sem ágreiningi veldur, er það, hvort banna eigi fiskiskipum að flytja áfengi til landsins. Jeg álít rjettast, að láta þau sæta sömu lögum og önnur skip í þessu efni.

Áður en jeg sest niður, vil jeg taka það fram, að jeg hefi verið hlyntur bannlögunum og vonað að þau yrðu til góðs, enda þótt mjer þættu þau sett of snemma, með mikið oflítinn meiri hluta að baki sjer. En trú mín á þau dofnar stöðugt. Andófið gegn þeim er mjög öflugt og furðu alment, og verður að taka fult tillit til þess. Það verður aldrei sefað með því að beita of-

beldi ofaö við þá, sem lögunum eru mótfallnir. Hitt er eina ráðið, að fara að öllu sem hóflegast og reyna að sætta menn við lögin með alúð og lempni. Ætti því heldur að lina þau en herða.

Þetta virðist mjer að ýmsir helstu vinir bannlaganna ekki taka til greina. Og því get jeg ekki orðið þeim samferða lengur. Og fari þeir hjer eftir eins geyst og hingað til, virðist mjer bersýnilegt, að framferði þeirra verði hinn hættulegasti ásteitingarsteinn laganna, þótt þeir auðvitað gjöri alt í bestu meiningu.

ATKVGR.:

Brtt. 262,1 (ný gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 262,2 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 296 við brtt. 264,1 samþ. með 7:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Björnson,
Jón Þorkelsson,	Guðm. Ólafsson,
Karl Einarsson,	HákonKristófersson,
Karl Finnbogason,	Jósef Björnsson,
Magnús Pjetursson,	Kristinn Daníelss.
Sig. Stefánsson.	

Brtt. 264,1 svo breytt samþ. með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Steingrímur Jónsson,	Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Björnson,
Jón Þorkelsson,	Guðm. Ólafsson,
Karl Einarsson,	Hákon Kristófersson,
Karl Finnbogason,	Jósef Björnsson,
Magnús Pjetursson,	Kristinn Daníelsson.
Sigurður Stefánsson.	

Brtt. 262,3 fallin án atkv.

— 263 samþ. með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Steingrímur Jónsson,	Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Björnson,
Jón Þorkelsson,	Guðm. Ólafsson,
Karl Einarsson,	Hákon Kristófersson,
Karl Finnbogason,	Jósef Björnsson,
Magnús Pjetursson,	Kristinn Daníelsson.
Sigurður Stefánsson.	

Brtt. 262,4 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 262,5 feld með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Björnson,
Jón Þorkelsson,	Guðm. Ólafsson,
Karl Einarsson,	Hákon Kristófersson,
Magnús Pjetursson,	Jósef Björnsson,
Sig. Stefánsson.	Karl Finnbogason,
	Kristinn Daníelsson.

1. gr. frv. (verður 2. gr.) svo breytt samþ. með 10 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Guðm. Björnson,	Eiríkur Briem,
Guðm. Ólafsson,	Sigurður Stefánsson.
Hákon Kristóferss.,	
Jón Þorkelsson,	
Jósef Björnsson,	
Karl Einarsson,	
Karl Finnbogason,	
Kristinn Daníelsson,	
Magnús Pjetursson.	

Brtt. 264,2 feld með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Björnson,
Jón Þorkelsson,	Guðm. Ólafsson,
Karl Finnbogason,	Hákon Kristóferss.,
Magnús Pjetursson,	Jósef Björnsson,
Sigurður Stefánsson.	Karl Einarsson,
	Kristinn Daníelsson.

Brtt. 262,6 samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 262,7 samþ. með 7 : 2 atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) svo breytt samþykt með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,

já:	*nei:*
Guðm. Björnson,	Eiríkur Briem,
Guðm. Ólafsson,	Jón Þorkelsson,
Hákon Kristófersson,	Karl Finnbogason,
Jósef Björnsson,	Magnús Pjetursson,
Karl Einarsson,	Sigurður Stefánsson.
Kristinn Daníelsson.	

Brtt. 262,8 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 262,9 — — 12 — —
— 262,10 — — 12 — —

3. gr. (verður 4. gr.) svo breytt samþykt með 9 samhlj. atkv.

Brtt. 262,11 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 262,12 — — 12 — —
— 263,2 feld með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Björnsson,
Jón Þorkelsson,	Guðm. Ólafsson,
Karl Einarsson,	Hákon Kristófersson,
Karl Finnbogason,	Jósef Björnsson,
Magnús Pjetursson.	Kristinn Daníelsson,
	Sigurður Stefánsson.

Brtt. 262,13 samþ. með 8 shlj. atkv.

4. gr. feld með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:	*nei:*
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Guðm. Björnson,	Eiríkur Briem,
Guðm. Ólafsson,	Jón Þorkelsson,
Hákon Kristófersson,	Karl Einarsson,
Jósef Björnsson,	Karl Finnbogason,
Kristinn Daníelsson.	Magnús Pjetursson,
	Sigurður Stefánsson.

Brtt. 262,14 samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 263,3 samþ. með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Björnson,
Jón Þorkelsson,	Guðm. Ólafsson,
Karl Einarsson,	Hákon Kristófersson,
Karl Finnbogason,	Jósef Björnsson,
Magnús Pjetursson,	Kristinn Daníelsson.
Sigurður Stefánsson.	

5. gr. svo breytt samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 262,15 feld með 10 : 2 atkv.
6. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 262,16 sjálffallin.
7. gr. samþ. með 8 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Guðm. Björnsson,	Eiríkur Briem,
Guðm. Ólafsson,	Jón Þorkelsson,
Hákon Kristófersson,	Magnús Pjetursson,
Jósef Björnsson,	Sigurður Stefánsson.
Karl Finnbogason,	
Kristinn Daníelsson.	

Karl Einarsson greiddi ekki atkvæði, og taldist til meiri hlutans.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Guðm. Björnson,	Eiríkur Briem,
Guðm. Ólafsson,	Jón Þorkelsson,
Hákon Kristófersson,	Karl Einarsson,
Jósef Björnsson,	Magnús Pjetursson,
Karl Finnbogason,	Sigurður Stefánsson.
Kristinn Daníelsson.	

Á 36. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 315, 377, 380, 398, 402).

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Eins og hv. deild sjer, hefir nefndin í máli þessu komið fram með breytingartillögur við frumvarpið, eins og það var samþykt við 2. umr. Þær eru fjórar og fyrir glöggleikasakir eru greinarnar prentaðar upp með breytingunum, eins og þær verða, ef breytingarnar verða samþyktar, og skal jeg stutt lega skýra frá efni þeirra.

1. brtt. er við 2. gr. Hún er þess efnis, að banna öllum íslenskum skipum að flytja

áfengi til landsins, nema það eigi að fara til umsjónarmanns áfengiskaupa. Það er ætlast til að þessi viðbót komi fram við 2. gr., eins og hún var samþykt við 2. umræðu.

Í framsögu meiri hluta nefndarinnar við 2. umr. kom fram sú stefna, að íslensk fiskiskip skyldu ekkert áfengi flytja til landsins. Nefndinni þótti nú rjett að koma með brtt. í þessa átt, samræmisins vegna, og gjöra öllum íslenskum skipum jafn hátt undir höfði, hvort heldur eru farm- eða farþega-skip. Það var tekið fram, hve nauðsynlegt það er öllum íslenskum fiskiskipum að hafa ekki áfengi innanborðs, svo af því leiði engin hætta, en með því að ákvæðið er nú gjört víðtækara, nær það einnig til Eimskipafjelags Íslands, bæði farm- og farþega-skipa þess, og skal jeg fara um það nokkurm orðum.

Jeg mintist á það við 2. umr. þessa máls, að stjórn Eimskipafjelags Íslands hefði gjört þá ráðstöfun, að á skipum fjelagsins skyldi ekki vera haft um hönd áfengi, meðan þau væru hjer við land. Þetta er vel gjört. En vel gæti hugsast, að á þessu yrði einhver breyting, ef stjórnarskifti yrðu. Jeg get ekki betur sjeð, en að það sje mjög óviðeigandi og jafnvel hneyksli, ef íslensk skip hefðu áfengi hjer við land. Jeg er sannfærður um, að það mundi verða til þess, að vinsældir fjelagsins minkuðu hjá þeim, sem hafa tekið það upp á arma sína, og það er verr farið, ef afleiðingin skyldi verða sú, að færri hlutabrjef yrðu tekin en ella. Það yrði því ávinningur, ef fjelagið kæmist þegar í fyrstu í rjett lag. Um þetta fjelag vonum við allir jafnt, að það eigi mikla og blómlega framtíð fyrir höndum. Við vonum, að skipum fjölgi, að ekki verði þess langt að bíða, að við náum öllum samgöngum í okkar hendur, svo að ekki gangi önnur skip en íslensk hjer með ströndum fram. Ef svo færi og ekkert þeirra skipa hefði áfengi, þá yrði engin hætta á ferðum fyrir bannlögin, því þá væri ekki um önnur skip en íslensk að ræða; útlendu skipin væru þá úr sögunni. Aðalbreytingin er þá þessi, og er það einungis viðbót við það, sem samþykt var við 2. umr. Svo heldur greinin áfram óbreytt að öðru en því, sem er bein afleiðing af þessu, eða mutatis mutandis. Inn í 2. gr. þarf að bæta: hvort heldur skipið er íslenskt eða erlent. Það er svo augljóst, að um það þarf ekki að fjölyrða, enda læt jeg úttalað um 1. brtt.

Næsta brtt. er við 3. gr.; sú grein er orðuð um. Fyrsta og síðasta setningin eru þar teknar saman í eina málsgrein. Inn í hana er skotið því, að ölvaðan mann megi taka fastan og láta sæta sektum, ef hann raskar ró og friði manna, eða er ósjálfbjarga. Það er alveg það sama, sem jeg lýsti í framsögu minni. Jeg hygg, að brtt. sje þannig úr garði gjörð, að mönnum verði geðfelt að greiða atkvæði með henni. Síðustu orðin úr greininni eru feld burt, enda eru þau óþörf. Ölvaður maður verður aldrei hafður í haldi lengur en í 24 klukkustundir, samkvæmt ákvæðinu stjórnarskrárinnar, og eru því þau orð óþörf.

Jeg vil taka það fram um brtt. hv. þm. Barð. (H. K.), um að 2. málsgrein falli burt, að jeg hefi talað við hann, og hann hefir lýst því yfir, að hann sje fús á að taka hana aftur, ef það, sem fyrir honum vakti, sje tekið fram í brtt. nefndarinnar. Jeg býst því við, að hann taki hana aftur

3. brtt. er við 5. gr. Hún er um það, hvernig með það áfengi skuli farið, er íslensk skip flytja ólöglega til landsins. Hún leiðir eðlilega af viðbótinni við 2. gr. og hlýtur eðlilega að standa eða falla með 1. brtt.

Þá er 4. brtt., sem er við 6. gr. Hún hljóðar um að úr gildi skuli að eins fella 5. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909. 8. gr. þeirra laga verður vitanlega að standa, þótt hún væri feld í fuminu, sem varð

um daginn. Sama er að segja um 13. gr. Hún verður að standa áfram, því að eitt ákvæði hennar, nefnilega það, að ölvaðan mann megi leiða fyrir dómara, var ekki tekið upp í 3. gr. 6. gr. frv. orðist því þannig, ef sú breyting nær fram að ganga.

Jeg þarf ekki að tala meira um brtt. nefndarinnar. Um brtt. hv. þm. Barð. (H. K.) hefi jeg þegar talað, og mun ekki að sinni segja fleira um hinar brtt., fyrr en flutningsmenn þeirra hafa tekið til máls.

Karl Finnbogason: Við 2. umr. þessa máls tók jeg það fram, að jeg mundi flytja breytingartillögu um eitt atriði. Hún er komin hjer á þgskj. 377, og er jeg ekki einn um hana. Við erum fjórir flutningsmennirnir. Hún er í fullu samræmi við það, sem jeg sagði um daginn, að læknum ætti að vera heimilt að nota hvers konar áfengi til lækninga að vild sinni; þingið ætti leggja það algjörlega í þeirra vald.

Brtt. er svo skýr, að jeg sje enga ástæðu til að fara fleiri orðum um hana, Jeg veit líka að einn háttv. meðflutnigsmaður minn mun taka til máls um hana og fleira; skal jeg því ekki lengja umræður að óþörfu.

2. brtt.er bein afleiðing af hinni; ef sú fyrri er samþykt, þá er 2. gr. bannlaganna úr gildi numin.

Magnús Pjetursson: Eins og jeg tók fram við 2. umr. þessa máls, þá álít jeg sjálfsagðast og sómasamlegast fyrir Alþingi, að sjá um, að rjettur lækna verði í engu skertur, en það eitt fer þessi brtt. á þgskj. 377 fram á. Það getur vel verið, að sumum hv. deildarmönnum þyki hún of viðtæk. En þeir mega sannarlega sjálfum sjer um kenna. Því að eins og jeg tók þá fram, var fyrri tillagan einungis fram komin hjá mjer til samkomulags, til þess að rjetta höndina fram, og reyna að vera meðnefndarmönnum mínum til geðs. En þeir slógu svo rækilega móti þessari útrjettu hendi við síðustu umræðu þessa máls, að jeg hefi ekkert við þá að virða og læt því Gamminn geysa, hvort sem jeg sigli til brots eða ekki með hv. meðflutningsmönnum mínum. En heldur vil jeg framfylgja svona tillögu, með allri atorku, þótt hún falli, heldur en að nokkur geti framvegis borið mjer það á brýn, að jeg leggi liðsyrði þeim þröngsýnu ofstækismönnum, sem málefni sínu til stórskaða, feldu brtt. okkar hv. þm. Vestm. (K. E.) við 2. umr.

Af því að jeg gjöri ráð fyrir, að sömu ástæður verði á borð bornar fyrir þessa háttv. deild, á móti þessari tillögu, eins og á móti hinni tillögunni, þótt þær sjeu talsvert fjarskyldar, þá ætla jeg að fara nokkuð út í sumt af því, sem þeir hv. frsm. (B. Þ.) og 5. kgk. þm. (G. B.) komu með þá, og jeg hvorki gat nje vildi að öllu leyti svara þá. Að vísu stendur allt óhrakið af því, sem jeg sagði þá, og mun standa, því móti því liggja engin rök.

Eitt af því, sem hv. 5. kgk. þm. (G. B.) kom með þá, og sem einnig er í tillöguskjalinu góða og margumtalaða, var það, að af þeim lyfjum, sem ekki standa á lyfjaskránni, en fást í lyfjabúðinni, þá væri að eins þrjú lítið notuð lyf, sem áfengi væri í. Þetta er alveg rangt. Og jeg veit að hv. 5. kgk. þm. (G. B.) *veit* að hann hefir ekki farið hjer rjett með. Í lyfjabúðinui eru fleiri lyf utan lyfjaskrárinnar, sem hafa í sjer áfengi, og það eru sum af þeim, sem notuð eru allra mest af öllum lyfjum, að minsta kosti af sumum læknum; það eru sjerstaklega nokkur járnmeðul, svo sem Guderin, Fergan og Triferrol. Í þeim er, að því er mjer er sagt, ca. 10—12% vínandi að rúmmáli, eða nærri eins og í sherry eða portvíni. Samkvæmt núgildandi lögum og lagaskýringum, er því algörlega *óleyfilegt að nota þessi lyf*, alveg óleyfilegt að flytja þau

inn. En af því að hv. 5. kgk. þm. (G. B.) veit svo vel, að þessi lyf eru næstum ómissandi, þá hefir hann ekki framfylgt bannlögunum í þessu efni, heldur brotið þau eða ekki sjeð um að þau væru haldin.

Við síðustu umræðu sagði hv. 5. kgk. þm. (G. B.) að við læknar, sem viljum fá að nota vín til lækninga, myndum lítinn heiður fá í umheiminum fyrir þessa framkomu okkar, en hann því meiri fyrir sína. Mátti af þessu skilja, að engir læknar annarsstaðar myndu gjöra svona háar kjettindakröfur. Nú hefi jeg fengið að vita, að í Danmörku eru einmitt alveg sömu lagaákvæðin og við hjer óskum eftir, og þau ákvæði eru ekki eldri en frá 1913. Ekki eru þau lög heldur samin í flaustri, því að þau eru tilbúin af 24 manna nefnd, sem ransaka átti ýmislegt um heilbrigðishagi þjóðarinnar. Og í þeirri nefnd voru margir kunnir prófessorar og vísindamenn. Lagagrein sú mundi hljóða svo, ef jeg með leyfi hæstv. forseta má lesa hana upp í lauslegri þýðingu:

„Nú fyrirskipar löggiltur læknir, tannlæknir eða dýralæknir, lyf, sem samkv. því sem áður er sagt, þurfa ekki að vera til í lyfjabúðinni, og skal þá lyfsalinn hið bráðasta reyna að útvega þau, svo framarlega sem útvegun á þeim hefir ekki í för með sjer tiltölulega of mikinn kostnað og fyrirhöfn".

Danska greinin er hjer til sýnis, ef menn rengja mig. En það sem eftirtektarverðast er í þessu, er ekki sjálf lagagreinin, heldur athugasemd nefndarinnar, sem jeg áður nefndi, um þetta ákvæði.

Í mjög lauslegri íslenskri þýðingu hljóðar hún þannig, og vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa hana upp, og biðja hv. þingdeildarmenn að taka vel eftir:

„Þar eð lyfsalanum, samkvæmt 14. gr. laganna 3. lið, er gjört að skyldu — ef fyrir kemur að ráðlögð sjeu læknislyf, sem enga skyldu ber til að hafa í lyfjabúðum — að nálgast þau lyf svo fljótt sem auðið er, þá leiðir af því, að lyfsalar verða að hafa fult leyfi til að selja alt það, sem lækni getur komið til hugar að ráðleggja sem „læknislyf", án þess að krafist verði af þeim nokkurs sjerstaks atvinnuleyfis. Orðið „læknislyf" getur verið mjög víðtækt. Því verður ekki neitað að umbúðir, sem annars tilheyra vefnaðarvöruverslunum, skæri og tengur, sem annars eru í verkfærabúðum, *kognac*, tannduft, ávaxtasafi o. fl. getur í ýmsum atvikum verið skoðað sem *læknislyf*, og verður því að vera til í lyfjabúðum, ef þjóðin ekki á að bíða tjón af".

Jeg vona að allir háttv. deildarmenn hafi heyrt þetta, og frumskjalið er hjer til sýnis, ef þeir óska að sjá það. En jeg vil minna á það, að háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) hneyxlaðist á því, að jeg kallaði vínin lyf, en þessir háu herrar, sem þetta hafa samið, gjöra alveg það sama. Nema þá að hv. kgk. þm. (G. B.) vilji heldur þýða orðið „Lægemiddel" læknismeðal eða eitthvað þess háttar, fremur en að þýða það lyf, en það skil jeg ekki eftir því hversu hreint og gott mál hann ritar.

Enn fremur vil jeg vekja athygli á því, að þessir 24 völdu menn, sem enga löngun eða tilhneigingu hafa til að draga sjerstaklega taum einnar skoðunar fremur en annarar á hverju meðali fyrir sig, hafa lýst yfir því, að *þjóðin geti beðið tjón af því, að ekki fáist í lyfjabúðum alt, sem læknar óska eftir til lækninga.*

Öflugri sannanir og öflugri rök hygg jeg að ekki þurfi til þess að sýna hvernig við stöndum alstaðar með pálmann í höndunum. (*Guðmundur Björnson*: Og kognakið!).

Nú var jeg að hugsa um að snúa mjer að ýmsu, sem hv. frsm. (B. Þ.) bar á borð hjer í þessari háttv. deild í ræðum sínum, og þó sjerstaklega í líkræðunni, sem hann hjelt yfir mjer og hv. þm. Vestm. (K. E.).

Jeg bið hæstv. forseta strax að afsaka,

ef jeg í þeim tilsvörum skyldi skutlast eitthvað út fyrir efni málsins.

Annars voru flest rök hans, getsakir einar, stóryrði og skammir, eins og oft vill verða, hjá þeim sem vantar rök, en hafa ekki skynsemi til að stjórna skapi sínu.

Hann þóttist lítið mark taka á þessum 16 læknum, þar sem á móti þeim væru 29 læknar, samkvæmt skjali landlæknis. Nú er jeg að hugsa um að reka þetta ofan í hann. Álits hefir verið leitað hjá þeim læknum, sem hægt er að ná í gegn um síma, og hafa borist símskeyti frá 34 læknum. Af þessum 34 læknum, eru einir 3, sem virðast vera á sama máli og landlæknirinn, Það eru þeir:

Gísli Pjetursson,
Sigurður Hjörleifsson,
Sigurður Magnússon, Patreksfirði.

En 27 læknar töldu sig samþykka læknasamþyktinni. Voru það þessir:

Andrjes Fjeldsteð, Reykjavík,
Árni Árnason, Búðardal,
Ásgeir Blöndal, Eyrarbakka,
Eiríkur Kjerulf, Ísafirði,
Friðjón Jensson, Akureyri,
Georg Georgsson, Fáskrúðsfirði,
Guðmundur Ásmundsson, Hólmavík,
Guðmundur Guðfinnsson, Stórólfshvoli,
Guðmundur Hallgrímsson, Siglufirði,
Guðmundur Thoroddsen, Húsavík,
Gunnlaugur Þorsteinsson, Þingeyri,
Halldór Steinsson, Ólafsvík,
Helgi Guðmundsson, Siglufirði,
Jónas Kristjánsson, Sauðárkróki,
Kristján Kristjánsson, Seyðisfirði,
Magnús Jóhannsson, Hofsós,
Ólafur Finsen, Akranesi,
Ólafur Thorlacius, Búlandsnesi,
Pjetur Thoroddsen, Norðfirði,
Sigurjón Jónsson, Dalvík.
Sigurmundur Sigurðsson, Breiðumýri,
Valdimar Steffensen, Akureyri,
Þorbjörn Þórðarson, Bíldudal,
Þórður Pálsson, Borgarnesi,
Þorgrímur Þórðarson, Keflavík,
Davíð Scheving Thorsteinson, Ísafirði,

en hann var einungis samþykkur fyrri liðnum í áskorun læknafjelagsins.

Loks tóku tveir læknar það fram, að þeir vildu hafa vissar víntegundir, það voru þeir Jón Jónsson á Blönduósi, er vildi hafa tvær tegundir, sherry og portvín, og Steingrímur Matthíasson á Akureyri, er vill hafa rauðvín, sherry og kognak. En einn læknirinn, Ingólfur Gíslason á Vopnafirði gaf ekkert ákveðið svar.

Símskeytin verða til sýnis og lögð fram á lestrarsalinn.

Af 50 læknum, er til hefir náðst, eru *einir þrír* á sama máli og landlæknirinn.

Ætli því verði nú hjer eftir borið við, að læknarnir hafi mjög sundurleitar skoðanir á þessu?

Þá var það eitt, sem hv. frsm. (B. Þ.) fór algjörlega rangt með, þegar hann sagði hvað eftir annað, að landlæknir áliti áfengi ekki læknislyf. Þetta er samkvæmt yfirlýsingu hans *alveg rangt*. Um það kemur okkur vel saman. Deilan er um það, hvort þessar *ákveðnu áfengis*blöndur, *vín*, sjeu nauðsynlegar eða ekki. Framvegis vona jeg að hv. frsm. (B. Þ.) muni þetta.

Háttv. frsm. (B. Þ.) sagði að það væri að fá *örvitum hárbeittan brand í hendur, ef læknar fengju að hafa vín undir höndum*. Jeg vona að allir menn muni þetta. Þvílík orð og slík traustsyfirlýsing til einnar velmetinnar stjettar landsins, ættu að berast út og verða sem flestum kunn. Mjer datt ekki í hug að svara þessu við 2. umræðu, af því jeg taldi sjálfsagt, að hv. 5. kgk. þm. (G. B.), yfirmaður íslensku læknastjettarinnar, sem sæti á hjer í hv. deild, og á að vera sjálfkjörinn málsvari hennar, mundi taka duglega ofan í hv. frsm. (B. Þ.) fyrir slík skammaryrði til allrar stjettarinnar. *(Guðmundur Björnson*: Jeg tók ekki eftir því). Mjer þykir vænt um að hv. 5. kgk. þm. (G. B.) tekur vel í málið og ætlar að

svara því (*Guðmundur Björnson*: Já), en jeg tel sjálfsagt, að hv. frsm. (B. Þ.), hafi mælt þetta meðvitundarlítið í ofstækisvímu þeirri, er á honum var.

Þetta er nú ekkert, þó læknastjettin sje skömmuð, og þótt við flutningsmenn brtt. sjeum skammaðir, þar sem við höfum aðra skoðun en hv. frsm. (B. Þ.), en þegar ofstækin gengur svo langt, að farið er að ráðast á foreldra okkar, foreldra, sem alt hafa gjört til þess að gjöra nýta menn úr börnum sínum, og kenna þeim um skoðanir okkar, og bera þeim það á brýn, að þau hafi rekið óheiðarlega atvinnu, *þá fyrst kastar tólfunum.* Slíkt gjörir enginn drenglyndur maður, vitandi að umrætt fólk hefir allt af verið miklu heiðarlegra en viðkomandi sjálfur. Að alþingismaður skuli haga sjer svo, það er ótrúlegt, en það eru býsn mikil, er þar við bætist, að að alþingismaður þessi er einnig prestur. (*Björn Þorláksson:* Prestar verða að segja syndurum til syndanna.) Má vera, ef um syndir væri að ræða, en svo er ekki hjer. Og hefði nú þetta verið sagt í bræði, var það ef til vill fyrirgefanlegt, en þegar hv. frsm. (B. Þ.) kemur með þetta skrifað niður löngu áður, þá fyrst kastar tólfunum. Og að hugsa til þess, að hann skuli hafa skrifað niður þessi ummæli með sömu fingrunum og hann skrifar kirkjuræður sínar, já, þá verð jeg að segja að mjer verður flökurt af að hugsa til þess.

Hann var að tala um það, þessi háttv. þm. (B. Þ.), að jeg og hv. þm. Vestm. (K. E.), værum að byggja okkur minnisvarða. Ekki óttast jeg þann minnisvarða að neinu leyti; jeg er þess viss, að mjer verður fremur hjer sómi að. En hitt vona jeg, að háttv. frsm. (B. Þ.) hafi með hinni samúðarsneyddu framkomu sinni í þessu máli, velt ofan á sig þeirri dys, sem hann fær ekki undir risið, svo hann eigi ekki framar uppreisnarvon sem *þingmaður* á *Alþingi Íslendinga.*

Jeg bið, hæstv. forseti, afsökunar á því, að jeg fór út fyrir sjálft málefnið, en þeir, sem í glerhöllu búa, mega aldrei grjótkast hefja. Það má vel ske, að þessi brtt. á þgskj. 377 falli hjer í hv. deild, en það læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja, því jeg og skoðanabræður mínir, höfum unnið svo algjörðan sigur í þessu máli, að það þarf mikið siðferðisþrek til þess að halda áfram að berja frám þessar fáu mótbárur, sem hafa fram komið gegn oss, og greiða atkvæði gegn tillögu vorri og þvert ofan í alla sanngirni og rjettsýni.

Jeg legg málið óhræddur á eftir undir dóm alþjóðar, til samanburðar á rökum og rangsleitni.

Guðmundur Björnson: Jeg er að vissu leyti glaður yfir því, að málið er nú komið fram í þessari mynd hjer í háttv. deild, þó jeg verði að telja það efasamt, að tillagan á þgskj. 377 geti komist að eftir þingsköpum, því hún er að efni til, eins og till. á þgskj. 263, er var feld hjer í deildinni. Jeg vek að eins athygli á þessu; hæstv. forseti ræður því.

En úr því að umræður eru leyfðar um tillögu þessa, þá vil jeg leyfa mjer að svara háttv. þm. Strand. (M. P.) ofurlítið

En jeg endurtek það, að það gleður mig að tillaga þessi kom fram, því hún sýnir það ljóslega, að krafa læknanna er ekkert annað en rjettindakrafa. Þeir halda því fram, að þeir eigi að fá alt það, er hugur þeirra kann að girnast, hvort sem það er vín eða eitthvað annað.

Þetta er krafan.

Jeg er er viss um, að hv. þm. Strand. (M. P.) dettur ekki í hug, að halda því fram, að allir áfengir drykkir sjeu lyf, sem nauðsynleg sjeu til lækninga. Það er brot á heibrigði skynsemi. Og er jeg hræddur um, að honum gengi illa að fá alþýðu manna til að trúa því, að víntegundir eins og t. d. whisky, arrak, absinth, Champagnie, kopirak, Caloric, Köstersbitter

og 'því um líkt, sjeu lyf, sem nauðsynleg sjeu til læknisdóma, enda hefir hv. þm. Strand. (M. P.) ekki viljað halda því fram. En hann telur það sæma best, að gefa læknum, sem hann kallar „óskertan rjett“, og að hann sje með þessari tillögu, af því hún uppfylli „fylsta rjettinn“, og hann taldi það þröngsýni og ofstæki, að vera á móti þessari að hans dómi eðlilegu rjettarkröfu.

Þar sem hann bar mjer á brýn, að jeg hefði ekki í skýrslu minni farið rjett með um ólöggild lyf, þá er það lítilfjörlegt aukaatriði. Jeg fór eftir skýrslu þeirri, er lyfsalinn gaf mjer. Brjef hans um þetta liggur heima hjá mjer, en jeg nenni ekki að hafa svo mikið við þetta, að koma með brjefið hingað niður á Alþingi. Menn geta fengið að sjá það heima hjá mjer, ef þeir taka ekki orð mín trúanleg.

Það er satt að járnlyf það, er hann tilnefndi, hefir 10—12 % af áfengi, en það er rangt hjá honum, að það sje jafnsterkt og sherry, því í sherry eru um 20 % af áfengi. Það er ekki heldur rjett hjá honum, að þetta járnlyf sje mest notað af járnlyfjum, því til þess að svo væri, er það of dýrt. Það er of dýrt til þess að allur almenningur geti keypt það, og því nota læknar það ekki mikið. Annars hirði jeg ekki að skattyrðast um þetta aukaatriði við hv. þm. (M. P.), en hægt er að fá að vita það í lyfjabúðinni, hversu mikið er selt af því og öðrum járnlyfjum.

Annað atriði, sem hv. þm. Strand. (M. P.) gjörði mikið úr, voru Danir — hvað Danir segðu, og hann las upp grein úr dönskum lögum. Og þar segir, að þau *lyf*, er læknar fyrirskipa, eigi lyfjabýðin að hafa, en það stendur *ekki* að kognak eða romm sje lyf.

Það stendur ekki í athugasemdinni að það geti skoðast sem lyf, sem ekki er lyf.

Útlendir læknar eru mjög varfærnir, miklu varfærnari en hv. þm. Strand. (M. P.), og þeim dettur ekki í hug að segja, að áfengi sje lyf. Ef bannlög væru komin á í Danmörku, þá dytti engum í hug að halda því fram, að kognak væri lyf. Sannleikurinn er sá, að kognak er ekki fremur lyf en brennivín; þetta er óneitanlegur sannleikur, sem hv. þm. Strand. (M. P.) dettur ekki í hug að hrekja — honum dettur ekki í hug að halda öðru fram.

Það er best, úr því háttv. þm. Strand. (M. P.) finst svo mikið til um Danmörku, að jeg segi ofurlitla sögu. Það var alsiða fyrir nokkrum árum, að gefa konum, sem höfðu barnsfarasótt — blóðeitran — kognak. Þeim var gefið það á hverjum degi, og stundum voru skamtarnir stórir, gátu verið jafnvel 1—2 pelar dag hvern. Þá gjörðist það í Þýskalandi, að ungur læknir gaf ekki áfengi, manni, er hafði blóðeitrun. Þetta þótti hin mesta goðgá. Það var óheyrt, og það vakti feikna athygli um allan heim, af því að yfirmaður læknisins kærði hann, og málið kom undir álit og úrskurð fjölda frægra lækna. Og þessir frægu læknar gáfu einhuga það álit, að læknirinn hefði rjett gjört. Þeir sýknuðu hann og sögðu, að það væri óþarft að gefa kognak í þeim tilfellum.

Það getur verið að háttv. þm. Strand. (M. P.) og íslensku læknarnir, sem eru skoðanabræður hans, afli sjer heiðurs í svip með kognakinu sínu, en hvort sá heiður verður til frambúðar, það veit framtíðin ein. Jeg fel henni, fyrir mitt leyti, óhræddur dóminn.

Jeg vík þá máli mínu að breytingartillögunni sjálfri.

Hún fer fram á það, að læknar megi flytja inn áfengi til lækninga, en í þessu liggur að sjálfsögðu ekki það, að alls konar áfengi sje nauðsynlegt til lækninga. En þá kemur strax spurningin, hver á að skera úr því, hvaða áfengistegundir sjeu nauðsynlegar?

Þetta kemur strax fram við fyrstu pöntunina.

Er til dæmis romm nauðsynlegt?

Hver á að skera úr því?

Eru það *allir* íslensku læknarnir; eru það nokkrir þeirra, eða er það að eins einhver einn, og ef svo er, þá hver þeirra?

Jeg get hugsað mjer að þetta geti gengið t. d. svo til. Einhver stúdent, er gengið hefir á læknadeild Háskólans, er lítt fær, en hefir þó náð læknaprófi með ljelegustu einkunn, sem háskólinn á til. Prófið er ljelegt og þekkingin af skornum skamti, en hann hefir öðlast þann mikla rjett, að mega flytja áfengi inn til landsins síns eins og hann vill. Hugsum okkur svo að hann setji sig niður hjer í Reykjavík og byrji á að panta kampavín, whisky, líkör, romm, absint, banko o. s. frv., og segist ætla að nota þetta til lækninga. Hver á að dæma um þetta, má ske enginn, að eins viðkomandi læknir sjálfur.

Það verður ekki skemtilegt líf fyrir lyfsalana, ef þetta verður svona, því það er alls ekki útilokað, að einhver læknir taki upp á þessu.

Því furðar mig það ekki, sem einn lyfsalinn sagði einu sinni við mig, að hann teldi það eina mestu óhamingju fyrir sig, ef hann þyrfti að gjöra lyfjabúð sína að vínbúð.

Þar sem háttv. þm. Strand. (M. P.) vjek að því, að háttv. framsögumaður (B. Þ.) hefði farið óvirðulegum orðum um íslensku læknastjettina, og sagt að það væri eins og að fá óvitum hárbeitt járn í hendur, ef læknarnir fengju áfengi, þá eru það vitanlega ekki rjett ummæli, ef háttv. framsögumaður (B. Þ.) hefir látið svo um mælt.

Það hefir sýnt sig, síðan að reynslan kom á bannlögin, að mikill hluti læknanna eru heiðarlegir og samviskusamir menn, sem misbrúka ekki heimildir sínar. En landslög eru nú ekki gefin fyrir þá, er vel breyta, heldur fyrir þá, er miður breyta.

Og manneskjurnar breyta misjafnt. Og því miður eru læknarnir manneskjur, og eins og allar aðrar manneskjur þá eru þeir breyskir, og því verða altaf einhverjir í stjettinni, sem ekki geta staðist freistingarnar.

Það hefir sýnt sig, að allur fjöldinn hefir hegðað sjer vel, og ekki brotið bannlögin, en það eru til læknar, sem ekki hafa hagað sjer vel.

Ekki er þetta neitt last, þetta er nokkuð sem allir vita og allir gátu búist við. Jeg segi þetta í fullri alvöru, og jeg efa, að nokkur sjett taki íslenskri læknastjett fram, hvað samviskusemi snertir, því þeir eru einhver samviskusamasta embættismannastjett landsins. Jeg efa það, að hv. þm. Strand. (M. P.) sje annara um heill og heiður þessarar stjettar en mjer. Og jeg sje enga von til þess, að þessi rjettindi auki heill eða heiður þeirra, heldur þvert á móti.

Sem sagt, hjer er á það að líta, hvort fullnægja beri rjettindakröfu læknanna, gjöra þá rjetthærri en aðra, því öðrum er bannað að flytja inn vín, og það er ekkert vit í því, að halda fram rjetti lækna til innflutningi alls konar áfengra drykkja, eins og þessi till. fer fram á. Þá var hin till., sem feld var, miklu betri; þar var ekki talað um brýna nauðsyn, heldur að eins rjettarkröfu. Á þá að gjöra læknunum hærra undir höfði en öllum öðrum, og gefa þeim þennan rjett? Um það geta allir dæmt, bændur og búaliðar. Eins og jeg sagði síðast, skoða jeg það engan ósigur fyrir mig, þó till. þessi yrði samþykt, en hitt heldur engan sigur, þó að hún yrði feld. Hitt mætti segja, að sje ósigur fyrir mig, er flest allir læknar landsins fylkja sjer gegn mjer.

Mjer liggur við að segja, að það sje dálitið broslegt, sem hjer er að gjörast. Undanfarin ár hefi jeg unnið að því, að bæta heilsufar þjóðarinnar og kjör læknastjettarinnar, og hefir mjer sífelt verið legið á hálsi fyrir þá sök, að jeg dragi of mjög taum stjettarbræðra minna, og ef

til vill hefi jeg átt það skilið. Nú rignir aftur yfir mig yfirlýsingum frá þeim um, að þeir sjeu mjer mótsnúnir. Mjer dettur ekki í hug að lasta það, og finst það alveg eðlilegt, að þeir láti í ljós skoðun sína á málinu, en þá finst mjer ekki nema rjettlátt, að jeg losnaði undan þessu ámæli, sem á mjer hefir legið. Því hefir verið beitt svo, að jafnvel við síðustu kosningar hjer í Reykjavík, þá var agiterað fyrir einum frambjóðanda með því, að þá var auglýst á hverju götuhorni, að hann væri andvígur landlækni, sem dræði svo mjög um of taum læknastjettarinnar!

Þetta er varasamt mál fyrir íslensku læknastjettina. Þetta er alþjóðarmál, og hvað sem í því verður gjört, þá gleymist það ekki hjer, heldur berst út í heim, og kemur þá fyrr eða síðar fyrir dómstól vísindanna. Og þá eigum við, íslenska læknastjettin, mikið undir því, að við stöndumst þann dóm. Jeg skal láta ósagt, hvernig þar fer, en jeg segi fyrir sjálfan mig, að *jeg* kvíði ekki þeim dómi, og jeg vildi óska þess, að íslenska læknastjettin liði aldrei neinn álitshnekki vegna þessa máls.

Það er margt skrítið sagt um þetta mál. Því var skotið að mjer nýlega, að jeg ætti ekki að vera á móti því, að læknar fengju vín í búðir sínar, það mundi auka tekjur þeirra að stórum mun. Þeir mundu selja vínið í stórskömtum þjóðinni til heilsubótar og hressingar. Jeg er sannfærður um, að allur fjöldi lækna mundi ekki nota leyfi þetta þannig; enda álít jeg aðrar leiðir heppilegri til að bæta kjör lækna en að gefa þeim leyfi til áfengissölu, og aðrar heilbrigðisráðstafanir þjóðinni þarfari.

Að lokum vil jeg taka eitt fram. Þegar mál þetta kom fyrst fram fyrir ári síðan, var það með þeim hætti, að Magnús Einarsson dýralæknir fjekk lyfseðil upp á 50 flöskur af Gamla Carlsberg öli, sem auðvitað var ekki til í lyfjabúðinni. Út af því klagar hann til stjórnarráðsins. En hvað gjörir stjórnarráðið? Þetta er mál, sem heyrir beint undir landlækni, en í stað þess, að senda honum málið til umsagnar, sendir það læknafjelagi Reykjavíkur fyrirspurn. Og læknafjelag Reykjavíkur sendir Stjórnarráðinu álit sitt, í stað þess, að vísa málinu frá, sem sjer óviðkomandi. Málið lá nú í stjórnarráðinu um hríð, og var ekki frekar að gjört, þar eð ráðherra var ekki heima, en svo að síðustu var það þó sent landlækni. Hann skrifar síðan stjórnarráðinu brjef, en það brjef er síðan birt í Stjórnartíðindunum. Af ýmsum ástæðum — ekki *mín* vegna, — gjörðist jeg til að koma í veg fyrir, að þetta yrði gjört að blaðamáli, og það hefir lánast þangað til síðastliðinn laugardag, að hv. þm. Strand. birti ræður sínar í Ísafold, og jeg býst við að yfirlýsingar læknanna komi þar síðar.

Jeg ætla ekki að gjöra þetta að deilumáli við stjettarbræður mína — jeg ætla að gefa þeim fríspark í þessu máli, — en mun láta álit mitt í ljós til stjórnarinnar, ef jeg er spurður. Að öðru leyti deili jeg ekki um málið, en legg það, eins og öll mín mál, í dóm framtíðarinnar.

Framsm. Björn Þorláksson: Háttv 5. kgk. hefir að miklu leyti tekið af mjer ómakið, að svara ræðu hv. Strand., en þó get jeg ekki látið vera að minnast á brtt. þá, er hann flytur, ásamt 3 öðrum hv. þm., og er á þgskj. 377. Br.till. er að miklu leyti 1. gr. gildandi bannlaga orðuð um, og breytingin þessi, að lyfsölum og læknum skuli heimilt að flytja inn áfenga drykki og vínanda þann, er læknar telja nauðsynlegan til lækninga. Í gildandi lögum er lyfsölum leyft að flytja áfengi til landsins samkvæmt lyfjaskránni. Vil jeg benda á, að hjer er farið fram á hið sama og búið er að fella hjer í deildinni, sem sje brtt. um, að leyfður sje innflutningur á rauðvíni, portvíni, sherry og cognac. Sú

till. var borin fram til þess, að læknar og lyfsalar gætu flutt vín til landsins. Nú er búið að vekja hana upp aftur, og þó nokkuð þriflegri og umfangsmeiri.

Það þótti viðurhlutamikið að leyfa læknum og lyfsölum að flytja vín til landsins. Nú er gengið lengra; leyft að flytja inn öll vín, sem læknum kann að detta í hug að nota. Þetta er nokkuð líkt því, eins og að við 2 umr. hefði verið felt að veita 20 þús. kr. til bylgjubrjótsins í Bolungarvík, en við 3. umr. væri samþykt að veita 100 þús. Tilgangurinn get jeg ekki sjeð, að sje annar en sá, að losa um öll bönd bannlaganna þannig, að þau nái alls ekki til lækna eða lyfjabúða. Þeir eiga að fá að flytja inn alt, sem þeir vilja; nú er það ekki bundið við neinar lyfjaskrár; nei, það er svo sjálfsagt, að það þarf ekki að standa neinstaðar; þeir mega heimta það.

Hv. þm. Strand. nefndi í ræðu sinni við 2 umr. vínin lyf. Nú eru þessi vín hans orðin svo sjálfsögð lyf, að þau standa fyrir utan og ofan alla lyfjaskrá. Tilgangurinn með þessu er að koma upp búðunum, sem hv. þm. talaði um, og kallaði vínbúðir lækna; var það rjett að orði komist frá hans sjónarmiði. Í þessum vínbúðum eiga öll möguleg vín að vera til sölu. Jeg þekki ekki mikið til vína, en þó vil jeg telja upp þau helstu, sem jeg þekki nöfn á, og eru þau: Absinth, Arrak, Akavíti, Bjór alls konar, danskur, þýskur og enskur, Banko, Brennivín, Champagne, Cognac, Lacrima Christi, Ladevín, Líkör, Madeira, Malaga, Rauðvín allskonar, Rínarvín alls konar, Rom, Genever, Sherry, Portvin, Tokayer, Whisky ofl. ofl.

Jeg var að tala um vínbúðir lækna og vínin í þeim. Nú síðustu árin áður en bannlögin gengu í gildi, voru liðlega 20 menn, sem höfðu vínsöluleyfi, en eftir tillögu þessari verða þeir rúmlega helmingi fleiri. Jeg get ekki sjeð framförina. Reyndar gjöri jeg ráð fyrir að margir betri og reglusamari læknar mundu ekki nota sjer þetta leyfi, en það er misjafn sauður í mörgu fje, og hætt við að fjárplógurinn risti alldjúpt í hold sumra þeirra. Jeg heyrði nú nýlega að landlæknir sagði, að einn lyfseðill hefði verið gefinn fyrir 50 bjórum, og annan veit jeg um fyrir 5 pt. af spiritus. Hvorttveggja var til neytslu. Af þessu má nokkuð álykta, hvernig einstakir menn munu nota sjer þetta, og hve stór kaupin yrðu. Jeg er ekki í vafa um hreyfingu þá, sem Magnús Einarsson dýralæknir kom af stað, og um tilganginn með breytingartillögu háttvirts þingmanns Strand. og meðflutningsmanns hans, til þess er tilgangurinn of bersýnilegur. Nú hygg jeg að vissan sje fullkomin og slæðan fallin burt. Nú tjáir ekki að hræsna lengur með þeim uppgjörðarfagurgala að þeir vilji lögunum vel, vilji lofa þeim að reyna sig.

Hv. þm. Strand. sagði um ræðu mína við 2 umr., að hún hefði verið full af stóryrðum og skömmum, en honum tókst ekki að sýna það með öðru en stóryrðum, röksemda- og sannanalausum. Hann reyndi að draga fram einstök orð, svo sem að jeg hefði sagt, að það væri sama að veita læknum leyfi þetta, og að fá örvita manni bitran brand í hendur, og að þetta hefði verið sagt til allrar stjettarinnar, en það var ekki sagt nema til einstakra manna, svo sem til þeirra, sem drekka sjálfir upp sinn eigin spiritus, eða láta sjer þau orð um munn fara, að þeir muni alls ekki hlýða aðflutningsbannslögunum, heldur brjóta þau hve nær og hvar sem þeir koma því við. Þm. kvartaði undan hörðum orðum frá mjer í sinn garð. Jeg get ekki gjört að því; málshátturinn gamli segir, að sök bíti sekan, en mín orð voru þannig, að þau gátu ekki meitt neinn. Hvað viðvíkur orðum þeim, er jeg hafi átt að viðhafa um foreldra hans, þá vísa jeg þeim aftur sem hreinum ósannindum, og má hann kyngja

þeim. Jeg sagði hann uppalinn á vínveitingaheimili, og það hygg jeg að sje satt. Býst jeg við, að hann hafi reiðst af því, að jeg kallaði vínsöluna óheiðarlega atvinnu, en það hefi jeg álitið lengi, og mun gjöra svo framvegis.

Jeg sagði um þessa háttv. andstæðinga mína og andbanninga, að þeir væru uppaldir á vínveitingastað; jeg sagði það til þess að gjöra mjer og öðrum skiljanlegt, hvers vegna þeir væru andbanningar. En það sem jeg sagði um að óhamingja fylgdi oft slíkum heimilum, þá var það alment talað, og enda viðurkend sannindi. Jeg hygg að háttv. þm. Strand. (M. P.), sem er latínulærður maður, hafi tekið eftir latneska málshættinum, sem jeg fór með o: Per quod quis peccat, per idem punitur et idem. Og annars hefðu margir gott af því að taka eftir honum. En þessi málsháttur, eða þetta orðatiltæki, er mörg hundruð ára gamalt, með öðrum orðum þetta hafa verið viðurkend sannindi í mörg hundruð ár. Það segir sig því sjálft, að háttv. þm. Strand. (M. P.) og Vestm. (K. E.) hafa enga ástæðu til að reiðast þessum orðum. Að öðru leyti sagði jeg ekkert um foreldra þeirra, enda þekki jeg ekki nema foreldra annars. Ætlun mín var alls ekki sú, að dæma þá á neinn hátt, og það sem jeg talaði var frekar sprottið af því, að jeg aumkaði þá, heldur en að jeg vildi óvirða þá. En jeg get ekki stilt mig um að taka það fram, að jeg álít það ekki lán, að vera alinn upp á þá leið, sem minst hefir verið á.

Háttv. þm. Strand. (M. P.) talaði mikið um ofstæki, sem kæmi fram í þessu máli, og mun það sjerstaklega hafa verið meint til mín, og þurfum við Templarar og bindindismenn ekki að kippa okkur upp við það, þó okkur sje borið það á brýn. En svo hefir undarlega við brugðið nú á síðari árum, að orðið hafa algjörlega hausavíxl á þessu. Nú eru það andbanningar, sem ofstæki sýna, eins og framkoma háttv. þm. Strand. (M. P.) sannar svo ljóslega.

Þessi háttv. sami þm. sagðist vænta þess, að jeg hefði með framkomu minni hlaðið þá dys utan um mig, sem jeg mundi ekki fá risið undir, og mundi því ekki eiga afturkvæmt hingað í deildina.

Við þessa spá hans er jeg óhræddur, þó mjer hins vegar þyki líklegt að jeg muni ekki verða á næsta þingi; óvíst að jeg sækist eftir kosningu. En ef jeg biði mig fram og kæmist ekki að, mætti mjer vera það huggun ekki lítil, að þurfa ekki lengur að standa í stríði við háttv. þm. Strand. (M. P.), sem hefir svo ramskakka og öfuga skoðun í landsins mesta velferðarmáli.

Karl Finnbogason: Háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) og framsögumaður (B. Þ.) hafa báðir borið brigður á það, að brtt. á þgskj. 377 væri frambærileg. Jeg fæ ekki annað sjeð en að það sje misskilningur einn. Ástæðan á að vera sú, að deildin hafi felt tillögu sama efnis við 2. umr. En því fer fjarri, að svo sje. Tillögurnar eru alls ekki sama efnis. Í tillögunni, sem feld var við 2. umr., var ætlast til að lögboðið yrði stjórnarráðinu að löggilda ákveðnar, nafngreindar vínteguudir *á lyfjaskrá landsins*.

Í þeirri tillögu, sem nú liggur fyrir, er ekki ætlast til neinnar slíkrar löggildingar. Að eins ætlast til, að læknum verði heimilað að fá hvert það vín, sem þeir álíta sjer nauðsynlegt að nota við lækningar, *utan lyfjaskrár*, ef verkast vill, alveg eins og ótal önnur lyf.

Hjer er því skýr og ótvíræður munur. Önnur tillagan ætlast til að ákveðin vín sjeu löggilt á lyfjaskrá; hin ætlast ekki til að neitt vín sje löggilt á lyfjaskrá, að eins að læknar geti fengið hvert það vín, sem þeir telja nauðsynlegt, — utan lyfjaskrár.

Og vissulega er tillagan, sem nú liggur fyrir, betri en hin, bæði fyrir þá, sem ekki

telja sig þurfa vín til lækninga og hina, sem þykjast þurfa þess.

Sjeu einhver vín löggilt á lyfjaskrá, verða allir lyfsalar að hafa þau til, hvort sem læknar nota þau eða ekki. En sje ekkert vín löggilt á lyfjaskrá, en þó hægt að fá það, þá geta þeir haft það, sem vilja, en hinir verið lausir við það. Og það ætti að vera öllum ljúfast og affarasælast

Með þessu ætti því öllum að vera gjört til hæfis. Að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða um breytingartillöguna, en vona að deildin samþykki hana.

Jón Þorkelsson: Jeg verð að lýsa því yfir, að jeg sæi ekki mikið eftir, þó að þetta mál hefði *aldrei* inn í þingið komið. Og úr því, sem komið er, hefði jeg óskað, að ekkert hefði verið hreyft við lögum þessum meðan þau eru ekki búin að reyna sig til hlítar, þó að því verði ekki neitað, að sú reynsla, sem fengin er, sje harla ómerkileg. Eftir henni að dæma virðist það vera ómögulegt að hafa neitt eftirlit með lögunum, sem að nokkru gagni geti komið. Ef eftirlitið ætti að vera nægilegt, þá mundi til þess þurfa meira fje en næmi öllum áfengistollinum gamla. Tekjur landssjóðs hafa stórskerst af þessum lögum, en ekkert annað hefir í móti komið en að lögin hafa verið stórlega brotin, og verða brotin. Það lítur því helst út fyrir, að lögin verði ekki einungis til skaða, heldur og minkunar. Jeg ætla ekki að fara neitt út í það, þó að ýmsir menn, sem gott þykir að gleðja sig í guði, hafi lagt sjer allskonar ódrykki til munns, sem eru stórhættulegir lífi þeirra og heilsu. Þeir um það, sem það gjöra. En afleiðing er það bannlaganna.

Eins og mönnum er kunnugt, þá er talin dýrtíð nú í landi. Jeg sje að fjárlaganefnd Nd. hefir þótt svo mikil brögð að því, að hún er nú að klípa af ýmsum stórmerkilegum og nauðsynlegum fjárveitingum. Meðal annars fer hún fram á að feld sje 47,000 kr. fjárveiting til að reisa vita í því skyni, að gjöra innsiglingar öruggari umhverfis landið. Enn fremur leggur nefndin til, að feldur sje styrkurinn til búnaðarfjelaganna 44,000 kr. Þetta eru fjárveitingar, sem snerta stærstu atvinnuvegi landsins. En sömu meðferðinni sæta einnig mentamál landsins. 30,000 kr. klipt af fjenu til barnakenslu. Auk alls þessa er stjórninni heimilað að taka 1,000,000 kr. lán. Svona segir þingið nú fjárhag landsins. Og svo sitjum við hjer og þrætum um þetta auðvirðilega mál. Vegurinn út úr vandræðunum sýnist þó vera auðrataður. Við höfum hjer *einmitt í þessu máli* ágætan gjaldstofn, ef við hefðum vit á að nýta hann, og þyrftum við ekki annen nema bannlögin úr gildi um stundar sakir. Reyndar væri öruggast, arðvænlegast og sómasamlegast, að þau væru alveg feld niður.

Ef við gjörðum þetta, þá mundum við bæði losna við lög, sem ekki koma að tilætluðum notum og eru okkur til vansa, og mundum, auk þess, vinna upp það fje, sem okkur vanhagar um.

Frá þessu sjónarmiði held jeg væri betra að skoða bannlögin í þetta skifti, og handleika þau samkvæmt því.

Mjer hefir heyrst á háttv. þm. Strand. (M. P.), að hann efist um að brtt. á þgskj. 377 verði samþykt hjer í dag. Vera má, að svo fari, og af þeirri ástæðu ætla jeg að leyfa mjer að koma fram með rökstudda dagskrá, sem jeg vona að borin verði upp, eftir að út sjeð er um, að brtt. á þgskj. 377 nái fram að ganga.

Það er nóg, að bannlögin eru fjárhag landssjóðs skaðræði, þó að ekki haldi þingið áfram í meðferð þeirra þeirri óhæfu að grípa fram fyrir hendurnar á þekking, viti og reynslu.

Jeg tel því rjettast, að deildin vísi málinu til landsstjórnarinnar, ef hún ekki mold-

ar það að fullu, sem best væri. Jeg ætla þess vegna að leyfa mjer að afhenda hæstvirtum forseta svofelda rökstudda dagskrá:

Deildin tekur fyrir næsta mál á dagskrá í því trausti, að landsstjórnin nemi úr gildi um sinn með bráðabirgðalögum í nauðsyn landssjóðs, ef á þarf að halda, fram á Alþingi 1917 lög nr. 44, 30. júlí 1909, um að flutningsbann á áfengi,

til vara:

gjöri ráðstafanir til þess að lyfjaskrá landsins verði svo hagað, að í lyfjabúðum öllum og hjá hjeraðslæknum megi vera nægar birgðir af vínanda þeim og öðru áfengi, sem læknar telja nauðsynlegt til lækninga.

Karl Einarsson: Jeg á brtt. á þgskj. 398. Jeg bjóst við því, að framsm. mundi lýsa svo skýrlega brtt. nefndarinnar, að jeg hefði ekki þurft að standa upp. En mjer brást það, því hann sneri út úr greininni á alveg óleyfilegan hátt. Hann lagði út af því, að núverandi stjórn Eimskipafjelags Íslands hefði bannað að hafa vín á skipum sínum hjer við land. Þetta kann að vera satt. En svo sagði hann að þetta ákvæði í 1. málsg. 2. gr. sje fram komið af hræðslu við að næsta stjórn verði ef til vill á annari skoðun. Þetta er ekki rjett. Ef 2. gr. verður samþykt, þá er öllum íslenskum skipum bannað að hafa vín hjer við land. Þar stendur að innsigla skuli alt áfengi á fyrstu höfn, og megi ekki brjóta innsiglið fyrr en farið er frá síðustu höfn. Undantekning er gjörð með útlend skip, sem fá að hafa vín frá einni höfn til annarar.

Nauðsynlegt er, að mínu áliti, að stjórnarráðið setji reglur fyrir íslensk skip, því annars mætti misbrúka regluna í 2. gr.

Annars ætla jeg ekki að fjölyrða frekar um málið. Jeg ætla að eins að taka það fram, að jeg ætla ekki að fara að skattyrðast um foreldra mína eða uppeldishæfileika þeirra. Tíminn verður að skera úr því, hvernig þeir hafa verið. Annars vildi jeg biðja hæstv. forseta að sjá um, að þau fái að liggja óáreitt í gröf sinni, því þar liggja þau nú bæði.

Framsögum. (Björn Þorláksson): Jeg vildi að eins segja örfá orð út af ræðu háttv. þm. Vestm. (K. E.).

Ef brtt. nefndarinnar verður samþykt, þá verður brtt. hans óþörf eða á ekki við. *(Karl Einarsson:* Tek hana þá aftur). En ef brtt. nefndarinnar verður feld, þá er hún til bóta.

Jeg ætla engu að svara þingmanninum út af því, sem hann sagði um foreldra sína, því alt hans tal um það efni, var algjörlega ástæðulaust.

Magnús Pjetursson: Jeg ætla með fáum orðum að víkja að ræðum háttv. 5. kgk. og háttv. framsögumanns.

Háttv. 5. kgk. lagði áherslu á orðin „það sem læknar telja nauðsynlegt“, og spurði við hvaða lækna þar væri átt. Mjer finst spurningin algjörlega óþörf; þar er vitanlega átt við hvern einstakan lækni. Annars hefði jeg ekkert haft á móti því, að læknar hefðu komið sjer saman um einhverjar ákveðnar vítegundir, og það var slík tilraun, sem jeg var að reyna við 2. umræðu málsins, en þá var háttv. 5. kgk. þingmaður því mótfallinn, og var einn þeirra, er feldu tillögu mína.

Háttv. sama þm. þótti hart, að fá nýbökuðum kandidötum slíkt vald í hendur, að fyrirskipa áfengi til lækninga. Það má vel vera, að það sje hart, þó jeg ekki skilji, hvers vegna ungir læknar eru ekki eins hæfir til að fara með slíkt vald, eins og gamlir fauskar. En svo er þess að gæta, að kandidatar fá vald yfir ýmsu öðru en þessu, um leið og þeir fá prófvottorðið sitt. Þeir fá vald yfir morfíni,

spíritus og alls konar eitri, sem vissulega er ekki minni vandi með að fara en þessar vintegundir.

Mjer þótti vænt um yfirlýsingu háttv. 5. kgk. um okkur læknana. Hann tók það fram, að það væru margir heiðarlegir menn hjer á landi í þeirri stjett, og kvað lögin vera einungis fyrir þá veiku. En ekki verður því neitað, að hart er það, fyrst engin hætta er á, að *meiri hluti* lækna misbúki þetta vald, þá skuli þó *allir* verða að gjalda hinna fáu, sem búist er við að brotlegir verði. Og ekki einungis læknarnir, heldur einnig sjúklingarnir. En jeg þóttist gjöra nægilega grein fyrir því, við 2. umræðu, að þessi sama hætta gæti verið um öll möguleg lyf, sem hægt er að misbrúka.

Hv. 5. kgk. talaði um, að þetta mundi ekki auka á sæmd læknanna. Jeg hygg, að ómögulegt muni vera að spá neinu um það, hvorki til nje frá. En hinu verð jeg að neita, að það sje yfir höfuð nokkur vansæmd, þó einhverjir verði til að misbrúka þetta vald. Það er sjerstaklega skylda landlæknis að sjá um að slíkt komi ekki fyrir, og ef einhver gjörir sig sekan í slíku, þá er sjálfsagt að landlæknir beiti valdi sínu, ef honum þykir sök til, og taki af þeim manni læknisleyfi, og mun engum vera þægð í, að haldið sje hlífiskildi yfir þeim, sem lögin brjóta; að minsta kosti hefi jeg aldrei óskað eftir slíku.

Hv. þm. talaði um, að með þessu væri verið að gjöra lækna rjetthærri en aðra menn. Jeg fæ ekki sjeð að munurinn sje svo mikill frá því, sem verið hefir. Við erum það rjetthærri en aðrir menn, að við höfum leyfi til að gefa mönnum eitur, og getum við þó ekki æfinlega vitað hvernig þeir muni með það fara. Þann rjett getur hv. þm. ekki af oss tekið.

Hv. þm. hugði, að það mundi fyrr eða síðar koma fram, að við læknarnir hefðum rangt fyrir okkur, og yrði það okkur þá til vansæmdar.

Það má vel vera. Það getur farið svo um áfengi sem mörg önnur lyf, að menn geta komist að þeirri niðurstöðu, að þau þurfi ekki að nota og betri lyf koma þá ef til vill í staðinn. En á meðan læknar álíta sig þurfa þessi efni til lækninga, þá eiga þeir heimtingu á að fá þau, ef þjóðin á ekki að bíða *tjón*.

Hinn hv. 5. kgk. þm. (G. B.) minntist á og margendurtók, að jeg hefði talað um vínbúðir lækna. Það mun vera satt, að jeg hefi viðhaft það orð, í mismæli fyrir vínbirgðir, og skal því gangast við því. En hann sagði sjálfur, að ef brtt. mín yrði samþykt, þá væru þar með *50 vínbúðir settar á stofn í landinu*. Jeg verð að játa, að mig furðaði á að heyra slíka vantraustsyfirlýsingu til læknastjettarinnar af hans vörum.

Þá vítti hinn hv. þm. (G. B.) stjórnina fyrir, að hafa vísað þessu máli til læknafjelagsins, en ekki til hans. En jeg sje ekki að stjórnin sje vítaverð fyrir það, því að hv. þm. er sjálfur í læknafjelaginu, og stóð því vel að vígi um að telja fjelagið á sitt mál, ef það hefði verið á hans færi. Hann ljet og sem það hefði hneykslað sig, að jeg hefði gjört þetta mál að blaðamáli með því að láta prenta ræðu þá, sem jeg hjelt hjer í deildinni við 2. umræðu. En svo stóð á, að ritstjóri Ísafoldar beiddi um leyfi til þess að birta ræðuna, og gat jeg ekki haft neitt á móti því, enda er mjer ómögulegt að sjá, að hjer sje um neitt launmál að ræða, því þingtíðindin eru öllum opin. Jeg veit ekki heldur til, að jeg hafi vegið að honum í þeirri ræðu, Jeg hjelt að eins fram minni skoðun, og það er víst öllum leyfilegt. Jeg ætlaði mjer ekki að hafa neitt „fríspark“, enda var hann sjálfur til andsvara hjer í deildinni, og getur því ekki kvartað um, að jeg hafi ráðist að baki honum.

Þá verð jeg að svara nokkru ræðu hv. 4. kgk. (B. Þ.), þótt hv. þm. Seyðf. (K. F.) hafi þegar svarað henni að sumu

leyti. Það var einn misskilningur hv. 4. kgk. þm. (B. Þ.), að hann hjelt að með brtt. ætti að lögfesta á lyfjaskrá allar þær vintegundir, sem þar eru nefndar. En það er ekki meiningin að löggilda þær, frekar en allan þann aragrúa lyfja, sem læknar nú mega panta, þótt ekki standi á lyfjaskrá. Hv. 4. kgk. þm. (B. Þ.) sýndi annars slíkan fróðleik um ýmsar tegundir vína, að mig næstum því sundlaði. Og er virðingarverð sú fyrirhöfn og vinna, sem hann hefir lagt í að safna að sjer þessum vínnöfnum. En honum er bráðnauðsynlegt að reyna að láta sjer skiljast það, að hjer er ekki verið að deila um, hvort nota eigi áfengi sem læknislyf, — það eru allir sammála um — heldur um hitt, hverjar áfengisblöndur megi nota. Og jeg verð enn sem fyrr að leggja áherslu á, að það er mjög þýðingarmikið, að geta gefið sjúklingnum áfengið í þeirri mynd, að hann hafi ekki óbeit á því. — Þá ljet hinn hv. 4. kgk. þm. (B. Þ.) traust sitt til læknastjettarinnar í ljós með þessari staðhæfingu, að nú ætti að koma *50 nýjum vínverslunum* á laggirnar í stað þeirra 30, sem bannlögin höfðu lagt að velli. En jeg gjöri ráð fyrir, að ef læknarnir versla með vín hjer eftir, þá munu þeir einnig hafa gjört það hingað til, því að ekki hefir þá skort áfengið nje þekkingu til að blanda það til drykkjar sem nautnarmeðal. Hv. 4. kgk. þm. (B. Þ.) gat þess sínu máli til stuðnings, að fjárplógurinn risti djúpt í mannlegu holdi. Já, honum geri jeg nú að vita það. En hann ætti að geta skilið það, að ef læknar vilja auka tekjur sínar á slíkan hátt, þá geta þeir grætt nóg á því að selja spiritus. — Hv. 4. kgk. þm. stórhneykslaðist á þessum lyfseðli upp á 50 bjóra, sem komið hefir öllu þessu máli af stað. Honum þótti slíkur lyfseðill býsna kynlegur og þóttist af því dæmi sjá hver ósköp gætu af því hlotist, ef brtt. mín yrði samþykt. En jeg býst nú við, ef hinn hv. 4. kgk. þm. væri sjálfur læknir, þá mundi hann fara eins að. Ef einhver sjúklingur þyrfti t. d. í 2 mánuði að drekka 1 bjór á dag, þá gæfi hann sjálfsagt ekki út 50 lyfseðla og tæki krónu fyrir hvern, heldur ljeti hann einn duga. Hitt kynni að verða sjúklingnum fulldýrt, það væri að rista með fjárplógnum. — Hann þóttist nú svo sem ekki í vafa um, til hvers refarnir væru skornir. En mjer heyrðist hann ekki heldur vera í neinum vafa við síðustu umræðu, svo jeg kippi mjer ekki upp við það. En það get jeg frætt hann um, að mörgum bannmönnum stendur stuggur af framkomu hans í þessu máli (*Björn Þorláksson*: Það má andbanningum þykja vænt um). Já, víst þykir okkur vænt um, að ofstækið hefir þó ekki steinblindað alla.

Hinn háttv. 4. kgk. þm. var að reyna að afsaka ofstækisummæli sín við 2. umr. og gerði það á þann hátt, að hann endurtók þau öll saman, að miklu leyti, svo að þeir sem ekki voru þá viðstaddir, hafa nú heyrt af sjálfs hans munni, hvílíkar ærumeiðandi aðdróttanir hann hefir haft í frammi í umræðunum um þetta mál. Jeg hygg, að þeir sjeu fáir, sem hafi ekki stórhneykslast, á smánarorðum hans um foreldra mína og hv. þm. Vestm. (K. E.). Hann sagðist aumkva okkur fyrir það uppeldi, sem við hefðum fengið. Hv. 4. kgk. þm. sagði, að það væri engin hamingja að hafa alist upp svo sem við, þau orð hans verða aldrei útskafin, þótt hann vilji hlaupa frá þeim. En jeg fyrir mitt leyti tel það *mína* mestu hamingju, að hafa fengið það uppeldi, sem jeg hefi fengið, og hefði háttv. 4. kgk. þm. átt að hafa það hóf á sjer, að fara ekki út í slíka sálma, — fara ekki út í ættir.

Jeg vil enda mál mitt með því að taka það fram, að mjer finst það meira en lítill ábyrgðarhluti af Alþingi, ef það í slíku máli ætlar að skella skollaeyrum við yfirlýstum vilja nálega allra íslenskra lækna.

Kristinn Daníelsson: Jeg ætla mjer raunar ekki að tala langt mál, en mig langaði til, af því að jeg er gamall bannvinur, að taka það fram, að jeg er á sama máli eins og bannmennirnir í nefndinni. Mjer hefir þótt leiðinlegt að heyra hvað mikið hefir verið talað hjer um þröngsýni og ofstæki bannmanna. Jeg fyrir mitt leyti þykist geta rætt þetta mál hitalaust og ofsalaust. Enda hygg jeg sannast að segja, að ofstækið sje ekki minna á andbanninga hlið en okkar, eins og lítinn vott mátti sjá um af dagskrá þeirri, sem áðan var lesin upp hjer í deildinni. Jeg vil játa, að það er inngróin sannfæring mín, að bannmenn berjist móti einhverju hinu þyngsta þjóðarböli og fylli jeg því þeirra flokk, án allra öfga og ofstækis.

Jeg vil þá minnast lítið eitt á brtt. á þgskj. 377. Jeg lít svo á, að það geti ekki komið til mála, að hún verði samþ., nema sjónarmið okkar bannmanna eigi með öllu að lúta í lægra haldi. Hv. þm. Strand. (M. P.) þykist að vísu hafa fært fullar sönnur á, að sú tillaga sje rjettmæt, en jeg get ekki sjeð, að honum hafi tekist það. Þótt meiri hluti lækna í landinu sje honum sammála, þá sannar það ekkert. Hjer standa tvær skoðanir á öndverðum meið, landlæknirinn fylgir annari, hv. þm. Strand. (M. P.) og hans fylgismenn hinni, og er leikmönnum ekki auðvelt að sjá, hvorir hafa meira til síns máls. En það vona jeg að enginn lái bannmönnum, þó að þeir hallist heldur á sveifina með þeim, sem þeirra mál styðja. Ef allir læknar væru á eitt sáttir, þá væri öðru máli að gegna. Hinn hv. þm. Strand. (M. P.) reyndi að styðja mál sitt með því, að vitna í danskt nefndarálit, þar sem sagt er, að það væri þjóðartjón, ef áfengi væri ekki í lyfjabúðum. En það er ekki að vita, hvað lengi þessi skoðun verður ofan á í Danmörku. Nú fjölgar bannvinum stöðugt þar í landi, og þegar þeir eru komnir í meiri hluta, er ekki víst að slíkum skoðunum verði haldið þar fram. — Þar að auki get jeg ekki sjeð, að það geti komið til mála að samþykkja þessa tillögu, af þeirri ástæðu, að við síðustu umræðu þessa máls var sams konar tillaga feld, sem þó fór ekki eins langt. Þá voru þó tilteknar vissar vintegundir, sem ættu að vera til í lyfjabúðum, en nú á að láta allt laust og óbundið. Jeg hygg það tvímælalaust, að tillagan brjóti beint í bág við anda bannlaganna, og það verð jeg að segja, að þótt jeg engan veginn vilji dróttа nokkru óheiðarlegu að læknastjettinni í heild sinni, þá eru þó til þeir læknar, sem jeg veit að helst ættu ekki með vín að fara. Mjer dettur ekki í hug að ásaka hv. þm. Strand. (M. P.) og hv. þm. Vestm. (K. E.) um illar hvatir. En jeg er hræddur um að læknum gangi meira til, að þeim sje orðið þetta metnaðarmál, heldur en að þeir hyggi þetta nauðsyn. Þeir álíta, að verið sje að ganga á rjett læknastjettarinnar, og það vilja þeir ekki þola. Það er sjálfsagt satt, að rjettur lækna er dýrmætur, en jeg get að eins ekki fallist á, að hann eigi að vera takmarkalaus. Hann verður að lúta í lægra haldi, þegar slík þjóðarnauðsyn er annars vegar, sem hjer ræðir um. Hv. þm. Strand. (M. P.) gat þess um daginn, að til væru eiturtegundir, sem væri miklu skæðari en áfengi, og þó dytti engum í hug, að banna að hafa þær í lyfjabúðum. Því vil jeg svara svo, að ef það sannaðist, að þær væru jafn háskalegar sem áfengið, þá mundi jeg þegar verða því meðmæltur, að þær verði teknar af lyfjaskrá. — Vil jeg svo ljúka máli mínu með þeirri ósk, að brtt. á þgskj. 377 verði feld.

Steingrímur Jónsson: Jeg ætlaði ekki að standa upp við þessa umræðu málsins, því jeg þóttist hafa talað nóg við síðustu umræðu. En það voru nokkur orð, sem hv. 5. kgk. þm. (G. B.) sagði,

sem komu mjer til að standa upp, og það því fremur, sem þessi orð voru árjettuð af hv. 2. þm. G.-K. (K. D.). Hv. 5. kgk. þm. (G. B.) sagði viðvíkjandi brtt. á þgskj. 377, að það væri að eins að ræða um rjettindakröfu, og skildi jeg hann svo, að læknar væru hjer að verja einhver rjettindi fyrir sjálfa sig. Ef það er ekki annað, sem átt er við með tillögunni, þá er engin ástæða til að koma fram með hana, og þá væri engin ástæða fyrir mig til að greiða henni atkvæði mitt, því að það eru svo mörg þægindi og rjettindi, sem tekin eru frá mönnum með bannlögunum. En jeg sje ekki betur en að læknar landsins álíti nauðsynlegt, að þeir hafi þennan rjett. En fyrst farið var að minnast á rjettindi í þessu sambandi, þá vildi jeg minnast á, að það eru aðrir sem hafa rjett en læknarnir; það er almenningur þessa lands. Árið 1909 var tekinn frá honum sá rjettur, sem hann hafði haft til að drekka vín, en þá var leyft að hann mætti neyta þess, þegar hann gengi til altaris, og þegar hann lægi veikur á sóttarsæng. Þá var það hugmynd bannlaganna, að láta menn halda rjetti sínum til að neyta áfengis, þegar læknar álitu það nauðsynlegt. Þennan rjett átti að taka frá mönnum með frv. þegar það var lagt fyrir þingið, og sömuleiðis með þeim úrskurði, sem svo mikið hefir verið talað um hjer. Jeg verð því að greiða atkvæði með brtt. á þgskj. 377, enda þótt hún sje viðtækari en nauðsyn krefur. Jeg verð að halda því fram, að það sje sjálfsögð rjettarkrafa fyrir almenning, að menn geti fengið að neyta áfengis, þegar þeir eru sjúkir, og læknir og sjúklingur eru ásáttir um að það sje nauðsynlegt.

Úr því að jeg stóð upp, vil jeg minnast á ummæli háttv. framsm. við síðustu umræðu, þar sem hann sagði að það væri ekki líklegt að andbanningar væru hollari bannlögunum en bannmennrnir. Í þessu kom fram ásökum um að við hjeldum þessu fram af því, að við værum Bakkusarvinir eða jafnvel Bakkusarþrælar. En við erum ekki eins miklir þrælar eins og þeir, sem álíta alla bölvun vera afleiðingar vínsins. Þeir sem voru á móti bannlögunum árið 1909 börðust á móti þeim af því, að þeir álitu þau óframkvæmanleg og að þau mundu því verða skaðleg fyrir siðferði þjóðarinnar. Því var það að jeg og fleiri gjörðum það sem við gátum, til þess að fyrirbyggja að bannlögin gengi í gildi 1915. En þrátt fyrir það höfum við viljað að þau væru haldin, úr því að þau eru komin á. Svo koma bannmenn með tillögu, sem skaðar bannlögin, því að það er víst, að þessi pólitik bannmanna á móti læknastjettinni er til skaða fyrir þau. Jeg held því, að okkar atkvæði, sem viljum eyða þessu frumv., sje hollara fyrir bannlöginn en hinna, sem því eru fylgjandi.

Það var tvent í ræðu háttv. þm. K. og G. (K. D.), sem jeg vildi minnast á. Hann sagði, að með tillögunni á þingskj. 377 væri gengið á móti meginreglu bannlaganna. En þetta er algerlega rangt. Hjer er komist dálítið öðru vísi að orði en í bannlögunum, en niðurstaðan er sú sama. Það er spiritusinn og eterinn, sem er það hættulegasta, en ekki portvín nje rauðvín og tæplega *áfengt* öl heldur.

Viðvíkjandi lyfjum, sem eitur er í, sagði hann að hann mundi vilja afmá þau úr lyfjaskránni, ef þau væru orðin eins hættuleg fyrir þjóðina og vínið, og ef læknar álitu að þau væru ekki lengur nauðsynlegt sem læknislyf. En læknar hafa ekki samþykt að vínandi sje ekki lengur nauðsynlegur sem læknislyf. Það er einmitt það, sem vantar hjer.

Forseti leitaði afbrigða frá þingsköpum um brtt. 377, 398 og 402, og voru þau leyfð og samþ. af deildinni.

ATKVGR.:

Brtt. 377,1 (ný grein) samþ. með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Björnson,
Jón Þorkelsson,	Guðm. Ólafsson,
Karl Einarsson,	Hákon Kristófersson,
Karl Finnbogason,	Jósef Björnsson,
Magnús Pjetursson,	Kristinn Daníelsson.
Sigurður Stefánsson.	

Brtt. 380,1 samþ. með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Guðm. Björnson,	Eiríkur Briem,
Guðm. Ólafsson,	Jón Þorkelsson,
Hákon Kristófersson,	Karl Einarsson,
Jósef Björnsson,	Magnús Pjetursson,
Karl Finnbogason,	Sigurður Stefánsson.
Kristinn Daníelsson.	

Brtt. 398 tekin aftur.

— 402 — —

— 380,2 samþ. með öllum atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu allir þingdeildarmenn já.

Brtt. 380,3 samþ. með 8 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Guðm. Björnson,	Eiríkur Briem,
Guðm. Ólafsson,	Jón Þorkelsson,
Hákon Kristófersson,	Magnús Pjetursson,
Jósef Björnsson,	Sigurður Stefánsson.
Karl Einarsson,	
Karl Finnbogason,	
Kristinn Daníelsson.	

Brtt. 377,2 samþ. átkvgr.

Brtt. 380,4 samþ. með 13 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	sagði enginn.
Stgr. Jónsson,	
Guðm. Björnson,	
Guðm. Ólafsson,	
Hákon Kristófersson,	
Jósef Björnsson,	
Karl Einarsson,	
Karl Finnbogason,	
Kristinn Daníelsson,	
Magnús Pjetursson.	

Eiríkur Briem, Jón Þorkelsson og Sig. Stefánsson greiddu ekki atkv., og voru taldir með þeim, er sögðu já.

Frá Jóni Þorkelssyni, 6. kgk. þm., hafði forseta borist rökstudd dagskrá, sú er ræða hans hjer að framan hermir.

Dagskrá þessi var tekin aftur af flutningsmanni, sökum þess, að brtt. 377 var samþ., og kom hún því aldrei til atkv.

Frv. svo breytt samþ. með 8 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Guðm. Björnson,	Eiríkur Briem,
Guðm. Ólafsson,	Hákon Kristófersson,
Jósef Björnson,	Jón Þorkelsson,
Karl Einarsson,	Sigurður Stefánsson.
Karl Finnbogason,	
Kristinn Daníelsson,	
Magnús Pjetursson.	

Frv. afgreitt til Nd.
(A. 431).

Á 55. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka og breytingu á lögum nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 814).

Á 57. fundi í Ed., föstudaginn 10. sept., var frv. tekið til einar umr. (A. 814, n. 828, 907).

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Í framhalds-nefndarálitinu um frumvarp þetta er frá því skýrt, að það sje loksins aftur komið til þessarar háttv. deildar, eftir að á því hafa verið gjörðar breyting-

ar í háttv. Nd., og leggur nefndin það einróma til, að það verði samþykt eins og það nú liggur fyrir. Jeg skal þá skýra frá þeim breytingum, sem það hefir tekið í háttv. Nd. Það eru aðallega þrjár greinar, sem breytingar hafa verið gjörðar við, og það er 1., 3. og 4. gr. Breytingarnar við 1. gr. eru þær, að þegar frumvarpið fór hjeðan, var það með því ákvæði, að hjeraðslæknar mættu flytja vín öll og annað áfengi, er þeir þættust þurfa til lækninga, inn í landið. Þessu hefir verið algjörlega slept, og er nú ætlast til að pantanir allar gangi gegn um lyfjabúðina. Enn fremur hefir verið þrengt ákvæðið um smáskamtalækna, svo að nú er þeim að eins heimilt að fá í lyfjabúðinni smáskamtalyf með vínanda í, ef meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests fylgja pöntun þeirra. Þriðja breytingin við 1. gr. er sú, að við greinina er bætt nýrri málsgrein, þess efnis, að stjórnarráðið skuli löggilda til lækninga, með viðauka við lyfjaskrá, þessa áfengisvökva: rauðvín, malaga, sherry, portvín, kognak. Þá er stuttlega getið breytinganna við 1. gr.

Við 3. gr. er viðauki. Það er málsgrein, sem skotið er inn í greinina, og er þess efnis, að stjórnarráðið getur veitt fólksflutningaskipum, sem eru í siglingum milli landa og hafa plass fyrir ákveðna tölu farega, undanþágu frá því ákvæði, að ekkert íslenskt skip megi flytja áfengi til landsins. Þessari breytingu er aðallega bætt við 3. gr., og dregur nokkuð úr 1. málsgrein hennar.

Svo er breyting við 4. gr. Hún var í tveimur málsgreinum; sú fyrri hefir verið feld alveg, en sú seinni er orðin breytt. Hún var þannig, að manni, sem hittist ölvaður, mátti stefna fyrir dómara, og ef hann gjörði ekki grein fyrir, hvernig hann fekk vín, átti hann að teljast brotlegur gegn 1. gr. Þannig fór frumvarpið hjeðan, en nú hefir þessu verið breytt þannig, að hann skal sæta sektum frá 20—500 kr., eða með öðrum orðum, ákvæðið hefir verið linað að miklum mun.

Breytingarnar eru þá ekki aðrar en þessar, og ætla jeg ekki að skýra frá að hvaða leyti frumvarpið hefir batnað eða versnað. Það er allmikið vandaverk að gjöra það fyrir nefndarinnar hönd, því að skoðanir hennar á málinu eru talsvert ólíkar. Nefndin varð sammála um að leggja til að frumvarpið yrði samþykt óbreytt, eins og það er nú komið frá háttv. Nd. Jeg vona að það verði líka gjört. Reyndar sje jeg hjer, að háttv. þm. Ísaf. (S. St.) hefir komið fram með brtt. á þgskj. 917 við 6. málsgrein 3. greinar. Hún fer fram á að það ákvæði falli burt, að skipstjóri beri ábyrgð á brotum skipverja. Það er undarlegt, að þessi breytingartillaga skuli nú koma fram; meðan málið var hjer til meðferðar í Ed. var þó gott tækifæri til að koma henni að. En jeg þykist skilja, að tilgangurinn sje sá, að þvæla málinu aftur niður í neðri deild og láta það þar sæta þeim óvissu örlögum, sem við má búast síðustu daga þingsins. Þetta eru því nokkurs konar banaráð gegn þessu frumvarpi, og skil jeg vel að þau koma frá þessum þingmanni, sem ekki er mikið áhugamál um viðhald bannlaganna. Hann sýndi það með fyrstu ræðu sinni við 1. umræðu þessa máls, því þá talaði hann talsvert geyst á móti bannlögunum. En það þykir mjer því einkennilegra, sem bæði hann og sessunautur hans, háttv. 6. kgk. þm. (J. Þ.), greiddu þó atkv. með þeim 1909. Þeir verða því að teljast smiðir þeirra og bera ábyrgð á þeim, og situr því illa á þeim að reyna að spilla þeim nú. Jeg segi spilla þeim, því það er einmitt kjarni 3. greinar, að skipstjóri beri ábyrgð á brotum skipverja. Jeg sje að tilgangurinn er sá, að breyta frumv. enn, svo að það verði að fara aftur úr deildinni. Refarnir eru skornir til þess. Jeg álít að ekki þýði að tala um þetta fleiri orð. Jeg er búinn að tala áður svo mikið um það, og mun því láta atkvæði skera.

úr örlögum. Að eins vil jeg biðja forseta að hann láti fram fara nafnakall um breytingartillöguna og frumvarpið í heild sinni.

Sigurður Stefánsson: Jeg hefi síðan við 1. umr. þessa máls setið þegjandi og ekki lagt neitt til þess. Það getur vel verið, að þögnin hafi þótt vottur um ofstæki, því að flest á nú orðið að vera vottur þess.

Jeg verð að taka það strax fram, að jeg ber enga ábyrgð á frumvarpinu; það getur verið, að jeg beri ábyrgð á bannlögunum, af því að jeg greiddi þeim atkvæði mitt, en alls ekki á þessu frumvarpi. Þess vegna er jeg á móti öllum frumvörpum, sem miða að því að spilla þeim. Jæja, jeg skal þá víkja að breytingartillögunni. Háttv. 4. kgk. þm. (B. Þ.) telur hana banaráð við frumvarpið, því að málsgreinin, sem hún fer fram á að falli burt, sje aðalkjarninn í frumvarpinu: (*Björn Þorláksson*: Jeg sagði það ekki; jeg sagði kjarninn í 3. grein). Jæja, 3. grein. Jeg verð að taka það fram, að jeg stend ekki vel að vígi, því að jeg er ekki löglærður; það mun miklu fremur vera lögfræðinganna að skera úr því, hve nær brotnar sjeu grundvallarreglur laganna. En jeg hefi þótst hafa lært það bæði í guðs og manna lögum, að hver maður ætti að bera sjálfur ábyrgð á gjörðum sínum, en ekki á gjörðum annara fullveðja manna, er hann fær engu ráðið um hvernig breyta. En þetta ákvæði frumvarpsins að láta skipstjóra bera ábyrgð á brotum skipverja sinna, sem hann í mörgum tilfellum alls ekki fær við ráðið; það finst mjer sannast að segja gagnstætt guðs og manna lögum. Mjer þætti vænt um ef háttv. flutningsmaður (B. Þ.) gæti bent á eitt einasta hliðstætt dæmi í íslenskum lögum, sem getur dregið úr allan efa um að þetta sje rjettmætt ákvæði. Fyrir mjer er það hróplegt ranglæti að sækja mann sektum fyrir verk, sem hann fær engu um ráðið og gjört er enda í banni hans. Það er einmitt kjarninn í 3. gr. „að hengja bakara fyrir smið", að láta sektir og hegningu fyrir brot, sem annar drýgir, skella á alsaklausum manni. Sem sagt, jeg skýt því til lögfræðinganna hjer í deildinni, hve skemtilegt þeim myndi þykja, að dæma skipstjóra fyrir bannlagabrot, sem einhver skipverja hans hefði framið í óleyfi hans og að honum fornspurðum.

Það má reyndar bera það í vænginn, að skipstjóra sje innan handar að sjá um, að hásetar hans brjóti ekki þessa grein, en það er fjarri öllum sanni. Jeg hefi talað við greindan og góðan skipstjóra, sem er enginn ofstækismaður, og hann hefir sagt, að það væri ómögulegt fyrir skipstjóra að ábyrgjast það, að hásetar hans hefðu ekki áfengi í vörslum sínum. Skipstjórinn gæti að vísu sagt skipverjum hvað við lægi, ef þeir hlýddu honum ekki, en væri ómögulegt að ábyrgjast að þeir hlýddu. Jeg tek mjer það ljett, þótt þessi brtt. mín, um að nema þetta ákvæði úr 3. gr., sje af ofstækisfullum bannmönnum talið banaráð við frumvarpið; jeg skýt því til rjettlætistilfinningar háttv. deildarmanna, sem ekki eru blindir á báðum augum af bannofstæki, hvort þeim blöskrar ekki svona ranglæti.

Í 14. gr. bannlaganna stendur, að brot gegn 1. grein þeirra varði 200—1000 kr. og í annað skifti 500—2000 krónum.

Samkvæmt þessu frumvarpi eiga svona sektir að liggja við því fyrir skipstjóra, ef háseti hans laumar flösku um borð eða flytur hana í land, þótt skipstjóri eigi þar engan hlut að, og það sje gjört í banni hans og honum óafvitandi. Hann á að borga 200—2000 krónur fyrir þessa einu flösku, sem hásetinn laumar um borð erlendis eða í land er hingað kemur. (*Björn Þorláksson*: Hann verður búinn að drekka úr flöskunni áður en hann kemst til landsins). Þótt það vitnaðist, að hann væri búinn að drekka úr flöskunni, er óvíst hvort skipstjóri slyppi við sektir. (*Björn*

Þorláksson: Ekki verður hann sektaður fyrir tómar flöskur). Það er eitt heppilegt legt í lögunum; maður má flytja sjálfan sig blindfullan bæja og landsfjórðunga milli, en ef maður hefir á sjer einn lítinn bólupela með áfengi í, þá varðar það sektum. Það er eins og ef vinnumaður færi í kaupstað og næði sjer þar í „sprútt" og flytti heim og drykki þar, lægi svo með timburmenn í 2—3 daga og gæti ekkert gjört, og síðan ætti bóndinn að borga háa sekt fyrir þetta bannlagabrot vinnumannsins ofan á vinnutapið. Flest má nú kalla rjettlæti, ef menn telja slík ólög rjettlát.

Eða ef t. d. vinnuveitandi hjer í Rvík, sem hefir mörg hundruð manns í vinnu inni á Kirkjusandi, á að ábyrgjast að enginn verkamannanna nái sjer í áfengi t. d. úr skipi á höfninni, og flytji það heim til sín, á að sæta sektum fyrir þetta tiltæki verkamannsins. Það liggur svo í hlutarins eðli, að í stórum skipum, sem hafa stórar lestir fullar af vörum, er hásetum hægt að leyna áfengi, án þess skipstjóri hafi hugmynd um. Eða hvernig í ósköpunum ætti hann að ábyrgjast að skipverjar gætu aldrei laumað neinu áfengi um borð? Hann mætti aldrei úr skipinu fara meðan það tæki farm, yrði að rannsaka hvern kassa og pjönku, sem um borð kæmi og fylgja skipverjum nótt og dag og gæti þó ekki ábyrgst þá.

Hjer í Reykjavík eru 8 eða 10 lögregluþjónar, og þó geta menn gengið með fullar töskur og fulla vasa af áfengi um göturnar. (*Björn Þorláksson*: Hefir þingmaðurinn fengið sjer þar í staupinu?) Það varðar háttv. 4. kgk. þm. ekkert um. Þessi lög ýta að eins undir óhlutvanda skipverja með að brjóta lögin, því að sökin skellur á skipstjórann. Það örvar ólöghlýðni og dregur úr ábyrgðartilfinningunni að þurfa ekki að bera ábyrgð á sínum eigin gjörðum; það skilur hver heilvita maður. Jeg er því á móti þessu ákvæði, og vil fella það. Jeg vil ekki brugga lögunum banaráð, heldur þessu ákvæði, því jeg álít það spillandi. Jeg veit að hv. 4. kgk. (B.Þ.) lítur á þetta öðrum augum, en jeg ætla ekki að reyna að sannfæra hann. Jeg skil ekki annað en að það sjeu svo margir rjettsýnir menn í neðri deild, að þeir samþykki frumvarpið, þótt þessi brtt. verði samþykt hjer, og jeg skil ekki í mörgum góðum bannvinum hjer í þessari háttv. deild, að þeir skuli ekki sjá að hún er rjett.

Það er einmitt brtt. mín, sem miðar að viðhaldi bannlaganna, og miðar að því, að auka virðinguna fyrir þeim, en það geta aldrei þau ákvæði gjört, sem stríða bæði móti guðs og manna lögum.

Frsm. (Björn Þorláksson): Jeg skal ekki svara háttv. þm. Ísaf. (S. St.) með mörgum orðum, því það er óþarfi. Jeg vil geta þess, að hann byrjaði ræðu sína með útúrsnúningi, og sagðist ekki eiga að bera ábyrgð á frumvarpinu. Jeg sagði aldrei, að hann ætti að bera ábyrgð á þessu frv.

Hann hefir lítt munað eftir þeirri ábyrgð, sem hann ber á bannlögunum. Það kom fljótt í ljós eftir að bannlögin gengu í gildi, að hann var mótstöðumaður þeirra, enda þótt hann þykist vera vinur þeirra.

Háttv. þm. Ísaf. (S. St.) sagði að jeg hefði talið málsgrein þá, er hann leggur til að breytt verði, kjarnann í frumvarpinu, en það er að eins útúrsnúningur, því að jeg sagði að hún væri kjarninn í 3. grein. Hann talaði eins og jeg bæri ábyrgð á greininni, að hún væri komin inn í frumvarpið. Hann sagðist ekki vera lögfræðingur enn talaði þó eins og lögfræðingur. Jeg ætla ekki að fara að skattyrðast við hv. þm. Ísaf. (S. St.), en jeg get þó sagt honum það, að þetta ákvæði kom inn fyrir tilstilli lögfróðs manns. Og jeg get enn fremur sagt honum það, að fjórir lögfræðingar í háttv. Nd., þeir báðir þingmenn Rvík (S. B. og J. M.), þm. V.-Skaft. (S. E.) og 2. þm. Árn. (E. A.), eða sjálfur úr ráðherra, greiddu því allir atkvæði sitt.

Það væri því barnalegt af mjer að fara að reyna að hrekja þetta fimbulfamb, sem alt var út í bláinn og sprottið af því, að hann hafði ekki vit á því, sem hann var að tala um.

Jeg sagði, að jeg teldi þessa brtt. banaráð við frumvarpið, og jeg verð að halda því fast fram, að svo sje. Háttv. þm. Ísaf. (S. St.) veit hve þingtíminn er stuttur, það sem eftir er, enda þótt afbrigða yrði leitað, og hann veit líka hve tæpt það stendur í Nd. Það er traustið hans, þess góða þingmanns.

Jeg hygg líka að sumum forsetum væri ekki ákaflega ant um að láta það ganga fram með afbrigðum. (*Sigurður Stefánsson*: Hann lítur til forseta. *Forseti*: Hann hefir litið til mín fyrr, karlsauðurinn). Já, og þori það enn. (*Forseti*: Og jeg þoli tilitið). Hvernig stendur annars á því, að háttv. þingmaður. (S. St.) kemur fyrst með þessa brtt. nú, en þegar málið var til umræðu hjer í Ed., steinþagði hann yfir því, að það væri brot á guðs og manna lögum.

Þögn hans um daginn virðist því vera full sönnun þess, að tillaga hans sje banaráð við frumvarpið.

Það er annars sannarlega margt kynlegt, sem kemur frá hv. þm. Ísaf. (S. St.), bæði nú og endrarnær. Jeg skal geta þess, er næst liggur. Við vitum allir hvernig hann hefir greitt atkvæði í þessu máli. Við 2. umræðu málsins var hann á móti því, að læknarnir fengju rauðvín, sherry, malaga, kognac og pilsner til lækninga, en við 3. umræðu er hann með því að leyfa læknunum alls konar vintegundir, hverju nafni sem þær nefnast, til lækninga. Maður skyldi nú halda, að þegar leyfið var orðið miklu víðtækara, þá hefði jafn skynsamur og sómakær þingmaður eins og hv. þm. Ísaf. (S. St.) verið á móti því, en sussu nei, hann var með því. Jeg veit, að ef jeg hefði hegðað mjer svona, hefði verið orð á því haft, enda eðlilegt, því með slíkri atkvæðagreiðslu sem þessari, gjöra menn sig að undri.

En úr því að jeg fór að minnast á framkomu háttv. þm. Ísaf. (S. St.), þá get jeg ekki látið hjá líða að minnast á ummæli hans við 1. umræðu þessa máls. Jeg man þau vel, þótt aðrir hafi ef til vill gleymt þeim.

Hann rökstuddi þá það, að hann væri á móti því að skerpa eða breyta ákvæðum bannlaganna, með því, að tillaga um það hefði verið feld með miklum atkvæðamun á þingmálafundi á Ísafirði, og hann vildi fylgja þar um kjósendum sínum. En hversu mikill var þessi mismunur, þessi mikli atkvæðafjöldi, er hv. þm. talaði um? 4 — fjögur — atkvæði. (Hlátur). Já, það má ekki hlægja; það verður að geta þess, að þessi tala 4, er orðin helg tala fyrir þm. Ísaf., svo þó okkur finnist það lítill mismunur, þá fær hann ekki skilið það, telur það má ske meira en þó 100 væri. Og það mun stafa af því, að hann hefir tvisvar siglt á feræring inn á þingið; því er það ofur eðlilegt, að hann telji töluna bæði mikla og merka tölu.

Sigurður Stefánsson: Hafi menn nokkurn tíma heyrt fimbulfamb, þá var það þessi ræða hv. 4. kgk. þm. (B. Þ.). Það var síður en svo, að hann reyndi að svara nokkuru höfuðatriði í ræðu minni, (*Björn Þorláksson*: Lögfræðingarnir gjöra það.) enda mundi hann hafa lent í hinum mesta bobba, hefði hann reynt það. Hann reyndi að eins að styðja sig við það, að 4 lögfræðingar í neðri deild hefðu ljeð þessu atkvæði. En jeg hefi hlýtt á umræðurnar í háttv. neðri deild, og jeg heyrði engan þessara lögfræðinga um það tala, nje neinn leggja þessu atriði liðsyrði. Eg hefi spurt einn mesta lögfræðing vorn að þessu, og hvert var svarið? — Hann ypti öxlum og gaf ekkert svar. Og þessi lögfræðingur var sjálfur hæstv. ráðherra. Jeg er sannfærður um, að hann hefði gefið mjer

skýr og ljós svör, hefði alt verið með feldu um þetta atriði, og mjer dettur ekki í hug að lá honum, þó hann gjörði það ekki, úr því að hann nú ekki er frv. algjörlega mótfallinn.

Þá minntist hv. 4. kgk. þm. (B. Þ.) á, að jeg hefði talað um frumvarpið við 1. umræðu — já, hann verður að fyrirgefa það, að jeg tala er mjer líst, en fer ekki í því efni eftir reglum frá honum, því er alt hans tal þar um út í bláinn.

Hann talaði enn fremur um það, hvernig sómakær þingmaður ætti að breyta; það ætti þessi hv. þingmaður síst að vera að tala um, eftir frammistöðu sjálfs hans hjer í deildinni.

Þá sagði hann að jeg hefði komist inn á þing með fjórum atkvæðum. En hver er atkvæðafjöldi hans? Hann hefir siglt á *einu* atkvæði inn í þingsalinn *(Björn Þorláksson*: Konungsatkvæði.), og jeg veit að honum varð þetta atkvæði full dýrt, og varð að borga það fyrirfram.

En hjer í háttv. deild sitja lögfræðingar, og jeg vil biðja þá að svara máli mínu, og skýra frá því, hvort slíkt ákvæði og það, sem hjer ræðir um, sje samkvæmt grundvallarreglum laganna. Þeirra dómi vil jeg hlíta, en hliðri þeir sjer hjá að svara því, verð jeg að líta svo á, sem það sje sönnun þess, að jeg hafi rjett fyrir mjer.

Að þetta frumvarp sje upp á mína ábyrgð, er rangt, en af því að jeg greiddi atkvæði með bannlögunum, og finn til þeirrar ábyrgðar, þá er jeg á móti þessu frumvarpi, því jeg vil ekki spilla þeim með tildri og hjegómaskap, sem yrði ekki annað en nagli í líkkistu þeirra. *(Björn Þorláksson*: Þá væri þingmaðurinn ánægður). Það hefir þingmaðurinn engan rjett til að segja, því hann getur ekki rannsakað hjörtu og nýru mannanna, en hann getur atað menn út með svívirðingu, bæði þingmenn og hæstv. forseta. *(Björn Þorláksson*: Hann hefir verðskuldað átölur. *Forseti*: Það er ósat. *Björn Þorláksson:* Það er rjett).

Steingr. Jónsson: Jeg vil skjóta því til háttv. þingdeildarmanna, hvort ekki væri hægt að hætta við þann ósið, þessa samtalsóreglu, er hefir upp á síðkastið komist á hjer í deildinni. Hún hefir aldrei tíðkast hjer fyrr, og jeg held að hv. deild hafi ekkert gott af því, að hún haldist áfram. Jeg skýt máli mínu til forseta og sjerstaklega til sessunutar míns. (*Björn Þorláksson*: Eru tveir forsetar hjer í deildinni?).

Magnús Pjetursson: Eins og háttv. deildarmenn sjá, hefi jeg skrifað undir nefndarálitið fyrirvaralaust, en þetta er þó ekki svo að skilja, að jeg sje ánægður með frumvarpið. Að eins þannig, að jeg hefi ekki ætlað mjer að bera fram brtt. við það nú við þessa umræðu, en sem nefndarmaður hefi jeg óbundið atkvæði um brtt. hv. þm. Ísaf. (S. St.) og mun ljá henni atkvæði.

Jeg vil taka það fram, að jeg mætti reyndar vera ánægður með frv. nú, því það lítur eins út nú, og ef allar tillögur mínar og hv. þm. Vestm. (K. E.) hefðu verið samþyktar hjer í hv. deild við fyrri meðferð málsins. Það lítur því út fyrir, að hv. bannvinir í Nd. hafi talið þær til bóta, úr því þeir tóku þær upp. Þetta hljóta *allir* að sjá, sem lesa frumvarpið og muna eftir tillögum mínum, en jeg vil að eins undirstrika það, til þess að það sje lýðum ljóst, hve miklar öfgar voru við hafðar hjer í deildinni, þegar þessar tillögur voru á ferðinni. En jeg vil enn fremur taka það fram, að þó jeg nú hafi ritað undir nefndarálitið ágreiningslaust, þá er það að eins af því, að jeg tel frv. bæta í bráð úr brýnustu þörf og nauðsyn okkar læknanna, en *alls ekki* hitt, að þar með sjeu *rjettmætar rjettarkröfur vor læknanna þaggaðar niður.*

Karl Einarsson: Jeg var ekki við, er hv. þm. Isaf. (S. St.) vjek spurningu til vor lögfræðinganna, um það, hvort það væri nokkur dæmi þess í lögum, að menn bæru hegningarábyrgð á gjörðum annara.

Jeg er enginn lagaþýðari, og þar sem hæstv. ráðherra er viðstaddur, þá vil jeg beina spurningunni til hans, en skal þó taka fram, að þetta mun ekki alment, en nefna að eins eitt dæmi, sem mjer er sjerstaklega kunnugt, því jeg þarf oft að dæma dóma samkvæmt þeim lögum.

Það liggja — eins og kunnugt er — háar sektir, 1000—4000 kr., við brotum gegn botnvörpuveiðalögunum, og auk þess er afli og veiðarfæri upptækt. Auk þess má dæma skipstjórann í fangelsi, þó að hv. neðri deild feldi í fyrra frv. fyrir þá sök, að hún vildi ekki leggja við fangelsisvist, og hjeldi að það væri ekki í lögum, sem það var og er. Hún vildi þá ekki hlusta á það, sem henni var sagt, trúði því ekki eða skildi það ekki. Hjer eru há viðurlög, eins og jeg hefi bent á. En nú er því svo varið, að skipstjóri fær sína hegningu, þó hann sje t. d. sofandi og stýrimaður stýri á meðan inn í landhelgi og veiði þar. Og það hefir stundum verið upplýst við prófin, að svo hefir verið, en skipstjórarnir samt dæmdir. Jeg hefi sjálfur dæmt marga slíka dóma, og þó þeim hafi ekki verið áfrýjað, þá veit jeg, að þeir hefðu staðist við áfrýjun.

Jeg skal ekki um það segja, hvort skipstjórinn yrði dæmdur í fangelsi, ef það sannaðist, að hann væri ekki sekur, það hefir ekki komið fyrir, en víst er um það, að það er formlega rjett, eftir lögunum.

Að þetta er svo, að skipstjóri hjer ber ábyrgð jafnvel á annara verkum, kemur vafalaust af því, að það er litið svo á, að það sje skipið, sem brotið hefir framið, ef svo mætti að orði kveða, enda má gjöra fjárnám í skipinu fyrir sektunum, og er það það regla, sem annars ekki gildir um hegningardóma, þar sem sektirnar verða að afplánast, ef þær eru ekki borgaðar, en vanalega ekki hægt að gjöra fjárnám fyrir þeim.

Það vill nú svo til, að nákvæmlega sama á sjer stað í bannlagafrv. því, sem hjer liggur fyrir. Það er skýrt tekið fram í 14. gr. bannlaganna, að fjárnám má gjöra á skipinu fyrir sektum, og því tel jeg ekkert varhugavert að samþ. það, að skipstjóri beri ábyrgð á þessum brotum.

Ráðherra: Mjer skilst að einhver hafi beint til mín, og nú síðast hv. þm. Vestm. (K. E.), fyrirspurn um, hvort menn geti borið ábyrgð á gjörðum annara.

Almenna reglan er sú, að þeim er refsað, sem fremur eitthvert brot af ásetningi eða gáleysi. Þetta þekkja allir, og það vita allir að svo er. En frá þessu eru nokkrar undantekningar, þar sem þeim, sem fremur brot af ásetningi eða gáleysi, er ekki hegnt, heldur öðrum, eða að mönnum er refsað fyrir verk annara; og eins og hv. þm. Vestm. (K. E.) tók fram, þá eru þess dæmi í botnvörpuveiðalögunum, og þar er líka tekið fram, að gjöra megi fjárnám í skipunum fyrir sektinni. Það er annars ekki regla, að hægt sje að gjöra fjárnám í eign fyrir sekt. Ef einhver er dæmdur í sekt eftir hegningarlögunum, og greiðir ekki sektina, þá tekur við fangelsi. Og í öðrum dómum er, jafnframt og sektin er ákveðin, ákveðinn varadómur, fangelsi, ef sektin ekki er greidd; þetta eru því undantekningarákvæði, sem rjettlætast af sjerstökum ástæðum. Sem dæmi þessa má enn fremur nefna lög nr. 20, frá 11. nóv. 1899 um veitingamenn, þar sem þeim er gjört að skyldu að bera ábyrgð á gjörðum þjóna sinna, nema það sannist að hann sje ekki að valdur. Enn fremur má nefna lög um veiði frá 9. febr. 1900, þar sem mönnum er hegnt, enda þótt eigi sannist, að þeir hafi neitt refsivert gjört. Ef maður hittist með veiðarfæri nálægt veiðistöð annars manns, þá sæti

hann sektum, nema hann sanni, að hann hafi átt þangað lögmætt erindi, sem vitanlega er nær ókleift að sanna. Ýms slík ákvæði eru í lögreglusamþyktum og lögum, þótt jeg ekki muni þau í svip.

Í raun og veru mundi sektin hjer hrína á útgjörðarfjelögunum, en ekki á skipstjórunum, og svo er það venjulegast um botnvörpusektirnar, enda gengið að skipinu, ef sektin er ekki greidd. Hjer er því nákvæmlega hið sama. Þegar lögin um botnvörpuveiðar voru sett, þá þótti óhjákvæmilegt og nauðsynlegt að setja þetta, til þess að reyna að afstýra brotum á lögunum, og á sama hátt lítur líklega meiri hluti þingsins á nú, að slíkt sje nauðsynlegt, til þess að reyna að afstýra brotum á bannlögunum.

Teoretiskt má og fullyrða það, að þetta sje undantekning, og ekki gripið til þess, nema þegar menn þurfa að veita einhverjum hagsmunum sjerstaka vernd.

Kristinn Daníelsson: Jeg get ekki neitað því, að jeg hefi heyrt það á máli manna, að margir hafa haft á móti setning þeirri, er hv. þm. Ísaf. (S. St.) vill fella niður og flytur um það brtt. á þgskj. 907. En aðalástæðan, sem jeg hefi heyrt menn hafa hvern eftir öðrum fyrir þessu, er gamla kýmnissagan um að lemja bakara fyrir smið. (*Sigurður Stefánsson*: Eða forseta fyrir skrifara.) Svoleiðis orðaði hv. þm. Ísaf. (S. St.) það ekki áðan. En þó að slíkar samlíkingar geti stundum verið skýrandi, þá eru þær oft ekki annað en það, sem á útlendu máli er kallað „phrase“, eða innihaldslaust orðtak, sem ekkert sannar, af því að það á ekki við, og svo hygg jeg nú muni vera um þetta.

Hv. þm. Ísaf, (S. St.) vildi fá hliðstætt dæmi. En jeg held að okkur bannmönnum þurfi síst að bregða, þótt sagt sje, að eitthvað sje engu hliðstætt í þessum lögum; við höfum ekki úr svo háum söðli að detta með það, því að það hefir einatt verið sagt, að bannlögin sjálf sjeu ekki hliðstæð við nein lög, svo þau standa víst eins fyrir þetta. En það eru svo mýmörg tilfelli í lífinu, þar sem menn verða að einhverju meira eða minna leyti að bera ábyrgð á öðrum. Embættismenn verða að bera ábyrgð á starfsfólki sínu (dómur fyrir því í Danmörku), foreldrar á börnum sínum, húsbændur á hjúum sínum, og nú hafa tveir góðir lagamenn sýnt hjer í deildinni, að þetta er ekki heldur óhliðstætt við það, sem á sjer stað í lögum vorum og löggjöf.

Annað, er jeg vildi minnast á, var það, að hv. þm. Ísaf. (S. St.) hafði að brigslum um okkur bannmenn, að þetta væri kjarni frumvarpsins eða greinarinnar. En þetta er ofmælt, þó að okkur þyki þetta hafa mikla þýðingu og skifta miklu máli fyrir bannlögin. Því að mikils er vert um framferði skipstjóranna; það eru þeir menn, sem mestu geta valdið til að smygla inn áfengi, og liggur í augum uppi, að þeir hafa aðhald í því að eiga að bera ábyrgð á öllum flutningi, og ekki æskilegt að þeir gætu komið henni yfir á aðra, ef þetta væri felt, hugsað sem svo, að gott væri að hafa barn til blóra.

Þar sem hv. þm. var að tala um, að þetta yrði til að draga úr ábyrgðartilfinningu skipstjóra, þá hygg jeg að það yrði gagnstætt. Jeg hygg að flestir hásetar yrðu varkárari og vildu ekki að skipstjóri þeirra liði fyrir þeirra brot. Og skipstjórinn mun hafa betri gætur á að lögunum sje hlýtt, þegar hann ber sjálfur ábyrgðina. Jeg vil því mæla á móti því, að þessi brtt. verði samþykt, hvað sem hinu líður, hvort málið hrekst á milli deilda eða ekki. Eingöngu af því, að jeg tel hana til spillis fyrir málið sjálft.

Ófgakent þótti mjer það hjá hv. þm. Ísaf. (S. St.), að frumvarp þetta sje að eins til þess að spilla fyrir bannlögunum. Með því er þó reynt til að bæta úr ýmsum göllum, er einmitt hafa komið í ljós. Og

þó að það sje ekki eins heppilegt og skyldi, þá verður því þó ekki neitað, að það bætir úr helstu göllunum, einnig að dómi þeirra, sem mest afskifti hafa af framkvæmd bannlaganna.

Jón Þorkelsson: Það veit guð, sem ríkastur er allra, að nú hefði jeg ekki staðið upp, ef hv. 4 kgk. (B. Þ)., hefði ekki nefnt mig í sambandi við hv. þm. Ísfirðinga (S.St.), og haldið því fram, að við bærum ábyrgð aðflutningsbannslaganna frá 1909. Satt er það, að nokkurn þátt átti jeg í þeim, því jeg reyndi að laga á þeim smíðagallana, og gjörði margar atrennur til að fá út úr þeim allra mestu vitleysurnar, að hv. 4 kgk. (B. Þ.) nauðugum. Annað var þó margt, er jeg fjekk ekki ráðið við, að lagfært væri, og á öllum þeim vitleysum ber jeg enga ábyrgð, en fulla ábyrgð skal jeg bera á því, sem nokkurt vit er í og mannræna. Afskifti mín af þessu máli nú eru eðlileg afleiðing af því, er jeg gjörði þá; og að jeg tók í mál að setja mig ekki með öllu beint á móti lögunum 1909, var af því, að mjer var þá ekki eins ljóst, hve mikið ilt gæti af þeim leitt. Nú hefi jeg sjeð reynsluna, og hún er okkur bæði til minkunar og skapraunar, en hún á enn eftir að versna. Reynslan hefir sýnt, að eldri kynslóðin hefir ekki batnað síðan lögin gengu í gildi, og það sem sorglegra er, er það, að yngri kynslóðin hefir versnað, og segi jeg það ekki af skrökvi, hún hefir versnað síðustu 6 árin, og þar má engu öðru um kenna en lögum þessum. Menn eru alt af sólgnastir í það, sem frekast er bannað, og það veit hv. 4. kgk. líka, og hefir fengið að kenna á því, en um það skal jeg ekki fara fleiri orðum. Það er svo alkunnugt, og endurtekur sig alt af.

Hjer liggur fyrir brtt. frá hv. þm. Ísaf. (S. St.) og greiði jeg atkvæði með henni, því jeg álít hana til bóta. Jeg þarf ekki að fara að ræða um, hvaða vit sje í því, að einn beri ábyrgð fyrir annan; allir hljóta að sjá, að rjettlætið krefst þess, að sá, sem í leyfisleysi selur eða flytur pytluna, beri ábyrgð gjörða sinna. Þetta hlýtur hv. 4. kgk. að sjá, og skil jeg ekki, að hann vildi bera ábyrgð allra þeirra skírlifisbrota, sem aðrir fremja í Dvergasteinsprestakalli, nje á faðerni allra ófeðraðra barna, er fæðast kynnu í söfnuði hans, eða ef einhver af sóknarbörnum hans gjörðist fingralangur, og get jeg ekki láð honum það. Brtt. hv. þm. Ísfirðinga er til bóta, en af því jeg vissi ekki, að hennar var von, þá hafði jeg hugsað mjer að koma með brtt. í þá átt, að allar greinar umrædds frv. væru niður feldar, að undantekinni 1. gr. Þá væri vel, og veit jeg að hv. 4. kgk., sem annars er skynsamur og skemtilegur maður og fróður um marga hluti, mundi játa það, ef um annað mál væri að ræða. Af því, sem sagt hefir verið, gefur að skilja, að jeg ætla ekki að rökræða *þetta mál*, við hv. 4. kgk. (B. Þ.). Annað mál væri það, að tala við hv. þm. Gullbr. og Kjósars. (K. D.) og hv. þm. Skagfirðinga (J. B.), en það hirði jeg þó ekki um. Þó vil jeg geta þess, að fyrir nokkrum dögum átti jeg orðastað við þm. Skagfirðinga, og heyrði röksemdir hans, og kendi hann mjer, að hann áliti Goodtemplurum fyllilega leyfilegt, að láta til sín taka þau landsmál, er þeir hefðu áhuga á, og væri því að eins hægt að fást um það, ef málin væri að einhverju skaðleg fyrir þjóðina. Jeg ansa honum svo til þessa, að jeg álít afskifti Goodtemplara af málum þessum þjóðskaðvæn í mesta máta.

Jeg ætlaði mjer ekki að halda hjer langan kapítula eða catalogum, en jeg vil taka það fram, að jeg vil samþykkja 1. gr. og að sumu leyti 2. gr. frv., þótt hún hafi sína galla, en um það hefir hv. þm. Ísf. (S. St.) þegar talað, en af mörgum ástæðum mun jeg greiða atkvæði móti frv. í heild. Var jeg á sömu skoð-

un og hv. þm. Ísf., er hv. 4. kgk. kom með frv. þetta, að ekkert ætti að káfa við lögin að svo stöddu, og var það ekki af virðingu fyrir þeim, heldur til reynslu, og að ekki bæri að tefja þingtímann með þrefi um þau. — Þarf jeg svo ekki að rökstyðja atkvæði mitt betur.

Jósef Björnsson: Hér verður sem fyrr, að það, sem jeg legg til þessa máls, verður til hv. 6. kgk. (J. Þ.), en áður en jeg fer lengra, vil jeg þakka honum fyrir hógleg ummæli í minn garð. Um tvö atriði í ræðu hv. 6. kgk., vil jeg fara nokkrum orðum.

Fyrst vil jeg snúa mjer að því, sem hv. þm. sagði, að reynsla bannlaganna væri hörmuleg, og byggist hann við að hún versnaði enn. Að því er þetta snertir, skal jeg játa það, að reynslan er ekki eins góð og óskandi væri, en hins vegar álít jeg nokkuð öfgakent, að segja, að reynslan sje hörmuleg. Þó aldrei nema að ofurlítið sje „smyglað", og einstakir menn drekki meir en vera ber, álít jeg þó ekki ástæðu til að viðhafa þau orð, að reynslan sje *afskapleg* eða *hörmuleg*. Þvert á móti má víða sjá þess merki *til sveita* á Íslandi, að *reynslan er ágæt*, og þar held jeg að lögin sjeu alls ekki brotin, enda mun það helst koma fyrir við sjávarsíðuna. Hvað snertir hitt atriðið, að reynslan verði enn þá verri en nú er, þegar fram líða stundir, þá álít jeg að þar sje ekki um annað en spádóm að ræða, og úr því hv. 6. kgk. spáir, þá álít jeg mig hafa fult leyfi til hins sama, og jeg spái því gagnstæða. Hefi jeg fulla ástæðu til að halda, að mín spá rætist fremur en hans, því okkur er kunnugt, að mönnum fellur hálfilla að neita sjer um áfengi í bili, ef þeir hafa verið vanir að neyta þess, en þeir, sem aldrei hafa drukkið, þurfa engrar sjálfsafneitunar við. Ef það er rjett, þá má vona að reynslan batni þegar drykkjumennirnir deyja, og ný kynslóð kemur í þeirra stað.

Hv. 6 kgk. sagði, að unga kynslóðin væri verri nú en fyrir 5—6 árum, að því er vínnautn snerti. Jeg get ekki mótmælt því að fullu, að einhverjir sjeu verri nú en fyrir 5—6 árum, en jeg hygg, að hv. 6 kgk. eigi erfitt með að sanna, að svo sje almennt, enda efast jeg um, að hann geti þar fært nokkur rök fyrir sínu máli. Fanst mjer þetta svo þung ákæra gegn unga fólkinu, að jeg bað um orðið, vegna þess, að jeg gat ekki látið þessum orðum mótmælt, sem óhæfilegum áburði.

Þá sneri hv. 6. kgk. sjer að því, sem jeg hefði talað um rjett Goodtemplara og annara bindindismanna til afskifta af landsmálum. Hjelt jeg því fram, að Goodtemplarar hefðu fullan rjett til að láta landsmál til sín taka, og því neitaði ekki hv. 6. kgk., svo fremi að afskifti þau væru eigi landinu til skaða. Þetta er alveg rjett, en að kalla bannstefnuna skaðlega, er að mínu áliti fjarstaða hin mesta. Er jeg þar á gagnstæðri skoðun við hv. 6. kgk., því að jeg álít hana gagnlega. En ekki mun tjá að ræða það mál við hv. þm.; til þess stöndum við á of andstæðum meið, enda get jeg ekki fallist á röksemdir hv. þm. og svipað mun vera um allmarga aðra.

Karl Finnbogason: Mjer virðist, að hv. þm. sjeu hjer að deila um keisaranskegg. Ágreiningsatriðið er 6. málsgr. í 3. gr., en jeg vil leyfa mjer að benda á, að sama ákvæði er í 4. málsgrein sömu greinar. Ef fella ætti eitthvað í burtu, þá þyrfti því að hafa það meira, og með leyfi hv. forseta, skal jeg lesa upp kaflann:

„Nú hefir skipið áfengi frá útlöndum, er ekki á að fara til umsjónarmanns áfengiskaupa, og skal lögreglustjóri þá á hinni

fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, *og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sje skotið undan innsiglan og að innsigli sjeu ekki brotin eða af áfenginu tekið*, o. s. frv.“

Hjer er öll ábyrgð lögð á herðar skipstjóra. Greinin, sem fella á burt, takmarkar aðeins ábyrgðina; leggur enga ábyrgð á skipstjóra, nema á brotum *skip*verja einna. Þótt einhverjir aðrir brjóti lögin án vitundar skipstjóra, ber hann enga ábyrgð á því. Lögin verða því enn verri, ef tillaga hv. þm. Ísfirðinga verður samþykt. En þess ætlast hann vafalaust ekki til.

Jeg mun því greiða atkvæði móti breytingartillögunni.

Og þar sem sams konar ábyrgð er lögð á skipstjóra með ýmsum öðrum lögum en þessum, sje jeg ekki ástæðu til að gjöra rellu út af því. Og þótt mjer þyki hv. Nd. hafa spilt 1. gr. frumvarpsins, með því að lögbjóða að eins löggildingu vissra vína á lyfjaskrá, en láta læknum ekki vera með öllu frjálst að nota það, sem þeir telja heppilegt, mun jeg greiða frv. atkvæði, svo lögin fái að reyna sig með þessum breytingum, sem svo mikið kapp hefir verið lagt á að koma fram.

Jón Þorkelsson: Hv. þm. Skagfirðinga (J.B.) vjefengdi orð mín um, hver áhrif tíðarandinn hefði á ungdóm þessa lands. Vil jeg því benda á, að Goodtemplarar sjálfir hafa játað, að yngri kynslóðin, og það sjerstaklega mentakynslóðin, væri mikið spiltari nú en verið hefði, hvað áfengisnautn snerti. Þetta vildi jeg að eins taka fram.

Útaf athugasemd hv. þm. Seyðf. (K.F.) við 4. málsgr. 3. gr., þá vil jeg benda á, að það er þó eðlilegra ákvæði heldur en það, sem brtt. hv. þm. Ísfirðinga fer fram á að fella. Þar ræðir að eins um vín, sem skipverjar selja eða gefa án vitundar skipstjóra. 4 málsgr. ræðir að eins um vín, sem skipinu fylgir, og skipstjóra er fullkunnugt um. Og ef hann skýrir rjett frá því, er það innsiglað af fógeta í Vestmannaeyjum, eða öðrum fógetum konungs, og það innsigli má ekki brjóta.

Frsm. (Björn Þorláksson): Jeg leyfi mjer að þakka hv. 6. kgk. (J. Þ.) fyrir þau vinsamlegu orð, sem hann sendi mjer. Hann kannaðist við það, að hann bæri ábyrgð á bannl. 1909, en að hann hefði ekki getað lagfært mestu vitleysurnar í þeim. Jeg var svo heppinn að vinna með honum hjer á þingi í því máli, svo að jeg vissi hvern hug hann bar til laganna og að hann greiddi nauðugur atkv. með lögunum. Jeg held því, að rjettara hefði verið fyrir hann að vera alveg á móti þeim, fyrst hann var það í hjarta sínu. En hann var svo háður kjósendum sínum, að hann sá sinn kost vænstan að greiða atkv. með lögunum. Nú þarf hann ekki að eltast við vilja margra kjósenda, því kjósandinn er ekki nema einn. Og við vitum að þótt við báðir sjeum nefndir konungkjörnir þingmenn, þá er það í raun og veru ráðherrann, sem útnefnir okkur. Það er því undarlegt, að hann skuli ekki fara að vilja ráðherrans í þessu efni, því hann hefir sýnt með framkomu sinni í hv. Nd., að hann er bannlögunum mjög fylgjandi.

Háttv. 6. kgk. (J. Þ.) hjelt því fram, að reynslan á bannlögunum hefði verið hentug hingað til. Jeg þarf ekki að eyða mörgum orðum, til þess að mótmæla þessu, því að hv. þm. Skagf. hefir þegar tekið af mjer ómakið, og sýnt að þetta hefir ekki við nein rök að styðjast. Þingmaðurinn vildi styðja orð sín með ummælum í blaðinu Templar, þess efnis, að mentamenn landsins væri miklu meiri drykkkjumenn en þeir hefðu áður verið. Jeg vil ekkert segja um það, hvort þetta er rjett hermt eða ekki eftir Templar, þó jeg leyfi mjer að efast mikillega um það. Minsta kosti

þykist jeg þess fullvís, að ungir mentamenn hjer í Reykjavík eru nú miklu meiri reglumenn en fyrir nokkrum árum. Vitanlega er þar misjafn sauður í mörgu fje, eins og gengur, og dæmi eru til þess að einstaka ungir mentamenn, sem eru starfsmenn þingsins, hafa komið ölvaðir hjer í þingið. En það virðist ekki ástæða til þess, að kosta of þungum steini á þá fyrir það, sjerstaklega er þess er gætt, að þingmenn hafa stundum gjört hið sama, enda eiga forsetar jafnan að átelja slíkt. En algjörlega er skakt að leiða af þessu þá ályktun, að ungir mentamenn sjeu yfirleitt drykkjumenn.

Jeg fæ ekki betur sjeð, en að reynslan af bannlögunum hafi hingað til verið næsta gleðileg. Lögin eru þegar farin að verka talsvert, bæði í kauptúnum og sveitum, sjerstaklega í sveitum. Vitanlega hafa þau verið brotin, og er mörgum mönnum gjarnt til að mála þau tilfelli með afarsterkum litum. En það er ekkert tiltökumál, þó bannlögin sjeu brotin, því að svo er um öll lög.

Jeg ætla nú ekki að fjölyrða meira um frv., en vona að hv. deild samþykki það, svo það verði að lögum. Jeg verð reyndar að taka undir með hv. þm. Strand. (M. P.) um það, að jeg er ekki alls kostar ánægður með frv. — það er víst enginn hjer í deildinni, — en jeg tel þó víst, að frv. sje þó til talsverðra bóta, frá sjónarmiði Templara og bannvina.

Sigurður Stefánsson: Jeg vil leyfa mjer að taka það fram, að hæstv. ráðh. játaði að til væru hliðstæð dæmi því ákvæði, sem jeg gjörði að umtalsefni, en hann gat þess jafnframt, að þetta væri undantekning frá grundvallarreglu laganna, sem gripa yrði til, til þess að vernda annan aðalatvinnuveg landsmanna, botnvörpuveiðarnar. En þessi sektarákvæði ná ekki nokkurri átt. Hvaða rjettmæti er í því, að sekta skipstjóra um 2000 kr. fyrir það, að einn af hásetum hans laumar 3 pelum af whisky í land frá Englandi? En eins og jeg tók fram, gleður það mig, að hæstv. ráðherra skyldi játa að þetta væri undantekning frá grundvallarreglu laganna.

ATKVGR.:

Brtt. 907 feld með 8 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Björnson,
Jón Þorkelsson,	Guðm. Ólafsson,
Magnús Pjetursson,	Hákon Kristóferss.,
Sigurður Stefánsson.	Jósef Björnsson,
	Karl Einarsson,
	Kristinn Daníelsson,

Karl Finnbogason greiddi ekki atkv. og taldist með meiri hluta.

Frv. samþ. með 9 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Guðm. Björnson,	Eiríkur Briem,
Guðm. Ólafsson,	Jón Þorkelsson,
Hákon Kristófersson,	Sig. Stefánsson.
Jósef Björnsson,	
Karl Einarsson,	
Karl Finnbogason,	
Kristinn Daníelsson.	

Magnús Pjetursson graiddi ekki atkv. og taldist með meiri hluta.

Frv. afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 920).

---

23. Sveitarstjórnarlög.

Á 16. fundi í Ed., mánudaginn 26. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á sveitastjórnarlögum frá 10. nóv. 1905. (A. 91).

Á 17. fundi í Ed., miðvikudaginn 28. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsmaður (Guðmundur Ólafsson): Jeg býst ekki við að þurfa að fara mörgum orðum um þetta frv. Eins og hv. deild mun kunnugt, er svo fyrir mælt í lögum, að kosningar til Alþingis, bæjarstjórna og prests, skuli vera leynilegar. Býst jeg við að sama mætti gilda um kosningar til sýslunefnda og hreppsnefnda. Mjer þykir það einkennilegt að Alþingi, sem ákvað það 1903, að kosningar til bæjarstjórna skyldu fara leynilega fram, skyldi árið 1905 ákveða, að kosningar til sýslunefnda og hreppsnefnda skyldu ekki vera leynilegar, þar sem þessar nefndir hafa sama starfa fyrir sýslur og hreppa sem bæjarstjórnir fyrir kaupstaði.

Það er skoðun mín, og jeg býst ekki við að því verði mótmælt, að vilji kjósenda kemur betur fram við leynilegar kosningar og að síður er hætta á, að þeir verði fyrir áhrifum frá öðrum; hlýtur það að vera heppilegra, að allar kosningar, sem nokkru varða, fari fram á þenna hátt. Sú kosningaraðferð, sem gjört er ráð fyrir í þessu frumvarpi, er mjög óbrotin. Jeg efast ekki um, að deildin muni taka frv. með velvild. En þótt það sje stutt og óbrotið, hygg jeg að rjettara sje, að skipuð sje í það þriggja manna nefnd, og vil jeg gjöra það að tillögu minni, að það verði gjört að lokinni þessari umræðu. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið að svo stöddu.

Sigurður Stefánsson: Jeg vil leyfa mjer að gjöra það að tillögu minni, að máli þessu verði, að umræðunni lokinni, vísað til nefndar þeirrar, er skipuð var til að íhuga breytingu á fátækralögunum.

Björn Þorláksson: Mjer finst eiga betur við, að skipa sjersteka nefnd í málið, því að þetta mál á ekki neitt skylt við fátækramálið.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Felt að vísa málinu til fátækralaganefndar með 8 : 4 atkv.

Samþ. að vísa málinu til þriggja manna nefndar, og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Guðmundur Ólafsson,
Kristinn Daníelsson,
Sigurður Stefánsson.

Á 28. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 91, n. 252).

Framsögum. (Guðmundur Ólafsson): Jeg hefi ekki miklu að bæta við það, sem jeg tók fram við 1. umr. og í nefndarálitinu. Eins og nefndarálitið sýnir, höfum við, sem nefndina skipum, ekki orðið á eitt sáttir. Tveir hv. meðnefndarmenn mínir hafa skrifað undir með þeim fyrirvara, að leitað sje álits hreppsnefnda, og málinu því frestað um sinn. Jeg gæti verið á sama máli, ef um aukin útgjöld eða mikla fyrirhöfn, umfram það sem nú er, væri að ræða, en þar sem ekkert slíkt er til fyrirstöðu, sje jeg ekki ástæðu til frestunar. Hjer er að eins farið fram á, að þessar kosningar sjeu framkvæmdar á sama hátt og aðrar kosningar, er svipað stendur á með, þar sem sú aðferð er viðurkend betri. Fágætt er það að vísu, þó gott sje, að Alþingi hafi álit þjóðarinnar að styðjast við í hverju einstöku tilfelli. Get jeg látið þetta nægja að sinni, því þótt nefndarálitið sje ekki langt, sýnir það þó ljóslega, hvað fyrir mjer vakir.

Um brtt. hefir nefndin öll verið sammála. Þó vildi jeg óska þess, að 1. liður fyrri brtt. sje tekinn aftur; hann hefir misprentast, og í hans stað komi svo brtt. frá nefnd-

inni við 3. umr. Um seinni liðinn er það eitt að segja, að ætlast er til, að tölurðin sje áframhaldandi framan við nöfn þeirra, sem kjörgengir eru, en ekki við þá, sem að eins hafa kosningarrjett. 2. brtt. er að eins breyting til betra máls. 3. brtt. við 5. gr. bætir því við, að seðill skuli ógildur, ef fleiri tölur eru á en þeir, sem kjósa skal. Þessar breytingar álít jeg hafi verið nauðsynlegar.

Kristinn Daníelsson: Eins og háttv. framsm. tók fram, gátum við meðnefndarmenn hans ekki verið honum sammála um, að svo mikið lægi á þessu máli, eins og honum virðist. Það er síður en svo, að mjer sje að nokkru leyti í nöp við hugmyndina, og mundi vissulega styðja hana, ef jeg áliti að nokkur rjettarauking væri fólgin í þessu, en það sje jeg ekki, og held því, að ekki sje rjett að rasa að þessu, áður en neinar óskir koma fram um það frá landsmönnum. Hv. framsm. vill koma á samræmi við aðrar leynilegar kosningar, en við þær kosningar er kosið um nöfn frambjóðenda eða umsækjenda, en þetta er einföld kosning, þar sem kosið er af handa hófi; hjer getur því ekkert samræmi náðst.

Kostnaðurinn vex okkur nú ekki í augum; hann er ekki meiri en svo, að ekki væri í hann horfandi, ef um framför væri að ræða; en fyrirhöfnin álítum við aftur að verði meiri heldur en svarar þeim bótum, sem á verða. Algengast er, að fremur lítill áhugi fylgi þessum kosningum og að hreppsnefndarmenn eru oft kosnir af sárfáum mönnum, svo að naumast tæki því, að hafa svo mikinn fyrirbúnað, sem leynilegri kosning fylgir. Kæmu fram óskir frá þjóðinni í þá átt, að innleiða þessar kosningar til hreppsnefnda, þá skyldi jeg fúslega breyta til, en þá teldi jeg rjettast að taka upp listakosningar. Með því móti yrði áhuginn ef til vill meiri, er menn yrðu knúðir til að hugsa sig um fyrir fram, hverja kjósa ætti, enda mun það vera það venjulega, að þar sem leynilegar kosningar eru, þá eru það listakosningar. Hvað viðvíkur 2. brtt. vil jeg taka það fram, að jeg er henni ekki samþykkur, að framan við nöfn þeirra að eins, sem kjörgengir eru, standi tölur 1, 2, 3 o. s. frv., en ekki við nöfn þeirra kjósenda, sem ekki hafa kjörgengi; það mundi vald ruglingi, og yrði því nauðsynlegt að hafa bæði kjörgengis- og kjósendaskrá. Held jeg að best væri, að alt þetta bíði eftir því, hver vilji landsmanna er í þessu efni, og leita því álits þeirra áður en lengra er gengið í málinu. Vil jeg því stinga upp á, að deildin afgreiði málið með rökstuddri dagskrá, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

> Með því, að deildin álítur að rjettara sje að bera mál þetta undir sveitarstjórnir, áður en því er ráðið til lykta, tekur hún fyrir næsta mál á dagskrá.

Framsm. (Guðmundur Ólafsson): Það er ekki mikið, sem jeg þarf að svara.

Fyrsta ástæðan var sú, að málinu lægi ekkert á. Því geta þeir einir haldið fram, sem álíta, að hjer sje um enga rjettarbót að ræða, og gjöri því ekkert til, þó frv. gangi ekki fram. Líka var hneykslast á því, að jeg sagði að hjer væri verið að koma á samræmi við aðrar kosningar. Jeg fæ ekki hetur sjeð en að það sje rjett, og að kosningar með þessu móti verði mun tryggari. Einnig var minst á það, að fyrirhöfn og kostnaðarauki væri meiri en svo, að svaraði kostnaði. Jeg fæ ekki heldur sjeð, að það sje rjett; fyrirhöfnin er lítil, og kostnaðarauki ekki annar en að hafa ofurlítinn og ódýran atkvæðakassa og kjörmiða.

Talað hefir líka verið um það, að engar óskir hafi komið frá þjóðinni í þessa átt. Það er vitanlega hægt að slá sjer upp á sliku. En hvað segir þá hv. þm. G.-K. um önnur mál? Hvernig var það með fátækratíundirnar í fyrra? Þá gjörði þessi

háttv. þingmaður lítið úr fyrirhöfninni við tíundarreikningana; en þótt hún væri ekki mikil, var hún samt meiri en að búa til kjörseðlana eftir þessu frumvarpi. Hafa ekki verið fleiri lög, sem þingið hefir samþykt án beinna óska þjóðarinnar? Enda býst jeg við, að fá lög yrðu afgreidd frá þinginu, ef alt af væri beðið eftir þeim.

Þá talaði þm. um, að þetta ættu að vera listakosningar, til þess að kjósendurnlærðu að hugsa. Ekki býst jeg við, að þeir hugsi meira um kosningarnar, þó listakosning sje; eru flestir svo minnisgóðir, að þeir muna eftir á kjördeginum, hverja þeir vilja kjósa, jafnt hvort listakosning er höfð eða ekki. Þá talaði þm. um, að skrárnar þyrftu að vera 2. Ekki get jeg sjeð að þess þurfi, þegar tölustafirnir eru settir framan við nöfn þeirra, sem kjörgengir eru; álít jeg það full greinilegt.

Frá mínu sjónarmiði er því ekkert á móti frv. Engin sveitarstjórn telur eftir sjer fyrirhöfnina, og kostnaðurinn er ekki annar en skrálæstur atkvæðakassi. Vona jeg að hv. deild taki meira til greina rjettarbótina, sem frumvarpi þessu fylgir, heldur en ofurlítið aukna fyrirhöfn.

Kristinn Daníelsson: Aðeins örstutt athugasemd.

Það var ekki rjett hjá háttv. framsögumanni, þótt jeg teldi við eiga, að bera *þetta* mál undir sveitarstjórnir, að draga það út úr orðum mínum; að ekki mætti ráða *neinu* máli til lykta, án þess að bera það undir kjósendur. T. d. var alt öðru máli að gegna um tíundina, sem hv. framsm. vitnaði til, að jeg hefði verið með að nema úr lögum, án þess að leitað væri álits þjóðarinnar. Það var orðið viðurkent, að nú orðið munaði sveitarsjóðina ekkert um tíundina. Úr fyrirhöfninni að reikna hana, gjörði jeg lítið, svo það var engin ástæða fyrir mig hvorki til nje frá, og hygg jeg það sje ekki í neinu ósamræmi við það, þótt nú þyki mjer fyrirhöfnin vera ein af ástæðúnum til að vera móti þessari breytingu.

Um listakosningarnar er það að segja, að menn geta að vísu hugsað um kosningarnar án lista, en því verður ekki neitað, að undirbúningur undir þær kosningar hlýtur að vera meiri og nákvæmari.

Björn Þorláksson: Jeg fyrir mitt leyti vil lýsa yfir því, að jeg er hlyntur þeirri breytingu, að kosningar til hreppsnefnda fari leynilega fram. Jeg álít þær sjeu heppilegri, því ekki verður borið á móti því, að við slíkar kosningar hafa stundum verið notaðar miður heppilegar agitationir, þó ekki sje það algengt. Jeg hefði því gefið frv. atkvæði mitt, ef mjer hefði ekki þótt 1. gr. athugaverð. Atkvæðagreiðslan er ekkert athugaverð, en það er áframhald greinarinnar. Jeg hefi ekki getað sjeð, hve nær kjósa á til sýslunefnda. Eðlilegast virðist að í þær væri kosið um leið og til hreppsnefnda, sem sje á hreppamótum. Þar er nú kosið til hreppsnefnda, en á manntalsþingum; manntalsþingin eru venjulega fremur illa sótt. Mjer finst því nauðsynlegt, að lagfæra frv., og vil skjóta því til flm., hvort hann vildi ekki taka það af dagskrá, svo hægt sje að koma fram þeim lagfæringum, sem nauðsynlegar eru.

Framsm. (Guðmundur Ólafsson): Það voru að eins örfá orð, sem jeg vildi sagt hafa, út af ræðu háttv. 4. kgk. þingm. (B.Þ.) Hann hjelt því fram, að í lögin vantaði ákvæði um, hvernig ætti að kjósa í sýslunefndir. En það er er misskilningur einn. Alveg sömu ákvæði fyrir hendi, þó þetta frumvarp verði að lögum og nú er, að kosning fari fram á sama hátt til sýslunefnda og hreppsnefnda. Þó eitthvað megi ef til vill finna að frumvarpinu, þá er það ekki það, að þetta ákvæði vanti í það. En hvað því viðvíkur, að kjósa ætti líka í sýslunefnd á hreppaskilum, er það að at-

huga, að skifta yrði þá um menn í kjörstjórn, og hætta að hafa sýslumann fyrir oddvita þeirra.

Annars hefi jeg ekkert á móti því fyrir mitt leyti, að málið verði tekið út af dagskrá nú, ef háttv. deildarmenn álíta þess þurfa, svo þeir geti athugað frumvarpið betur.

Magnús Pjetursson: Jeg ætla ekki að halda langa ræðu í þessu máli. Jeg vildi einungis taka það fram, að jeg fæ ekki betur sjeð en allir sjeu hjer á sama máli, og virðist því lítil þörf fyrir alt þetta tal. Allir álíta frumvarpið þarft og enginn finnur neitt verulegt í því, sem ekki megi ná fram að ganga. Jeg fyrir mitt leyti álít frumvarpið vera til talsverðra bóta, frá því sem nú er. Jeg hefi orðið var við það, að þessar kosningar fara víða mjög illa úr hendi, og brýn þörf er á, að kippa því í lag. Sjálfsagt er því að hafa leynilegar kosningar. Stefnan hefir verið sú hjá löggjafarvaldinu, að nota sem mest leynilegar kosningar, og er þá sjálfsagt, að nota þær einnig við þessar.

Steingrímur Jónsson: Það hefir nú verið talsvert rætt um þetta frumvarp og lýst kostum og löstum þess. Og ekki verður því neitað, að talsverðir gallar sjeu á því, t. d. leynileg kosning, sem þó er ekki listakosning. Annars veit jeg ekki til, að menn hafi verið neitt óánægðir með það fyrirkomulag sem nú er, og miklu minna hefir borið á þessum óviðfeldnu agitationum, en við kosningar til Alþingis, eða jafnvel við kosningar presta. Jeg hefi t. d. oft verið við hreppsnefndakosningar í minni sveit, og hefi jeg aldrei orðið var við annað eins kapp og agitationir, eins og við kosningar til þings og við prestskosningar. Jeg get ekki að því gjört, að mjer er hálfilla við, að hafa kosningarnar leynilegar. Jeg hygg, að afleiðingin af því verði sú sama, sem orðið hefir erlendis og í kaupstöðunum hjer, að kosningarnar verði algjörlega politiskar. Og færi svo, þá væri það vissulega ekki til neins góðs, og væri verr farið en heima setið. Annars er jeg svo gamaldags, að mjer þykir dálítið leitt, ef nú eru teknar í burt síðustu kosningarnar í landinu, sem eru eftir gamla fyrirkomulaginu. Þetta frelsi manna, til að dylja sitt eigið atkvæði, er sannarlega ekki mikils virði, og tel jeg því leitt, ef nú verða teknar í burtu þessar síðustu kosningar, þar sem menn svo að segja, fá að standa við atkvæði sitt við kjörborðið. Kjósandinn segir þar hreinlega, hvern hann kýs, og fer ekkert leynt með.

Þeim bar á milli, háttv. 4. kgk. þm. (B. Þ.) og háttv. framsm. (G. Ó.) um kosningarnar til sýslunefndar samkvæmt frumvarpinu.

Manntalsþingin eru oftast fyrir 2 eða jafnvel 3 hreppa, og geta kosningarnar því orðið talsvert mikil bákn og erfiðar.

Annars hefir verið lítil æsing í öllum þeim sýslunefndarkosningum, þar sem jeg hefi verið viðstaddur, og þar sem kapp hefir verið, þá hefir það verið miklu fallegra og göfugra en við þessar leynilegu kosningar. Alt var þar miklu hreinlegra og augljósara og engar bollaleggingar eftir á, hverjum þessi og þessi hafi greitt atkvæði, og hvort þessi muni hafa svikið, o. s. frv. Jeg fæ því ekki sjeð, að neitt sje unnið við þetta; frumvarpið er hálfgjörður gallagripur og væri rjettast, að slá öllum breytingum í þessu efni á frest.

Jósef Björnsson: Jeg verð að taka undir með háttv. þm. Strand. (M. P)., að skoðanamunur virðist hjá flestum mjög lítill í þessu máli. Þess vegna ætti ekkert að vera á móti því, að frumvarpið gengi óbreytt í gegn um þessa umræðu, en svo mætti reyna að mæta óskum þeirra, sem eitthvað vilja lagfæra, við 3. umr. málsins. Jeg hefi alls ekkert heyrt í þessum um-

ræðum, sem mælti með því, að fleygja málinu nú frá sjer. Sterkasta ástæðan er sú, að lítið hefir borið á óskum manna um breytingar í þessu efni. Jeg vil ekki halda því fram, að óskir í þá átt hafi verið verulega almennar, en ef jeg man rjett, þá höfðu nokkrar þingmálafundargjörðir, er fram voru lagðar á lestrarsal Alþingis 1913, inni að halda óskir í þessa átt, og jeg held að sama hafi átt sjer stað 1911, að þær raddir hafi látið til sín heyra, sem óskuðu leynilegrar atkvæðagreiðslu við kosningar til hreppsnefnda og sýslunefnda. Háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.) taldi þann agnúa helstan á frumvarpinu, að með leynilegri atkvæðagreiðslu væru kosningarnar gjörðar pólitískar. Þetta get jeg ekki falist á. Jeg lít eins á og háttv. framsögumaður (G. Ó.), að líklegt sje, að það verði einmitt betur vandað til kosninganna, ef þær eru leynilegar. Leynilegar kosningar koma mönnum til að hugsa meira um, hvern þeir eigi að kjósa, heldur en opinberar kosningar.

Jeg hefi oft tekið eftir því við slíkar kosningar, að menn hafa mjög lítið um kosninguna hugsað, heldur hefir það mest ráðið, hver eða hverjir hlotið hafa fyrstu atkvæðin, svo að helst leit svo út, að einn elti annan, og að oft hafi það verið tilviljun ein, sem rjeði, hver kosninguna hlaut. Sá oft fengið flest atkvæði, sem fyrstur fekk atkvæði. En ef kosningin er leynileg, þá eru menn neyddir til að hugsa sig betur um, ráða við sjálfa sig, hvern eða hverja þeir helst vilja eða best treysta, og verður þá betur til kosningarinnar vandað.

Jeg mun því greiða atkvæði á móti rökstuddri dagskrá, því jeg fæ ekki sjeð, að frumvarpið sje neinn háskagripur, og ekkert sje jeg því til fyrirstöðu, að það verði sent háttv. Nd. til íhugunar, þegar háttv. efri deild hefir fjallað um það.

Framsm. (Guðm. Ólafsson): Jeg fyrir mitt leyti verð að lýsa því yfir, að jeg hafði ekkert haft á móti því, að listakosning yrði notuð, en jeg fæ ekki sjeð, að munurinn sje svo mikill á þessari aðferð, sem ætlast er til í frumvarpinu, og listakosningu. Það má líta á alla atkvæðisbæra menn sem frambjóðendur, og þarf einungis að velja á milli þeirra. Að öðru leyti fer kosningin fram að öllu sem prestskosningar, því þar eru engir listar við hafðir. (*Steingrímur Jónsson*: Þar eru frambjóðendur). Það kemur alveg í sama stað niður, því líta má á alla atkvæðisbæra menn sem frambjóðendur.

Háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.) var hræddur um að kosningarnar yrðu meira pólitískar við það að vera gjörðar leynilegar. Jeg verð að játa, að jeg fæ ekki vel skilið, hver ástæða ætti að vera til þess. Og fyrst hættan er svo mikil á því, að kosningar verði frekar pólitískar fyrir þá sök, að þær eru gjörðar leynilegar, því var þá verið að gjöra kosningarnar leynilegar til bæjarstjórna og Alþingis, því enginn mun álíta það hag, að kosningar verði pólitískar? Háttv. þingmaður (Stgr. J.) kvað þetta vera síðustu leifar hins forna fyrirkomulags, og var þess vegna sárt um þær. En fyrst sú stefna hefir verið tekin upp, að nota leynilegar kosningar, þá er eins sjálfsagt að nota þær við þessar kosningar sem aðrar. Jeg get ekki skilið það, er hann sagði, að það væri áreiðanlega nauðsyn að nota listakosningu. Mjer þætti fróðlegt að sjá, hvernig hann færi að sanna það. Slíku er jafnan hægt að slá fram röksemdalaust, en sönnun er það engin.

Eiríkur Briem: Það er að eins eitt atriði, sem mig langar til að benda á. Jeg vildi skjóta því til háttv. flutningsmanns frumvarpsins (G. Ó.), hvort ekki muni vera hægt að koma atkvæðagreiðslunni tryggilegar farir. Það er hætt við að kosningin verði ekki fullkomlega leynileg með þeirri aðferð, sem hjer er gjört ráð fyrir, því að hætt er við að hægt verði að þekkja

hendur manna, þar sem þeir eiga að rita tölur og þar sem venjulegast er um svo fáa menn að ræða. Mjer virðast þessar tölur vera talsvert varasamar við kosningar í einstökum hreppum. Alt öðru máli er að gegna um kosningar til Alþingis. Þar kjósa miklu fleiri menn, og er tryggilegar frá öllu gengið. Auk þess er mjög óheppilegt, að kosningarnar skuli vera svo ólíkar hver annari. Slíkt gjörir mönnum miklu erfiðara fyrir, og væri betra, ef allar kosningar væru sem líkastar. Jeg vildi þess vegna skjóta því til nefndarinnar, sem um málið hefir fjallað, hvort ekki muni hentugra að hafa listakosningu.

Steingrímur Jónsson: Mig langar að eins til að gjöra örstutta athugasemd við ræðu háttv. flutningsmanns (G. Ó.). Hann virtist ekki geta áttað sig til fulls á því, sem jeg sagði um það, að hætt væri við, að kosningarnar yrðu pólitískar, þar sem líkt fyrirkomulag væri haft sem það, er frumvarpið mælir fyrir. Þetta er í raun og veru ofur eðlilegt, því slík aðferð er upprunalega sjerstaklega ætluð pólitískum kosningum. Háttv. þingmaðurinn spurði hvers vegna þessi aðferð hefði þá verið lögleidd við kosningar til bæjarstjórna. Raunar get jeg nú svarað því á þá leið, að jeg beri enga ábyrgð á þeim lögum, og sje það þess vegna ekki sjerstaklega mitt verk að svara því, enda er jeg þess alls ekki full viss, að sú breyting hafi verið til neinna bóta. En hins vegar verður maður líka að kannast við, að talsvert öðru máli er að gegna um kosningar í bæjum en í sveitum. Það er eðlilegra að pólitíkin dragist þar inn í kosningarnar og þar má hún það miklu fremur, þar eð málefni bæjanna eru umfangsmeiri og líkari málefnum landsins. Pólitík er ekki æfinlega ill, en í þessu tilfelli er hún það. Það má síst bera mikið á slíku í strjálbygðum og fámennum sveitahjeruðum.

Háttv. þingmaðurinn hjelt mig munu hafa lítið vit á málinu, og get jeg vitanlega vísað þeim ummælum heim aftur, því samkvæmt stöðu minni verð jeg og hlýt jeg að vera þessum málum talsvert kunnugur. Að minsta kosti er jeg málinu svo kunnugur, að jeg veit, að almenningur óskar alls ekki þessara breytinga á kosningunum, nema ef vera skyldi í Húnavatnssýslu.

Guðmundur Björnson: Þetta mál er vissulega þess vert, að það sje rækilega íhugað. Það mátti öllum vera ljóst, að fyrr eða síðar ræki að því, að þessar kosningar yrðu gjörðar leynilegar. Til þess liggur sama ástæðan, sem olli því, er breyta varð aðferðinni við kosningar til Alþingis og bæjarstjórna. Ástæðan er jafnan sú, að þegar *kapp* er komið í menn við kosningar, þá er nauðsynlegt að þær sjeu gjörðar leynilegar. Raunar er það vitanlegt um hreppsnefndir, að flestir taka nauðugir við þeim starfa og enginn býður sig fram, svo fyrir þá sök er lítil ástæða til að gjöra hreppsnefndarkosningar leynilegar. Hitt vitum við full vel, að kappið í kauptúnum við bæjarstjórnarkosningar er engu minna en við Alþingiskosningar. Kauptúnin eru stærstu hreppar landsins, og þar er óhjákvæmilegt að hafa leynilegar kosningar. En hjer er einnig annars að gæta við kosningar, þegar verulegt kapp er komið í menn, hvort sem það eru pólitísku flokkarnir eða innanfjelagsmál, sem skifta mönnum, þá er full þörf á *hlutfallskosningu*. Hlutfallskosningar eiga að varna því, að meiri hluti geti borið minni hlutann algjörlega ofurliði og útilokað alla hans menn. Aðalgallinn á frumvarpinu er því að mínu áliti sá, að þar er ekki gjört ráð fyrir hlutfallskosningu. Því þótt kosningu sje hagað líkt og segir fyrir um í frumvarpinu, þá er ekki fyrir girt, að harðsnúinn meiri hluti geti algjörlega útilokað minni hlutann, og það þótt munurinn á meira og minna hluta sje mjög lítill. En þá kemur að því vandaverki, að finna hentuga hlutfallskosn-

ingaraðferð. Það er öldungis rjett hjá hv. 1. kgk. þm. (E. B.), að margt mælir með því, að sama aðferðin sje höfð um land alt, t. d. sú, sem nú er notuð í kaupstöðunum. Það mundi að líkindum ljetta undir að koma henni á. En það eru til *aðrar* aðferðir en sú, sem hjer hefir tíðkast og reynst misjafnlega, enda ekki víst, að sama aðferðin eigi alstaðar jafn vel við. Jeg vildi minna háttv. deildarmenn á það, að aðalgallinn á þeirri aðferð, sem nú er notuð í kaupstöðum hjer á landi, er sá, að aldrei er um aðra að velja en þá, sem bjóða sig fram, enda þótt allir sjeu skyldir að taka við kosningu. Þetta er stór galli, og það mun einhvern tíma koma í ljós, að einn stærsti gallinn á stjórnarskrá vorri er einmitt sá, að engir eru í kjöri til Alþingis aðrir en þeir, sem gefa kost á sjer. Jeg vildi nú skjóta því til háttv. deildarmanna, hvort ekki muni auðið að synda fyrir þetta sker, sem við höfum rekið okkur á í bæjunum. Mjer líkar það vel við frumvarpið, að hver kjósandi fær lista yfir alla kjörgenga menn og má velja úr. En þá kemur vandinn, að koma þessu heim við hlutfallskosninguna. Jeg hygg að jeg geti bent nefndinni á aðferð, sem getur sameinað þetta hvorttveggja. Aðferðin er í stuttu máli þessi; Jeg á að kjósa 5 menn og hefi 5 atkvæði. Þá ræð jeg hvort jeg kýs 5 menn, eða gef einum manni öll mín 5 atkvæði. Sje þessi aðferð notuð, þá getur minni hlutinn ávalt komið einhverjum af sínum mönnum að, með því að gefa einum eða tveimur mönnum öll sín atkvæði. Þessi aðferð á mæta vel við það fyrirkomulag, sem hjer ræðir um.

Jeg álít ekki að rjett sje, að vísa málinn á bug, en jeg ræð háttv. flutningsmanni (G. Ó.) til að taka það út af dagskrá, svo háttv. deildarmönnum gefist kostur á, að íhuga alt það nánar, sem fram hefir komið hjer í deildinni í dag um málið. Það er svo margt gott í þessu frumvarpi, að jeg hygg, að auðvelt muni vera að lagfæra það svo, að allir megi vel við una.

Framsm. (Guðm. Ólafsson): Hv. 1. kgk. (E. B.) hafði það helst að athuga við frv., að svo fáir kjósendur mættu á kjörfundum, enda mundi rithönd þeirra auðþekkjanleg. En þeir eru nú orðnir nokkuð margir, sem mæta á kjörfundum, enda er það ekki furða, þó að mönnum þyki máli skifta, hverjir eigi sæti í hreppsnefnd og sýslunefnd. Og hvað því viðvíkur, að rithönd manna sje auðþekkjanleg, þá þekkjast tölustafir ekki eins vel og bókstafir. — Hv. 2. kgk. (Stgr. J.) hjelt því fram, að sjer hlyti að vera þetta mál miklu kunnara heldur en mjer, þar sem hann væri sýslumaður. En jeg get ekki skilið annað, en að jeg geti þekt eins vel til og hann í sumum kjördæmum, þó að jeg sje ekki sýslumaður. Ekki get jeg heldur fallist á þá staðhæfingu hans, að kosningarnar mundu verða frekar pólitiskar fyrir það, þótt þær væri leynilegar, og býst jeg við, að háttv. þm. mundi reynast torvelt að sanna þá fullyrðingu sína. — Háttv. 5. kgk. (G. B.) talaði miklu vingjarnlegar um frv., en ekki finst mjer það geti komið til mála, að viðhafa hlutfallskosningar við kosning í sýslunefnd. Og ekki get jeg sjeð, að eigi megi kjósa leynilega, nema við hlutfallskosningar. Prestskosningar eru leynilegar, og er þó ekki kosið eftir listum við þær.

ATKVGR.:

Rökstudda dagskráin [frá 2.þm.G.-K. (K. D.), sbr. ræðu hans hjer að framan] feld með 9 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Steingrímur Jónsson,	Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Björnson,
Kristinn Daníelsson,	Guðm. Ólafsson,
Sigurður Stefánsson.	Hákon Kristófersson,

nei:
Jón Þorkelsson,
Jósef Björnsson,
Karl Einarsson,
Karl Finnbogason,
Magnús Pjetursson.

1. gr. samþ. með 7 : 1 atkv.
Brtt. 252,1 (fyrri liður) tekin aftur.
— 252,1 (síðari —) samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. svo breytt samþ. með 8 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 252,2 samþ. án atkvgr.
4. gr. svo breytt samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 252,3 samþ. með 8 shlj. atkv.
5. gr. svo breytt samþ. með 7 shlj. atkv.
6.—9. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 : 3 atkv.

Á 34. fundi í Ed., mánudaginn 16. ág., var frv. tekið til 3. umr. (A. 288, 317).

Framsm. (Guðm. Ólafsson): Jeg vil fara nokkrum orðum um brtt., sem jeg hefi komið með á þgskj. 317. Við aðra umr. málsins var komið með þá rjettmætu mótbáru gegn frv., að ef komið væri mikið kapp við hreppsnefndarkosningar, svo kjósendur skiftust í flokka, væru engin ákvæði um að koma í veg fyrir, að meiri hlutinn rjeði öllum úrslitum, enda þótt hann væri örlítið stærri en minni hlutinn. Það er auðvitað ósanngjarnt, ef munurinn á flokkunum er mjög lítill.

Þessi 1. brtt. á þgskj. 317, ræður bót á þessu; getur það, að mínu áliti, alveg eins vel og listakosning, og hún er þægilegri og á betur við, þar sem engir framframbjóðendur eru. Önnur brtt. tekur greinilega fram, hvernig kjörseðlarnir eiga að líta út, og sýnir form þeirra. Það er auðvitað, að það er svolítið meiri fyrirhöfn en til stóð, en ef seðlarnir eru hafðir úr strikuðum pappír, má vel gjöra strikin upp og ofan. Sveitarstjórnin ræður svo, hvort yfirskriftin á seðlunum er prentuð eða skrifuð.

3. brtt. er örlítil orðabreyting, í stað „þarf að kjósa", komi: hann kýs, framan við strikið á kjörseðlinum, og fyrir ofan það í sömu línu, hve mörg atkvæði sín hann ætlar hverjum þeirra:

Jeg vona, að hv. deild fallist á, að frv. sje til bóta. Svo sje jeg ekki ástæðu til að segja meira um það að sinni.

Guðm. Björnson: Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli hv. flutnm. á því, að síðasta brtt. á þgskj. 317, fellur ekki við frv. Það stendur: . . . eftir því, hve marga hann kýs framan við strikið . . ., o. s. frv. Jeg gjöri ráð fyrir, að þetta sje prentvilla; jeg hygg þetta þannig lagað, að þessi setning á þgskj. 317, ætti að koma í staðinn fyrir: Eftir því, hve marga þarf að kjósa. Jeg leyfi mjer að skjóta þessu til hv. flutnm. Þetta hefir bersýnilega eitthvað skekst í prentuninni.

Framsm. (Guðm. Ólafsson): Jeg felst alveg á það, sem hv. 5. kgk. segir; það hefir ekki verið felt jafn mikið úr og jeg ætlaðist til. Hvernig á því stendur, hvort það er mjer eða prentsmiðjunni að kenna, get jeg ekki sagt um með vissu. Það á að falla úr: Eftir því, hve marga þarf að kjósa.

Frv. tekið út af dagskrá.

Á 35. fundi Ed., þriðjudaginn 17. ágúst, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 288, 317, 365, 370).

Framsm. (Guðm. Ólafsson): Það er hjer brtt. frá mjer á þgskj. 365, og kemur hún í stað 3. brtt. á þgskj. 317, sem er tekin aftur. Það kom fram við umr.

um þetta mál, að sú till. gat ekki staðist, og því hefi jeg komið með þessa till. í hennar stað. Jeg þarf ekki að skýra hana að neinu leyti, því að hún ræðir einungis um, hvernig beri að fylla út kjörseðlana. Svo hefir komið fram önnur brtt., og sje jeg ekki neitt athugavert við hana, ef varatill. verður samþ.

Kristinn Daníelsson: Eins og háttv. deild mun í minni, vorum við, sem höfum borið fram brtt. eina á þgskj. 370, á móti því, að þetta frv. verði að lögum. Ekki af því, að við viljum svifta landsmenn neinni rjettarbót, sem kynni að felast í frv. En við bjuggumst við því, að mörgum mundi þykja hjer vera um litla rjettarbót að ræða, og mundum því kjósa, að það væri borið undir landsmenn, áður en það yrði að lögum, svo að sæist hversu margir óska eftir þessari breytingu, og hversu margir kynnu að verða henni mótfallnir. En deildin vildi ekki skjóta þessu máli á frest, til þess að leitað yrði álits landsmanna, og því hefir okkur dottið í hug þessi breyting sem millivegur, að á hverjum stað geti það verið sjálfrátt, að hafa kosningu leynilega eða ekki. Við mintumst á þetta atriði við flutnm. frv., og kvaðst hann ekki hafa neitt á móti því, að þetta yrði samþ., sem við höfum farið fram á. Þegar um þessar kosningar er að ræða, getur staðið mismunandi á; stundum er um reglulegar kosningar að ræða, stundum aukakosningar. Það þyrfti því mismunandi ákvæði, eftir því, hvernig á stendur, og vona jeg, að okkur hafi tekist að ganga frá því. Þá er varatill. um að að eins þurfi $^1/_{10}$ hluti kjósenda að óska þess, að kosning fari leynilega fram. Við ætluðumst fyrst til, að það þyrfti $^1/_4$, en það þykir, ef til vill, of mikið heimtað, og mætti því $^1/_{10}$ nægja, t. d. ef kjósendur eru 200 talsins, þá þyrftu 20 að óska leynilegrar atkvgr., til þess að því fengist framgengt. Samkvæmt þessu leggjum vjer til, að breytt verði fyrirsögn frv., og enn fremur leiðir það af brtill. okkar, að 8. gr. frv. fellur burtu.

Karl Einarsson: Jeg ætla að eins að gjöra fyrirspurn til flm. að brtill. á þgskj. 370. Þar stendur, „ef hreppsnefnd ákveður, eða $^1/_4$ hluta kjósanda óskar þess“.

Er það þá meiningin, að hreppsnefnd eigi að ákveða, hvort sýslunefndarkosningar skuli fara leynilega fram? Það kann jeg ekki við, og er á móti því, ef það er tilgangurinn, því að jeg get ekki sjeð, hvað hreppsnefndum kemur sýslunefndarkosning við. Jeg kann ekki heldur við þá breytingu, að gefa hreppsnefndum vald til að ákveða, hvort kosningar skuli fara leynilega fram, jafnvel þó um hreppsnefndarkosningu sje að ræða. Það er eðlilegast, ef á að fara að kjósa leynilega til þessara nefnda, að það sje þá föst regla, og sje gjört alstaðar, en ekki að það sje t. d. gjört í ár, en svo ekki að ári.

Hákon Kristófersson: Jeg get fallið frá orðinu, af því að hv. þm. Vestm. (K. E.), hefir tekið fram það, sem jeg ætlaði að segja.

Kristinn Daníelsson: Jeg skil ekki, að hv. þm. Vestm., skuli vaxa í augum, að hreppsnefndum sje fengið vald til að ákveða, að þessar kosningar skuli fara leynilega fram, þar sem hann vill gjöra það að skyldu, að þær *skuli* vera leynilegar, hvort sem hreppsnefndir vilja eða ekki. Jeg skil ekki það samræmi, að hreppsnefndir skuli ekki mega ákveða þetta, en að Alþingi skuli mega gjöra það með lögum. Það má deila um það, hversu mikils hluta kjósenda skuli krefjast, til þess að þeir geti ákveðið, að kosning skuli fara leynilega fram, og er ekki mikils krafist, þegar ekki þarf nema $^1/_{10}$ hluta. Háttv. þm. Vestm. segist ekki skilja, hvers

vegna við höfum komið fram með þessa till., en jeg held, að jeg hafi þegar skýrt, af hvaða ástæðum við höfum gjört það. Það er vegna þess, að vafi leikur á, hvort landsmenn óska þessa, og er þá ekki hægt að hugsa sjer frjálslegra fyrirkomulag, en að hver hreppur skuli ráða því sjálfur, hvort hann kýs leynilega eða ekki, þannig, að hver hreppsnefnd geti tekið það upp, ef henni sýnist.

Framsm. (Guðm. Ólafsson): Jeg skal taka það fram, að mjer þykir mikil sanngirni mæla með því, sem meðnefndarmenn mínir hafa stungið upp á, að kosning skuli fara leynilega fram, ef $^1/_4$ eða $^1/_{10}$ hluti kjósenda í hverjum hreppi óskar þess. Hjer er öllum gjört til hæfis, því að það þarf ekki að kjósa leynilega, fremur en kjósendum í hverjum hreppi sýnist. Þetta er því betra en ef leitað hefði verið álits landsmanna, því að ávalt myndu einhverjir hafa verið andvígir þessari breytingu, þótt jeg telji líklegt, að það hefði orðið mikill minni hluti landsmanna. Að krefjast þess, að $^1/_4$ hluti kjósenda óski leynilegra kosninga, þykir mjer alt of mikið heimtað, en $^1/_{10}$ hæfilegt.

Karl Einarsson: Jeg ætla að eins að endurtaka að það er rangt, að láta hreppsnefndir ákveða þetta. Þær verða þá að tilkynna sýslumanni í hvert skifti, sem kosning á að fara fram, hæfilega löngu fyrir manntalsþing, hvort hún á að vera leynileg eða ekki. Mjer finst þetta mjög grautarlegt, og er því alveg mótfallinn.

Sigurður Stefánsson: Jeg skil ekki, að það sje neitt að athuga við það, þótt hreppsnefndir ákveði, hvort þessar kosningar skuli fara leynilega fram eða ekki. Sýslumaður þarf ekki að vita, hvort kosning á að vera leynileg eða ekki. Það eru kjörstjórnirnar í hverjum hreppi, sem eiga að undirbúa kosningarnar, en sýslumaður hefir ekkert við það að gjöra, fyrr en hann kemur á kjörstaðinn. Mjer finst engin ástæða til að ætla, að hreppsnefndir misbeiti því valdi, sem þeim er gefið með þessum brtt., ef þær ná fram að ganga. Þeim er að eins heimilað, að ákveða að kosning skuli fara leynilega fram, ef þeim þykir það betra en gamla fyrirkomulagið. Um það, hvort heimta skuli $^1/_4$ eða $^1/_{10}$ hluta kjósenda, til þess að þeir geti krafist leynilegrar atkvgr., ef hreppsnefnd ákveður hana ekki sjálf, finst mjer ekki skifta mikli.

Kristinn Daníelsson: Jeg vil að eins víkja fáum orðum að kosningu sýslunefndarmanna. Mjer var það fullljóst, að það liggur í þessari brtt., að hreppsnefndir skuli einnig hafa vald til að ákveða, að sýslunefndarkosning skuli fara leynilega fram. Jeg gjöri ráð fyrir, að ef hreppsbúar vilja kjósa í sýslunefnd með leynilegri kosningu, þá tali þeir um það við hreppsnefnd sína, og vilji hún ekki ákveða það, þá gjöra þeir það sjálfir. Hvort til þess þarf $^1/_4$ eða $^1/_{10}$ hluta kjósenda, finst mjer ekki skifta verulegu máli. Það eina, sem kann að vanta hjer, er ákvæði um, að sýslumanni skuli tilkynt, hvort kosning skuli fara leynilega fram eða ekki. En annars sýnist mjer, að þetta skifti oddvita sýslunefndar litlu máli; undirbúningurinn fer mest megnis fram heima í hreppnum. Að lokum vil jeg geta þess, að jeg mun taka aftur till. um, að $^1/_4$ af kjósendum í hverjum hreppi þurfi til þess að ákveða, að kosning skuli fara leynilega fram, svo að að eins tillagan um $^1/_{10}$ hluta verði borin undir atkvæði.

ATKVGR.:
Brtt. 370, 2 samþ. með 8:3 atkv.
Brtt. 317, 1 samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 317, 2 samþ. með 11 shlj. atkv,
Brtt. 317, 3 tekin aftur.
Brtt. 365 samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 370, 3 samþ. án atkvgr.

Brtt. 370, 1 (við fyrirsögn frv.) samþ. án atkvgr.

Frumv. svo breytt, samþ. með 11 : 1 atkv. og afgr. til neðri deildar.

(A. 381).

Á 54. fundi í Ed., þriðjudaginn 7. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við sveitarstjórnarlög frá 10. nóv. 1905,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 792).

Á 58. fundi í Ed., laugardaginn 11. september, var frv. tekið til einnar umræðu. (A. 792, n. 873).

Frsm. (Guðmundnr Ólafsson): Hv. Nd. hefir gjört eina breytingu á frv., frá því sem það var hjer í hv. deild, sem sje þá, að setja það, að $^1/_3$ hluti kjósenda þurfi að biðja um leynilega atkvgr., í stað þess að þar var $^1/_{10}$. Nefndin telur, að þessi breyting sje ekki til bóta, en vill þó, eftir atvikum og með tilliti til þess, að hreppsnefndir geta ákveðið, að kosningar fari fram með leynilegri atkvgr., ef þær álíta það heppilegra, leggja það til, að frv. verði samþ. óbreytt, þar sem annað gæti orðið því að falli.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgreitt.

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 941).

---

24. Vestmannaeyjahöfn.

Á 22. fundi í Ed., þriðjudaginn 3. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, frá 10. nóv. 1913. (A. 195).

Á 24. fundi í Ed., fimtudaginn 5. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Karl Einarsson): Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um málið nú við þessa umræðu. Að eins ætla jeg að gjöra grein fyrir hvers vegna jeg hefi komið fram með þetta frumv. Á þinginu 1913 voru samþykt lög um hafnargjörð í Vestmannaeyjum, og 62,500 kr. veittar til hafnargjörðarinnar úr landssjóði, gegn þeföldu tillagi annarsstaðar að. Þá lá fyrir áætlun frá verkfræðingi um að verkið mundi kosta 250 þús. kr., en tilboð hafði komið frá Monberg, sem tekið hefir að sjer að gjöra höfnina hjer í Reykjavík, um að taka að sjer hafnargjörðina í Vestmannaeyjum fyrir 295 þús. kr. Þetta tilboð var í sjálfu sjer fallið burt, er hægt var að sinna því, þar sem lögin voru ekki gengin í gildi fyrr en löngu eftir að tilboðið kom fram, en þó tókst að ná samningum við Monberg um að hann tæki að sjer, að gjöra hafnargarðana fyrir 135 þús. kr., sem var sama sem ekkert fyrir ofan áætlun. Þó voru feldir 15 metrar af öðrum garðinum, af því að menn hjeldu, að innsiglingin mundi ef til vill verða nokkuð mjó, og spöruðust við það um 8000 kr. Síðan byrjað var á verkinu hefir komið í ljós, að varlegra er að gjöra þessa bylgjubrjóta nokkuð styrkari en ætlast var til í fyrstu, og er áætlað að kostnaðurinn við það muni nema 28 þús. kr., sem þá bætist við þær 135 þús. kr., sem jeg gat um áðan. Þegar samn. voru gjörðir í fyrravetur, vonuðust við eftir að þeir mundu takast um það, sem eftir var, fyrir nokkru minna en samkvæmt tilboðinu alls, 295 þús. kr. En þrátt fyrir ítrustu tilraunir hefir ekki tekist að fá neitt tilboð frá Monberg fyrr en í apríl þetta ár, og kom það ekki til sýslunefndarinnar fyrr en síðast í maí. Þetta tilboð er bygt á þeim ransóknum, sem

verkfræðingar Monbergs hafa gjört. Ætla þeir, að bryggjan sje ekki nógu sterk, eins og ráð var fyrir gjört að hún yrði, og vilja þeir að bygð verði stöplabryggja, og verður hún dýrari. Annars stafar aukinn kostnaður af dýpkun hafnarinnar, sem hann getur ekki tekið að sjer fyrir minna en kr. 1,50 kubikmeter í stað kr. 1,00, sem áætlað var. Enn fremur hefir hann krafist sjerstakrar uppbótar, 25 aura fyrir kubikmeter, fyrir það, sem hann verður að koma út fyrir innri höfnina, en getur ekki komið beint. Getur það oft komið fyrir þegar austanátt er, að ekki sje hægt að koma því, sem grafið er upp úr höfninni, út úr innri höfninni á annan hátt, en að pumpa því yfir Eiðið.

Fyrir þetta þarf að greiða sjerstaka borgun. Þetta hafði ekki verið athugað í upphafi. Fleira er það, sem gjörir að verkið verður dýrara en áætlað var, og stafar það að nokkru leyti af stríðinu og því, að allir hlutir hafa hækkað í verði, t. d. cement.

Jeg vona að háttv. deild taki máli þessu vel, og sýni því þann sóma, að skipa í það þriggja manna nefnd, að umræðu þessari lokinni.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með öllum atkv.

Samþ. í e. hlj. að kjósa þriggja manna nefnd, og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Karl Einarsson,
Steingrímur Jónsson,
Magnús Pjetursson.

Á 49. fundi í Ed., fimtudaginn 2. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 195, 662, n. 668).

Framsögumaður (Karl Einarsson): Jeg ætla ekki að fjölyrða um þetta mál, því jeg álít, að þess gjörist ekki þörf.

Nefndin hefir leitast við að leggja fyrir hv. deild, öll þau skjöl, er hún áleit nauðsynleg og málinu viðkomandi. Mál þetta lá sem sje fyrir hv. deild fyrir 2 árum, og var þá athugað allnákvæmlega. Nú hefir, þegar til framkvæmdanna kom, sýnt sig, að ekki hefir fengist nægilega lágt tilboð. Hefi jeg því leyft mjer, eftir tilmælum sýslunefndar Vestmannaeyja, að bera fram frumvarp þetta, um aukinn styrk bæði með beinu tillagi og ábyrgð með heimild til lántöku. Að áætlunin er hærri nú en áður, stafar af því, að bæði dýpkun og uppfylling er dýrari; garðana þarf að gjöra sterkari og svo kemur ýms aukinn, áður ósjeður kostnaður, og svo verðhækkun á efni vegna stríðsins. Er það tekið fram í skjölunum, og skal jeg ekki dvelja við það, til þess að þreyta ekki hv. deild.

Endurbótin á görðunum er innifalin í því, að gjöra cementssteypu í stað grjóthleðslu, til styrktar. Enn þá hefir ekki verið tekin ákvörðun nema um Hringskersgarðinn, sem verið er að byggja, en hinir munu koma síðar.

Að öðru leyti leyfi jeg mjer að vísa til nefndarálitsins, en ef einhver háttv. þm. æskir frekari upplýsinga, mun jeg eftir mætti láta þær í tje. Nefndin óskar þess, að málið gangi fram með þeim breytingum, sem settar eru fram á þgskj. 662, því þar gæti verið um sparnað að ræða. Sömuleiðis mun ef til vill 20 þús. kr. fyrir administration vera of mikið í lagt, en jeg vil taka það fram, að annar verkfræðingurinn hefir 1000 kr., en hinn 800 kr. fyrir daglegt eftirlit, og svo er rentustofn, meðan verið er að byggja höfnina.

ATKVGR.:

Brtt. 662,1a samþ. með 12 shlj. atkv.
— 662,1b — — 12 — —
1. gr. svo breytt samþ. með 11 — —

Brtt. 662,2a samþ. án atkvgr.
— 662,2b — með 12 shlj. atkv.
2. gr. svo breytt samþ. — 11 — —
Brtt. 662,3 (ný grein) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.
Frumv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., föstudaginn 3. sept., var frumv. tekið til 3. umr. (A. 710).

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum, til þess að taka frumv. fyrir, og voru afbrigðin leyfð og samþykt.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgreitt til Nd.

(A. 735).

---

25. Þingsköp.

Á 50. fundi í Ed., föstudaginn 3. sept., var útbýtt

Frv. til laga um þingsköp Alþingis,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 709).

Á 52. fundi í Ed., laugardaginn 4. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum, til þess að taka frv. til umr., og voru þau leyfð og samþ.

Guðmundur Björnson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að frv. verði vísað til nefndarinnar, sem kosin var til þess að athuga þingsköpin.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með öllum atkv.

Vísað til þingskapanefndar með öllum atkv., en í henni sátu, af hálfu Ed.:

Guðmundur Björnson,
Björn Þorláksson,
Guðmundur Ólafsson,
Jón Þorkelsson,
Kristinn Daníelsson.

Á 57. fundi í Ed., föstudaginn 10. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 709, n. 858).

Framsm. (Guðmundur Björnson): Stjórnarskipunarlögin, sem samþ. voru á síðasta þingi, koma ekki heim við núgildandi þingsköp; þess vegna var borið upp á fundi í hv. Nd. frv. til laga, um breyting á þingsköpunum.

En það kom í ljós, einkum hjer í Ed., að vandinn var meiri en menn hafði grunað, og brýn þörf að athuga og íhuga þingsköpin öll, grein fyrir grein. Þess vegna var frv. í fyrra vísað til sjórnarinnar með rökstuddri dagskrá, þar sem skorað var á stjórnina, að leggja fyrir þetta þing vel undirbúið frv. til laga um þingsköp Alþingis.

En þar gripum við í tómt, þegar á þing kom í sumar. Stjórnin hafði gjörsamlega vanrækt að verða við áskorun Ed. — ekkert unnið að málinu — alls ekkert.

Þeirri vanrækslu er ekki bót mælandi. Hún er vítaverð — mjög vítaverð.

Þess vegna greip þingið til þess úrræðis, að skipa þingskapanefnd, sína í hverri deild, þegar í þingbyrjun, til þess að vinna það verk, sem stjórninni hafði verið falið, — að athuga vandlega þingsköpin og semja frv. um ný þingsköp.

Það er því ekki að furða, þó að þetta mál sje seint á ferðinni.

Vinnu þingskapanefndanna er lýst í nefndarálitinu á þgskj. 858 og í nál. Nd. á þgskj. 548 er gjörð nokkur grein fyrir öllum höfuðnýmælunum í frv. þingskapanefndanna.

Það er óhætt að segja, að sum af þess-

um nýmælum eru mjög mikils varðandi, og sum nýstárleg hjer á landi.

Þess vegna tel jeg mjer skylt að færa nokkur rök fyrir þeim. Þess er vert að minnast, að vjer Íslendingar eigum ein elstu og merkustu þingsköpin, sem til eru meðal mentaðra þjóða, þar sem er þingskapaþátturinn í Grágás.

Hjer er ekki um það að ræða, að rekja þingskapasögu okkar Íslendinga. Það er órannsakað mál, og glæsilegt viðfangsefni fyrir sagnfróða menn.

Hins vegar væri það ótvírætt mjög holt fyrir alla íslenska stjórnmálamenn, að kynna sjer sem best starfsferil Alþingis frá því, er það reis upp frá dauðum árið 1845.

Þá verður fyrst fyrir okkur Alþingistilskipunin 8. mars 1843. Í henni eru allítarleg þingsköp, sem sje 42.—78. gr. tilskipunarinnar. Þar er undirsstaðan; því smekkurinn, sem kemst í ker, keiminn lengi eftir ber. Þar er t. d. ákveðið (§ 77), að forseti skuli ekki hafa atkvæðisrjett, sem jafnan hefir haldist síðan.

Eftir þessum þingsköpum voru þingin háð 1845, 1847 og 1849.

En þjóðfundurinn 1851 samdi ný þingsköp, mjög vönduð og vel íhuguð; þingskapanefndin var skipuð bestu mönnum; þar sátu þeir Jón Sigurðsson, Kristján Kristjánsson, Eggert Briem, Jón Guðmundsson, Hannes Stephensen og Pjetur Pjetursson.

Nú varð engin breyting á þingsköpunum fyrr en 1875. Þá voru sett ný þingsköp. Frumvarpið var stjórnarfrumvarp, og segir í athugasemdum stjórnarinnar, að það sje „í öllum verulegum atriðum sniðið eftir þingsköpum þjóðþingsins á ríkisþinginu“.

Þetta frumvarp tók nokkrum breytingum og varð að lögum 7. apríl 1876.

Á Alþingi 1885 var borið upp frumvarp um breytingu á þingsköpunum, en varð ekki útrætt.

Á þingi 1889 var samþ. frumvarp um viðauka og breytingu á þingsköpunum, og varð að lögum 22. maí 1890. Þá var hlutfallskosning tekin upp á þingi; hafði ekki verið í þingsköpum áður.

Nú stóð alt óhaggað til 1903. Þá var samþykt stjórnarskrárbreytingin og heimilað um leið (lög nr. 51, $^{27}/_{11}$ 1903), að ákveða mætti til bráðabirgða með konunglegri tilskipun nauðsynlegar breytingar á þingsköpunum.

Er fljótt frá að segja, að núgildandi þingsköp voru samin og sett á Alþingi 1905, og hafa staðið óhögguð alt til þessa þings.

Frumvarpið á Alþingi 1905 var stjórnarfrumvarp, en nefndin í Nd. samdi nýtt frumvarp í þess stað. Lögin, núgildandi þingsköp, voru staðfest 10. nóv. 1905.

Þessi þingsköp, sem nú gilda, eru nauðalík þingsköpunum 1876.

Ef litið er yfir þenna þingskapaferil, þá leynir sjer ekki sú tilhneiging þingsins, að losa sem mest af sjer þingskapaböndin. 1876 og enn frekar 1905 var t. d. afnumin skylda þingmanna að greiða atkvæði. Það annað er til dæmis, að í þingsköpum þjóðfundarins voru hegningarákvæði, þingvíti, ef þingmenn brutu þingsköpin. En í þingsköpunum 1876 og 1905 eru engin þingvíti. Þingsköpin eru einu lögin í landinu, sem brjóta má á allar lundir að ósekju, án þess að nokkur sekt liggi við.

Þá er það annað, sem er býsna augljóst, að þingsköpin okkar í heild sinni hafa aldrei verið og eru ekki annað en uppsuða úr dönskum þingsköpum.

Þess vegna hafa þingskapanefndirnar á þessu þingi haft allan hug á að losa Alþingi úr því gamla danska tjóðri og semja þingsköp eftir þeim þingvenjum, sem mest hafa tíðkast og best hafa gefist á löggjafarþingum annara þingfrjálsra þjóða. Hins vegar hafa nefndirnar talið rjett og sjálfsagt að halda öllu því, alveg óbreyttu, sem vel má við una í núgildandi þingsköpum, enda er all-

ur ytri frágangur á þeim mjög vandaður, og er vert og verðugt að minnast þess manns, sem mest vann að því máli á þinginu 1905, en það var Magnús prófastur Andrjesson, síðar forseti Nd.

Ef nú háttv. deildarmenn vilja hafa fyrir sjer uppkast samvinnunefndarinnar og svo frv. á þgskj. 709, þá er auðvelt að koma auga á öll nýmæli í frumvarpinu.

Jeg sný mjer nú að því, að minnast á markverðustu nýungarnar.

Í 6. gr. frv. felst það nýmæli, að kosningin til efri deildar skuli fara eftir reglunum um nefndarkosningar, að hún skuli vera hlutfallskosning. Það er sjálfsögð lagarjetting. Hingað til hefir ríkjandi meiri hluti verið einráður um kosningu til Ed., og stundum sett minni hluta menn upp í Ed., þeim þvert um geð. Þetta er lagfært, og þingskapanefndirnar vildu lagfæra það *til fulls*, þannig, að nýkosinn þingmaður í stað látins þingmanns taki sæti hans. En Nd. hefir breytt því ákvæði í 9. gr.; verður sú breyting naumast talin til bóta, því að þá getur ekki verið um hlutfallskosningu að ræða, ef kjósa á einn mann.

Þá kemur að *forsetanum*. Í mörgum þingum er það siður á fyrsta þingi eftir kosningu, að kjósa forseta til reynslu — til mánaðartíma, og kjósa þá aftur forseta og þá til þingloka.

Starf forseta er svo áríðandi, að þar má ekkert út af bera. Þess vegna er sjálfsagt, að forseti megi segja af sjer, ef hann finnur sig ekki færan til starfsins, og eins hitt, að þingmenn geti vikið honum frá, ef svo miklar sakir eru, að mikill meiri hluti telur þess þörf. Um það fjallar 8. gr. frumvarpsins.

Við höfum hingað til farið að dönskum sið, og svift forseta okkar atkvæðisrjetti. Annars er það venja á löggjafarþingum um allan heim, að forsetar eigi atkvæðisrjett, og alstaðar er það siður, að forseti greiði sitt atkvæði síðastur allra, enda víða tekið til, að forseti þurfi þá ekki að greiða atkvæði, nema úrslitin velti á hans atkvæði.

Á forsetastól sitja oftast vanir þingmenn, sem bera gott skyn á öll þingmál, á við bestu menn á þingi. Það er því mjög illa til fundið, að svifta þá atkvæðisrjetti. Og út yfir tekur, ef meiri hluti þingsins setur einhvern færasta mann minni hlutans upp í forsetastólinn til að losna við atkvæði hans og afskifti af þingmálum. En það hefir oft komið fyrir; það vitum við.

Þá er það annað, að forsetarnir hafa hingað til haft lang minst að gjöra allra þingmanna. Starfskraftar þeirra farið mikið forgörðum. Það er illa farið. En úr því er nú bætt með því, að ætla forsetunum sæti í vinnunefndum deildanna, sem eiga að hafa það mikilsverða starf með höndum, að ráða öllum vinnubrögðum þingsins eftir því, sem segir í 16. grein frumvarpsins.

Hins vegar hefir reynslan leitt í ljós, að það er mjög svo óhentugt, að ætla forsetunum öll þau margvíslegu aukastörf, sem nú hvíla á þeim. Þeir eiga nú að vera reikningshaldarar Alþingis og útgefendur Alþingistíðindanna. Þeir eiga að vera bókaverðir, þeir eiga að sjá um þinghúsið og þinghússgarðinn. Þessu öllu eiga þeir að vasast í, jafnt milli þinga sem á þingi.

Og reynslan hefir sýnt, að úr þessu hefir eðlilega orðið mesta vafstur, sem óþarfi er að lýsa, óþarfi, af því öllum er orðið ljóst, að þingið verður að hafa fastan skrifstofustjóra, enda er margt og mikið fyrir þann mann að gjöra milli þinga.

Þetta merka nýmæli felst í 11. grein frumvarpsins.

Þá kem jeg að annari stærstu nýunginni í þessu frumvarpi þar sem er 16. gr., um nefndaskipunina.

Ekkert þing í heimi hefir unnið sjer jafn óhægt eins og Alþingi. Alstaðar annars staðar er það aðalvenjan, að hafa fastar nefndir, til að fjalla um þingmálin,

svo að mörg mál fara í sömu nefnd. Í alþingi Bandaríkjanna eru jafnan 48 fastar nefndir, og öllum þingmálum skift milli þeirra.

Í þingi Norðmanna eru föstu nefndirnar 13, og mjög fátítt að lausanefnd sje kosin til að fjalla um eitt einstakt mál.

En hjer, á okkar fámenna þingi, hefir það verið föst óvenja að kjósa sjerstaka nefnd fyrir hvert mál. Og það er fyrst nú á síðustu þingum, að komið hefir upp vísir til fastra nefnda, svo sem landbúnaðarnefnd, sjáfarútvegsn. og samgöngumálan.

Skjótt frá að segja, þá eru ákvæði 16. greinar aðallega sniðin eftir þingsköpum Norðmanna.

Við erum ekki hjer á þingi til margskiftanna; getum ekki haft margar fastar nefndir á stokkunum.

Í Noregi er þingmönnum skift svo, að hver þeirra er ekki nema í *einni* nefnd. Hjer verðum við þó að ætla hverjum þingmanni sæti í tveim nefndum.

Í báðum deildum eiga að vera sömu 7 fastanefndir, og vitanlega er ætlast til, að þær iðulega vinni saman, þ. e. að þær sjeu samvinnunefndir.

Í hverri deild eiga svo forseti, varaforseti og formenn fastanefndanna að ráða öllum vinnubrögðum; það er *vinnunefnd* hverrar deildar; hún á að segja fyrir verkum.

Við hugsum okkur að allar fastanefndir hafi fund á hverjum degi árdegis, og sjeu tveir fastir fundartímar, t. d. á dagmálum og hádegi, svo niður raðað, að hver þingmaður sje í tveim fastanefndum, og sæki nefndarfund á dagmálum og annan á hádegi — aldrei árekstur. Þá hugsa jeg mjer fundi í báðum deildum á miðmunda. Síðara hluta dags hafa þingmenn þá næði til að *vinna* hver að sínu máli, því sem honum hefir verið falið til framsögu. Nú er aldrei næði; kvöldin fara þá til flokksfunda, eins og nú gjörist. Þá er annað: Vinnunefndin á að semja *vinnuskrá* — taka til í hvaða röð hver fastanefnd skuli afgreiða þau mál, sem *hún* fær til meðferðar. Komi nýtt mál, verður því bætt aftan við eða skotið inn á skrána á undan öðrum málum.

Hver fastanefnd hefir formann og fundarskrifara, en þar fyrir utan á hún að kjósa mann úr sínum hópi til að vinna að hverju einu máli, sem fyrir kemur (ritara og framsögumann). — Er auðsætt, að *allir* nefndarmenn fá þannig ærið að starfa; — hver fær sitt mál, sem hann á að vinna að, og síðan bera undir nefndina.

Ákvæðin í 16. gr. um mannabýtti í nefndum eru einkar þörf hjer í fámenninu.

Jeg heyri marga spyrja, hvað *allsherjarnefndin* eigi að gjöra; sumir kalla hana ruslakistu.

En hún verður ein veglegasta nefndin; í hana ætti að skipa fjölhæfustu mönnum þingsins, því að þar verða fjölbreyttust verkefnin.

Yfirleitt teljum við það eitt rjett, að láta reynsluna skera úr því, hvernig verkum skuli skifta milli þessara fastanefnda, og sjái þingið sjer fært að hafa þessar fastanefndir fleiri, þá er ekkert því til fyrirstöðu í þessu frumvarpi. Því verður ekki neitað, að þjóðin er komin á þá skoðun, að Alþingi sje mjög ábótavant í vissum greinum. En ekkert tekur þjóðina eins sárt og gálausleg meðferð á fjármálum landsins.

Gáleysi Alþingis í fjármálum hefir oft verið svo átakanlegt, að það verður ekki dulið. Við getum ekki neitað því. Þingtíðindin segja eftir þinginu. En eitt er það, sem horfir til mikilla málsbóta í því sakamáli Alþingis, og það eru þingsköpin okkar; okkar núgildandi þingsköp eru breiður vegur, sem til glötunar leiðir í öllum fjárveitingamálum.

Þess vegna höfðu þingskapanefndirnar fullan hug á því, að ryðja þar nýja og betri braut.

Við höfum skift starfi fjárlaganefndar. *Fjárhagsnefndinni* er ætlað að fást við landsreikningana, alla meðferð stjórnarinnar á fjármunum þjóðarinnar. Hún á að íhuga vandlega tekjubálk fjárlaganna, sem jafnan hefir verið vanræktur; hún á að fjalla um öll skattamál — vera sívakandi skattanefnd. Hún á að rannsaka vandlega hag viðlagasjóðsins og alla meðferð stjórnarinnar á opinberum sjóðum. Hún á að leggja ráðin á um lántökur landssjóðs. Hún á að sýsla um öll bankamál. Það er auðsætt, að þessi nýja nefnd verður ein merkasta nefndin á þingi.

Fjárlaganefndirnar okkar hafa í rauninni aldrei verið annað en fjárveitinganefndir. Um útgjöldin hefir alt snúist, enda er það kappnóg starf fyrir þá nefnd.

Það er auðvitað, að þessar tvær nefndir, *fjárhagsnefnd* og *fjárveitinganefnd*, hljóta alt af að bera sig saman, ef vel er unnið.

Við vitum, að meðan fjárlaganefnd situr önnum kafin við það starf, að íhuga útgjaldaþarfirnar og vinsa úr þeim, þá eru oft *á bak við fjárlaganefnd* drifin gegn um þingið frumvörp, sem baka landssjóði stór, ný útgjöld, og rugla allar ráðagjörðir fjárlaganefndar um eyðslu og sparnað.

Í síðustu málsgrein 16. gr., er reynt að bæta úr þessu, með því að heimta, að útgjaldafrumvörp skuli borin undir fjárveitveitinganefnd, fjárhagsatriðið í þeim.

Þá höfum við í 29. gr. sett strangari ákvæði en áður um þingsályktunartillögur, sem fara fram á útgjöld úr landssjóði.

Þá er enn eitt nýmælið í 32. gr. Það ákvæði á að sporna við því, að alt starf fjárveitinganefndar verði sundurtætt af taumlausum brtt. einstakra þingmanna.

Það er víst, að mjög margir þingmenn hefðu kosið þessi ákvæði strangari, eins og þau eru í uppkastinu.

En nú tjáir ekki að tala um það.

Loks er hjer að nefna það nýmæli í 44. gr., að enginn þingmaður má greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín.

Það er leiðinlegt að þurfa að setja þetta ákvæði í þingsköpin. En dæmin eru orðin mörg — of mörg, — sem sýna, að ekki verður hjá því komist. Þetta ákvæði stóð líka í þingsköpum þjóðfundarins. Það stendur í þingsköpum margra annara þjóða. Og úr því jeg minnist á aðrar þjóðir, þá vil jeg geta þess, að alstaðar annarsstaðar ráða fjárveitinganefndir miklu meira en hjer á þingi. Í Englandi hefir stjórnin ein frumkvæðisrjett um ný útgjöld.

Í Finnlandi hafa Finnar sjálfir sett sjer þau lög, að þar þarf $^2/_3$ atkvæða með öllum tillögum um ný útgjöld.

Þá er að segja frá því, að við höfum safnað í einn bálk öllum ákvæðum um þingfundina, og köllum *fundarsköp*. Þar eru ýms nýmæli, og öll auðskilin. En sjerstaklega vil jeg vekja athygli á 44. greininni um atkvæðagreiðslur.

Hver sem ekki er með mjer, hann er á móti mjer. *Það* er sú regla, sem að sjálfsögðu *á* að gilda um hverja tillögu á þingi; og þar er nú loksins tekinn af allur vafi, með 2. málsgrein 44. greinar, og svo skýlausum ummælum 47. greinar um afl atkvæða.

Mönnum hefir orðið tíðrætt um skyldu þingmanna til að greiða atkvæði.

Í flestum erlendum þingsköpum er það talin *bein* skylda hvers þingmanns að greiða atkvæði, nema hann fái undanþágu af lögmætum ástæðum. Þannig var þetta líka í þingsköpum þjóðfundarins. Og þannig var það á okkar fornfræga Alþingi. Þar varðaði þriggja marka sekt, ef lögrjettumaður gjörði ekki annaðhvort að játa eða neita.

Við höfðum stungið upp á að taka hjer upp *leynilega* atkvæðagreiðslu (í 46. gr.). Hún tíðkast í flestum öðrum þingum. Nd. vill ekki fallast á þá tillögu, og jeg skal ekki fjölyrða um það.

Þá höfum við tekið upp í frumvarpið sektarákvæði fyrir þingsafglöpun, og þar farið eftir þingsköpum þjóðfundarins. En þess vil jeg geta, að í mörgum þingfrjálsum löndum, t. d. Frakklandi og Bandaríkjunum, eru þingvítin miklu strangari en hjer er sett.

Jeg hefi nú skýrt mjög lauslega helstu nýmæli frumvarpsins.

Ætti að rekja allar þær athuganir, sem það er bygt á, þá veitti mjer ekki af margra tíma áheyrn.

Við, sem mest höfum að þessu máli unnið, finnum það manna best, að margt *mætti* betur fara.

Og það hafa líka, eins og gjörist, verið mismunandi meiningar okkar á milli, um ýms atriði.

En um það erum við allir samdóma, að þessi nýju þingsköp hljóti að leiða til margs góðs hjer á þingi, ef vel er á haldið.

Jeg vil svo að síðustu ítreka ummæli nefndarinnar í nefndarálitinu; það eru vinsamleg tilmæli okkar til háttv. deildarmanna, að þeir fallist nú á frumvarpið óbreytt eins og það liggur fyrir, og láti sjer lynda þetta frumv., stofni því ekki í þann háska, að fara á hrakning milli deildanna, núna í þinglokin, þegar alt er komið á tjá og tundur.

Allt orkar tvímælis, þá er gjört er. Svo er um okkar nýju stjórnarskipunarlög, og svo er um þessi nýju þingsköp.

En þess munum við allir óska, að bæði þessi nýmæli verði þjóðinni til þroska og blessunar.

Karl Finnbogason: Því miður hefi jeg ekki getað kynt mjer frv. þetta nógu nákvæmlega. Þó hefi jeg rekið mig á einstöku atriði, sem mjer þykja athugaverð, og mun jeg minnast á hin helstu þeirra.

Í síðustu málsgrein 5. gr., þar sem um prófun kosninga og kjörgengis er að ræða, er svo að orði komist um þingmann, sem bornar hafa verið brigður á að væri rjettkjörinn: „En fresti þingið úrskurði um það, þá tekur hann engan þátt í störfum þingsins, uns það mál er útkljáð, og kosning hans og kjörgengi er viðurkent“. Það er mjög vafasamt, hvort rjett er að banna manni að taka þátt í störfum þingsins, þótt einhver kæra hafi komið fram um kosningu hans eða kjörgengi, þar sem hægt er að fresta svo og svo lengi úrskurði um hana; og ekki er örgrant um, að mótflokksmenn mundu nota sjer þetta, ef þeir hefðu mátt til, og fresta óhæfilega lengi úrskurðinum. Ætti því að gefa þinginu að eins *ákveðinn* frest til úrskurðar. Í síðasta hluta 8. gr. stendur það, að þingdeild eða sameinað Alþingi geti vikið hverjum embættismanni sínum frá, ef fyrir því fást $^2/_3$ samatkv. þingmanna eða deildarmanna. Mjer er ekki fyllilega ljóst, hvaða sakir þurfa til þess, að þessu ákvæði megi beita; megi vikja embættismanni þings frá, þótt sakir sjeu litlar og það sjest eigi, að greinin reisi skorður við því, þá virðist ákvæðið varúðarvert, og ekki hættulaust, að því kunni að verða misbeitt.

Þá er ráðning skrifstofustjórans. Það er gjört ráð fyrir, að forsetarnir ráði hann. En það er mikið álita mál, hvort eigi væri rjettara, þar sem hann er ráðinn til svo langs tíma, að stjórnarráðið skipaði hann og gæfi honum erindisbrjef.

Loks er að minnast á orðalag á einum stað í 16. gr. Þar er talað um samkynja nefndir. Þetta þykir mjer óviðkunnanlega og jafnvel óheppilega að orði komist, því hjer eftir getum vjer gjört ráð fyrir, að fólk af báðum kynjum sitji á þingi. Viðkunnanlegra þætti mjer, að þar stæði, *sams konar*, enda samkvæmara almennri málvenju.

Jeg bendi á þessi atriði, án þess þó að ætla að gjöra þau að ágreiningsatriðum; en skýt því að eins til hv. nefndar, hvort

hún vilji ekki taka þau til íhugunar til 3. umr.

ATKVGR.:
1. gr. samþ. í e. hlj.
2.—15. gr. samþ. í e. hlj.
16.—18. gr. — - - —
19.—32. gr. — - - —
33.—50. gr. — - - —
51.—55. gr. — - - —
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 59. fundi í Ed., mánudaginn 13. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 709, 962).

Karl Einarsson: Jeg á hjer ofurlitla brtt., sem jeg hefi komið fram með, en sökum þess, að jeg hefi ekki haft nógu góðan tíma til að athuga frv., hefir hún ekki komið fyrr.

Jeg hefi komist að raun um, að báðar nefndirnar, bæði í Nd. og Ed., hafa haft mikið starf með höndum, og farist það að mörgu leyti vel. Jeg vil þó ekki segja með því, að allar till. þeirra sjeu til bóta, svo sem það, að þingmaður skuli missa kaup sitt, ef hann greiðir ekki atkvæði við nafnakall, en jeg mun ekki gjöra það að ágreiningsatriði. Þó er ekki svo að skilja, að jeg sje ekki samþykkur því, að eitthvað liggi við þessu; en þannig löguð sekt finst mjer ekki heppileg, og má ýmislegt illt af þessu leiða. Reynslan mun skera úr því, en sökum þess, að jeg býst við, að frv. gangi fram að mestu óbreytt, fjölyrði jeg ekki um það.

Hins vegar vona jeg, að hv. deild taki brtt. mína til greina. Jeg lít svo á, að ákvæði 32. gr. ríði algjörlega í bág við stjórnarskrána. Þar sem krafist er, að qualificeraður meiri hluti sje skilyrði fyrir því, að brtt. einstakra þm. við fjárlög nái fram að ganga, ef allir nefndarmenn í fjárlaganefnd eru á móti. Það er lítil hætta á, að fjárveitingarbeiðni nái fram að ganga, ef hún hefir ekki fylgi eins úr annari hvorri nefndinni í deildunum, og hefir ákvæði þetta því mjög litla þýðingu. Þetta ákvæði stendur þó í frv., og álít jeg illa farið, ef það verður samþykt. Ef þetta er ekki á móti stjórnarskránni, þá skil jeg ekki hvernig er hægt að brjóta hana. Þessu lík ákvæði mætti setja í þingsköpin, um hvaða lög sem er og hvaða ályktun sem er, ef þetta er leyfilegt.

Með þessu mætti alveg gjöra stjórnarskrána að dauðum bókstaf, og gjörbreyta öllu stjórnarfyrirkomulagi. Vona jeg, að menn sannfærist um þetta, er þeir athuga það. Eftir því, sem jeg lít á, og veit að rjett er, er alt stjórnarskrárfyrirkomulag okkar bygt á því, að meiri hluti á að ráða. Vona jeg því, að hv. deild geti fallist á brtt. Hygg jeg, að þingmenn sjeu yfirleitt ekki hrifnir af þessu ákvæði, enda komst það inn í annari mynd, en nú hefir það enga praktiska þýðingu, nema sem hættuleg fyrirmynd.

Framsm. (Guðmundur Björnson): Að eins örfá orð. Brtt. þessi kom nokkuð á óvænt, en jeg skal vera stuttorður um hana. Hv. þm. Vestm. (K. E.), hjelt að hjer væri að ræða um brot á stjórnarskránni, en það atriði höfðum við þegar íhugað, og borið það undir ýmsa af bestu lagamönnum borgarinnar, og þeir hafa eindregið lýst yfir, að svo væri ekki. Annað er það, sem, ef til vill, gæti komið til mála að óttast að væri brot á stjórnarskránni, sem sje það, að þingsköp vor svifta forseta atkv. sínu, en það álíta menn einnig að sje fyllilega heimilt.

Jeg get bent hv. þm. á það, sökum ótta hans við að teknar verði ýmsar mismunandi ákvarðanir um lagafrv., að það er mjög tíðkanlegt, að hafa strangari fyrmæli um fjárveitingar, heldur en um samþyktir annara tillagna.

Flm. brtt. talaði um, að meiri hluti ætti að

ráða, en um tvenns konar meiri hluta getur verið að ræða, sem sje einfaldan og aukinn, og jafnvel getur verið krafist, að samþ. sje í einu hljóði. Hjer er því að eins verið að koma í veg fyrir, að meiri hlutinn sje of lítill. Jeg álít því, að hjer sje að ræða um eitt það besta í þingsköpum okkar, meiri forsjálni, en engin ástæða til að óttast, að það sje brot á stjórnarskránni.

Karl Einarsson: Ræður hv. frsm. (G. B.), sannaði algjörlega mál mitt. Hann tók fram, að hjer þyrfti meira en venjulegan meiri hluta, og að það væri gagnstætt því, sem annars væri regla. Hjer er því um stjórnarskrárbrot að ræða, því hún gjörir að eins ráð fyrir einföldum meiri hluta.

Frsm. (Guðm. Björnson): Jeg mótmæli algjörlega, að hjer sje um stjórnarskrárbrot að ræða. Jeg get ekki ímyndað mjer, að hæstv. ráðh., sem mönnum mun koma saman um, að sje einhver glegsti lögfræðingur þessa lands, myndi koma fram með frv., sem væri brot á stjórnarskránni, og jeg verð að segja, að í þessu máli met jeg meir úrskurð hans en álit hv. þm. Vestm. (K. E.).

ATKVGR.:

Brtt. 962 feld með 9 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei*:
Hákon Kristófersson,	Björn Þorláksson,
Karl Einarsson,	Steingr. Jónsson,
Karl Finnbogason,	Eiríkur Briem,
Magnús Pjetursson.	Guðm. Björnson,
	Guðm. Ólafsson,
	Jón Þorkelsson,
	Jósef Björnsson,
	Kristinn Daníelsson,
	Sigurður Stefánsson.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt
sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 966).

---

26. Járnsandur.

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn 1. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild til þess að veita einkarjett til þess að hagnýta járnsand (volcanic sand),
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 674).

Á 52. fundi í Ed., laugardaginn 4. sept., var frumv. tekið til 1. umr.

Jósef Björnsson: Jeg lít svo á, að heppilegt sje, að kjósa þriggja manna nefnd til þess að athuga þetta mál að þessari umræðu lokinni.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 11 samhlj. atkv.

Samþ. að skipa þriggja manna nefnd með öllum atkv., og hlutu kosningu í hana með hlutfallskosningu:

Karl Einarsson,
Karl Finnbogason,
Sigurður Stefánsson.

Á 56. fundi í Ed., fimtudaginn 9. sept., var frumv. tekið til 2. umr. (A. 674, n. 804, 813).

Sigurður Stefánsson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með brtt. á þgskj. 813.

Svo er um mál þetta, að það getur að vísu verið glæsilegt til fjár fyrir þingið, og því skylda þess, að hugsa sig tvisvar um, áður en það leggur stein í götu þess. Því peningavon er ef til vill

nokkur. En jeg álít það líka skyldu þingsins, jafnt í þessu máli sem öðrum, að athuga vel, hvað það er að gjöra, og gleypa ekki umhugsunarlaust hverja þá flugu, sem að kemur. Hvað þetta mál snertir, þá er grundvöllurinn ekki sjerstaklega vænlegur. Það er regla í almennu viðskiftalífi, að menn vilja helst þekkja þann aðilja, er þeir semja við, og gjöra það ekki ella, en svona lög frá löggjafarvaldinu eru grundvöllur til samninga fyrir landsstjórnina. Þegar litið er á, hverja hjer á að semja við, þá vitum við það eitt, að fjelagið heitir S. O. & Co. og á heima í Lundúnaborg. Annað vitum við ekki eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja. Þetta er algjörlega ónógt; við verðum að fá að vita, hvort fjelag þetta er samningshæft, og hvort nokkur von er um, að eitthvað komi út af samningum þessum. Allar fyrirspurnir, sem gjörðar voru í hv. Nd., viðvíkjandi fjárhag fjelags þessa og ástæðum, hafa verið árangurslausar. Enska stjórnin hefir tvisvar verið spurð, og í bæði skiftin hliðrað sjer hjá að svara, og að því er sagt er, hafa fyrirspurnir í gegn um Íslandsbanka verið til einskis. Jeg verð því að segja, að þetta er ofurlítið skrítið, ekki síst þegar þess er gætt, að sagt var í Nd. að stofnfje fjelagsins væri 3 milj. sterlpd., og er það allálitleg upphæð, og ætti þess frekar að vera hægt að fá nokkra vissu um fjelagið.

Allt það, sem við vitum um tildrög þessa máls, er það, að maður nokkur kom hjer til lands, til að skoða þenna sand. Annað veit Alþingi ekki, nema það, sem sagt hefir verið um stofnfjeð, og þar hefir fylgt með, að af þeirri upphæð ættu 300 þús. sterlpd. að ganga til fyrirtækisins hjer. Þetta er vitanlega stórfje, og þess vegna lít jeg svo á, að ekki væri nema sanngjarnt, að einhver trygging væri heimtuð fyrir því, að þetta væri eitthvað annað en fálm.

Jeg lít sem sje svo á, að ekki sje samboðið virðingu löggjafarvaldsins, að hlaupa upp til handa og fóta, þó einhverjir einstakir menn komi og segist hafa svo og svo margar miljónir undir höndum, til þess að stofna hjer ýms fyrirtæki, og segi: Veitið okkur leyfi! Í Englandi er eins og annarsstaðar fjöldi fjárglæframanna, og viti þingið ekki með vissu, að ekkert slíkt sje hjer um að ræða, ber því skylda til að neita beiðninni. Af þessum ástæðum hefi jeg komið með brtt. Ef fjelagið er trygt og áreiðanlegt og hefir stofnfje það, sem látið er í veðri vaka að til sje, þá er tryggingarupphæðin svo lág, að hún getur ekki orðið fyrirtækinu að falli, en hins vegar er hún sanngjörn og gefur ofurlitla tryggingu. Annars er upphæðin í raun og veru of lág. Mjer er að vísu ekkert sjerstakt kappsmál að brtt. verði samþykt, en jeg kunni betur við að koma með hana.

Eiríkur Briem: Jeg get ekki greitt atkvæði með frumvarpi þessu, eins og það liggur fyrir. Áður fyrr komu fram beiðnir um einkaleyfi, t. d. til að vinna salt, en þar var tíminn 30 ár, og jeg álít það alt of langt. En af því að ekki varð sjeð, að það kæmi í bág við hagsmuni nokkurs manns, þá var það látið ganga fram. En þegar um einkarjett er að ræða, þá á hann hvorki að vera 30 og því síður 50 ár. Jeg skal ekki segja að þetta mætti ekki innan landhelgi við Hjeraðsflóa, en þessir menn, sem hjer ræðir um, hafa forgangsrjett til að hagnýta sjer sandinn, hvar sem er, og geta þannig bolað öðrum frá, nema þeir borgi þeim eitthvað, og gjört sjer forgangsrjett sinn að fjeþúfu, án þess sjálfir að starfrækja nokkurn hlut. Af þessum ástæðum get jeg ekki greitt atkv. með frv., eins og það er nú.

Framsm. (Karl Finnbogason): Jeg lít nokkuð öðru vísi á þetta mál en þeir hv. þm., sem talað hafa á undan mjer.

Hjer er beðið um leyfi til að hagnýta sjer járnsand, utan dráttarsvæðis en innan landhelgi. Getur nú nokkuð ilt eða nokkuð gott leitt af að nota þennan sand, sem nú er einskis virði? Gott getur leitt af því. Ef sandurinn yrði notaður, er fyrst og fremst trygging fengin fyrir því, að landssjóður fengi tekjur. Í öðru lagi getur orðið hagur að mannvirkjum þeim, sem gjörð verða, og það ef til vill þar, sem mest ríður á, t. d. höfn við Hjeraðsflóa. Mjer blandast því ekki hugur um, að gott getur leitt af þessu. Enn fremur getur þetta orðið til gagns fyrir þá, sem að verkinu starfa, bæði innlenda og útlenda.

En getur nú nokkuð ilt leitt af þessu? Í frv. er svo um hnútana búið, að það ætti ekki að geta orðið. Ef ekki er byrjað á fyrirtækinu innan 5 ára, má segja leyfinu upp með eins árs fyrirvara. Þessi 5 ár geta því liðið, og jeg sje ekki hættu þá, sem af því gæti stafað. Komist fyrirtækið á fót, er áreiðanlegt, að landið hefir hag af því, og hjeraðið líka. Skilyrðin eru svo ströng í frv. að þess gjörist tæplega þörf, að þau sjeu strangari. Jeg álít því brtt. háttv. þm. Ísaf. (S. St.) næsta óþarfa, þó hún skifti litlu, en jeg álít ekki rjett, að þingið gjöri sjer samningaumleitanir að fjeþúfu. Það gæti líka orðið til að fella frv., ef brtt. yrði samþ. hjer. Þinginu er næstum lokið, og þurfi að fara að þvæla málinu milli deilda, gæti það hæglega orðið til þess, að það gengi alls ekki fram á þessu þingi. Það teldi jeg illa farið.

Þá talaði háttv. 1. kgk. þm. (E. B.) um að leyfistíminn væri of langur, og er jeg honum þar næsta samdóma. En hjer er þess að gæta, að leyfið er að eins bundið við þennan eina stað. Annarsstaðar er fjelagið bundið við sömu kosti og önnur fjelög kunna að bjóða, svo jeg sje ekki að neitt sje fast bundið við þetta eina fjelag, og því afsakanlegt, þó tíminn sje svona langur. Auk þess er vert að gæta þess, að ef þessu ákvæði væri breytt, er það sama sem að drepa frv. Mæli jeg því með því, að frv. verði samþ. óbreytt, og vona jeg að engin hætta geti af því stafað, en þvert á móti, að það geti orðið til góðs.

Sigurður Stefánsson: Hv. þm. Seyðf. (K. F.) talaði um, að skilyrðin í brtt. minni væru nokkuð ströng. Jeg get ekki annað sjeð, en að þetta sjeu sjálfsögð skilyrði, sem jafnan verði að setja undir líkum kringumstæðum. En fari svo, að leyfi verði veitt og leyfishafi notar það ekki, þá er ekki nema eðlilegt að löggjafarvaldið líti svo á, sem það sje flekað. Og ekkert er algengara í viðskiftalífinu en að tveir menn gjöri samning, og ef hann er svo ekki uppfyltur af öðrum aðilja, þá vill hinn aðilinn jafnan fá eitthvað fyrir snúð sinn og snældu. Ekki er hægt með nokkurri sanngirni að segja, að líklegt sje, að þessar 100,000 kr. sem brtt. fer fram á sem tryggingu, muni tálma fyrirtækinu, nema því að eins, að þetta sje alt humbug. *(Karl Finnbogason:* Það tálmar því, að frumvarpið komist í gegn um þingið). Jeg fæ ekki sjeð, að svo þurfi að fara, því þó áliðið sje þings, þá má vel afgreiða frv. með afbrigðum frá þingsköpunum, eins og oft er siður um þau mál, sem menn leggja mikið kapp á að koma í gegn um þingið.

En annars er slík trygging, sem hjer er farið fram á, alls ekki neitt nýtt, er jeg hafi fyrstur manna fundið upp. Jeg hygg að fleiri ríki heimti ávalt einhverja tryggingu, þegar þau veita slík einkaleyfi, sem hjer er talað um. Jeg þarf t. d. ekki að minna á annað en það, að þegar fyrst kom til orða að leggja sæsíma yfir Atlantshafið hingað til Íslands, þá veitti danska stjórnin einkaleyfi í því skyni, en hún heimtaði 100,000 dala tryggingu fyrir því, að verkið yrði framkvæmt. Nú fór eins og kunnugt er svo, að maðurinn, sem einkaleyfið fjekk, gat fyrir sjerstaka slysni ekki lagt út í fyrirtækið, en danska stjórn-

in stakk þessum 100,000 dölum í ríkissjóðinn. Slík dæmi eru algeng í heiminum. Hefði brtt. mín verið þannig, að heimtað hefði verið of fjár af fjelaginu, þá hefði vitanlega mátt segja, að vísvitandi væri verið að setja stein í götu fyrir fjelagið, en þar sem hjer er ekki að ræða um nema 2% af stofnfje fjelagsins, þá getur það ekki tafið fyrirtækið, nema því að eins, að fjelagið hafi ekkert fje með höndum.

Framsm. (Karl Finnbogason): Því fer fjarri, að jeg sjái eftir því, að fjelagið láti af hendi slíka tryggingu, sem hv. þm. Ísaf. (S. St.) mælir með, og jeg óttast alls ekki, að fjelagið sje ekki fært um að greiða hana. Fyrirtækinu verður krafan um tryggingu því naumast að falli. En jeg býst við að breytingin yrði frumvarpinu að falli. Þess vegna er jeg henni mótfallinn. Jeg vil því leyfa mjer að skjóta því til hv. deildar, hvort önnur leið sje ekki hugsanleg út úr þessum vanda. Jeg lít svo á, að stjórnin geti t. d. sett þetta skilyrði þegar samningar hefjast milli hennar og leyfisbeiðanda. Mætti skora á stjórnina að gjöra þetta, í þingsályktunartillögu, sem fram kæmi um leið og 3. umr. málsins færi fram. Jeg mun glaður greiða slíkri tillögu atkvæði mitt. Jeg fæ ekki betur sjeð, en að málinu sje fullkomlega borgið, ef þessi leið er valin, og allir mættu vera ánægðir með það, ef þeir annars vilja leyfa málinu að ganga fram.

ATKVGR.:

Brtt. 813,1 feld með 6 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Steingrímur Jónsson,	Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Ólafsson,
Guðm. Björnson,	Hákon Kristófersson,
Jón Þorkelsson,	Karl Einarsson,
Kristinn Daníelsson,	Karl Finnbogason,
Sigurður Stefánsson,	Magnús Pjetursson.

Jósef Björnsson greiddi ekki atkv.

1. gr. samþ. með 9 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Guðm. Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Hákon Kristófersson,	Guðm. Björnson,
Jón Þorkelsson,	Sigurður Stefánsson.
Jósef Björnsson,	
Karl Einarsson,	
Karl Finnbogason,	
Magnús Pjetursson,	

Kristinn Daníelsson greiddi ekki atkv. og taldist með meiri hlutanum.

2. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv.

Brtt. 813,2 sjálffallin.

3.—8. gr. samþ. með 9 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Guðm. Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Hákon Kristóferss.,	Guðm. Björnson,
Jón Þorkelsson,	Sigurður Stefánsson.
Jósef Björnsson,	
Karl Einarsson,	
Karl Finnbogason,	
Magnús Pjetursson.	

Kristinn Daníelsson greiddi ekki atkv. og taldist með meiri hlutanum.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 7 : 4 atkvæðum.

Á 59. fundi í Ed., mánudaginn 13. sept., var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. 674).

Framsm. (Karl Finnbogason): Jeg vona að frv. þetta verði nú samþ. hljóðalaust við þessa umræðu. Ágreiningurinn, sem hjer var um daginn út af þessu máli, verður væntanlega jafnaður með þingsályktunartillögu þeirri, sem er 7. mál á dagskránni í dag. Jeg leyfi mjer að vona, að háttv. deild samþykki bæði frumvarpið og

þingsályktunartillöguna og vænti þess, að hæstv. forseti og háttv. deild hafi ekkert á móti því, þó jeg mæli með hvorutveggja í einu.

ATKVGR.:

Frumvarpið samþ. með 10 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Guðm. Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Hákon Kristófersson,	Guðm. Björnson.
Jón Þorkelsson,	
Jósef Björnsson,	
Karl Einarsson,	
Karl Finnbogason,	
Magnús Pjetursson.	

Kristinn Daníelsson og Sigurður Stefánsson greiddu ekki atkvæði og töldust því til meiri hluta.

Frumvarpið afgreitt
sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 968).

---

27. **Tún og matjurtagarðar.**

Á 41. fundi í Ed., þriðjudaginn 24. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um mælingar á túnum og matjurtagörðum,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 499).

Á 43. fundi í Ed., fimtudaginn 26. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Jósef Björnsson: Jeg leyfi mjer að leggja til, að kosin verði þriggja manna nefnd, til að athuga mál þetta, að þessari fyrstu umr. lokinni.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 12 atkv.

Þriggja manna nefnd samþ. í e. hlj.

Í nefndina kosnir með hlutfallskosningu:
Jósef Björnsson,
Karl Einarsson,
Sigurður Stefánsson.

Á 53. fundi í Ed., mánudaginn 6. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 499, n. 729).

Framsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg þarf ekki að þylja langt mál um brtt. þær, sem nefndin flytur, því ástæður hennar eru greinilega teknar fram í nefndarálitinu.

Málið kom fram á Alþingi 1913, og fór þá svo, að skorað var á stjórnina að rannsaka og undirbúa fyrir Alþingi nú, frv. til laga um þetta efni, og leggja það fyrir þingið.

En bæði þingið og einstakir menn hafa talið þörf þessara mælinga, því hagskýrslurnar eru nú bæði ófullkomnar og óábyggilegar um þetta atriði.

Stjórnin leitaði álits og tillagna Búnaðarfjelags Íslands um málið, og ljet Búnaðarfjelagið gjöra tilraunir í öllum fjórðungum landsins, um hvað þessar mælingar myndu kosta, og komst fjelagið að þeirri niðurstöðu, að mælingarkostnaðurinn myndi verða um 8 kr. á hvert býli á landinu. Nefndin veit ekki hver kostnaðurinn verður; hún lætur það liggja milli hluta, en telur hins vegar, að þetta muni láta nærri. En þegar Búnaðarfjelagið fjekk skýrslurnar um þessar tilraunamælingar, var orðið svo áliðið tímans, að landsstjórnin gat ekki samið frv. um þær. En jafnframt því, sem Búnaðarfjelagið síðastliðið vor sendi stjórnarráðinu tillögur sínar um þetta mál, sendi það einnig frv. um mælingarnar, og var það flutt af þingmanna hálfu inn á þingið í Nd. og lagt fram orðrjett eins og Búnaðarfjelagið gekk frá því.

Í meðferð málsins í neðri deild urðu allmiklar breytingar á frv. Framlag landssjóðs var lækkað um helming og framlög

landsmanna aukin að því skapi. Auk þess var umsjón og framkvæmd mælinganna lögð á Búnaðarsambönd landsins, í stað þess, að Búnaðarfjelag Íslands faldi það sýslumönnum og sýslunefndum.

Á þessa síðari breytingu getum við í nefndinni ekki fallist. Búnaðarsamböndin eru að eins samtök einstakra manna, og nefndin telur það mikið vafamál, hvort Alþingi hafi nokkurn rjett til þess að leggja kvaðir á þau. Sambönd þessi eru að öllu óháð Alþingi, og geta jafnvel lagst niður hve nær sem er, og því meðal annars varhugavert að byggja nokkuð á þeim. Auk þessa ber þess að gæta, að starfskraftar þeirra eru oft litlir; svo veit jeg að það er um búnaðarsamband Vestfirðinga, og svo mun það vera um búnaðarsamband Austfirðinga. Þau mega því ekki missa neitt af starfskröftum sínum frá þeirri vinnu, er þau hafa með höndum, því þá yrðu hin eiginlegu viðfangsefni þeirra að sitja á hakanum. Nefndin leggur því til, að frv. verði um þetta efni sett í hið sama form og það var í, er það kom frá Búnaðarfjelagi Íslands.

Hin aðalbreyting Nd. var að ákveða það, að mælingarnar skyldu vera kostaðar að hálfu af landssjóði, en að hálfu af jarðeigendum; en eftir brjefi Búnaðarfjelags Islands, er mælingarkostnaðurinn á býli hvert 8 krónur, eða mælingarkostnaðurinn um allt land alls 52 þúsund krónur.

Þessu breytti nefndin í hv. Nd. á þá leið, að landssjóður greiði $^1/_4$ hluta, en jarðeigendur hitt.

Enda þótt nefndin fúslega viðurkenni, að jarðeigendum beri að borga ríflegan hluta til mælinganna, þar sem það er bæði gagn og gaman að þeim fyrir þá, þá taldi nefndin einnig, að hjer væri um landsþörf að ræða. Það væri landsþörf, að fá ábyggilegan grundvöll undir skýrslugjörðir vorar. Nefndin var því sammála um að taka hjer milliveg, þannig, að landssjóður legði fram um $^1/_3$ hluta. Telur nefndin vonlegt, að allir megi hjer vel við una.

Í frv. Búnaðarfjelagsins voru sett takmörk fyrir því, að mælingarkostnaður á einstökum jörðum, sem hátt eru metnar, án þess að matið eða hundraðatala þeirra standi í nokkru hlutfalli við túnstærð eða garðstærð þeirra, geti stigið óeðlilega hátt. Þessi takmörk feldi hv. Nd. niður. En nefndin vill lagfæra þetta, því ella gætu einstöku jarðir orðið mjög hart úti. Skal jeg sem dæmi þess nefna Hólma í Reyðarfirði, sem yrðu að bera um 60 krónur. Fyrir því hefir nefndin viljað slá þann varnagla, að kostnaður á hverju einstöku býli megi aldrei nema meiru en 10 krónum. Þetta telur hún rjettmætt, en þetta ákvæði kemur í framkvæmdinni ekki til að ná til annarra jarða en þeirra, sem metnar eru yfir 50—60 hndr. Þær jarðir eru fáar. Nefndin vonast til, að hv. deild fallist á gjörðir nefndarinnar.

Steingrímur Jónsson: Örstutta athugasemd vil jeg leyfa mjer að gjöra við mál þetta. Er það um 1. brtt. nefndarinnar. Þar er svo ákveðið í niðurlagi till.: „Það semur reglugjörð um mælingarnar og lætur sýslumenn hafa eftirlit með framkvæmd þeirra“. Mjer þykir það undarlegt, að hjer er skelt alveg óákveðnum störfum á herðar sýslumannanna. Og þessi störf virðast vera umfangsmikil. Og þó er ekkert sagt um það, hvorki í frv. nje nál., hvort þeir eigi að fá borgun fyrir störf þessi eða ekki; virðist það þó vera sjálfsagt, að þessa sje getið, að minsta kosti í nál. Og fái sýslumenn enga borgun fyrir starf sitt, þá má trauðla búast við því, að þeir leggi mikla alúð við það, að lög þessi komi að gagni.

Um 2. brtt. nefndarinnar, um að hækka framlag landssjóðs úr 2 kr. upp í 3 kr. fyrir býli hvert, vil jeg taka það fram, að jeg sje þess enga þörf, að lands-

sjóður leggi svo mikið fje fram, þó jeg hins vegar telji rjett, að hann leggi eitthvað fram.

Framsm. (Sig. Stefánsson): Það er rjett, að þess er ekki getið í frumv., hvort sýslumenn eigi að fá borgun fyrir framkvæmdir sínar samkvæmt þessu frumv. eða ekki. En jeg hygg að af því geti ekki stafað neinn verulegur kostnaður, aðallega mundi það vera fyrir dálítið auknar skriftir. Það er ekki ætlast til þess, að þeir ríði um hjeruð sín, og gæti þess, hvort rjett sje mælt, en hins er ætlast til, að þeir sjái um að verkið sje framkvæmt, og af því tel jeg að leiði svo lítinn aukakostnað, að flestir sýslumenn landsins mundu enga borguu þar fyrir taka. Þetta liggur í að verk þetta heyrir undir þá fremur sem oddvita sýslunefndanna en sem sýslumenn. En nefndin mun athuga þetta nánar við 3. umr.

Karl Einarsson: Jeg hefi bent meiri hluta nefndarinnar á, að tún og garðar í Vestmannaeyjum voru mældir 1912—13 á kostnað umboðssjóðs, því eyjarnar eru eign landssjóðs. En nefndin frestaði til 3. umr. að koma fram með brtt. um þetta, en mun þá koma með brtt. um að þessar mælingar skuli eigi vera framkvæmdar þar, sem ábyggilegar mælingar hafa farið fram síðustu 5 ár. Mun brtt. þessi ná til allra hjeraða, því vel má svo haga til víðar en í Vestmannaeyjum, þó mjer sje það ekki kunnugt.

Steingrímur Jónsson: Jeg vil að eins skjóta því til háttv. framsögumanns (S. St.), hvort nefndin vilji ekki breyta 1. brtt. sinni svo til 3. umr., að sýslunefndir eigi að sjá um framkvæmd verksins, því þá getur það verið samningsmál milli hlutaðeigandi sýslumanns og sýslunefndar, hvort eða að hve miklu leyti borgun verður greidd fyrir starfið. Ef starfið er lítið, verður það væntanlega ekki borgað, en ef það verður mikið, þá að einhverju leyti. En jeg veit fyrir mitt leyti ekki, hversu mikið þetta starf verður.

Framsm. (Sigurður Stefánsson): Þessa bendingu um sýslunefndirnar skal nefndin taka til athugunar til 3. umr.

ATKVGR.:

Brtt. 729,1 samþykt með 10 samhlj. atkvæðum.

1. gr. svo breytt samþ. með 11 samhlj. atkvæðum.

2. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

Brtt. 729,2 samþ. með 8 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Eiríkur Briem,	Björn Þorláksson,
Guðm. Ólafsson,	Steingr. Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Guðm. Björnson,
Jósef Björnsson,	Karl Finnbogason,
Karl Einarsson,	Kristinn Daníelsson.
Magnús Pjetursson,	
Sigurður Stefánsson.	

Hákon Kristófersson greiddi ekki atkv. og var talinn með meiri hluta.

Brtt. 729.3 samþ. með 12 samhlj. atkvæðum.

3. gr. svo breytt samþ. með 12 samhlj. atkvæðum.

Brtt. 729,4 samþ. með 11 samhlj. atkvæðum.

4. gr. svo breytt samþ. með 12 : 1 atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 12 samhlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 797, 812).

Framsm. (Sig. Stefánsson): Nefndin hefir komið fram með breytingartillögu við

þetta frv. samkv. þeim athugasemdum, er fram komu hjer í deildinni við 2. umræðu málsins. Brtt. eru tvær og eru báðar ofur einfaldar og augljósar. Fyrri brtt. er um það, að sýslunefndin skuli hafa eftirlit með framkvæmd mælinganna í stað sýslumanna, sem mælt var fyrir í frv. Er það gjört til þess, að ákveðið sje, að sýslunefndirnar skuli bera þennan kostnað, sem reyndar verður aldrei mikill.

Síðari brtt. er fram komin samkvæmt tilmælum hv. þm. Vestm. (K.E.), sem upplýst hefir, að í Vestmannaeyjum hafi samskonar mælingar farið fram á kostnað umboðssjóðs, og verður stjórnarráðinu væntanlega sent eitt eintak af uppdrættinum, eins og mælt er fyrir í 2. gr. frv. Annars ætla jeg að taka það fram, að vitanlega á landssjóður ekki að borga fyrir það eintak. Liggur það í hlutarins eðli, þar sem landssjóður hefir áður borgað allan kostnað við þessar mælingar.

Hákon Kristófersson: Jeg greiddi atkvæði á móti þessu frv. við 2. umræðu málsins; ekki af því, að jeg áliti málið ekki þarft, heldur fyrir þá sök, að það mundi hafa í för með sjer aukin útgjöld fyrir landssjóð. Og þar sem bæði þingmenn og aðrir eru stöðugt vælandi og kveinandi yfir fjeleysi og dýrtíð, þá finst mjer harla einkennilegt, að þetta frv. megi ekki bíða þetta fjárhagstímabil, og fæ jeg ekki sjeð að neitt liggi á því. Jeg mun því greiða atkvæði á móti frv. einnig við þessa umræðu málsins.

Jósef Björnsson: Jeg vildi að eins leyfa mjer að taka það fram, til þess að fyrirbyggja misskilning, að þessi undanþága, sem talað er um í 2. brtt. á þgskj. 812, getur vitanlega ekki átt við annarsstaðar en þar, sem sams konar ummáls uppdráttur er fyrir hendi, sem ræðir um í frumvarpinu.

Hv. þm. Barð. (H.H.) taldi sjer ekki fært að greiða atkv. með frv., sökum þess, að það hefði útgjöld í för með sjer fyrir landssjóð. Það er að vísu satt, að frv. hefir útgjöld í för með sjer, en þau geta naumast verið tilfinnanleg, þar sem þau eiga að skiftast niður á 5 ár, svo að hreinn óþarfi virðist að láta kostnaðinn vaxa sjer í augum.

Hins vegar er lítt þolandi, hve alóábyggilegar landshagsskýrslurnar eru um ræktað land. Þar er því nær alt getgátur. Og jeg verð að líta svo á, sem það sje þjóðarsmán, að ekki skuli vera til í landshagsskýrslunum ábyggilegar upplýsingar um það, hversu mikið sje til af ræktuðu landi. Þessi litli kostnaður er smámunir í samanburði við þann hagnað, sem einstakir menn og þjóðfjelagið í heild sinni getur af þessu haft. Þó ekki sje til annars, þá geta skýrslurnar orðið mörgum til upphvatningar, er hann sjer, að bletturinn hans gefur ekki eins mikið af sjer og hann ætti að gjöra í samanburði við jafnstórt ræktað land annarsstaðar. Jeg vil þess vegna eindregið mæla með því að frv. verði samþ. með þeim brtt., sem nefndin hefir komið fram með.

ATKVGR.:
Brtt. 812,1 samþ. með 8 : 3 atkv.
— 812,2 — — 12 : 1 atkv.
Frv. svo breytt samþ. í e. hlj. og endursent til Nd.

(A. 839).

---

28. Þjóðskjalasafn.

Á 45. fundi í Ed., laugardaginn 28. ágúst, var útbýtt.

Frumvarpi til laga um Þjóðskjalasafn Íslands,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 630).

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 30. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Björn Þorláksson: Jeg vil leggja til, að kosin verði þriggja manna nefnd til að athuga frumvarp þetta, að þessari fyrstu umræðu lokinni.

Guðm. Björnson: Jeg hlýt að vekja athygli á því, hæstv. forseti, að þetta frumvarp fer í bága við hina nýju stjórnarskrá, ekki að efni til, heldur hvað titil þess snertir. Jeg býst við því, að háttv. neðri deild hafi eigi veitt þessu athygli, er hún afgreiddi málið.

Í annari grein hinnar nýju stjórnarskrár segir svo:

„Konungur vinnur eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gjöra tvö samhljóða frumrit, og geymir Alþingi annað þeirra, en hitt skal geymt í *Landsskjalasafninu*."

Hjer segir *Lands*skjalasafn, en ekki *Þjóð*skjalasafn, en frumvarpið fer fram á, að nafni Landsskjalasafnsins verði breytt í Þjóðskjalasafn.

Jeg vænti þess eigi, að hæstv. forseti vísi málinu frá af þessari ástæðu, en jeg vona að háttv. nefnd taki þessa athugasemd til greina, að öðrum kosti get jeg ekki greitt frumvarpinu atkvæði.

Forseti: Athugasemd hins háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) er öldungis rjett, en jeg tel ekki vera ástæðu til að vísa frumvarpinn frá fyrir þær sakir, meðal annars af því, að nýja stjórnarskráin er enn ekki komin í gildi. En jeg tel það óviðfeldið, og illa fari á því, að nota í frumvarpinu annað nafn en það, sem stjórnarskráin og er lögheiti. Jeg vænti því að háttv. nefnd lagfæri þetta.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Þriggja manna nefnd samþ. með 12 atkv.

Í nefndina kosnir að viðhafðri hlutfallskosningu:

Björn Þorláksson,
Karl Finnbogason,
Guðm. Björnson.

Á 54. fundi í Ed., þriðjudaginn 7. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 630, n. 803).

Álit hafði að eins komið frá minni hl. nefndarinnar, og var það of seint framkomið.

Kristinn Daníelsson: Jeg get ekki betur sjeð, en að það sje á móti þingsköpunum, að deildin taki þetta mál til meðferðar, þar sem ekkert nefndarálit er enn þá komið. Meiri hluti nefndarinnar hefir sem sje ekkert látið til sín heyra enn þá, og þó að einn maður úr nefndinni hafi látið álit sitt uppi, á þgskj. 803, þá getur það ekki heitið nefndarálit, einkum þar sem hann skýrir þar frá, að nefndin hafi engan fund haldið. Jeg vil því leggja til að málið verði tekið út af dagskrá í þetta sinn, en um leið vil jeg láta þá von í ljós, að meiri hluti nefndarinnar komi sem fyrst með sitt álit. Jeg álít það ekki rjett að beita slíku kappi, að reyna til að þvinga mál fram á móti þingsköpunum, og hitt ekki heldur, ef nefndir beita þeirri aðferð, að sitja á málum, til þess að hefta framgang þeirra. Jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að sá maður, sem hjer á hlut að máli, landsskjalavörðurinn, sje alls góðs maklegur fyrir mikið og vel unnið starf. Mjer þætti því illa farið, ef einhverjir hjer í deildinni vildu láta hann gjalda þess, að hann hefir komið öðru vísi fram í sumum málum en æskilegt væri. Jeg vil því leggja til, að meiri hl. nefndarinnar láti álit sitt koma sem fyrst, svo að málið geti þá gengið fram á eðlilegan hátt, og tækifæri fengist til að gjöra breytingar, sem þörf kynni að þykja á.

Forseti: Jeg hefi litið svo á, sem þetta álit hv. minni hluta nefndarinnar hlyti að

skoðast sem nefndarálit. Eða til hverra ráða á að grípa, ef nefndir finna uppá því að sitja á málum, til þess að drepa þau? Í áliti minni hlutans er það tekið fram, að formaður nefndarinnar hafi eigi fengist til þess að halda fund í nefndinni. Jeg sje ekki betur en að hjer hafi verið gripið til þess eina löglega ráðs, sem fyrir hendi var, til þess að knýja málið áfram. Samt sem áður er jeg fús til að bera það undir atkv. hv. deildar, hvort málið skuli tekið út af dagskr. eða ekki.

Björn Þorláksson: Út af því, sem stendur í áliti hv. þm. Seyðf. (K. F.) á þgskj. 803, — sem hæstv. forseti kallar nefndarálit, þótt undarlegt megi virðast, — skal jeg geta þess, að undanfarið hafa nefndarmenn átt mjög annríkt. Það er satt, að það kom til tals í gær, hvort eigi mætti þá halda fund í nefndinni, en hv. 5. kgk. (G. B.) hafði þá eigi tíma til þess. Jeg mun nú reyna aftur í dag, hvort eigi er hægt að koma á fundi. — Öðru þarf jeg ekki að svara því, sem hjer hefir verið talað, nema því, að það er skakt hermt af forseta, að í áliti hv. þm. Seyðfirðinga standi, að formaður nefndarinnar hafi ekki fengist til að halda fund í nefndinni.

Forseti bar undir atkvæði deildarinnar, hvort taka mætti málið til meðferðar, og neitaði deildin því með 7 : 6 atkv.

Á 56. fundi í Ed., fimtudaginn 9. sept. var frv. að fullu tekið til 2. umr. (A. 638, n. 803 og 817, 857.)

Frsm. meiri hl. (Björn Þorláksson): Meðferð þessa máls hjer í þinginu hefir verið dálítið einkennileg, og langar mig til þess, að fara nokkrum orðum um hana.

Málið var tekið á dagskrá til 2. umr. fyrir nokkrum dögum, án þess að nál. væri fram komið, og er það mjög óvanalegt, og veit jeg ekki til, að það hafi enn borið við í þingsögunni fyrr en nú. Út af fyrirspurn frá mjer, svaraði hæstv. forseti á þá leið, utan fundar þó, að sá maður hjer í deildinni, sem þetta mál snerti mest, hv. 6. kgk. þingm. (J. Þ.), hefði krafist þess, að fá það á dagskrá. Það getur vel verið, að hæstv. forseti geti tekið sjer þetta vald, þó að jeg, sem þó er nokkuð kunnugur þingsköpunum, geti ekki sjeð það. (*Forseti*: Jeg hjelt að þessum umræðum væri lokið). Jeg sje ekki ástæðu til að þeim sje lokið, því alt við kemur þetta málinu. Í 17. gr. þingskapanna stendur svo: „Eigi má taka málið að nýju til umræðu fyrr en að minsta kosti 2 nóttum síðar en nefndarálitinu var útbýtt". Jeg hefi haft það starf á hendi á þessu þingi og þeim síðustu, að útbúa dagskrá í samráði við hæstv. forseta hjer í deildinni, en í þetta sinn var jeg ekkert til kvaddur, heldur setti hæstv. forseti sjálfur þetta mál inn á dagskrána, og veit jeg ekki hvað til hefir komið. Enda hefi jeg ekki orðið þess var, að hv. deild hafi lýst neinni óánægju yfir, hvernig það starf mitt var af hendi leyst. Þegar á fund kom, lýsti hæstv. forseti yfir, að nál. væri komið í málinu. Þetta er aftur eins dæmi í þingsögu vorri. Einn maður í nefnd tekur sig til, áður en nefndin hefir klofnað, og skrifar álit sitt. Þetta kallar forseti nefndarálit. Bersýnilegt er af þessu, að mikils hefir þótt við þurfa, þar sem svona óvanaleg aðferð var notuð. Málið gat þó ekki komið til umr., nema með afbrigðum frá þingsköpum, en þegar leitað var vilja deildarinnar, þá neitaði meiri hl. hv. deildarmanna að gefa leyfið. Jeg vil því, sem formaður nefndarinnar, þakka hv. deildarmönnum fyrir mína hönd og meðnefndarmanns míns, hv. 5. kgk. þm. (G. B.), fyrir þá kurteisi, að þeir vildu ekki taka með valdi málið úr höndum okkar, eins og hæstv. forseti vildi gjöra, enda er slík ofbeldistilraun algjörlega á móti öllum þingreglum og þingsköpum.

Þetta mál var sett í nefnd 28. f. m.,

en 7. sept. er gjörð tilraun til þess að taka málið inn í deildina á móti okkar vilja, og því kent um, að málið dragist of lengi í okkar höndum. En það einkennilega við þetta er það, að allmörg mál voru sett í nefnd um líkt leyti eða talsvert fyrr, og nál. í sumum þeirra eru ekki enn fram komin og í sumum komu þau í gær og eru að koma. Og til þess að sýna, að jeg fer hjer með rjett mál, skal jeg benda á nokkur mál, sem svo er farið.

Sóknargjaldamál hv. þm. Barð. (H. K.) var sett í nefnd 24. júlí; tollhækkunarfrv. hv. þm. Strand. (M. P.) 5. ágúst; tvö tolllækkunarfrv. hv. 5. kgk. (G. B.) 31. ágúst, og er nál. ekki fram komið í neinu þessara mála. Till. til þingsál. um lífsábyrgðarfjelög var sett í nefnd 28. ágúst og nál. ókomið; brunabótatrygging 30. ágúst, og nál. kom í dag; frv. til laga um fræðslu barna sett í nefnd 28. júlí var til 2. umr. í dag; nál. kom 7. þ. m.

Ekkert þessara mála hefir hv. forseti reynt að þvinga fram, eða taka úr höndum nefndanna. (*Farseti*: Þetta tal er tilgangslaust, því jeg svara því alls ekki). Jeg bjóst ekki við því. (*Forseti*: Hver á þá að svara því?) Menn geta svarað því í hjörtum sínum.

Sumir munu, ef til vill, benda á, að einn þm. hjer í deildinni hafi óskað þess, að málið væri tekið fyrir. Og er það að vísu rjett, að hjer hefir sá maður gjört það, sem málið skifti miklu og hefði átt að láta þetta alveg afskiftalaust, ef hann hefði haft nægilega tilfinningu fyrir sóma sínum. En það er ekki svo að skilja, að fleiri hafi ekki látið sjer ant um þetta mál en hv. 6. kgk. (J. Þ.). Jeg hygg, að ýmsum mönnum utan þingdeildarinnar og utan þingsins, hafi þótt miklu skifta að láta málið ganga sem fyrst fram. Fyrir þeim hefir það eflaust vakað, að þetta væri mikið nauðsynjamál, sem þörf væri á að knýja áfram. Þeim hefir virst, að hjer væri mikil þörf á að stofna enn eina hálaunaða sýslan, eina 3000 kr. sýslan, og að þetta þing mætti ekki svo hjá líða, að ekki væri stofnað embætti, sem spyrða mætti saman við docentsembættið frá síðasta þingi; hvert þing yrði þó að hafa eitthvað sjer til ágætis í þessu efni.

En jeg ætla að víkja aftur að því, hvers vegna svona mikið var rekið á eftir þessu máli. Hv. 6. kgk. þm. (J. Þ.) beiddist þess, að málið væri tekið fyrir, og kemur manni það ekkert ókunnuglega fyrir, því sjálfsagt hefir hann lagt svona mikið kapp á þetta, eingöngu af ósjerplægni og elsku til vinar síns, skjalavarðarins. Hv. 6. kgk. þm. (J. Þ.), kom enda oft og iðulega til mín, bæði áður en málið kom hingað í deildina og eftir að það kom hingað og búið var að setja það í nefnd, og lagði að mjer að styðja málið og hjálpa sjer til að koma því fram. En jeg er nú með þeim ósköpum fæddur, að þegar reynt er að beita við mig aðferð, er mjer þykir kenna frekju eða ásælni, þá er jeg ófáanlegur til liðsinnis, eða til þess að ausa fje úr landssjóðnum. Í síðasta sinn, sem hv. 6. kgk. þm. (J. Þ.) reyndi til að fá mig til fylgis við elskulegan vin sinn, skjalavörðinn, þá bauð hann mjer reglulega hrossakaup. Og hann fór lævíslega að, því hann vissi hvar jeg mundi veikastur fyrir. (*Forseti*: Ef þingmaðurinn heldur þessu áfram, þá tek jeg orðið af honum, því þetta eru einungis persónulegar árásir). Jeg ætlaði að segja lítið eitt meira um þetta atriði, en skal nú fara fljótt yfir sögu, því jeg býst hins vegar við, að flestir þingdm. hafi reynt þetta sama af þessum hv. þm. Auðvitað getur hann borið á móti þessu og sagt þetta alt ósannindi, og viðhaft í því sambandi eitthvað af þeim snotru og smekklegu orðatiltækjum, sem hann hefir svo mikið af í sínum orðabelg. En þá get jeg skotið því undir dóm kunnugra manna, hvor muni vera áreiðanlegri í orðum sínum.

Jeg ætlaði einungis að bæta því við, að þessi hv. þm. fór erindisleysu til mín. Það var sama daginn og hann hjelt þessa makalausu ræðu við 2. umr. fjárlaganna og fór ýmsum ókvæðisorðum um Templara og bannvini, svo að hæstv. forseti varð að hringja hann þrisvar niður. Hv. 6. kgk. þm. (J. Þ.) varð sjer svo til minkunar í það sinn, að óvíst er, hvort ræðan kemur út í þingtíðindunum, því það er siður sumra manna, að strika þar út þau orð, er þeir hafa viðhaft, og er það skaði í þetta sinn, að almenningi skuli ekki gefast kostur á að sjá, hversu langt hann komst í snotru orðbragði. (*Forseti*: Ef þm. heldur þessu áfram, þá tek jeg orðið af honum). Mjer finst það hljóta að vera vera óhætt að tala á þessa leið, þar sem þessum hv. þm. hjelst það uppi, að ausa fúkyrðum yfir það fjelag, hjer á landi, sem mest og best hefir unnið af öllum fjelögum landsins. (*Forseti:* Hann var líka ámintur). Já, að vísu, en hringingar hrifa ekki á slíkan mann. Annars heyri jeg, að hv. þingdm. leiðist ekki eins mikið ræða mín og hæstv. forseta, og er það mein, að hæstv. forseti skuli amast við því, að jeg skemti mönnum dálítið nú. Jeg gjöri það ekki svo oft.

Jeg vík aftur að því, að hv. 6. kgk. (J. Þ.) varð sjer til minkunar um daginn. Mjer þykir það leiðinlegt, og því leiðinlegra, sem svar mitt við hrossakaupaboði hans mun hafa gefið tilefni til ofsa og fúkyrða hans; og þetta er mjer því leiðara, sem hann er mjer persónulega kunnur að ýmsu góðu. En nú hefur hann með framkomu sinni á þessu þingi búið svo í garðinn fyrir sig og hæstv. ráðherra, að ef jeg hefði lifað það að vera í mótflokk stjórnarinnar, þá hefði jeg talið það nægilegan og fullnægjandi rökstuðning fyrir vantraustsyfirlýsingu til stjórnarinnar, að hún skuli hafa bent hans hátign konunginum á, að taka annan eins mann fyrir þingmann, eins og hv. 6. kgk. þm. (J. Þ.), svo litla sæmd hefir þingið haft af honum hjer í sumar.

Þessi maður berst nú með oddi og egg fyrir því, að föst laun vinar 6. kgk. þm. (J. Þ.), landsskjalavarðarins, verði hækkuð úr 1800 krónum upp í 3000 krónur. Það er mergurinn málsins í frumvarpinu.

Í hv. Nd. var komist svo að orði, að þessi maður hefði gjört svo mikið gagn og int svo gott starf af hendi, að hann væri góðs maklegur, og hlýddi ekki annað en hækka laun hans; svo hann hefði ekki sveltilaun. Svo segist meiri hluta nefndarinnar þar frá. Það er rjett, að landsskjalavörðurinn hefir gjört gagn, og að hann er góðs maklegur. En það má launa honum með mörgu öðru en því, er frv. þetta gjörir ráð fyrir, og á ýmsan annan hátt en að láta það verða að lögum.

Jeg vil benda á nokkrar aðferðir.

Það er þá fyrst, að stjórnin gæti útvegað honum kross. (Hlátur um salinn). Það hefir margur verið krossaður fyrir minna og lakara starf en það, sem hann hefir int af hendi, og jeg vona, að hæstv. ráðherra sje ekki neitt ófús til þess. (Hlátur. — Forseti hringir). Jeg segi þetta í fullri alvöru, og endurtek það, að jeg treysti stjórninni vel til þess, að gjöra það, ef landsskjalavörðurinn vill þiggja krossinn. (Forseti hringir).

Önnur aðferð, er nota mætti, er að sæma hann einhverri heiðursgjöf, t. d. peningagjöf eins og stundum hefir verið gjört og fordæmi eru fyrir, en nú er dýrtíð og erfitt með fjárhag, og því vil jeg ekki leggja það til, en vil velja ódýrari aðferð, og það er þriðja aðferðin.

Það er gamall og góður siður, að gefa mönnum myndir. Jeg geng að því sem vísu, að hann hefði gaman af að eignast mynd eftir einhvern af þessum efnilegu listamönnum okkar, sem hv. þm. Dalam. (B. J.) hefir svo oft verið að tala um.

Eins og hann hefði t. d. ekki gaman af að eignast mynd af hv. 6. kgk. þm. (J. Þ.),

(Forseti hringir) til þess að víst sje, að hin fagra ásjóna hans varðveitist fyrir eftirtímann.

Svo er enn ein aðferðin. Það vita allir, að landskjalaverðinum er mjög umhugað um alt það, sem er fornt og fágætt.

Í fyrra var hjer á Alþingi borið fram frumvarp til laga um refi. (Hlátur). Undir umræðum um málið upplýstist það, að þeir eru orðnir mjög sjaldgæfir hjer á landi. (*Forseti*: Jeg tek orðið af þingmanninum, ef hann heldur sjer ekki við efnið.) og tel jeg því, að það væri vel til fallið að gefa honum mynd af ref og hengja hana upp við hliðina á — — — (*Forseti*: Nú tek jeg orðið af þingmanninum, því jeg álít ósæmandi að hafa slík persónuleg ummæli og málinu alveg óviðkomandi um háttv. þingdeildarmenn). Þingdeildarmenn! Hvaða þingdeildarmenn?

Það er sýnilegt, að hæstv. forseti hefir ekki jafn mikla ánægju af þessu og þingdeildin, og mjer þykir leitt að mega ekki halda dæminu áfram, til þess að ljúka við myndina eða myndlýsinguna.

(*Forseti*: Orðið er tekið af þingmanninum).

Jeg skal þá snúa mjer að efninu og sýna fram á að landsskjalavörðurinn hefir engin sveltilaun — — — — —

(Forseti hringdi stöðugt bjöllunni meðan síðasta setningin var töluð).

Framsm. minni hl. (Karl Finnbogason): Úr því að formaður nefndarinnar er sestur niður, þá ætla jeg að mæla örfá orð.

Jeg ætla ekki að deila við hv. formann (B. Þ.) um aðferðina, en að eins geta þess, að það er mjer að kenna, að frumvarpið um fræðslumálin hefir ekki verið afgreitt frá nefndinni, og jeg taldi mjer fullkomlega heimilt að tefja það, sem flutningsmaður þess. Það ber því ekki að gefa hæstv. forseta sök á þessu, heldur mjer, ef um sök er að ræða. Að öðru leyti komu mjer ekki þessi ummæli formannsins við.

Jeg hefi lagt það til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt.

Þjóðskjalasafn hvers lands er merkileg stofnun, og vörður þess og verndari þarf að vera fróður, lærður og duglegur maður, og því verður að launa starfann sæmilega.

Jeg lít líka svo á, sem þjóðinni beri skylda til þess, að launa allar virðingarstöður sæmilega, og hjer getur varla verið um það deilt, að um virðingarstöðu sje að ræða.

Í umræðum og álitum um mál þetta í hv. Nd., var það ljóslega sýnt, að núverandi landsskjalavörður hefir gegnt starfi sínu mæta vel, og safnið hefir margfaldast og aukist á alla vegu undir stjórn hans. Og allar líkur eru til þess, að svo verði og eftirleiðis.

Fyrir þetta starf sitt hefir hann haft mjög lítil laun, því hvað hann hefir fyrir dugnað sinn og atorku haft annarsstaðar að, er máli þessu óviðkomandi. Því eigi á landið að draga kaup af manni fyrir það eitt, að hann er dugnaðar maður, og getur unnið sjer inn fje í frístundum sínum.

En jafnframt og landið launar stöðuna betur, þá á það einnig að krefjast meira starfs. Starfi þessi verður eftir frumvarpi þessu launaður jafn vel og landsbókavarðarstaðan, og fylgir því það skilorð mínu atkvæði, að söfn þessi verði höfð jafn lengi opin til almenningsnota eftirleiðis. Þetta er sanngjörn krafa. Jöfn laun, jafnt starf.

Jeg vil ekki fleygja fje út fyrir ekki neitt. Jeg vil launa öll störf í þjónarinnar þarfir vel, en aftur krefjast þess, að vel sje unnið.

Jeg vil að svo mæltu ráða hv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Magnús Pjetursson: Jeg ætla mjer ekki að blanda mjer inn í deilur um þetta

frv., en af því að minst var á það, að frumvarp, sem jeg flutti, væri ekki enn komið úr nefnd, þá vil jeg geta þess, að það er mjer að kenna, og taldi jeg mjer sem flutningsmanni fullan rjett til þess, enda æíla jeg ekki að halda frv. áfram. Hæstv. forseta var kunnugt um þetta, og á hann því hjer enga sök á drættinum.

Kristinn Daníelsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram breytingartillögur á þingskjali 857, og um leið og jeg minnist á þær, verður það sama sem að tala um málið sjálft.

Fyrsta brtt. er sprottin af því, að við fyrstu umræðu málsins var því haldið fram, að fyrirsögn frumvarpsins gæti tæplega staðist við hlið stjórnarskrárinnar nýju, þar sem stendur að eiðspjall konungs geymist í Landsskjalasafninu, en eftir þessu frv. á það að heita þjóðskjalasafn. Jeg fyrir mitt leyti leit að vísu svo á, að það gæti aldrei verið neitt vafamál, en þótti þó rjett, að orða þetta svo, að um yrði ekki vilst, en legg þó enga áherslu á brtt., en háttv. deild ræður því, hvað hún gjörir við hana.

Önnur brtt. er um að breyta launaupphæðinni úr 3000 kr. í frumvarpinu í 2500 krónur.

Jeg verð að taka undir með þeim mönnum, er halda því fram, að það sje ekki rjett, að stofna hálaunaðar stöður, á meðan launanefndin situr að störfum. Jeg vil því færa launin nær því takmarki, sem jeg get hugsað mjer byrjunarlaun myndu verða hjá nefndinni, svo ekki yrði hróflað við þessu eða fært niður úr því.

Starfi þessi hefir verið borinn saman við landsbókavörðinn, en sá samanburður er að jeg hygg óþarfur. Bæði er það, að maður veit ekki, hvort sá starfi verður launaður með 3000 krónum eftirleiðis, og eins er það, að jeg veit ekki nema það starf væri nægilega launað með 2500 króna byrjunarlaunum. Það mundu margir yngri mentamenn, sem eru því vel vaxnir, gjarnan vilja hljóta starfann með þeim launum.

Eins er með fornmenjavörðinn, sem einnig hefir merkilegt safn með höndum, að hann er alls góðs maklegur, og leysir starf sitt vel af hendi og hefir sýnt mikla alúð við það. Jeg hygg því, að ekki verði komist hjá því, að hlynt sje að honum, enda sje jeg á skjölum þeim, sem nú var útbýtt, að hæstv. ráðherra ber fram 600 kr. persónulega launaviðbót handa honum í fjárlögunum, og finst mjer það í alla staði eðlilegt.

Þá er þriðja brtt. Háttv. 6. kgk. þm. (J. Þ.), sem nú er landsskjalavörður, er alls góðs maklegur, og er við það kannast bæði í nefndarálititi meiri og minni hlutans í neðri deild, hve mikið safnið á honum að þakka, enda er mjer það líka kunnugt frá æskuárum okkar beggja, að hann hefir bæði hæfileika og ástundun til slíkrar iðju, og jeg vil unna honum alls góðs. Jeg hefi því stungið upp á því, að honum væri veitt 1000 kr. persónuleg launaviðbót frá því, sem nú er, eða 300 kr. launaviðbót frá því, sem 2. brtt. mín gjörir ráð fyrir að landsskjalavarðarlaunin verði eftirleiðis.

Vil jeg að endingu mæla með því, að brtt. mínar verði samþyktar, og vænti það verði ekki til þess að tefja um of fyrir málinu, eða verða því til falls, því jeg hygg að hv. Nd. mundi geta gengið að þeim. En jeg get ekki lagt til að á þessu þingi sje stofnað jafn hálaunað embætti og frv. gjörir ráð fyrir.

Jón Þorkelsson: Jeg hugsaði ekki, að jeg sjálfur lægi hjer til umræðu í dag, en jeg er þakklátuv háttv. 4. kgk. þm. (B. Þ.) fyrir það, hversu hann hefir stækkað mig á ýmsan hátt í dag.

Það var eitt atriði, sem jeg vildi nefna. Það voru hrossakuupin.

Við hv. 4. kgk. þm. (B. Þ.) höfum talað svo margt saman, að jeg man það ekki

alt glögglega, en það man jeg, að háttv. 4. kgk. þm. (B. Þ.) kom til mín að fyrra bragði, og spurði mig að því, hvort hjer væri eigi einhver þau mál, er jeg hefði sjerstakan áhuga á og snertu mig sjerstaklega. Jeg áttaði mig ekki á því strax, en svo kom það í ljós, að það var skjalasafnið og annað smámál. Þá spurði hann hvort jeg væri með bannlögunum, en jeg sagðist ekki vera búinn að átta mig á því, og gæti því ekki gefið greið svör.

Mega menn af þessu sjá, hver hjer á upptökin.

Frsm. meiri hl. (Björn Þorláksson): Þegar forseti tók af mjer orðið, þá ætlaði jeg að fara að tala um aðalatriðið, um laun landsskjalavarðar Jóns Þorkelssonar, og vænti jeg, að það sje ekki meiðandi.

Mjer telst svo til, að fje það, sem hann fær til umráða sje ár hvert:

Laun hans sem landsskjalavörður	1800 kr.
Til að afrita skjöl hjer innanands	600 —
Fyrir textaútgáfu af Fornbrjefasafninu, úr landssjóði . . ,	800 —
úr ríkissjóði Dana	800 —
Fyrir að afrita og ljósmynda skjöl í erlendum skjalasöfnum	1000 —
Úr sjóði Jóns Sigurðssonar . .	700 —
Fyrir Alþingisbækur	1000 —

Þetta er alls mikið fje, nemur á milli 6 og 7 þús. kr.

Jeg vil minnast nokkuð nánar á þessa 1000 kr. fjárveitingu til að afrita og ljósmynda skjöl í útlendum skjalasöfnum.

Í áliti fjárlaganefndarinnar er skýrt frá því, eftir umsögn landsskjalavarðarins, að fyrir þennan styrk sjeu afrituð hyllingarskjöl Íslendinga og auk þess fjöldi skjala í X. og XI. bindi Fornbrjefasafnsins, auk þess sem stórmerkileg skjöl hafi verið ljósmynduð, og ljósmyndir sjeu afar dýrar. Þetta mun hafa verið fullnægjandi fyrir nefndina, en það var það ekki fyrir mig. Og það, sem rjeð atkvæði mínu, var það, að jeg þóttist vita, að lítið fengist fyrir þetta fje, nema það sem greitt er annarsstaðar að.

Eins og öllum er vitanlegt, er veitt fje annarsstaðar að fyrir handrit í Fornbrjefasafnið, og því óþarft líka að veita fje í fjárlögunum í því skyni. Og um hyllingareiðana er það vitanlegt, að fyrir þá hefir Sögufjelagið greitt 150 krónur rúmar í ritlaun. Og ljósmyndirnar er ekki getið um að sjeu aðrar en í Alþingisbækurnar, svo þær geta ekki kostað geypiverð.

Þó nú, og við því býst jeg, að talsvert kvarnist utan úr þessu, þá verða þó laun þau, sem landsskjalavörður Jón Þorkelsson hefir, milli 4—5000 kr., auk þess, sem hann með hinum fádæma dugnaði sínum, hefir unnið að útgáfu bóka og búið bækur undir prentun. Má þar sem dæmi benda á hina nafnkunnu æfisögu Jóns rektors Þorkelssonar. Nefni jeg þetta til að sýna, að hjer er ekki um nein sveltilaun að ræða, svo sjerstök ástæða sje til að hækka laun hans nú á þessu þingi, fremur en annara, er líkt stendur á fyrir.

En jeg vil benda á það, að þrátt fyrir það, að maður þessi er mjög duglegur, þá bendir það, hversu mörg járn hann getur haft í eldinum í einu, ekki á það, að starf hans sje mjög erfitt. Enda hefir hann nú fengið sjer fastan aðstoðarmann með sjerstökum launum, sem gjörir það, sem með þarf, að minsta kosti er það svo nú um þingtímann.

Nú hefir nefnd verið sett til að rannsaka öll launakjör embættismanna, og það er ætlast til að hún verði svo snemma komin fram með álit sitt, að stjórnin geti lagt frv. um það fyrir næsta Alþingi. Hvaða ástæða er þá að hrapa að því, að gjöra nú háttv. 6. kgk. þm. (J. Þ.), landsskjalavörðinn, að hálaunuðum starfsmanni? Má það ekki bíða þar til allt málið liggur fyrir og launajöfnuður kemst á um alla

Þjóðskjalasafn.

embættismenn, er líkt er háttað? Jú, jeg álít það óhætt, því hann hefir nóg að bíta og brenna, að eta og drekka, og jeg hygg að hann gæti frekar miðlað öðrum en hitt.

Mig langar aftur til að fara ögn út fyrir málið, en jeg veit ekki hvert jeg má það fyrir hæstv. forseta. (*Forseti*: Jeg tek strax orðið af þingmanninum og hann fer út fyrir efnið). Hve oft gjöra þingmenn það ekki óátaldir. (*Forseti*: Það er tónninn hjá þingmanninum). Jeg skal reyna að hafa mýkri málróm.

Meiri hluti nefndarinnar hjer í deild hefir í nefndarálitinu látið sjer nægja að vitna til álits minni hlutans í máli þessu í hv. Nd., með því að við erum því að öllu samdóma, og vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp kafla úr því. Eftir að minni hlutinn hefir viðurkent það, að núverandi skjalavörður hafi sýnt dugnað í því, að auka vöxt og viðgang safnsins, og sje því góðs maklegur, farast honum þannig orð:

„Þrátt fyrir það, að við erum meiri hlutanum samdóma um það, sem að framan er sagt, sjáum við ekki nauðsyn til þess, að gjöra stöðu landsskjalavarðarins að föstu embætti með 3000 kr. launum nú þegar á þessu þingi, og það því síður, sem aðrir starfsmenn við söfn landsins, hafa við sömu eða lík launakjör að búa, en ekki er jafnframt ætlast til umbóta á þeim. Við verðum að álíta, að laun þau, sem landsskjalavörður hefir, sjeu í sjálfu sjer nægileg, því störfunum er svo háttað, að hægt er að hafa jafnframt allmikla aukaatvinnu, sem gefur af sjer tekjur. Þannig hefir núverandi skjalavörður á hendi ýms störf, sem fje er lagt til úr landssjóði, svo sem útgáfu Fornbrjefasafns, Alþingisbóka og ef til vill fleira.

En sú er þó aðalástæðan fyrir því, að við viljum ekki sinna máli þessu í því formi, sem það hefir verið lagt fyrir þingið, að skipuð hefir verið milliþinganefnd, sem nú situr að störfum, og verður að líkindum að miklu leyti búin að ljúka störfum fyrir næsta þing. Það er verkefni þeirrar nefndar, ásamt fleiru, að athuga launakjör allra embættismanna „og annara starfsmanna landssjóðs“ og koma fram með tillögur til nýrrar skipunar á þeim. Við sjáum því ekki ástæðu til, að grípa fram fyrir hendur þessarar nefndar, og fara nú að gjöra breytingu þá, sem farið er fram á í þessu frv., en teljum að sú breyting geti beðið eftir tillögum nefndarinnar, sjáum ekki ástæðu til þess, að gjöra breytingu á embættaskipunum, fyrr en tillögur nefndarinnar eru fram komnar. Sama gildir um aðrar opinberar sýslanir, einkum þær, sem engin knýjandi nauðsyn er fyrir hendi, að því er snertir þá breytingu, sem hjer er ráðgjörð, og opin leið er til viðurkenningar núverandi landsskjalaverði, ef þinginu sýnist ástæða til“.

Jeg verð nú að leyfa mjer að tala í sama tón, þótt sá tónn kunni að mislíka hæstv. forseta.

Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um brtt. hv. 2. þm. G.-K. (K. D.), því í ræðu minni hjer á undan hefi jeg tekið skýrt fram ástæður meiri hlutans. Okkur finst engin ástæða til að gjöra þennan góða mann rjetthærri en alla aðra starfsmenn landsins. Það væri líka að grípa fram fyrir hendur launanefndarinnar, ef nú ætti að fara að hækka laun þessa eina manns, og það tel jeg óviðurkvæmilegt, enda skapast við það nýtt misrjetti og ný óánægja hjá öðrum, sem líkt stendur á fyrir, en eru þó látnir sitja á hakanum, og lítt er slíkt fallið til að auka traust manna á rjettdæmi þingsins eða rjettlæti. Því er það lang skynsamlegast og rjettast, að láta þetta mál bíða, þangað til hin almenna launabreyting kemst á, sem gjört er ráð fyrir að bráðum verði. En ef þetta mál á endilega að ganga fram nú á þingi, þá felli jeg mig vel við 1. brtt. hv. 2. þm. G.-K. (K. D.). Um hinar ætla jeg ekki margt að segja. Auðvitað er það þó

skárra, að launin sjeu að eins færð upp í 2500 kr., en að þau sjeu ákveðin 3000 kr. Tveir hv. þm. hjer í deild hafa fundið ástæðu til að taka það fram, út af því sem jeg benti á, að ýms önnur mál hefðu legið fult svo lengi hjá nefnd, sem þetta, án þess forseti hafi heimtað þau úr nefnd, að þeir hefðu ekki óskað þess, að þau gengju fljótt fram. Jeg vissi það vel, að þau mál mundu ekki talin eins áríðandi af ýmsum, og þetta mál. Og einmitt sá maðurinn, sem hefir ýtt málinu mest fram, er enginn annar en sjálfur landsskjalavörðurinn.

Að endingu óska jeg svo, að málð verði afgreitt með hinni rökstuddu dagskrá, sem forseta hefir þegar verið afhent, og hljóðar þannig:

> Í því trausti, að launum fastra starfsmanna við Landsskjalasafnið verði sanngjarnlega skipað með lögum, um leið og nýrri almennri skipun verður komið á launakjör allra íslenskra embættismanna og opinherra starfsmanna, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ráðherra: Það er að eins örstutt athugasemd, sem jeg vil gjöra út af ræðu hv. 2. þm. G.-K. (K. D.). Það er að vísu satt, að safn það, sem hjer ræðir um, er í frv. nefnt Þjóðskjalasafn, en í stjórnarskránni nýju, er það nefnt Landsskjalasafn, og því eigi fullkomið samræmi milli þessa tvenns. Það er eðlilegt, að slíkt geti komið fyrir. Löggjöfin nefnir stofnunina því nafni sem hún ber, þegar lögin eru sett, en slíkt getur breytst er stundir líða, og er þá eðlilegt að seinna nafnið sje tekið upp í ný lög, sem það snerta, án þess það hverfi samhliða úr eldri lögum. Skal jeg nefna dæmi slíks. Í stjórnarskrá Dana er ákveðið, að eiðstafur konungs skuli geymdur í Geheimearkivinu, en með lögum 30. mars 1889 var nafni þess breytt og það nefnt Rigsarkiv; eigi að síður helst hitt nafnið óhaggað í stjórnarskránni. Það er rjett hjá hv. 2. þm. G.-K. (K. D.), að jeg hefi komið með brtt. við fjárlögin í hv. Nd., um að hækkuð sjeu laun forstöðumannsins, því jeg álít þau laun ósanngjarnlega lág, sem hann hefir nú.

Hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) kvað 2500 kr. vera nóg laun handa landsbókaverði. Mig furðar að heyra þetta af munni hv. þm., sem vanur er að líta frjálslega og sanngjarnlega á slík mál sem önnur. Í engu öðru landi mundi landsbókaverði boðin slík laun; staða hans þykir þýðingarmeiri en svo, og jeg þykist þess fullviss, að launanefnd sú, sem nú situr á rökstólum, muni eigi koma með slíka fjarstæðu.

Um tíundina á tekjum núverandi landsskjalavarðar, skal jeg vera fáorður, enda á það varla við, að gjöra mönnum tíund á þessum stað. Þó skal jeg geta þess, að styrkurinn til útgáfu Alþingisbókanna rennur ekki í hans vasa, Sögufjelagið hefir fengið hann, og mjer er kunnugt um það, að enginn af þeim, sem starfað hafa að útgáfu Alþingisbókanna, hefir þar tekið borgun fyrir annað en prófarkalestur, þegar það er undan tekið, að í fyrra mun hafa verið borgað lítið eitt fyrir registurssamning. Undirbúningur verksins undir prentun hefir verið gefinn, og hefir það þó verið allmikið starf. Sögufjelagið er fátækt, en útgefendum Alþingisbókanna annt um, að verkið gangi sem greiðast, og því hefir það orðið lítil fjeþúfa fyrir þá. Sama er að segja um styrkinn úr sjóði Jóns Sigurðssonar til Alþingisbókanna; honum mun verða varið til útgáfu þeirra. (*Jón Þorkelsson*: Hefir þegar verið varið til þess). Mjer er ekki fullkunnugt um, hvernig fjárveitingunni til að afrita og ljósmynda skjöl erlendis, þau er Ísland snerta, hefir verið varið. Jeg veit að styrkurinn hefir gengið til tveggja safna, Landsbókasafnsins og Landsskjalasafnsins. Sá, sem verkið vinnur, hefir fengið fjeð borgað út hjá tveim trúnaðarmönnum safnanna og stjórnarinnar, þeim Jóni Krabbe, skrifstofustjóra ís-

lensku stjórnarskrifstofunnar í Kaupmannahöfn, og prófessor Finni Jónssyni. En til þess að tryggja, að reikningarnir sjeu rjettir, hefir sú ráðstöfun verið gjörð, að tveir — að því er jeg ætla — af skjalavörðunum við Ríkisskjalasafnið skrifi á reikningana, að þeir sjeu rjettir. Jeg sje ekki hvernig betur er hægt að tryggja þetta en gjört er.

Ekki er mjer kunnugt um, hvaða skjöl hafa verið afrituð. Landsbókavörður mun ráða því fyrir Landsbókasafnið, en landsskjalavörður fyrir Landsskjalasafnið. Mun ekki gott að fela öðrum það.

Um útgáfu Fornbrjefasafnsins er það að segja, að nokkrir skorbíldar munu í fjárveitinguna til þess ganga, bæði til registursgjörðar og fleira, sem útgefandi verður að borga út. En fyrir því fje er mjer ekki skylt að gjöra grein; veit að eins, að það gengur nokkuð í sjálft sig.

Inn í annað í umræðum manna um mál þetta ætla jeg ekki að blanda mjer.

Framsm. meiri hl. (Björn Þorláksson): Út af ummælum hæstv. ráðherra um kostnað við útgáfu Alþingisbókanna og afritun fornskjala vil jeg að eins gjöra þá athugasemd, að jeg nefndi þetta fje á nafn, að eins til að sýna, hve mikið fje hinn núverandi landsskjalavörður hefir til umráða, enda mun enginn hafa skilið orð mín svo, að jeg teldi allt þetta fje renna í hans vasa. Með upptalningunni ætlaði jeg að sýna, við hvað mörgu maður þessi getur gefið sig, og nefndi jeg þó ekki allt. Jeg vona, að háttv. deild hafi tekið eftir því, að jeg nefndi tvær fjárupphæðir. fyrst allt hið opinbera fje, sem skjalavörðurinn hefir til meðferðar, og síðan hvað af því mundi beint renna til hans sjálfs, og taldist mjer svo til, að það mundi vera um 4000 kr á ári, og við það fanst mjer hann geta unað í bráð.

Jeg held jeg megi fullyrða, að skjöl þau sem afrituð eru erlendis handa fornbrjefasafninu, sjeu aftur borguð úr annari átt.

ATKVGR.:

Rökstudd dagskrá á þgskj. 817 (sbr. 905 frá meiri hl. nefndarinnar) feld með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Eiríkur Briem,
Steingrímur Jónsson,	Jón Þorkelsson,
Guðm. Björnson,	Karl Einarsson,
Guðm. Ólafsson,	Karl Finnbogason,
Hákon Kristófersson,	Kristinn Daníelsson,
Jósef Björnsson.	Magnús Pjetursson,
	Sigurður Stefánsson.

Brtt. 857,1 samþ. með 7 : 2 atkv.

1. gr. svo breytt samþ. með 8 : 1 atkv.

Brtt. 857,2 feld með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Guðm. Björnson,	Eiríkur Briem,
Guðm. Ólafsson,	Jón Þorkelsson,
Hákon Kristófersson,	Karl Einarsson,
Jósef Björnson,	Karl Finnbogason,
Kristinn Daníelsson.	Magnús Pjetursson,
	Sigurður Stefánsson.

Brtt. 857,3 feld með 13 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já	*nei*:
sagði enginn.	Björn Þorláksson,
	Stgr. Jónsson,
	Eiríkur Briem,
	Guðm. Ólafsson,
	Karl Einarsson,
	Magnús Pjetursson,
	Sigurður Stefánsson.

Guðmundur Björnson, Hákon Kristófersson, Jón Þorkelsson, Jósef Björnsson, Karl Finnbogason og Kristinn Daníelsson greiddu ekki atkv., og töldust með þeim, er neikvæða urðu.

2. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

3. — — — 7 — —

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 7 samhlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., laugardaginn 11. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 902).

Framsögum. meiri hl. (Björn Þorláksson): Jeg vil ekki segja annað en það, að þar sem þetta frv. hefir sætt allmikilli og verðugri mótspyrnu hjer í hv. deild, og launaviðbót þessi þótt bæði óþörf og ótímabær, þá óska jeg, að nafnakall verði haft um frumvarpið.

Jósef Björnsson: Svo sem kunnugt er, þá var jeg á móti þessu frumv. við 2. umr., og er jeg það enn þá. Þetta stafar ekki af því, að jeg dragi það í nokkurn efa, að hv. 6. kgk. þm. (J. Þ.), landsskjalavörður, hafi rækt þetta starf mjög vel og eigi allan heiður skilið fyrir það. En atkvæði mitt byggist á því, að jeg er mótfallinn því, að byrjunarlaunin við þetta starf sjeu ákveðin svona há. Ef brtt. sú, er hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) hefði verið samþykt, þá hefði jeg greitt frv. atkv. mitt, því þá upphæð, 2500 kr., tel jeg sæmileg byrjunarlaun. Hitt er annað, að jeg fyrir mitt leyti hefði getað greitt því atkvæði, að veita núverandi landsskjalaverði persónulega launaviðbót í viðurkenningarskyni fyrir vel unnið starf, líkt og háttv. 2. þm. G.-K. bar fram við 2. umr. Hvorugt þetta gekk fram, og í framtíðinni eiga byrjunarlaun við þetta starf að vera 3000 kr. Þess vegna greiði jeg atkvæði móti frv.

Hákon Kristófersson: Jeg undirstrika allt það, er hv. 2. þm. Skagf. (J. B.) tók fram, því jeg er því gjörsamlega samþykkur, og er þess fullviss, að hinn mikilsvirti 6. kgk. þm. (J. Þ.) er mikils góðs maklegur sem skjalavörður, því hann hefir leyst það starf vel af hendi. Jeg hefði greitt atkvæði með að veita honum persónulega launaviðbót. En undir rekstri málsins hjer í hv. deild, hefir margt það komið fram, sem betur hefði ekki í ljós komið, og það lítur svo út, að hjer sje ekki allt svo sem vera á.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 8 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Björnson,
Jón Þorkelsson,	Guðm. Ólafsson,
Karl Einarsson,	HákonKristófersson,
Karl Finnbogason,	Jósef Björnsson.
Magnús Pjetursson,	
Sig. Stefánsson.	

Kristinn Daníelsson greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hlutans.

Frv. endursent til Nd.

(A. 936).

---

29. Siglufjarðarhöfn.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 23. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til hafnarlaga fyrir Siglufjarðar kaupstún,

eins og það var samþ. við 3. umr í Nd. (A. 484).

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Björn Þorláksson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að málinu sje vísað til sjávarútvegsnefndar, að umræðunni lokinni.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

— — — sjávarútvegsnefndar í einu hljóði, en þar áttu þeir sæti:

Hákon Kristófersson,
Kristinn Daníelsson,
Sigurður Stefánsson.

Á 53. fundi í Ed., mánudaginn 6. sept., var frumv. tekið til 2. umr. (A. 484, n. 677).

Framsögum. (Kristinn Daníelsson): Jeg vona að hv. deild hafi kynt sjer álit nefndarinnar, sem með þetta mál hefir farið, á þgskj. 677, því þar er það tekið fram, sem nefndin hefir um málið að segja. Aðalatriðið, sem nefndinni þykir athugavert í þessu sambandi, er það, að gengið hefir verið fram hjá sýslunefndinni, sem annars er vanalega milliliður í slíkum málum. Einnig vil jeg geta þess, að engin ummæli liggja fyrir um málið frá sveitarstjórnarvöldunum, hvorki frá sýslunefnd nje hreppsnefnd, heldur einungis frá hafnarnefnd á Siglufirði. Þótti henni því viðurhlutamikið, að landssjóður bindi sjer slíkar byrðar, án nokkurrar millitryggingingar. Þykir henni það geta bent á, að sýslunefndin telji málinu ekki eins óhætt sem skyldi, ef hún vill ekki eiga neinn hlut að því. Að þessu öllu athuguðu datt nefndinni í hug, að rjettast mundi vera að fresta málinu alveg að sinni, en hins vegar verður hún að kannast við, að þetta getur skift máli fyrir Siglufjarðarkauptún, og vill því ekki útiloka eða tefja fyrir að þetta geti komist í framkvæmd, en leggja til, að frv. nái fram að ganga með þeim brtt., sem prentaðar eru á þgskj. 677, að þessu tilskildu, að ábyrgð sýslunefndar og afskifti sjeu áskilin til tryggingar og eftirlits á meðferð og hagnýting þessarar fjárupphæðar. Fleira þarf nefndin væntanlega ekki að taka fram um málið, en vonar að deildin taki því vel í þessari mynd.

ATKVGR.:

Brtt. 677,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr. svo breytt samþ. með 12 samhlj. atkv.
2. gr. óbreytt samþ. með 12 samhlj. atkv.

Brtt. 677,2 — — 11 — —

3. gr. svo breytt samþ. með 11 samhlj. atkv.

Brtt. 677,3 samþ. með 11 samhlj. atkv.
— 677,4 — án atkvgr.

4. gr. svo breytt samþ. með 12 samhlj. atkv.
5. gr. óbreytt samþ. með 12 samhlj. atkv.
6. — — — — 12 — —
7. — — — — 12 — —

Brtt. 677,5 — án atkvgr.

8. gr. svo breytt samþ. með 12 samhlj. atkv.

Brtt. 677,6 samþ. án atkvgr.

9. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

Brtt. 677,7 samþ. án atkvgr.

10. gr. svo breytt samþ. með 12 samhlj. atkv.
11. gr. óbreytt samþ. í einu hlj.

Brtt. 677,8 — án atkvgr.

12.—15. gr. svo breyttar samþ. í e. hlj.

Brtt. 677,9 samþ. án atkvgr.

16. gr. svo breytt samþ. með 12 samhlj. atkv.
17. gr. óbreytt samþ. í e. hlj.
18. — — — — —

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 samhlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. septbr., var frumv. tekið til 3. umr. (A. 796).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþ. í e. hlj. og endursent til Nd. (A. 837).

30. Alþingiskosningar.

Á 6. fundi í Ed., miðvikudaginn 14. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um kosningar til Alþingis (A. 24).

Á 8. fundi í Ed., föstudaginn 16. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutnm. (Jósef Björnsson): Frv. það, er hjer liggur fyrir, og sem jeg er flutnm. að ásamt hv. þm. Strand. (M. P.), er samhljóða lögum þeim, er samþ. voru um þetta efni á síðasta Alþingi, að öðru en því, að 86. gr. frv. er breytt lítið eitt. Þá er frv. þetta var samþ. á síðasta Alþingi, var gengið út frá því, að lögin yrðu staðfest af konungi jafnhliða stjórnarskránni, en með því að ákvæðið um stundarsakir var þá orðið óframkvæmanlegt, þá sá hæstv. ráðherra sjer ekki fært að leggja til, að frv. yrði staðfest. Það er því að undirlagi hæstv. ráðherra, að við flutnm. flytjum frv.

Við flutnm. þurfum ekki að taka frekar fram um málið, en sökum þess, að hv. deild hafði í fyrra mjög lítinn tíma til að athuga það, þá mætti álíta það vel til fallið, að nú væri skipuð nefnd, til þess að athuga það. Eins getur það verið álitamál, hvort tímatakmörk þau eru heppileg, sem nú eru sett í ákvæðinu um stundarsakir, og er því rjett að það sje yfirvegað í nefnd. Af þessum sökum, leyfi jeg mjer að leggja til, að skipuð verði þriggja manna nefnd að þessari fyrstu umr. lokinni.

Ráðherra: Það getur verið, að mönnum þyki það undarlegt, að þetta frumv. hefir ekki verið lagt fram til staðfestingar fyrir hans hátign konunginn, en það er, eins og hv. 2. þm. Skagf. (J. B.) vjek að, af því, að í frv. því, sem þingið afgreiddi í fyrra, um kosningar til Alþingis, eru fyrirmæli bráðabirgðaákvæðanna alveg orðin úrelt. Þar segir svo, að landkosningar eigi að fara fram í síðari hluta marsmánaðar 1915, en kjördæmakosningar 1.—10. júní 1915, en þar sem stjórnarskráin var ekki staðfest fyrr en 19. júní 1915, var vitanlega ómögulegt að leggja frv. þetta fyrir konung til staðfestingar.

Jeg læt það með öllu afskiftalaust, hvort háttv. deild setur nefnd í málið eða ekki, en jeg vænti þess, að hv. deild og svo Alþingi í heild sinni afgreiði málið, því ef það gjörir það ekki, þá er ekki annað ráð fyrir hendi, en að landsstjórnin verði að gefa út bráðabirgðalög fyrir kosningar, og það tel jeg óþarft og enga ástæðu til, þar sem Alþingi getur afgreitt málið á stjórnskipulegan hátt.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj. Þriggja manna nefnd samþ. í e. hlj.

Í nefndina voru kosnir að viðhafðri hlutfallskosningu:

Karl Finnbogason,
Eiríkur Briem,
Magnús Pjetursson.

Á 16. fundi í Ed., mánudaginn 26. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 24, n. 81).

Framsm. (Karl Finnbogason): Frv. þetta er hið sama og afgreitt var frá þinginu í fyrra. Það er óbreytt að öðru en því, að í kaflanum: „Ákvæði um stundarsakir“, er breytt ártölum, 1916 sett í stað 1915, og í 86. gr. er ákveðið, að lögin öðlist gildi „samtímis og þau eru birt í Stjórnartíðindunum“, í stað þess, að í frv. í fyrra áttu þau að öðlast gildi „samtímis nýju stjórnarskipunarlögunum“. Báðar þessar breytingar virðast sjálfsagðar.

Nefndin hefir íhugað frv. allvandlega og lítið fundið athugavert. Engar brtt. hafa enn komið fram frá öðrum, og eng-

inn bent nefndinni á breytingar, svo líkur eru til, að hv. deild þyki frv. gott og það fái góðan byr.

Brtill. nefndarinnar eru að eins 8, og skráðar á þgskj. 81.

1. og 2. brtt. eru að eins orðabreytingar.

3. brtt. er breyting á orðaröð að eins.

4. brtt. fer fram á, að í stað þess að ákveða hlutkestisseðla *„jafnstóra“*, skuli ákveða þá *„sams konar“*. Þetta er nákvæmara, því jafnstórir seðlar geta verið misþykkir, missnarpir eða mismjúkir og jafnvel mislaga. En sams konar seðlar verða að vera að öllu eins, og til þess er auðvitað ætlast, svo að ekki þekkist þeir sundur af þeim, sem dregur.

5. brtt. er efnisbreyting.

Í frv. er gjört ráð fyrir, að landskjörstjórnin sendi sýslumönnum og bæjarfógetum jafnmarga kjörseðla og kjósendur eru í lögsagnarumdæmi hvers þeirra og 10% fram yfir. En svo á hann að senda kjörstjórnum jafn marga kjörseðla og kjósendur eru í hverju umdæmi þeirra og 10% fram yfir. Þetta getur hann naumast, nema hann fái sjálfur meira en 10% fram yfir kjósendatölu í lögsagnarumdæminu. Þessu til sönnunar vil jeg benda á dæmi úr skýrslum Hagstofunnar um síðustu Alþingiskosningar.

Í Selvogshreppi í Árnessýslu eru t. d. 14 kjósendur. Til þess að fullnægja lögunum, hefði sýslumaðurinn orðið að senda þangað 16 kjörseðla. Ef hann hefði ekki sent nema 15, þá hefði hann slept 10% af þeim 4 seðlum, sem átti að senda fram yfir 10 og þá voru ekki send 10% fram yfir kjósendatölu.

I Ölveshreppi voru 70 kjósendur. Þangað var því hæfilegt að senda 77 seðla, og stóð heima.

Í Grafningshreppi voru 13 kjósendur. Þangað varð því að senda 16 seðla.

Í Þingvallahreppi varð að senda 18 kjósendum 20 seðla, o. s. frv.

Ef talið er saman í þessum hreppum, eru kjósendur samtals 115. Setjum svo, að sýslumaður hefði fengið handa þeim 115+12 seðla, eða 127 seðla, þá hefði hann fengið 10% fram yfir kjósendatöluna i þessum hreppum. En samkvæmt því, sem jeg hefi sagt, hefði hann orðið að senda þeim 15+77+16+20=128 seðla, og vantar því einn. Sje talið í öllum hreppum Árnessýslu á þennan hátt, hefði vantað þar alls 8 seðla. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefði vantað 7 seðla, og Rangárvallasýslu 5. Svipað yrði annarsstaðar.

Til þess að bæta úr þessu, leggur nefndin til, að sýslumönnum og bæjarfógetum verði send 12% fram yfir og ætti þá að vera orðið nóg.

6. og 7. brtt. eru að eins orðabreytingar, og 8. brtt. er að eins viðbót til skýringar.

Nefndin hefir ekki fundið ástæðu til, að gera frekari breytingar á frv., og þar sem henni finst þetta vera svo lítilvægt og líkindin mikil fyrir því, að brtt. verði samþ., þá óskur hún þess, að þær verði ekki bornar undið atkvæði við þessa umræðu. Það mundi spara landinu um 200 kr., því ella þyrfti að prenta alt frv. upp aftur, með áorðnum breytingum. Nefndin leyfir sjer því að æskja þess, að hæstv. forseti beri þær ekki upp fyrr en við 3. umr., og mun taka þær aftur, ef rjett þykir.

Steingrímur Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að skjóta því nefndarinnar, hvort eigi mundi rjettast að fella burtu eða breyta viðbótinni við frv., — *„ákvæði um stundarsakir“*. Því ákvæði var upphaflega bætt við, til þess að trygt væri, að kosningar færu fram áður reglulegt Alþingi kæmi saman 1915. En nú virðist það óþarft, með því að ekki er ástæða til þess að búast við, að Alþingi komi saman næsta sumar. Og um það eru allir vona jeg sammála, að ekki sje heppilegt að halda þessar fyrstu landskosningar um hávetur. Jeg vildi að eins leyfa mjer að biðja hv. nefnd að athuga þetta, þar sem

nú stendur öðru vísi á, heldur en þegar ákvæðið varð til í fyrstu.

Framsm. (Karl Finnbogason): Nefndin hefir íhugað þetta atriði, og varð það ofan á hjá meiri hluta hennar, að heppilegast væri að ákvæðið stæði óbreytt. Meiri hlutinn leit svo á, að það gæti reynst meira en bagalegt, ef landið væri lengi þingmannalaust á þessum styrjaldartíma, því að nú geta á hverri stundu orðið þeir atburðir, að kalla verði saman þing. Annars er jeg fyllilega sammála hv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.) um það, að það er mjög óheppilegt að halda landskosningarnar í marsmánuði. Bæirnir og kauptúnin munu ráða fullmiklu um þær kosningar, þótt kosningatíminn hjálpi þeim ekki líka. Jeg fyrir mitt leyti gæti því vel fallist á till. hv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.), að fella ákvæðið burtu, því að jeg býst ekki við, að nein hætta mundi stafa af því, þótt landið væri þingmannalaust um nokkurn tíma. Og að minsta kosti gæti þá hættu að borið alveg eins *fyrir* 1.—10. júní 1916, eins og eftir þá daga.

Guðmundur Björnson: Jeg lít einnig svo á, að þetta bráðabirgðaákvæði sje viðsjárvert, en ekki er jeg sammála þeim, sem vilja fella það í burtu. Samkvæmt stjórnarskránni eru nú umboð hinna konungkjörnu þingmanna fallin úr sögunni, jafnskjótt og stjórnarskipunarlögin nýju ganga í gildi, og verða einhverjir að koma í þeirra stað. Það er að vísu satt, að kosningatíminn, sem bráðabirgðaákvæðið tiltekur, er óheppilegur, en þess er að minnast, að við lifum á háskalegum tíma, og er enginn kominn til að segja, að eigi beri nauðsyn til að kalla saman aukaþing 1916. Jeg vil biðja hv. þm. að hyggja að öllum þeim vanda, sem oss er nú á höndum. Það er enginn hægðarleikur fyrir það Alþingi, sem nú situr á rökstólum, að gjöra úr garði fjárlög fyrir næstu tvö ár. Fjárhagurinn er fjöregg þjóðarinnar, en hver getur ábyrgst, að vjer lendum eigi í þeim kröggum á næsta vetri, að stjórnin neyðist til að kalla saman aukaþing? En hvernig á að kalla saman þing, ef rjettkjörnir þingmenn eru ekki til? Menn kunna að svara, að hægt væri að kalla saman það þing, sem nú er í sessi. En jeg vil spyrja: Er hægt að teygja lögin svo? Hvað mun þjóðin hugsa, ef þingmenn taka upp á því, að teygja umboðstíma sinn svo langt fram úr rjettu hófi? Jeg er hræddur um, að það mundi eigi mælast vel fyrir, og hygg jeg því ráðlegast að láta bráðabirgðaákvæðið haldast eins og það er nú.

ATKVGR.:

1.—57. gr. með kaflafyrirsögnunum samþ. í e. hlj.

58.—78. gr. með kaflafyrirsögnunum samþ. í e. hlj.

79.—86. gr. með kaflafyrirsögnunum samþ. í e. hlj.

Bráðabyrgðaákvæðið samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 17. fundi í Ed., miðvikudaginn 28. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 24, n. 81, 125).

Forseti tók málið út af dagskrá.

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 2. ágúst, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 24, n. 81, 125, 132, 181).

Framsm. (Karl Finnbogason): Eins og hinni hv. deild er kunnugt, þá tók nefndin aftur brtt. sínar við 2. umr., en nú flytur hún sömu tillögurnar á ný, og auk þess nokkrar nýjar tillögur. Allar hinar fyrri tillögur eru svo sem þær áður voru, nema 8. tillagan á þgskj. 125. Hún var áður svo, að í stað 10% komi 12%,

sem sje að 12% væri sent umfram í kjördæmi hvert, fram yfir kjósendafjölda þar. En nefndin hefir breytt því á þá lund, að landsstjórnin skuli senda sýslumönnum og bæjarfógetum *nægilega* marga seðla umfram kjósendatölu. Hún áleit, að svo gæti verið í einstökum tilfellum, að 12% yrði óþarflega mikið. Hjer fer nefndin að eins fram á, að landskjörstjórn sendi sýslumönnum og bæjarfógetum aukaseðla eftir sömu reglu og stjórnarráðið sendir yfirkjörstjórnum kjördæmanna nú. Væntanlega er ekkert við það að athuga.

Auk þess hefir nefndin borið fram ýmsar smávægilegar orðabreytingar, er hún telur æskilegar. Finn jeg ekki ástæðu til að tala nánar um þær eða hverja einstaka af þeim, en vona að hv. deild geti fallist á þær.

Loks er 13. brtt. viðaukatillaga við 73. gr. frv. Þar er farið fram á, að ákveðið sje, að landskosningarúrslitin verði birt í B-deild Stjórnartíðindanna, eins og kjördæmakosningaúrslitin. Þetta virðist sjálfsagt, og vonandi að háttv. deild fallist á það.

Á þgskj. 132 ber nefndin fram tillögu um, að í staðinn fyrir „konungur ákveður" komi „stjórnarráðið ákveður". Þetta er varúðartillaga, vegna stríðsins. Því hugsanlegt er, að símasamband og önnur sambönd við Danmörku verði slitin, þegar ákveða þyrfti kjördag. Og telur nefndin því rjett, að heimila stjórnarráðinu að gjöra það innan hinna ákveðnu takmarka.

Þá er brtt. sú, sem jeg flyt ásamt hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) og prentuð er á þgskj. 181. Við berum hana fram af því, að við teljum óheppilegt, ekki síst í fyrsta skifti, að landskosningin fari fram að vetrarlagi, því þá gæti vel svo farið, óveðurs vegna og ófærðar, að örfáir í sveitum geti notað rjett sinn; yrðu það þá kaupstaðir og kauptún landsins, er rjeðu kosningunni að mestu eða öllu. Teljum við illt og órjettlátt, ef svo yrði, því til þess er rjetturinn aukinn, að menn geti notað hann allir jafnt. Annars er rjettaraukinn nafnið tómt.

Til þess nú, að allir standi sem jafnast að vígi með að nota kosningarrjett sinn, leggjum við til, að lands- og kjördæmakosningar fari fram sama dag, og ekki fyrr en í júní. Með því móti er að öllu sjálfráðu komið í veg fyrir það, að veður og færi hamli mönnum frá að neyta rjettar síns, og enn fremur er þeim, sem lengst eiga að kjörstað, gjörður kostur á að fara þangað í eitt skifti fyrir tvö — „slá tvær flugur í einu höggi". Þetta er mjög mikilsvert fyrir kjósendur, og hluttaka í landskosningunum mundi verða mjög almennari en ella, með þessum hætti. Þarf ekki að færa frekari rök að þessu, því það liggur í augum uppi.

Jeg býst við þeirri mótbáru, að með þessum hætti verði þeir, sem verða í landskjöri, útilokaðir frá því, að bjóða sig fram í kjördæmi, ef þeir falla. Þetta er satt. En jeg tel það skaðlaust. Nógir munu vilja komast á þing, ef að vanda lætur. Og nú er úr fleirum að velja en áður. Einskis rjettur er fyrir borð borinn með þessu, því allir eiga þar frjálst val. Og þegar um það er að ræða, hvors rjett eigi fremur að tryggja, þingmannsefnis til að ná í þingsetu, eða kjósenda til að neyta kosningarrjettar síns, þá blandast mjer ekki hugur um það, að rjettur kjósenda á að ganga fyrir.

Önnur ástæða, er jeg býst við gegn þessu, er sú, að örðugra verði að fá góða menn á landslista, ef þeir eru um leið og þeir komast á hann útilokaðir frá því að bjóða sig fram í kjördæmi. Til þess er því að svara, að það mun hafa sýnt sig strax í haust, þegar umræða varð um landskjörið, að ærin þröng var þá fyrir dyrum landslistanna. Og allar líkur eru til, að svo verði framvegis, eins og jeg hefi bent á. En auk þess er engin vissa fyrir

því, að einmitt bestu mennirnir sjeu ákafastir að komast á þing. Allt eins líklegt er hitt, að ýmsir hinna betri manna vilji komast á landslistana, en ekki bjóða sig í kjördæmum. Og vera má, að þinginu væri ekki minni fengur í slíkum mönnum en ýmsum öðrum, sem alstaðar vilja troða sjer fram.

Jeg fæ því ekki betur sjeð, en að tillagan sje sanngjörn og rjettmæt og vona, að háttv. deild sjái það og samþykki.

Steingrímur Jónsson: Um tillöguna á þgskj. 181 vildi jeg taka það fram, að jeg get ekki felt mig við hana. Mjer finst hún vera beint á móti anda stjórnarskrárinnar, þar sem það er tekið fram, að landskosningarnar og kjördæmakosningarnar skuli ekki fram fara samtímis, og hún er beint í bága við reglur þær, er kosningalögin sjálf setja um reglulegar kosningar.

Jeg vil auk þess vekja athygli á því, að nú verður hver flokkur að setja 12 menn á landskosningarlistana, og ef þessi tillaga væri samþykt, þá gæti enginn af þeim mönnum, er stæðu á landskosningarlista, boðið sig fram í kjördæmunum. Eins og nú standa sakir, má búast við því, að listarnir verði jafnvel 3, og væri það því hið sama og útiloka 30 menn frá því að bjóða sig fram í kjördæmunum, og væntanlega má gjöra ráð fyrir því, að þetta sjeu nýtustu mennirnir, sem þinginu væri mest þörf á að fá. Og höfum við ráð á, að útiloka þá frá þingsetu? Jeg hygg að svo sje ekki. Jeg vil því alvarlega ráða háttv. deild frá, að samþ. brtt. á þgskj. 181.

Framsm. (Karl Finnbogason): Eigi fæ jeg sjeð, að breytingin fari í bága við stjórnarskrána, því þar er að eins tekið fram, að landkosningarnar skuli fara fram á *undan*, eða kjördæmakosningarnar á *eftir* hinum, en engin nánari tímatakmörk sett. Um það, hversu *stutt* megi vera á milli kosninganna, hvort það eigi að vera minst 1 stund eða meira eða minna, er *ekkert* sagt. Eftir tillögu vorri gætu kjördæmakosningar t. d. farið fram einni stundu eftir að hinum er lokið; og hver kjósandi gæti jafnvel kosið kjördæmakosninguna *strax*, þegar hann væri búinn með landskjörið. Slíkt væri alveg samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar, eins og þau hljóða. Aftur eru sett í stjórnarskránni þau tímatakmörk, er lengst mega vera á milli kosninganna, og er það ársfjórðungur. En ákvæði kosningarlaganna, eins og þau eru nú, brjóta bág við þetta, því þau ætlast til, að alt að 4 mánuðir, í stað 3, líði milli kosninganna. Ætli það sje samkvæmt anda stjórnarskrárinnar?

Annars vil jeg taka það fram, að fyrir okkur tillögumönnum vakti það eitt, að kosningunum yrði hagað, eins og við leggjum til, að eins í fyrsta sinni, en svo megi allt sitja í þeim skorðum, er kosningarlögin setja, ef rjett þykir framvegis.

En áherslu vil jeg leggja á það, að landskjörið *gildir lengi*. Og því verra er að gildra til þess, að menn geti ekki notað rjett sinn, þá sjaldan að kostur *á að vera á því*.

Hvað mannafla þann snertir, er hv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.) var að tala um á listunum, þá tel jeg það harla óþarft að hrúga 12 nöfnum á hvern lista, og því gjöra ráð fyrir 36 nöfnum alls. Það er vitanlegt fyrir fram, að enginn listi — nema hann verði að eins einn — getur komið öllum sínum mönnum að, og því svo mörg nöfn alóþörf. Þau geta að eins sýnt löngun manna til þingmensku. En landinu mundi slíkt til lítils gagns.

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum um brtt. 181, er var of seint fram komin, og voru þau leyfð og samþykt.

ATKVGR.:

Brtt. 125,1 samþ. án atkvgr.
— 125,2 — — —
— 125,3 — — —
— 125,4 — — —
— 125,5 — — —
— 125,6 — — —
— 125,7 — með öllum atkv.
— 125,8 — — — —
— 125,9 — án atkvgr.
— 125,10 — — —
— 125,11 — — —
— 125,12 — með öllum atkv.
— 125,13 — 12 atkv.
— 181 feld með 7 : 5 atkv.
— 132 samþ. með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Eiríkur Briem,	Hákon Kristófersson,
Guðm. Björnson.	Jósef Björnsson,
Guðm. Ólafsson,	Karl Einarsson,
Jón Þorkelsson,	Kristinn Daníelsson,
Karl Finnbogason,	Sigurður Stefánsson.
Magnús Pjetursson.	

Frv. samþ. með öllum atkv. og sent til neðri deildar.

(A. 191).

Á 54. fundi í Ed., þriðjudaginn 7. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um kosningar til Alþingis,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 787).

Á 58. fundi í Ed., laugardaginn 11. september, var frv. tekið til einnar umr. (A. 787, 899, 915).

Framsm. (Karl Finnbogason): Eins og framhaldsnefndarálitið getur um, hefir hv. Nd. hvergi breytt frv. þessu frá því, sem það var, þegar það fór hjeðan úr deild, nema ákvæðunum um stundarsakir.

Í stað þess, að þessi hv. deild ætlaðist til, að landskjörið færi fram í síðara hluta marsmánaðar og kjördæmakjörið 1.—10. júní 1916, hefir hv. Nd. ákveðið í frv., að landskjörið fari fram 1. júlí, en kjördæmakjörið 9. september 1916. Meiri hluti nefndarinnar gat ekki fallist á, að þetta væri heppilegur tími, og hefir því komið með brtt. á þgskj. 899 um, að kosning landskjörinna þm. skuli fara fram 5. ágúst, en kjördæmakjörinna fyrsta vetrardag. Aðalástæðan fyrir brtt. er sú, að meiri hlutanum þótti eigi gjörlegt að kosningartíma væri þannig hagað, að fyrir gæti komið, að báðar kosningarnar lentu á heyskapartímann; því að þegar vel árar, eru dæmi til, að sláttur sje byrjaður 1. júlí, og undantekningarlaust heldur sláttur áfram fram yfir 9. sept. Eins og hv. Nd. gekk frá frv., gæti það því komið fyrir, að sveitamenn yrðu að tefja sig frá slætti til að sækja báðar kosningarnar, og sjá allir, að það er ærið bagalegt fyrir þá. Til að koma í veg fyrir þetta, þá leggur nefndin til, að kosningatímanum sje þannig breytt frá því, sem nú er í frv., að önnur kosningin að minsta kosti lendi ekki á slætti, og þá er sjálfsagt, að það kjörið, sem *flestir* eiga að taka þátt í, lendi á sem minstum annatíma. Til landkjörsins koma helst húsráðendur og þeir eldri menn aðrir, sem ráða sjer sjálfir. En til kjördæmakjörsins eiga miklu fleiri erindi, og einmitt margir þeir, sem ekki ráða sjer sjálfir, og fá því miklu síður að fara heiman, ef annir eru miklar kjördaginn.

En þó jeg mæli nú með brtt. meiri hl. nefndarinnar, þá hefi jeg ekki skift um þá skoðun, að langheppilegast hefði verið að haga kosningum að tillögu okkar hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.), sem við fluttum hjer í deildinni við 3. umr. málsins. Eina leiðin til að fá menn almennt til að nota rjett sinn við landkjörið, er að hafa það samtímis kjördæmakjörinu. En fyrst það

getur ómögulega náð samþykki þingsins, eins og sýnt er nú, fyrst meiri hlutinn metur það meira, að fáeinir landsmenn geti boðið sig fram til beggja kosninga en að fjöldi kjósenda geti notað rjett sinn, þá virðist mjer litlu skifta, þótt landskjörið fari fram á annatíma, því víða mun það ekki verða sótt af kappi, hvort sem er. Hitt er með öllu óhæfilegt, að láta kjördæmakjörið fara fram um sláttinn að þarflausu.

Guðmundur Björnson: Jeg er háttv. frsm. (K. F.) öldungis samdóma um, að það er langhentugast fyrir þjóðina, að báðar kosningarnar fari fram sama dag, og jeg fæ ekki sjeð, að í stjórnskipunarlögunum sje neitt því til fyrirstöðu. Það er sjálfsagt líka talsvert til í því, að landskosningar verða verr sóttar og minna kapp við þær kosningar, en það *getur* þó verið, að þær verði vel sóttar. En það er fleira, sem er takandi til greina; það er *stórsparnaður*, að láta báðar kosningarnar fara fram sama dag. Hjer í frumv. er hugsað að hafa landskosninguna á miðju sumri. Við skulum gjöra ráð fyrir 10000 kjósendum, sem fellur verk úr hendi þann dag. Ef dagsverkið er metið á 3 krónur, nemur vinnutapið 30000 krónum. Það er því auðsætt, að það er þjóðarsparnaður, að láta báðar kosningarnar fara fram sama daginn. Jeg býst reyndar ekki við, að það þýði mikið að halda þessu fram, og finst mjer þó ástæðan, sem höfð er á móti þessari skoðun minni, harla ljettvæg og einkis nýt. Því að hver er ástæðan? Sú, að þeir, sem eigi ná kosningu við landskosningarnar, verði að fá tækifæri til að bjóða sig fram við hjeraðakosningar. En við vitum, að það verða margir nýtir menn, sem ekki komast að við *hjeraðakosningu*, og hafa þá *ekkert* tækifæri til að bjóða sig fram aftur. Hvað er þá hinum vandara um, sem falla við landskosningar? Þetta er hrein og bein hugsunarvilla.

Hjer er um tvent að ræða. Jeg hefi margoft hreyft því í sumar hjer á þingi og hreyfi því enn, að eins og nú standa sakir í heiminum, þá getur orðið öldungis óhjákvæmilegt að kveðja saman aukaþing að sumri. Það er því óforsvaranlegt af hinu háa Alþingi, að ætla að teygja umboð sitt fram á næsta haust, því að á aukaþingi að sumri, ef til kemur, ættu að sitja nýkosnir menn. Jeg sagði þetta við 1. umr. þessa máls og jeg segi það enn. Eins og alkunnugt er, þá eru hin nýju stjórnarskipunarlög staðfest 19. júní, en í þeim er ekki sagt, hve nær þau ganga í gildi, og það merkir, að þau ganga í gildi 12 vikum eftir að þau eru birt í B-deild Stjórnartíðindanna. Hjer er sagt, að stjórnin með þegjandi samþykki Alþingis ætli nú að stinga hinum nýju stjórnarskipunarlögum undir stól í heilt ár. Jeg *verð* að segja þetta, því að jeg hygg að það sje satt. Og margt hefir komið flatt upp á mig á þessu þingi, en ekkert þó eins og þetta, ef nú á að stinga þessum dýrmætu lögum undir stól og geyma þau í heilt ár. Það er ófyrirgefanleg óhæfa. Það er vitanlegt, að ef stjórnin gjörir það með þegjandi samþykki Alþingis, þá fær hún enga bakslettu. En það er jafn illa farið fyrir því. Jeg skil ekki, að þjóðin gjöri sjer slíkt að góðu. Það er öllum almenningi ljóst, að margt getur borið við, sem gjörir nauðsynlegt að halda þing aftur næsta ár, og þá á það að vera nýtt þing. Því verð jeg að mæla eindregið móti þessu, að draga landskosninguna fram til næsta sumars og hjeraðskosninguna til næsta hausts. Því hefir verið hreyft oft í sumar, að það sje alveg nóg að hafa 6 vikur milli kosninganna, til þess að þeir, sem ekki ná landskosningu geti boðið sig fram í hjeraði.

Menn hafa fundið að því, að óhægt væri að láta landskosningar fara fram á útmán-

uðunum, en jeg sje ekki annað, en að það sje í lófa lagið, að koma báðum kosningunum af fyrir júnímánaðar lok næsta ár. Þess vegna hefi jeg komið fram með þessa brtt. mína á þgskj. 915.

Jeg vil að landskosningin fari fram laugardaginn í 4. viku sumars, en ekki 1. júlí, og hjeraðskosningar laugardaginn í 10. viku sumars, en ekki 9. septbr. Laugardagurinn í 4. viku sumars verður 13. maí, en laugardagurinn í 10. viku sumars er 24. júní. Jeg fæ ekki annað sjeð en að það sje fullhentugur tími til kosninga, og megi því vel við una að öllu leyti. Ef till. mín nær fram að ganga, verður um mitt næsta sumar til nýkosið þing.

Það var verið að segja hjer í gær, að við konungkjörnu þingmennirnir hefðum bara einn kjósanda; það er satt, en sá eini kjósandi er líka hans hátign konungurinn. Jeg þori að fullyrða, að hans hátign konunginum líkar illa að heyra það, að hinni nýju stjórnarskrá sje stungið undir stól.

Við konungkjörnu þingmennirnir erum ekki kosnir fyrir neitt sjerstakt kjördæmi, heldur fyrir alla þjóðina. Jeg hlýt því í nafni konungs og í nafni þjóðarinnar að mótmæla því ofbeldi við stjórnarskipunarlögin, að stinga þeim undir stól fram á næsta haust. Jeg vona, að hv. Ed. íhugi vel þetta mál og aðgæti, hvort það getur talist sæmilegt fyrir núverandi þm., að teygja umboð sitt fram á næsta haust.

Jeg vil að síðustu segja, að það er má ske rjettast að taka málið út af dagskrá, svo að hægt sje að taka það til alvarlegri umhugsunar en því hingað til hefir hlotnast.

Eiríkur Briem: Jeg skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara, af því að jeg var ekki fyllilega samþykkur hv. meðnefndarmönnum mínum, að því er snerti till. þeirra. Sá munur er nefnilega á 9. september og 5. ágúst, að 5. ágúst er dýrmætur dagur, alveg um hásláttinn, en 9. sept. er svo langt liðið á sláttinn, að dagsverkið er orðið minna virði. Í sumum sveitum hjer á landi er þá mikið til hættur sláttur, að minsta kosti er það allvíða á Suðurlandi.

Brtt. þá, er hv. 5. kgk. þm. (G. B.) kom með, felli jeg mig best við. Mjer finst þó eitt athugavert, og það er, að við ákvæðið um stundarsakir hefir sú setning, að stjórninni væri heimilt að stytta frestinn, fallið burtu í hv. Nd. Mjer finst, að það ákvæði ætti að komast aftur inn í frv., ef brtt. hv. 5. kgk. þm. (G. B.) verður samþ. En það er ekki hægt, nema málið sje tekið út af dagskrá. Það færi þá í sameinað þing, og við það er ekkert athugavert.

Framsm. (Karl Finnbogason): Hv. 5. kgk. þm. (G. B.) vill stuðla að því, að landið verði sem skemstan tíma þingmannslaust, eða, eins og hann skýrir það, vinna á móti því, að núverandi þm. *lengi* umboð sitt.

Ástæður hans eru þær, að allar líkur sjeu til, að þörf verði á aukaþingi að sumri, og á því aukaþingi eigi að vera nýkosnir menn.

Jeg veit enga von þess, að aukaþing þurfi að heyja að sumri, nema eitthvað alveg sjerstakt og ófyrirsjáanlegt komi fyrir. Og þær orsakir, sem heimtuðu aukaþing, eftir *að 10 vikur eru af sumri*, gætu alveg eins orðið fyrir hendi áður *en 10 vikur eru af sumri*. Brtt. hv. þm. ráða því ekki bót á því, sem þeim er ætlað. Það er óhjákvæmilegt, að eitthvert bil verði á milli þess, að stjórnarskráin öðlist gildi og kosningar fari fram. Og jeg sje ekki, að það skifti neinu verulegu, hvort það bil verður mánuðinum lengra eða styttra.

Þá lagði hv. formaður kosningalaganefndarinnar (E. B.) áherslu á það, að ágústdagar væru dýrmætari en september-

dagar. Þetta er mjög vafasamt og alveg komið undir tíðarfari. En jeg hygg, að jafnaðarlega sjeu umræddir septemberdagar enn þá dýrmætari en fyrstu dagarnir af ágúst. Síðari hluta ágústmánaðar eru oft og einatt óþurkar. Þá safnast fyrir hey, sem ekki hirðist fyrr en í september. Og hver þurkdagur á þeim tíma, eftir langvinna óþurka, getur orðið og er oft margfalt dýrmætari bændum en nokkur annar dagur ársins. Oft gæti slíkur dagur orðið 9. september. Aðalatriðið er þó það, sem jeg hefi áður tekið fram, að þótt ágúst og septemberdagarnir sjeu lagðir að jöfnu, þá er meiri skaði að septemberdögunum, vegna þess, að þá eiga margfalt fleiri að fara frá verki til kosninga. — *(Guðmundur Björnson:* Eru færri kjósendur í ágúst?), Já, víst eru þeir færri, sem kosningarrjett hafa til landskjörs en kjördæmakjörs. Og það ætti hv. 5. kgk. þm. (G. B.) að vera fullkunnugt.

Ráðherra: Það er helst út af ræðu hv. 5. kgk. (G. B.) að jeg stend upp. Mjer er engin þægð í því, að draga birtingu stjórnarskrárinnar, en mjer virðist það varlegra, ef útlit er fyrir, að nauðsynlegt sje að kalla saman aukaþing. Það geta komið þeir atburðir fyrir, að það verði eins nauðsynlegt að kalla saman þing á vori, eins og að sumri. Það er því varlegast, að hafa þann tíma sem allra stytstann, sem þinglaust er. En hann getur orðið mismunandi langur, eftir því, hve nær stjórnarskráin er birt. Þetta vildi jeg taka fram, enda þótt það sje ekki mikið rjettartap, að hún er birt einum mánuði seinna. Það er rjett hjá hv. 5. kgk. þm. (G. B,), að það eðlilegasta væri, að aukaþing kæmi saman eftir nýju lögunum. En þótt það yrði að kalla þetta þing aftur saman áður en nýju lögin ganga í gildi, þá álít jeg það betra, ef einhverjir voveiflegir atburðir bæru að höndum, heldur en að enginn hefði þá umboð.

Hv. 5. kgk. þm. (G. B.), sagði, að í fyrra hefðum við ekki viljað draga kosninguna. Það er rjett, en ástæðan til þess var vitanlega fyrst og fremst sú, að þá vissum við fyrirfram, að það átti að verða reglulegt þing í sumar, og því var gjört ráð fyrir að kjósa svo snemma. Jeg mundi þinginu þakklátur, ef það gæti skipað málinu sem heppilegast, einkum þó að sá tími yrði sem allra stytstur, er þinglaust væri, hvort sem þessir þingmenn kæmu saman eða nýir. Þótt hv. 5. kgk. (G. B.) kallaði dráttinn ofbeldi, þá álít jeg betra að hafa það svo, heldur en ef ómögulegt væri að kalla saman reglulegt þing,

Guðmundur Björnson: Það eru að eins örfá orð. Hæstv. ráðherra taldi það ráðlegast að draga birtingu stjórnarskrárinnar, og að best væri að sá tími yrði sem stytstur, sem þingmannalaust yrði. Þetta er að vísu alveg rjett, en haggar þó ekki að neinu leyti því, er jeg sagði, að það væri skylda þingsins að láta fara fram nýjar kosningar sem fyrst. Þess vegna hefir Alþingi enga afsökun, og getur ómögulega forsvarað það fyrir þjóðinni, að draga kosningarnar fram á næsta haust. Því fyrr sem stjórnarskipunarlögin eru birt, því fyrr er hægt að kjósa. Það sem jeg held fram að eigi að gjöra, er einmitt það, að birta lögin sem fyrst — og kjósa nýja þingmenn sem fyrst. Í fyrra var ákveðið að kjósa í mars og júní, og hæstv. ráðh. sagði, að það hefði verið af því, að þá vissu allir að það átti að vera þing í sumar. En nú vitum við líka, að það er *mjög* líklegt, að aukaþing þurfi að halda að sumri, og þess vegna er nú jafn nauðsynlegt að kosningar fari fram svo snemma, að á næsta sumri verði til nýkosið þing. Sumarið er heppilegasti tíminn, til þess að halda þing, og það getur verið nær ómögulegt að vetrinum. Það er ekki hægt að spá neinu um ófriðinn, en við vitum þó, að hann getur haldist fram á haust eða lengur.

Jeg verð að endurtaka það, að það er mikill ábyrgðarhluti fyrir hv. Alþingi, að lengja umboð þingmanna svona fram úr öllu hófi, en það er það eitt, og annað ekki, sem hjer er verið að gjöra. Jeg get ekki annað en mótmælt því. Jeg verð að mótmæla því tiltæki þingsins eindregið.

Framsm. (Karl Finnbogason): Hv. 5. kgk. þm. (G. B.) segir, að það sje nauðsynlegt, að stjórnarskráin sje birt sem fyrst. Það skil jeg ekki. Jeg sje ekki annað en það sje nóg, að hún sje birt 12 vikum fyrir næsta nýjár. En síðar en 12 vikum fyrir nýjár ætla jeg að hún megi ekki öðlast gildi, ef kjörskrá á að semja samkvæmt henni og nýju kosningalögunum á ákveðnum tíma, því upp úr nýjárinu á að fara að semja hinar nýju kjörskrár, sem eiga að koma í gildi 1. júlí næstkomandi. Það getur því ekki skift neinu máli, þótt hún væri birt fyrr. Fyrr en þetta er þó ekki byrjað á samning kjörskránna.

Ráðherra: Jeg verð að draga það í efa, að það sje rjett hjá hv. þm. Seyðf. (K. F.), að ekki sje hægt að undirbúa kjörskrárnar, þótt að stjórnarskráin sje ekki komin til fullrar framkvæmdar. Jeg hygg að það sje víst, að undirbúningur undir þær, megi fyrr fara fram, og að það sjeu engin rjettarspjöll. Þyrði jeg óhræddur að taka þá ábyrgð á mig.

Framsögum. (Karl Finnbogason): Lögfræðingar geta svo margt, þegar þeir fara með lög og landsrjett, sem öðrum mennskum mönnum er óskiljanlegt og um megn, að jeg mun ekki deila við hæstv. ráðherra um það, hvað *honum* er fært í þessu máli. En undarlegt þykir mjer það, ef rjett er og eðlilegt, að semja kjörskrá eftir kosningarlögum, sem bygð eru á stjórnarskipunarlögum, sem ekki eru komin í gildi. Og auðsætt er, að ekki verður nema með undanþágu, kosið fyrir 1. júlí eftir kjörskrám, sem ekki eiga að koma í gildi fyrr en 1. júlí. Brtt. hv. kgk. þm. (G. B.) eru því naumast frambærilegar. Þær koma þvers um ákvæði laganna að þarflausu.

Ráðherra: Þetta er misskilningur hjá hv. þm. Seyðf. (K. F.) því ef t. d. verður samþykt að kjósa laugardaginn í 4. viku sumars, þá hlýtur löggjafinn að ætlast til þess, að allt sje formlega undirbúið, þó það kunni að brjóta í bága við einhverjar almennar reglur. Þá liggur það í hlutarins eðli, að löggjöfin ætlast ekki til, að þeim sje fylgt í þessu einstaka tilfelli.

ATKVGR.:

Brtt. 915,1 feld með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Eiríkur Briem,	Guðm. Ólafsson,
Guðm. Björnson,	Hákon Kristófersson,
Jón Þorkelsson,	Jósef Björnsson,
Magnús Pjetursson.	Karl Einarsson,
Sigurður Stefánsson.	Karl Finnbogason,
	Kristinn Daníelsson.

Brtt. 915,2 sjálffallin.

Brtt. 899a samþ. með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Guðm. Ólafsson,	Björn Þorláksson,
Hákon Kristóferss.,	Steingr. Jónsson,
Jósef Björnsson,	Eiríkur Briem,
Karl Einarsson,	Guðm. Björnson,
Karl Finnbogason,	Jón Þorkelsson,
Kristinn Daníelsson,	Sigurður Stefánsson.
Magnús Pjetursson.	

Brtt. 889b samþ. með 11 atkv.

Frv. svo breytt samþ. með 12 atkv. og endursent Nd.

(A. 937).

31. Fasteignamat.

Á 24. fundi í Ed., fimtudaginn 5. ágúst, var úthýtt

Frumvarpi til laga um jarðamat. (A. 218).

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 7. ágúst, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutnm. (Jón Þorkelsson): Svo sem öllum má kunnugt vera, er jarðamat það, sem nú er í lögum, orðið svo gamalt, að ekki er við hlítandi. Jarðabókin er nú fimtug, en matið sjálft er þó talsvert eldra, eða 66 vetra gamalt. Á þessum tíma hafa vitanlega orðið fádæma breytingar á verðmæti fasteigna, og er matið því orðið mjög úrelt og marklítið í flestum greinum. Milliþinganefndin, sem skipuð var hjer á árunum, til þess að athuga skattamálin, kom fram með frv. um jarðamat. Gjörði hún það í þeirri veru, að hækka ábúðarskattinn og afla landssjóði þann veg fjár. Vera má, að sumir hafi sett fyrir sig þessa hækkun ábúðarskattsins, en slíkt er smásmuglegt, og má ekki til greina koma. Aðrir kunna að hafa óttast kostnaðinn við framkvæmd nýs jarðamats, en óþarft virðist það, því að kostnaðurinn mundi að líkindum ekki fara fram úr 20 þús. kr,, og kæmi sjálfsagt inn þegar á næstu misserum fyrir eðlilega hækkun á ábúðarskattinum. 1913 lagði stjórnin þetta frumv. nefndarinnar fyrir Alþingi, en það var felt í Nd. umræðulítið, og varð það verk óvinsælt og alstaðar illa rómað af góðum mönnum og vitrum, að farga svo dýru máli af dutlungum einum.

Jeg hefi vikið orðum að því, hve gagnsamt nýtt jarðamat væri fyrir landssjóð, en hins er þó ekki síður getandi, að það mundi efla lánstraust alls landslýðsins, og annað það, sem til bóta má horfa. Mjer hefir verið sagt af fróðum mönnum og margvísum, að húseignirnar í landinu sjeu metnar 8 milj. kr. verðhærri en jarðeignirnar. Fyrr má nú vera samt en að landið sjálft sje svo miklu verðminna en húsakofarnir, sem á því standa, fúnir og fallsælir.

Um frumv. sjálft ætla jeg ekki að fara fleiri orðum um sinn. Því hefir verið breytt nokkuð frá því, sem það var 1913, en þó kunna enn þá að vera nokkrar á því misfellurnar, og vil jeg því leggja til, að skipuð verði þriggja manna nefnd, til þess að vinna á því bætur. Vona jeg nú, að málinu farnist vel á þessu þingi, og menn kunni þar um þess til að gæta, er til þjóðþrifa má horfa, því það er stórnauðsynlegt og mikilsvert fyrir land og lýð, alinn og óborinn.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv.

Samþ. að skipa þriggja manna nefnd með 8 shlj. atkv., og hlutu kosningu með hlutfallskosningu:

Jón Þorkelsson,
Eiríkur Briem,
Guðmundur Ólafsson.

Á 38. fundi í Ed., föstudaginn 20. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 218, n. 386, 387).

Framsm. (Eiríkur Briem): Svo sem hv. deild er kunnugt af nefndarálitinu, tók nefndin fyrst til íhugunar, hvort ástæða væri til að sinna frv., og komst hún að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að leggja það til, að frumv. yrði samþykt. Það er vitanlegt, að upphaflega fóru menn að hugsa um nýtt jarðamat í sambandi við skattamál landsins. Þannig stóð tillaga skattamálanefndarinnar um nýtt jarðamat í sambandi við fasteignaskatt þann, sem nefndin stakk upp á, að lagður yrði á. Mönnum hefir ekki dulist, að jarðamat það, sem nú gildir, er orðið úrelt og ófullkomið. Á þeim 60—70 árum, sem liðin eru frá því matið fór fram, hafa gjörst meiri breytingar hjer á

landi, heldur en frá landnámstíð til þess tíma. Enda var svo, að víða þótti gamla matið rjett og sanngjarnt fram yfir miðja 19. öld, nema þar sem æðarvarp var, eða annar plógur, sem hleypt hafði upp mati jarðnna. Þó gæti verið skoðunarmál, hvort vjer ættum að ráðast í að gjöra nýtt jarðamat nú þegar, ef ekki kæmi annað til greina en skattamálin, og getur þó raunar bráðlega rekið að því, að nýr fasteignaskattur verði lagður á, en þá hljóta allir að sjá, hve mikilsvert það er, að matið hafi farið fram áður. Ef skatturinn væri lagður á áður en nýtt mat færi fram, mundi enginn geta haft hugmynd um, hvað miklu hann mundi nema, en það er þó mjög mikilsvert. En þó að alls ekki sje litið á skattamálin, þá er þó áríðandi að fá nýtt jarðamat af mörgum öðrum ástæðum. Það mundi t. d. veita oss margvíslega fræðslu í hagfræðislegum efnum, sem oss skortir nú svo tilfinnanlega. Fátt gefur betri bendingu um afkomu manna og efnahag, en húsakynni þau, er þeir lifa í. Það er einn hinn besti vottur um efnahag og menningarstig hverrar þjóðar. Ef mat á húsum og jarðeignum landsins færi fram, mundi það veita oss hina bestu upplýsingu um það, hvað langt eða stutt vjer erum á leið komnir. Annað er það, hvað þýðingarmikið það er fyrir allar lánsstofnanir, að til sje alment jarðamat, sem er hlutfallslega rjett og sjálfu sjer samkvæmt. Og sömu þýðingu gæti það haft fyrir einstaka menn, þegar um kaup eða sölu á fasteignum er að ræða. Á síðari tímum hefir víða verið mesta brall með fasteignir, og hafa óaðgætnir eða ótortryggnir menn oft látið flekast af röngum upplýsingum. Það er kunnugt, hvað oft mat dómkvaddra manna er bygt á veikum grundvelli, svo að þess eru mörg dæmi, að ef þvingunarsala á fasteign hefir farið fram, hefir ekki fengist nema helmingur af matsverði. En hjer er að ræða um mat, sem er miklu tryggilegra, og mundu því lánsstofnanir verða óragari að lána út á fasteignir en þær hingað til hafa verið. Af öllum þessum ástæðum vill nefndin leggja það til, að frv. verði samþykt með þeim breytingum, sem hún hefir stungið upp á að gjörðar væru á því.

Frumv. gjörði að eins ráð fyrir nýju jarðamati, en nefndin leggur til að allar fasteignir landsins verði metnar af nýju. Það eru til ýmsar lóðir og lendur, sem ekki geta heitið jarðir, en eru þó ef til vill verðhærri en flestar jarðeignir í landinu, og virðist meiningarlaust, að matið nái ekki til slíkra eigna. Hitt getur fremur verið skoðunarmál, hvort matið eigi líka að ná til húseigna, en þar sem nefndin telur sjálfsagt að meta jarðarhúsin með jörðunum, þá þótti henni rjett, að hafa engin hús undanþegin matinu, sjerstaklega þar sem hús, sem eigi eru notuð við ábúð á jörð, eru alstaðar metin til húsaskatts, nema í Reykjavík, en þar er brunabótavirðing látin nægja. Nefndin hefir því hallast að því, að frumv. eigi að ná til allra fasteigna, bæði jarða, húsa og lóða.

Tíma þann, sem frumv. ætlar til matsins, telur nefndin alt of nauman í fyrsta sinn, og leggur því til, að matið fari fram á árunum 1916—1919. Svo sem nefndarálitið ber með sjer, hafði nefndin það einnig fyrir augum, að kostnaðurinn dreifist þá líka á öll þessi ár, og verður því eigi svo tilfinnanlegur sem ella. Matið verður langerfiðast og verst viðureignar í fyrsta sinn, en seinni möt verða miklu auðveldari, og fann því nefndin ekki ástæðu til þess, að breyta tímalengdinni, að því er hin seinni möt snertir.

Nefndin leggur til, að bætt sje við einni grein inn í frv., er verður 8. gr. og hljóðar svo: „Til ábúðarskatts skulu hverjar 150 krónur í matsverði jarða taldar eitt hundrað á landsvísu. En því skal slept til ábúðarskatts, sem verð húsanna kann að fara fram úr þriðjungi af matsverði jarðar. — Húsaskattur af húsum, sem

ekki eru notuð við ábúð á jörðu, skal tekinn af matsverði húsanna, að viðbættu matsverði þeirrar lóðar, er hverri húseign fylgir". Í 2. gr. frv. er gjört ráð fyrir, að jarðir sjeu lagðar í hundruð á landsvísu, en nefndin leggur til að fella það ákvæði burtu. Í staðinn fyrir það á svo að koma það, sem hjer segir, að hverjar 150 kr. í matsverði jarðar skuli taldar eitt hundrað á landsvísu til ábúðarskatts. Nefndinni þótti og rjett að taka fram, að húsaskattinn skyldi einnig taka af matsverði lóðanna. Hjer í Reykjavík er farið eftir brunabótavirðingu einni, er húsaskattur er lagður á, en ekki tekið tillit til lóðanna; en það virðist sanngjarnt, að lóðir, sem sleppa undan ábúðarskatti, geti komið til greina.

Nefndin hefir gjört margar aðrar brtt., og eru þær allar svo ljósar, að þær þurfa væntanlega ekki frekari skýringar við. 17. brtt. er gjörð til varúðar, til þess að menn verði eigi of fljótir á sjer að álykta, að jarðir sjeu lagðar niður, þótt þær hafi legið undir aðra jörð um stund. 19. brtt. er um, að bætt verði inn í frv. nýrri grein um mat á húseignum í kaupstöðum og lóðum, lendum og mannvirkjum, sem vel geta verið mikils virði. 20. brtt. við 5. gr., að í stað orðanna „sameign sveitarmanna" komi orðin „eign sveita", er að mestu leyti orðabreyting, en þó getur verið, að afrjettarlönd sjeu eign sveitarinnar. 21. brtt. fer í þá átt, að þrætulönd skuli metin sjer í lagi. Í frv. er gjört ráð fyrir, að þeim sje skift jafnt milli jarða þeirra, er eigna sjer löndin. Nefndinni þótti hitt rjettara.

22. brtt. fer fram á að tveimur nýjum greinum verði bætt við, og verða það 7. og 8. gr. Í 7. gr. er kveðið svo á, að hverja fasteign skuli ákveða svo skýrt, að ekki sje unt að villast um, hver hún sje, og að nafngreina skuli eiganda og notanda hverrar fasteignar. Hina nýju 8. gr., sem nefndin leggur til að bætt verði inn í frv., hefi jeg þegar talað um áður. Þá vil jeg minnast á 27. brtt., sem fer fram á, að í stað „15. júlí" í 6. gr. komi 15. júlí 1918. Tíminn til þess að framkvæma jarðamatið væri þá 1916 og 1917 og fram til 15. júlí 1918, þá ætti því að vera lokið. Kostnaðurinn við jarðamatið verður síðar tilfinnanlegur fyrir landssjóð, þegar hann dreifist niður á nokkur ár, og fyrir matsmennina verður kostnaðurinn einnig minni. Jeg gjöri sem sje ráð fyrir að matsmennirnir hafi jafn há laun og sýslunefndarmenn, og þau eru ekki svo há, að þeir geti orðið fullkomlega skaðlausir, ef þeir eru bundnir við matið þann tíma, sem þeim er dýrmætastur, og er því gott að þeir geti valið þann tíma, sem þeir álíta hentugastan fyrir sig, til þessara starfa. 30. brtt. er við 7. gr. og leggur jarðeigandi þær skyldur á herðar, að hann skuli gefa matsmönnum allar þær upplýsingar um fasteignina, sem hann getur. Jeg sje það í 33. brtt., að þar stendur fastaeign, en á að vera fasteign, og er að eins prentvilla. Þá er 36. brtt. við 8. gr., sem hljóðar um yfir-skattanefndir. Það þótti nauðsynlegt, að bæta inn ákvæði, um að matsnefnd skyldi láta í ljós tillögur sínar áður en yfir-skattanefnd breytti mati hennar. Þá er 41. brtt. um að jarðamatið skuli ganga í gildi 1. apríl 1920, og stendur það í sambandi við hvað lengi gjört er ráð fyrir að matið standi yfir. Nefndin gjörir ráð fyrir, að sjálft matið fari fram á árunum 1916, 1917 og fyrri helmingi ársins 1918, en að seinni helmingur ársins 1918 og árið 1919 gangi í brjefaskriftir og prentun bókarinnar og muni því geta þá orðið lokið, svo að bókin geti gengið í gildi 1. apríl 1920. Að því er snertir síðustu grein, þótti sjálfsagt að gamla jarðabókin væri ekki úr gildi numin, fyrr en nýja jarðabókin gengi í gildi.

Jeg held að það sje ekki fleiri atriði, sem ástæða er til að taka fram, fyrr en umræðurnar kunna að gefa tilefni til þess.

Karl Einarsson: Það er að eins stutt athugasemd út af hinni nýju 8. gr. Jeg sje ekki, að það sje til bóta, að láta gjalda húsaskatt einnig af virðingarverði lóða þeirra, sem húseigninni fylgja. Það er ekki síður nú, og jeg held að það væri engin heimild til þess, samkvæmt húsaskattslögunum. Þá stendur í sömu brtt., að húsaskattur af húsum, sem ekki eru notuð við ábúð á jörð, skuli tekinn o. s. frv. Jeg held að þetta sje ekki heppilegt orðalag. Það eru til hús, sem greiddur er húsaskattur af, og sem notuð eru við ábúð á jörð, t. d. í verslunarstöðum, og falla þau fyrir utan þetta, en jeg hygg að það hafi ekki verið meiningin. Það mætti því orða þetta þannig: „Húsaskattur af skattskyldum húsum“ o. s. frv.

Framsm. (Eiríkur Briem): Jeg er þakklátur háttv. þm. Vestm. (K. E.) fyrir þær upplýsingar og bendingar, sem hann hefi gefið nefndinni, og jeg efast ekki um að refndin í heild sinni muni taka þær til athugunar.

Kristinn Daníelsson: Jeg get ekki neitað því, að jeg hefi verið í vafa um, hvernig jeg ætti að snúa mjer gegn þessu frumvarpi, því að mjer finst, að við það sje ýmislegt að athuga. Jeg býst við, að kostnaðurinn við það verði mjög mikill, og væri æskilegt, að nákvæmari upplýsingar væru fyrir hendi um, hvað mikill hann mundi verða. Hann mun samt ekki fæla mig frá að greiða atkvæði með frv., því að mjer dylst ekki, að mjög mikil nauðsyn er á að fá nýtt jarðamat. En það er annað, sem mjer finst sjerstaklega athugavert við frv., og það er ákvæðið um að jarðamat skuli framvegis fara fram 10. hvert ár, með þessum sama, mikla kostnaði. En ef háttv. deild þykir þetta athugavert, má koma fram með breytingartillögu við 3. umr.

Þá er enn eitt atriði. Jeg efa hvort frv. hefir tekið bótum, með því að bæta inn í það ákvæðinu um, að ekki skuli, að eins virða jarðeignir, heldur einnig húseignir, því þar sem jarðamat getur staðið lengur en 10 ár, án þess að því þurfi að breyta, þá stendur öðruvísi á með mat á húseignum. Húseignunum fjölgar stöðugt og þær verður að meta, og eru samkvæmt öðrum gildandi fyrirmælum metnar jafnóðum. Jeg held því, að rjettara hefði verið, að hlíta við þau fyrirmæli, en setja hjer einungis lög um mat á jörðum.

Breytingartillögur nefndarinnar eru óþarflegar, ef taka á upp í lögin ákvæði um húsavirðingar, og það þykir mjer hæfilegt, að 150 kr. virði í jörðum sje lagt á móti einu hundraði á landsvísu, að því er kemur til skatts, og get jeg því greitt atkvæði með þeirri brtt. Mun jeg greiða atkvæði með frv., en áskil mjer, ef til vill, að koma fram með brtt. við 3. umr.

Jósef Björnsson: Það eru að eins örfá orð. Jeg vildi skjóta því til hinnar háttv. nefndar, að mjer virðist orðalagið í 18. gr., að því er snertir landamerkjabrjef, vera þannig vaxið, að jeg efast um að hinn hv. nefnd hafi meint það, sem í orðunum liggur. Þar er komist svo að orði: „Skulu öll eignagögn jarða, er þeim fylgja, svo og landamerkjabrjef, afhent matsnefndinni“. Samkvæmt þessu er það skylda allra að afhenda matsmönnum landamerkjabrjef, en nú skyldu þau ekki vera til, þá yrði að fá þau með dómi, en það hygg jeg að hafi ekki verið meining nefndarinnar. Jeg er og sömu skoðunar og háttv. þm. G.-K. (K. D.) um, að vel mætti við það hlíta, þó endurmat færi ekki fram 10. hvert ár.

Framsm. (Eiríkur Briem): Í frumvarpi milliþinganefndarinnar um skattamál var gjört ráð fyrir því, að endurmat skyldi fara fram 10. hvert ár, og var það tekið upp í frumvarp það, sem hjer er fram komið, og nefndin hefir ekki sjeð ástæðu

til, að fara frekar út í það. Það er þó ef til vill rjett, að óþarfi sje að endurmat fari svo oft fram, og mun nefndin því taka það atriði til íhugunar.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. G.-K. (K. D.) enn fremur sagði, að ekki væri nauðsynlegt, að láta frumvarp þetta ná einnig til húseigna, þá getur nefndin ekki verið þar á sama máli. Það er oft ekki hægt að greina á milli jarðeigna og húseigna. Það er hægt að greina á milli jarða og húsa, en við síðasta jarðamat voru jarðarhús talin með, þegar metið var. Húseignir er húsið ásamt lóð þeirri, sem því fylgir. Lóðin er að stærð að eins lítill hluti af jarðarstærð, en verð hennar getur verið margfalt meira en verð jarðar. Og ef skattur er lagður á jarðirnar, hvaða meining er þá í því, að láta lóðirnar vera skattfrjálsar?

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Skagf. (J. B.) sagði, þá er það rjett, að nefndin ætlaðist ekki til, að landamerkjabrjef væru afhent matsmönnum, nema þau væru fyrir hendi, en það getur vel verið, að orðalagið á brtt. sje ekki sem skyldi, og mun nefndin taka það til íhugunar fyrir næstu umr.

Steingrímur Jónsson: Jeg álít, að eitt af því besta við þetta frv. sje ákvæðið um að meta skuli allar fasteignir upp á 10 ára fresti. Eins og hv. frsm. (E. B.) benti á í byrjun ræðu sinnar, hefir verð á jarðeignum þessa lands breytst meira síðan 1861, heldur en á öllum timanum frá landnámstíð. Þetta er satt og það mun verða svo á næstu áratugum, einkum þegar meta á öll hús á jörðunum. Með því sýnist mjer óhjákvæmilegt, að taka upp í jarðamatslögin ákvæði um hve nær meta skuli á ný. Það hefir gjört mikinn skaða, að við höfum baslast við jaiðamatslögin frá 1861, lengur en unt var.

Þá er hin nýungin, að meta skuli húseignir líka. Það hygg jeg að sje nauðsynlegt, því að ekki er hægt að gjöra glöggan greinarmun á húseignum og jarðeignum. Og að meta hús, án þess að meta lóðirnar með, er meiningarlaust. Þetta er ef til vill breyting á húsaskattslögunum frá 1877, því að samkvæmt þeim hafa húsin verið virt til skatts, án þess lóðin væri talin með. Jeg skal játa, að það er ástæða til að virða hús oftar en jarðirnar, t. d. ef hús er bygt 1921, þá þarf að meta það þegar í stað, og ef húsi er breytt, þarf líka að meta það. En jeg held að rjett sje, að láta aðalmatið fylgja jarðamatinu. Það hefir verið minst á 18. brtt. Mjer finst það ekki undarlegt, þó heimtað sje, að landamerkjabrjef sjeu lögð fram. Það er fyrirskipað í landamerkjalögunum, sem nú eru orðin nokkuð stálpuð, að þau skuli vera til, og jeg sje ekki hvernig á að meta jörð, ef ókunnug eru landamerki hennar. Jeg vil því biðja nefndina að athuga vel, hvort það þarf að nema þetta burtu. Mjer finst að jarðamat, sem ekki er bygt á ákveðnum landamerkjum, hljóti að verða á reiki. Og ef um dýrmætar landspildur er að ræða, þurfa merkin að vera fast ákveðin. Það er rjett, að enn eru ekki landamerkjabrjef til fyrir allar jarðir, en spursmál er, hvort það á að draga það lengur, að þau sjeu gjörð.

Kristinn Daníelsson: Háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.) sagði, að hann skoðaði sem eitt af því besta í jarðamatslögunum ákvæðið um að fasteignir skuli meta upp 10. hvert ár. Jeg hygg, ef háttv. þingmaðurinn hugsar sig dálítið um, þá hljóti hann að finna, að þetta er nokkuð öfgakent, því þó að þetta væri nú svo nauðsynlegt, sem hann segir, þá væri þó hægt að setja lög um það hve nær sem væri, þó það sje ekki gjört í þessum lögum. En ef sett er í lögin, að það skuli gjört 10. hvert ár, þá verður að gjöra það, hvort sem það er nauðsynlegt eða ekki. Jeg er þakklátur háttv. framsm. (E. B.) fyrir undirtektir hans. Það er satt, að milliþinganefndin í

skattamálum ákvað þetta, að mat skyldi fara fram á 10 ára fresti, en fyrir henni vakti annað. Jeg skal taka það fram, að mjer datt ekki í hug, að jarðir væru metnar, án þess að tekið væri tillit til jarðarhúsa, en það standa oft á jörðinni aðrar húseignir, sem ekki koma henni við.

Framsm. (Eiríkur Briem): Jeg hefi lítið að segja, en vil þó víkja nokkrum orðum að ræðu háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.). Hann talaði um landamerkjabrjef. Nefndin hafði ekki annað í huga en landamerkjabrjef þau, sem til eru. Í landamerkjalögunum er mönnum gjört að skyldu, að semja landamerkjabrjef, en ef nágrannarnir ekki vilja skrifa undir það, þá er það ekki gilt. Það er ekki fyrr en allir nágrannarnir hafa skrifað undir, að hægt er að þinglýsa því, svo að það fullgilt sje. Þess vegna eru öll þrætulöndin, en landamerkjalögin hafa þó átt góðan þátt í að fækka þeim. Þetta spursmál um landamerkjabrjef vakti ekki fyrir nefndinni. Það eru að eins þau landamerkjabrjef, sem til eru, sem hægt er að fara eftir; annars verður að fara eftir þeim upplýsingum, sem gefnar eru. Landamerkjabrjefin ein eru því ekki fullnægjandi. Háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) talaði um, að jarðir hefðu sumstaðar stykkjast upp í smá parta. Það er ekki að eins, að landspildur hafi verið seldar á erfðafestu, heldur og leigðar um ákveðið árabil eða seldar fyrir fult og alt.

Hákon Kristófersson: Það er út af 18. brtt, sem mig langar til að gjöra fyrirspurn til nefndarinnar um, hvað meint sje með þessum orðum: „Með hverri jarðeign skal meta sjerstaklega hús þau, er á henni standa, hvort heldur þau eru eign landeiganda eða annara. Sömuleðiis skal meta alls konar hlunnindi jarða og ítök í annara lönd.“ Jeg skil þetta ekki vel. Mig langar til að vita, hvort í jarðarverðinu eiga að vera hús, sem ekki koma jörðinni við og ekki era eign jarðeiganda. Í hvaða meiningu á t. d. að meta hús, sem ábúandi á en ekki jarðeigandi? Er það til þess að greiða skatt af því, eða til þess að sýna þjóðareignina? Ef svo er ætti það að vera laust við verð jarðarinnar. Mjer finst þetta geta verið villandi, og jeg vil gjarnan heyra skýringu á þessu frá hv. framsm. (E. B.).

Það stendur enn fremur í sömu grein: „Sömuleiðis skal meta alls konar hlunnindi jarða og ítök í annara lönd“. Gjörum nú ráð fyrir, að jarðeigandi geti aldrei notað sjer þau hlunnindi. Jeg þekki dæmi þess á Vesturlandi; það eru ítök, sem kirkja á, sem eru henni alveg notalaus. Hvar er nú rjettlátur mælikvarði á því? Mig langar til að heyra háttv. framsm. (E. B.) gjöra sem besta grein fyrir því, hvernig hann hugsar sjer þetta í framtíðinni, því að svona mikilsverð lög verða að vera nákvæm og alt sem hreinast í þeim. Veit líka að háttv. framsm. hefir manna best sett sig inn í þessi lög.

Framsm. (Eiríkur Briem): Fyrirspurn háttv. þm. Barð. (H. K.) vil jeg svara því, að það stendur að meta skuli öll hús. Þau eru metin til þess að vita hvað eignin er mikil. En það getur ekki komið til mála, að leggja þau við verð jarðarinnar, ef ábúandi eða einhver annar en jarðeigandi á þau.

Ítök verður að meta eftir því, hve hæfilegt er að leigja þau eða selja. Ef svo erfitt er að nota þau, að það borgar sig ekki, eða það er ómögulegt, þá eru þau ónýt, og verða þá að engu metin. Það er eins og t. d. með skógaritök, þar sem enginn skógur er. Sama er með ítök, sem eru orðin ónýt, af því að kringumstæðurnar hafa breytst með tímanum. (*Hákon Kristófersson*: En ef verðmætisleysið stafar af legu þeirra?) Það er sama, ef þeir, sem land eiga að, vilja ekkert gefa fyrir það, þá eru þau verðlaus. Mats-

menn geta ekki metið til verðs það, sem hvorki er hægt að leigja nje selja eða hafa nokkurt gagn af.

ATKVGR.:

Brtt. 387,2 samþ. með 11 samhlj. atkv.
— 387,3 — — 12 — —
— 387,4 — — 13 — —
— 387,5 — — 8 : 4 —
— 387,6 — — 11 — —
— 387,7 — án atkvgr.

1. gr. svo breytt samþ með 10 : 1 atkv.
Brtt. 387,8—11 samþ. án atkvgr.
— 387,12 samþ. með öllum atkv.
— 387,13 samþ. án atkvgr.

2. gr. svo breytt samþ. með öllum atkv.
Brtt. 387,14 samþ. án atkvgr.
— 387,15 — með öllum atkv.
— 387,16 — — — —
— 387,17 — — — —

3. gr. svo breytt — — — —
Brtt. 387,18 — með 11 samhlj. atkv.

4. gr. svo breytt — — 11 — —
Brtt. 387,19 (ný 5. gr.) samþ. með 11 samhlj. atkv.
Brtt. 387,20 samþ. með öllum atkv.
— 387,21 — — — —

5. gr. (verður 6. gr.) svo breytt samþ. með öllum atkv.
Brtt. 387,22 (ný 7. gr.) samþ. með 12 samhlj. atkv.
Brtt. 387,22 (ný 8. gr.) samþ. með 12 samhlj. atkv.
Brtt. 387,23 samþ. án atkvgr.
Brtt. 387,24 samþ. með öllum atkv.
Brtt. 387,25—26 samþ. án atkvgr.
Brtt. 387,27 samþ. með 11 shlj. atkv.

6. gr. (verður 9. gr.) svo breytt samþ. með öllum atkv.
Brtt. 387,28 samþ. án atkvgr.
— 387,29—31 samþ. með öllum atkv.
— 387,32 samþ. án atkvgr.
— 387,33 — með öllum atkv.
— 387,34 — án atkvgr.

7. gr. (verður 10. gr.) svo breytt samþ. með öllum atkv.
Brtt. 387,35 samþ. án atkvgr.
— 387,36—37 samþ. með öllum atkv.

8. gr. (verður 11. gr.) svo breytt. samþ. með öllum atkv.
Brtt. 387,38—40 samþ. án atkvgr.
— 387,41—42 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 387,43 samþ. með öllum atkv.
Brtt, 387,44—45 samþ. án atkvgr.

9. gr. (verður 12. gr.) svo breytt samþ. með 11 samhlj. atkv.
Brtt. 387,46—47 samþ. án atkvgr.

10. gr. (verður 13. gr.) svo breytt samþ. með öllum atkv.
Brtt. 387,48 samþ. með öllum atk.

11. gr. (verður 14. gr.) svo breytt samþ. með öllum atkv.
Brtt. 387,1 (við fyrirsögnina) samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn frv. svo breytt samþ. með öllum atkv.
Frumvarpinu vísað til 3. umr. með öllum atkv.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 23. ágúst, var frv. með svolátandi fyrirsögn: *Frumvarp til laga um fasteignamat* tekið til 3. umr. (A. 471, 490).

Framsm. (Eiríkur Briem): Nefndin hefir komið fram með breytingar, sem jeg vildi fara nokkrum orðum um.

Hv. þm. Barð. (H. K.) vakti efa um það, hvort 4. gr. væri nógu skýrt orðuð, að því er snertir, hvort hús annara en jarðeigenda á sömu lóð, gætu ekki haft áhrif á matið. Nefndin leggur því til að bætt verði við 4. gr.: „þótt eigi hafi verð húsa þeirra, sem aðrir eiga en landeigandi, áhrif á matsverð jarðarinnar“. Enn fremur talaði hv. 2. þm. Skagf. (J. B.) viðvíkjandi sömu grein um það, að landamerkjabrjef væru ekki alstaðar til. Nefndin kannast við það, og til þess að fyrirbyggja misskilning leggur hún til, að í stað orðanna „jarðar . . . . . landamerkjabrjef“, komi: jarðar og landamerkjabrjef, er jörðinni

fylgja. Hv. þm. Vestm. (K. E.) gaf tilefni til þess, að í 8. gr. í stað orðanna: „húsum . . . . ábúð á jörð“, komi: skattskyldum húsum.

Hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) benti á, að lóð undir húsi gæti verið erfðafestuland húseiganda en ekki eign. Hefir því nefndin gjört breytingu við sömu grein, að á eftir orðinu „lóðar“, bætist við: „eða lóðarrjettinda“. Það, sem sami hv. þm. sagði um endurmat 10. hvert ár, hefir nefndin athugað nákvæmlega, en fann ekki ástæðu til að breyta því. Menn gæti að því, að fyrsta matið fer fram 1916—1918 og það næsta ekki fyr en 1930, og það eru ekki 10, heldur 12—14 ár, og má það því ekki dragast lengur. Hætt er við, þó vel sje vandað til í fyrstu, að ýmsar misfellur og ósamræmi komi fram við fyrsta matið, og því má ekki of langur tími líða til næsta mats, og því engin ástæða til að draga fyrstu endurskoðun lengur en til 1930. Þá kannast nefndin við, að þess gjörist ef til vill ekki altaf þörf 10. hvert ár, en stórkostlegar breytingar geta orðið á skömmum tíma, t. d. með vatnsveitum, *meðal annars* með mótordælum, sem geta haft afarmikil áhrif, sjerstaklega á engjajörðum, og það jafnvel þar, sem engum dettur í hug nú, að hægt sje að koma vatni að. Fyrir utan það, geta sláttuvjelarnar haft mikil áhrif á stöku stöðum, og nú á síðustu árum hafa vjeltækar jarðir stórkostlega hækkað í verði. Við getum þess vegna látið þetta bíða til 1940, að þingið 1939 getur þá gjört hvaða ráðstafanir í þessu máli, sem því best líkar. Okkur datt í hug, að sleppa alveg að tala nokkuð um endurmat 1930, en vildum það þó ekki. Í útlöndum sum staðar er sá siður, að breyta ekki um matsverð jarða, sem skattur hvílir á, og er það þá kostur við jörðina, að hún sje metin lægra en hún er verð, eins og það er galli, að hún er hátt metin; fyrir þetta gengur þá jörðin kaupum og sölum hærra eða lægra en annars mundi vera. En Íslendingar hafa alt af skoðað það mál öðru vísi; þeim hefir aldrei þótt rjett, að skattar á jörðum færu eigi nokkurn veginn eftir stærð þeirra og gæðum. Mat, sem fer fram 10. hvert ár, hjálpar eflaust allmikið til, að rjett hlutfall komist á milli matsverða jarðanna og um leið gjalda þeirra, sem lögð kunna að verða á fasteignir.

ATKVGR.:

Brtt. 490,1 samþ. í e. hlj.
— 490,2 — - - —
— 490,3 — - - —
— 490,4 — - - —

Frv. með breytingunum samþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

(A. 504).

Á 57. fundi í Ed., föstudaginn 10. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um fasteignamat, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 896).

Á 58. fundi í Ed., laugardaginn 11. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 896, n. 911, 912, 927).

Afbrigði frá þingsköpum leyfð og samþ.

Framsm. (Eiríkur Briem): Eins og framhaldsnefndarálitið ber með sjer og þau þingskjöl, sem þar er vísað til, þá hefir frv. verið töluvert breytt í hv. Nd. Þó eru ekki verulegar breytingar, nema tvær.

Önnur breytingin er sú, að bætt er inn í frv. nýrri yfirmatsnefnd, í stað þess, að hjer var ætlast til þess, að yfirskattanefndir hefðu það starf. Og svo hafa verið settar reglur um nefnd þessa í 9., 10. og 11. grein frv. og að nokkru í 12. grein. Við þetta hefir nefndin ekkert að athuga.

Hin breytingin er um það, að fella burtu 8. gr. frv., eins og það fór hjeðan frá hv. deild. Sú grein var um það, hvernig ætti að greiða ábúðarskatt og húsaskatt eftir

þessu nýja mati. En þá má ekki fella úr gildi jarðabókina frá 1861, því með þessu er hætt að telja í jarðahundruðum. Þess vegna yrði ekki hægt að krefja inn ábúðarskatt, ef þetta væri látið vera svo, sem hv. Nd. gekk frá því. Það yrði þá að ganga alveg þegjandi út frá því sem vissu, að ný lög yrðu komin á um þetta, áður en þessi lög kæmust hjer í fult gildi og fulla framkvæmd. En nefndinni virðist að svo megi ekki vera, og því vill hún bæta inn í frumv. nýrri grein um þetta, án þess þó að hún vilji á nokkurn hátt hindra það, að laggjafarvaldið setji hjer um ný lög.

Eftir samtali við ýmsa hv. þm. úr Nd., er hafa látið sig mál þetta skifta, hefir það orðið að samkomulagi, að bætt yrði nýrri grein inn í frv., og er brtt. um það á þgskj. 912. En með því að það gat verið vafamál, hvernig ætti að reikna húsin, þá ber nefndin fram brtt. á þgskj. 927; er það að eins til að taka það skýrara fram, að húsaverðið, sem telja má með, er helmingur af verði jarðarinnar *án* húsa, en að öðru leyti er eigi meint nein efnisbreyting með brtt. á þgskj. 927. Sú skekkja hefir orðið á þgskj. 927, að það er talin breyting við 2. málsgrein í 3. brtt. á þgskj. 912, í stað þess, að það er breyting við 2. málslið í 1. málsgrein á 3. brtt. á þgskj. 912, en jeg vona að þetta villi engan.

Þá vil jeg taka það fram, að fyrir 15 ár komi 50 ár. Þetta er skekkja, sem komist hefir inn, því engin brtt. hefir komið fram í þá átt. 2. brtt. sú, er nefndin hefir komið fram með, er að eins orðabreyting, til þess að komast hjá kostnaði, sem er óhjákvæmilegur, ef meta á nákvæmlega alt og lýsa t. d. skilrúmum. 4. og 5. brtt. eru að eins smávægilegar, og 6. brtt. til þess, ef nýrri grein yrði bætt við. Þar var líka skökk tilvitnun, 15. gr. í stað 14. gr., en sem nú verður 16. gr. Að öðru leyti eru breytingarnar til bóta, t. d. 2. gr. 3. gr. er alveg bætt við, og því þar með, að hreppsnefndir veiti aðstoð sína við matið. Nefndin getur og fallist á, að ef ágreiningur verður, þá skeri sýslumaður úr samkvæmt 3. gr., og hún hefir ekkert að athuga við viðbótina um eyðijarðir.

Í 5. gr. er tekið fram, að meta skuli sjerstaklega mannvirki og umbætur á jörðinni síðustu 10 árin. Í nefndarálitinu í Nd. er tekið fram, að það sje gjört sjerstaklega til þess, að umbætur þessar komi ekki til skatta, og það felst nefndin hjer á.

Í Nd. hefir verið feld burtu breyting, sem hjer var gjörð við 3. umr., eftir bendingu eins hv. þm. um að hús, sem er eign annara en landeigenda, geti haft áhrif á matið, en nefndin hjer hefir ekki sjeð ástæðu til þess að koma með brtt. þessu viðvíkjandi.

Þegar mat fer fram í fyrsta sinni, er ákveðið að nefna skuli landamerki, og má gjöra það með því, að vitna í landamerkjabrjef, en sje það ekki til, þá verður að tilgreina mörkin, og ef ágreiningur er um þau, þá getur þar orðið um þrætuland að ræða. Þá er ekki fleira, nema þær breytingar, sem að sjálfsögðu leiða að því, sem jeg hefi talað um.

ATKVGR.:

Brtt. 912,1 samþ. með öllum atkv.
— 912,2 — — — —
—927 við brtt. 912,3 samþ. með öllum atkv.
—912,3 svo breytt — — — —
— 912,4—6 samþ. án atkvgr.

Frv. svo breytt samþ. með 12 shlj. atkvæðum og endursent til Nd.

(A. 946).

---

32. Brunabótafjelag Íslands.

Á 45. fundi í Ed,, laugardaginn 28. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 58, 22. nóv. 1907, um stofnun brunabótafjelags Íslands,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 601).

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 30. ágúst, var frumv. tekið til 1. umr.

Karl Einarsson: Jeg vil að eins leyfa mjer að leggja til, að kosin verði þriggja manna nefnd til að athuga mál þetta, að þessari umræðu lokinni.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Þriggja manna nefnd samþ. í e. hlj., og í hana kosnir að viðhafðri hlutfallskosningu:

Karl Einarsson,
Jón Þorkelsson,
Steingrímur Jónsson,

Á 57. fundi í Ed., föstudaginn 10. sept., var frumv. tekið til 2. umr. (A. 601, n. 825).

Framsm. (Steingrímur Jónsson): Ástæðan til þess, að þetta frumv. er framkomið, er sú, að lögin nr. 58, 22. nóv. 1907, um stofnun brunabótafjelags Íslands, hafa ekki komist í framkvæmd. Mál þetta er mjög merkilegt og eitt hið mesta nauðsynjamál landsins. Nauðsynin á að fá hjer innlent brunabótafjelag er afar mikil, bæði vegna þess, hve iðgjöldin eru há hjá hinum útlendu brunabótafjelögum, sem menn utan Reykjavíkur verða að skifta við, og svo hins, að þau oft og tíðum hafa verið næsta ómjúk landsmönnum, þegar til þess hefir komið, að þau hafa átt að borga út brunabætur sínar. En nú hefir svo reynst, þrátt fyrir talsverðar tilraunir, að ómögulegt hefir verið, að koma slíku fjelagi á fót, sem hjer ræðir um, og hefir allt strandað á einu skilyrði — endurvátryggingum. Það hefir reynst ómögulegt að fá endurnýjaðar hinar hærri vátryggingar, eins og krafist er í 6. grein laganna. En nú er svo að sjá, að ekki sje nema um tvent að velja, annaðhvort að breyta lögunum, eða láta sitja við það ástand, sem nú er. Í nefndarálitinu hefir verið bent á það, að ástandið fer sífelt versnandi og er nú óviðunanlegt. Húseignir utan Reykjavíkur hækka stöðugt í verði, af því að kröfur manna um að byggja betur og vandaðar, aukast með hverju ári. Nefndinni var það ljóst, að nokkur áhætta var fyrir landssjóðinn, að leggja út í þetta og taka á sig ábyrgðina, en hins vegar fanst henni þetta svo mikið velferðarmál, að ekki mætti láta það viðgangast, að lögin yrði dauður lagabókstafur einn. Þess vegna varð það að lokum einróma álit nefndarinnar, að rjett væri, að ráða hv. deild til þess, að samþykkja frumv. Eru sjerstaklega tvær ástæður til þess.

Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að stíga einhvern tíma fyrsta sporið í þessu framfaramáli, og það verður ekki gjört nú á annan hátt, og í öðru lagi lítur nefndin svo á, að alls ekki sje vonlaust um að endurtryggingarnar fáist, þegar fjelagið er einu sinni komið á laggirnar. Erlendu fjelögin hafa haft svo mikinn hagnað af Íslandi, að ekki er óliklegt, að þau vilji halda sem lengst í viðskiftin.

Nefndin vill gjöra þá breytingu aðra á frv., að hámark einstakra lausafjárvátrygginga verði sett 6000 kr., í stað 2000 kr., og að samanlögð upphæð lausafjárvátryggginga megi nema $^1/_4$ af öllum vátryggingum fjelagsins. Nefndin lítur svo á, ef lausafjárvátryggingar verða ekki settar hærra en 2000 kr., þá sje það alveg gagnslaust og þá alveg eins gott að sleppa því alveg. Það eru tiltölulega fá innbú í kaupstöðum, sem ekki eru meira virði, og er sjálfsagt að gefa mönnum tækifæri til þess, að geta trygt fyrir allt að 6000 kr. Það yrðu þá $^2/_3$ hlutar af 9000 kr. búslóð, og undir það munu flest innbú komast hjer á landi.

Jeg vona að deildin sjái sjer fært, að samþ. frv. með þessum breytingum, og væri þá æskilegt, ef frv. gæti komið á dagskrá á morgun til 3. umræðu, því það verður að senda frv. aftur til Nd.

ATKVGR.:
Brtt. 825,1 samþ. með öllum atkv.
— 825,2 — — — —
1. gr. svo breytt samþ. með öllum atkv.
2.—9. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.
Frumv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., laugardaginn 11. sept., var frumv. tekið til 3. umr. (A. 917).

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum, til þess að mega taka frumv. þegar til 3. umr., og voru þau leyfð og samþykt.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frumv. samþ. með 11 samhlj. atkv. og endursent Nd.
(A. 938).

---

33. Steinolía o. fl.

Á 56. fundi í Ed., fimtudaginn 9. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um sölu á steinolíu, bensíni og áburðarolíu,
eins og það var samþ. við 3. umr í Nd. (A. 826).

Á 57. fundi í Ed., föstudaginn 10. sept., var frumv. tekið til 1. umr.

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpunum, um að mega taka frumvarpið til meðferðar í deildinni, þótt ekki liði lögboðinn tími milli umræða, og voru afbrigðin leyfð og samþ.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 59. fundi í Ed., mánudaginn 13. sept., var frumv. tekið til 2. umr. (A. 826).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
1. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.
Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.
Frumv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. sept., var frumv. tekið til 3. umr. (A. 826).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frumv. samþ. með 11 samhlj. atkv. og afgreitt
sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 1002).

---

34. Sveitastjórnarlagabreyting.

Á 54. fundi í Ed., þriðjudaginn 7. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 33, 2. nóv. 1914, um breytingu á sveitastjórnalögum frá 10. nóv. 1905,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 793).

Á 56. fundi í Ed., fimtudaginn 9. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Jósef Björnsson: Jeg sting upp á, að máli þessu sje vísað til nefndarinnar,

sem hefir með breytingar á sveitarstjórnarlögunum að gjöra.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með öllum atkv.

Samþ. með 11 samhlj. atkv. að vísa málinu til ofangreindrar nefndar, en í þeirri nefnd sátu þeir:

Guðmundur Ólafsson,
Kristinn Daníelsson,
Sigurður Stefánsson.

Á 59. fundi í Ed., mánudaginn 13. sept., var frumv. tekið til 2. umr. (A. 793, n. 916).

Framsm. (Guðmundur Ólafsson): Þetta er fremur lítilfjörlegt frumvarp. Það er að eins bót á gamalt fat, og miðar að því, að bæta því við lög vor, að leggja megi útsvar á skip, sem verka síld á höfnum inni, þótt atvinnan sje ekki rekin í 8 vikur. Nefndin er ásátt um, að þetta sje til bóta, því hjer er um arðvæna og útsvarsfæra atvinnu að ræða.

Nefndin leggur því til, að frumv. sje samþykt óbreytt.

ATKVGR.:

Frumvarpsgreinin samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 samhlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. sept., var frumv. tekið til 3. umr. (A. 793).

Of skamt var liðið frá 2. umr. þessa máls, og voru leyfð og samþykt afbrigði frá þingsköpum, til þess að taka það fyrir.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 10 samhlj. atkv. og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 1003).

---

35. Verðhækkunartollur.

Á 59. fundi í Ed., mánudaginn 13. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um bráðabirgða verðhækkunartoll af útfluttum, íslenskum afurðum,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 956).

Á 60. fundi í Ed., sama dag, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum, til þess að mega taka frv. þegar í stað til umræðu, svo og til þess, að mega láta ræða það með skemmra fresti milli umræðanna en þingsköpin mæla fyrir. Voru afbrigðin leyfð og samþykt.

Karl Einarsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að frumv. þessu verði að þessari umræðu lokinni vísað til nefndar þeirrar, er 28. f. m. var kosin til að athuga tollfrumvörp hv. 5. kgk. þm. (G. B.), og nefnd hefir verið tollaganefndin.

Sigurður Stefánsson: Jeg hefi ekki haft tíma til þess að athuga þetta frumv., og eins mun vera um fleiri hv. þm. Jeg vil því, að málinu sje vísað til nefndar, ef það verður ekki til þess að tefja málið, því jeg vil að það nái fram að ganga. En jeg veit ekki, hvort nefndin getur verið búin með störf sín eftir hæfilegan tíma, eða svo að hægt sje að taka málið á dagskrá á morgun.

Kristinn Daníelsson: Ef málinu er vísað til nefndar, þá þarf að athuga það

strax í kvöld, svo að nefndin geti skilað áliti sínu strax í fyrra málið. En jeg tel heppilegt, að málinu sje vísað til nefndar, án þess jeg leggi kapp á það.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og í e. hlj. til tolllaganefndar, en þá nefnd sátu þeir:

Björn Þorláksson,
Hákon Kristófersson,
Karl Einarsson,
Kristinn Daníelsson,
Steingrímur Jónsson.

Á 61. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. sept., var frumv. tekið til 2. umr. (A. 956, n. 992, 995).

Framsm. (Björn Þorláksson): Nefnd sú, sem haft hefir mál þetta til meðferðar, hefir ekki haft langan tíma til að athuga það; hún fjekk það fyrst í gærkvöldi og varð að skila nefndarálitinu í morgun.

Skoðanir nefndarinnar á málinu eru allsundurleitar. Einn nefndarmanna er algjörlega á móti frumv., tveir leggja til að það sje samþykt óbreytt, og tveir hafa lýst yfir því, að þeir sjeu því samþykkir, að frv. gangi fram með breytingum. Þeir vilja að verðhækkunargjaldið á vörum þeim, sem nefndar eru í 10 fyrstu liðum 3. gr. frv., sje fært niður í 1%, þar sem frv. ætlast til, að það sje 3% af öllum þeim vörutegundum, sem frv. nefnir.

Jeg get því ekki talað fyrir hönd allrar nefndarinnar, heldur að eins fyrir mig, og þann eina nefndarmann, sem mjer varð samferða. Jeg vil geta þess, að það hefir verið gjörð áætlun um, hve miklar tekjur frumv. þetta mundi gefa landssjóði, ef það yrði samþ. óbreytt, eins og það liggur nú fyrir, og líkt verðlag hjeldist á vörum næsta fjárhagstímabil og nú er, og hefir niðurstaðan orðið sú, að það mundi verða um 375000 kr. á ári, eða um 700000 kr. á fjárhagstímabilinu. Nú þarf tæplega að gjöra ráð fyrir, að verð haldist svo hátt á íslenskum vörum allt tímabilið, sjerstaklega á ull, og sjálfsagt ýmsu fleira. Það mun því naumast mega gjöra ráð fyrir meiri tekjuauka af frumv. þessu, en 200 þús. kr. á ári eða 400000 kr. á fjárhagstímabilinu. Þótt tekjuaukinn yrði ekki meiri en þetta, þá er þó með því fengið fje til að standast tekjuhalla þann, sem ráðgjörður er í fjárlögunum, að mestu leyti. Tekjuhallinn á fjárlögunum er nú á 4. hundrað þúsund kr.; í fjáraukalögum er gjört ráð fyrir yfir 100000 kr. útgjöldum, og ef frv. um dýrtíðaruppbót handa starfsmönnum landsins kemst í gildi, þá mun það hafa í för með sjer um 50000 kr. útgjöld á fjárhagstímabilinu. Þegar allt þetta er saman talið, þá vanta um 450000 kr. upp á að áætlaðar tekjur jafnist við áætluð gjöld á fjárhagstímabilinu. Ætti því hinn áætlaði tekjuauki, sem frv. þetta á að veita, að vega nokkurn veginn móti tekjuhallanum, þótt hann sje eigi talinn meiri en 400000 þús. kr., og við meira má ekki búast; minna getur það hæglega orðið. Í fjárlögunum í ár eru ýmsar framkvæmdir, svo sem vegalagningar og síma, bundnar því skilyrði, að fje sje fyrir hendi. Nú vonum vjer, að þetta frv. muni gefa svo mikið, að engar af þessum framkvæmdum þurfi að stranda á fjeskorti, þótt þær mundu gjöra það, ef þetta frumvarp verður ekki að lögum.

Jeg skal taka það fram, að við, sem viljum fá máli þessu framgengt, leggjum mikla áherslu á, að það sje samþykt óbreytt hjer í deild.

Eins og jeg gat um áðan, vildu tveir af nefndarmönnum fá verðhækkunartollinn á 10 fyrstu liðum frv. lækkaðan úr 3% ofan í 1%. Þetta nær til sjálfra afurðanna. (*Karl Einarsson:* Ekki allra). Flestra þó, og við það mundi gjaldið lækka svo tilfinnanlega, að litlu mundi

landssjóð muna sá tekjuauki, sem frumv. þetta veitti þá.

En mjer finst tekjuaukinn ekki mega vera minni en hjer er ætlað, ef hægt á að vera að segja, að þingið hafi gengið sæmilega frá fjárhag landsins.

Ef hv. nefndarmenn koma með brtt. þá, sem þeir töluðu um í nefndinni, og hún fær framgang, þá verður málið að fara aftur til hv. Nd., en með því er því stofnað í ekki alllitla hættu, er jeg tel illa farið og mikinn skaða, ef það skyldi stranda í þinginu.

Jeg held að 3% verðhækkuuartollur geti engum orðið tilfinnanlegur, ef varan selst fram yfir hið allháa lágmark, sem sett er; seljist hún það ekki, kemur tollurinn ekki til greina. Jeg hefði meira að segja getað samþ. 4% verðhækkunartoll, ef því hefði verið að skifta, en uni vel við þetta, sem er. Finn jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frumv. að sinni. en legg til, að það fái að ganga fram.

Hákon Kristófersson: Eins og nefndarálitið ber með sjer, kom jeg með þá tillögu, að frumv. næði ekki fram að ganga. Jeg lít svo á, að ef frumv. er samþ., þá sje ekki óverulegum skatti dembt á framleiðsluna, sjerstaklega á þær afurðir, sem framleiddar eru úr sjónum, einkum þegar þess er gætt, að þegar hvílir nú tollur á fiski og síld; má því svo kalla, að hjer sje um stórskatt að ræða, að því er þessar vörutegundir snertir.

Það er satt, að vörur eru nú í háu verði, en framleiðslukostnaðurinn er líka langt fram yfir það, sem venjulegt er, svo jeg efast um, að arður verði stórum meiri af sjávarútvegi í ár en að undanförnu. Það kann að vera, að veiðar á seglskipum gefi eitthvað meira í aðra hönd.

Þótt ýmislegt, sem til útgjörðar heyrir, hafi hækkað í verði, kemst þó ekkert í samanburð við verðhækkunina á salti. Með tilliti til verðhækkunarinnar á kolum, kemur það lang tilfinnanlegast niður á sjómönnum. Jeg hefi fengið upplýsingar hjá útgerðarmönnum um það, að hagurinn af útgjörð muni ekkert vera meiri en í meðalári. Hví hefir það ekki verið áður gjört, að leggja hærra útflutningsgjald á fisk, úr því að hagurinn er ekkert meiri nú en oft áður? En þó nú færi svo, að einhver ágóði yrði hjá útgjörðarmönnum í ár, þá væri það ekki nema vel farið, því bæði gæti slíkt hvatt menn til framfarafyrirtækja, og svo yrði það til að jafna upp halla, sem áður kann að hafa verið. En það mun vera hið sanna í þessu máli, að flytjendur frv. þessa sjá ofsjónum yfir háu verði hjá útgjörðar- og sjómönnum, eins og hjá bændum, og vilja fá einhvern skatt lagðan á framleiðslu þeirra, svo frekar megi miðla einhverjum þurfamanni, og vitanlega eru þeir margir, sem kjósa heldur að lifa á þann hátt, að reyna að fá fje frá þinginu, auðvitað fyrir eitthvert vísindalegt kák, heldur en að vera í flokki þeirra manna, sem reyna að framleiða og eru nú mest öfundaðir. Þess vil jeg líka geta, að jeg skil ekki, hvers vegna háttv. flutnm. koma með þetta frv. nú fyrst á slitadögum þingsins, vitandi það, að margar afurðir eru farnar út úr landinu, sem t. d. útlendingar hafa átt, og þeir hefðu þó engu síður átt að vera skyldir að borga af en við. Jeg hefði betur kunnað við, að bæði innlendir menn og útlendir ættu að borga tollinn af afla sínum, en nú munu t. d. Norðmenn búnir að flytja út mest alla sína síld, og því fríir við skattgreiðslu af henni. Jeg get þess vegna ekki sjeð, ef rjettlætingarvert hefði verið að koma með frv., hvers vegna það kom þá ekki fyrr. Já, það er ekki einungis tollhækkunin; hún vex mjer ekki feikilega í augum, því að jeg býst ekki við, að hún setji neinn á höfuðið, en það er aðferðin, sem notuð er, til þess að koma þessu frv. á, einkum í hv. Nd., og jeg hygg að eitthvað svipað

hafi átt sjer stað hjer í Ed. Mönnum er kunnugt, að þessi vandræða- eða velferðar- eða bjargráðanefnd, eða hvað hún heitir, kom með frv., sem var felt bæði frá nefnd og 2. umr. í Nd. Þá sama daginn áttu margir fund með sjer og bundust þar með loforðum, ef ekki helgum svardögum, að þeir skyldu verða samtaka um það, að fella öll frv., sem færu fram á tollhækkun. (*Steingrímur Jónsson*: Voru það þversummenn?). Það skal jeg ekki segja, en það voru menn úr sama flokki og háttv. fyrirspyrjandi (Stgr. J.), og víst bæði úr langsum- og kross-flokki. Þetta er ekki sagt í þeirri meiningu að uppnefna flokkana, en mjer datt það í hug sem sennilegt, að ef Sjálfstæðismenn væru kallaðir þversum menn, af því jeg telst til þeirra, að þá væru Sambandsm. rjettnefndir kross menn. Það voru menn af öllum flokkum í þinginu. Jeg hafði þá æru að vera boðaður á þenna fund. Jeg skal ekki segja, hvort þessa aðferð hefði átt að hafa gagnvart frumv., en hún varð nú ofan á. Jeg heyri að þm. úr Nd. er að segja, að jeg eigi ekki að vera að ljúga, en jeg vil spyrja þann hv. þm., á jeg að bæta meiri sannleik við? Það var margt talað á fundinum þeim, og margir voru skörulegri þá, en jeg hygg þeir hafi verið, þá er flokksmenn þeirra fóru að ávíta þá á flokksfundum fyrir tiltækið. Afleiðingin varð, að þessari nefnd með mörgu nöfnin þótti sjer misboðið og tók það ráð að segja af sjer. Jeg skal ekki segja nema það hafi verið hið hyggilegasta af henni, og um leið það, sem best henti eftir atvikum. Eftir allar fyrirgefningarbænirnar og traustyfirlýsingarnar í sameinuðu þingi virðist mjer, að allir þessir menn, sem enga tollhækkun vildu, hafi látið kúgast af sínum flokki og gangi nú svo fast fram, að þeir vilji enga brtt. aðhyllast. Jeg skal engan dóm á það leggja, en vil segja það í sambandi við þetta, að þeir menn, sem á þessum fundi voru, áttu rjett á að vita að von væri á breytingu, en ekki þó þeirri, að þrír flokkar tækju sig saman með leynd og ljetu okkur ekkert vita, sem köllum okkur svo nefnda Sjálfstæðism., en erum eðlilega uppnefndir með þvers um nafni. Mjer finst þetta svo óheiðarleg aðferð, að jeg mundi ekki ganga með frv., þó jeg gæti vel unað við það að öðru leyti; þykir það líka nærri óþarfi. Hvers vegna var ekki komið með svona frv. 1913? Þá kom jeg fyrst sjálfur á þing, og jeg man það, að mjer ofbauð sá tekjuhalli, er var þá á fjárlögunum. Það segja kann ske sumir, að þetta frv. sje fram komið vegna tekjuhallans, og það er auðvitað æskilegt að jafna hann, en er þess frekari þörf nú en svo oft áður?

Jeg vil fullyrða, að engin hefði komið með þetta frv., ef ekki hefði verið þetta háa verð á öllum land- og sjávarafurðum. Þingið vill ekki lofa mönnum að njóta þess þetta eina einasta ár. Mjer vitanlega er ekki gjört mikið af hálfu hins opinbera til þess að hjálpa mönnum í misæri, og þetta ár í ár er misæri. Nú kemur það harðast niður á þessar stjettir, en í fyrra og næsta ár harðast niður á hinum. Nú finst þinginu verðið of hátt og því nauðsynlegt að reisa skorður við því. Háttv. framsm. (B. Þ.) gat þess, að það hefði farist fyrir brtt., sem einn af nefndarmönnum, hv. þm. Vestm. (K. E.), taldi nauðsynlega. Jeg bjóst við þessari brtt., og af tvennu illu hefði mjer þótt hún skárri en frv., þó ljótt sje frá að segja.

Þá er mint á að meðal annars, sem rjettlæti framgang frv., sje fjárvöntunin; það verði að jafna hallann í fjárlögunum, en til þess er ekki frekari nauðsyn nú en oftast áður. Enda virðist líka einmitt framkoma ýmsra þm. benda á það, að þeim sje ekki svo ákaflega sárt um tekjuhallann. (*Sigurður Stefánsson*: Sbr. Fúlilækur). Samanber margt og margt, bitlinga og fleira; launahækkun getur að vísu á stundum verið rjettlát, en sumt af því, sem flotið hefir í gegn 1914, mun verða talið efamál,

hve byggist á miklu rjettlæti. (*Jón Þorkelsson*: Ekki var jeg á þingi þá, 1914). Nei, en 1915, það var leiðinlegt að ein launaviðbótin flaut þar á atkvæði, sem hún hefði ekki átt að fljóta á. Jeg ætlaði ekki að fara að tala um það nú, en af því hv. 6. kgk. (J. Þ.) fór að grípa fram í, þá vildi jeg minna hann á þetta, ef það hefði fallið í gleymsku hjá hv. þm. (*Jón Þorkelsson*: 1914?). Nei, mjer varð eðlilega mismæli, sem oftar, ætlaði að segja 1915; það var gott, að hv. þm. benti mjer á þetta mismæli, mjer hefði þótt leitt, hefði jeg ekki getað leiðrjett það einhvern veginn núna.

Það voru fyrir skömmu frv. á ferðinni í hv. Nd. um tekjuskatt af embættislaunum og stimpilgjald. Þótt það hefði ekki orðið nema 10—15 aura frímerki á hvern víxil eða verðbrjef, þá hefði það safnast þegar saman hefði verið komið. Þessi frv. voru bæði feld í Nd., annaðhvort af því, að hún hefir haldið, að þess gjörðist ekki þörf, eða búist við, að þegar hún væri búin að unga út þessum fúleggjum sínum, þá væri hag landssjóðs borgið. (*Jón Þorkelsson:* Þetta eru fullrjettisorð).

Hv. framsm. (B. Þ.) sagði, að ef brtt. yrði samþ., þá gæti það felt frv. Jeg lít öðru vísi á, því að sá hraði hefir oft verið á málum hjer í þinglok, að þau hafa verið afgreidd á fáum klukkutímum.

Hv. framsm. (B. Þ.) sagði, að útgjörðarmenn myndu ekki finna til þessa skatts. En það eru svo margvísleg gjöld, sem hvíla nú á útgerðarmönnum og erfiðleikar margs konar; og þess ber einnig að gæta, þegar litið er á hagnaðarhliðina.

Jeg segi svo ekki meira að sinni, þótt nóg hafi jeg til, en vildi gjarna að þetta frv. yrði jarðað sómasamlega, en gangi það fram, þá gengur það fram fyrir ofbeldi og kúgun, er beitt hefir verið af fylgismönnum þess.

Framsm. (Björn Þorláksson): Það eru einstaka atriði í ræðu hv. þm. Barð. (H. K.), sem jeg ætla að gjöra aths. við. Hann virtist vera á móti tollhækkun á sjávarafurðum, og færði þá ástæðu fyrir því, að tollur væri á þeim fyrir; en þessi beini tollur er svo lágur, að fyrir þá sök er engin ástæða til að fella þetta frv. Hann er ekki nema 32 aurar á skpd. Jeg játa að þessi tollur verður nú um 1 kr. á skpd. með því verði, sem nú er á fiski, en lækkar að sama skapi og fiskverðið lækkar.

Þá spurði hv. þm. Barð. (H. K.), hvers vegna svona tollur hefði ekki verið lagður á áður. Orsökin er sú, að íslenskar afurðir hafa aldrei verið í jafn háu verði sem nú, og aldrei því þolað eins vel og nú lítinn toll. Þetta gildir jafnt land og sjávarafurðir.

Þá spurði hann, hvers vegna málið væri svona seint á ferðinni. Því ætla jeg ekki að svara; jeg ber enga ábyrgð á því og deildni ekki heldur, en það gengur oft svo, að menn eru seinir á sjer. En það er þó betra að sjá seint en aldrei það, sem til bóta má verða.

Þá átaldi hv. þm. aðferðina, sem notuð hefði verið til þess að koma þessu máli fram. Jeg veit ekki til, að aðferðin hafi verið þannig, að það þurfi að vera nokkur ástæða til aðfinslu. Menn hafa sjálfsagt borið sig saman í flokkunum, og það álít jeg heppilega aðferð, því að það hefir gengið töluvert erfiðlega að fá menn til að sameina sig um það.

Þá áleit hv. þm. ekki þörf á frv., því hann kvaðst líta svo á tekjuhallann, að ekki væri mikil ástæða til að bæta úr honum. Þetta rökstuddi hann með því, að það hefði oft áður verið jafnmikill tekjuhalli. Það er satt, að áður, að minsta kosti tvisvar, hefir verið svona hár tekjuhalli, en fyrir það er engin ástæða til, sem rjettlætir þau orð, að þetta mál sje þarfleysa. Eða eigum við að vera jafn óforsjálir og áður og skilja við þingið með svo miklum tekjuhalla, að engin ráð sjeu

til að bæta úr honum? Við megum ekki einlægt treysta því, að tekjurnar fari langt fram úr áætlun.

Loks mintist hann á brtt. þá, er fram kom í nefndinni, og jeg gat líka um í framsögu minni, og sagðist hann frekar geta gengið með frv., ef brtt. yrði samþ. Hann sagði enn fremur út af þeim ummælum mínum, að hún gæti orðið frv. að falli, að þau væru ekki rjett. Frumv. gæti gengið til Nd. og komið aftur í tíma. Jeg meinti ekki að það væri ómögulegt samkvæmt þingsköpunum, en flokkarnir í þinginu hafa verið að bræða sig saman um að leggja jafnan toll á allar afurðir, sem fara yfir víst verð. Ef þessu yrði raskað og tollurinn á sumum vörum færður úr 3% niður í 1%, óttast jeg að samkomulagið fari út um þúfur og frv. geti fallið. Fleira hefi jeg ekki að athuga við ræðu hv. þm. Barð. (H. K.).

Karl Einarsson: Það kom mjer hálf undarlega fyrir, að jeg sá ekki hjer í dag brtt., sem nefndin samþykti í gær að skyldi verða borin upp, og var það samþ. með 3 : 2 atkv. Þegar jeg kom hingað í fundarbyrjun, varð jeg hvergi var við hana, svo jeg sló upp uppkasti og ljet það fara í prentsmiðjuna. Jeg býst við að hún komi bráðlega og vil mælast til, að atkvæðagreiðslunni verði frestað þangað til.

Mjer og meðnefndarmönnum mínum, sem eru með brtt., finst það mjög ósanngjarnt, að lagður sje nýr tollur á allar sjávarafurðir, jafnhár og landafurðir, sem ekkert útflutningsgjald er á. Á síld er töluvert hátt útflutningsgjald, miðað við vanaverð. Á fiski er það ekki mjög hátt, en með þessari viðbót verður það mjög tilfinnanlegt. Hún nemur kr. 1,30 á hvert skpd. Nákvæmlega reiknað út, verður það með tollinum kr. 1,60 á skpd. (*Steingrímur Jónsson:* Er það á þorski?). Það er til jafnaðar. Jeg ímynda mjer að þegar kaupmenn fara að leggja hann á vöruna, reikni þeir hann 2 kr. á skpd.

Hver maður hlýtur að sjá, hvað mikla þýðingu þetta hefir fyrir alla hina fátækari útgjörðarmenn og sjómenn. Og þar að auki verða menn vel að gæta þess, að sjávarútvegurinn hefir á þessu ári hvorki grætt nje tapað á verðhækkuninni. Allar vörur, sem útgjörðarmenn sjerstaklega þurfa á að halda, hafa hækkað geysilega í verði. Kolin eru nú komin upp í 60 kr. tonnið, og salt upp í 50 kr., og er það geysilegt verð, sem lendir, að því er saltið snertir, jafnt á öllum, sem þorskveiðar stunda, hvort sem þeir gjöra út togara, seglskip eða opna báta. Og þá verða mótorbátarnir ekki betur úti en aðrir, þar sem steinolía hefir stigið um 25%. Hjer á ofan bætist svo það, að allar aðrar vörur, sem menn þurfa til lífsnauðsynja, hafa hækkað í verði að sama skapi. Jeg get því ekki sjeð, að nokkurt rjettlæti sje í því, að hækka nú útflutningsgjaldið af sjávarafurðum, en þó mun jeg til samkomulags greiða atkv. með frumvarpinu, ef háttvirt deild tekur brtt. mína til greina. Jeg vil fúslega játa, að það er líka varhugavert að leggja útflutningsgjald á landbúnaðarafurðir, en vegna þess, að sjávarútvegurinn borgar svo mikið í landssjóð nú þegar, hefði verið viðkunnanlegra, að tollurinn hefði verið nokkru hærri á landbúnaðarafurðum en sjávarafurðum Í þessu sambandi má líka minna á það, að hinir venjulegu tollar falla miklu þyngra á sjómenn en bændur, og þarf ekki annað en að benda á, hvað miklu meira er brúkað af kaffi og sykri við sjávarsíðuna heldur en til sveita.

Þá er það og stórkostlegur ókostur á frv., að gjört er ráð fyrir hlutfallslega miklu hærra meðalverði á landbúnaðarvörum en sjávarafurðum. Það er ekki rjett, eð venjulega fáist 2 kr. fyrir kgr. af ull, og ekki er það heldur alment, að 50 aur-

ar fáist fyrir pundið af sauðargærum, eða 65 aurar fyrir mislita ull og haustull. Alt þetta hefði þurft að rannsaka nákvæmlega, en jeg hefi ekki haft tóm til þess, fremur en flutningsmennirnir, enda stóð þeim nær, og þess vegna hefi jeg ekki komið fram með brtt. um þetta. Jeg skal líka taka það fram, að jeg hefi heyrt menn fullyrða, að ekkert vit væri í, að setja verð á Labradorfiski á 36 krónur 100 kíló, miðað við verð það, sem sett er á ýsuna. Hjer ætti að vera svipað verð. Jeg vil beina þessu atriði til háttv. þm. Seyðf. (K. F.), sem á að vera þessu máli kunnugastur, því þar mun mest vera um Labradorfisk. Þetta snertir alt Austurland, og vænti jeg því, að hann rannsaki þetta til næstu umræðu.

Framsögumaður (B. Þ.) lagði áherslu á það, að ef breytingar væru gjörðar hjer á frumvarpinu, þá yrði það því að falli. Þetta verð jeg að telja getsakir við háttv. Nd. Það er ósæmilegt að ætla það, að hún felli frv., þótt sú breyting sje á því gjör, er allir mega sjá, að styðst við fylstu sanngirni. Þetta er því gjörsamlega úr lausu lofti gripið, og mætti fyrst segja, er frv. kæmi aftur frá háttv. Nd. í sömu mynd.

Háttv. þm. Barð. (H. K.) talaði um leynifund, er þingmenn hefðu haldið. Mjer þætti gaman að fá að vita, hverjir sóttu þann fund. Mjer skilst svo, sem þar hafi samþykt verið að leyfa ekki, að neinir nýir tollar næðu fram að ganga á þessu þingi; en hverjum hefir þá snúist hugur? Jeg hefi og komið á fund — smáfund þingmanna —, en þar var rætt um að veita landssjóði litlar tekjur, svo sem 100 þús. krónur.

Það eru margir, er hafa auknar tekjur vegna dýrtíðarinnar, en þeir hafa líka stórkostleg útgjöld af henni, og sá galli er á tolli þessum, að hann tekur ekkert tillit til þess. Þó að til dæmis kolin komist í 100 falt verð og salt í 1000 falt verð, þá má ekkert tillit taka til þess við álagningu tollsins, og þá gæti hæglega svo farið, að þeir, er þorskveiðar stunda, hefðu skaða af útgjörð sinni, þrátt fyrir geysi hátt þorskverð. En eftir sem áður ættu þeir að greiða toll til landssjóðs, þann er hjer ræðir um. Sjá allir, að þetta er með öllu ófært. Verður að stilla öllu við hóf svo hjer, sem annarsstaðar. Get jeg því ekki greitt atkv. með frv., nema brtt. nái samþykki háttv. deildar.

Steingrímur Jónsson: Það eru að eins tvær lítilfjörlegar athugasemdir, sem jeg vildi gjöra við ræðu háttv. þm. Vestm. (K. E.).

Hann var að kveina yfir gjaldinu á sjávarafurðunum, og um að þær væru áður tollaðar.

Útflutningsgjald á fiski og lýsi er frá 1879, mjög lágt gjald, og var það gjört til þess, að jafna ójöfnuð þann, sem lögin um lausafjárskatt gjörðu á milli landbúnaðar og sjávarútvegs; og hefir reynslan leitt í ljós, að þetta gjald hefir eigi gjört annað en bæta úr þessu misrjetti, er átti sjer stað. Nokkuð öðru máli er gegna um síldina. Á hana var lagt útflutningsgjald 1907, en það var miðað við það, að gjaldið lenti að mestu leyti á útlendingum. Þetta er að vísu nokkuð farið að breytast, og Íslendingar farnir að reka miklar síldveiðar, en jeg þykist samt geta fullvissað menn um það, að þetta nýja gjald mun ekki standa síldveiðunum að neinu leyti fyrir þrifum.

Annars getur enginn maður, ekki einu sinni þm. Vestm. (K. E.) borið slíka útúrdúra fyrir brjósti sínu, sem aðalatriði málsins.

Háttv. þm. Vestm. (K. E.) var að reikna gjaldið, sem kæmi á sjávarafurðirnar (fiskinn) eftir frumvarpinu. Jeg hygg, að þessi útreikningur hins háttv. þingmanns sje rangur.

Jeg er dálítið kunnugur útreikningi þeim, sem stendur í frrmvarpinu, og get því

skýrt frá því, á hvaða grundvelli hann er bygður. Grundvöllur hans er í fám orðum sá, að verðið sje þar um það bil hæsta verð, er fjekkst á þessum afurðum fyrir stríðið.

Samkvæmt 3. gr. 1. lið er þorskur nr. 1. gjaldfrjáls, ef verðið á skipundi fer ekki yfir 92 krónur og 80 aura, og hærra en það mun það ekki hafa verið, áður en stríðið fór að hafa áhrif á. þorskverðið.

Í lok júlímánaðar var verð á þorski nr. 1 orðið 122 krónur og í lok ágústmánaðar, eða um það leyti, fjekk jeg upplýsingar um verðið á honum hjá fiskkaupmanni, og var það þá komið upp í 130 krónur.

Svona er verðið núna, en fyrir stríðið var það alt annað, en við það verð eru miðaðar tölur þær, eða verð, sem tilgreint er í þriðju grein.

Og alveg eins og farið hefir um þorskverðið, eins hefir það farið um ýsu, smáfisk og aðrar sjávarafurðir. Það getur því ekki verið rjett, er háttv. þm. Vestm. var að reikna út, að verðið á Labradorfiski væri ekki rjett, 57 kr. og 60 au. fyrir skippundið, því það er bygt á sama grundvelli og annar útreikningur í frumvarpinu.

Jeg hefi þá skýrt frá, á hverju útreikningur frumvarpsins er bygður, og þá jafnframt mótmælt ummælum hv. þm. Vestm. (K. E.) um tjeð efni.

Jeg vil ekki fjölyrða meira um málið, því jeg vil ekki svara háttv. þm. Barð. (H. K.) því ræða haus bar það með sjer, mjög greinilega og ótvírætt, að hann hafði fengið úti í haga einhverjar skröksögur um þingið. Og þótt maður heyri hagasögur þessar, þá er ekki ástæða til að svara þeim. Það er vitanlega altaf nóg til af sögum, er mætti flytja hjer inn í þingið, en jeg tel það undir virðingu minni að gjöra svo.

Jósef Björnsson: Mál það, sem hjer liggur fyrir, er vandamál hið mesta, og svo er ætíð, þegar um skattamál er að ræða. Og það er sjerstaklega hætt við því, þegar skattar eru lagðir á, að þeir komi ranglátlega niður á gjaldþol manna.

Hjer er farið fram á, að leggja útflutningstoll á íslenskar afurðir. Tollur þessi nær að eins til þess verðauka, sem nú er fram yfir vanalegt hæsta verð vörunnar. Er tollur þessi því sjerstakur í sinni röð, en hins vegar er hann, að minni hyggju margfalt betri, en ef tollurinn væri miðaður við allt verðið. Tollurinn fer þá minkandi er varan fellur í verði, og hverfur er varan er komin niður í hið venjulega hæsta verð sitt fyrir stríðið. Hann er því í eðli sínu að eins bráðabirgða ráðstöfun, sem ekki getur staðið, nema meðan á stríðinu stendur, enda *má ekki gjöra það* að minni hyggju, af því jeg tel alla útflutningstolla hættulega fyrir framleiðsluna í landinu, eins og jeg áður hefi tekið fram hjer í deildinni.

En nú kann einhver að spyrja: Var nokkur ástæða til þess að koma fram með þetta?

Til þess er því að svara, að það verður að líta á það, hver tilgangurinn er.

Í fyrsta lagi er það tilgangurinn, að jafna tekjuhallann, því þótt það sje eigi beinlínis gjört, því tekjuhallinn stendur eftir sem áður í fjárlögunum, þá er það gjört óbeinlínis með því, að ástæða er til að ætla, að tollurinn gefi svo mikið fje, að eigi þurfi að taka fje af viðlagasjóði, til að jafna tekjuhalla fjárlaganna, sem yrði óhjákvæmilegt, ef tekjur landsins væru ekki auknar, og yrðu ekki meiri en áætlað er.

Þá má í öðru lagi nefna það atriði, að nú er talað um það, og allir búast við því, að það komi fyrir, að stjórnin verði að tryggja landinu matvöruforða og fleiri nauðsynjavörur. Þessar vörur verða keyptar því háa verði, sem nú er. Verði þær svo geymdar til öryggis, sem líklegt er, þá má búast við verðfalli á vörunum innan þess tíma að þær verða seldar. Með þennan

skaða situr landssjóður. Svo má og búast við, að landssjóður beri ekki upp að fullu við söluna, kostnað og rýrnun við geymslu varanna.

Getur því vel orðið talsverður halli á vörum þessum, og hann yrði landssjóður að bera. Það er því fleira en eitt, sem bendir til þess, að heppilegt sje að tryggja landið fjárhagslega betur en áður. Þó býst jeg við, að nokkuð megi rökstyðja, að þetta, sem jeg hefi bent á, yrði ekki svo stórvægilegt, að ekki mætti bjargast frá því. En þá spyr jeg: Er hyggilegt að taka halla þann síðar meir af landsmönnum, þegar verð allt er lækkað, sem verða kann af þessu, eða fyrirfram, jafnhliða hinu háa verði, sem nú er? Ýmsir af þeim, sem talað hafa, eru á því, að gjaldþol manna sje óvenjulega gott sem stendur, en það verða menn að játa, að engin trygging er fyrir, að það verði svo gott framvegis, þegar ekki verður hjá komist, að taka fje, til þess að standast lögákveðin gjöld landssjóðs, og því er ekki sagt að hyggilegt sje, að skjóta neinu á frest. Óvíst, að tollar komi þá betur við en nú, þótt mjög leitt sje að taka þetta gjald að framleiðendum fornspurðum. Verð jeg þess vegna fyrir mitt leyti, þó jeg *sje mótfallinn því að leggja á útflutningstolla sem fastar skattaálögur*, að taka það fram, að þetta er undir svo sjerstökum ástæðum, og fellur niður af sjálfu sjer, að jeg þess vegna neyðist til að fylgja málinu. Nú hefir það valdið ágreiningi, hvort gjaldið kæmi rjettilega niður á vörunni. Brtt. er fram komin hjer í deildinni, sem fer fram á, að gjaldið á öllum fiski, nema síld, sje sett þrisvar sinnum lægra en af landafurðum. Þetta byggist á því, að hjer er gengið út frá, að gjaldfrelsismarkið sje sett lægra en á landafurðum, en um það efast jeg. Hitt þykir mjer líklegra, að það sje ekki sett lægra en í síðari liðunum. Þó gæti ástæðan líka verið sú, að langt um örðugra sje að stunda atvinnu til sjávar, og geti því ekki náð nokkurri átt, að leggja á sjávarafurðir sama skatt og á landafurðir. Til þess að rökstyðja það, er því haldið fram, að kol og annað til botnvörpuútgjörðar hafi hækkað mjög í verði, og veit jeg vel að það er satt, og sömuleiðis steinolía og salt, en kol þó langmest. Hins vegar hefir kaup manna ekki hækkað svo mjög; skip þau sömu og áður, og ýmislegt annað, sem ekki hefir hækkað neitt til muna.

Þegar litið er á fiskiútveginn í heild sinni, þá er að vísu mikið, sem veitt er á botnvörpuskip, en líka er mikið, sem veitt er á mótorbáta kring um land allt, og olían, sem þeir nota, hefir ekki hækkað svo mjög, eða um ca. 25%. Má þá auðvitað segja með sanni, að botnvörpungarnir verði harðast úti, sökum kolanna. Hins vegar er verðið orðið svo hátt á öllum sjávarafurðum, að jeg hygg, að arðurinn verði mikið meiri en í meðalári. Eitt má og taka fram, að gjaldþol manna byggist ekki eingöngu á yfirstandandi tíma, heldur líka á undirbúningi frá liðnum tíma, og þegar litið er til liðna tímans, er augljóst, að gjaldþolið er betra til sjávar en lands, því síðustu tvö árin hefir verið mun betri til sjávar. Þess vegna lít jeg svo á, að sjávarútvegsmenn hafi verið allvel undir stríðið búnir, en hvernig var það til sveita? Í sambandi við það get jeg ekki stillt mig um að minnast á sumarið 1913. Allir vita hvað það sumar var slæmt, sjerstaklega um Suður- og Vesturland og nokkurn hluta af Norðurlandi. Veturinn 1913—1914 var harður vetur og vorið afar slæmt, og allir geta sagt sjer, hvernig ástandið hefir verið, er sumarið á undan var slæmt. Þá var gjaldþol manna lítið, hey voru lítil og ill, og margir urðu að kaupa mat til fóðurs, og hleyptu sjer við það í stórskuldir. Auk þess var lambadauði mikill það vor, einkum í sumum hjeruðum landsins. Þetta var þá undirbúningur bænda, stórskuldir fyrir fóður til, þess að halda við bústofni

sínum, sem þeir þó mistu. Nú segja þeir, sem flytja brtt., að bændurnir þoli þrisvar sinnum hærri skatt en sjávarútvegsmenn. Jeg veit vel, að sumar landafurðir hafa stigið mikið í verði, t. d. ull, sem nú mun vera um 130% hærri en áður, og kjöt mun að líkindum vera 40—50% hærra, eftir þeirri sölu að dæma, sem þegar hefir farið fram. Um aðrar afurðir, t. d. gærur, vita menn ekki enn gjörla, en heyrt hefi jeg, að ekkert tilboð fengist í þær, og koma þær því ekki til greina að svo stöddu. En sjávarafurðir hafa engu síður hækkað í verði, t. d. lýsi 400—500%, og margar fleiri sjávarafurðir hækkað tiltölulega meira en landafurðirnar.

Jeg verð í sambandi við þetta að minnast á það, sem hv. þm. Vestm. (K. E.) hjelt fram, að 2 kr. pr. kíló væri of hátt mark fyrir ull, af því hún hefði ekki komist í svo hátt verð áður. Síðastliðið ár var hún á nokkrum stöðum 2 kr. pr. kíló, áður en stríðið byrjaði. Var það auðvitað á Norðurlandi, en jeg vil geta þess, að ull hefir komist upp fyrir þetta, þótt hún hafi líka stundum verið lægri. Sama er að segja um verð á gærum og mislitri vorull, sem hv. þm. mintist á, að væri of hátt sett í frumv.; verð jeg að halda því fram, að það sje ekki á rökum bygt. Mislit vorull hefir áður fyrr komist upp í 65 aura pundið og jafnvel hærra, en hvað gærum viðvíkur, þá hafa þær verið í 50 aurum, og jafnvel nokkuð þar yfir, pundið áður, og er það ekki mikið hærra en hið venjulega verð á þeim, þó þær hafi farið smáhækkandi. Hv. þm. Vestm. (K. E.) mintist á verðlagsskrá, og var það vel farið, því þar má að nokkru sjá hlutfallið á milli verðsins á land- og sjávarafurðum. Vel veit jeg það, að verðlagsskrár okkar eru ekki ábyggilegar, en hitt veit jeg líka, að eftir því sem þær hækka, þá hækkar líka lausafjárskattur sá, er hvílir á landbændum, og mun hv. deildarmönnum það fullkunnugt. Að vísu er hækkun sú ekki mikil, en þó verður það nokkuð, sem munar næsta ár, þar eð verðlagsskráin verður há. Verð jeg því að taka í þann strenginn, að verði farið að raska frv. og gjöra mismun á gjaldinu, þá er hætt við að frumv. gangi ekki fram. Hitt er aftur athugavert, hvort ekki ætti að hækka markið, þar sem mönnum finst það of lágt, og hins vegar hvort ekki fæst samkomulag um að lækka gjaldið, enda ætti að vera hægt að rökstyðja það, sem rjettlátast þykir, að því er tollinn snertir.

Mjer hefir að nokkru leyti virst af umræðunum, sem farið hafa fram í sumar, að hv. þm. álíti það einhverja Paradís, sem bændurnir lifðu í. En menn hafa gleymt því, að það eru þeir, sem við mest harðærið hafa átt að búa, og þó hvergi kvartað, enda eru þeir orðnir vanastir við, þó ekki leiki alt í lyndi. Menn hafa hugsað, að tekjur bændanna væru alveg afskaplegar í ár, en það eina, sem hækkað hefir, er ullin, en kjötið eigum við enn þá óselt mest, enda þótt verðið á því verði líklega hátt. En þar er þess að gæta, að mörg hjeruð hafa að eins verið að rjetta við eftir illu árin á undan, og geta því ekki fargað mörgu fje til slátrunar.

Skal jeg svo ekki fjölyrða meir, að því er þetta mál snertir, en jeg finn ekki ástæðu til að gjöra hjer mikinn mismun. Til mála gæti komið að lækka ögn við botnvörpungana, en að það sje svo mikið eins og brtt. vill, sje jeg ekki að sje rjettlátt. Mun jeg því greiða atkv. á móti brtt., en með frv. óbreyttu.

Kristinn Daníelsson: Jeg þykist vita, að það muni koma sjer vel að vera stuttorður, og mun jeg verða það, en jeg kann samt betur við, að láta í ljós hvernig jeg líti á þetta mál.

Jeg var ekki á móti því, að lagður væri lítils háttar skattur á gróða þann, sem af árferðinu hlýtst, og nota hann svo handa þeim, sem fyrir mestu skakkafallinu verða

sökum dýrtíðarinnar. Hjer er þó að eins gjört ráð fyrir, að þetta sje fyrir landssjóð, en ekki ætlað til matarkaupa. Þó ætti fje þetta að geta orðið til þess að hlaupa undir bagga með sveitarfjelögum með smáán. Skal jeg játa það, að þó jeg sje þessu hlyntur, þá dámar mjer samt ekki, er gjört er ráð fyrir, að fje þetta verði allt að 800 þús. kr., en nú heyri jeg, að það sje komið niður í 500 kr.; álít jeg það betra, en þó alllangt farið. Vona jeg að hv. þm. athugi þetta vel, því hjer er um stórmál að ræða. Verst er, að undirbúningstíminn er svo naumur, því annars hefði mátt setja nefnd í málið til athugunar. Jeg get ekki neitað því, þó ekki þýði nú um að fást, að jeg hefði kosið að vara, sem nú þegar er seld, hefði verið undanþegin tollinum. Því ekki er gott að vita, hvað dýrtíðin stendur lengi.

En eins og þessi brtt. ber með sjer, vildi jeg sjerstaklega vera því fylgjandi, að sjávarútveginum yrði hlíft eins og unt er, og get jeg tekið undir alt, sem hv. þm. Vestm. (K. E.) sagði um það mál, og jafnframt bætt því við, sem jeg held ekki hafi verið tekið fram af neinum, að þetta gjald kemur langmest niður á fátækasta hluta þjóðarinnar, á þeim, sem örðugast eiga, ef til alvarlegrar dýrtíðar kemur. Jeg er talsvert kunnugur bæði í land- og sjávarsveitum, og jeg hefi veitt því eftirtekt, að fátækast fólk er í þjettbygðum sjávarþorpum og í kauptúnum, og það er á þetta fólk, sem þetta gjald kemur harðast niður.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en vildi sem best mjer væri unt mæla með því, að brtt. væru samþyktar, og vona að hv. deild taki þeim með sanngirni, þó jeg hins vegar verði að játa, að ekki er mikil ástæða til slíkrar vonar, eftir því, sem nú eru skipuð sæti hjer í deildinni. Mjer þótti leitt að vera á móti málinu í heild sinni, en læt ósagt, hvernig jeg greiði atkv., ef brtt. eru feldar.

Karl Einarsson: Jeg ætla ekki að svara miklu hinni löngu ræðu hv. 2. þm. Skagf. (J. B.), en ætla að eins að taka það fram, að jeg var alls ekki að kveina eða kvarta neitt fyrir hönd sjávarútvegsmanna, en aftur á móti verður ekki annan sagt um ræðu hans, en að hún væri ein neyðarrolla fyrir bændur. Það eina, sem jeg hafði fyrir augum, var það, að þetta gjald kæmi mest niður á fátækasta hluta þjóðarinnar. En svo er líka annað, sem benda mætti á og mælir með brtt., og það er að botnvörpuútgjörðin mundi njóta góðs af henni, því þó botnvörpungar stundi nokkuð síldveiði, þá er þó þorskurinn að alaflinn.

Jeg býst ekki við, að þýðingu hafi að karpa frekar um þetta mál, og skal jeg ekki lengja umr. meira.

Framsm. (Björn Þorláksson): Það eru ekki nema örfá orð, sem jeg þarf að segja, því hv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.) og hv. 2. þm. Skagf. (J. B.) hafa þegar svarað flestu, sem svara þurfti í ræðu hv. þm. Vestm. (K. E.). Þó er það eitt atriði, sem jeg vildi minnast á. Í fyrri ræðu sinni, þar sem hann var að kvarta fyrir sjómenn, lagði hann mikla áherslu á dýrtíðina og hversu miklu dýrara væri nú að afla og verka fisk en áður. Þetta er að vísu alveg rjett, en aðgætandi er þó jafnframt, að *alt* hefir hækkað í verði í landinu. Hv. þm. Vestm. (K. E.) virðist gleyma því, að nú er dýrara að framleiða ull og kjöt en verið hefir, að líkindum tiltölulega eins miklu dýrara og fiskframleiðslan. Það eru líka margir fátækir menn í sveitunum, margir, sem ekki hafa nema fátt fjár til að lóga í haust, svo þeir gætu orðið hins háa verðs aðnjótandi. Jeg held því, að rjettast muni vera að gjöra ekki mikinn mun á sveita- og sjávbóndanum, eða kostnaðinum við framleiðslu afurða hvors um sig. En jeg held að þetta hundraðsgjald, sem hv. Nd. hefir sam-

þykt, sje nokkurn veginn sanngjarnt, og tjái ekki að raska því.

Hv. þm. Vestm. (K. E.) sagði, að jeg hefði fullyrt, að það yrði málinu að falli, ef það væri sent aftur til hv. Nd. Jeg hefi aldrei fullyrt neitt slíkt, en hitt er rjett, að jeg lýsti hræðslu minni um það, að svo mundi fara, og má það vera, að orsökin hjá mjer sje sú, að maður er ávalt hræddur um það, sem manni þykir vænt um; jeg er þessu frv. mjög fylgjandi, og vildi ekki á neinn hátt stofna því í háska. Hv. þm. Vestm. (K. E.) var ekki svona hræddur um að forlög frv. yrðu þessi, þó það færi aftur til hv. Nd., enda mun honum ekki vera sjerstaklega ant um frv. Því vel mátti skilja orð hans svo, sem hann áliti enga nauðsyn bera til að útvega neinn tekjuauka fyrir landssjóð.

Hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) sagði ekki mikið, en þó vildi jeg minnast á eitt atriði, sem hann drap á.

Hann saknaði þess í frv., að ekki væru nein ákvæði í því á þá leið, að fjenu skyldi varið til þess að bæta úr dýrtíðarneyð manna. Það er vitanlega alveg rjett, að slík ákvæði eru ekki til í frv., enda eiga þau ekki heima þar og ilt að koma þeim við. En eins og mönnum er kunnugt, þá var næsta mál á undan á dagskránni einmitt um slíkar ráðstafanir, sem sje að veita embættis og sýslunarmönnum landsins slíka launauppbót, en það er ekki hægt, nema tekjur sjeu útvegaðar á einhvern hátt.

Fleira held jeg, að jeg þurfi ekki að taka fram, en vona að hv. deild felli þessar brtt., er fram eru komnar.

Hákon Kristófersson: Tilefnin til þess, að jeg stend upp, eru niðurlagsorðin í ræðu hv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.). Mjer virtist hann bendla mig við það, að jeg færi enn með slúðursögur utan af götunni í ræðum mínum. Þessum ummælum háttv. þm. vil jeg beina heim aftur, þangað sem þau eru frá komin. Það vill svo vel til, að jeg sjálfur var boðaður á þenna umrædda fund og veit full vel hvað þar fór fram. (*Karl Einarsson:* Hverjir voru á þessum fundi?). Á fundinum var meiri hl. allra þingmanna. (*Karl Einarsson*: Voru það margir úr þessari deild?). Því er *jeg* ekki skyldur að svara. (*Forseti*: Jeg verð að biðja háttv. þm. að lengja ekki umræður um þetta efni). Jeg vona að hæstv. forseti hafi ekki neina ástæðu til þess, að setja ofan í við mig eða taka af mjer orðið. En það, sem jeg vildi sagt hafa, var það, að hv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.) hefir litla ástæðu til þess að segja mig fara með slúður nú, og ræð jeg honum til að ganga fyrir hvern mann hjer í þinginu og spyrja hann, og mun hann þá komast að raun um, hverjir á fundinum hafa verið.

Karl Finnbogason: Hv. þm. Vestm. (K. E.) minti mig á það, að jeg ætti að greiða atkv. um þetta mál. Þess þurfti nú raunar ekki. Mjer var það full ljóst. Jeg tek þessi ummæli hv. þm. sem áminningu um það, að jeg eigi að vera vörður Austfirðinga í þessu máli, að því er fiskinn snertir, og að það sje Labradorfiskurinn, sem liggur þar undir steini.

Jeg er hv. þm. Vestm. (K. E.) sammála um það, að verðið, sem ákveðið er á honum (Labradorfiskinum) í 3. gr., sje of lágt, samanborið við ýsuverðið, og mætti laga það við 3. umr. málsins.

Þó álít jeg breytingar á frv. varhugaverðar, ekki fyrir það, að jeg sje ánægður með það í alla staði, heldur fyrir það, að jeg óttast, að þær geti orðið því að falli. Og jeg vil ekki að frv. þetta falli.

Það er hyggilegt að auka tekjur landsins, ef auðgjört er með góðu móti. Og ekki veit jeg, hvað sanngjarnt er að leggja

skatt á, ef ekki gróða þann, sem ekkert er haft fyrir af þeim, sem nýtur, eins og hjer er um að ræða.

Jeg er einn þeirra manna, sem álít heppilegast og heillavænlegast að afla landssjóði sem mest fjár, auðvitað með skynsamlegum hætti og rjettlátum, og nota fjeð hiklaust til nauðsynja landsins. Svo nefndur sparnaður er oft hin mesta eyðsla. Að spara botnlaust og vitlaust öll útgjöld og álögur, miðar að því, að kreppa þjóðina í sjálfheldu og kyrkja allan þroska, framfarir og framkvæmdir. Þess vegna eru mestu sparnaðarpostularnir oftast Þrándar í Götu þroska og framfara. Þeir, sem tala mest um sparnað, bæði í tíma og ótíma, eru oft ákafastir að ná fje úr landssjóði til *sinna hjeraða*. Slíkir menn eru til á þingi nú, og ættu allir að þekkja. Allir þeir menn eru eitur í mínum beinum, og ættu að vera eitur í allra manna beinum.

Ekki meina jeg þetta til hv. þm. Vestm. (K. E.), þótt jeg sje mótfallinn brtt. hans, eða rjettara nefndarinnar, sem hann mælti að nokkru fyrir.

En brtt. er jeg mótfallinn, vegna þess, að jeg er sannfærður um, að samþykt þeirra yrði frv. að falli. Mjer er kunnugt um aðdraganda málsins og undirbúning, og veit því, að einmitt þessi breyting yrði aldrei samþykt í háttv. Nd. (*Karl Einarsson*: Þetta er misskilningur). Það getur nú alveg eins verið misskilningur að segja, að þetta sje misskilningur. Og svo álít jeg að sje.

Frumv. er allvel úr garði gjört, eftir atvikum. Og málið þolir ekki bið. Jeg muni því greiða atkvæði móti brtt. en með frumvarpinu.

Fyrst háttv. þm. Vestm. (K. E.) er að taka fram í fyrir mjer og rugla mál mitt, vil jeg geta þess, að mjer þykir ekkert undarlegt nje ámælisvert, þótt hann beri hag Vestmannaeyinga fyrir brjósti í þessu sem öðru. Þeir mundu verða að greiða talsverðan skatt af fiski sínum, ef frv. þetta verður að lögum. En sá skattur gæti ekki orðið tilfinnanlegur, eftir því sem um er búið. Og benda vil jeg háttv. þm. á það, að Vestmannaeyjar fara ekki varhluta af landssjóðsfje á næsta fjárhagstímabili, því þingið hefir verið þeim mjög innan handar. Er því alls ekki ósanngjarnt, að eitthvað komi í mót.

Jósef Björnsson: Háttv. þm. Vestm. (K. E.) sagði, að ræða mín í þessu máli hefði ekki verið annað en neyðarrolla fyrir bændur. Líti hann svo á, þá lít jeg svo á, að ræða hans hafi verið enn átakanlegri neyðarrolla fyrir sjómenn. Jeg bendi honum á, að þessi lög ná ekki yfir meiri hlutann af afurðum útvegsmannanna á þessu ári, því þeir eru búnir að flytja megnið út. En aftur á móti eru afurðir bændanna enn í landinu því nær allar, og hljóta lögin því að ná til þeirra, svo að því leyti verða þeir harðara úti. Það eina, sem búið er að selja út úr landinu af landafurðum, er ullin, og ekki alveg víst, að hún sje öll seld enn, en þó svo væri, er hún ekki nema lítill hluti afurða bóndans.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. og 3. gr. samþ. með 11 shl. atkv.

Brtt. 995,1 feld með 9 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei*:
Hákon Kristóferss.,	Björn Þorláksson,
Karl Einarsson,	Steingr. Jónsson,
Kristinn Daníelsson,	Eiríkur Briem,
Magnús Pjetursson.	Guðm. Björnson,
	Guðm. Ólafsson,
	Jón Þorkelsson,
	Jósef Björnsson,
	Karl Finnbogason,
	Sigurður Stefánsson.

Brtt. 995,2 tekin aftur.

4. gr. samþ. með 10 : 2 atkv.

5.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkvæðum.

Á 62. fundi í Ed., sama dag, var frv. tekið til 3. umr. (A. 956, 1005).

Jafnframt og forseti gat þess, að frv. væri tekið fyrir samkvæmt áður leyfðum afbrigðum, leitaði hann leyfis til afbrigða frá þingsköpum um brtt. 1005, er var of seint fram komin, og voru afbrigðin leyfð.

Karl Finnbogason: Jeg flyt litla brtt. við frv. Það kemur af því, að jeg tel verðið á Labradorfiskinum of lágt sett á móti ýsu. Í fyrra var líkt verð á þessum fiski og ýsu, og í ár er það hærra. Í frv. er gjörður 10 kr. munur á hverjum 100 kg. af þessum vörum, en það er alt of mikið. Jeg vil enn fremur benda á það, að þessi tegund fiskjar fellur aðallega í skaut hinna fátæku, þeirra, er hafa litla útgjörð, og er það óheppilegt, að skatturinn verði þyngri á þeim, og kemur illa niður.

Þessi breyting er engin gjörbreyting á frv., að eins smá lagfæring, svo jeg vona að hv. deild geti fallist á hana, því engin ástæða er til að ætla, að hún verði frv. að falli í hv. Nd., enda kýs jeg heldur að breyting þessi falli en frv., þó bót sje að henni.

Framsm. (Björn Þorláksson): Af ummælum mínum við 2. umr. málsins er það ljóst, á hvern veg jeg tek í tillögu þessa; jeg vil ekki að hún sje samþ. Jeg er hræddur um örlög frv., ef það er hrakið aftur til hv. Nd., en jeg vil ekki stofna því í neitt það, sem hætta getur af stafað. Við vitum, að það var erfitt með samkomulag um þetta frv. þar, og því meiri tvísýna, ef það fer þangað aftur.

Till. fer fram á það, að breyta verði á Labradorfiski úr 36 kr., eða 18 au. á pund hvert. Mjer er talsvert kunnugt um fisk þennan, því hann er seldur mikið á Seyðisfirði. Jeg hygg að þetta sje rjett verð, eftir því sem það var áður en stríðið hófst, og sama hefi jeg heyrt annarsstaðar að af landinu. Að setja verðið 46 kr. er of hátt, því jeg hygg að það verð hafi ekki fengist fyrir þenna fisk, fyrr en eftir að stríðið hófst. Hv. þm. bar þenna fisk saman við verðið á ýsunni, en sje ýsuverðið borið saman við verðið á smáfiski, þá er jeg ekki í vafa um, að ýsuverðið er of hátt. *(Karl Finnbogason:* Jeg hefi ekki á móti því). Þá ætti heldur að breyta ýsuverðinu. En jeg held það sje best að láta sjer það lynda, vegna frumvarpsins.

Jeg vil skjóta því til hv. þm. Seyðf. (K. F.) hvort hann vilji ekki taka brtt. aftur, því jeg hygg hann geti hvorki fullvissað mig nje aðra um það, að hún verði ekki frv. að falli í hv. Nd., ef hún verður samþ. Og jeg býst við, að hann vilji ekki taka þá ábyrgð á sig.

Karl Finnbogason: Því var haldið fram, um brtt. þá, er jeg flutti í gær við frv., að það væri hætta á að samþ. hana, af því hún gjörbreytti frv. Þessi brtt. gjörir það ekki, og því tel jeg enga hættu á að samþ. hana. Jeg ber fullkomið traust til hv. Nd. um það efni, en annars er mjer þetta ekkert kappsmál.

Jeg hefi fyrir satt, að frv. hafi verið samþ. í hv. Nd. með 20 atkv., og þá ætti þessi smábreyting því síður að hafa áhrif, því hún skifti svo litlu fyrir málið í heild sinni. Jeg vil því ekki taka till. aftur.

ATKVGR.:

Brtt. 1005 feld með 9 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Hákon Kristófersson,	Björn Þorláksson,
Karl Finnbogason,	Steingr. Jónsson,
Kristinn Daníelsson,	Eiríkur Briem,

já:	*nei*:
Sigurður Stefánsson.	Guðm. Björnson,
	Guðm. Ólafsson,
	Jón Þorkelsson,
	Jósef Björnsson,
	Magnús Pjetursson.

Karl Einarsson greiddi ekki atkv., og taldist með meiri hluta.

Frumvarpið samþykt með 11 : 2 atkv. að við höfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Hákon Kristófersson,
Steingr. Jónsson,	Karl Einarsson.
Eiríkur Briem,	
Guðm. Björnson,	
Guðm. Ólafsson,	
Jón Þorkelsson,	
Jósef Björnsson,	
Karl Finnbogason,	
Kristinn Daníelsson,	
Magnús Pjetursson.	
Sigurður Stefánsson.	

Frumvarpið afgreitt
sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 1008).

---

36. Dýralæknar.

Á 52. fundi í Ed., laugardaginn 4. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um dýralækna,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 768).

Á 55. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. september, var frv. tekið til 1. umr.

Jósef Björnsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að kosin verði þriggja manna nefnd til að athuga þetta mál, að þessari umræðu lokinni.

ATKVGR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umr. með öllum atkv.

Þriggja manna nefnd samþ. með öllum atkv.

Í nefndina voru kosnir að viðhafðri hlutbundinni kosningu:

Guðm. Ólafsson,
Karl Finnbogason,
Guðm. Björnson.

Á 59. fundi í Ed., mánudaginn 13. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 768, n. 914).

Framsögumaður (Guðm. Björnson): Nefndin, sem falið var að íhuga þetta mál, verður að játa það, að frv. ræðir um mikla þjóðarþörf, þar sem annar aðalatvinnuvegur landsmanna er kvikfjárrækt; það er því full þörf á dýralæknum. En nefndin verður jafnframt að leggja áherslu á það, að úr þessari þörf er ekki bætt, þó þrír eða fjórir dýralæknar verði á landinu. Vitanlega má segja, að það sje betra en ekki neitt, alveg eins og betra þótti, að hafa fjóra lækna á landinu en engan; en engu að síður verður því eigi neitað, að meginhluti landsins er jafn dýralæknislaus eftir sem áður. Ef vel ætti að vera, þyrftu að vera því nær eins margir dýralæknar á landinu og mannalæknar. Og þörfin fer sífelt í vöxt. Því verðmætari, sem skepnurnar verða, því meiri þörf er á dýralæknum, til þess að vernda heilsu þeirra.

En nú er það augljóst, að við höfum enn þá ekki efni á því að hafa 30—40 dýralækna og launa þeim öllum sómasamlega. En jeg hefi oft á ferðum mínum hjer um land vakið máls á því við bestu bændur, hvort ekki mundi að haldi koma, ef hjeraðslæknarnir leituðu sjer þekkingar á dýralækningum, og hafa þeir flestir verið á því máli. Eins og öllum er kunnugt, hafa læknar í mörgum hjeruðum mikinn

tíma aflögu frá lækisstörfum sínum, og mundu þá geta gefið sig við dýralækningum. Jeg hefi einnig átt tal um þetta mál við ýmsa unga, efnilega lækna, og hafa þeir tekið vel í þessa uppástungu mína, og jafnframt tjáð mjer, að fólk kæmi oft til þeirra í því skyni, að leita ráðlegginga við dýrasjúkdómum, og þyki þeim leitt, að geta ekki veitt mönnum þá úrlausn í því efni, sem æskilegt væri. Jeg er þess vegna viss um, að ef sett væri hjer upp námsskeið í Reykjavík í dýralækningum, þá mundu margir læknar hagnýta sjer það. Það er tiltölulega auðvelt fyrir lækna, að setja sig inn í þau fræði, því þeir kunna svo margt, sem að þeim lýtur.

Með þetta fyrir augum hefir nefndinni litist svo, sem ekki væri rjett að fjölga dýralæknum að mun. Hún vill því færa frumvarpið í það horf, sem það var upphaflega, þannig, að bætt verði við einum dýralækni á Austfjörðum. Þörfin er minni á Vestfjörðum, því þar er fyrst og fremst minni búskapur, og auk þess er hægara fyrir menn þar að ná til dýralæknis í Reykjavík, ef mikið liggur við.

Sigurður Stefánsson: Jeg get skrifað undir margt í ræðu háttv. 5. kgk. þm. (G. B.), t. d. það, að mjög æskilegt væri, ef læknar öfluðu sjer þekkingar í dýralækningum. En jeg er honum ósamdóma um þá breytingu, sem nefndin vill gjöra á frv. Hún viðurkennir í nefndaráliti sínu, að þessir tveir dýralæknar, sem á landinu eru, hafi gjört ómetanlegt gagn og segir jafnframt, að þörf sje á miklu fleirum, en vill þó ekki bæta við einum tveimur mönnum. Ekki verður því neitað, að röksemdaleiðslan er nokkuð undarleg.

Háttv. framsm. (G. B.) hjelt því fram, að meiri nauðsyn væri á því, að fá dýralækni á Austfirði en Vestfirði. Ekki fæ jeg komið auga á, hvernig sýnt verði fram á það. Víst er um það, að Vestfirðingafjórðungur er miklu meiri yfirferðar en Austfirðingafjórðungur. (*Steingr. Jónsson*: Er völ á nokkrum dýralækni á Vestfirði?) Já, það hygg jeg muni vera, að minnsta kosti innan skamms. Landssjóður hefir kostað mann utan um nokkur ár, til þess að nema dýralæknisfræði, og mun hann ekki eiga eftir nema $1^1/_2$ ár, þangað til því námi er lokið. Og ekki verður því neitað, að undarleg er sú ráðsmennska, að kosta ærnu fje til að láta mann læra þessa fræðigrein, en ætlast svo ekki til, að hann fái neitt að starfa, þó að allir viðurkenni, að brýn nauðsyn sje á slíkum manni.

Hvað viðvíkur námsskeiði héraðslæknanna, sem háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) talaði um, þá er jeg honum samdóma um það, að það ætti að geta komið að miklu gagni, en enn þá hafa engar ráðstafanir verið gjörðar í þessa átt, og virðist þessu að eins vera slegið fram, án þess að full alvara fylgi. Það hefir ekki verið veitt neitt fje í fjárlögunum í þessu skyni, og þau eru nú farin úr deildinni, svo óhugsandi er, að þessi uppástunga geti komið að nokkru gagni fyrst um sinn.

Háttv. framsm. (G. B.) játaði, að hjer væri um mikla þjóðarþörf að ræða, en vildi þó ekki hafa 4 dýralækna á landinu, heldur að eins 3. Þetta er næsta ósanngjarnt, þegar þess er einnig gætt, að þessi dýralæknir á Vestfjörðum mundi ekki kosta landssjóð nema 1200 kr. á ári, því 300 kr., sem veittar eru til Hólmgeirs Jenssonar í fjárlögunum, mundu þá að líkindum falla niður.

Jeg verð þess vegna fyrir hönd Vestfjarða að mótmæla þessari brtt. nefndarinnar, þar sem hún er svo alsendis ósanngjörn, og vona að háttv. deild sýni Vestfjörðum sömu velvild og Austfjörðum.

Jósef Björnsson: Jeg get ekki stillt mig um að segja fáein orð um þetta mál. Háttv. framsm. (G. B.) tók það fram, að mikil þörf væri á dýralæknum hjer á landi, og sagði, að þessir tveir dýralækn-

ar, sem nú væru hjer, hefðu þegar gjört stórmikið gagn. Jeg skal hvorugt þessara atriða rengja, en jeg verð að taka það fram, að notin af þessum dýralæknum hafa hvergi nærri orðið eins almenn, eins og æskilegt hefði verið, þar sem svo erfitt hefir verið að ná til þeirra víðast hvar að.

Það var rjett hjá háttv. framsm. (G. B.), að til þess að dýralæknar gjöri alt það gagn, sem æskilegt væri, þá þurfa dýrin að vera verðmæt. Verðmæti dýranna hjer á landi hefir hingað til verið svo lítið, að það hefir sjaldnast vegið upp á móti kostnaðinum við að ná í dýralækni, ef eitthvað hefir verið að. Jeg verð því að líta svo á, að dýralæknar hafi hingað til ekki komið að fullum notum, vegna þessara atriða, sem jeg hefi nú bent á. Nefndinni hefir þótt augljóst, að ef bæta ætti úr þessu og stíga sporið fult, þyrfti að skipa 30—40 dýralækna á landinu. Ekki hefir hún þó lagt það til, að þetta yrði gjört. En jeg fyrir mitt leyti efast um, að það kæmi heldur að gagni, þó þetta væri gjört, sökum þess, hvað verðmæti dýranna er lítið, eins og jeg hefi þegar bent á. Til þess að ráða bót á ástandinu, sem er, hefir nefndinni komið til hugar að gjöra alla hjeraðslækna að dýralæknum. Ekki veit jeg hvort það væri alls kostar heppilegt, því jeg held, að hjeraðslæknar hafi víðast hvar nægilegt að gjöra, og óvíst að þeir væru þá viðlátnir, þegar menn vildu leita þeirra til dýralækninga. Háttv. framsm. (G. B.) sagði, að læknastúdentar, sem lokið hefðu námi, ættu tiltölulega hægt með að setja sig inn í dýralæknisfræðina, og má vera að svo sje, en þó býst jeg við, að töluverðum tíma yrðu þeir að verja til þess, ef þeir ættu að verða fullgildir dýralæknar, því fræðigreinin er þó nokkuð önnur. Námskeið fyrir hjeraðslækna til að nema þetta, býst jeg ekki við, að kæmi að fullum notum. Jeg get þess vegna ekki verið eins hrifinn af þessari uppástungu eins og sumir aðrir. Þess er líka að gæta, að engar aðrar þjóðir hafa tekið þennan sið upp, svo mjer sje kunnugt, og þykir mjer þó líklegt, að hann hefði einhverstaðar verið reyndur, ef hann þætti tiltækilegur. En nefndin er mjer ef til vill fróðari í þessu efni, og getur þá upplýst, hvar þetta hefir viðgengist, ef nokkurstaðar er.

Það, sem mest á ríður í mínum augum, er, að bændur sjálfir fái nokkra þekkingu á því, hvernig þeir eigi að verja dýr sín veikindum og fara með allra algengustu dýrasjúkdóma. Jeg lít svo á, að þessu ætti að mega nokkuð koma til leiðar með því, að útvega bændum fræðslu um þetta hjá dýralæknunum, og ætti að vera hægt að hafa námskeið í þessum tilgangi við búnaðarskólana.

Störfum dýralæknanna er þann veg háttað, að þeim ætti að vera í lófa lagið, að verja dálitlum tíma á hverjum vetri til þess, að veita bændum og bændaefnum slíka fræðslu á námsskeiðum við bændaskólana. Mjer dettur ekki í hug að ætlast til, að með þessu sje verið að gjöra bændurna að neinum dýralæknum, en þetta ætti að geta verið þeim leiðbeining um það, hvernig þeir eigi að fara með algengustu dýrasjúkdómstilfelli, og á þann hátt sjá búpeningi vorum betur borgið.

Jeg vil ekki tefja umræðurnar, en jeg vil þó benda á það, að það gæti oft og einatt verið bagalegt, ef mannalæknar hefðu á hendi dýralæknisstörfin. Afleiðingin af því gæti oft og einatt verið sú, að dýralæknisstörfunum væri ekki gegnt, vegna þess, að þeir yrðu að sinna aðalstarfi sínu. Sem dæmi þess vil jeg nefna, að ef að sent væri í bráðri nauðsyn eftir lækni handa einhverju dýri, en jafnframt væri hans annarstaðar að vitjað til sængurkonu, þá yrði hann vitaskuld að gegna aðalstarfinu — mannalækningunum.

Í sambandi við þetta vil eg geta þess, að mér finst það langheppilegast, að gjöra dýralæknum að skyldu, að halda náms-

skeið í dýralækningnm við bændaskólana. Það er rjett stefna og í fullu samræmi við það, sem tíðkast erlendis, að láta nemendur við bændaskólana kynna sjer helstu dýrasjúkdóma, er tíðkast í landi þeirra, og ráð við þeim. Þetta verður og til þess, að oft og einatt þarf eigi að leita til dýralæknis.

Áður en jeg setst niður vil jeg skjóta því til háttv. nefndar, hvort svo beri að skilja 4. grein, þar sem talað er um að greiða eigi dýralæknum fararbeina og fæði á ferðum þeirra, hvort auk þess eigi að greiða þeim dagkaup? Jeg óska að fá skýrt og ótvírætt svar hinnar háttv. nefndar um þetta.

Kristinn Daníelsson: Jeg vil taka í sama streng og háttv. þm. Ísaf. (S. St.), og mæla hið besta með því, að háttv. deild láti Vestfirðinga njóta allrar sanngirni. Jeg vil benda á, í sambandi við þetta, að öll ferðalög eru mjög erfið á á Vestfjörðum, og eins er um samband þeirra við Suðurland, langt að vitja dýralæknis þangað. Líka vil jeg vekja athygli á því, að menn eru að nema þessa fræðigrein, með von um embætti, einn fullærður og annar hefir lokið námi eftir væntanlega hjer um bil hálft annað ár.

Mjer finst það vera ósanngirni, að Vestfirðingar fái ekki dýralækni, enda hafa þingin að nokkru viðurkent það rjett að vera, þau, sem hafa veitt Hólmgeiri, sem ekki er dýralæknislærður maður, styrk í 15 ár. Hann hefir þótt nærfarinn og koma að góðu liði.

Jeg vona að allir skilji það, að þótt jeg sje gamall Vestfirðingur, þá er þetta ekki af hlutdrægni fyrir mjer, heldur af því, að jeg vil firrast það, að Vestfirðingar sjeu hlutdrægni beittir.

Framsm. (Guðm. Björnson): Háttv. þm. Skagf. (J. B.) dró í efa, að bændur gætu lært dýralækningar á stuttum tíma, en aftur hjelt hann að bændur gætu gjört það! *(Jósef Björnsson*: Farið með skepnur sínar).

Jeg gjöri þetta þetta ekki að neinu kappsmáli, en jeg hefi átt tal við bændur víðsvegar um landið, og eru því allvel kunnar skoðanir þeirra, og þeir líta eins og jeg á þetta mál.

Um dýralæknir á Vestfjörðum gjörir nefndin ekki að kappsmáli. En nefndin vill ekki stofna dýralæknisembætti það, á meðan enginn maður er til, til þess að gegna því, því hún óttast, að það yrði einhver ekki fullfær maður settur til að gegna því, eða að dýralæknirinn í Reykjavík yrði skipaður til að gegna því *gegn hálfum launum, og yrði það því að* eins vasapeningar handa honum. En jeg skal greiða atkvæði með því á næsta þingi, ef maður er til, til þess að gegna því. *(Hákon Kristófersson*: Getur háttv. þingm. lofað að greiða atkvæði með því á *næsta* þingi?) Á borð við þm. Barðstr.

Jósef Björnsson: Jeg vil mótmæla því, að jeg hafi sagt, að læknar mundu þurfa mikið lengri tíma en bændur til dýralækninganáms. Jeg sagði, ef að læknar gætu lært það á mjög skömmum tíma, þá hlytu bændur líka að geta lært að hjúkra dýrum sínum í þeim dýrasjúkdómum, sem algengastir eru hjer á landi. Jeg held að háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) sje ekki fullljóst, hve mikill munur er á því, að vera mannalæknir og dýralæknir. En til þess að verða *fullkominn* dýralæknir á skömmum tíma, efa jeg að nokkur sje fær, og það þótt hann sje læknir. Önnur umsögn eða skýring á orðum minum er rangfærsla ein, sem eingöngu er þá töluð á ábyrgð þess, er þá rangfærslu gjörir.

Magnús Pjetursson: Utaf þeirri viðbáru háttv. nefndar, að ekki sje hægt, að stofna þetta dýralæknis embætti, af því að manninn vanti, og ef það yrði gjört,

þá yrði það að eins til þess, að dýralæknirinn í Rvík yrði settur til að þjóna því gegn $^1/_2$ launum, sem vitanlega er ekki ætlunin og væri ófært, þá vil jeg taka það fram, að þetta er engin ástæða, því slíks eru mörg fordæmi í læknalögunum, og mjög nýstofnuð hjeruð eru læknalaus.

Mjer finst það vera langeðlilegast, að samþykkja lögin eins og þau eiga að verða, svo ekki þurfi strax á næsta þingi að lappa upp á þau.

Framsm. (Guðm. Björnson): Jeg ætla mjer ekki að deila við háttv. þm. Skagf. (J. B.) um það, hvort rjett er, að gjöra alla bændur eða lækna að dýralæknum. En jeg tel mig hafa meira vit á *þeim* málum en hann.

En út af því, er háttv. þm. Strand. (M. P.) tók fram — ja, það er satt, hjer er fult af Vestfirðingum, — þá vil jeg geta þess, að jeg vík ekki frá því, að þegar embætti er stofnað, þá tel jeg sjálfsagt, að einhver sje settur til að gegna því, og vanalega eru það nágranna embættismennir gegn hálfum launum. (*Magnús Pjetursson*: Stundum launalaust). Já, en það er alveg sjerstök ástæða. Það er þó ekki rjett, að fjölga embættunum fyrr en einhver er til, til þess að gegna þeim. Því er það, að nefndin getur ekki lagt til að stofnað sje nema eitt dýralæknisembætti á Austfjörðum. (*Jósef Björnsson*: Vill framsm. (G. B.) ekki svara spurningunni um 4. gr.?).

Karl Finnbogason: Það er hart, ef háttv. framsm. (G. B.) á að standa einn uppi gegn öllum Vestfirðingum.

Jeg álít það engan hagnað fyrir Vestfirðinga, þó dýralæknisembætti þetta sje stofnað, á meðan enginn er til, til þess að gegna því.

Í öðru lagi hafa Vestfirðingar í mörg ár haft styrk til dýralækninga.

Í þriðja lagi er meiri þörf á dýralækni í Austfiðingafjórðungi, því þar er meiri búnaður.

Þá vil jeg taka undir um það, að hægt sje að hafa hjeraðslækna sem dýralækna. Sem dæmi þess vil jeg benda á kjötskoðunina. Og enginn efi er á því, að þeir gætu fleira gjört.

Loks vil jeg benda á það, að nauðsynlegt er, ef brtt. nefndarinnar er feld, að breyta 1. gr. frv., til þess að koma í veg fyrir, að dýralæknirinn í Reykjavík fái hálf launin fyrir ekkert. Vil jeg skjóta því til forseta, að taka málið út af dagskrá til morguns, þó hægt sje að lagfæra þetta við 3. umr.

Magnús Pjetursson: Jeg vil að eins benda á það, að það er í fullu samræmi við læknalögin, að láta lögin ekki öðlast gildi, fyrr en maður er fenginn til starfans. Það má líta svo á, sem það standi í frv., en það er óskýrt, en það mætti lagfæra við 3. umr.

ATKVGR.:

Brtt. 914 feld með 6 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Hákon Kristófersson,
Steingrímur Jónsson,	Jón Þorkelsson,
Eiríkur Briem,	Karl Einarsson,
Guðm. Björnson,	Kristinn Daníelsson,
Guðm. Ólafsson,	Magnús Pjetursson,
Karl Finnbogason,	Sigurður Stefánsson.

Jósef Björnsson greiddi ekki atkvæði.

1. gr. samþ. með 11. samhlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 samhlj. atkvæðum.

Á 61. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 768, 979, 988).

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpunum, til þess að taka málið fyrir, og voru þau leyfð og samþ.

Framsm. (Guðm. Björnson): Nefndin hefir komið með brtt. á þgskj. 979 við 3. málsgrein 1. gr. frv. Þessi brtt. á að tryggja það, að eigi sje farið að veita öðrum hvorum þeirra dýralækna, sem nú eru, helming launa þeirra, sem ætluð eru dýralæknunum í Vestfirðingafjórðungi, þangað til læknir kemur þangað. Vjer höfum fordæmi fyrir þessu í löggjöfinni um stofnun nýrra læknishjeraða. Það hefir hvað eftir annað komið fyrir, að læknishjerað hefir verið klofið í tvö hjeruð, og má þar nefna til dæmis Strandahjerað. En það ákvæði hefir jafnan verið sett í lögin, að þau komi ekki í gildi fyrr en embættið sje veitt. Í samræmi við þetta er tillagan á þgskj. 979. Nú hefir háttv. 2. þm. G. K. (K. D.) komið með brtt. við þessa brtt., þar sem hann leggur til að í stað orðanna „Breyting þessi gengur", komi: „Ákvæði þessi ganga". Jeg held það miður fara, að orða greinina eins og háttv. þingm. (K. D.) leggur til. Hjer er áreiðanlega um breyting á núgildandi lögum um dýralækna að ræða. Það er ætlast til, að bætt sje við tveimur nýjum dýralæknum. Sú breyting, að læknarnir verði fjórir í stað tveggja, á ekki að ganga í gildi fyrr en um leið og dýralæknar eru skipaðir í Austfirðingafjórðung og Vestfirðingafjórðung, en ákvæði greinarar eiga að öðru leyti að ganga strax í gildi. Að því stefnir brtt. nefndarinnar. En verði breytingartillaga háttv. þm. (K. D.) samþ., þá er stefnt í það horf, að skoða má svo sem hin nýju embætti sjeu stofnuð, þegar er lögin hafa öðlast gildi, og að beint liggi við, að setja dýralæknir, sem í öðru embætti er, til að þjóna hinu nýja embætti, þangað til það er veitt.

Jeg skýt því þess vegna til háttv. þm. (K. D.), hvort hann muni ekki vilja taka aftur brtt. sína.

Út af fyrri spurningu háttv. 2. þm. Skagf. (J. B.) við 2. umr. hvernig skilja ætti ákvæði 3. og 4. gr. um borgun til dýralækna fyrir ferðir þeirra, er þessu að svara. Í 3. gr. er talað um það, þegar dýralæknir ferðast í þarfir hins opinbera, þá á hann að fá 5 kr. í dagpeninga fyrir ir hvern dag, sem hann er að heiman; en ferðakostnaður skal honum endurgoldinn eftir sömu reglum, sem gilda um sýslumenn og bæjarfógeta. Það mun verða ljósast, að jeg skýri með dæmi hvernig skilja beri 4. gr. Ef einhver bóndi gjörir dýralækni boð, með símskeyti eða á annan veg, að koma til sín, og dýralæknirinn leggur sjer sjálfur alt til ferðarinnar, þá á hann að fá borgun eftir 3. gr., 5 kr. í fæðispeninga og ferðakostnað að auki greiddan samkvæmt fyrirmælum þeirrar greinar. En ef bóndi sækir læknirinn og leggur honum til farkost og allan fararbeina, þá á hann ekki að borga honum neitt fyrir sjálfa ferðina.

Jeg held að þetta geti ekki orðið misskilið.

Að endingu get jeg þess, að orðalag brtt. á þgskj. 979 er alveg hið sama og haft hefir verið í lögum um stofnun nýrra læknahjeraða, þar sem löggjafarvaldið hefir ætlast til, að lögin kæmu eigi til framkvæmda fyrr en embættið væri veitt.

Kristinn Daníelsson: Mjer fanst brtt. mín nauðsynleg til lagfæringar, því jeg sje ekki, að hjer sje um breytingu að ræða á eldri lögum, enda bendir fyrirsögn frv., eins og hún er nú orðuð, ekki í þá átt. Þar stendur berum orðum frumvarp til laga um dýralækna, en ekki frv. til laga um breytingu á lögum um dýralækna. En líklega hefir það vakað fyrir háttv. nefnd, að upphaflega var fyrirsögnin orðuð svo, að það væri breyting á dýralæknalögunum, og eftir því hafi hún sniðið brtt. sína. Jeg játa það, að það getur valdið nokkrum ruglingi um dýralæknana í Vestfirðinga-

fjórðungi og Austfirðingafjórðungi, hve nær þá skuli skipa, eins og greinin er orðuð í frv., en brtt. skýrir það, og það engu síður þótt mín komist að. Aftur á móti getur enginn vafi leikið á með þá dýralækna, sem nú sitja í embættum, því að hvorki kemur til mála, að ætlast sje til, að stjórnin skipi þá af nýju, nje setji þá af og skipa aðra í þeirra stað. Jeg gjöri annars þessa brtt. mína ekki að neinu kappsmáli, en vil þó gefa deildinni kost á að greiða atkvæði um hana, og get því ekki orðið við tilmælum háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) um að taka hana aftur.

Þar sem háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) tók það fram, að sama orðalag væri á brtt. nefndarinnar, eins og venja væri að hafa í lögum um stofnun nýrra læknahjeraða, þá er þar nokkru öðru máli að gegna, því að þar er beint tekið fram, að hin nýju lög sjeu breyting á eldri læknaskipunarlögum.

ATKVGR.:

Brtt. 988 (við brtt. 979) samþ. með 7 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Hákon Kristófersson,	Eiríkur Briem,
Jón Þorkelsson,	Guðm. Björnson,
Jósef Björnson,	Guðm. Ólafsson,
Karl Finnbogason,	Magnús Pjetursson,
Kristinn Daníelsson.	

Sigurður Stefánsson greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hlutans. Einn þingmaður var fjarverandi.

Brtt. 979 með á orðinni breytingu samþykt með 12 samhlj. atkv.

Frumvarpið svo breytt samþ. með 11 samhljóða atkv. og

endursent til Nd.
(A. 996).

37. Dýrtíðaruppbót.

Á 57. fundi í Ed., föstudaginn 10. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um dýrtíðaruppbanda embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 897).

Á 59. fundi í Ed., mánudaginn 13. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkvæðum.

Á 61. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 897).

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum um meðferð frv., og voru þau leyfð og samþ.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

1. gr. frv. samþ. með 9 : 1 atkv.
2.—8. gr. frv. samþ. með 9 : 1 atkv.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 897).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 9 : 1 atkv. og afgreitt
sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 1013).

38. Höfn í Sljettuhreppi.

Á 61. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. september, var útbýtt

Frumvarpi til laga um löggilding verslunarstaðar að Höfn í Sljettuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 998).

Á 62. fundi í Ed., sama dag, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum um alla meðferð málsins, og voru þau leyfð og samþykt.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. september, var frv. tekið til 2. umr. (A. 998).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
1. gr. samþ. með 9 : 1 atkv.
2. — — — 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 : 1 atkv.

Á 64. fundi í Ed., sama dag, var frv. tekið til 3. umr. (A. 998).

Enginn tók til máls.

Frv. samþ. með 11 samhlj. atkv. og afgreitt

sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 1014).

B.

Frumvörp, feld eða vísað til stjórnarinnar.

Þingmannafrumvörp.

1. Fuglafriðun.

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 7. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um bráðabirgðabreytingu á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 249).

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 9. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Sigurður Stefánsson: Jeg verð að segja það, að jeg varð hálfhissa, þegar jeg sá þetta frv. frá háttv. Nd., og jeg varð enn þá meir hissa, þegar jeg heyrði, að þetta frv. ætti að vera trygging gegn hungursneyð eða hallæri í landinu.

Mjer er það ekki ljóst, hvernig háttv. Nd. hugsar sjer, að þetta ráð dugi, til þess að forða hallæri eða hungri. Mjer kemur það enn fremur undarlega fyrir, að þegar

frv. dýrtíðarnefndarinnar loksins kemur fram, þá er svo um hnútana búið, að það er hjer um bil ómögulegt fyrir landsstjórnina, að hefta útflutning á einu pundi af kjöti til útlanda, en þá á líklega að bæta þetta upp með því, að benda mönnum á, að þeir geti etið fuglakjöt, svo sem hrafna uglur og því um líkt góðgæti. Og þetta er þeim mun kynlegra, þar sem núgildandi fuglafriðunarlögum er mjög lítið breytt; það er í raun og veru að eins um einn fugl að ræða, sem á að bæta upp kjötleysið í landinu. Þessi fugl er rjúpan.

Og munurinn er að eins sá, að hún er nú friðuð fram yfir nýárið, en eftir frv. ætti hún að vera ófriðuð rúmum 3 mánuðum fyrr. Þriggja mánaða rjúpnadráp á að bæta það upp, að engar skorður eru settar við takmarkalausum kjötútflutningi úr landinu.

Dettur nú nokkrum hugsandi manni í hug að halda því fram, að slík lagasetning, sem þessi, geti gjört nokkurt verulegt gagn í þá átt, að afstýra hungursneyð í landinu? Það dettur víst engum í hug.

Alþingi 1913 kemst loks að fastri niðurstöðu í fuglafriðunarlöggjöfinni, en nú á eftir tvö ár að fara að ónýta það verk þingsins, án þess nokkur nauðsyn beri til.

Ef menn vilja endilega fá leyfi til þess, að drepa rjúpu þennan stutta tíma, sem hjer er gjört ráð fyrir, þá mátti gjöra þá lagasetning með örfáum línum, en öldungis óþarft að þyrla upp um það löngum og miklum lagabálki.

Og gagnið af því er ekki mikið. Ef lítið er í landshagsskýrslurnar, þá sjest, að útflutningurinn 1912 var alls 112 þúsund stykki, og þó talsvert sje etið af rjúpu í landinu sjálfu, bæði í sveitum en þó mest í kaupstöðum landsins, þá má hiklaust telja það víst, að það sje miklu minna en það, sem er flutt út. Það geta því ekki verið mikil búdrýgindi að þessu í landsbúinu. Það á svo að bæta drápið með því, að banna útflutning á rjúpu, en mjer þykir það óviðkunnanlegt bann, þegar að háttv. Nd. streitist sem mest á móti því, að nokkuð verði takmarkaður útflutningur á kjöti.

Og hverjum kemur þetta frv. svo að gagni?

Það kemur þeim einum að gagni, sem hafa fult hús matar og gnægð fjár. Það kemur ekki þeim að gagni, er þurfa þess mest með. Nei — það kemur landbændunum að mestu gagni, því að mestu sauðfjársveitir landsins eru víðast hvar bestu rjúpnaveiðihjeruðin, og landbændurnir eiga því hægast með að ná rjúpunni. Og þó rjúpan yrði núna verslunarvara til innlendrar notkunar, þá ber að líta á það, að hún myndi verða svo dýr, að kjötlausum þurrabúðarmönnum og daglaunafólki í verslunarstöðum landsins og sjóþorpum yrði ókleift að kaupa hana; hún yrði því mest á borðum hinna efnaðri horgara þjóðfjelagsins, eins og hingað til.

Og setjum nú svo, að rjúpnaveiðararnir heimtuðu hærra verð en að undanförnu, þá munu menn segja, að verðlagsnefndin kæmi til sögunnar og ákvæði verðið. En ætli það kæmi þá ekki hljóð úr horni frá landbændunum, og þeir segðu, að verðið væri óhæfilegt og sjer væri rangt gjört til.

Jeg get hugsað mjer, að til sjeu þeir landbændur, er hugsa eitthvað á þessa leið, er þeir sitja að snæðingi sauðakjöts, sláturs og annara gæða: Þið, fátæku menn í verslunarstöðum og sjóþorpum þurfið ekki heldur að hungra, þið getið borðað svölur í morgunmat, vepjur í miðdegisverð og keldusvín í kveldmat! Menn gætu haldið, að eitthvað þvílíkt hafi vakað fyrir dýrtíðarnefndinni í Nd., því fuglar þessir eru nú friðaðir, en eiga eftir frv. að vera ófriðaðir. En að íslenskir landbændur hugsi svo alment, dettur mjer ekki í hug að trúa.

En svo er eitt atriði enn. Eins og nú hagar til í heiminum og með verslunina,

þá er ekki víst, að menn geti skotið fuglinn lengi. Jeg veit það minsta kosti, að á Vestfjörðum var víða orðið erfitt að fá skotvopn, og við getum væntanlega allir vel skilið það, að á meðan á ófriðnum stendur, getur hæglega farið svo, að skotfæri fáist ekki. *(Guðmundur Björnson*: Þá er að snara). Jeg þekki þá veiði aðferð frá gamalli tíð, og veit að hún verður því síður til að bjarga landinu frá hallæri. Svo lítil er veiði sú, er með henni fæst.

Svo er enn eitt. Jeg sje ekki annað en æðarfuglinn sje alveg ófriðaður með frumvarpi þessu. Í gildandi lögum stendur, að allir þeir fuglar, sem ekki eru í þeim nefndir, sjeu friðaðir að eins nokkurn tíma „nema friðaðir sjeu með sjerstökum lögum". Þessum síðustu orðum er slept í þessu frv., og liggur því beinast við að ætla, að æðarfuglinn sje ekki friðaður frekar en ákveðið er í frv. Jeg ætla ekki, að háttv. Nd. hafi gjört þetta af ásettu ráði, en það verður ekki annað sjeð af frv. Og jeg verð að telja það talsvert hart fyrir þá menn, sem nú eru dúneigendur, og sem ekki geta selt dúninn sökum ófriðarins, nema fyrir örlítið verð, meira en helmingi lægra en undanfarin ár, ef það ætti að bætast við, að æðarfuglinn væri skotinn niður. Nú meðan á stríðinu stendur er dúnninn hartnær óseljanlegur, svo þeir verða að liggja með hann. Þeir hefðu því ekki annað að gjöra að ófriðnum loknum, en að selja gamlan dún, er þeir hefðu legið með, en æðarvörpin væru eyðilögð. Jeg tel þetta illa farið, því hjer er þó um atvinnuveg að ræða, er gefur talsverðar tekjur af sjer fyrir landið.

Jeg vil því mæla með því, að frv. verði sem fyrst styttar stundir, og þó að það mætti, til dæmis, laga ákvæðið um æðarfuglana í nefnd, þá hefi jeg enga trú á, að frv. bætti að neinu leyti ástandið. Það er því best farið, að það deyi sem fyrst.

Ráðherra: Jeg læt mig litlu skifta, þó að frv. þetta nái ekki fram að ganga, en jeg vildi að eins gjöra stutta aths. við ræðu háttv. þm. Ísaf. (S. St.). Jeg tel það ekki rjett, að með þessu frv., þó að lögum verði, sje æðarfuglinn ófriðaður, því að í fyrirsögn frv. segir, að þau sjeu breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, en aftur eru lög nr. 58 frá sama ári og degi, látin standa óhögguð. Þótt lögunum nr. 59 sje breytt, og drepa megi hrafna og uglur, þá standa lög nr. 58, 10. nóv. 1913, um friðun æðarfugla alveg óhögguð.

Sigurður Stefánsson: Það má vel vera, að skýring hæstv. ráðherra sje rjett, en því var þá háttv. Nd. að fella það burtu, að lög þessi næðu ekki til þeirra fugla, sem friðaðir eru með sjerstökum lögum?

Ráðherra: Jeg skal ekkert um það segja, en það er víst, að enginn lögskýrandi skýrir frv. þetta svo, að það gjöri nokkra breyting á lögum nr. 58, 10. nóv. 1913. Sú skýring, að þetta frv. haggi þeim lögum, er alveg fráleit eftir almennum lögskýringarreglum.

Sigurður Stefánsson: Þetta má vel vera, en þess skal jeg geta, að hjer í bænum er það þessa dagana talin eina bótin í frv. þessu, að drepa megi æðarfugl að ósekju, ef frv. þetta verði að lögum, og tel jeg þá skoðun alls ekki ástæðulausa.

Jósef Björnsson: Þótt jeg sje ekki hrifinn af frv. þessu, finst mér þó, að nokkuð sé hranalegt, að taka því þannig, að drepa það nú þegar, eins og mjer fanst að háttv. þm. Ísaf. (S. St.) helst vilja. Vil jeg því leggja til, að málinu verði, að þessari umr. lokinni, vísað til sömu nefndar og kosin var í næsta mál á undan. En það tek jeg undir með hv. þm. Ísaf. (S. St.), að ekki sje mikil bjarg-

ráð, þó leyft sje að skjóta rjúpur til nýárs, og tælega að það geti orðið til mikillar bjargar. En ef mönnum finst, að með því geti fengist verulegur kjötauki, þá finst mjer sennilegt, að þeir hinir sömu vilji vísa málinu til nefndar. Þá vildi jeg og, ef málið gengur fram, að ákveðið væri fast verð á rjúpunni, og þá ekki hærra en svo, að kaupendur megi við una, og fátækum mönnum væri ekki um megn að kaupa hana. Hátt verð á þeim gæti og orðið tálbeita til mjög mikils dráps, og teldi jeg það illa farið, að svo yrði. Með þessu væri og forðast, að gengið væri of nærri anda fyrri laga um þetta. Sárt er mjer ekki um frv. þetta, en virðist það kurteisi við háttv. Nd., að lofa því að ganga til 2. umr. og vísa því til nefndar.

Karl Finnbogason: Jeg er samdóma háttv. síðasta ræðumanni, 2. þm. Skagf. (J. B.) um það, að ekki sje rjett að drepa frv. umsvifalaust. En jeg er á þeirri skoðun, að rjett sje að ófriða rjúpuna. Með því að friða rjúpuna 7. hvert ár, næst alls ekki það, sem til er ætlast, því það er víst, að minna fellur af rjúpunni fyrir skotum en harðindum. Og harðindin geta alveg eins drepið friðaðar rjúpur eins og ófriðaðar. Ef til vill fjellu þær einmitt friðunarárið, þótt þeim fjölgaði mjög hin árin. Það kemur líka fram ójöfnuður í því, að friða rjúpuna fyrir nýár, en ekki eftir, eins og verður nú. Það vita allir, sem því eru kunnugir, að rjúpurnar breyta mjög um stöðvar, eru annarstaðar á haustin, heldur en eftir nýár. Kemur það því ójafnt niður, að þeir, sem eru á þeim stöðvum, sem rjúpurnar dvelja á fyrir nýár nú, sje fyrirmunað að nota sér þær, en hinum leyft það, sem búa á þeim stöðum sem rjúpan yrði á eftir nýár. Auk þess er miklu minni hætta á, að þær verði eyðilagðar með skotum fyrir nýár, meðan jörð er alstaðar nóg, en eftir þann tíma, þegar alvarleg jarðbönn eru, nema á einstöku stöðum. Álít jeg því skynsamlegast, að ófriða rjúpuna þessa mánuði fyrir nýár, ákveða á henni hámark verðs og banna allan útflutning. Gæti þetta orðið til allmikillar hjálpar fyrir fátæklinga, bæði í sveit og við sjó.

ATKVGR.:

Felt að vísa frv. til 2. umr. með 6 : 6 atkv.

Frv. þar með

fallið

---

2. Bjarghús í Þverárhreppi.

Á 22. fundi í Ed., þriðjudaginn 3. ágúst, var útbýtt

Fiumvarpi til laga um heimild til að selja hjáleiguna Bjarghús í Þverárhreppi í Vestur-Húnavatnssýslu. (A. 198).

Á 24. fundi í Ed., fimtudaginn 5. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flutnm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg flyt frv. þetta eftir beiðni ábúandans í Bjarghúsum. Hann hefir búið í mörg ár á jörðinni, sem er kot, liðug 8 hndr. að dýrleika, og gjört miklar jarðabætur. Finst mjer, að það ættu að vera sterk meðmæli með beiðni hans. Árið 1912 lagði hann beiðni um kaup á ábýlisjörð sinni fram fyrir sýslunefndarfund Vestur-Húnavatnssýslu, og hafði sýslunefndin ekkert við það að athuga, að jörðin væri seld. Sýslumaður útnefndi síðan matsmenn til þess að virða jörðina. En lengur hefir svo þetta mál ekki átt samleið með lögunum um sölu kirkjujarða frá 16. nóv. 1907. Virðingarmennirnir mátu aldrei kotið, sem þó var bein skylda þeirra, og engin skýrsla hefir komið opinberlega fram um þetta frá umráðanda jarðarinnar. Ábúandinn getur þess til, að þáverandi prestur á Breiðabólstað hafi verið á móti sölunni,

enda hafi hann verið á móti allri sölu á þjóðjörðum og kirkjujörðum. Sje þessi tilgáta rjett, hefir umráðamaður verið of fljótur á sjer, því að rjettara hefði verið, að jörðin hefði verið virt og álit umráðamanns um söluna fylgt síðan virðingargjörðinni til stjórnarráðsins, eins og lögin ákveða.

Jeg hefi nú með fáum orðum bent á það, að með mál þetta hefir, að miklu leyti, verið farið gagnstætt gildandi lögum um sölu kirkjujarða, en ekki samkvæmt þeim.

Ábúandi hefir nú snúið sjer til Alþingis, og hefir beiðni hans verið lögð fram á lestrarsalinn, ásamt fleiri skjölum snertandi þetta mál. Jeg vona, að háttv. deild leyfi þessu litla frv. framgang, og vil leyfa mjer að stinga upp á, að skipuð sje í það þriggja manna nefnd að lokinni þessari umræðu.

Steingrímur Jónsson: Mjer skilst á ræðu háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.), að það sje röng leið sem ábúandinn í Bjarghúsum fer. Málinu hefir verið vísað til sýslunefndar og sýslumaður útnefnir matsmenn, allt samkvæmt lögum. En það sjest hvergi, að ábúandi hafi gengið eftir því, að lögunum væri hlýtt og jörðin metin. Umráðamaður er svo skyldur til að senda skýrslu til stjórnarráðsins. Meðan þetta er ekki gjört, hefir frv. ekkert erindi til þingsins. Jeg vil ekki láta þingið taka fram fyrir hendur stjórnarráðsins. Það er algjörlega starf í blindni, að taka málið hjer fyrir, því að það á eingöngu erindi til stjórnarráðsins. Eða er það rjett, að þingið semji fyrst lög um sölu kirkjujarða og svo sje farið með hverja einstaka jörð til Alþingis? Það er að taka fram fyrir hendur stjórnarráðsins. Jeg get ekki greitt þessu frv. atkvæði, því að jeg álít að röng leið sje farin með því, að koma með það hingað.

Flutnm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg get ekki verið á sama máli og háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.), er niður settist. Maður verður að athuga, að ábúandinn átti í höggi við landsdrottin sinn (*Steingrímur Jónsson*: Ekki er hann virðingarmaður). Nei, það er hann að vísu ekki, en það liggur í augum uppi, að ábúandinn hefir gjört það, sem hann gat, til að fá jörðina keypta. (*Steingrímur Jónsson*: Það sjest hvergi). Nei, en jeg get samt ekki sjeð, að röng leið hafi verið farin, og það er ekki tekið fram fyrir hendur stjórnarráðsins, þó að frv. þetta verði að lögum. Lögin heimila stjórnarráðinu að selja jörðina, en skylda það ekki til þess.

Jeg vona, að háttv. deild gjöri málið þessu rjett og góð skil.

Steingrímur Jónsson: Háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) viðurkennir, að ábúandinn gat krafist mats. Hví gjörði hann það þá ekki? Jeg sje nú, að það stendur hjer í frv. að eins heimild til að selja jörðina. Þetta er hlægilegt, því stjórnarráðinu er heimilt að selja þessa jörð samkvæmt lögunum um sölu kirkjujarða. En ef þetta á að vera skipun til stjórnarráðsins, þá er verið að taka fram fyrir hendur þess að óþörfu.

Flutnm. (Guðmundur Ólafsson): Það er rjett hjá háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.), að þetta er ekki nema heimild. Ábúandi þarf þá ekki að toga fram álit umráðamanns, og á þá um það við stjórnarráðið en aðra ekki, hvort hann fái jörðina keypta. (*Steingrímur Jónsson:* Ekki heimildarlög, heldur skipunarlög). Það er að eins heimild. Stjórnarráðið lætur þá meta jörðina og ræður svo, þegar allar upplýsingar eru komnar, hvort það selur jörðina eða ekki. Jeg held það sje sjerstök hótfyndni, að vilja ekki lofa nefnd að athuga frv.

Karl Einarsson: Jeg vil ekki tefja umr. um þetta mál. En jeg lít svo á, að frv. sje komið fram af því, að eðlilega leiðin gekk ekki. Jeg álít að skoða beri þetta sem skipun til stjórnarráðins að selja jörðina, en ekki heimild.

Þar eð ekki hefir verið farið eftir venjulegum reglum með mál þetta, finst mjer ástæða til þess að skipa þriggja manna nefnd til þess að athuga hvort löglega hefir verið farið að eða ekki.

ATKVGR.:

Frv. felt frá 2. umr., með 6 : 5 atkv. og þar með

fallið.

---

3. Forðagæsluviðauki.

Á 24. fundi í Ed., fimtudaginn 5. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 44, 10. nóv. 1913, um forðagæslu. (A. 216).

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 7. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flutnm. (Björn Þorláksson): Svo sem háttv. deildarmönnum er kunnugt, ná forðagæslulögin frá 1913 að eins til sveitafjelaga, en ekki til bæjafjelaga. Jeg veit ekki, hvort þetta hefir komið til af gleymsku, eða af því, að menn hafa haldið, að bæirnir þyrftu ekkert eftirlit í þessu efni. Það er þó kunnugt, að talsvert er til af ganganda fje í öllum kaupstöðum, bæði kýr, hestar og sauðfje. Kaupstaðarmenn þurfa því, ekki síður en sveitamenn, að hafa fyrirhyggju, þegar þeir setja á á haustin, því annars er ekki loku skotið fyrir, að fóðurskortur og horfellir geti orðið í kaupstöðunum, ekki síður en í sveitunum.

Hjer á landi eru nú þrenn lög í gildi, sem öll miða í þá átt að tryggja landslýðinn gegn harðindum. Þessi lög eru forðagæslulögin, bjargráðalögin og lögin um kornforðabúr. Tvö hin síðarnefndu ná til alls landsins, kaupstaðanna líka, en forðagæslulögin að eins til sveitanna. Að minni hyggju er ekkert vit í þessu. Jeg þekki best til í Seyðisfjarðarkaupstað, og það veit jeg, að þar væri engin vanþörf á forðagæslu. Þar er það alsiða, að menn setja á ekkert, nema *von* um hey úr næstu sveit, og þarf ekki mörgum orðum um það að fara, hvað stórbagalegt þetta getur orðið fyrir sveitina. Kaupstaðurinn getur á þenna hátt gjört sveitina ófæra, því að bændur geta oft ekki fengið af sjer að neita um hey, þegar kunningjar þeirra í kaupstaðnum eru í hraki. Þannig er þetta í Seyðisfjarðarkaupstað, og get jeg ímyndað mjer, að líkt eigi sjer stað annarsstaðar.

Svo sem mönnum er kunnugt, hefir komið fram frv. í háttv. Nd., um að afnema forðagæslulögin með öllu. Það frv. var tekið aftur, en hins vegar skorað á stjórnina, að leita álits allra hreppsnefnda á landinu um forðagæslulögin. Það er því víst, að lögin verða í gildi næstu tvö ár, og virðist því sjálfsagt að gjöra þá umbót á þeim, sem frv. þetta fer fram á. Annars finst mjer mál þetta svo ljóst, að jeg tel óþarfa að skipa nefnd í það, og læt jeg mjer því nægja að óska þess, að háttv. deild visi því til 2. umr.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 8 samhljóða atkvæðum.

Á 28. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 216).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frv.gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.
Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 30. fundi í Ed., fimtudaginn 12. ágúst., var frumv. tekið til 3. umr. (A. 216).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frumv. samþ. með öllum atkv. og afgreitt til Nd.
(A. 310).

---

4. Rjúpnafriðun.

Á 45. fundi í Ed., laugardaginn 28. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 600).
Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 30. ág., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Felt var með 8 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli að vísa frv. til 2. umr., og sögðu:

já:	*nei*:
Guðm. Björnson,	Björn Þorláksson,
Jón Þorkelsson,	Steingrímur Jónsson,
Karl Finnbogason,	Eiríkur Briem,
Kristinn Daníelsson,	Guðm. Ólafsson,
Magnús Pjetursson.	Hákon Kristófersson,
	Karl Einarsson,
	Sigurður Stefánsson.

Jósef Björnsson greiddi eigi atkv., og var talinn með meiri hluta.
Frv. þar með
fallið.

---

5. Sóknargjöld utanþjóðkirkjumanna.

Á 43. fundi í Ed., fimtudaginn 26. ág., var útbýtt
Frumvarpi til laga um breyting á lögu mnr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 534).
Á 45. fundi í Ed., laugardaginn 28. ág., var frv. tekið til 1. umr.

Guðmundur Björnson: Þetta frumvarp fer fram á að fella aftan af 2. gr. sóknargjaldalaganna skilyrðið fyrir því, að menn megi vera í söfnuði utan þjóðkirkjunnar, sem sje, að gjaldið til safnaðarins nemi „eigi minna en sem svari 2 kr. 25 au. fyrir hvern safnaðarlim, 15 ára eða eldri". Í mínum augum er það ekki annað en tilbekking við þjóðkirkjuna, að nema þetta ákvæði í burtu. Ef það væri gjört, mundi fólk streyma úr henni, til þess að losna við gjöldin. En jeg lít svo á, að á meðan við höfum þjóðkirkju, þá eigum við ekkert að gjöra, sem valdi því, að fólk fari úr henni. Þegar að því kemur, að farið verður að ræða um skilnað ríkis og kirkju, þá býst jeg við, að jeg verði því máli fylgjandi, en á meðan þjóðkirkja stendur, er rjett að styðja hana og níða hana á enga lund niður.

Eg held því, að máli þessu sje þann veg best komið, að því verði frestað fyrst um sinn, og leyfi jeg mjer þess vegna, að bera fram svohljóðandi dagskrá:

Deildin frestar þessu máli fyrst um sinn og tekur fyrir mæsta mál á dagskrá.

ATKVGR.:
Dagskráin samþ. með 6 : 1 atkv.
Frumvarpið talið þar með *fallið*.

---

6. Legkaup.

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um upptöku legkaups. (A. 522).

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 27. ág. var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsmaður (Björn Þorláksson): Þetta frumvarp er þannig til komið, að jeg komst í nefnd, sem skipuð var til að athuga frumvarp um afhendingu á landi til kirkjugarðsins í Reykjavík. Í því frv. var farið fram á, að tekið væri upp legkaup fyrir þá, sem grafnir eru í Reykjavík. Þetta varð til þess, að nefndin hefir klofnað. Jeg leit svo á, að ekki væri rjett að leggja slíkt gjald á einn söfnuð landsins, en sleppa öðrum. En jeg get ekki betur sjeð en að það sje gjört, ef það frv. nær fram að ganga. Fyrir því kem jeg fram með þetta frumvarp. Að vísu er það skoðun mín, að legkaup þurfi að taka upp í Reykjavík, til þess að bæta upp þann kostnað, sem kirkjan þar hefir orðið að bera á síðustu árum, en jeg vil að það nái ekki til Reykjavíkur einnar, heldur alls landsins. Jeg álít, að Alþingi hafi missýnst, þegar það nam burt legkaup árið 1909. Að því er kemur til Reykjavíkur, mun kirkjan þar hafa tapað við það þessi árin um 4000 kr. Það er öllum kunnugt, hvað kirkjan í Reykjavík stendur illa fjárhagslega og hvað landssjóður hefir oft orðið að hlaupa undir bagga með henni. Árið 1909 rýrnuðu tekjur kirkna um alt land. Áætlun skattamálanefndar um að 75 aura gjald á hvern safnaðarmeðlim mundi jafngilda þeim tekjum, sem kirkjurnar hefðu haft áður, hefir reynst röng, er til framkvæmdanna kom. Jeg held, að kirkjurnar hafi tapað miklu fje við þetta, einkum þær, sem áður höfðu miklar tekjur af kirkjugjaldi á húsum. Tekjur kirknanna voru ekki svo miklar, að þær mættu við þessari tekjurýrnun. Fjárhaldsmenn kirkna hafa fundið þetta síðan 1909, og jeg hefi heyrt marga þeirra segja, að það hafi verið misráðið að afnema legkaupið. menn hafa tekið það fram, að þetta var gjald, sem menn fundu ekki til, og að það var að eins lítill hluti af sjálfsögðum útfararkostnaði. Vil jeg leyfa mjer að benda á, að biskup álítur, að það hafi verið illa ráðið, að afnema legkaupið, og jeg vona að háttv. deild sjái, að það er ekki þýðingarlítið, hvernig sá maður lítur á málið, sem kunnugastur er fjárhag kirknanna. Jeg mundi þó ekki hafa komið með þetta frumvarp, ef frv., sem jeg gat um áðan, hefði ekki komið fram. En eftir því ættu Reykvíkingar einir að greiða legkaup. En til þess að bæta úr því misrjetti, sem slíkt hefði haft í för með sjer, hefi jeg komið fram með þetta frv.

Kirkjugarðsnefndin leit svo á, að ekki yrði hjá því komist, að taka upp legkaup í Reykjavík. Einmitt til þess að bæta úr þeim misrjetti, sem þá yrði milli Reykjavíkur og út um land, er frv. þetta fram komið. Tilætlun mín er þá að 3. grein kirkjugarðsfrv. verði feld, eins og hún nú er, og í þess stað komi þetta frv. Jeg á ekki við, að brtt. meiri hluta nefndarinnar skuli feldar með öllu.

Jeg gjöri ráð fyrir, að sumum þyki í nokkuð mikið ráðist, að leggja skatt á alla söfnuði landsins, en það er í raun og veru ekki svo ægilegt. Jeg vil reyna að sýna með tölum, hve miklu þetta munar. Jeg mun sýna útgjöldin af þessu um land alt og sjer fyrir Reykjavíkursöfnuð, og hvað kemur á hvert nef á landinu. Til þess hefi jeg orðið að fara í Landhagsskýrsl-

urnar, og hefi sjeð í þeim, að árið 1909 dóu á öllu landinu 1329 menn, þar af innan tveggja ára 408, eldri 921; ekki eru þessir allir grafnir, því að svo er um fæsta, er í sjó drukna. Ef legkaup er nú reiknað út, eins og fram á er farið í frv., fyrir þessa menn, þá verður það alls 4500 krónur.

Nú má ætla þar af $^1/_6$ í Rvík, og verður það þá 750 kr., en skatturinn fyrir alt landið utan Reykjavíknr 3800 kr., sem verða þá tekjur fyrir hinar kirkjurnar. Ef þessu er nú jafnað niður á alla landsmenn, verður það 5 aura skattur á mann. Jeg skal einnig taka annað ár, 1910; þá dóu 1367, þar af innan tveggja ára 371, eldri 996. Eftir sama mælikvarða verður það 4726 kr.; þar af 788 kr. í Rvík og 3938 kr. utan Rvíkur. Það verða á sama hátt $5^1/_2$ eyrir á hvert nef. Jeg get skoðað þetta enn á einn veg, og ber þó að sama brunni. Dánartalan á landinu er alt af að færast niður, og eru orsakirnar til þess öllum kunnar. Nú er hún um $15^0/_{00}$; af þeim 15, er deyja, eru 4 innan tveggja ára og hinir 11 eldri, og verður þá öll upphæð legkaupanna lík, nefnilega 52 kr. á eitt þúsund, eða 5,2 aurar á mann. Með öðrum orðum, skatturinn, sem þeir lifandi yrðu árlega að borga vegna hinna dauðu, er 5—6 aurar á nef, ef frv. mitt nær fram að ganga.

Jeg vil geta þess, að jeg hefi stungið upp á 4 krónum fyrir heilt legkaup, en 2 krónur fyrir hálft. Mönnum getur litist ýmislega á það; sumum mun þykja það of lágt, og er þeim þá innan handar að breyta því við seinni umr. málsins. Tekjur Rvíkurkirkju mundu nema, ef legkaupið er 4 kr., um 800 kr. Á 10 árum verður það 8000 kr., og er það alt að því jafn mikið og landssjóður verður nú að leggja fram til nýs kirkjugarðs handa Rvík. Tekjur annara kirkna yrðu samtals 4000 kr. á ári, eða sem svarar verði einnar lítillar sveitakirkju.

Jeg vil taka það fram, í sambandi við þetta mál, að það sem hefir valdið því, að frv. þetta er fram komið, er einmitt hið dýra land undir grafreit hjer. Það er sjerstaklega hjer í Rvík, en er þó sumstaðar annarstaðar líkt. T. d. er sagt að í Hafnarfirði sje dýrt land, og að með tímanum muni verða örðugt að útvega land undir þann mikla fjölda, er þar deyr, því að þar er sjúkrahús, og deyja þar því margir, sem ekki eru í söfnuðinum. Það getur orðið honum til mikillar byrði. Enn fremur má minna á kirkjugarðana, því að ástand það, sem þeir eru nú í, er tæplega viðunandi. Ef kirkjan fær meiri tekjur, má lagfæra það.

Jeg skal þá ekki fara lengra út í þetta mál. Jeg hefi skýrt það nægilega frá mínu sjónarmiði. Þetta er ekki kappsmál fyrir sjálfan mig. En þó þetta mál falli nú, hygg jeg þess verði ekki langt að bíða, að áskoranir komi frá þjóðinni um að taka legkaup aftur upp.

Jeg álít, að ef lög þessi kæmust á, mundu þau verða vinsæl. Jeg veit ekki betur en að legkaupið væri borgað með fúsum og góðum vilja, meðan það var í lögum.

Mjer er ómögulegt að gefa því frv. atkv., þar sem Alþ. leggur gjald á $^1/_6$ landsmanna, en sleppir hinum við það. Það finst mjer óþolandi misrjetti. Jeg skal ekki fara fleiri orðum um þetta frv., nema ef vera skyldi við 2. umr. Jeg vildi að það fengi að ganga svo langt, enda álít jeg að þessu frv. þurfi að ráða til lykta á undan kirkjugarðsfrv.

Jósef Björnsson: Jeg skal taka undir það með háttv. flutnm. (B. Þ.), að það er óviðurkvæmilegt misrjetti, að leggja gjald á suma landsmenn, en ekki á aðra. Við ræðu háttv. flutnm. (B. Þ.), vil jeg að öðru leyti leyfa mjer að gjöra nokkrar aths., og gefa bendingar um, hvernig mjer finst

ástæða til að breyta þessu frv., ef það á fram að ganga.

Fyrst vil jeg þá taka fram, út af því, sem hann sagði, að með lögum um sóknargjöld hefðu tekjur kirknanna rýrnað um land alt. Þetta er ekki rjett, að því er allar kirkjur snertir. Lögákveðnu gjöldin urðu sumstaðar hærri en áður, og leiddi það til þess, að frá einstaka söfnuði, þar sem voru bændakirkjur, komu kröfur um að færa 75 aura gjaldið niður. Háttv. þingdm. geta sjeð, að þetta hefir átt sjer stað, með því að líta í Stjórnartíðindin. Í þeim sjest einmitt, að stjórnarráðið hefir sumstaðar sett gjaldið lægra en lögskipað var. Þá er það og ekki fyllilega rjett, sem mjer virtist háttv. flutnm. (B. Þ.) segja, að áætlun skattamálanefndarinnar hafi verið röng. Áætlun skattamálanefndarinnar um, að nefskatturinn myndi vega upp tekjur kirknanna áður, var yfirleitt rjett, ef allar kirkjur eru teknar undir eitt, enda þótt tekjur þeirra hafi sumstaðar reynst rýrari en áður, en það er komið af öðrum ástæðum. Röskun á tekjum einstakra kirkna á sjer og sífelt stað af tilflutningi fólks, og fækkun þess í sumum söfnuðum, en fjölgun í öðrum. Margir söfnuðir hafa og síðan tekið kirkjurnar í sínar hendur, enda er það mjög æskilegt, en um leið hafa þarfir kirknanna vaxið. Sumpart hefir það komið af því, að nýir gjaldaliðir hafa myndast, söngur hefir verið endurbættur og borgaður af kirkjufje, kirkjurnar reistar af nýju, þær verið hitaðar upp o. fl. Þetta hefir leitt til þess, að söfnuðir hafa á mörgum stöðum farið fram á að mega hækka gjaldið úr því, sem lögákveðið var.

Jeg get mjög vel tekið undir með háttv. flutnm. (B. Þ.), að söfnuðurnir munu fúsir á að taka upp nýja gjaldliði, jafn sjálfsagða, sem legkaupið er.

Að mínu áliti er þó einn annmarki á þessu. Jeg skýt því til háttv. flutnm. (B. Þ.), því við erum víst báðir sammála um, að æskilegast væri, að allir söfnuðir hefðu kirkjurnar í sínum höndum. Ef þetta, um legkaupið, á að gilda jafnt um safnaðarkirkjur og bændakirkjur, mundi frv. tálma því, að þetta yrði, því að sumar bændakirkjur eru nú lítt fáanlegar, og myndu því síður verða það, ef tekjur þeirra ykjust. Jeg held því að best væri, að þar sem bændakirkjur eru, verði það, sem inn kemur fyrir legkaup, lagt í sérstakan sjóð, til viðhalds kirkjugarði, sem söfnuðurinn hefir sjálfur í sínum höndum.

Eitt atriði vil jeg nefna, sem mælir með þessari breytingu, eins og nú standa sakir, Þjóðkirkjusöfnuðirnir hafa kirkjugarðana nú á sínum örmum, verða að borga þá og halda þeim við; þeir borga því legkaup, þótt óbeinlínis sje. En utanþjóðkirkjusöfnuðir borga ekki neitt slíkt gjald. Slíkt misrjetti mundi því jafnast.

Aðalgallinn er, að ekki er gjört neitt til þess að stuðla til þess, að söfnuðirnir nái kirkjunum í sínar hendur. Ef hv. flutnm. (B. Þ.) tekur bendingu mína til greina, mun jeg verða frv. meðmæltur.

Guðmundur Björnson: Þetta frv. er fram komið vegna skoðanamunar í kirkjugarðsnefndinni. Við hv. þm. Barð. (H. K.) vorum ekki sammála hv. 4. kgk. þm. (B. Þ.). Hann vill legkaup um land alt, en við helst hvergi.

Við höfum talið okkur til neydda að mæla með legkaupi hjer í Rvík — í svipinn —, af því kirkjugarðsstæðið hjer verður að kaupa dýrum dómum.

En við játum, að það er mjög *óviðfeldið* að heimta þennan skatt af Reykvíkingum, þeim einum og engum öðrum. En sje þetta ekki rjett gagnvart Reykvíkingum, þá er það ekki rjett að gjöra öllum öðrum enn þá meira rangt til; — það er þó forsvaranlegt, að heimta legkaup hjer, af því að landið er svo dýrt, en það er

óforsvaranlegt að heimta þennan skatt til sveita, þar sem kirkjugarðsstæðin fást fyrir ekki neitt.

Nú vík jeg að því, hvers vegna jeg tel legkaup ranglátan skatt. Gætum að líkfylgdum — *oftast* fátæklingar, sem fylgja — og borga — hafa haft stórkostnað oft og einatt af banalegu hins framliðna — eða mist forsorgara sinn. — Er það nú ekki óviðfeldið að heimta þennan skatt af sorgmæddum fátæklingum, ekkjum og munaðarlausum börnum?

Er ekki augljóst, að þetta er óviðfeldnasti skatturinn af öllum okkar sköttum?

Rótgrónar landsvenjur herða fastar að fólki en nokkur landslög.

Útfararkostnaður hjer á landi er minst um 70 kr.

Rjettast væri — ekki að taka upp legkaup um alt land — heldur að jarða alla á opinberan kostnað — að hver sveit kosti jarðarfarir sinna manna. Það er þjóðfjelagsnauðsyn, að koma líkinu í jörðina, eins nauðsynlegt og að stemma stigu fyrir farsóttum, það er heilbrigðisráðstöfun, sóttvarnarráðstöfun.

Þess vegna finst mjer að ekki eigi að íþyngja mönnum, heldur ljetta á þeim þessum kostnaði. Við vitum, að frá gamalli tíð hefir það þótt mannsmark að *eiga fyrir útför sinni*. Margur fátæklingurinn hefir stritað og erfiðað, til þess að geta átt fyrir útför sinni. Þetta er eðlileg og mannleg hugsun. Þess vegna eru líka altíðir í útlöndum „útfararsjóðir“. Menn borga í þá árlega lágt iðgjald, og þegar þeir deyja. borgar sjóðurinn útfararkostnaðinn.

Þá þyrftum við að fá, styrkja þá, — en *ekki* auka kostnaðinn. Jeg kann ekki við að gjöra leiði framliðinna að fjeþúfu; — jeg tel það neyðarúrræði, að taka upp legkaup hjer í Rvík; — mjer væri kærast, að landið legði til kirkjugarðsstæði, án þess að heimta nokkuð í staðinn. Menn segja, að þetta gjald, legkaupið, verði *ekki* óvinsælt. Ef ekki strax — þá *síðar* — það *hlýtur* að verða óvinsælt.

Jeg ann þjóðkirkjunni alls góðs, en bjarnargreiða hygg jeg það vera, að leggja *nefskatt* á þjóðina henni til viðhalds. En sje það óviðfeldið að leggja nefskatt á lifandi menn, þá veit jeg ekki hvað jeg á að seja um þetta — þetta að gjöra lík framliðinna að gjaldastofni.

Flutnm. (Björn Þorláksson): Jeg ætla mjer að eins að segja örfá orð.

Hv. 2. þm. Skagf. (J. B.) bar á móti því, að jeg hefði hermt það rjett, að áætlun milliþinganefndarinnar í skattamálum hefði ekki reynst rjett. En jeg get fullyrt, að jeg þekki fleiri kirkjur, sem hafa skaðast við að 75 aura sóknargjald var tekið upp fyrir allar hinar margvíslegu tekjur kirkjunnar, þótt aðrar kunni að hafa haft nokkurn tekjuauka af því. — Hiun sami háttv. þm. spurði, hvort jeg vildi taka bendingu sína viðvíkjandi bændakirkjunum til greina, og get jeg svarað því svo, að jeg er fús á að bera mig saman við hann og aðra góða menn um það atriði, ef þess verður kostur.

Mjer þótti kenna ekki alllítilla öfga í ræðu 5. kgk. (G. B.). Honum þótti óhæfilegt að taka upp legkaup um land alt og talaði um, að hjer væri verið að gjöra leiði látinna manna að fjeþúfu. Þetta er nú ekki vel til fundið, því að hjer ræðir auðvitað um skatt á lifandi mönnum en ekki dauðum. Legkaup hefir tíðkast hjer á landi frá hinni fyrstu kristni og aldrei verið óvinsælt gjald. Það er víst fyrst í dag, að það hefir heyrst, að með því væru leiði dauðra manna höfð að fjeþúfu eða gjörð að gjaldstofni. Hann sagði og, að ef Reykvíkingar yrðu nú fyrir ójöfnuði, þá væri ekki bætt úr skák með því, að sýna fleirum ójöfnuð. Hinn háttv. þm. hefir misskilið eða rangfært orð mín. Jeg sagði ekki, að það væri rangt að Reyk-

víkingar borguðu legkaup, en hitt sagði jeg, að það væri misrjetti, ef sú skylda ætti að hvíla á þeim einum, en allir aðrir að sleppa við það.

Sigurður Stefánsson: Jeg tel frv. þetta að mörgu leyti gott. Hjer er um það að ræða, hvort hækka eigi kirkjugjöldin, eða taka upp legkaup. Síðan kirkjugjöldin voru áætluð, hefir margt breytst, svo þau eru nú víða orðin ónóg, og þarf ekki að benda á annað en það, hvað miklu meiri krófur menn gjöra nú en áður til þess, að kirkjubyggingarnar sjeu vandaðar. Það er að vísu gjörlegt, að hækka kirkjugjöldin, en sjaldan mun það þó ganga hljóðalaust af, því að allir nefskattar eru óvinsælir. Hins vegar hefir legkaup aldrei verið óvinsælt, og ef það væri tekið upp aftur, mundi sjaldnar þurfa að grípa til þess að hækka kirkjugjöldin.

Það var að vísu rjett, sem háttv. 2. þm, Skagf. (J. B.) sagði um bændakirkjurnar, en þó hygg jeg þess eins mörg dæmi, að söfnuðurnir vilji ekki taka við kirkjunum, eins og að bændur vilji ekki láta þær af hendi. Enda er nú kominn sá glundroði í alla kirkjulöggjöf vora, að það er alls ekki hættulaust fyrir einstaka menn að eiga kirkjur, því að þær geta staðið tekjulausar, þar sem söfnuðurnir, hve nær svo sem þeim ræður við að horfa, geta gengið úr þjóðkirkjunni og stofnað fríkirkju, og þannig að lögum losnað við öll gjöld til þjóðkirkjunnar, hve nær sem vera vill. Jeg held ekki að bændur mundu reynast ótúsari á, að fá söfnuðunum kirkjurnar í hendur, þó að legkaup yrði tekið upp, það yrði aldrei sá tekjuauki, að þeir yrðu ekki eftir sem áður fegnir, að sleppa við áhættuna.

Jeg skal ekki fara langt út í ræðu hv. 6. kgk. þm. (G. B.), en jeg efast um, að hans fögru hugsjónum verði auðveldlega komið í framkvæmd. Almenningur hefir aldrei litið svo á, að leiðið væri fjeþúfa kirkjunnar, þótt legkaup væri tekið, en hitt liggur í augum uppi, að það getur orðið kirkjueigandanum talsvert tilfinnanlegt, að eiga að leggja land til kirkjugarðs endurgjaldslaust, sjerstaklega þegar kirkjugjöldin eru þar að auki ónóg. Legkaupið mundi því bæta nokkuð úr skák.

Annars vil jeg hjer gjöra þá athugasemd, að mjer virðist öll okkar kirkjumál komin í slíkar ógöngur, að jeg sje enga leið út úr þeim, nema algjörðan skilnað ríkis og kirkju. Með þeim orðum á jeg ekki eingöngu við fjárhagsástæður kirkjunnar, heldur miklu fremur við ýmsar þær trúarskoðanir, sem nú eru látnar sigla undir flaggi þjóðkirkjunnar, þótt andstæðar sjeu sönnum evangeliskum kristindómi.

Jósef Björnsson: Háttv. þm. Isaf. (S. St.) sagði, að bændakirkjurnar væru svo hættuleg eign nú orðið, að eigendur þeirra mundu nú víða vilja vera lausir við þær. Það má sjálfsagt færa dæmi þess, að þetta sje rjett í einstöku tilfellum, en þó hygg jeg fleiri dæmi hins, að bændur vilji ekki afhenda kirkjurnar. Það vakir sem sje fyrir mörgum, að fríkirkjuhreyfingin sje líkleg til sigurs, og þá losna kirkjueigendurnir við þær kvaðir, sem á kirkjunni hvíla, en halda þeim eftir.

Út af legkaupinu vil jeg geta þess, að það er ekki skylda kirkjueigendanna að sjá um kirkjugarðinn, og því yrði þeim legkaupið sem gjald úr grjóti tekið. Jeg hygg því, að það geti tafið fyrir því, að söfnuðurnir fái kirkjurnar á sitt vald.

Hákon Kristófersson: Jeg er algjörlega samdóma háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) í þessu máli. Mig furðar á því, að þetta frv. skuli hafa komið fram, og sjerstaklega á því, að hv. 4. kgk. þm. (B. Þ.) skuli vera flutnm. þess, því að hann er annars ekki maður, sem vill spilla tíma þingsins til ónýtra málalenginga. Jeg verð að játa, að hin tilvitnanarika ræða hans

sannfærði mig alls ekki. Legkaupið er svo lágt gjald, að mjer virðist óhugsandi, að það geti bjargað kirkjunum úr fjárhagslegum vandræðum. Og ekki get jeg heldur verið sammála um, að það hafi alt af verið vinsælt gjald; mjer er fullkunnugt um, að sumstaðar hefir það verið óvinsælt.

Háttv. þm. Ísaf (S. St.) sagði, að ef legkaup yrði ekki tekið upp, þyrfti að hækka kirkjugjöldin. En jeg sje ekkert á móti, að sú aðferð sje höfð, ef aukning á tekjum kirkju eða kirkna er nauðsynleg. Hann sagði og, að það væri nú orðið hættulegt, að eiga kirkju, en jeg get ekki skilið, að legkaupið bjargi út úr þeirri hættu. Þá mintist hann og á, að það væri talsverð kvöð, að eiga að leggja land til kirkjugarðs, en ekki get jeg gjört mikið úr því. Jeg er sjálfur landseti á kirkjujörð, og tel mjer engan skaða að því, þótt land hafi þar verið lagt til kirkjugarðs. Jeg mun því greiða atkv. á móti frv. En áður en jeg setst niður, vil jeg geta þess, að mjer hefir þótt leiðinlegt að heyra, hve fast prestarnir fylgja frv. þessu, því tæplega trúi jeg því, að þeim þyki skattur, sem lagður er þannig á, ekki töluverð neyðarúrræði.

Kristinn Daníelsson: Mjer finst þetta mál ekki svo einfalt, sem mörgum öðrum, er um það hafa talað. Mjer virðist að um frv. megi hvorttveggja segja, að það sje þörf á því og ekki þörf. Legkaupið er ætlað til viðhalds kirkjugarðinum, en fyrir viðhaldi kirkjugarða er sjeð á annan hátt, með sóknargjaldalögunum, svo að óhjákvæmilegt er legkaupið ekki. En það er alls ekki þáttur í hinum eiginlega útfarakostnaði, eins og háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) virtist gjöra ráð fyrir. Ekki get jeg heldur sjeð, að hjer sje um heilbrigðisráðstöfun að ræða, því að frá heilbrigðislegu sjónarmiði, gjörði það sama gagn að grafa menn úti á víðavangi, en kirkjugarðurinn væri með öllu þarflaus. Nei, málið er svo vaxið, að menn vilja geta grafið framliðna ættingja sína í sæmilegum grafreit, og því þarf fje til viðhalds kirkjugörðunum. Menn geta nú að vísu sagt, að fyrir því sje sjeð með sóknargjaldalögunum, og er það rjett, eins og jeg áður sagði. En þegar tekjur kirkna eru nú af skornum skamti, er spurningin, hvort heldur eigi að hækka kirkjugjöldin, eða taka upp legkaup. Mjer fyrir mitt leyti stendur alveg á sama, á hvern hátt kirkjugörðunum er haldið við, en jeg álít, að í því efni sje, úr því sem komið er, rjettast, að fara eftir því, hvað almenningur helst vill. Aftur á móti sje jeg ekki, að þetta mál þurfi að standa og falla með bændakirkjunum, því að það eru söfnuðurnir, en ekki eigendur bændakirknanna, sem eiga að halda kirkjugörðunum við, og legkaupið ætti sem sagt að ganga til viðhaldsgrafreitunum, en ekki til kirkjueigenda. Væri ef til vill best, að reikningar kirkjugarðsins væru alt af lausir við reikninga kirkjunnar. Hjer í Reykjavík stendur alveg sjerstaklega á, þar sem kaupa þarf land til kirkjugarðsins, svo að ekki væri fjarstæða, að setja lög um þetta hjer, þótt það biði annars staðar um land.

ATKVGR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umr. með 9 : 4 atkv.

Á 45. fundi í Ed., laugardaginn 28. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 522, 619).

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum, til þess að mega taka frv. til umr., svo og um brtt. 619, er of seint hafði útbýtt verið, og voru afbrigðin leyfð og samþykt.

Flutnm. (Björn Þorláksson): Jeg hefi komið fram með brtt. við frv. þetta,

og er hún á þgskj. 619, og hefi jeg borið hana fram í samráði við háttv. 2. þm. Skagf. (J. B.).

Brtt. er á þá leið, að þar sem bændakirkjur eru, skal leggja legkaupið í sjóð til viðhalds kirkjugarði, og standi sjóðurinn undir stjórn sóknarnefndar. Ef till. þessi verður samþykt, álít jeg að loku sje skotið fyrir það, að legkaupið geti orðið til að tefja fyrir því, að bændakirkjur komist undir umsjón safnaða. Jeg lofaði í gær, við 1. umr. þessa máls, að koma með svona lagaða brtt., og jeg hefi annars litlu við að bæta, auk þess, sem jeg tók þá fram. Finst mjer frv. svo ljóst og einfalt, að allt mæli með því, að það gangi fram. Verði frv. samþykt, þá er girt fyrir, að nokkurt misrjetti geti átt sjer stað; með því móti er öllum gjört jafnhátt undir höfði, einum ekki gjört þyngra fyrir en öðrum.

Jeg minnist þess, að háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) sagði við 1. umr., og vænti jeg að það hafi verið sprottið af misskilningi, að jeg hefði sagt á þá leið, að bæta mætti úr einum ójöfnuði, með því að fremja annan, sem sje með því að taka upp legkaup um land alt. Jeg get ekki fallist á, að jeg hafi hugsað, og því síður talað í þessa átt. Jeg talaði alls ekki um ójöfnuð, heldur misrjetti, og furðar mig, að jafn skýr maður og háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) er, skyldi ekki skilja það, að úr þeim misrjetti, sem Reykvíkingar yrðu fyrir, ef kirkjugarðsfrumvarpið yrði óbreytt að lögum, yrði bætt með upptöku legkaups um land alt. Þá vil jeg í þessu sambandi minnast lítillega á brtt. hans og háttv. þm. Barð. (H. K.) við 3. gr. frv. Ef frv. mitt um alment legkaup yrði samþykt, þá ættu burt að falla ákvæðin um 2 kr. legkaup fyrir börn 5 ára og yngri, og 4 kr. fyrir eldri menn, en ákvæðin um 8 kr. legkaup fyrir legstað, sem helgaður væri til 50 ára, og 16 kr. fyrir lengri tíma, mættu halda sjer. Svona lagaðri brtt. mundi jeg á sínum tíma geta greitt atkv. En nú er brýn þörf þess um land allt, að legkaup sje tekið upp. Eins og háttv. þm. Ísaf. (S. St,) tók fram, hafa þarfir kirkjunnar aukist mjög á síðustu árum, og þó að það nemi ekki mikilli fjárupphæð, að taka upp legkaupið, nálægt 5 þús. kr., þá yrði það þó til að bæta allmikið úr sumstaðar, og þá væri síður ástæða til að hækka 75 aura kirkjugjaldið, sem þó hefir víða orðið að gjöra, enda þótt það sje miklum erfiðleikum og umstangi bundið, sjerstaklega við hinar svo nefndu ljenskirkjur, sem eru í umsjá presta.

Eitt má enn taka fram, sem mælir með því, að legkaupið verði alment upp tekið. Legkaupið hefir alt af verið skoðað sem aukatekjugrein fyrir kirkjuna, og var það því rangt af skattamálanefndinni, er hún tók það af, en hjelt aukatekjum presta, og finst mjer því ástæða til að taka það upp aftur. Upphæðirnar hefi jeg sett 2 kr. og 4 kr., og hefi jeg gjört það til samkomulags við meðnefndarmenn mína. Hefði jeg þó álitið rjettara að halda því, sem Nd. hafði þegar samþykt, en því mætti breyta til við 3. umr., ef fylgismenn frv. óskuðu þess, en annars læt jeg mig það litlu skifta, hvort það er ákveðið 4 eða 5 kr. heilt. En jeg álít, að þar sem land er dýrt, og það verður víðar dýrt en í Reykjavík, og eins þar sem er margt fólk, sem andast annars staðar en heima, t. d. á spítölum í kauptúnum, þar væri rjettara að hlíta ákvæðum Nd. um upphæð legkaupsins.

Jeg tók fram í gær, að legkaupið væri gamalt, alt frá fyrstu kristni, en það er miklu eldra, og mætti því til sönnunar benda á sögu Abrahams, er hann keypti grafreitinn í Hebron um 2000 árum f. Krist (Gen. 23. kap.). Ef frv. verður felt, þykir mjer það skaði, bæði af framangreindum ástæðum, og auk þess að hjer er um afar gamla venju að ræða.

Skal jeg svo ekki orðlengja frekar um

þetta mál, en legg það algjörlega á vald hv. deildar.

ATKVGR.:

Brtt. 619 samþ. með 7 : 1 atkv.

Frv.gr. svo breytt samþ. með 7 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Björn Þorláksson,	Guðm. Björnson,
Steingr. Jónsson,	Guðm. Ólafsson,
Eiríkur Briem,	HákonKristófersson,
Jón Þorkelsson,	Magnús Pjetursson.
Jósef Björnsson,	
Karl Finnbogason.	

Kristinn Daníelsson greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hluta. Karl Einarsson og Sigurður Stefánsson voru fjarverandi.

Fyrirsögin samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7 : 4 atkv.

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 30. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 637).

Karl Finnbogason: Jeg hefi ekki látið þetta mál til mín taka hingað til, en vil nú gjöra grein fyrir afstöðu minni til þess.

Jeg er samdóma háttv. flutningsmanni (B. Þ.) um það, að grundvöllur frumvarpsins sje sanngjarn. Að minni hyggju er það eðlilegt, að goldið sje legkaup. Er þá vitanlega miðað við það, að til þess að grafa mann, þurfi land, sem kostar eitthvað. Og sje landið verðs virði, er fyllilega rjettmætt að taka gjald fyrir það eða not þess, til hvers sem það er notað. Í þessu efni er jeg því háttv. flutnm. (B. Þ.) sammála. Jeg er enn fremur samdóma honum um það, að ef legkaup er goldið í einum söfnuði, þá sje rjett, að svo sje gjört í öðrum. En okkur greinir á um það, hvort gjaldið skuli alstaðar vera jafn mikið eða ekki. Landið til kirkjugarða er eðlilega misjafnlega dýrt, eins og annað land, og þess vegna á legkaupið að vera misjafnlega hátt. Ætti að sjálfsögðu að miða það við dýrleika landsins; og jafn sjálfsagt álít jeg að verja fjenu til viðhalds kirkjugörðunum, og einskis annars.

Frumvarpinu, sem hjer liggur fyrir, er jeg ósamþykkur í þrem verulegum atriðum.

Í fyrsta lagi álít jeg ósanngjarnt, að jafnt gjald sje tekið fyrir legstað 2—3 ára barns, eins og fullorðins manns. Eigi legkaupið að miðast við land það, sem til þarf, er auðsjeð, að minna land þurfi fyrir legstað tveggja ára barns en fullorðins manns. Teldi jeg því miklu nær sanni, að miða við 5—10 ára aldur; helst ekki minni en 10 ára, en ekki við tveggja ára, eins og í frumvarpinu er gjört.

Í öðru lagi tel jeg ekki rjett, að legkaupið sje greitt til kirkju þess staðar, þar sem maður sá, er grafinn er, *andast*, heldur þar, sem hann er *grafinn*. Legkaupið á, að mínu áliti, að greiðast fyrir landið, sem notað er að legstað, en ekki til kirkju þeirrar, sem sá staður átti undir, er maðurinn andast á. Slíkt er tilviljun, og gjaldið út í bláinn.

Í þriðja lagi finn jeg það, sem jeg hefi áður tekið fram, að frumvarpinu, sem sje, að legkaupið sje alstaðar jafnt. Og þarf ekki að fjölyrða um það frekar.

Eins og háttv. þingdeildarmönnum er kunnugt, þá hafa komið fram raddir um það, að ekki hafi verið leitað álits þjóðarinnar um málið, og er það rjett. Að minni hyggju væri það sangjarnt og rjett, að málið væri borið undir sóknarnefndir, og að þær fengju að láta í ljós álit sitt um það, áður en því er til lykta ráðið. Vegna þessa leyfi jeg mjer að bera fram rökstudda dagskrá og lesa hana upp að fengnu leyfi hæstv. forseta. Hún hljóðar svo:

Í trausti þess, að stjórnin leiti álits allra sóknarnefnda í landinu um mál þetta fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Verði þessi dagskrá samþykt, þá er hægt að undirbúa málið í ró og næði, og taka til greina þær athugasemdir, sem fram hafa komið hjer í deildinni og væntanlega koma annarsstaðar að, ef horfið verður að þessu ráði.

Vænti jeg þess, að háttv. deild viðurkenni, að þetta sje besta lausnin á málinu, eins og það horfir nú.

Björn Þorláksson: Háttv. þm. Seyðf. (K. F.) hefir lýst sinni skoðun á þessu máli, og telur hann þrjá agnúa helsta á frv.

Í fyrsta lagi þótti honum ekki eðlilegt, að legkaupið væri alstaðar jafnhátt á landinu, þar sem landið væri ekki alstaðar jafndýrt. Þetta má satt vera, en jeg hygg, að erfitt verði að meta legkaupið eftir þessu, og get jeg ekki lagt mikið upp úr þessari mótbáru.

Annar agnúinn, sem háttv. þm. Seyðf. (K. F.) fann á frv., var sá, að lægra gjaldið skyldi miðað við tveggja ára börn. Honum fanst eðlilegra að miða við 10 ára börn, og þótti honum ákvæði frv. næsta ósanngjarnt. Við því má segja það, að lítt mögulegt er að finna mark, er ávalt sje sanngjarnt. En fyrir mjer vakti það eitt, að koma þessu í sama horf og áður hafði verið. Eins og menn vita, þá var legkaup afnumið fyrir 6 árum, og hafði þá sá siður haldist frá alda öðli, að hálft legkaup var goldið fyrir börn, tveggja ára eða yngri, en heilt fyrir þá, er eldri voru.

Þriðja atriðið í frv., sem háttv. þingm. (K. F.) var mótfallinn, var það, að gjaldið skyldi greitt til kirkju þeirrar sóknar, þar sem maðurinn dæi. Jeg hefi átt tal um þetta við biskup landsins, og taldi hann það stóran kost á frumvarpinu, að gjaldið skyldi greitt þar, sem sá andaðist, er grafinn væri. Áður var það svo, að legkaup var goldið þar, sem maðurinn var heimilisfastur, en ákvæði frv. hygg jeg muni vera til bóta. Hætta getur engin af því stafað, sökum þess, að það eru undantekningar einar, að menn sjeu grafnir annarsstaðar en þar, sem þeir andast. Jeg get því ekki fallist á, að þessar mótbárur hafi við rök að styðjast. Háttv. þingm. Seyðf. (K. F.) hefir ekki heldur komið fram með neinar breytingartillögur, svo ekki er hægt að taka til greina athugasemdir hans. Hann vill helst vísa málinu frá að sinni, og hygg jeg að aðalástæða hans muni vera sú, að hann búist við, að lögin verði óvinsæl. Jeg hefi áður látið í ljós það álit mitt, að svo muni alls ekki vera, og fært rök fyrir því, að líkindi sjeu fyrir, að þau yrðu fremur vinsæl af alþýðu manna. Annars er óþarfi að ræða meira um þetta, og mun jeg leggja málið undir atkvæði háttv. deildar, en jeg lýsi yfir því, að jeg hlýt að greiða atkvæði á móti dagskránni.

Sigurður Stefánsson: Jeg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að jeg væri því hlyntur. En nú sje jeg, að frumvarpinu hefir verið talsvert breytt við 2. umr., er jeg var fjarstaddur sökum sjúkleika, og er breytingin svo mikil, að jeg tel vafasamt, hvort jeg geti nú greitt því atkvæði mitt.

Breytingin, sem á frv. er orðin, fer í þá átt, að þar sem bændakirkjur eru, skuli legkaupið lagt í sjóð til viðhalds kirkjugörðum. Jeg fæ ekki betur sjeð, en að með þessu sjeu sumir kirkjueigendur rændir rjetti sínum. Þessir eigendur eiga ekkert að fá fyrir land sitt, og er það harla ósanngjarnt. Jeg vil að sama regla gildi um alla kirkjueigendur. Því fremur er ástæða til þess, sem jeg veit mörg dæmi þess, að bændur hafa viljað losna við kirkjur sínar, en ekki getað, því söfnuðirnir hafa ekki viljað taka við kirkjunum. Jeg fæ því ekki betur sjeð en þetta sje ærið hart aðgöngu að gjöra, þessa undantekningu með

bændur, sem kirkjur eiga, því þeir geta oft búist við að sitja uppi með kirkjur sínar alveg tekjulausar. Hins vegar er jeg þess alveg fullviss, að bændur verða ekkert ófúsir á að láta kirkjur sínar af hendi, ef söfnuðurinn óskar þess, þó þeir fái þetta legkaup. Það mun aldrei nema því fje, að miklu muni. Og allir mega vita, að það er bændanna þægðin, ef rjett er á litið, að losna við kirkjurnar, eins og nú er komið. En það má ekki með nokkru móti líta á þau einstöku dæmi, er bændur eru fjelitlir, en kirkjan á talsvert í sjóði, og eigandanum því óhægt um vik að losa sig við kirkjuna. Við slík dæmi má ekki miða. *(Steingrímur Jónsson*: Hvað eru nú margar bændakirkjur á landinn?). Jeg man það ekki í svipinn, en veit, að þeim fer stöðugt fækkandi.

Frumvarpið hefir því, eins og jeg hefi bent á, tekið svo miklum breytingum til hins verra, að jeg treysti mjer ekki til að greiða því atkvæði.

Kristinn Daníelsson: Jeg býst við að jeg greiði rökstuddu dagskránni, sem fram er komin, atkvæði mitt, og er jeg þó ekki sammála háttv. höfundi hennar, þm. Seyðf. (K. F.), að öllu leyti. Jeg er honum meðal annars sammála um það atriði, að rjettast sje, að legkaupið sje tekið þar, sem maðurinn er grafinn.

Ekki get jeg lagt mikið upp úr því, sem háttv. þm. Ísaf. (S. St.) sagði um bændurna, sem eru kirkjueigendur. Þá kostar, hygg jeg, víðast ekki mikið landið undir kirkjugarðinn, og legkaupið væri þeim fremur lítil uppbót. Enda er þess mest þörfin, og til þess ætlast, að nota það til viðhalds kirkjugörðunum, en ekki sem gjald fyrir land. Ekki hefi jeg orðið mikið var við, að bændum væri mjög ant um að losna við kirkjur sínar, og hygg jeg, að ekki muni vera eins mikil brögð að því og háttv. þm. Ísaf. (S. St.) hjelt fram; jeg þekki að minsta kosti dæmi til hins gagnstæða.

Þetta viðhald kirkjugarðanna er að mínu áliti mjög svo merkilegt mál og ekki svo lítið menningaratriði fyrir okkur. Það hefir mjer verið sagt, að útlendingar, sem sjeð hafa kirkjugarðana okkar, hafi talið okkur það meðal annnars til hnjóðs, hvernig þeir hafa litið út, og þótt það bera vott um ræktarskort þjóðarinnar. En það, sem mjer gengur sjerstaklega til, með því að greiða dagskránni atkvæði mitt, er það, að við höfum lög, er tryggja söfnuðunum, að gjald má leggja á til viðhalds kirkjugarðanna. Og legkaupið mundi hvort sem er víða ekki nægja, þó það væri notað, svo að það yrði samt að grípa til hinna ákvæðanna.

Jeg fyrir mitt leyti hefði heldur kosið, að legkaupið hefði aldrei verið numið úr gildi, en fyrst það var nú gjört, þá finst mjer ekki rjett að taka það upp aftur, án þess, að söfnuðirnir fái að hafa nein afskifti af því.

Þegar söknargjöldin komust á fyrir nokkrum árum, vöktu þau megna óánægju mjög víða, og sú óánægja er ekki enn útkulnuð. Jeg vildi nú ógjarnan auka á þá óánægju með lögum, sem ekki skifta meira máli. Jeg er ekki í vafa um, að það yrði óvinsælt af mörgum, þó jeg hins vegar þekki hitt líka, að margir gjalda legkaupið með glöðu geði. Jeg verð því, þegar á alt er litið, að telja það rjettast, að söfnuðirnir fái að vera í ráðum með, ef þessu á að breyta aftur, og mun því greiða dagskránni atkvæði mitt.

Karl Finnbogason: Jeg vil að eins árjetta það, sem jeg sagði áður um það, að rjettara sje, að legkaupið sje greitt þar, sem maðurinn er grafinn, en þar sem hann hann andast. Jeg vil t. d. benda á, að fjöldi manna deyr á Vífilstaðahælinu og mikið af líkunum er flutt þaðan, jafnvel

langleiðis, og grafið að annari kirkju. Svo er víðar, einkum þar, sem sjúkrahús eru. Það er því ekki lítils vert atriði, að legkaup sje goldið þar, sem maðurinn er grafinn. Og þó að það væri tiltölulega mjög sjaldgæft, að maður sje grafinn annarsstaðar en hann deyr, þá er þó miklu eðlilegra, að legkaupið sje jafnan goldið til greftrunarstaðarins, því annars er vikið af grundvelli laganna, alveg að ástæðulausu.

ATKVGR.:

Dagskráin frá þm. Seyðf. (K. F.) (sjá A. 665) samþ. með 9 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Guðm. Björnson,	Björn Þorláksson,
Guðm. Ólafsson,	Steingr. Jónsson,
Hákon Kristófersson,	Eiríkur Briem,
Karl Einarsson,	Jón Þorkelsson,
Karl Finnbogason,	
Kristinn Daníelsson,	
Magnús Pjetursson.	

Jósef Björnsson og Sigurður Stefánsson greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hlutanum.

Frumvarpið þar með talið *fallið*.

7. Fátækralagabreyting.

Á 13. fundi í Ed., fimtudaginn 22. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á fátækralögum nr. 44, 10. nóv. 1905. (A. 74).

Á 15. fundi í Ed., laugardaginn 24. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutnm. (Hákon Kristófersson): Frv. þetta kemur fram eftir ósk manna í mínu kjördæmi. Það er ekki fyrirferðarmikið, en hefir þó allmikla breytingu í för með sjer um sveitfestisákvæði núgildandi laga. Reynslan hefir sýnt það, að í mörgum tilfellum getur það verið afar ranglátt, að miða sveitfestistímann við 10 ára samfleytta dvöl í sama sveitarfjelagi. Og það ranglæti kemur oftar niður á fæðingarsveitinni. En menn hefir greint á um, hvaða leið ætti helst að velja til breytinga. Sumir hafa viljað miða við þá sveit, sem maðurinn dveldi í, þegar hann þyrfti styrksins með, og hafa þeir, sem þeirri skoðun halda fram, mikið til síns máls. Aðrir hafa viljað miða við 5 ára dvöl, og enn aðrir skemri tíma.

Fátækralögin eru, sem kunnugt er, frá 1905. Milliþinganefnd hafði þá fjallað um málið, og sjest það á nefndarálitinu, að mjög hafa verið skiftar skoðanir um þetta atriði. Auk þess að mjög voru skiftar skoðanir í þinginu, hafði milliþinganefndin þríklofnað, einmitt á þessu atriði. Sumir hafa viljað miða sveitfestina við 2 ár einungis. Stjórnin, sem lagði frv. fyrir Alþingi, tekur það fram, að hún álíti það óheppilegt, og gjörir ráð fyrir, að þinginu muni virðast það sama. Þegar á þingið kom, urðu þar allmjög deildar meiningar. Framsögumaður hjelt fram 10 ára tímabilinu, en gjörir ráð fyrir, að það fyrirkomulag muni einungis verða um stundarsakir. Hann kveðst einnig geta felt sig við 5 ára tímabilið, en er algjörlega mótfallinn því, að miða sveitfestina við tveggja ára dvöl. Eins og kunnugt er, varð það ofan á að miða við 10 ár. En nú hafa ýmsar raddir komið fram á móti þessu ákvæði, meðal annars í mínu kjördæmi og Strandasýslu, og telja þetta fyrirkomulag, sem nú er, óhafandi. Jeg hefi farið fram á, að þessu yrði breytt á þá leið, að maðurinn ætti þar sveit, er hann hafði lengst dvalið samtals, eftir að hann varð 16 ára að aldri. Jeg vil ekki halda því fram, að það sje áreiðanlegt, að þetta sje besta lausnin, en mjer finst hins vegar svo mikið rjettlæti felast í þessu, að rjett sje,

að deildin taki það til athugunar, hvort þessi skoðun mín og þeirra, er mjer fylgja, hafi ekki við mikið rjettlæti að styðjast.

Það hefir mjög oft komið fyrir, þegar maður hefir dvalið 9 ár í sömu sveit, að sveitarstjórnin hefir verið hrædd um, að hann mundi et til vill þurfa síðar á styrk að halda, og hefir þá lagt kapp á að koma honum í burt, til þess að losna við að þurfa að styrkja hann. Verði frumv. þetta að lögum, tel jeg nokkura bót ráðna á þessu.

Oft hefðu menn ef til vill losnað við, að fara á sveitina, sem kallað er, ef þeir hefðu fengið að vera kyrrir á þeim stað, er þeir höfðu ef til vill dvalið mörg ár, en með því fyrirkomulagi, sem nú er, mun síst úr þeim vandkvæðum bætt.

Fæðingarhreppnum er í mörgum tilfell um gjört afar erfitt fyrir. Það væri hægt að hugsa sjer sem dæmi, að 16 ára maður fer úr sinni sveit og dvelur 9 ár annarsstaðar, kemur síðan aftur og er kyr 1 ár, síðan fer hann og er nú enn 9 ár í fyrri staðnum, þá þarf fæðingarhreppurinn samt sem áður að sjá honum fyrir styrk, en ekki hinn hreppurinn, sem hann hefir dvalið lengst í og sem mest not hefir haft af störfum hans. Hver vill nú færa vörn fyrir því, að ekki felist ranglæti í slíku?

Jeg býst við, að sú mótbára komi helst fram móti frv., að kaupstöðunum geti stafað hætta af þessu. En nú er það vitanlegt, að það er helst yngra fólkið, sem í kaupstaðina fer, og ef það dvelur þar mörg ár og eyðir þar et til vill bestu árum sínum og kröftum, er kaupstaðnum skyldara en fæðingarhreppnum að sjá því fyrir styrk, ef þess þarf við. Það er líka, því miður, sú sorglega reynsla einatt að fara í vöxt, að kaupstaðirnir hafa eitthvað það við sig, að þeir laða til sín margt af ungu fólki úr sveitunum. Þar sem nú þetta virðist ómótmælanlegt, þá er lang eðlilegast, að kaupstaðirnir ali önn fyrir fólki því, er til þeirra hefir flutst úr sveitunum, ef það verður styrks þurfandi, en sendi það ekki úttaugað og öreiga heim í sitt hjerað, eftir að hafa slitið sjer út annars staðar. Jeg get gengið inn á, að þetta er nokkuð athugavert spursmál, og er erfitt að finna meðalveg, er allir sjeu ánægðir með, og er málið mörgum viðkvæmt. Þó býst jeg við, að þetta muni mörgum finnast sanngjarnast. Reynslan hefir sýnt það, að sveitfestin, sem miðuð er við 10 ára dvöl, er næsta athugaverð. Jeg sje ekki ástæðu til að lengja umr. að þessu sinni, þar sem þetta er 1. umræða málsins. En jeg leyfi mjer að gjöra það að till. minni, að kosin verði þriggja manna nefnd í málið að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.:

Samþ. var með 11 atkv. að málið gengi til 2. umr.

Þriggja manna nefnd var kosin, og hlutu kosningu með hlutfallskosningu:

Hákon Kristófersson,
Magnús Pjetursson,
Steingrímur Jónsson.

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 7. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 74, n. 223).

Framsm. (Hákon Kristófersson): Svo sem nál. ber með sjer, vill nefndin gjöra allmiklar breytingar á frv. því, sem jeg bar upphaflega fram hjer í deildinni. Jeg get verið fáorður um brtt. nefndarinnar, því að nál. gjörir rækilega grein fyrir þeim, og vænti jeg, að háttv. deildarmenn hafi kynt sjer það. Jeg fyrir mitt leyti hefði helst óskað, að frv. hefði mátt haldast óbreytt, en þó verð jeg að játa, að jeg tel stórmikla bót að frv. með þeim breytingum, sem nefndin leggur til að gjörðar

verði á því. Jeg hefi alt af verið þeirrar skoðunar, að það sje óheppilegt, hvað langan tíma þarf til þess, að menn vinni sjer sveitfesti, og hefir þessi agnúi á núgildandi löggjöf lang oftast orðið fæðingarhreppnum tilfinnanlegur. Það er mín hugmynd, að eðlilegast sje, að sjerhver sje sveitfastur í þeim hreppi, sem hann hefir lengst unnið í. Annar háttv. meðnefndarmanna minna (Stgr. J.) gat ekki fallist á þessa skoðun, og hefi jeg því gjört það til samkomulags, að fallast á brtt. þær, er fyrir liggja, með því að jeg álít frv. til stórra bóta, þó að því sje þannig breytt. Eins og nú stendur á, geta menn farið sveit úr sveit, áratugum saman, og komið svo loks á fæðingarhrepp sinn, ef til vill með stóra fjölskyldu, þegar þeir eru komnir af fótum fram. Þetta er óhæfilegt, og þarf að kippa því í lag sem fyrst. Jeg get ekki heldur sjeð af umr. þeim, sem fóru fram um þetta mál á þingi 1905, að meiri hluti þingmanna hafi þá verið hlyntur 10 ára sveitfestistíma. Flestir hjeldu því þá fram, að best væri að sjá, hvort menn gjörðu sig ekki ánægða með þetta tímatakmark, og sögðu, að alt af væri hægt að breyta því, án þess að lögunum væri breytt að öðru leyti. Jeg vona líka, að háttv. deild sje mjer sammála um, að nú sjeu aðrir tímar en 1905; möguleikarnir til ýmislegrar atvinnu hjer og þar eru nú meiri en þá, og fólkið því orðið miklu óstöðugra. Reynslan hefir sýnt, að þetta kemur harðast niður á fæðingarhreppnum. Tilgangur frv. er að bæta úr þessu, og vona jeg því, að háttv. deild taki því vel, ásamt þeim breytingum, sem nefndin hefir gjört á því. Jeg hefði að vísu helst óskað, að þær brtt. hefðu ekki komið fram, en samt sem áður álít jeg frv. þannig breytt til nokkurra bóta. Það vil jeg þó taka fram, að jeg tel frv. ekki hafa sætt þeirri meðferð hjá nefndinni, er æskilegust hefði verið. Það, sem vakti fyrir mjer með samningu frv., var sjerstaklega það, að því yrði komið á, að þar ætti hver einn sveit, er hann hefði lengst unnið. Að það væri samfleytt, virtist mjer óheppilegt; hitt var mjer aðalatriði, að þar væri hver einn sveitfastur, er hann hefði *samtals* unnið lengst. Með því hygg jeg, að ólíkt meira rjettlæti, en nú á sjer stað, hefði komist á gagnvart fæðingarhreppnum.

Karl Finnbogason: Jeg er sammála háttv. framsm. (H. K.) og nefndinni, að mikil þörf er á, að afnema þá agnúa, sem óneitanlega eru á núgildandi fátækralöggjöf. Fæðingarhreppur er nú skyldur til þess, að sjá fyrir ósjálfbjarga börnum ósjálfbjarga foreldra. Þetta er ekki nema eðlilegt og óhjákvæmilegt, fyrst nokkur framfærsluskylda sveitafjelaga er til. Hitt er ósanngjarnt, að þeir, sem t. d. fyrst eru aldir upp á hrepp, en dvelja síðan alla æfi annarsstaðar en í fæðingarhreppnum, geti aftur komist á fæðingarhrepp sinn sem örvasa gamalmenni, þó að þeir á bestu árum sínum hafi aldrei unnið þar eitt einasta handtak. Um þetta er jeg sammála nefndinni, en hitt get jeg ekki fallist á, að brtt. hennar sjeu til bóta. Jeg álít þvert á móti, að ákvæði frumvarpsins um, að maður skuli eiga sveit þar, sem hann hefir dvalið lengst samtals, eftir að hann komst til fullorðins ára, sje mjög heppilegt. Því fyrst viðurkent er, að rjett sje, að maður *vinni sjer hrepp*, þá er ekkert sjálfsagðara en það, að maðurinn vinni sjer framfærslurjettinn þar, sem hann starfar lengst og gjörir mest gagn. Og engu máli skiftir það, hvort maðurinn vinnur *samfleytt* í hreppnum eða ekki. *Samtals* er aðalatriðið. Auðvitað mætti segja, að í raun og veru hvíldi framfærsluskyldan á öllum hreppum, þar sem maðurinn hefir unnið. En það mundi ekki auðgjört, að koma slíku ákvæði í framkvæmd, og hygg jeg því, að næst hinu rjettasta verði komist með því að ákveða, að þar eigi maður framfærsluhrepp, sem hann hefir dvalið

lengst samtals. Nefndin vill binda sveitfestutíman við 5 ára dvöl í hreppnum *samfleytt*. Það tel jeg óheppilegt, og engu betra, nema verra sje, en 10 ár. Það er t. d. hægt að hugsa sjer, að maður hafi á aldrinum frá 16 til 65 ára dvalið í 10 hreppum, 5 ár í 9 þeirra, en 4 ár í einum. Er það nú sanngjarnt, að hann skuli sveitlægur þar, sem hann dvaldi síðast í 5 ár, t. d. árin frá 60—65, þegar maðurinn var orðinn ófærastur til starfs? Jeg segi nei; þetta ákvæði er því alveg út í bláinn. Líka má gjöra ráð fyrir, að maður hafi dvalið t. d. 32 ár í sama hreppi, en ekki samfleytt, heldur 8 sinnum, 4 ár í hvert skifti. Finst mönnum sanngjarnt, að þessi maður sje sveitlægur í hreppi, þar sem hann hefir dvalið að eins í 5 ár? Þá hefir verið stungið upp á því, að maður skyldi vinna sjer sveit, þar sem hann fyrst verður þurfamaður. Ekkki get jeg heldur sjeð, að nein sanngirni sje í þeirri hugsun. Ef slíkt ákvæði kæmist inn í lögin, mundi tilviljunin ein ráða um sveitfesti manna.

Loks vil jeg benda á eitt atriði þessa máls, sem mjer finst ekki lítils vert. Öllum er kunnugt, hvílíkt kapp margar sveitastjórnir hafa lagt á, að hrekja burt fátæklinga, áður en þeir yrðu sveitlægir. Það er hart, að slíkt skuli hafa verið og ef til vill vera alsiða, að sparka mönnum burt, þegar að þeim fer að kreppa, þótt þeir hafi árum saman dvalið í hreppnum og unnið í sveita síns andlitis. En því skemri, sem sá tími er, sem þarf til þess, að menn vinni sjer sveit, því oftar munu sveitastjórnir hafa ástæðu til að grípa til slíkra úrræða. Vegna alls þess, sem jeg nú hefi nefnt, er mjer ómögulegt að fallast á brtt. háttv. nefndar, og þykir mjer undarlegt, að að háttv. flutningsm. og framsm. (H. K.) skuli hafa getað fengið af sjer að ljá samþykki sitt til, að frv. hans yrði spilt svo mjög, sem raun hefir á orðið.

Framsm. (Hákon Kristófersson): Svo sem menn munu hafa heyrt af orðum mínum áðan, er jeg sammála háttv. þm. Seyðf. (K. F.) í öllum aðalatriðum. Jeg fjelst á brtt. nefndarinnar, að eins vegna þess, að jeg sá þann einn veg til þess, að frv. næði fram að ganga, að jeg beygði mig fyrir þeim, og það gat jeg gjört með góðri samvisku, vegna þess, að jeg tel frv. vera til bóta, þó að þessar brtt. verði samþ. (*Karl Finnbogason*: Nei, þvert á móti!) Þar skilur okkur, háttv. þm. Seyðf. (K. F.) og mig. Jeg fylgi alt af þeirri reglu, að ef jeg get ekki fengið það besta, þá tek jeg það næst besta. Annars er jeg sammála hinum háttv. þm. Seyðf. (K. F.) um, að það fyrirkomulag, sem nú er, er mjög ranglátt, og eins um hitt, að rjettast væri, að maður ætti sveit þar, sem hefir lengst dvalið. Dæmi þau, sem hinn háttv. þm. (K. F.) tilfærði, finnast mjer ekki sannfærandi, því að engin löggjöf getur hindrað, að slíkt komi fyrir. Jeg skal ekki neita því, að dæmi hans geti átt sjer stað, en það mun ekki koma oftar fyrir en í einu tilfelli af þúsund. Það kann að hafa við rök að styðjast, sem hinn háttv. þm. (K. F.) sagði, að sveitastjórnir mundu reynast enn þá harðhentari við fátæklinga og ótrauðari til þess, að sparka þeim burtu úr hreppnum, ef sveitfestistíminn yrði styttur. En samt sem áður held jeg, að þetta mundi ekki reynast svo. Jeg vona, að það mundu þvert á móti verða minni brögð að þessari hreppapólitík, ef sveitfestistíminn væri færður niður í 5 ár. Því að það er margur, sem kemst mjög vel af 4 til 5 ár, já, svo vel, að engar líkur eru til að hann þurfi að þiggja af sveit. Svo kann ómegð að hlaðast á hann, eða einhver óhöpp að steðja að, kann ske á 9. eða 10. ári, og þá er það, að sveitastjórnirnar fara að taka það til athugunar, hvort ekki beri að fara að reyna, að koma slíkum manni í

burt. Annars vil jeg láta í ljós þá skoðun, að athæfi sveitastjórnanna í þessu efni hefir verið á stundum, ef ekki gagnstætt lögum, þá allri mannúð og rjettlæti, og ætti því ekki að þolast.

Jeg þykist nú hafa gjört nokkra grein fyrir, hvers vegna jeg hefi getað aðhylst brtt. þær, sem fram hafa komið við frv. Jeg hefi viljað forða fæðingarhreppnum frá hinum verstu skakkaföllum, sem hann nú verður að þola. Og það tel jeg að frv. gjöri, þrátt fyrir þær breytingar, sem nefndin hefir gjört á því.

Að endingu vil jeg taka það fram, að ef frv. þetta verður að lögum, þá er það bót frá því, sem nú er, meðal annars að því, að hafi einhver maður dvalið í einum hreppi samfleytt 6 ár eða meira, en dvelur síðan 5 ár í öðrum hreppi og verður þá styrksþurfi, þá á hann þó þar framfærslurjett, er hann hefir dvalið lengur en 5 ár, þó áður hafi verið. En samkvæmt núgildandi lögum eru það seinustu 10 árin, sem gjöra sveitfestina gilda

Guðmundur Ólafsson: Jeg er sammála háttv. þm. Seyðf. (K. F.) um það, að málið hafi ekki breytst til batnaðar hjá nefndinni, heldur til hins verra. Jeg er á þeirri skoðun, að sanngjarnt sje, að þeir sem styrks þurfa af sveit, fái hann þaðan, sem þeir lengst hafa unnið. Það virðist lítil ástæða til þess, þótt maður dvelji í fæðingarhreppi sínum, þangað til hann er 16 ára gamall, og flytur þá í burtu, áður en hann hefir unnið nokkuð til gagns, sje styrktur af því sveitarfjelagi, en aðrir hreppar, er hann sem vinnandi maður hefir dvalið árum saman, að eins ekki nógu lengi samfleytt, til þess að vinna sjer sveitfesti, sleppi við allan kostnað við hann, er hann verður styrksþurfi. Á þessu ræður frv. nokkra bót, ef það nær fram að ganga, þó það sje lakara en hjá flm., og hreppar losna heldur við að bera kostnað af þeim, sem þegar flytja burt úr hreppnum 16 ára og ekki hafa orðið fæðingarhreppi sínum að öðru liði en því, að hann hefir kostað uppeldi þeirra. Jeg er því á þeirri skoðun, að sanngjarnt sje, að hver eigi þar framfærslurjett, sem hann hefir unnið lengst. Aðrar frekari athugasemdir getur nefndin athugað við 3. umr.

Steingrímur Jónsson: Mér finst háttv. þm. Seyðf. (K. F.) og háttv. þm. Húnv. (G. Ó.) vera á sama máli og niðurstaða nefndarinnar varð. Eins og framsögum. (H. K.) tók fram, var nefndin ekki sammála. Jeg segi fyrir mitt leyti, að jeg vildi helst, að frv. hefði ekki komið fram. Ekki vegna þess, að lögin sjeu rjettlát eins og þau eru nú, heldur vegna þess, að engar verulegar kvartanir hafa komið fram. Menn hafa sætt sig við fátækralögin síðan 1907, og þetta sveitfestisákvæði hefir gilt síðan um 1850. Jeg gekk inn á það með meðnefndarmönnum mínum, að stytta sveitfestistímann ofan í 5 ár, úr 10 árum, og gat jeg ekki betur heyrt, en að háttv. þm. Seyðf. (K. F.) áliti það heppilegt. En hann vildi fara lengra, binda það við 5 ár samtals en ekki samfleytt. Mjer skildist hann telja það framför, að menn, eftir frv. vinna sjer framfærslurjett með 5 ára dvöl, þó þannig, að maður á framfærslurjettt þar, sem hann hefir dvalið lengst eftir 16 ára aldur, ef dvölin er yfir 5 ár. Nú er þetta svo, að þó maður hafi átt heima 20 ár samfleytt í hreppi, en dvelur síðan annarsstaðar í 10 ár, þá eru það þessi 10 ár, sem ráða sveitfestinni.

Þeir, sem hafa kynt sjer þurfamannamál og kynt sjer lífsferil þeirra manna, sem svo eru staddir, hafa komist að raun um, að mikill partur úr æfi þeirra, og þá sjerstaklega fyrstu árin eftir 16 ára aldur, hefir verið sífeldur flækingur hrepp úr hreppi, oftast eitt ár í stað, eða ekki það. Þetta á að vera þýðingarlaust fyrir framfæslurjett mannsins, því mjög oft er það tilviljun ein, sem ræður, hvar hann er tal-

inn eiga heimili í kirkjubókunum, en eftir þeim verður að fara, þegar sveitfestismálið kemur til úrskurðar, má ske 20—30 árum síðar. Jeg álít því, að best sje að hafa samfleytt í stað samtals, og vona, að hv. þm. Seyðf. (K. F.) fallist á, að það sje að minsta kosti praktiskast, ef ekki rjettlátast, en um það er erfitt að segja.

Jeg skal að eins víkja örfáum orðum að háttv. þingmanni Húnv. (G. Ó.). Það var að eins af athugaleysi, að nefndin breytti ekki 37. gr., og er sjálfsagt að gjöra það við 3. umr.

Sigurður Stefánsson: Jeg ætla ekki að vera langorður. Jeg er á sama máli og háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.), að betra hefði verið, að frv. þetta hefði ekki komið fram, og jeg er á móti þessum breytingum á lögum þessum, þar eð engar óskir hafa komið fram í þá átt, og jeg tel mjög óvíst, að þær sjeu til batnaðar.

Þessi ákvæði í fátækralögunum standa í nánu sambandi við hag sveitasjóðanna, og ef 10 ára sveitfestistíminn væri svo óvinsæll, að hann þætti ranglátur, væru vafalaust komnar fram óskir um breytingu á honum. Og mjer finst engin þörf knýja til þessarar breytingar, og alls ekki rjett af þinginu að breyta þeim, meðan engar almennar óskir koma fram um það. Hjer er um vandaatriði að ræða. Ef breyta hefði átt lögunum á annað borð, hefði jeg helst greitt atkvæði með frv. eins og það upphaflega kom fram, og þó jeg sjái agnúa á 10 ára sveitfestistímanum, þá frekar vaxa þeir en minka við breytinguna, og vafasamt, hvort sveitastjórnir verða ánægðari eftir en áður. Jeg held að ekki sje heppilegt að breyta til. Við höfum haft fimm ára sveitfestistíma; var hann að eins í lögum ein 8 ár, og menn voru alment óánægðir með hann. Að vísu var nokkuð annað fyrirkomulag þá, en breytingar eru óheppilegar þar, sem þeirra er ekki þörf. Heppilegra mun vera að láta vera það, sem er, enda er erfitt fyrir sveitastjórnirnar, ef alt af er verið að breyta til.

Það er gjörsamlega hárrjett hjá hv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.), að erfitt er að segja í þessu máli, hvað rjettast er, og því ekki rjett af þinginu að vera að breyta til, fyrr en þörf krefur. Jeg vil því helst hafa allt eins og er um þetta mál.

Björn Þorláksson: Jeg ætla að eins að gjöra grein fyrir atkvæði mínu.

Jeg get fallist á brtt. við frv. Mjer finst, að breytingin frá gildandi lögum sje aðallega sú, að sveitfestistíminn er færður úr 10 árum ofan í 5 ár, og er sú breyting eðlileg, þegar þess er gætt, að nú dvelja menn yfirleitt skemur í sama stað en áður var.

Þó að ekki hafi komið óskir frá almenningi um að þessu verði breytt, veit jeg þó, að margir hafa óskað þess, að tíminn yrði styttur, en þó vil jeg ekki, að eins langt sje gengið og frv. upphaflega fór fram á.

Mjer finst, að 2. grein ætti að orðast öðruvísi. Það, sem jeg vildi breyta, er þetta, að í stað „nú hefir maður dvalið jafnlengi samfleytt í sömu sveit“ komi: „Nú hefir maður dvalið samfleytt í sömu sveit, 5 ár eða lengur“ o. s. frv. Þetta er nauðsynlegt. Vildi jeg skjóta því til nefndarinnar, hvort ekki væri ástæða til þessarar breytingar.

ATKVGR.:

Brtt. 223,1 samþ. án atkvgr.

— 223,2 — með 7 : 3 atkv.

— 223,3 — — 7 : 3 —

Frv.grein svo breytt samþ. með 7 : 3 atkv.

Brtt. 223,4 (ný gr.) samþ. með 8 : 1 atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. 6 : 2 atkv.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 9. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 255, 267).

Framsm. (Hákon Kristófersson): Jeg hefi litlu við það að bæta, sem jeg sagði um þetta mál við 2. umr. Nefndin hefir komið fram með þrjár brtt., sem menn óskuðu við 1. umr. að gjörðar yrðu, og þær allar veigalitlar. Hin fyrsta brtt. fer í þá átt, að „nefndra laga“ falli burtu úr 1. gr. 2. brtt. er þýðingarmeiri. Samkvæmt henni á, á eftir orðinu „sveitafjelagi“ í 2. gr. að koma: „5 ár eða lengur“, og er þetta sett til tryggingar því, að maður eigi þar sveitfesti, sem hann hefir dvalið lengst samfleytt, þ. e. að skilja, eins og jeg hefi áður tekið fram, að þar eigi maður sveit, er hann hefir dvalið lengur en 5 ár, þó áður hafi verið en hann varð styrksþurfi. Eða með öðrum orðum, að til sveitfesti þurfi minst 5 ára samfleytta dvöl. 3. brtt. er gjörð til þess að koma 36. og 37. gr. fátækralaganna í samræmi við frv. — Jeg treysti því, að háttv. deild taki þessum brtt. vel og samþ. frv. þannig breytt.

Guðmundur Björnson: Jeg vil leyfa mjer, að biðjast skýringar á 2. brtt. Þar stendur „*orðunum* sveitarfjelagi komi“ o. s. frv. „Sveitarfjelag“ er ekki nema eitt orð.

Framsm. (Hákon Kristófersson): Þetta er ritvilla, sem að sjálfsögðu verður lagfærð.

ATKVGR.:

Brtt. 267,1 samþ. án atkvgr.

Brtt. 267,2 samþ. með með 8 samhlj. atkvæðum.

Brtt. 267,3 (ný grein) samþ. 9 samhlj. atkvæðum.

Frv. svo. breytt. samþ. með 9 : 3 atkv. og afgreitt til Nd.

(A. 273).

8. Kvennakjörgengi í hjeruðum.

Á 24. fundi í Ed., fimtudaginn 5. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 49, 30. júlí 1909, um breyting á lögum, er snertu kosningarrjett og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfjelaga. (A. 215).

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 7. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flutnm. (Björn Þorláksson): Eins og menn sjá, þá er hjer að ræða um dálitla breytingu á lögum um kosningarrjett og kjörgengi frá 30. júlí 1909. Með þeim lögum var konum veitt jafnrjetti, hvað snerti kosningarrjett og kjörgengi í sveita- og bæjamálum, en jafnframt var þeim veitt heimild til að skorast undan kosningu. Ástæðan til þess hygg jeg hafi verið sú, að óviðfeldið þótti, að skylda konur til þess starfa, á meðan þær höfðu ekki jafnan rjett og karlmenn á öðrum sviðum. En jeg fyrir mitt leyti verð að líta svo á, að fyrst þær fengu jafnan rjett og karlar í *þessum málum*, þá hefði verið eðlilegast, að þær hefðu haft sömu skyldum að gegna. Á þinginu 1911 var borið upp frv., sem fór í þá átt, að þessi heimild skyldi burt numin. Meiri hluti Nd. var fylgjandi frv., en Ed. feldi það, og það, sem rjeð niðurlögum frv., mun hafa verið það, að mönnum þótti ekki við eigandi að leggja kvenfólkinu þessar skyldur á herðar, fyrst þær skorti jafnrjetti við karlmenn að öðru leyti. En nú vita menn, að málið horfir alt annan veg við. Með stjórnarskrárbreytingunni frá 19. júní þ. á. er konum veitt jafnrjetti á við karlmenn, og þá er eðlilegast, að þessi undanþáguheimild falli burt. Ástæðurnar, sem hafa verið færðar fyrir henni, eiga ekki lengur við, og þeirri reglu ætti jafnan að fylgja, að jafnar skyldur sjeu samfara jöfnum rjettindum. Jeg vil taka það fram, að mjer kemur ekki

til hugar, að vilja íþyngja kvenfólkinu fyrir þá sök, að jeg hafi verið á móti jafnrjetti karla og kvenna. Jeg hefi áður lýst yfir því hjer í háttv. deild, að mjer var það mikið ánægjuefni að stjórnarskráin var staðfest, ekki síst fyrir þá sök, að með henni var konum veitt jafnrjetti á við karlmenn. Jeg er sannfærður um, að það verður til blessunar fyrir land og lýð, að kvenfólkið fær nú tækifæri til að vinna með okkur karlmönnunum. En auk þess er önnur orsök til þess, að jeg er þessu fylgjandi. Sú reynsla er víða komin á, að bestu og færustu konurnar skorast oftlega undan því, að taka við kosningu til sveita og bæjarstjórna. Jeg hygg, að allir kannist við það, að miklu máli skifti, að nýtustu og færustu menn vinni jafnan hvert verk fyrir hið opinbera, hvort heldur það er karl eða kona. Starfið verður vitanlega því betur af hendi leyst, sem maðurinn er hæfari. En reynslan er sú, að þær konur, sem almenningur álítur best til fallnar, hafa oftast skorast undan að taka við kosningu. Þetta er að vísu mjög svo óheppilegt, en ekki er það óeðlilegt, þar sem karlmenn hafa líka oft leitað allra undanbragða, til þess að komast hjá þessu starfi. En af þessu hefir það leitt, að miður hæfar konur hafa þá valist til starfsins. Þetta er mjög skaðlegt fyrir konurnar, þegar litið er á þeirra hag, það álit og traust, sem þær eiga að afla sjer. Álit kvenfólksins vex við það, að starfið, sem þeim er fengið í hendur, er vel af hendi leyst, en það hlýtur að draga úr álitinu, ef framgjarnar en miður hæfar konur gefa kost á sjer, en þeim hæfari konur draga sig í hlje. Mjer er kunnugt um það, að margar hygnar og skynsamar konur líta eins á málið og jeg. Þær eru þeirrar skoðunar, að við það, að nema undanþáguheimildina í burt, mundi kvenþjóðin græða.

Jeg vil geta þess, að mjer finst málið svo einfalt og óbrotið, að ekki ætti að vera þörf á að setja það í nefnd. En jeg vona, að háttv. deild sýni málinu þá kurteisi, að vísa því til 2. umr.

Eiríkur Briem: Eins og mönnum er kunnugt, þá mæla lög svo fyrir, að karlmenn eru skyldugir til að taka á móti kosningu til sveita- og bæjarstjórna, hvort sem þeim er það ljúft eða leitt. Þetta álít jeg mjög svo ranglátt. Það getur vel verið, að þeir tímar hafi eitt sinn verið, að þetta væri nauðsynlegt, en mjer finst nú vera kominn tími til að breyta þessu. Það er ekkert rjettlæti í því, að sumir menn skuli vera skyldir til að vinna mikinn hluta æfi sinnar í almenningsþágu borgunarlaust, þar sem aðrir þurfa ekki annað að gjöra en sitja hjá og setja út á starfið. Jeg álít, að miklu betra væri, að engan mann væri hægt að kveðja til starfsins, nema með hans eigin vilja, og full borgun kæmi fyrir. Það er hart að þurfa að verja þeim krófum, sem menn nauðsynlega þurfa til að framfleyta heimili sínu og skylduliði, í annara þarfir, án þess að fá nokkurt endurgjald. Þetta kemur hart niður á karlmönnum, en harðara kæmi það niður á kvenfólkinu. Konan á oftast enn óhægra með að leggjast undir höfuð þau störf, sem hún þarf nauðsynlega að vinna á heimilinu. Hjer er ekki um jafnrjetti að ræða, meðal annars af því, að konan hefir ekki það fjárforræði, sem maðurinn hefir. Jeg veit dæmi til þess, að svo hart var lagt að manni, að takast á hendur oddvitastarf í einni sveit, að hann sá þann kost vænstan að *flýja* úr sveitinni. En þetta getur *konan* ekki. Hún getur ekki flúið að heiman; hún hefir ekki fjárráðin. Og það er ekki rjett af því opinbera, að knýja hana frá heimili sínu, þar sem hún ef til vill hefir margra

barna að gæta, til þess að vinna að þeim störfum, sem hlytu, ef hún er samviskusöm kona, að taka mikinn tíma.

Karl Finnbogason: Jeg leyfi mjer að benda á það, út af ræðu háttv. 1. kgk. þm. (E. B.), að enginn er skyldur að sitja í bæjar- eða sveitarstjórn, nema eitt tímabil í senn, og hver maður á síðan rjett á jafn löngu frii.

Ekki virðist ósanngjarnt, að hið sama gildi í þessu efni um konur sem karla, því rjettindi og skyldur ættu jafnan sem mest að fylgjast að. Skyldan til að taka við kosningu til sveitastjórna hefir vafalaust verið lögð á menn til að tryggja það, að hæfustu menn fengjust til starfsins. En jeg verð að telja það rjett, að ef karlmenn hafa þessa skyldu, þá verði kvenfólkið líka að hafa hana, því engu minni ástæða er til að tryggja það, að hæfustu kvenmenn fáist til starfsins en hæfustu karlmenn.

En þyki hart og ósanngjarnt að skylda menn til þessa starfs, þá mætti benda á þá miðlun í málinu, að karlmenn yrðu leystir frá skyldunni, sem nú hvilir á þeim í þessu efni, og konum ekki lögð hún á herðar. Það væri jafnrjetti. Og því síður hættulegt að losa menn við skylduna, sem nú er um fleiri að gjöra en áður var.

Flutnm. (Björn Þorláksson): Jeg vildi að eins gjöra stutta aths. út af ræðu hv. 1. kgk. þm. (E. B.). Mjer fanst hann gjöra full mikið úr þessari skyldu karlmanna að taka við kosningu. Nefndi hann þar eitt dæmi um mann, er flúið hefði úr sveit sinni, til að komast hjá því, að verða oddviti. Þetta eina dæmi sannar í raun og veru ekki neitt, og er alveg þýðingarlaust í þessu sambandi. Hann taldi þessa skyldu mundu koma harðar niður á kvenfólkinu, ef hún væri lögð þeim á herðar. Jeg játa að svo gæti verið, ef konan væri neydd til að taka við kosningu, en hefði stórt heimili og margra barna að gæta. En jeg efast um, að nokkrum detti í hug, að til slíks geti komið í framkvæmdinni. Ef kona, sem annars þykir hæf til starfsins, skorast undan og ber við heimilisástæðum sínum, og ef menn sjá, að þær ástæður eru rjettmætar, þá verður hún vitanlega leyst undan starfinu. Það dettur engum í hug, að neyða konu með fjölment heimili og fjölda barna til slíks starfs. En ef konum er með lögum heimilað að skorast undan kosningu, þá er hætt við, að það verði til þess, að þær lakari veljist frekar til verksins.

Háttv. þm. Seyðf. (K. F.) svaraði því fyrir mig, er háttv. 1. kgk. þm. (E. B.) gjörði svo mikið úr því, hvað menn yrðu að sitja lengi í þessum nefndum. Jeg fæ ekki sjeð, að það sje svo ýkja lengi. Menn fá að vera lausir í 6 ár, þegar þeir hafa starfað í 6 ár, og virðist það mjög sanngjarnt. En það verður að vera borgaraleg skylda allra, karla og kvenna, að vinna að þessum störfum, þegar þeirra þarf við, og á enginn að geta skorast þar undan. Háttv. 1. kgk. þm. (E. B.) kvartaði yfir því, að menn yrðu að starfa endurgjaldslaust. Þetta er raunar ekki alls kostar rjett, því aðalmaður hreppsnefndanna, oddvitinn, fær laun og innheimtumennirnir sömuleiðis. En annars eru sveitafjelögin ekki svo efnum búin, að þau geti goldið fullkomið gjald fyrir alt, sem þau þurfa að láta vinna fyrir sig.

Hákon Kristófersson: Jeg verð að lýsa yfir því, að mjer finst mikil sanngirni felast í þessu frv., en hins vegar er jeg sammála háttv. 1. kgk. þm. (E. B.) í því, að illt er að þurfa að þröngva mönnum í hreppsnefnd, og vissulega er það nóg, að þetta komi fram við okkur karlmennina, þó kvenfólkið verði friðað að þessu leyti. Auk þess gætu stafað af því þau vandræði, að bóndi og húsfreyja yrðu kosin hvort í sína nefndina, hreppsnefnd og sýslunefnd,

og gæti þá svo farið, að bæði yrðu að vera að heiman í senn, og hvorugt þá eftir til að gæta heimilisins.

En jeg verð að vera gagnstæðrar skoðunar við háttv. 1. kgk. þm. (E. B.) í því, að karlmenn geti skorast undan kosningu. Jeg hygg, að með því lagi myndu engir fást í nefndirnar. Jeg veit, að svo mundi að minsta kosti fara þar, sem jeg þekki best til. Ef vel tækist, mætti ef til vill fá 1 eða 2 menn í þá nefnd, sem 3 eða 5 menn ættu að sitja í. Þó jeg kannist fúslega við það, að það er ekki sem sanngjarnast, að meiri hluti hreppsnefnda starfi kauplaust, þá ber hins að gæta, að efnahag hreppanna er allvíðast þannig farið, að það yrði þeim um megn, ef öll hreppsnefndin ætti að fá sanngjarna borgun fyrir starfa sinn. Eins og tekið hefir verið fram, þá er oddvitinn launaður, og sje hann duglegur maður, þá er reyndin sú, að alt aðalstarfið, nema niðurjöfnunin, lendir á honum, og er það ekki nema sjálfsagt. Jeg verð því fallast á það, að konur sjeu undanþegnar þessari nauðung, að verða að taka við kosningu til bæja- og sveitastjórna, hvernig sem á stendur hjá þeim. Jeg get raunar samsint því, að margar konur eru hæfari en ýmsir karlmenn til að sitja í slíkum stöðum, þó jeg á hinn bóginn telji það efasamt, að þá færi sveitastjórnin betur úr hendi, ef hreppsnefnd saman stæði af tómu kvenfólki karlmannalaust.

Þó jeg telji, eins og jeg hefi að framan sagt, mikla sanngirni mæla með því, að konur væru undanþegnar kvöð þeirri, er hjer er um að tala, þá lít jeg þó svo á, að þær hafi bundið sjer þær kvaðir sjálfar, með því að óska eftir fullu jafnrjetti við karlmenn í hverju sem er.

Flutnm. (Björn Þorláksson): Þetta frv. virðist ekki hafa samúð háttv. þm. Barð. (H. K.), og finnur hann því það til foráttu, meðal annars, að ótækt sje, að bæði bóndi og kona hans sjeu hvert í sinni nefndinni, sýslunefnd og hreppsnefnd, því vinnutími þeirra falli saman, og bæði hjónin þurfi þá að vera að heiman í senn. Þetta held jeg að naumast gæti orðið hættulegt. Jeg hefi notið þess sóma, að sitja í báðum þessum nefndum, og hefi jeg þó aldrei orðið að vinna í þeim báðum *á sama tíma*, og hygg jeg, að það komi aldrei fyrir, að vinnutími beggja nefndanna falli saman.

Jeg tók það fram í framsögu minni, að mjer virðist málið svo einfalt, að þarflaust væri að setja það í nefnd, en bjóst hins vegar við, að háttv. deild mundi sýna því þá kurteisi, að lofa því að ganga til 2. umr. En sje svo, að menn óski heldur að málinu verði vísað til nefndar, þá leyfi jeg mjer að gjöra það að tillögu minni, að málinu verði vísað til sveitarstjórnarlaganefndar að lokinni þessari umræðu.

Hákon Kristófersson: Jeg vildi að eins gjöra örstutta aths. við orð háttv. 4. kgk. þm. (B. Þ.). Hann virðist hafa skilið orð mín svo, sem jeg hafi haldið því fram, að sama persónan þyrfti, ef til vill, að vera á sama tíma í báðum nefndunum. En það var alls ekki það, sem jeg átti við. Jeg sagði, að hjón gætu verið í báðum nefndunum og gæti hlotist bagi af því. Mjer er vel kunnugt um það, að vorfundur hreppsnefndarinnar er oft á sama tíma og fundur sýslunefndarinnar. Annars get jeg þess, að mjer þykir leitt, ef háttv. flutnm. (B. Þ.) hefir skilið mig svo, sem jeg vildi leggja fót fyrir frv., því svo er eigi, og finst mjer sjálfsagt, að málinu verði sýnd sú kurteisi, að vísa því til 2. umr. Vil líka geta þess, að þó jeg teldi betur fara á því, að konur verði undanþegnar því, að vera skyldar til að taka á móti kosningu, virðist mjer á hinn bóginn

og sjálfsagt, að auknum rjettindum fylgi auknar skyldur, og við það verði kvenfólk að sætta sig eins og karlmenn.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 8 samhlj. atkv. og til sveitarstjórnarlaganefndar með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Þorláksson,	Karl Einarsson,
Steingr. Jónsson,	Karl Finnbogason,
Eiríkur Briem,	Magnús Pjetursson,
Guðm. Björnson,	Sigurður Stefánsson.
Guðm. Ólafsson,	
Hákon Kristófersson,	
Jón Þorkelsson.	

Einn þingm. fjarverandi.

Sveitastjórnarlaganefnd skipuðu þeir
Guðmundur Ólafsson,
Kristinn Daníelsson,
Sigurður Stefánsson.

Á 43. fundi í Ed., fimtudaginn 26. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 215, n. 498 og 512).

Frsm. (Guðm. Ólafsson): Nefndin, sem fjallað hefir um þetta mál, hefir ekki getað orðið sammála. Meiri hluti nefndarinnar, ræður háttv. deild til að samþ. frv. ekki. Þeir vilja ekki skylda konur til að taka við kosningu til bæjarstjórna og hreppsnefnda, og þykir sanngjarnt, að þær fái að njóta þar allra rjettinda, en hafi í þessu efni engum skyldum að gegna. Til stuðnings málstað sínum, færa þeir þá harla einkennilegu ástæðu, að karlmenn sjeu ekki skyldir til að taka við kosningu til Alþingis. Jeg fæ ekki sjeð, að þetta sje nein ástæða, því eins og kunnugt er, eru kvennmenn heldur ekki skyldir til að taka við kosningu til Alþingis, svo að þetta kemur málinu í raun rjettri ekkert við.

Jeg fæ ekki með öllu skilið það, sem háttv. meðnefndarm. mínir segja í nefndaráliti sínu, að það sje ekki órjettlátt, að konur hafi þessa skyldu eins og karlar, en þó geti það ekki talist sanngjarnt. Jeg fæ ekki betur sjeð, en það, sem er „ekki órjettlátt", hljóti að vera sanngjarnt; þar verður naumast á milli skilið. Hitt er satt, sem þeir taka fram, að ekki verður sagt, að á þessu sje knýjandi nauðsyn. En jeg verð líka að telja það vafamál, að knýjandi nauðsyn hafi verið á því, að veita konum kosningarrjettinn. Að mínu áliti verða rjettindi og skyldur að fara þar saman. Konurnar hafa, eins og kunnugt er, óskað eftir jöfnum rjettindum og karlmenn, en þær hafa aldrei beðist undan þeim skyldum, sem þeim rjettindum fylgdu, og mjer þykir næsta líklegt, að konur kæri sig alls ekkert um skyldulaus rjettindi. Það er þess vegna að minni hyggju engin ástæða til að losa kvenfólkið við kjörgengisskylduna; það er öllum vitanlegt, að kvenfólki er yfirleitt eins ljúft að gjöra skyldu sína, eins og karlmönnum, og enginn hefir haldið því fram, að þær geti ekki orðið að miklu liði í slíkum stöðum, er hjer ræðir um. Reynslan hefir einnig sýnt það, þó hún sje vitanlega ekki mikil, að konur vinna alveg eins vel og dyggilega að slíkum störfum, eins og karlmenn.

Jeg ætla ekki að tala lengra mál að þessu sinni, og læt mjer nægja að vísa háttv. deildarmönnum á álit minni hlutans og legg að öðru leyti til, að hv. deild sþ. frv.

Kristinn Daníelsson: Eins og háttv. framsm. (G. Ó.) tók fram, þá hefir nefndin verið svo óheppin að klofna í báðum málunum, sem henni voru fengin til meðferðar. Við tveir, sem skrifað höfum undir nefndarálitið á þgskj. 512, sjáum ekki neina ástæðu til þess, að þetta frv. hefir verið borið fram, og leyfum við okkur að ráða háttv. deild frá að samþ. það.

Niðurstaða Alþingis 1909 um þetta mál var sú, að konur skyldu vera sjálfráðar um það, hvort þær tækju við kosn-

ingu í bæjarstjórnir eða hreppsnefndir, en nú vill þetta frv. gjöra þeim það að skyldu. Aðalorsökin á að vera sú, að rjettindi og skyldur verði jafnan að fylgjast að. Þetta tekur sig að vísu vel út og er áheyrilegt í orði, en það er vafamál, hvort það reynist svo á borði; enda er fjarri því, að þetta sje regla, sem fylgt sje út í æsar. Það eru mörg rjettindi, sem ekki hafa tilsvarandi skyldur, og margur maðurinn hefir ýmislegum skyldum að gegna, án þess að verða aðnjótandi tilsvarandi rjettinda. T. d. má minna á það, að rjettinum til að kjósa fylgir ekki skyldan til að nota kosningarrjettinn.

Rjettinum til kjörgengis til Alþingis fylgir ekki sú skylda, að hljóta að taka við kosningu. Var það rjett hjá háttv. framsm. (G. Ó.), að það nær bæði til karla og kvenna.

Eins má t. d. nefna það, að embættisprófi fylgja þau rjettindi, að geta tekið við embætti, en prófinu fylgir ekki sú skylda, að þurfa að láta setja sig í embætti.

Þetta, sem bent hefir verið á, sýnir því glögglega að þessi regla, að jöfnum rjettindum fylgi jafnar skyldur, er alls ekki almenn og því síður undantekningarlaus. Hún getur því ekki nægt til þess, að rjettlæta frv. Rjettlætingin verður því að felast í einhverju öðru, og væri æskilegt að heyra einhverjar frekari ástæður frá þeim, sem aðhyllast vilja frv. Við tveir, háttv. meðnefndarmaður minn og jeg, sjáum engar slíkar ástæður fyrir hendi.

Sumir líta svo á, að rjettast væri, að allir menn væru skyldugir til að taka að sjer opinber störf, ef þess er óskað. Segja þeir, að annars kostar sje hætt við, að hæfustu menn dragi sig í hlje, og lakari menn veljist þá til starfans.

Aðrir eru þar á móti þeirrar skoðunar, að rjettast væri að skylda engan til að taka að sjer opinber störf, og það sje að eins nauð, sem reki til að skylda karlmenn til þess, að taka að sjer bæjar- og sveitarstjórnarstörf, þar eð svo gæti farið ella, að enginn fengist til þess.

Hvortveggja þessi skoðun hefir nokkuð til síns máls. En jeg verð að líta svo á, að á meðan þessi regla er ekki gegnum færð fyrir karlmenn, að þeir skuli skyldugir til að vinna að öllum opinberum störfum, þá sje naumast rjett, að þvinga konurnar til þess, sem enn eru öllu slíku óvanar. Ef það er rjett, að rjettindum eigi jafnan að fylgja skyldur, þá virðist heldur ekki nema sjálfsagt, að skyldum eigi að fylgja tilsvarandi rjettindi, og þegar um það er að ræða, sem kostar erfiði, tíma og fyrirhöfn, þá ætti tilsvarandi rjettur að vera sæmileg laun. En nú er það vitanlegt, að launin fyrir bæjar- og sveitastjórnarstörf eru vanalega óþökk annara og vanþakklæti eitt. Þingmenn fá nú sæmilega goldinn starfa sinn, en þó er enginn skyldugur til að takast þann starfa á hendur. Og þó að þessi regla væri látin ná til karlmanna, þá er þó ekki sjálfsagt að leggja þessa kvöð á konur.

Því verður ekki neitað, að konur standa verr að vígi en karlmenn í þessu efni, og þess vegna get jeg ekki aðhylst frumv. Þegar verið var að ræða um það hjer í þinginu, að veita konum jöfn stjórnmálarjettindi og karlmönnum, þá bentu einatt margir á það, hversu staða konunnar í þjóðfjelaginu væri ólík stöðu karlmanna. Þeir mintu á, að uppeldi hennar væri nokkuð annað og hennar aðalskylda væri að sjá um heimilið og göfga það á alla lund. Auk þess mintu þeir á, að hún hefði móðurskyldunum að gegna, og hennar tilfinningalíf væri að öllu veikara og viðkvæmara. Alt er þetta rjett og í raun og veru eina frambærilega ástæðan gegn því, að konur fengjust mikið við stjórnmál. En vitanlega var þar fyrir engin ástæða til þess, að neita konunum um, að neyta mannvits síns og hæfileika, til að

starfa að þessum málum, ef þær æsktu þess. En aftur á móti virðist það vera næg ástæða, til þess að *skylda* þær ekki til að fást við opinber störf. Enda getur staðið svo á, að slíkt sje mjög bagalegt og óheppilegt, og er eðlilegast, að þær fái að meta það sjálfar, hvort þær geti tekið starfið að sjer.

Því hefir verið haldið fram, að því muni naumast verða beitt við kvenfólk, að þvinga þær til, að taka að sjer slík störf á móti vilja þeirra. En ekki verður hjá því komist, að gjöra ráð fyrir því. Enda sýnist næsta ástæðulítið, að samþykkja þetta frumvarp, ef ekki á að gjöra ráð fyrir því.

Hvað því viðvíkur, hvað konurnar sjálfar leggja til málanna, þá munu sumar vera þessu mjög fylgjandi, en fleiri munu þó hinar vera, sem ekki vilja leggja á sig þetta starf. Og ef litið er til þeirra mörgu kvenmanna, sem ekkert kærðu sig um þessi rjettindi, sem þær hafa nú fengið þá er von að þeim finnist þær vera nokk. að hart leiknar, ef nú á að þvinga þessum skyldum upp á þær í ofanálag. Mjer finst það því samkvæmast kurteisi göfugra karlmanna, að þeir taki með ljúfu geði skyldurnar á sínar herðar, en lofi konunum að vera sjálfráðum um það, hvort þeir vilja taka að sjer þessi störf eða ekki. Þær geta jafnan, ef hæfileikar og kringumstæður leyfa, tekið þátt í starfinu, en allskostar órjett er að þvinga þær til þess. Þær hafa enn ekki notið rjettindanna, nema skamma stund, en vel má vera, að mönnum þyki síðar, er þeim vex þroski við meiri æfing og áhuga, þörf á að breyta þessu. Enn sem komið er, virðist engin ástæða til að breyta neitt til, og verð jeg þess vegna að ráða háttv. deild til að lofa þeim lögum, sem nú gilda um þetta efni, að standa óbreyttum, og þar af leiðandi fella þetta frumv., sem hjer er til umræðu.

Björn Þorláksson: Þetta mál, sem hjer liggur fyrir, var hjer á ferðinni til 1. umr. fyrir nokkuð löngu síðan. Sem flutningsmaður frumvarpsins tók jeg þá fram aðalröksemdirnar fyrir því, að frumvarpið ætti fram að ganga. Það er ekki ætlun mín að telja þær ástæður upp aftur, enda ætti þess ekki að gjörast nein þörf. Jeg var svo óheppinn, að málið lenti hjá nefnd, þar sem meiri hlutinn var frumvarpinu mótsnúinn, og leit helst út fyrir að málið ætlaði að sofna í nefndinni. Einn nefndarmaðurinn var þó málinu hlyntur, og honum er það að þakka, að það er aftur komið fyrir háttv. deild. Eins og jeg tók fram, þá ætla jeg mjer ekki að taka upp aftur þau rök, sem jeg flutti í framsögu minni við 1. umr., enda eru þau öllum augljós, og háttv. framsögumaður minni hlutans tók líka flest fram, svo jeg hefi þar litlu við að bæta. En jeg vildi aðallega víkja máli *mínu til* þeirra, sem eru því mótfallnir, að þessi sjerrjettindi kvenmanna verði úr lögum numin.

Það er alveg rjett, að jeg hefi ávalt haldið því fram, að jöfnum rjettindum ætti að fylgja jafnar skyldur. Framsögumaður meiri hlutans (K. D.) neitaði þessu ekki heldur, en hann færði einungis til nokkur dæmi þess, að þetta færi ekki ávalt saman, en aðalreglan stendur eftir jafn óhögguð. En aðalatriðið í þessu máli er þó það, að ranglátt virðist, að þegar öðrum helmingi mannfólksins eru veitt rjettindi, án þess að nokkrar skyldur fylgi, þá skuli hinn helmingurinn, sem að vísu hefir sömu rjettindi, verða að bera allar skyldurnar. Háttvirtur framsögumaður hjelt því fram, að ekki ætti fremur að skylda konur til að sitja í bæjar- og sveitarstjórnum, heldur en karlmenn til að taka við þingmensku. En þetta er ómögulegt að bera saman. Það hefir aldrei neinn verið skyldur til að taka að sjer þingmensku, enda virðist það alls

ekki vera nauðsynlegt, því það starf er svo eftirsókt. En hins vegar virðist vera nauðsynlegt, að skylda menn til að taka að sjer bæja- og sveitastjórnarstörfin, sjerstaklega sveitastjórnarstörfin, því þau eru ólaunuð og oft vanþökkuð. Ef menn geta skorast undan kosningu, er hætt við að hæfustu mennirnir mundu verða ófáanlegir til þess, að taka að sjer starfið, og er það illa farið. Eins og kunnugt er, þá fá oddvitar einir laun, og leiðir það vitanlega af fátækt okkar. Við höfum ekki efni á að launa aðra. Þessi störf, verður því að skoða sem trúnaðarstörf, og þó þau sjeu oft vanþökkuð, þá er það engin ástæða til þess, að konur skuli vera lausar undan þeirri skyldu, að gegna þeim. Konur geta engu síður unnið kauplaust en karlmenn, og þær eiga ekkert óhægara með að þola vanþakklæti en þeir. Mjer finst því ekki nein ástæða til þess, að kvíða því, að konur geti ekki leyst störfin af hendi. Þó konur sjeu veikari en karlmenn, þá verður því ekki neitað, að þær hafa mikið þrek og mikla seiglu. Það eru mörg dæmi þess, að konur hafa leyst af hendi þau störf, sem fæstir karlmenn hefðu haft þrek til. Jeg vil t. d. minna á ferðalög yfirsetukvennanna. Jeg hygg, að ekkert starf sje erfiðara en yfirsetukvennastarfið í stórum hjeruðum hjer á landi.

Jeg get því ekki sjeð, að neitt verulegt mæli á móti því, að fella úr lögunum þetta ákvæði, sem hjer ræðir um. Það er að vísu satt, að konur hafa ekki alment látið í ljós, að þær óskuðu eftir þessu. En konur hafa óskað eftir jafnrjetti við karlmenn og margsinnis sent þinginu áskoranir þess efnis. Jeg man eftir því, að einu sinni kom til þingsins áskorun frá 7—8 þúsund konum í þá átt. Og jeg hygg, að flestar hafi gengið að því vísu og talið það sjálfsagt, að ef þær fengju sömu rjettindi og karlmenn, þá ættu þeir auðvitað að bera sömu skyldur, og hefðu þær ekki gjört það, þá hefðu það ekki getað talist meðmæli með kvenfólkinu.

Sumir eru hræddir um það, ef þetta frv. nær fram að ganga, þá verði það til þess, að konan vanræki fremur húsmóðurskyldu sína, er hún fer að taka þátt í opinberum störfum. En jeg er ekki hræddur um það. Einu konurnar sem hjer hafa haft opinber störf, eru yfirsetukonurnar. En jeg þekki ekki þess dæmi, að þær hafi vanrækt húsmóðurskyldur sínar eða húsmóðurstörf vegna þess. Þá vil jeg víkja aftur að þeirri ástæðu gegn frumvarpinu, að konurnar sjálfar hafi ekki óskað eftir þessari breytingu. En mjer er privat kunnugt um það, að margar hinar hyggnari og gætnari konur telja þessa heimild vera til skaða fyrir kvenfólkið sjálft, og vilja að hún sje úr lögum numin. Þær vilja að konurnar taki að sjer þau mál, er þær geta, og að þær hafi sama rjett og sömu skyldur og karlmennirnir.

Meðan þessi heimild er í lögum, þá er hætt við að hún verði til þess, að margar konur dragi sig í hlje frá störfunum. Þær eru þeim óvanar, bera kvíðboga fyrir þeim, og halda störfin vera þyngri en þau eru í raun og veru.

En þetta kemur ekki til, ef þær eru skyldar til að taka þau að sjer.

En því miður er það nú oft svo, að það eru þær konurnar, sem hæfastar og færastar eru, sem draga sig í hlje. Þess kann jeg fleiri dæmi. Mun þar feimni miklu um valda.

En skaðsemi sú, er af þessu leiðir, má vera hverjum þeim augljós, er um málið vill hugsa. Afleiðingin verður óneitanlega sú, að þær, sem síður eru færar, verða til starfsins kosnar, og verður því verr unnið en ella hefði verið. Og það er slæmt fyrir þjóðfjelagið.

Jeg get hugsað mjer eina verulega ástæðu á móti frv., og hún er sú, að menn treysti konum eigi til þess, að leysa störfin

viðunandi af hendi. Um þessa ástæðu er ekki gott að deila, því hún er þeim, er henni halda fram, tilfinningamál. Skal jeg því ekki lasta neinn, þó hann af þessari ástæðu kunni að vera á móti frv. Jeg treysti konunum til að gegna opinberum störfum eins vel og okkur karlmönnunum, hvort sem störfin eru launuð eða ólaunuð trúnaðarstörf. Jeg ber þetta traust til kvenfólksins yfirleitt, og jeg vona, að sú von mín rætist, og því vil jeg að þessi heimild verði sem fyrst numin úr gildi.

Mjer er umhugað um það, að hvarvetna sem er í lífinu, þá leggi þeir menn fram krafta sína, sem hafa þá besta, og jeg vil ekki neinar undanþágur eða sjerrjettindi handa kvenfólkinu. Meiri hluti nefndarinnar talar um það, að það sje ekki knýjandi nauðsyn til þess að konurnar hafi þessa skyldu, eins og karlmennirnir. En jeg tel það enga ósanngirni í garð kvenna, þó þær hafi hjer um sömu skyldu og karlmennirnir, og þær, sem færastar væru, væru kosnar til starfans. Af því gæti eigi leitt annað en gott eitt.

Ekki er jeg neitt hræddur um það, að þetta mundi leiða til þess, að konum yrði þröngvað til starfa. Það er nú oft svo, að þótt við karlmennirnir sjeum starfskyldir, þá erum við eigi kosnir, þegar persónulegar ástæður, t. d. fátækt, gjöra það að verkum, að menn eiga örðugt með að leysa starfið af hendi.

Og eins yrði það um konurnar, að þær mundu eigi vera kosnar, ef heimilishagurinn leyfði það ekki, t. d. fátækt, veikindi, barnafjöldi. Svo mikil er sanngirni manna hjer á landi.

En eins og jeg tók áður fram, þá er þetta nauðsyn fyrir oss sjálfa. Ef þessi heimild er áfram, verður hún til þess, að miður hæfar konur eru til starfans valdar. Og þegar miður hæfar konur eru valdar, þá getur það hæglega orðið til þess, að þeim mönnum fjölgi, sem álíta konur óhæfar til starfans, og vantraust á þeim farið vaxandi. Þeir segðu sem svo, til hvers er að láta konur hafa þenna rjett, ef hann annaðhvort er aldrei eða illa notaður. Og því gæti að lokum farið svo, að sumir vildu svifta konur aftur kjörgengi til sveita- og bæjastjórna.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að tala frekar um málið. Langar tölur munu sjaldan breyta skoðun manna. Jeg legg málið undir dóm háttv. deildar.

Kristinn Daníelsson: Jeg þarf eigi að tala langt mál, því jeg hefi áður drepið á flest atriði í ræðu háttv. 4. kgk. þm. (B. Þ.). Hann var að tala um að rjettur og skyldur eigi að fara saman. En karlmennirnir hafa lengi haft allan rjettinn, og þar sem konur hafa nú nýverið fengið rjett sinn viðurkendan þá finst mjer vera rjettast, að þvinga ekki upp á þær skyldunum. Og þar sem háttv. 4. kgk. þm, (B. Þ.) er að tala um, að rjettindi og skyldur fylgist alt af að, þá hefi jeg sýnt fram á, að svo er engan veginn ætíð.

Öðru máli er að gegna um yfirsetukonurnar, sem háttv. þm. nefndi. Venjulegast er það svo, að þetta starf stunda konur, aðallega að eins á því skeiði, sem móður- og heimilis-skyldur hindra það ekki að mun. Svo er það að minsta kosti, þar sem mjer er kunnugt, í stórum og smáum umdæmum.

Háttv. 4. kgk. þm. (B. Þ.) mintist á þær ótal mörgu undirskriftir, er Alþingi bárust frá kvenfólkinu um aukinn rjett sinn. En þær báðu ekki um þetta. Og jeg tel rjett að losa þær við skyldurnar. Jeg tel það rjett, að þær, sem það vilja, megi draga sig í hlje, því þær hafa væntanlega einhverja ástæðu til þess.

Hins er ekki að dyljast, að fyrir getur komið, að konur, er hafa góða hæfileika, sjeu tregar að gefa kost á sjer, eða hafa sig frammi, en þá munu aðrir reyna, að fá þær til þess, að gefa kost á sjer, ef það er unt fyrir þær.

Jeg mótmæli því, að till. mínar sjeu

sprotnar af vantrausti á konum. Jeg veit, að þær eru margar vel til slíkra starfa fallnar. En jeg vil hins vegar ekki, að þeim sje þröngvað til þess, og get ekki látið mjer nægja þá fullyrðingu, að í reyndinni mundi ekki til þess koma. Kali og hefndargirni verður stundum annars eins valdandi, eða önnur atvik.

Jósef Björnsson: Örstutta athugasemd vildi jeg gjöra.

Því hefir verið hreyft hjer, að það hafi engin rödd komið fram frá konunum sjálfum um að fá heimild þessa afnumda. En það er ekki rjett. Í undirskriftum þeim, er Alþingi bárust árin 1909 og 1911 var það, að minsta kosti sumstaðar, að þær óskuðu bæði að fá þenna rjett og taka að sjer skyldurnar til jafns við karlmennina.

Hvað önnur atriði málsins snertir, þá vil jeg taka það fram, að hætt er við, að hæfustu konur veljist ekki til starfsins, ef þessi heimild er látin kyr standa í lögum.

Þegar konur hafa jafnrjetti við karlmenn, þá finst mjer að sje ekki auðvelt að mæla móti því, að allmargt megi færa því til stuðnings, að rjett sje að þær hafi jafnar skyldur, og jeg hlýt því að greiða atkvæði með frv.

Framsm. (Guðm. Ólafsson): Hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) var að tala um það, að hjer væri hið sama og menn væru til þingsetu skyldir, en það er ekki; það er enginn til þingsetu skyldugur.

Hvað þingsetu snertir, standa konur jafnt að vígi og karlmenn. En öðru máli er að gegna um hreppsnefndir og bæjastjórnir. Þar kemur fram ójöfnuður. En þar á líka að vera jöfnuður. Það, sem losar karlmenn frá þeim störfum, á og að losa kvenmenn, en annað ekki.

Þar sem háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) var að tala um yfirsetukonurnar, þá er það alt annað. Yfirsetukonurnar taka þetta að sjer sem æfistarf; umdæmi þeirra eru stærri, og þær verða að fara að heiman, er þær eru sóttar, hvort heldur það er á nóttu eða degi. En hjer ræðir að eins um hreppa. Starfsviðin eru minni, ferðalögin varla teljandi, nema fyrir oddvita, og engin skylda til næturferða. Og oftast geta þær, þó að hreppsnefndaroddvitar sjeu, hagað ferðunum eftir vild sinni.

Vil jeg svo ekki þreyta háttv. deild á lengra máli, en vona að frv. verði samþ.

ATKVGR.:

Frv.gr. samþ. með 8 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Guðm. Björnson,	Eiríkur Briem,
Guðm. Ólafsson,	Jón Þorkelsson,
Hákon Kristófersson,	Kristinn Daníelsson,
Jósef Björnsson,	Sigurður Stefánsson.
Karl Einarsson,	
Karl Finnbogason,	
Magnús Pjetursson.	

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvg.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 : 5 atkv.

Á 45. fundi í Ed., laugardaginn 28. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 215).

Steingrímur Jónsson: Jeg greiddi atkvæði móti frv. þessu við 2. umr., og ætla því með nokkrum orðum að gjöra grein fyrir ástæðum mínum til þess.

Jeg tel vafasamt, hvort kosningarrjettur sá, er konum hefir verið veittur, sje í raun og veru gæði fyrir kvenþjóðina í heild sinni. Jeg vil ekki segja, að rangt hafi verið að veita konum rjett þenna, því að nauðsyn bar til, þar eð lífskjör þeirra hafa breytst svo mjög nú á síðustu áratugum, og þátttaka þeirra í almennri atvinnusamkepni orðin meiri en áður. Að því leyti eru þær mun sjálfstæðari en fyrr. Jeg er

ekki heldur í vafa um það, að það er samkvæmt starfslyndi þeirra og gáfnafari talsvert miklum erfiðleikum bundið fyrir kvenfólkið, að taka þátt í opinberum málum, hvort heldur sem kjósandi eða kjörgengur, auk þess sem lífsstaða þeirra gjörir þeim þar erfiðara fyrir heldur en karlmönnum. Eðlileg afleiðing þessa er því sú, að margar konur hafa alls engan áhuga á, að fá þessi rjettindi, og sumar, og þær ekki allfáar, eru því algjörlega mótfallnar. Ef þetta er rjett, sem jeg efa ekki, þá er ekki að eins rangt, heldur líka áhætta, að gjöra konum þannig að skyldu, að taka þátt í opinherum málum. Það er ekki eingöngu vegna þessara kvenna, sem við verðum að íhuga málið vandlega, heldur líka vegna hinna, því þó að þær hafi viljað fá kosningarrjett, þá leiðir ekki beint af því, að þær hafi viljað fá kjörgengi, eða viljað, að þær væru skyldar til að taka kjöri. Hygg jeg því að heppilegast væri, að skylda konur ekki til að taka kjöri, enda væri það bæði áhætta og ranglæti gagnvart þeim, sem alls ekki æskja þess, ef svo væri gjört. Get jeg tæplega sjeð, að nauðsyn krefjist þess, en aftur gætu þær konur þá tekið kjöri, sem fúsar væru til þess, og hæfar eru.

Af þessum ástæðum greiddi jeg atkv. á móti frv., og jeg vona, að það komist ekki í gegn um þetta þing, þar eð margar konur eru því fjandsamlegar.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 7 : 4 og afgreitt til Nd.

(A. 638).

9. Þingfararkaup.

Á 51. fundi í Ed., föstudaginn 3. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 10, 22. okt. 1912, um þingfararkaup alþingismanna. (A. 706).

Á 53. fundi í Ed., máuudaginn 6. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Með því að frv. var ofseint fram komið, leitaði forseti leyfis til afbrigða frá þingsköpum, til þess að mega taka það fyrir, og varð öll deildin jákvæða við því.

Flutnm. (Guðmundur Björnson): Jeg gjörði á síðasta fundi grein fyrir frumv. þessu. Ástæðan til þess eru afskifti Alþingis af kjörum opinberra starfsmanna og afskifti þess af kjörum háttv. alþingismanna sjálfra. Mjer er engin launung á því, að jeg tel, að háttv. Alþingi ætti að samþykkja frv. þetta. Ef það er felt, þá er mikil ástæða fyrir alþjóð manna að athuga, hvernig Alþingi meðhöndlar aðra og hvernig það meðhöndlar sig sjálft,

Þegar jeg kom fram með brtt. mína, um tillögur yfirskoðunarmanna, þá gjörði jeg ráð fyrir því, að sú tillaga yrði feld, og jeg hefi einnig gjört ráð fyrir, að þetta frv. verði felt. Hið fyrra reyndist rjett, og jeg býst við, að hið síðara reynist það líka, og þá er tilganginum náð.

Því það getur ekki hjá því farið, og það er þriðja áætlun mín, að af þessu leiði einhver eftirmál, eftirmál er veki alþjóð manna til umhugsunar um meðferð mála hjer á Alþingi. Og það er einmitt það, sem jeg vil.

Það er ekki nóg fyrir Alþingi, að skúta út opinbera starfsmenn og troða þá niður, það þarf líka að gæta sóma síns.

Sigurður Stefánsson: Mig furðar á ummælum háttv. flutnm. (G. B.), því þegar breyting var gjörð á þingfararkaupi alþingismanna, þá sagði hann, að þær breytingar væru í alla staði sanngjarnar. En hann telur atkvæðagreiðsluna um 6 krónu dagpeninga til embættismanna og starfsmanna landsins, vera ósanngjarna í garð þessara embættismanna, og hann vill hefna þess með því, að minka dagpeninga

þingmanna. Hann vill með öðrum orðum hefna ranglætis með því, að fremja ranglæti. Á þessu furðar mig mjög mikillega, því það er þó annars fjarri háttv. 5. kgk. þm. (G. B.), að vilja gjalda ílt með illu. Þetta hygg jeg að hann hafi ekki athugað nógu rækilega, áður en hann bar fram þetta frv.

Í 1. gr. laga um þingfararkaup alþingismanna stendur svo: „Alþingismenn skulu hafa 8 kr. þóknun daglega, bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi, og fyrir þann tíma, sem fer til ferða að heiman til Alþingis og frá Alþingi heim aftur.

Enn fremur skulu alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, fá 2 kr. aukaþóknun daglega, meðan þeir dvelja á þingstaðnum".

Þessi 8 kr. þóknun, sem hjer er nefnd, getur ekki skoðast sem fæðispeningar, heldur sem kaup fyrir starfið, sem þingmaðurinn innir af hendi. Tveggja krónu aukaþóknunin er aftur í raun rjettri fæðispeningar, þótt það nafn sje eigi haft á henni í lögunum. Með 2 kr. á þingmaðurinn að borga fæði sitt, húsnæði og þjónustu. Þegar þessa er gætt, sjest það, að samanburður háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) á þingfararkaupi alþingismanna og fæðispeningum embættismanna á embættisferðum þeirra, er ekki rjettmætur; og hafi þingfararkaup það, sem ákveðið var 1912, verið sanngjarnt þá, væri miklu fremur ástæða til að hækka það en lækka nú, svo sem vinna og flest annað hefir hækkað í verði síðan. Þegar þingfararkaupið var hækkað 1912, var með góðum rökum sýnt fram á, að hækkunin hefði átt að vera miklu meiri en varð, svo framarlega sem þjóðin vildi borga fulltrúum sínum starf þeirra hlutfallslega jafn vel og hæfa þótti 1845. Borið saman við alt verðlag 1845 hefðu dagpeningar þingmanna 1912 átt að vera, ekki 10 kr., heldur 18 kr. Niðurstaðan varð þó sú, að 8 kr. þóttu viðunandi, auk 2 króna um þingtímann fyrir utanbæjar þingmenn, með því að þá væri eigi lengur sjálfsagt, að hver utanbæjar þingmaður tapaði stórfje við þingförina, en svo var það orðið nær undantekningarlaust.

Beri maður þetta þingfararkaup saman við þann kostnað, sem þingmenn utan af landinu verða að greiða, sökum fjarveru sinnar frá heimilum sínum um hábjargræðistímann, þá skil jeg síst, að nokkur þurfi að öfunda þá af kaupinu. Nú er mjer sagt, að jafnvel kaupakonu kaup sje komið upp í 20 kr. um vikuna, en hvað haldið þið að bændur, sem á þing fara, verði að borga ráðsmönnum sínum meðan þeir eru á þingi? Vill háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) svara því? Og hvað þurfa embættismenn utan Reykjavíkur að borga fyrir rekstur embættis síns, meðan þeir eru að heiman. Jeg ætla ekki að gjöra neina áætlun um þetta; jeg veit það skiftir hundruðum króna, og auk þess má minna á það, hve óþægilegt það er fyrir búandi menn, að vera svo mánuðum skiftir heiman frá búum sínum. Þegar þess er gætt, sem hjer segir, skil jeg ekki í að nokkrum sanngjörnum manni þyki þingfararkaupið óhæfilega hátt. Og eigi veit jeg betur, en háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) þætti það sanngjarnt nú fyrir nokkrum dögum, er breytt var tillögu þeirri, er þetta frv. hans er sprottið af, og jeg trúi vart öðru en hann verði enn að kannast við það í hjarta sínu, að það sje síst ofhátt. Ætti á annað borð að fara að jafna saman kaupi þingmanna og kaupi embættismanna, þegar þeir eru á ferðum, þá er sjálfsagt að taka kaup og fæðispeninga þingmannsins annars vegar, en hins vegar laun og fæðispeninga embættismannsins. Ferðakostnað sinn fær hann eftir reikningi, svo að hann kemur hjer ekki til greina.

Skal jeg taka þann, sem næstur er, hv. 5. kgk. þm. (G. B.), til samanburðar. Sem landlæknir hefir hann 4000 kr. í árslaun

og 1000 kr. fyrir að kenna yfirsetukonum, eða 5000 kr. alls. Jeg skal taka það fram, að jeg tek háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) af því hann er hendi næstur, en ekki af því, að jeg segi að laun hans sjeu ofhá. Dagkaup hans með 5000 kr. árslaunum verður hjer um bil 13 kr. 70 aurar; þar við bætast svo þessar 6 krónur, sem hann á að hafa í fæðispeninga, auk ferðakostnaðar, og verður þá dagkaupið um 20 krónur. Þetta verður að teljast svo sæmilegt kaup, borið saman við kaup alþingismanna, að engin ástæða sýnist að klípa af 8 kr. dagkaupi þingmanna. Ef alþingismaður þyrfti engu að kosta til reksturs atvinnu sinnar eða embættis, heima fyrir, meðan hann situr á þingi, gæti verið nokkuð öðru máli að gegna.

Það fer fjarri því, að jeg vilji hleypa nokkru kappi í málið. En segja verð jeg það, að mjer þykir ekki vel eiga við, að bera fram frv. þetta nú. Vjer sitjum nú líklega margir í síðasta sinni á þingi, og þá tel jeg það harla óviðkunnanlegt, að vjer látum það vera eitt af síðustu verkunum, áður en vjer yfirgefum þingsalinn; það er óneitanlega einhver eigingirniskeimur að því, að hafa hækkað þingfararkaupið, meðan vjer sátum á þingi, en lækka það svo, þegar vjer erum í þann veginn að kveðja, og það lýsir litlu trausti á eftirmönnum vorum, ef vjer trúum þeim ekki fyrir að lækka þingfararkaup sitt, ef þeim finst það of hátt.

Jeg met háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) mikils, og játa það, að hann hefir komið með marga góða tillögu hjer á þingi, en um þetta frv. hans verður það naumast sagt; en hins vegar hef jeg oft heyrt hann segja, að hart sje að fella mál frá 2. umr. Því er það, að þrátt fyrir það, þótt jeg telji þetta frv. háttv. þm. alls eigi til þess fallið, að verða samþykt, þá vil jeg að heitt sje við það vægari aðferð, en að fella það þegar í stað, og þá hefir mjer hugkvæmst, að málið sje afgreitt með svohljóðandi rökstuddri dagskrá:

Í því trausti, að næsta reglulegt Alþingi taki mál þetta til íhugunar, ef það álítur þess þörf, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Bið jeg háttv. forseta að bera dagskrá þessa undir atkvæði að lokinni umræðu. Með þessu er málinu skotið til þingmanna þeirra, sem eftir oss koma; þá varðar það mestu, og því rjett, að þeir ráði úrslitum þess.

Flutnm. (Guðmundur Björnson): Hv. þm. Ísaf. (S. St.) vjek því að mjer, að jeg hefði talið það ranglátt, að klípa svo af dagpeningum starfsmanna þjóðarinnar, að þeir biðu beinan skaða á ferðum sínum í þarfir hennar. Þótti honum það lítt sitja á mjer, að ætla nú að gjalda illt með illu, og láta sams konar ranglæti koma niður á alþingismönnum, sem jeg teldi embættismennina beitta.

Til þessa er því að svara, að telji Alþingi fjárhag þjóðarinnar svo komið, að eigi sje ráð á að borga embættismönnum hærri dagpeninga en svo á ferðum þeirra í þjóðarþarfir, að þeir hljóti að greiða meira eða minna úr eigin vasa, ef vansalaust á að vera fyrir þá sjálfa og þjóðfjelag það, sem þeir vinna fyrir, þá er ekki um það að fást. En ef svo er komið hag landsins, þá sýndist það langsæmilegast, að þingið byrjaði á sjálfu sjer, og þingmenn drægju eitthvað af kaupi sínu, til annara landsþarfa, eins og jeg fer fram á. Hv. þm. Ísaf. (S. St.) upplýsti það í ræðu sinni, að kauphækkunin 1912 hefði í raun rjettri verið allt of lítil; hún hefði átt að rjettu lagi að vera sú, að þingmenn hefðu 18 kr. á dag. Þetta er merkileg upplýsing, og ekki ólíklegt, að sumum landsmönnum þyki fróðlegt að fá hana.

Eitt í þessu máli er sjerstaklega eftirtektarvert.

Það gægðist sú merkilega skoðun fram hjá hv. þm. Ísaf. (S. St.), að þingmenn væru embættismenn, og kaup þeirra væri eigi ætlað til að standast kostnað við burtveru þeirra, heldur væri það beinlínis laun. Hvað mun þjóðin segja um, að gengið sje inn á þá braut, að gjöra þingmennina að launuðum embættismönnum? Jeg ætla ekki að svara því; það er rjettast hún svari því sjálf. Það er annars fleira, sem bendir í þá átt, að farið sje að skoða þingsetuna sem embætti. Það er t. d. farið að veita þingmönnum og ekkjum þingmanna eftirlaun, og hví skyldi þá þingmönnunum sjálfum verða gjört lægra undir höfði? Það er líka sannast að segja, að gangi sú tillaga í gegn, sem hreyft var á þinginu 1912, að þingmenn skuli hafa 18 kr. á dag, þá fer þingsetan ekki að verða svo ljelegt embætti. Og sannlega má vænta þess, að þessi tillaga verði brátt endurvakin, ef ekki er að gjört.

Skal jeg svo eigi fleira mæla að sinni. Jeg veit, að tvær hinar fyrri áætlanir mínar rætast, og jeg spái því, að hin þriðja rætist líka. Og þá er frv. þó eigi til einskis fram komið. Málið hlýtur að vekja athygli þjóðarinnar, og þá er mikið fengið.

Steingrímur Jónsson: Jeg tek undir með hv. þm. Ísaf. (S. St.), að þingmannakaupið sje þóknun en eigi laun. Breytingin á því var gjörð til þess, að reyna að bæta úr því ástandi, sem var. Hún var gjörð til þess að ráða bætur á því, að aðrir en efnamenn, eða vel launaðir embættismenn, gætu átt sæti á þingi; hún átti að draga úr tjóni því, er bændur hefðu af þingsetu, og greiða fyrir þeim, svo að jafnvel hinir efnaminni þeirra sæju sjer fært, að bjóða sig fram til þingsetu. Þessi var tilgangurinn með hækkun þingfararkaupsins; það átti með því að koma í veg fyrir, að Reykvíkingar og efnamenn hefðu eins konar einkarjett til þingsetu. Jeg veit, að sumir hafa reynt að lýsa þessu öðruvísi, og það er leitt, að hv. 5. kgk. þm. (G. B,), hefir orðið til þess, að taka í sama strenginn, því það getur síst orðið til að auka veg þingsins, ef mál þetta er skýrt rangt fyrir þjóðinni, og henni talin trú um, að þingmennirnir hafi hækkað þingfararkaupið af tómri eigingirni.

Sigurður Stefánsson: Jeg neita því algjörlega, að það hafi vakað fyrir oss, að rýra virðing embættismanna eða níðast á þeim, þegar vjer lögðum til, að dagpeningar þeirra væru fastákveðnir með 6 kr. á eftirlitsferðum þeirra.

Jeg tók það fram, og tek það enn fram, að þóknun þingmannanna er ekki sambærileg við laun embættismannanna. Sumir þeirra hafa 13—14 kr. á dag fyrir embættisstörf sín, eða þaðan af meira, og þessi laun fá þeir jafnt, hvort sem þeir eru heima eða á ferð. Auk þess leggjum vjer til, að þeir fái 6 kr. í dagpeninga á ferðum sínum; hafa þeir þá þessa dagana um 20 kr. á dag. Það er því fjarri, að nokkuð sje verið að níðast á embættismönnunum. Eigi að síður var það eigi ástæðulaust, að fastákveða fæðispeningana, því að svo er komið, að sumir starfsmenn landsins eru farnir uð reikna sjer 10 kr. á dag í fæðispeninga, auk föstu launanna, og má því nærri geta, að fáir muni trúa því, að þessir menn sjeu svo þurftarfrekir, að þeir þurfi að eta fyrir 10 kr. á dag. Það mun öllum hollast að dagpeningarnir sjeu fastákveðnir; þá eru menn lausir við eftirköstin og eftirtölurnar. Það má auðvitað tína margt til, til að skrúfa upp reikninga. En mun ekki vera skemtilegra að vera laus við að semja þessa reikninga? Alþingi heflr nú þótt þörf á að gripa hjer inn í, og þykist sjálfsagt hafa gjört það þannig, að það níðist alls eigi á embættismönnum. Annar ferðakostnaður er borgaður eftir sjerstökum reikningi.

Það nær engri átt, að þingmenn vilji skoða sig sem embættismenn, og um eftir-

laun til þingmannaekkna er það að segja, að þar hefir verið fylgt sömu reglu, þegar komið hefir fyrir að þeim hafa verið veitt þau, sem annars hefir fylgt verið, þegar það hefir komið fyrir, að þjóðnýtum mönnum, eða ekkjum þeirra, hafa verið veitt eftirlaun. Það er annars miklu meira talað um eftirlaun og afnám eftirlauna, en unnið sje að því, enda tel jeg það ekki rjett, að þau sjeu afnumin, og sakast því eigi fyrir mitt leyti um, þótt þar verði lítið úr framkvæmdum.

Jeg er ekki hræddur við það, þótt dagpeningamálinu sje skotið undir dóm þjóðarinnar. Jeg er viss um, að alþýðu manna mun þykja það fullsómasamleg borgun handa embættismönnum hennar, að þeir fái, auk ferðakostnaðar, um 20 kr. hvern dag, sem þeir eru utan heimilis. Og jeg er ekki viss um, að hv. 5. kgk. (G. B.) heppnist að fá hana á sitt mál, þótt snjall sje, hvað langar ritgjörðir sem hann semdi um vanrækt vandamál þings og þjóðar, að minsta kosti mundi vissara fyrir hann að koma þeim inn á hvert heimili.

Flutnm. (Guðmundur Björnson): Nú sting jeg upp á að umræðunum sje hætt, því þegar farið er að tala um uppskrúfaða ferðareikninga, þá er það óefað best, Alþingis sjálfs vegna, að slíta umræðum.

Jósef Björnsson: Jeg ætla að eins að minnast á eitt atriði. Hv. 5. kgk. þm. (G. B.) komst svo að orði, þegar tilrætt varð um dagpeninga embættismanna, að þeir ættu að ferðast eins og alþingismenn. Þetta eru hans óbreytt orð, og jeg er honum samdóma um það, að embættismenn landsins eigi að ferðast sem menn, er eru í þeirri stöðu, er öll virðing ber. En jeg spyr: Hvernig er alþingismönnum borgað á ferðum þeirra? Ekki er þeim borgaður ferðakostnaður eftir reikningi, heldur eftir föstum taxta; og jeg skýt því til þeirra, sem um málið fjölluðu á þingi 1912, og veit að þeir muni játa það rjett vera, að sá taxti var miðaður við við ferðir á sjó, miðaður við fargjald, eftir fargjaldsskrám þeim, sem þá voru í gildi, að viðbættum fæðispeningum þeim, sem borga verður, sem sje 4—5 kr. á dag, og allknöpp dagatala áætluð. Þar var ekkert áætlað umfram þetta; þessi borgun nær því ekki einu sinni 5 kr. á dag, hvað þá 6 kr. Samanburðurinn verður því sá, að þingmaðurinn fær ferðakostnað sinn borgaðan eftir föstum, lögákveðnum taxta, en embættismaðurinn fær hann borgaðan eftir reikningi, og auk þess allt að $^1/_4$ hærri fæðispeninga. Hjer hallar því á þingmenn, borið saman við embættismenn. Þvert á móti því, sem hv. 5. kgk. þm. (G. B.) virtist halda fram.

Kristinn Daníelsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að málinu sje heldur vísað til nefndar, en að það sje afgreitt með þessari rökstuddu dagskrá, því að jeg efast um, að deildin komist að þeirri niðurstöðu, að vilja vísa málinu til næsta þings, eins og dagskrá sú, sem hjer liggur fyrir, ætlast til.

Karl Finnbogason: Jeg sje ekki ástæðu til, að vísa til nefndar máli, sem flutningsmaður vill ekki láta ræða um. Hann hefir sjálfur óskað þess, að skornar yrðu niður umræður um það nú, og þá væntanlega síðar.

ATKVGR.:

Rökstudda dagskráin (frá þm. Ísaf., S. St.) feld með 8 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Eiríkur Briem,
Steingrímur Jónsson,	Guðm. Björnson,
Karl Finnbogason,	Guðm. Ólafsson,
Magnús Pjetursson,	Hákon Kristófersson,

já	*nei*:
Sigurður Stefánsson.	Jón Þorkelsson,
	Karl Einarsson,
	Kristinn Daníelsson.

Jósef Björnsson greiddi ekki atkv., og var talinn með meiri hlutanum.

Nefndarkosning var feld með 8 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Eiríkur Briem,	Björn Þorláksson,
Guðm. Björnson,	Steingrímur Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Guðm. Ólafsson,
Jósef Björnsson,	Hákon Kristófersson,
Kristinn Daníelsson.	Karl Einarsson,
	Karl Finnbogason,
	Magnús Pjetursson,
	Sigurður Stefánsson.

Málinu vísað til 2. umr. með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Guðm. Björnson,	Björn Þorláksson,
Guðm. Ólafsson,	Steingr. Jónsson,
Hákon Kristófersson,	Eiríkur Briem,
Jósef Björnson,	Jón Þorkelsson,
Karl Einarsson,	Magnús Pjetursson,
Karl Finnbogason,	Sigurður Stefánsson.
Krstinn Daníelsson.	

Á 55. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 706).

Magnús Pjetursson: Þó að jeg sje ekki einn þeirra manna, sem gjörðu það að skilyrði fyrir atkvæði sínu, að þeir fengju að tala við þessa umræðu, þá vil jeg þó gjöra grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli.

Það, sem jeg vildi taka fram, er það, að ef þetta frv. hefði komið fram í byrjun þingsins, og því þá verið fylgt svo vel eftir, að það hefði þegar getað orðið að lögum og á þann hátt náð yfir okkur, sem nú sitjum á þingi, þá hefði jeg verið málinu fylgjandi. En nú kemur þetta frumvarp ekki fram fyrr en í þinglok, svo við erum einungis að búa í haginn fyrir eftirkomendur okkar, því enginn, sem nú situr á þingi, getur verið viss um, að hann verði þingmaður 1917. En ef einhver þeirra manna, sem þessu máli eru fylgjandi, skyldi verða svo heppinn að komast á þing 1917, þá væri vit í því fyrir hann, að koma með sams konar frv., því þá veit hann með nokkurn veginn vissu, að hann fær sjálfur að búa við lögin næstu 6 ár. En mjer finst harla óviðkunnanlegt, að við förum að samþykkja þessi lög í þinglok, eins og við að eins höfum ekki tímt að hrófla við okkar eigin kaupi.

ATKVGR.:

1. gr. feld með 9 : 2 atkv.

Frumvarpið þar með *fallið*.

---

10. Barnapróf.

Á 17. fundi í Ed., miðvikudaginn 28. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 59, 22. nóv. 1907, um fræðslu barna. (A. 128).

Á 19. fundi í Ed., föstudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Karl Finnbogason): Jeg vil að eins mæla örfá orð með þessu stutta frumvarpi.

Síðan fræðslulögin komu, hefi jeg ávalt verið riðinn við prófin, ýmist sem próf-dómari eða kennari. Og niðurstaðan af því hefir orðið sú, að jeg tel óþarft að halda árlegt próf yfir *öllum* börnum á aldrinum 10—14 ára, og eyða til þess fje úr landssjóði.

Jeg lít svo á, að landsstjórninni komi ekki við hvernig börnin eru búin undir á þeim aldri, ef þau að eins fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir fullnaðar-

prófi, þegar að því kemur. Þetta kemur líka heim við afskifti landsstjórnarinnar af annari kenslu. Á gagnfræðaskólunum er ekki kosfað fje úr landssjóði til prófdómara, nema við fullnaðarpróf, eða burtfararpróf, og eins ætti það að vera við barnaskólana.

En auk þessa hefi jeg alveg sjerstakan tilgang með frumvarpinu. Við það, að hætta þessum óþörfu prófum, sparast fje, en því fje vil jeg láta verja til þess, að styrkja unga kennara til utanfarar, svo þeir geti flutt oss nýja og holla strauma fyrir þjóðfjelag vort, og geti fylgst með þeim framförum fræðslustarfsins, er stöðugt verða í öðrum menningarlöndum, og frætt oss, er heima sitjum, svo meira gott megi af oss leiða. En taka vil jeg það fram, sökum þess, hversu oft það heyrist klingja, „hann ætlar *sjer* þetta sjálfum", að jeg ætla aldrei að sækja um þennan styrk, því jeg vil, að þeir, sem yngri eru, njóti hans; jeg tel þá betur til þess fallna en oss hina eldri, sem farnir erum að þreytast og dofna á margan veg.

Jeg vil svo mæla með, að skipuð verði þriggja manna nefnd, til þess að athuga málið að þessari umræðu lokinni.

ATKVGR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umr. með 11 samhlj. atkv.

Þriggja manna nefnd samþ. með 11 samhlj. atkv.

Í nefndina voru kosnir að viðhafðri hlutfallskosningu:

Karl Finnbogason,
Hákon Kristófersson,
Sigurður Stefánsson.

Á 56. fundi í Ed., fimtudaginn 9. sept., var frumvarpið tekið til 2. umr. (A. 128, n. 782).

Framsm. (Karl Finnbogason): Jeg skal ekki vera fjölorður um þetta mál, enda vona jeg, að hv. deildarmenn hafi kynt sjer nefndarálitið. Jeg hefi leyft mjer að leggja til, að frv. verði samþ., en hv. meðnefndarmenn mínir hafa ekki getað orðið mjer sammála. Jeg hefi útlistað mína skoðun á málina í nefndarálitinu, og vil að eins bæta því við hjer, að mjer er ekkert kappsmál um að frv. verði samþ., nema því að eins, að fje því, sem á þann hátt mætti spara, yrði varið til framhaldsmentunar kennurum landsins, utanfararstyrks. En jeg hefi ekki mikla von um, að jeg geti náð þeim tilgangi mínum, og ætla mjer því ekki að leggja neitt kapp á, að frv. verði að lögum. En jeg hefi komið málinu fyrir deildina á ný, fyrst og fremst vegna þess, að jeg tel illa við eiga, að svæfa mál í nefnd, og í öðru lagi vegna þess, að jeg vil, að það komi berlega í ljós, að Alþingi vilji hvorki spara fje, þar sem það er hægt, nje heldur nota það til þessarar sanngjörnu styrkveitingar.

Sigurður Stefánsson: Eins og sjest af nefndarálitinu, hefir meiri hlutinn ekki getað verið sammála háttv. þm. Seyðf. (K. F.). Menn verða að gæta þess, að fræðslulögin hafa frá upphafi verið óvinsæl, vegna þeirra byrða, sem þau leggja á landsmenn. Og ekki mundu vinsældir þeirra fara vaxandi, ef nú ætti að fara að leggja kostnaðinn við hin árlegu próf á sveitafjelögin. Þar að auki óttast jeg, að svo geti farið, að engin árleg próf verði haldin, ef sveitirnar eiga sjálfar að bera kostnaðinn. Vitanlega er prófskyldan einmitt sterkasta hvötin til þess, að halda kenslunni áfram allan skólaskyldualdurinn. Það er sjálfsagt, að landsstjórnin hafi sem best eftirlit með því, hvernig fræðslulögin eru haldin, en það eftirlit mundi rýrna, ef hin árlegu próf hyrfu úr sögunni.

Þetta voru aðalástæðurnar til þess, að meiri hlutinn gat ekki ráðið til þess, að samþ. frv. Öllum má vera kunnugt, hvað

efnahgur margra sveitarfjelaga er ljelegur, og hvað margir menn hjer á landi eru ótrúlega smásmuglegir, er til fjárframlaga kemur. Jeg hygg því, að það gæti orðið barnafræðslunni í landinu til hnekkis, ef þetta frv. yrði samþykt.

Framsm. (Karl Finnbogason): Úr því háttv. þm. Ísaf. (S. St.) er farinn að rökræða málið frá sinni hlið, þá vil jeg líka leggja orð í belg frá minni. Okkur ber á milli um tvö atriði. Hið fyrra atriði er það, að nýjum kostnaði verði dembt á sveitirnar, ef þær eiga að bera kostnaðinn við hin árlegu próf. En þetta er ekki rjett, því mönnum er alls ekki giört að skyldu að halda árleg próf, og fellur þá það óánægjuefni burtu. Hitt atriðið er það, að undirbúningur barnanna verði verri, ef hinum árlegu prófum er ekki haldið áfram. En jeg held, að þetta sje alls ekki rjett. Prófdómari stjórnarinnar getur neitað hverju barni, sem hann telur ekki nógu vel að sjer, um prófskírteini, og ætti það að vera nægilegt aðhald að foreldrum og vandamönnum barnanna, að vanrækja ekki fræðsluna. En það eitt skiftir máli, hvort barnið er vel undirbúið að lokum.

Annars verð jeg að játa, að jeg er orðinn sárleiður á þessum eilífu kveinstöfum um fátækt og vesaldóm. Þessi húsgangshugsunarháttur verður hverju góðu máli á fætur öðru að falli. Jeg vildi óska, að hann yrði sem fyrst kveðinn niður.

Jósef Björnsson: Það var eitt atriði í ræðu háttv. þm. Seyðf. (K. F.), sem hann lagði mikið upp úr, en sem jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð, að sje stórvægilegt, sem sje það, að úr því barnapróf eru fyrirskipuð, þá sje hægt að vísa þeim börnum frá prófi, sem ekki eru nægilega vel að sjer. Sannleikurinn er sá, að þetta atriði er ekki nógu vel úr garði gjört, frá laganna hlið og eftir úrskurðun sjálfrar fræðslumálastjórnarinnar. Eina ástæðan, sem hægt er að fá til þess, að vísa barni frá prófi, er sú, að það nái ekki nógu háum meðalvitnisburði, en honum er svo auðnáð, að jafnvel 12 ára gömul meðalgreind börn geta tekið próf þess vegna, og börn á þeim aldri hafa fengið eða tekið sjer leyfi til að taka fullnaðarpróf. Tel jeg þetta galla, ekki síst vegna þess, að ekki er sjerstaklega krafist, að þau sjeu sómasamlega að sjer í íslensku, sem börnunum þó auðvitað ríður mest á. Eins og sakir standa, gjöri jeg því ekki mikið úr því, þó vísa megi barni frá prófi fyrir ljelega kunnáttu. Það mundi sjaldan verða að verulegu gagni. Ef breyta á til, og fella niður skyldu til annara prófa en fullnaðarprófs, og gjöra ráð fyrir, að próf yngri barna falli niður, þá tel jeg það skaða, því jeg álít, að próf yngri barna sjeu til hvatningar og hafi nokkra þýðingu. En hitt játa jeg með háttv. þingmanni (K. F.), að ekki væri ranglátt, að sveitirnar legðu eitthvað af hendi í kostnað þann, sem af þeim leiðir, og að eðlilegt sje, að fullnaðarprófin ein sjeu kostuð af landssjóði. Annars álít jeg þetta mál enn eigi svo undirbúið, sem æskilegt væri til þess, að rjett sje að gjöra slíka breytingu.

ATKVGR.:

Frvgr. feld með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingr. Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Eiríkur Briem,
Jósef Björnsson,	Guðm. Björnson,
Karl Einarsson,	Guðm. Ólafsson,
Karl Finnbogason,	Hákon Kristófersson,
Magnús Pjetursson.	Kristinn Daníelsson,
	Sigurður Stefánsson.

Frumvarpið þar með

fallið.

11. Dýrtíðarráðstafanir hjeraða.

Á 60. fundi í Ed., mánudaginn 13. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild bæjarstjórna og hreppsnefnda til dýrtíðarráðstafana. (A. 981).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr. með afbrigðum frá þingsköpunum, sem leyfð voru og samþ. um meðferð málsins.

Kristinn Daníelsson: Jeg býst við því, að það sje sama að segja um þetta frv. og frumvarpið, er var næst áður á dagskránni, að háttv. þingmenn hafi ekki haft tíma til þess að kynna sjer það, en jeg hefi kynt mjer það nokkuð, og álít, að það eigi ekki að ná fram að ganga og verða að lögum. *(Sigurður Stefánsson:* Sama segi jeg). En jeg álít kurteisara að lofa málinu til 2. umr., og legg því til, að því verði vísað til dýrtíðarnefndarinnar, að þessari umr. lokinni. *(Guðmundur Björnson:* Það er best að svæfa það).

Jósef Björnsson: Ut af því, er skotið var fram af einum háttv. þm. (G. B.), að best væri að svæfa frv., þá vil jeg taka það fram, að jeg er því algjörlega mótfallinn, að með málið sje farið á þann hátt, enda er það gagnstætt stefnu þeirri, er ríkt hefir hjer í háttv. deild og komið hefir nýlega svo glöggt fram við meðferð frv. um þjóðskjalasafnið. Vil jeg og taka það fram, að jeg álít það sjerstaklega óheppilegt að svæfa þetta mál í nefnd, hvað svo sem um það verður annars. Jeg álít betra að fella það. Því vil jeg ekki vísa málinu til nefndar, nema því að eins, að hún skili nefndaráliti sínu strax á morgun.

Forseti: Jeg tek það fram, að er jeg ber upp tillöguna um nefndarskipun, þá gjöri jeg það ekki til þess, að málið verði svæft, heldur vona jeg, að nefndin skili fljótt áliti sínu, og set því málið á dagskrá á morgun. Má þá afgreiða það á venjulegan hátt.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 9 : 2 atkv.

Frv. vísað til tollaganefndar með 8 atkv., en í henni sátu þeir

Björn Þorláksson,
Hákon Kristófersson,
Karl Einarsson,
Kristinn Daníelsson,
Stgr. Jónsson.

Á 61. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. sept., var frv. samkvæmt áður leyfðum afbrigðum tekið til 2. umr. (A. 981, n. 991).

Framsm. (Björn Þorláksson): Það er eins um þetta frv. og frv., sem var næst á undan á dagskrá, verðhækkunartollinn, að nefndin hefir einungis haft örstuttan tíma til að íhuga það. Eins og menn sjá, er það tekið fram í nefndarálitinu, að meiri hluti nefndarinnar, þrír nefndarmenn af fimm, telur það óþarft, og leggur hann það til, að frv, verði ekki látið ganga fram. Einn nefndarmaður hefir ekki enn látið uppi sína skoðun á málinu og einn hefir tjáð sig frv. fylgjandi.

Jeg skal reyna með örfáum orðum að rökstyðja álit meiri hluta nefndarinnar.

Þetta frv. mun eflaust vera fram komið sökum þess, hve mikið hefir verið talað um dýrtíð hjer á síðustu tímum, svo nú eru þeir menn jafnvel farnir að trúa á, að hún sje fyrir hendi, sem ekki gátu komið auga á það áður. En ekki held jeg, að það geti dulist mönnum, sem hafa augun vel opin, að þessi dýrtíð er öllu meiri í orði en á borði. Mest er hún í kauptúnunum, og þá sjerstaklega í Reykjavík, bæði í orði og á borði. Í sveitunum er alls ekki ástæða til að kvarta yfir dýrtíð.

Þetta frv. fer fram á að veita bæja- og

sveitastjórnum heimild til þess, að gjöra sjerstakar ráðstafanir til að bæta úr dýrtíðinni. Jeg hygg, að mörg ráð muni vera til, sem aðgengilegri sjeu en að láta bæja- og sveitastjórnirnar jafna gjaldi niður á efnaðri menn, til þess að hjálpa þeim, sem lakar eru settir. Hjer í Rvík virðist til dæmis liggja beinna við að loka sumum skemtistöðunum, t. d. kvikmyndahúsunum. Mjer finst því frekari ástæða til þess að loka þeim, að jeg hefi heyrt marga skynsama menn halda því fram, að þessar sýningar væru mjög skaðlegar fyrir augu allra, er á horfðu, skaðlegar fyrir tilfinningalíf ungra og óþroskaðra manna og skaðlegar fyrir pyngju manna. Kunnugur og sannorður maður, sem vissi um tekjur kvikmyndahússins hjer í Rvík, meðan það var ekki nema eitt, hefir sagt mjer að þær hafi verið um 90,000 kr. á ári, og áætlaði hann að tekjur beggja húsanna til samans mundu nú vera 150,000 kr. ári, þ. e. áður en kostnaður er dreginn frá. En nú er það víst, að fátækara fólk er jafnvel enn sólgnara í þessar skemtanir en aðrir, og eru jafnvel dæmi til þess, að menn hafa neitað sjálfum sjer og sínum um mat og drykk, til þess að geta veitt sjer þá skemtun, að horfa á þessar sýningar.

Jeg vík aftur að því, að þetta frv., ef það yrði að lögum, og þó það sje að eins heimild, yrði til þess að kveikja enn meiri barlóm hjá mönnum, og það yrði til þess, að fleiri leituðu dýrtíðarhjálpar hjá bæjar- og sveitastjórnum. Og þegar þær yrðu ekki við bænunum, yrði það, að jeg hygg, til þess, að baka sveitarstjórnum óvinsældir og erfiðleika.

Þegar jeg lít á frv., þá virðist mjer það óþarft. Þar segir svo, að jafna eigi niður, þegar sveitarstjórnirnar telja brýna þörf. Þær eiga að skera úr því, hvort svo er eða ekki. En það getur orðið afar erfitt fyrir sveitarstjórnir að dæma um, hve nær þörfin er svo brýn, að virkilega sje nauðsynlegt að láta niðurjöfnun fara fram.

Sveitarstjórnir geta með svo mörgu móti hjálpað fátækum mönnum, er erfitt eiga með að komast af. Jeg benti áðan á eina aðferð, þá, að sveitarstjórnir spornuðu við því, að fátækir fjölskyldumenn eyddu fje sínu um of í skemtanir, og gjörðu það með því, að loka um stund óþokkuðum skemtistöðum.

Besta hjálpin, sem hægt er að veita fátækum fjölskyldumanni, er að útvega honum einhverja atvinnu yfir veturinn. Um sumarið þarf þess ekki, því þá skortir vinnukraft, og þá er ekki hægt að vinna allt það, sem þörf er á. En á veturna er erfitt að fá vinnu. Jeg hygg, að hjer á Suðurlandi, þegar veðurátta er mild, mætti vinna að jarðabótum og ýmsri annari útivinnu, og ef svo er, þá virðist hægt að útvega hana, ef hlutast er til um það í tíma.

Jeg vil að svo mæltu, fyrir mína hönd, og meiri hluta nefndarinnar, leggja til að frv. sje felt.

Karl Einarsson: Jeg er eini maðurinn í nefndinni, sem vil að frv. þetta nái fram að ganga. Hv. 4. kgk. þm. (B. Þ.) talaði um, að lögin væru óþörf og dýrtíðin væri meiri í orði en á borði, en þótt það sje ef til vill svo nú, þá vitum við ekki, hvað getur skeð, ef atvinnu brestur og stríðinu linnir ekki.

Svo benti hv. þm. (B. Þ.) á ýms ráð, er nota mætti, svo sem að takmarka Bióin og kaffihúsin. Jeg ætla mjer alls ekki að fara að mæla með kvikmyndahúsunum; jeg held þau sjeu svona rjett í meðallagi nytsöm, en í þessu sambandi hafa þau mjög litla þýðingu.

Hv. 4. kgk. þm. (B. Þ.) var að tala um, að sveitir sumar útveguðu mönnum atvinnu; jeg sje ekki annað en það væri eins hægt í kaupstöðunum, enda er það einmitt það sem frv. þetta sjerstaklega ætlast til að gjört verði. Þessi ummæli hv. þm. eru því með frumv. en ekki móti því.

Þá var sami hv. þm. að tala um, að lögin mundu kveikja barlóm. En á því tel jeg enga hættu. Jeg býst við, að það fari enginn að leita hjálpar nema sá, sem er virkilega þurfandi, því hætt er við því, og jeg er sannfærður um það, að þessi styrkur mundi verða skoðaður sem sveitarstyrkur, og þó svo yrði ekki, mundu sveitarstjórnirnar gæta þess, að hann yrði ekki misbrúkaður.

Því var haldið fram af einum nefndarmanni, að það væri mikill vandi fyrir bæjarstjórnir að úthluta styrknum, en það verð jeg að telja að sje vel hægt, því um allt land eru menn svo kunnugir í sveit sinni, að þeir þekkja vendilega hvert heimili. Örðugast er það hjer í Reykjavík, en jeg tel þó engin tormerki á því, þar sem borgarstjóri hefir heila þyrping manna sjer til aðstoðar, alla bæjarfulltrúana meðal annars og fátækrafulltrúana. Þessi ummæli eru því að eins sögð út í loftið.

En aðalástæðan, sem þessir herrar hafa á móti frv., er vitanlega sú, að þeir, sem mikil efni hafa, verða að leggja af mörkum til hinna fátækustu. Miðstjettin, efnalega, greiðir ekkert, hún að eins sjer um sig. Því get jeg vel skilið mótstöðuna, og það, hverjir eru á móti frv.

Jósef Björnsson: Jeg þarf ekki að tala langt mál, því hv. þm. Vestm. (K. E.) hefir tekið margt af því fram, sem jeg þurfti fram að taka.

Það hefir verið sagt, að lög þessi væru óþörf, og að það væri engin dýrtíð. Jeg get skrifað undir þetta að mínu leyti, og jeg get ekki sjeð annað en að tekjur manna, bæði til lands og sjávar, sjeu með besta móti, en erfitt getur þó verið fyrir suma daglaunamenn í kaupstöðum, þó kaup þeirra hafi líka hækkað. En hv. 4. kgk. þm. (B. Þ.) sagði ekki eingöngu, að lögin væru óþörf, heldur líka að þau væru skaðleg, þau ali upp í mönnum barlómsanda. Við þetta er jeg ekki fremur hræddur en hv. þm. Vestm. (K. E.), því jeg er þess fullviss, að menn fara ekki að biðja um hjálp, fyrr en í harðbakkana slær. Og þó ekki sje dýrtíð nú, þá getur hún skollið á þá og þegar, og því verð jeg að telja rjett, að þingið afgreiði lög í þá átt, er frumvarp þetta fer fram á, því jeg tel rjett, að veita mönnum hjálp, án þess þeir missi mannrjettindi sín. En ef þeir fá hjálp eftir gildandi lögum, þá er það skoðað sem sveitarstyrkur, og jafnframt skerðing á rjettindum mannsins.

Jeg vil taka undir með þeim, er hafa sagt það vera mesta hjálp, að útvega mönnum atvinnu, en einmitt á þetta atriði leggur frv. áherslu, og það tel jeg mjög æskilegt, því sveitarstjórnir hafa gjört nóg að því, að drepa niður manndáð í mönnum með starfsemi sinni.

Jeg tel því þessa bendingu svo mikils virði, að jeg vil að frumv. nái fram að ganga (*Karl Einarsson*: Það er ekki bending, það er skipun). — Já, það er rjett; jeg er ekki hræddur við, að það knýi um of á dyr sveitastjórnanna.

Verði frumvarpið felt, þá tel jeg það augljósan vott þess, að allt þetta tal um dýrtíð sje að eins reykur, bóla og vindaský, og að menn vilji ekkert gjöra. Það má vera, að menn hafi allt af hugsað svo, en það er gott, að þeir sýni það með atkv. sínu.

Jeg tel að það geti komið dýrtíð, og því greiði jeg frumv. atkvæði mitt.

Kristinn Daníelsson: Jeg skildi svo, sem því væri beint til mín, er hv. þm. Vestm. (K. E.) var að tala um það, að einn nefndarmanna hefði litið svo á, að með þessu væri sveitarstjórnum teflt í vanda, því það var jeg, er hjelt því fram í nefndinni.

Jeg verð að líta svo á, að frumv. þetta sje ekki til þess fallið, að verða að lögum; það ber vott um þetta fálm, er gripið hefir suma hv. þm., og kemur fram undir nöfnunum: dýrtíðarnefnd, dýrtíðarskattur, dýrtíðaruppbót, dýrtíðarniðurjöfnun, dýrtíðar-

fálm, dýrtíðartollur, dýrtíðargjald, dýrtíðarráðstöfun o. s. frv.

Jeg tek undir með mönnum um, að hjer sje blandað saman dýrtíð og hallæri. Það er víst, að það er dýrtíð, en það er ekki hallæri. Jeg man það, að þegar jeg var ungur, þá báru menn engan kvíða, ef skip náðu því, að koma með matvöru. Ef hún kom, þá voru alt af einhver ráð til þess, að ná í hana.

En ef menn gefast upp, og geta ekki bjargað sjer, þá er það ekki nema gott og fallegt að hjálpa þeim, en það ætti þá að vera landshjálp, en ekki að segja við hvert sveitarfjelag, að það verði að bjarga sjer eins og best gengur. Þetta er stefnugalli á frumvarpinu.

Svo kemur margvíslegur vandi, er leiðir af þessu frumv., margs konar takmörk, er erfitt verður að greina. Hver eru takmörkin svo menn fái dýrtíðarstyrk? Hver eru efnatakmörkin til þess, að lagður verði á menn dýrtíðarskattur? Hver eru takmörkin fyrir dýrtíðarhjálpinni, og hver eru takmörkin fyrir sveitarstyrknum?

Jeg hygg, að af öllu þessu stafaði talsverður vandi.

Þetta er ekki sveitarstyrkur, en þó finnur löggjöfin, að það er sveitarstyrkur, og setur það nærfelt á bekk með honum.

Á þessi styrkur að hafa áhrif á sveitfestistimann? Á þessi styrkur að teljast með, þegar verið er að reikna tímann? (*Ráðherra*: Vitanlega!). Ef maður hefir verið 9 ár í sömu sveitinni og fær á 10. árinu dýrtíðarstyrk, hvar er hann þá sveitlægur? Þetta hefði þurft að taka skýrt fram í lögunum, alveg eins og það er tekið fram í fátækralögunum, hvernig skuli telja vist á spítala eða skóla.

Hjer er að eins um heimildarlög að ræða, er sveitarstjórnirnar ráða sjálfar hvort þær nota eða ekki, en jeg verð að taka undir með hv. 4. kgk. þm. (B. Þ.) um, að það er mikill vandi fyrir sveitarfjelögin, að fara með lög þessi.

Við, sem gamlir erum, verðum að játa það, að hversu sanngjarnlega sem við höfum viljað jafna niður útsvörunum, þá hafa þau aldrei verið fullkomlega rjettlát; okkur mönnum skjátlast allt af meira og minna.

Jeg hefði ekki horft í það, að verða með þessu, þótt sveitarstjórnirnar fengju ámæli; það er það venjulega, og allir svo vanir því; en jeg get það ekki af því, að jeg tel að höfuðstefna frumv. sje röng; það eigi að vera landshjálp sem veitt sje.

Karl Einarsson: Hv. þm, G.-K. (K. D.) taldi mörg vandkvæði á framkvæmd þessara laga, og setti fram margar spurningar, en öllum spurningum hans eiga sveitastjórnirnar að svara sjálfar — og svo frumv. sjálft.

Hann sagði, að löggjöfin fyndi, að hjer væri um sveitarstyrk að ræða, en þetta eru að eins gamlir hleypidómar. Það er einmitt þvert á móti; löggjöfin skoðar það ekki sem sveitarstyrk, og það er skýrt tekið fram í frv. Svo var það og, er hann var að tala um sveitfesti í sambandi við þetta; það er því auðvitað alveg óviðkomandi. Allt talað út í hött, og sýnir best, hvaða misskilningur ríkir hjá hv. þm. um þetta mál.

Svo var hann líka að tala um þennan vanda á að jafna niður, þennan vanda, sem ekki er til. Ef niðurjöfnunin er ekki fyllilega rjettlát, þá er ekki annað en að kæra, og þá fá menn tækifæri til þess, að bera sig saman við aðra.

Hv. þm. fanst það vera óþarft að setja lög þessi, því það mætti veita hjálp eftir gildandi lögum, en eftir þeim verða menn að sveitarlimum og missa rjettindi sín, og það er ófært. Jeg hefði kunnað betur við það, að landssjóður hefði greitt hjálpina, en jeg tel, að það hefði verið hættulegt, því þá hefði verið meiri hætta á, að það hefði verið misbrúkað, og því hefði jeg verið því fremur mótfallinn. Það lítur

nefnilega svo út, sem það sje alls ekki á móti skapi fólks, að þiggja fje hjá landssjóði, án mikils endurgjalds eða vinnu, en eftir frv. togast tvö öfl á, maðurinn, sem fær dýrtíðarhjálpina, og sveitarfjelagið.

Og svo er skipunin um að útvega mönnum vinnu; jeg hygg að hún sje nægileg í flestum tilfellum, þar sem vinnu er að fá, sem er nærfelt alstaðar.

Jeg held að þessi heimild sje til bóta í höndum skynsamra sveitarstjórna, en þær eru, sem betur fer, margar. Jeg veit ekki heldur, hvort hv. þm. (K. D.) er í svo miklum vandræðum, sem hann lætur í veðri vaka.

Framsm. (Björn Þorláksson): Mjer virðist bæði hv. þm. Vestm. (K. E.) og hv. 2. þm. Skagf. (J. B.), sem báðir eru með frv., hafi þó komist að þeirri niðurstöðu, að dýrtíð sje ekki eins mikil í landinu, og um hefir verið talað; en líka hafa þeir að vísu tekið það fram báðir, að sú dýrtíð gæti komið, að full þörf gjörðist að hlaupa undir bagga með ýmsum. En til þessa þarf ekki á neinum sjerstökum lögum að halda. Sveitastjórnarlögin heimila að veita þessa hjálp; og það er hægt að hjálpa á margan annan hátt en með beinum sveitarstyrk. Góðar sveitastjórnir láta sjer jafnan ant um að hjálpa þeim, sem í þröng eru, án þess að veita þeim beinan sveitarstyrk. Gjöra þær það ýmist með góðum ráðum, vinnuútvegun eða bráðabirgðalánum. Þessi lög eru því í raun inni alsendis óþörf. Jeg lýsi því yfir, að jeg er þeim með öllu mótfallinn, og það því fremur, sem þau geta stofnað sveitastjórnum í töluverðan vanda, eins og hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) tók mjög greinilega fram.

ATKVGR.:

1. gr. frv. feld með 8 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei*:
Guðm. Ólafsson,	Björn Þorláksson,
Hákon Kristófersson,	Steingr. Jónsson,
Jósef Björnsson,	Eiríkur Briem,
Karl Einarsson,	Guðm. Björnson,
Karl Finnbogason,	Jón Þorkelsson,
	Kristinn Daníelsson,
	Magnús Pjetursson.
	Sigurður Stefánsson.

Frumvarpið þar með *fallið*.

C.

Frumvörp, tekin aftur.

1. Vörutollsbreyting.

Á 45. fundi í Ed., laugardaginn 28. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll. (A. 640).

Á 47. fundi í Ed., þriðjudaginn 31. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið, og leitaði

forseti því leyfis til þess, að taka það til meðferðar, og veitti deildin það.

Flutningsmaður (Guðm. Björnson): Herra forseti! Jeg þarf ekki að fara neinum orðum um þetta mál; jeg hefi þegar talað fyrir því við næsta mál á undan, (Kaffi- og sykurtoll). Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að máli þessu verði vísað til sömu nefndar, sem kosin var í það.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv. og til tolllaganefndar í e. hlj., en hana skipuðu þeir

Björn Þorláksson,
Hákon Kristófersson,
Karl Einarsson,
Kristinn Daníelsson,
Steingr. Jónsson.

Á 62. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. sept. var frv. tekið til 2. umr. (A. 640, n. 994).

Undir umræðum um næsta mál á undan á dagskránni, lækkun kaffi og sykurtolls, var frv. af flutnm., 5. kgk. (G. B.) *tekið aftur.*

---

2. Kaffi- og sykurtollur.

Á 45. fundi í Ed., laugardaginn 28. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á tolllögum fyrir Ísland 11. júlí 1911. (A. 641).

Á 47. fundi í Ed., þriðjudaginn 31. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið, og leitaði forseti því leyfis til afbrigða frá þingsköpunum, svo að það yrði tekið til meðferðar, og veitti deildin það.

Flutnm. (Guðm. Björnson): Herra forseti! Núna ekki alls fyrir löngu átti jeg tal við einn erfiðismanninn hjerna í Rvík — einn af mörgum — og talið barst að dýrtíðinni.

Honum varð þetta að orði: „Drottinn minn dýri — hvernig eigum við aumingjarnir að fara að lifa í vetur?“

Síðan nýja bjargráðanefndin var kosin, hefir ráðherra kvatt okkur á fund á hverjum morgni. Það hefir verið fyrsta verkið hans og okkar nefndarmanna á hverjum degi að íhuga, hvaða ráð muni líklegust til að afstýra því, að mikill fjöldi manna fari á vonarvöl í vetur, og jafnframt sjá fyrir því, að landsjóður geti staðist óvænt útgjöld, sem fyrir geta komið, varna því, að hann verði gjaldþrota.

Jeg hefi orðið þess var, að ýmsir menn gjöra lítið úr dýrtíðinni og láta sjer fátt um finnast tekjuhallann, þó að hann nemi nú alt að því hálfri miljón króna.

Þessi rósemi manna kemur eflaust til af því, að við höfum *talað* of mikið um dýrtíðina, en gjört of lítið að því, að reikna og rannsaka; og líkt er um hitt: Við erum að lofa fje úr landssjóði, langt fram yfir tekjuáætlun, og segjum, eins og vant er, að tekjurnar muni fara fram úr áætlun, og bregðist það, þá megi taka lán. Þetta segjum við, en gáum ekki að því, að nú er heimurinn í því uppnámi, að allar *áætlanir* eru lausar *ágiskanir*, sem hæglega geta brugðist, og svo látum við þar á ofan eins og við vitum ekki, að á næstu misserum má alls ekki vænta þess, að við getum fengið fje að láni í öðrum löndum, og þá er ekki í önnur lánshús að venda fyrir landssjóðinn en bankana okkar; en það er auðsætt, að þeir geta ekki lánað landssjóði fé, án þess að stórskaða atvinnuvegi landsins, því að þá verða þeir að neita atvinnurekendum um lánsfje í stórum stíl.

Landsstjórninni og bjargráðanefndinni

er orðið ljóst, að þetta má ekki svo til ganga.

Þess vegna er komið fram í háttv. Nd. frv. um útflutningsgjald á þeim afurðum landsins, sem mest hafa stigið í verði, og þó aðallega á matvöru, sem seld er út úr landinu. Þar er að ræða um tekjuauka, sem getur numið um eða yfir 800,000 kr.

Mjer er óhætt að segja, að öll bjargráðanefndin telur þess konar álögur óhjákvæmilegar.

En því er ekki að leyna, að við nefndarmenn höfum engum heitum bundist um það, að fylgja því frv. óbreyttu.

Þvert á móti. Við erum sumir, jeg og aðrir, alveg mótfallnir *vigtartolli* á útfluttri vöru; við teljum *verðtoll* (hundraðsgjald) rjettmætan, og þá vitanlega mikið álitamál, hvað sá verðtollur eigi að vera hár og hve nær hann eigi að ganga í gildi, bara um að gjöra, að upp úr honum hafist álitlegur tekjuauki fyrir landssjóð.

Herra forseti!

Það má vera, að mönnum þyki undarlegt, að jeg skuli þá leyfa mjer að bera upp í þessari háttv. deild 2 frv., sem fara í öfuga átt við þetta frv. meðnefndarmanna minna í Nd.

Þessi frv. mín miða bæði að því, að *rýra* tekjur landssjóðs um eða yfir 300,000 kr. á ári.

Hvað veldur? Hvað gengur mjer til?

Dýrtíðin veldur, og mjer gengur það til, að ljetta eitthvað þyngstu sköttunum af þeim, sem erfiðast eiga, þeim, sem bíða stórbaga af dýrtíðinni, en hafa engan hagnað af henni.

Jeg hef tekið mjer fyrir hendur að *rannsaka* dýrtíðina.

Þegar jeg fór að leita fyrir mjer hjá kaupmönnum, varð jeg þess var, að hagstofustjórinn okkar hafði safnað skýrslum um verðhækkun á allskonar nauðsynjavöru, síðan ófriðurinn hófst. Hann hefir nú látið mjer í tje skrá yfir verð á nauðsynjavörum á miðju sumri 1914 og aftur nú um miðsumarsskeiðið. Jeg hefi svo reiknað hækkunina, og ætla að nefna nokkur dæmi:

Útlendar vörur.

	Verðhækkun.
Rúgmjöl	74 pct.
Hveiti	46 —
Haframjöl	44 —
Kandís	60 —
Hvítasykur	26 —
Smjörlíki	15 —
Matarsalt	25 —
Steinolía	11 —
Steinkol	78 —

Innlendar vörur.

	Verðhækkun.
Nautakjöt	20 pct.
Kindakjöt	c. 80 —
Nýr fiskur	14 —
Saltfiskur	$12^1/_2$ pct.
Trosfiskur	54 pct.

Þá ekki því að gleyma, að hjer í Rvík, ef ekki víðar í kaupstöðum, hefir húsaleiga hækkað stórum á síðustu misserum.

Í þessari skýrslu er farið eftir söluverði, *meðalverði*, hjer í Rvík 1914—1915.

Það leynir sjer því ekki, að hjer er dýrtíð, mikil dýrtíð, svo mikil, að óhætt má segja, að verðhækkunin á öllum helstu lífsnauðsynjum nemi 40—50 pct. til uppjafnaðar.

Herra forseti! Mjer er sagt, að einn sveitabóndi hafi nýlega kveðið upp úr um hagi sveitamanna, hrósað happi yfir dýrtíðinni og óskað þess, að ófriðurinn yrði sem lengstur.

Honum er vorkunn. Það er víst, að þótt aðfengnar vörur hafi hækkað stórum í verði, þá hafa þó landbúnaðarafurðir hækkað miklu meir að sínu leyti, svo að bændur hafa á þessu ári stórhagnað af dýrtíðinni.

Sjávarafurðir hafa einnig hækkað stórum í verði, svo að útvegsmenn hafa yfirleitt miklum gróða að fagna.

En hverjir verða þá fyrir skakkafallinu?

Það er augljós hlutur. Það eru þeir allir, sem búlausir eru, ekkert hafa að selja, annað en vinnu sína; það eru allir verkamenn, iðnaðarmenn og allir starfsmenn, sem vinna fyrir daglaunum eða mánaðarkaupi.

Þeir menn allir, sem kaupa *allar* sínar nauðsynjar, *bæði* útlendar og innlendar, miklu hærra verði en vant er, — þeir hafa einberan skaða af dýrtíðinni, en engan hagnað.

Að vísu hafa verkamenn fengið kaup sitt hækkað, allflestir, svo að nemur 10—25 pct., en dýrtíðin nemur fyrir þá 40—50 pct. Og það er víst, að fjöldi lágtlaunaðra starfsmanna hefur enn alls enga uppbót fengið. Þeir verða verst úti.

Þessu verður ekki neitað. Menn eru tilneyddur að játa því, hljóta að játa því. —

Það er erfitt að segja í *tölum*, hversu mikill hluti landsmanna býður þennan stórbaga, af dýrtíðinni. Í fólkstalinu 1910 er talið, að 6031 maður lifi á handverki og iðnaði, en í daglaunamannastjettinni eru taldir 4186. Þetta var 1910. Það er óefað lágt reiknað, ef gjört er ráð fyrir, að einn fimti þjóðarinnar hafi mjög lítinn hagnað af dýrtíðinni að neinu leyti, en bíði mikinn hnekki.

Þetta má til að laga, að einhverju leyti.

Og í því skyni ber jeg fram þessi tollækkunarfrumvörp. Það gjöri jeg upp á mín eigin býti, en ekki fyrir hönd bjargráðanefndarinnar.

Kaffitollurinn nemur nú um það bil 1 kr. 60 au. á mann, sykurtollurinn 3 kr. 72 au. og kornvörugjaldið 22 aurum, samtals 5 kr. 54 au. á hvert mannsbarn. Þar við bætist svo aðflutningsgjaldið af öllum öðrum aðfengnum nauðsynjavörum, sem *allir* þurfa á að halda, vefnaðarvöru, steinolíu o. s. frv.

Sannleikurinn er sá — sorglegur sannleikur, — að mestallar tekjur landssjóðs eru nefskattur, sem lenda jafnt á tómthúsmönnum og stórbændum, daglaunamönnum og útgjörðarmönnuum — því allir þurfa jafn mikið að eta, og erfiðismennirnir reyndar mest, og þeir slíta líka mestum fatnaðinum.

Þetta er ójöfnuður, það er ranglæti, óhafandi ranglæti.

Því hafa menn játað, margoft, líka hjer á Alþingi — það vantar ekki. En þó hefir þessi ójöfnuður verið *aukinn* á hverju þingi að heita má — tollarnir smáhækkaðir, og loks leitt í lög allsherjar aðflutningsgjald.

Það hefur verið *talað* um að hækka beinu skattana — rjettlátustu skattana, ósköpin öll verið um það talað, utan þings og innan — það vantar ekki. En þar við hefur setið, — ekkert verið gjört í þá átt — alls ekkert — það vantar; það vantar gjörsamlega, að eitthvað sje gjört í rjetta átt í skattamálum landsins.

Það er skemst á að minnast, hvernig fór um skattafrumvarp stjórnarinnar í hitteðfyrra hjer á þingi.

Herra forseti! Nú vona jeg, að allir skilji, hvert þau stefna, þessi nýstárlegu frumvörp.

Frumvarpið í neðri deild fer fram á útflutningsgjald af afurðum landbænda og útvegsmanna. Það fer í rjetta átt, því að þær álögur verða þyngstar á þeim, sem minst hafa milli handa. Þau gjöld verða eins konar beinir skattar, þeirra ígildi.

Og þessi frumvörp mín, þau fara líka í rjetta átt, þau miða að því, að ljetta að stórum mun þyngsta nefskattinn, sem hvílir á allri alþýðu manna — fátækri alþýðu. Sykurtollurinn er nú 15 aurar af tvípundi, eða rúml. 3 kr. 70 aur. á mann. Í frumvarpi mínu á þingskjali 641 er hann færður niður 5 aura af tvípundi; hann verður þá ekki nema 1 kr 25 aur. á mann, og í því sama frumv. er farið fram á, að lækka

kaffitollinn um helming. Hann er nú 1 kr. 60 aur. á mann.

Að leggja toll á aðflutta kornvöru, hjer í kornlausu landi, það er í mínum augum alveg óhafandi; gjaldið er lágt, — það er satt, — þaðer 10 aurar af 50 tvípundum, eða 22 aurar á hvert mannsbarn, því kornþörfin er um 108 tvípund á mann. En þess konar gjöld, aðflutningsgjöldin, eru eins og snakkarnir, sem hlupu undir ærnar í gamla daga — þau vaxa, þau tútna hröðum fetum, þau eru blóðsugur.

Hvað sem annars má segja um vörutollin okkar nýja, þá er það víst, að kornvörur áttu ekki og máttu ekki þar við koma.

Og hvað sem hver segir, herra forseti, þá er það víst, að sykurtollur er hjer á landi — í sykurlausi landi, alveg eins ranglátur, jafnóhafandi og korntollur, því sykur er holl og ódýr fæða fyrir allan almenning, engu síður en kornmaturinn.

Jeg stóð einn uppi á þingi 1905, og barðist þá á móti hækkum á sykurtollinum.

Nú stend jeg aftur einn uppi og legg eindregið til, að sykurtollurinn verði lækkaður.

Þann toll ætti að afnema með öllu síðar meir — og það skal ekki standa á mjer; en jeg þykist vita, að ekki muni tjá að nefna slíkt að þessu sinni.

Herra forseti! Það er svo um allan heim, að margir eru fátækir en fáir ríkir.

Og farsælastar eru þær þjóðir, sem eiga því að fagna, að öll alþýða manna, allur verkamannalýðurinn, hefir næga atvinnu og allar lífsnauðsynjar svo ódýrar, að hver tómthúsmaður getur unnið fyrir konu og börnum og komist vel af. —

Því *verður* nú ekki neitað — jú, því verður kann ske *neitað*, en það verður ekki *hrakið*, að þessi stefnubreyting í skattalöggjöf landsins er rjettlát, nauðsynleg og sjálfsögð — þetta tvent, að gera útfluttar lífsnauðsynjar að skattstofni, en lækka eða afnema tollana á aðfluttri matvöru.

Dýtíðin núna leiðir það í ljós svo áþreifanlega, hvað öll okkar tollalöggjöf er skökk og ranglát.

Fjárlagafrumv. er augljós vottur um tekjuþörf landssjóðs.

Það er vitanlega *hægast* að fara að gömlum sið, láta reka á reiðanum, í þeirri von, að það slampist af.

Og það er annað: Við segjum, að fæst orð hafi minsta ábyrgð. Og síðan þessi mikli ófriður hófst, og þjóðin lenti í öllum þeim vanda, sem af honum leiðir, þá er ekki um að villast; það er harla auðsætt, að hjer á Alþingi, bæði í fyrra og núna, hefir verið talsvert hik á mönnum, talsverð tregða, að eiga nokkuð verulega við mestu vandamál þjóðarinnar.

Það er skiljanlegt. Alt orkar tvímælis, þá er gjört er.

Og það er auðvitað, að við berum ábyrgðina á öllu því, sem við gjörum hjer á þingi.

En við berum líka, herra forseti, ábyrgð á því, sem við látum ógjört.

Jeg er mjög þakklátur háttv. deildarmönnum fyrir það, að þeir hafa leyft mjer að bera upp þetta frv. Jeg leyfi mjer þá að leggja það til, að skipuð verði fimm manna nefnd að lokinni þessari umr., til að íhuga þetta mál, og svo til ætlað, að hinu frv. mínu verði vísað til sömu nefndar, og þá líka þeim dýrtíðarmálum, sem kunna að berast hingað frá háttv. neðri deild.

Jósef Björnsson: Jeg skal reyna að þreyta ekki háttv. deild á löngu máli, en jeg get ekki stilt mig um, að fara nokkrum orðum um frv., af því, að jeg lít nokkuð öðrum augum á það en háttv. flutningsmaður (G. B.). En áður en jeg sný mjer að málefninu sjálfu, ætla jeg að víkja örlítið að einu atriði í ástæðum flutningsm. (G. B.) með frv.

Jeg kannast ekki við það sem allskost-

ar rjett, sem háttv. flutnm. (G. B.) hefir sett í ástæður sínar fyrir frv., að dýrtíðarnefndin hafi verið öll á einu máli um, að nauðsyn bæri til, að auka tekjur landsins, með því, að leggja útflutningsgjald á matvöru, sem flutt er út úr landinu. Hitt hefði verið rjett, að segja, að bjargráðanefndin hefði öll verið sammála um, að rjett væri, að því væri hreyft í þinginu, jafnframt og íhuguð væri dýrtíðaruppbót launaðra starfsmanna landssjóðs, hvort ekki bæri nauðsyn til, að auka tekjur landssjóðs á einhvern hátt, svo að dregið yrði úr eða bygt fyrir tekjuhalla á fjárlögunum. Því einu tel jeg mig samdóma og frekar ekki, því frv. þeim, er fram eru komin um þetta efni, hefi jeg verið og er ósammykkur eins og þau liggja fyrir, og gagn og vinsældir lögákveðinnar, almennrar útbýtingar tel jeg tvísýnt.

Það, sem jeg ætlaði sjerstaklega að minnast á með nokkrum orðum, var það, sem háttv. flutnm. þessa frv. (G. B.) sagði og lagði mesta áherslu á, að stefna okkar Íslendinga í skattamálum væri röng, og að sú stefnubreyting, sem hjer kemur sumpart fram í frv. hans, að afnema innflutningstolla og taka upp útflutningstolla í staðinn, eins og fram á er farið í frv. þeim, sem flutt hafa verið í Nd., væri rjetta leiðin. *Þessa stefnu get jeg ekki aðhyllst.* Í þessu efni er algjörður stefnumunur milli mín og háttv. flutningsm. (G. B.). Aðalástæðan til þess, að jeg álít hana *ranga* og *hættulega*, er sú, að jeg lít svo á, að tilfinnanlegur útflutningstollur mundi verða hamla á framleiðslu landsmanna. Ef útflutningstollar væru svo þungir, að þeir væru veruleg byrði fyrir framleiðendur, er enginn vafi á, að tollarnir mundu draga úr áhuga þeirra, er að framleiðslu vinna, til að framleiða mikið, og jeg get ekki viðurkent, að þeir komi rjettlátlegar niður en þeir tollar, sem teknir eru af aðfluttum vörum. Háttv. flutningsm. þessa máls (G. B.) sagði, að núverandi tollar væru í raun og veru nefskattar, en að útflutningsgjald væri það síður. Jeg skal játa með honum, að allir þurfa á mat að halda, jafnt fátækir sem ríkir, og að af óumflýjanlegum lífsnauðsynjum til viðurværis, svo sem korni, sykri og jafnvel kaffi, verði menn að borga gjald, sem líkist nokkuð nefskatti. En ef maður athugar, hvernig tollarnir kæmu niður, ef þeir væru lagðir á útfluttar vörur, þá kemur það í ljós, að þeir geta hitt jafnt fátæka sem ríka, að minsta kosti stundum. Ýms framleiðslufyrirtæki eru rekin þannig, að þar sem einn hefir sitt eigið fje til starfa, verður annar að nota annara fje, af því, að hann á ekki fje sjálfur. Háttvirtur 5. konungkjörinn þingmaður (G. B.) þarf ekki að hrista höfuðið. Jeg skal skýra þetta dálítið nánar, svo að hann skilji hvað jeg fer. Jeg vil taka til dæmis tvo bænd ur. Annar þeirra á 100 fjár og skuldar engum neitt; hinn á líka 100 fjár, en það er alt skuldafje og leigufje; hann á ekki einn eyri sjálfur. Afurðastofn beggja bændanna er því jafn, og engu meiri líkur til, að sá ríkari selji meira frá búi sínu en hinn, sem er bláfátækur. Öllu líklegra finst mjer, að þetta yrði oft og einatt öfugt, svo að skatturinn kæmi harðar niður á þeim, er fátækari væri, og reyndist því enn ranglátari en beinn nefskattur. Jeg er sannfærður um, að háttv. 5. kgk. (G. B.) veit dæmi þess, að þetta getur átt sjer stað. Og eins og þetta getur átt sjer stað um bændur, getur það sama átt sjer stað á öðrum sviðum. Annar er ríkur, en hinn fjelaus og framleiðslan er jöfn. Í dæminu, sem jeg nefndi áðan, kæmi sennilega að jafnaði viðlíka mikið gjald á hvern bónda. En nú gæti það bætst ofan á, að einmitt sá bóndinn, sem fjelaus væri, væri barnamaður, og ætti því að framfæra fleiri menn en hinn, og sjá þá allir, að ekki er sanngjarnt, að þeir greiði jafnan skatt, þótt þeir framleiði báðir jafn mikið. Nei, jeg fyrir mitt leyti get ekki verið með að breyta

til, og hverfa frá tollum á aðfluttum vörum og leggja þá í staðinn á útfluttar afurðir landsins. Sje aðflutningsgjald órjettlátt og viðsjált, þá er útflutningsgjald þó hálfu verra og viðsjálla, og ætti helst ekki að vera til. Útflutningsgjald það, sem nú er í lögum, tel jeg því neyðarúrræði, sem að eins megi við una, meðan verið er að koma í kring hentugra skattafyrirkomulagi en því, sem nú er. Af þessum sökum, og mörgum öðrum, verð jeg að taka það fram, að jeg get ekki aðhylst útflutningsgjaldsstefnuna, og ef nú á, af sjerstökum ástæðum, að taka dýrtíðarskatt af innlendum afurðum, þá lít jeg svo á, að eins og háttv. flutnm. líka er mjer sammála um, að það megi þá ekki vera annað verra en verðtollur, helst *verðauka-* eða gróðatollur. Enginn getur sagt um hvernig verð á afurðum landsins kann að velta frá degi til dags, og það er rjettmætt, að þegar verðið hækkar, þá sje tollurinn hærri, en að hann lækki, þegar verð vörunnar fellur. En verðtollur á útfluttum vörum verkar í gagnstæða átt við verðtoll á aðfluttum vörum. Á þetta legg jeg áherslu, og bið menn að athuga það vel, að svo hlýtur að vera, en þetta gjörir verðtoll á útfluttum og aðfluttum vörum ekki sambærilegan, og verðtollinn á aðfluttum vörum er miklu óheppilegri en á útfluttum. Neytendur aðfluttrar vöru verða að greiða í verðtoll því hærra gjald, sem varan hækkar í verði, og gjaldþol þeirra er lakara í stað þess, að þegar um verðtoll á útfluttri vöru er að ræða, þá greiða framleiðendur því hærri toll, sem þeir fá meira fyrir afurðir sínar, og því stígur og fellur gjaldið eftir því, sem gjaldþol framleiðanda eykst eða þverrar.

Jón Þorkelsson: Þó það sje fallegt, að tala um að líkna þeim, sem bágt eiga, þá verð jeg að segja það, að sjaldan hefir komið loftkendara mál inn á þingið en þetta frv. Það hefir verið sýnt fram á, að það mundi valda svo og svo mikilli verðlækkun á kaffi og sykri, en það er ekki búið að sýna, að hún mundi lenda í höndum þeirra manna, sem þurfa þess með, neytendanna.

Mjer dettur ekki í hug, að þessi 10 aura lækkun á sykurtvípundi muni lenda í höndum neytendanna. Jeg held, að kaupmenn mundu ekki selja sykurinn ódýrara fyrir það. Það mundi því ekki verða annað unnið við þetta en að kaupmönnum væri gefin þessi upphæð. Að því er korntollinn snertir, þá er hann svo lágur, að engu munar, að eins 10 aurar af hverjum 100 pd. En hitt er víst, að landssjóður bíður tekjumissi við þessi frv., og hann ekki alllítinn, enda hefir háttv. flutnm. sjálfur sýnt fram á, að tekjumissir landssjóðs mundi nema um 300 þús. kr. Og hitt er nærri því eins víst, að hagurinn lenti ekki hjá landsmönnum, heldur hjá kaupmönnum. Það, sem á svo að bæta þetta upp, er útflutningsgjaldið, sem borið hefir verið fram í Nd. Hv. 2. þm. Skagf. (J. B.) kvaðst vera á móti útflutningsgjaldi, en jeg sje ekki hvers vegna mætti ekki leggja slíkt gjald á vörur, sem við þurfum ekki í landinu sjálfu. Af því frv., sem hjer liggur fyrir, bíður landssjóður tekjuhalla, en landsmenn hafa engan hagnað af því. Jeg get því ekki sjeð hvað unnið er. Háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) sagði, að tollllöggjöfin væri skökk, en hverju er það að kenna?

Hverju er þetta að kenna? Það hefir verið kastað fyrir borð öruggasta tollgrundvellinum. *(Guðm. Björnson:* Kemur hann með brennivinið enn!). Það er rjettlátt að tolla þá vöru, sem menn geta án verið. Jeg tel því víst, að úr því að hann sjer, að tollllöggjöfin er skökk, þá vilji hann taka upp þennan grundvöll aftur og nema úr gildi bannlögin. Það er að minsta kosti nær, heldur en að leggja á útflutningsgjald, því að það kemur niður á landssjóð sjálfan. En eins og allir vita, þorguðu útlendingar mikið af áfengistollinum, alt að $^1/_3$. Það fje fengum við frá útlönd-

um, og því höfum við nú ófyrirsynju kastað frá okkur í bilndni. Jeg hefi ekkert á móti því, að frv. þeim, er hjer liggja fyrir, sje vísað til nefndar; jeg býst við, að þau verði grafin þar. Það er engin vissa fengin fyrir því, að landsmenn hafi hag af þeim, en landssjóður bíður, ef þau ná fram að ganga, stóran tekjuhnekki.

Steingrímur Jónsson: Jeg kann ekki við að segja ekkert um frv. þessi við 1. umr. Þau eru nýstárleg og merkileg, ekki síst fyrir þá sök, að þau koma í þinglok.

Það voru nokkur orð í ræðu háttv. 5. kgk. þm. (G. B.), sem jeg vil undirstrika, því að þau voru rjett.

Það hefir mikið verið talað um dýrtíð, eins og við hefðum aldrei haft dýrtíð áður. Við Íslendingar erum ekki minnugir. Árið 1892 steig rúgur um 80%, og var hann þá jafnvel enn þýðingar meiri vara en nú. Menn hafa líka gleymt dýrtíðinni, sem gekk yfir þetta land 1882—1888. Þá var harðæri, grasbrestur og ógengd í öllum hlutum, og allar afurðir lækkuðu tilfinnanlega í verði. Sú dýrtíð, sem við eigum nú við að búa, stafar af því, að peningar eru stöðugt fallandi í verði. Þetta hefir Alþingi ekki viljað viðurkenna, að peningar hafa fallið í verði með hverju ári. En þetta hefir þó alveg sjerstaklega átt sjer stað síðasta árið, og er það afleiðing ófriðarins mikla. Þetta er sú eiginlega dýrtíð fyrir þetta land og ekki annað. Þess vegna eru frv. þessi, sem nú eru fram komin, merkileg. Jeg lít ekki sömu augum á þau og háttv. 6. kgk. þm. (J. Þ.). Þau standa í sambandi við peningaverðfallið. Þess vegna legg jeg mestu áherslu á þau, og vona, að nefnd sú, sem kosin verður til þess, að athuga þau, geti starfað í sambandi við nefndina í Nd., sem væntanlega verður skipuð í dýrtíðarfrumvarpinu. *(Guðmundur Björnson:* Á háttv. þm. við dýrtíðarfrumvarpið?). Jeg á við útflutningsgjaldsfrumvarpið. Jeg mun síðar koma að dýrtíðarfrumvarpinu.

Háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) gat um, að sú stefna, sem ríkt hefði í okkar skattamálum, væri órjettlát og háskaleg. Það er sjerstaklega vegna þessara orða, að jeg stend upp. Jeg þakka honum fyrir þau orð, því að þau eru rjett og í tíma töluð. Við höfum undanfarin ár látið reka á reiðanum með allar áhyggjur út af fjármálunum, og afleiðingin hefir orðið sú, að við höfum lagt toll á nauðsynjavöru. Nú má það ekki svo til ganga lengur. Gildir þetta einkum um sykurtollinn; hann hefir nú verið stofntekjur landsins í 20 ár. Jeg hefi sannfærst um það betur og betur, að engin vara er nauðsynlegri en sykur, ekki einu sinni rúgmjöl. *(Guðmundur Björnson:* Rjett, alveg rjett). Því held jeg, að frv. sje orð í tíma talað. Jeg setti mig af þessum ástæðum mest á móti hækkun sykurtollsins á Alþingi 1907, og jeg tek vel lækkuninni, ekki vegna dýrtíðarinnar, heldur af því, að það er rjettlátt. Jeg vil leyfa mjer að benda á, að það er ávalt gott að líta til þess, sem gjörst hefir í fortíðinni, þegar maður ætlar að taka ákvarðanir fyrir framtíðina. Þegar Englendingar höfðu afnumið hjá sjer kornlögin frægu 1845, afnámu þeir einnig sykurtollinn. Þeir vissu, að enginn skaðlegri skattur fyrir almenning var til. Þetta hefir áhrif á mitt atkvæði. Þetta er þess vert, að það sje tekið til yfirvegunar. Sykurinn er nauðsynjavara, en með kaffitollinn stendur öðru vísi á, enda þótt kaffið sje líka nauðsynjavara.

Þá er að minnast á þá stefnubreytingu, sem háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) vildi taka í skattamálunum. Hann vildi ekki leggja gjöld á aðfluttu vöruna, en mjer skyldist svo, sem honum þætti vegurinn burt frá því ljettur; það þyrfti ekki annað en að velta þeim yfir á útfluttu vöruna. Þetta held jeg að sje vanhugsað, og því þurfi að athuga það betur. Jeg sje ekki ann-

að en að þetta sje töluverður vandi, eins og háttv. 2. þm. Skagf. (J. B.) tók fram. Jeg sje ekki, að það sje auðvelt, að taka tollinn af innfluttu vörunum og velta honum yfir á útfluttu vörurnar. Eitt er rjett hjá háttv. 5. kgk. þm. (G. B.), og það skal jeg viðurkenna. Ef nokkur meining á að vera í þessum útflutningstolli, þá verður hann að vera verðtollur. En jeg vil bæta því við, að hann má aldrei vera hár, því að annars getur hann heft framleiðsluna, eins og háttv. þm. Skagf. benti á. Jeg hefi hugsað mikið um útflutningsgjald, og aldrei getað sjeð, að það gæti gefið landssjóði verulegar tekjur, nema sem alment verslunargjald á alla útflutta vöru. Álagningin yrði þá að fara eftir því, sem nauðsynjarnar segðu til; það væri gefið á vald almenningi. Þetta held jeg að sje vegurinn. Það næst besta er verðskatturinn, en hann má aldrei vera hár, má ekki vera „konfiskation". Það má aldrei koma fyrir, að lagður sje hár skattur á nauðsynjavöru. Menn hafa ef til vill tekið eftir því, að tollurinn á sykri hefir stundum verið 75% af innkaupsverðinu. Það hefir komið fyrir, að pundið hefir kostað 10—11 aura í innkaupi, en tollurinn hefir verið 7 1/2 eyrir.

Jeg vil geta þess, að jeg get ekki verið á sama máli og háttv. 6. kgk. þm. (J. Þ.), að hætta sje á, að það sem dregið er af tollinum, lendi í vösum kaupmanna. Til þess er of mikil samkepni milli þeirra, er versla með kaffi og sykur. Hjer í Reykjavík t. d. er ágóðinn af þeirri vöru mjög lítill.; en út um land, þar sem samkepnin er ekki eins mikil, kann hann að vera ofurlítið hærri. Og sama gildir út um land og í Reykjavík, að verslunarskuldafarginu er að miklu leyti ljett af.

Jeg skal ekki fjölyrða meir um þetta mál. Mjer þykir það svo merkilegt og nýstárlegt, að jeg vil láta íhuga það og rökræða.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv.

Samþ. að kjósa fimm manna nefnd með 11 samhlj. atkv.

Kosningu hlutu:

Björn Þorláksson,
Kristinn Daníelsson,
Karl Einarsson,
Hákon Kristófersson,
Steingrímur Jónsson.

Á 62. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. sept., var frv. teki til 2. umr. (A. 641, n. 993).

Flutnm. (Guðm. Björnson): Þegar það kom til tals í dýrtíðarnefndinni, að leggja gjöld á innlendar afurðir, þá hjelt jeg því fram, að jeg gæti því að eins verið slíku fylgjandi, að jafnhliða væri að nokkru ljett þeim skatti af þjóðinni, sem jeg tel ranglátastan, það er að segja tolli á lífsnauðsynjum almennings. Því bar jeg frv. þetta fram hjer í deild, þegar jeg vissi að fram kom í háttv. Nd. frv. um hátt útflutningsgjald á landsafurðum vorum. Nú er þessu máli snúið svo, að í háttv. Nd. hefir að vísu verið samþyktur dálítill verðhækkunarskattur á útfluttar landsafurðir; en hann nemur svo litlu, að ekki getur komið til mála, að rýra að neinu leyti tekjur landsins hans vegna. Jeg hefi haldið fram, og jeg held enn fram þeirri rjettlátu breytingu á skattalöggjöfinni, að ljett sje tollum á þeim lífsnavðsynjum, sem fátækir þurfa jafnt að afla sjer sem ríkir, svo sem er um sykur. Þessu hefi jeg haldið fram, og því mun jeg halda fram meðan jeg lifi. Jeg fullyrði það, að það sje bæði holl og rjettlát breyting á skattalöggjöfinni, að gjald sje lagt á útfluttar afurðir fram yfir það, sem nú er, en ljett á innfluttum lífsnauðsynjum, því

að þeir tollar eru beinn nefskattur og því ranglátur, en af útflutningsgjaldinu greiða þeir mest, sem mest flytja út.

En eins og nú er málum komið, er ekki til neins að tala frekar um þetta á þessu þingi; það verður að bíða síðari og betri tíma.

Tek jeg því aftur þetta frv. og hið næsta á dagskránni um breytingu á vörutolli.

Frv. þar með

tekið aftur.

D.

Frumvörp ekki útrædd.

1. Fiskveiðar á opnum skipum.

Á 22. fundi í Ed., þriðjudaginn 3. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög 11. júlí 1911, nr. 28, um viðauka við lög 14. des. 1877, nr. 28, um ýmisleg atriði, er snerta fiskveiðar á opnum skipum, og lög 10. nóv. 1905, nr. 53, um viðauka við nefnd lög. (A. 196).

Á 24. fundi í Ed., fimtudaginn 5. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flutnm. (Karl Einarsson): Skömmu áður en jeg fór að heiman, fjekk jeg brjef frá deild fiskifjelagsins í Vestmannaeyjum, þar sem farið var fram á, að þeim lögum, sem jeg hefi hjer farið fram á að beryta, yrði breytt á þá leið, að framvegis mætti gjöra fiskisamþyktir fyrir öll skip, hversu stór sem þau eru, ef þau stunda fiskveiðar með lóð. Jeg hefi þó ekki gengið svo langt í þessu frv. Jeg álít nóg, að lögin nái til báta, sem eru 30 smálestir og minni. Lögin ná nú til þiljaðra mótorbáta, sem ekki eru stærri en 15 smál., en það hefir sýnt sig, að þessir bátar eru alt af að stækka, og í vetur hefir einn bátur gengið úr Eyjunum, sem er 20 smál., og annar, sem er 27 smálestir. Mönnum þykir hart, að þessir bátar skuli geta róið þegar öllum öðrum er bannað að róa, þar sem þessir bátar stunda veiðar á alveg sama hátt og hinir. Og það vil jeg taka fram, að þessir bátar gjöra. Þeir koma einnig heim að kvöldi, og er því rjett að sama gildi um þá og aðra báta. Jeg vona að háttv. deild taki þessu máli vel, og vil jeg jafnframt henda á, að rjett væri að færa saman lög þau, sem sett hafa verið um þetta efni, að minsta kosti þau, sem sett hafa verið síðan 1905. Vil jeg að lokum leyfa mjer að stinga upp á, að þriggja manna nefnd verði skipuð til að athuga málið að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv.

Samþ. með 10 shlj. atkv. að skipa þriggja manna nemd í málið, og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Karl Einarsson,
Kristinn Daníelsson,
Eiríkur Briem.

Á 49. fundi í Ed., fimtudaginn 2. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 196, n. 661).

Framsm. (Karl Einarsson): Jeg hefi borið þetta litla frv. fram samkvæmt áskorun frá fiskifjelagsdeild Vestmannaeyja. Sjómenn þar hafa talið nauðsynlegt, að setja nákvæmar reglur um, hve nær bátar fari til fiskjar á tímanum frá 1. jan. til 30. apríl, en yfir lengri tíma nær fiskveiðasamþykt Vestmannaeyja ekki, og sjómönnum þar leikur ekki hugur á að lengja þann tíma. Reglur þessar hafa verið settar aðallega til þess, að bátarnir gætu betur varast línur hver annars, og til þess, að þeir gætu náð lendingu í tæka tíð. Samþyktin nær nú til báta með allskonar veiðarfæri, en samkvæmt viðaukatill. á þgskj. 661 vill nefndin, að hún nái ekki, að því er þessa báta snertir (frá 15—30 smál.), til annara en þeirra, sem veiða á lóð og leita hafnar daglega. Nú ganga víst tveir bátar úr Eyjunum, sem nota net, og er óþarft, að þeir sjeu háðir gildandi reglum um tímatakmörk. Hins vegar er ekki rjett, að mótorbátar, sem eru yfir 15 tonn, sjeu undanþegnir reglunum, og leyfi jeg mjer um það efni að vísa til fylgiskjals á þgskj. 661.

Þar sem frv. þannig fer ekki fram á nein veruleg nýmæli og það nær að eins til Vestmannaeyja, vona jeg, að háttv. deild taki því vel og lofi því fram að ganga.

Eiríkur Briem: Jeg hefi ekki getað orðið sammála háttv. meðnefndarmönnum mínum. Jeg verð yfirleitt að telja það varhugavert, að veita mönnum heimildir til slíkra samþykta, sem geta takmarkað framkvæmdir þeirra, sem hafa betri áhöld eða meiri dugnað. Slík takamarkandi ákvæði hafa oft gengið svo langt, að jafnvel þeir, sem hafa barist fyrir þeim, hafa seinna sjeð, að þeir sjálfir sköðuðust á þeim. Jeg hygg, t. d. að taka, að allir sjeu nú orðnir á eitt mál sáttir um, að samþyktirnar um netjalagningar hjer í Faxaflóa, hafi verið til ills eins. Jeg vil því ekki rýmka svið slíkra samþykta. Hins vegar vil jeg taka það fram, að jeg álít, að viða.till. nefndarinnar á þgskj. 661 sje til bóta.

Framsm. (Karl Einarsson): Jeg bjóst við, að háttv. 1. kgk. þm. (E. B.) mundi tala í þessa átt. Jeg vissi áður, að hann er yfirleitt mótfallinn heimildum til allra slíkra samþykta, og það get jeg skilið. En þess er að gæta, að hjer stendur alveg sjerstaklega á. Eyjarnar liggja úti í rúmsjó, og þegar fiskveiðar þaðan eru stundaðar um hávetur, þá er eigi furða, þótt menn vilji reisa einhverjar skorður við gálausri sjósókn. Fiskveiðasamþykt Vestmannaeyinga er alls ekki ófrjálsleg, og gengur aðallega í þá átt, að tryggja það, að menn fari sjer ekki að voða, nje spilli veiðarfærum sínum. Jeg hefi heyrt sjómenn í Vestmannaeyjum fullyrða, að ómögulegt væri að stunda þar sjó, ef slík samþykt væri ekki. Jeg vil því vona, að háttv. deild samþykki frv., enda er hjer ekki freklega í málið farið.

ATKVGR.:

Brtt. 651 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv.gr. svo breytt samþ. með 9 : 1 atkvæði.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 samhlj. atkvæðum.

Á 50. fundi í Ed., föstudaginn 3. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 711).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frv. samþ. með 11 : 1 atkv. og afgreitt til Nd.

(A. 734).

2. Söknargjaldsskylda.

Á 13. fundi í Ed., fimtudaginn 22. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga, um breytingu á lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um söknargjöld. (A. 73).

Á 15. fundi í Ed., laugardaginn 24. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutnm. (Hákon Kristófersson): Jeg skal ekki þreyta menn með löngu máli að þessu sinni. Það, sem fyrir mjer vakir með þessu frv., er það, að ósanngjarnt og óheppilegt er, að ellihrumir menn sjeu látnir gjalda þetta gjald, þótt lágt sje, eins og þeir verða að gjöra samkvæmt núgildandi lögum. Jeg hefi miðað aldurinn við 60 ár, því sá aldur er tiltekinn í lögunum um ellistyrktarsjóði. Jeg býst við, að því verði slegið fram, að þetta sje talsverður tekjumissir fyrir landssjóð, og er það að vísu satt. En það er kunnugt, að hjer í deildinni hafa komið fram ýms frv., sem tekjumissi hafa haft í för með sjer, og þó þau hafi, ef til vill, sum fjallað um meiri framtíðarspursmál, þá hafa þau naumast verið *sanngjarnari* en þetta. Á meðan að kirkjan er óaðskilin frá ríkinu, þá er sjálfsagt, að reyna að halda henni uppi, án þess að leita til ellihrumra gamalmenna, til þess að fá fje þeirra manna, sem ef til vill liggja í kör, og yfirleitt geta lítil not haft af presti og kirkju. Eins og sjá má af frv., hefi jeg gjört ráð fyrir því, að þeim sem útsvar greiddu, þó yfir 60 ára væru, bæri að gjalda hið lögákveðna gjald til kirkju og prestslaunasjóðs. Tilgangur minn með frv. er að eins sá, að undan gjaldi þessu sjeu þegin öll fjelaus gamalmenni. Því jafnaðarlegast munu það vera fjelausir menn, sem ekkert útsvar er gjört, eftir því sem þarfir sveitarsjóðanna eru orðnar miklar nú, og fara sífelt vaxandi.

Jeg segi ekki, að þetta frv. sje sjerstaklega vel hugsað, en í því felst rjettlæti, og jeg vona, að það geti orðið til þess, að ýta undir mjer færari menn, til þess að athuga málið.

Það er öllum ljóst, hvað í frv. felst, og að þetta er nokkur tekjumissir, en mjer finst ekki ástæða til að fjölyrða um málið, þar sem þetta er 1. umr. En jeg leyfi mjer að gjöra það að tillögu minni, að kosin verði þriggja manna nefnd í málið, að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.:
Samþ. með öllum greiddum atkv. að vísa málinu til 2. umr.

Þriggja manna nefnd var kosin, og hlutu kosningu þeir

Hákon Kristófersson,
Kristinn Daníelsson,
Steingrímur Jónsson.

Nefndarálit um frv. kom aldrei fram, og frv. var aldrei tekið til 2. umr.

Frumvarpið varð því

ótrætt.

3. Tolllaus áfengislyf.

Á 22. fundi í Ed., þriðjudaginn 3. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á tollögum nr. 54, 11. júlí 1911. (A. 199).

Á 24. fundi í Ed., fimtudaginn 5. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið út af dagskrá.

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 7. ágúst, var frv. tekið aftur til 1. umr.

Flutnm. (Magnús Pjetursson): Það er ekki stórt á pappírnum frv., sem jeg kem hjer fram með. En þó hefi jeg þegar orðið þess var, að því muni ekki standa „beinn byrr undir báða vængi“ hjer út úr deildinni.

Jeg býst við, að allir kannist við, að það er tvent, sem menn hafa ætlast til að áfengistollurinn gjörði; fyrst er það, að takmarka áfengisneytslu í landinu, og hitt, að gefa tekjur í landssjóð, en hvorttveggja þetta ætti nú að vera úr sögunni. Víninu er með lögum útrýmt úr landinu, og í stað áfengistollanna er nú kominn nýr tollur, vörutollurinn. Og *þó* er áfengistollur enn þá hjer á landi. En þá verður að athuga, hvort hann er sanngjarn, og hvar hann kemur niður.

En nú er því svo farið, að tollur þessi kemur mest á áfengi, sem notað er í meðul eða sem meðul. Landssjóður á því að hafa tekjur af sjúklingum. Þetta finst mjer rangt, og algjörlega gagnstætt stefnu tollaga, því það hefir verið stefnan og venjan, að fyrst sje lagður tollur á munaðarvöru, en síðast á nauðsynjavöru. Og hvað á að teljast nauðsynjavara, ef það eru ekki læknislyf?

Mönnum gæti dottið í hug, af því að læknir ber fram frv. þetta, að það sje af eigingirni, eða hagsmunavon fyrir hann og stjettina, en það er rangt. Læknar selja lyf sín eftir taxta, sem landlæknir semur árlega handa þeim, og er þar gjört ráð fyrir ágóða þeim, er þeim er ætlaður af sölunni. Ágóðinn verður því hinn sami af lyfjasölunni, hvort sem verð lyfjanna er hátt eða lágt.

Hitt dylst engum, hversu hróplegt ranglæti það er, að leggja skatt á sjúklinga — láta landssjóð græða á því, að menn sýkist. Það er þó sannarlega sjaldnast hægt að segja, að gjaldþol manna *aukist* við veikindi og sjúkralegur. Jeg hefi átt tal um þetta við menn, og mjer hefir verið sagt, að löggjafarvaldinu hefði að eins láðst, að fella þetta atriði úr lögunum, þegar aðflutningsbannið gekk í gildi. Tekjumissir er það að vísu, ef þetta er felt burtu, en þær tekjur eru rangfengnar.

Jeg fjölyrði ekki meira um þetta í bráð, en óska að háttv. deild sýni frv. þá kurteisi, að minsta kosti, að kjósa þriggja manna nefnd, til þess að athuga það, og leyfi því til 2. umr.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 6 samhlj. atkvæðum. — Tveir þingmenn fjarstaddir.

Samþ. í einu hljóði að kjósa þriggja manna nefnd.

Þessir voru kosnir:

Magnús Pjetursson,
Hákon Kristófersson,
Steingrímur Jónsson.

Nefndarálit um frv. kom aldrei fram, og frv. var aldrei tekið til 2. umr.

Varð það því

ótrætt.

E.

Þingsályktanir.

I.

Þingsályktanir afgreiddar til ráðherra.

1. Stjórnarskrárstaðfesting.

Á 8. fundi í Ed., föstudaginn 16. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um stjórnarskrármálið. (A. 41).

Á 9. fundi í Ed., laugardaginn 17. júlí, var till. tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti: Jeg leyfi mjer að stinga upp á einni umræðu.

Ein umræða samþykt í einu hljóði.

Á 11. fundi í Ed., þriðjudaginn 20. júlí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók till. út af dagskrá.

Á 12. fundi í Ed., miðvikudaginn 21. júlí, var till. aftur tekin til einnar umr.

Karl Einarsson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á því, að málið sje tekið út af dagskrá, sökum lasleika eins þingmanns, 2. þm. Skagf. (J. B.), sem þó eigi mun vera alvarleg ur, og er von um bráðan bata. Engin tímatöf þarf að verða að þessu, þar eð annríki er eigi mikið, og við getum á meðan haldið fjárlaganefndarfund með Nd. Umræður um mál þetta kynnu ella að dragast, og hefi jeg þetta á móti að ræða það svo, að allir sjeu eigi viðstaddir, hve málið er mikils vert, og auk þess alveg sjálfsögð kurteisi við viðkomandi þingmann að fresta umræðum.

Björn Þorláksson: Jeg verð að lýsa yfir því, að jeg er á annari skoðun en háttv. þm. Vestm. (K. E.). Það er þegar búið að taka mál þetta út af dagskrá áður, og sams konar mál hefir verið í Nd., og þar verið eytt í það 2 dögum frá störfum þingsins, og vildi jeg því, að málið gengi fram í dag. Hygg jeg, að málið þyrfti ekki að koma í bága við störf fjárlaganefndarinnar í dag, því það ætti að geta verið útrætt áður, enda gæti það eins rekist á önnur áríðandi störf á morgun. Sem flutningsmaður krefst jeg því þess, að málið sje ekki tekið út af dagskrá; en vísa þessu annars til háttv. forseta.

Forseti: Jeg get ekki sjeð ástæðu til að taka málið út af dagskrá, þrátt fyrir veikindi eins þingmanns, sem ekki er flutningsmaður.

Karl Einarsson: Jeg æski þess, að forseti beri það undir deildina, hvort málið skuli tekið út af dagskrá.

Forseti: Jeg skal verða við þeim tilmælum.

ATKVGR.:

Samþ. með 6 : 4 atkv. að taka málið út af dagskrá.

Á 13. fundi í Ed., fimtudaginn 22. júlí, var till. að lyktum tekin til einnar umr.

Flutnm. (Jón Þorkelsson): Jeg mun verða fáorður um þessa till., enda hygg jeg að flestir hafi fengið fullnóg af ærnum þvættituggum um þetta mál. En nokkur orð verð jeg þó að láta fylgja till. úr hlaði.

Það var fyrst 1903, að uppburður íslenskra mála fyrir konung var gjörður að sjermáli, með því að taka ríkisráðsákvæðið inn í stjórnarskrána, eða svo hefir Alþingi viljað líta á það mál. 1911 var svo ríkisráðsákvæðið aftur felt úr stjórnarskrárfrumvarpi því, — til reynslu, — er þá var samþ. á þinginu, en þá komu þau skilaboð frá konungi — að vísu munnleg með þávarandi ráðherra, en ekki skjalleg —, að stjórnarskráin yrði ekki staðfest, nema ákvæðið væri sett inn aftur. Alþingi 1913 greip þá til þess þjóðráðs, að mæla svo fyrir, að málin skyldu borin upp „þar sem konungur ákvæði", og hugðu menn nú að hlýða mundi. En sú varð þó ekki raunin á, því að enn varð hlykkur á, þegar konungur ljet svo ummælt 20. okt. 1913, að hann mundi ákveða, að málin skyldu borin upp í ríkisráði, eins og hingað til, og skyldi sú skipan haldast, þangað til ný sambandslög yrðu sett og samþykt af ríkisþingi Dana og Alþingi Íslendinga. Nú leist mönnum ekki á blikuna, því að hjer með var rjettur Íslendinga, til þess að ákveða *einir* um uppburð sjermálanna, numinn úr höndum þeirra, og þá kemur fyrirvarinn til sögunnar. Eftir allmikið þjark varð það ofan á, að Alþingi 1914 samþykti stjórnarskrána aftur óbreytta, en ljet fyrirvara fylgja samþyktinni. Jeg hefi litið svo á, að í fyrirvaranum hafi falist það, að sjermálin skyldu hjer eftir sem hingað til borin upp í ríkisráði, en hitt vera áskilið, að uppburður þeirra væri sjermál vort. Um þetta skyldi gefa út íslenskan konungsúrskurð, en hin danska auglýsing, sem ráðgjörð hafði verið, skyldi falla úr sögunni.

Jeg get nú ekki betur sjeð, en að ráðherra hafi fengið fyrirvaranum fullnægt í öllum greinum, og meira en það. Það er meira að segja einnig uppfyltur hinn svo nefndi Hvannárfyrirvari, svo að nú þarf enginn að óttast, að ný sambandsnefnd verði skipuð af konungi, og sett einhver, okkur meira eða minna ógeðfeld og óhagfeld sambandslög, en við því mátti búast samkvæmt orðum konungs 20. okt. 1913. Nú bólar hvergi á þessu. Sá áskilnaður er fallinn niður. — Konungur sjálfur hefir með eigin hendi undirskrifað sitt eigið nafn og samþykki á sjálfan fyrirvarann með samþykki sínu á tillögum ráðherrans. En þó að nú ráðherra hefði ekki fengið fyrirvaranum fullnægt, þá get jeg ekki betur sjeð en að *Alþingi og Íslendingar* stæðu eftir sem áður með óbundnar hendur. Með fyrirvaranum vildi Alþingi, að mjer skilst, að eins *geyma rjett sinn og þjóðariunar*, og þeim vilja Alþingis getur enginn ráðherra á nokkurn hátt hnekt eða gjört hann að engu. En nú þarf ekki slíkt að ræða, þar sem ráðherra hefir að öllu leyti fengið vilja Alþingis framgengt. Honum ber því fylsta traust og þökk þings og þjóðar fyrir aðgjörðir sínar í þessu máli.

Margt hefir verið talað um umræðurnar í ríkisráði, en ekki get jeg sjeð, að það skraf skuldbindi okkur á nokkurn hátt. Það getur ekki rýrt rjett Íslands, þótt danskur ráðherra vilji mæla sjer rjett yfir íslensku máli, þegar sú ásælni hans mætir jafnharðan eindregnum og ugglausum mótmælum Íslandsráðherra. Jeg hygg gagnslaust að fara hjer að eltast við alt það, sem sagt hefir verið um umræður þessar, enda hefir ráðherra svo rækilega skýrt það mál, að flestum er trúandi til þess að hafa nú áttað sig á því.

Margir hafa talið það galla á gjöf Njarð-

ar, að sú skipan, sem nú er gjörð á uppburði sjermálanna, á að haldast um æfidaga þess konungs, sem nú er. En þess er þó að gæta, að heimilt er að setja ríkisráðsákvæðið, sem nú er, aftur inn í stjórnarskrána, og má nú hver, sem vill og ekki fellir sig við það, sem orðið er, fara að fitja upp á þeirri pólitík. — Þá hafa sumir sett það fyrir sig, að aðferðin hafi ekki verið sem heppilegust, þegar ráðherra tók við stjórn, og hafa menn út af því verið að spjalla um utanstefningar og hitt og þetta dót annað. En jeg sje nú meiri missmíði á mörgu öðru en síðustu ráðherraútnefningu. Sá, er áður fór með völd, var orðinn missáttur við konung og hafði kastað í hann búrlyklinum. Konungur var því blátt áfram bæði neyddur og skyldugur til að fá sjer nýjan ráðherra, og það er einkarjettur konungs, að velja ráðherra sína sjálfur. Þetta gjörði hann, og gjörði það lögum samkvæmt. Það kann að vísu að geta verið hentugt, þegar svo ber undir, að ráðherraskifti verða að vera milli þinga, að þingmenn geti þá talað sig saman, þótt konung reki hins vegar engin lagaskylda til að taka neitt tillit til annars í því efni en síns eigin vilja, enda ætla jeg það sje hvergi venja í þingræðislöndum, að kalla saman þing, þó að ráðherraskifti verði, og kostnaðarsöm mundi sú ráðabreytni hafa orðið hjer, og vafalaust lítt þokkuð af öllum landslýð. Hins vegar gat ráðherra kynt sjer svo vel vilja þingmanna, hvers í sínu lagi, að hann gat gjört sjer nokkurn veginn ljósa hugmynd um þingfylgi sitt. Og það hygg jeg, að muni koma í ljós hjer í deildinni, ekki síður en í háttv. Nd., að ráðherra hefir ekki farið hjer villur vegarins.

Það er ætlan mín, að hæstv. ráðherra hafi nú þegar hlotið traust, og muni hljóta hljóta þakklæti alls meginþorra þjóðarinnar fyrir góða framgöngu sína í þessu máli. Lengi höfðu margir látið hátt um það, að lífsnauðsyn væri á því, að fá stjórnarskrána staðfesta, einkum vegna rýmkunar kosningarrjettarins. Sumum var nú raunar óljóst, hvort hjer fylgdi hugur máli, sjerstaklega að því, er til kvenþjóðarinnar kom. Bæði voru skiftar skoðanir um það, hver nauðsyn væri á því, að konur færu að taka þátt í pólitík, og svo var mönnum ekki fullljóst, hvort þær í heild sinni kærðu sig svo mikið um það sjálfar. En hinn 7. þ. m. gátu allir sjeð það glöggaugnalaust, að þetta var konum hin fylsta alvara. Mönnum mun það ekki úr minni liðið, að þá gengu hjer prúðar heiðarkonur af hendi kvenna á fund Alþingis, til að votta þingheimi þökk fyrir rjettindi þau, er nú voru konum veitt. Og meðal þessara sendifulltrúa kvenna voru að vísu konur, sem annars hafa aldrei verið að því kunnar, að gefa sig að neinni pilsapólitík. Svo var og um kvennaskarann á Austurvelli, að þar voru margar slíkar konur. Jeg hygg því, að háttv. Ed. þurfi ekki að hika við að samþykkja till. þá, sem nú liggur fyrir, því að bæði er það, að hjer hefir verið vel ráðið fram úr miklu vandamáli, og svo hitt, að ráðherra sá, er nú höfum vjer fengið, og auðnast hefir að koma þessu máli svona heppilega fram, er maður vitur og hálærður og svo dæmafár dugnaðarmaður, sem allir vita. Og hvað er svo að athuga við þetta alt saman?

Kristinn Daníelsson: Jeg get tekið undir þau orð háttv. flutnm. þessarar tillögu (J. Þ.), að mikið hefir þegar verið talað um þetta mál. En þó þykir mjer hlýða að nokkur orð sjeu töluð um það einnig hjer í þessari háttv. deild frá sjónarmiði mínu og þeirra, sem eins líta á það og jeg.

Jeg get ekki neitað því, að jeg undraðist, er jeg sá þessa tillögu, að sjá 3 sjálfstæðismenn, menn, sem hafa játast til þeirrar pólitísku stefnu, að vernda sjerstaklega og efla sjálfstæði landsins, rita nafn sitt á þessa tillögu. Sjá þá halda því fram, að staðfestingarskilmálar stjórnarskrárinnar 19.

júní þ. á. sje í fullu samræmi við fyrirvara þann, sem sjálfstæðismenn gjörðu á Alþingi 1914 til varnar íslensku sjálfstæði og íslenskum málstað, þegar þó **allir vita**, að svo er alls ekki, sem jeg nú vona að geta sannað, þó að það sje svo augljóst, að hvert mannsbarn sjái. Enda viðurkenna það allir, nema þeir, sem þurfa að halda hinu fram, til að verja ráðherra og gjörðir hans.

Og [væri nú svo, að einhver viti ekki eða skilji til fulls, þá ætti valið þó ekki að vera vandasamt, að vera í liði með þeim, sem vita; að minsta kosti til varúðar, að vera Íslands megin, þegar danskur og íslenskur málstaður eru að togast á.

Hitt undraðist jeg ekki, að við tillögu þessa er hnýtt ánægjuyfirlýsing yfir staðfesting stjórnarskrárinnar. Það er hvorttveggja, að þjóðin óskaði staðfestingar, enda hefir það ráð mjög verið notað, að hampa henni óspart, til að láta menn gleyma því, hvað dýru verði hún hefir verið keypt.

En jeg undrast, að sjá þessa tillögu borna fram af *sjálfstæðismönnum* til að storka samherjum sínum, þegar þeir eru að vara við, að nú sje verið að gjöra yfirsjón gegn sjálfstæði Íslands. Því að, þó tillögunni væri vís sigur í þessari háttv. deild, og það yrði síðan dómur sögunnar, að nú hafi verið gjörð yfirsjón, þá verður sú yfirsjón við þetta enn stærri. En þó að ekki væri þann dóm að óttast, þá er tillagan þó tilgangslaus; öllu komið fram án hennar.

Tillagan segir, að staðfestingarskilmálarnir sjeu í fullu samræmi við fyrirvarann. Jeg gæti afsakað þetta í munni þeirra, sem töldu fyrirvarann óþarfan, og þó ekki. Úr því að hann var sendur, þá ættu ekki heldur þeir að vilja, að vilji Alþingis væri að engu hafður og fótum troðinn.

En alt öðru máli er þó að gegna um sjálfstæðism., þar sem fyrirvarinn var ávöxtur af stjórnmálastefnu sjálfra þeirra. Þeir höfðu sjálfir samið og samþykt hann í ákveðnum tilgangi og ætlað honum ákveðið verk að vinna.

Og nú sjá þeir opnum augum, að tilganginum er ekki náð, verkið ekki að eins óunnið, heldur niðurstaðan orðin gagnstæð.

Skoðun þessara tveggja stjórnmálaflokka var gagnólík.

Hinir fyrri, sem töldu fyrirvarann óþarfann, litu svo á, eins og framsm. stjórnarskrármálsins í Ed. 1914 komst að orði, að það væri að vísu „engin ókurteisi að láta hann fylgja . . . . heppilegt, að álit Alþingis yrði kunnugt, hjer og erlendis.“

En sjálfstæðismenn vildu meira, — ekki að eins að álit Alþingis yrði kunnugt, heldur að það yrði tekið gilt af hinum aðila, konungsvaldinu. Annars vildu þeir ekki kaupa staðfesting stjórnarskrárinnar með ákvæðinu um að konungsvaldið rjeði, hvar sjermálin væru borin upp.

Þetta er ómótmælanlegt, að þessi var tilgangurinn. Þess vegna var búist við, að svo kynni að fara, að stjórnarskráin yrði að falla. Meðal annars sagði sami framsm. í Ed. um orðið „áskilur“ í fyrirvaranum: „sem hugsanlegt væri, að ekki yrði ósaknæmt gagnvart því, að stjórnarskrárfrv. næði fram að ganga.“

Enginn gjörði ráð fyrir, að stjórnarskráin yrði staðfest, nema skilyrði Alþingis væri fullnægt.

Enginn gjörði ráð fyrir, að sjálfstæðismenn fengi þeim manni umboð til að fara með stjórnarskrána, sem ljeti sjer nægja, að gjöra álit Alþingis kunnugt — það var áður fullkunnugt, — án þessa að fá það tekið gilt.

Enda gjörðu þeir það ekki, og sá maður, sem fór með það, skildi rjett hlutverk sitt og hlaut almanna lof fyrir, þjóðarinnar og allra stuðningsmanna sinna á þingi.

Hinn manninn tók konungsvaldið, sem vjer áttum ágreininginn við. Hann hafði ekkert þinglegt umboð, til þess að ráða þessu máli til lykta, og ekkert fremur fyrir það, þótt hann ynni verk sitt í því trausti,

að verða varinn á eftir, aðallega af mótstöðuflokki sínum, sem stóð á alt öðrum grundvelli, þeim grundvelli, að engan fyrirvara þyrfti, og átti samkvæmt þjóðræði og þingræði engu að ráða um úrslit þessa máls, svo lengi sem nýjar þjóðkosningar efldu hann ekki til að taka það í sína hönd og fara aðra braut. En ráðherra hefir þó ekki enn fært sönnur á, að hann hafi átt vísan meiri hluta, þegar hann tók við völdum. Og þó að konungi sje það rjett, að taka sjer ráðherra til að gegna stjórnarstörfum, þá er það vafalaust brot á þingræði, að ráðherra tekur að sjer að leysa „kabinets"-spursmál á þann hátt, sem orðið er.

Með þessu hefir verið unnið það hermdarverk á íslensku þingræði, sem ekki að eins allt þingið ætti að rísa á móti, heldur hver einasti þingmaður að hafa liberum veto o: áskilja sjer rjett að mótmæla; hermdarverk, sem unnið er á þingræðinu í sambandi við grundvallarrjettindi landsins, frumparta sjálfstæðis vors, hlýtur að vera óafmáanlegur blettur á sögu þingsins og um leið þjóðarinnar.

En lengra skal jeg ekki að sinni rekja þá sögu, heldur snúa mjer að fyrirvaranum.

Ekki skal jeg tala langt um tildrög hans öll, því það er svo margsögð saga.

Jeg vil að eins minna á, hvernig baráttan, sem hann er vaxinn af, byrjaði með því markmiði, að hafa sjermálin út úr ríkisráðinu. Og nú ætlar hún að enda með því, að þau sjeu með góðu samþykki Íslendinga látin vera þar kyr.

Það er í minni, að sá vitri maður Magnús Stephensen landshöfðingi árið 1897 hóf málaleitanir við stjórnina á eigin hönd um það, að málin væri ekki borin upp fyrir konungi í ríkisráði. Hann sýndi sig þar sem djúpvitran föðurlandsvin, sem skildi, hvar lágu aðalrætur sjermálarjettinda vorra. Og enginn mun bregða þeim manni um, að hann væri neinn róttækur angurgapi. En ekki setti hann fyrir sig, að það væri vandfundinn staður, til að bera upp málin, eða ábyrgð, sem Danir ættu að bera á oss gagnvart öðrum þjóðum.

Sami var vilji Alþingis 1897. Sá stjórnmálaflokkurinn, sem sjálfur mun þá hafa talið sig róttækari, vildi ekki samþykkja frumvarp til breytingar á stjórnarskránni, nema í það væri sett ákvæði um, að sjermálin mætti ekki bera upp í ríkisráði Dana.

En svo snerist þetta nú svo undarlega 1903, að jafngildi þessa ákvæðis, eða eins gott þótti þá sama stjórnmálaflokki það vera, að setja í stjórnarskrána það ákvæði, að málin skyldi bera upp í ríkisráðinu.

Þetta, sem var nú í sjálfu sjer fráleitt, var afsakað með því, að úr því að vjer settum það sjálfir, þá væri það sönnun fyrir, að vjer rjeðum því sjálfir og gætum breytt því þegar vjer vildum; það væri að eins meðan vjer sjálfir vildum svo vera láta, án allrar íhlutunar Dana. Og svo miklu þótti þetta skifta, að sjálfur foringi heimastjórnarmanna, Hannes Hafstein, kvaðst mundu verða landvarnarmaður, ef hann hjeldi, að þetta væri ekki áreiðanlegt.

Nú hefir baráttan haldið áfram á þessum grundvelli: *Málin út úr ríkisráðinu*, eða til bráðabirgða staðfesting þess, að vjer rjeðum sjálfir uppburði þeirra, að uppburður sjermálanna væri sjermál, staðfesting, sem engin gat hugsast önnur en viðurkenning frá Dana hálfu, að minsta kosti að þeir hættu að mótmæla þessum rjetti vorum, og hegðuðu sjer samkvæmt því, án íhlutunar í mál vor.

Vjer vitum hvernig þetta hefir farið.

Það nægir að minna á ártölin, þá muna allir athurðina, sem við þau eru bundin. 1911, þegar ákvæðið um uppburð sjermálanna í ríkisráðinu var tekið út úr stjórnarskránni, og skilaboð konungs 1912, þar sem hann setur sig á móti þessu. Þann miðlunarveg, sem farinn var 1913, þegar sett var inn í stjórnarskrána, að málin

skyldu borin upp þar, sem konungur ákveður. Því næst það, sem gjörðist í ríkisráðinu 20. okt. 1913, þar sem konungur setti sig aftur eindregið á móti, sem kom í ljós í opnu brjefi sama dag, meðundirrituðu af ráðherra Íslands.

Þar var boðin staðfesting stjórnarskrárinnar með þeim skilyrðum; *að* ákveðið yrði eitt skifti fyrir öll, að málin skyldu borin upp í ríkisráðinu, og — ekki að Íslendingar rjeðu sjálfir breytingum á því, heldur *að* á því gæti engin breyting orðið, *nema* Alþingi og Ríkisþing samþykti sambandslög. Með öðrum orðum: nema Íslendingar gæfust upp við allt, sem þeir höfðu barist fyrir, sem var, að taka málin út úr ríkisráðinu, *eða* fá viðurkent, að þeir rjeðu sjálfir með konungi, hve nær þeir gjörðu það.

Þá er komið að dyrum fyrirvarans.

Opna brjefið 20. okt. 1913, hafði fengið Alþingi úr tvennu vöndu að ráða, að gefa annaðhvort upp staðfesting stjórnarskrárinnar eða þann rjett, sem það hafði verið að berjast fyrir.

Það var gjörð tilraun til að bjarga hvorutveggja, með fyrirvaranum.

Jeg segi tilraun, því að Alþingi var sjer þess vel meðvitandi, að það afgreiddi málið í óvissu, að svo gat farið, að annhvort yrði að víkja, staðfestingin eða rjetturinn. En þá blandaðist engum hugur um, að það var staðfestingin, sem átti að víkja.

Þegar talað er um fyrirvarann, þá má gjöra það, og hefir það verið gjört, með tvennu móti:

1. að tala um, hvað honum var ætlað að vinna; þann tilgang, sem í honum felst, án þess að binda sig við sjálf orð hans;
2. að taka hann sjálfan, eins og orð hans liggja fyrir.

Hvorttveggja þetta er í sínum fulla rjetti. En verði ekki sama niðurstaðan, sem sjálfsagt ætti að verða á hvorn háttinn sem er, þá neitar víst enginn, að þá á að halda sjer við orð fyrirvarans sjálfs.

Því að þótt allir hefðu sama tilgang, var lengi verið að velja um orðalagið, sem örugt væri til að ná honum. Það orðalag, sem á honum er, varð ofan á, og það eitt hefir gildi. Þeir, sem eru sama hugar, sem þessi tillaga, þeir hafa nú mest talað á fyrnefndan háttinn, að binda sig ekki svo við orð fyrirvarans.

Þeir hafa talað um auglýsinguna til Dana, sem fyrirvarinn hefði átt að fyrirbyggja, en fyrirvarnn nefnir hana ekki, því að hún sjálf var aldrei aðalatriði, þótt hún væri ósamrýmanleg því, sem var aðalatriðið.

Þeir hafa talað um, hvað ráðherra hafi sagt og sagst halda fast við, en það var ekki heldur neitt aðalatriði, heldur hitt, hvað hann fengi konung til að segja á sína ábyrgð, eða segja ekki, til þegjandi samþykkis, svo að það, sem ráðherrann hafði sagt, mætti þá standa óhaggað.

Þeir hafa hliðrað sjer hjá orðum sjálfs fyrirvarans, einkum þessum aðalorðum hans: „áskilur að hann verði skoðaður sem hver annar íslenskur konungsúrskurður".

Tilgangur fyrirvarans var vitanlega sá, að lýsa yfir, að vjer gengjum ekki að skilyrðum opna brjefsins, *um* að ákveða eitt skifti fyrir öll, og *um* óbreytanleik á uppburði málanna, og *um* samverknað dansks löggjafarvalds, eða, sem hefði verið enn verra, danskra stjórnarvalda, en að setja vor skilyrði í staðinn, skilyrði, sem án þeirra mátti ekki taka móti staðfestingu stjórnarskrárinnar.

Tilgangur fyrirvarans var sá, að koma því til leiðar, að rjettur vor til að ráða uppburði sjermálanna, og einnig að taka þau út úr ríkisráði, væri viðurkendur, að minsta kosti ekki vjefengdur, og um engar skorður samið fyrir framkvæmd þessa rjettar vors.

Og á ýmsan hátt mætti orða tilganginn, sem allt ber að sama brunni: Uppburður sjermálanna óvjefengt sjermál.

Hefir nú þessum tilgangi verið náð með staðfestingarskilmálum stjórnarskrárinnar?

Nei, þjer hljótið allir að svara: Nei, því að orðum fyrirvarans hefir *ekki* verið fullnægt, skilmálarnir eru *ekki* í samræmi við fyrirvarann, hvað sem þessi tillaga segir.

Fyrirvarinn byrjar á þeim inngangi, að lýsa yfir, að *ef* svo yrði litið á, að með því, sem gjörðist í ríkisráði 20. október 1913, sbr. opið brjef s.d., hafi uppburður sjermálanna verið lagður undir danskt valdsvið, þá mótmælti Alþingi því.

Það var nú enginn *efi* á, að svo var litið á, að þetta yrði afleiðingin, því að einmitt þetta, sem ráðherra gjörði 20. okt., varð honum að falli.

En nú á það ekki að verða þeim ráðherra að falli sem gjörir alveg hið sama, þótt í lítið eitt öðru sniði sje. Nú á að verðlauna það með traustsyfirlýsingu, sem þá kostaði ráðherrastólinn.

Af því að Alþingi leit svona á þá, kom það með skilyrði sitt, sem er nú aðalkjarni og efni fyrirvarans, að það *áskilur, að* væntanlegur konungsúrskurður um uppburð sjermálanna *verði skoðaður* sem hver annar *íslenskur konungsúrskurður*, enda geti konungur breytt honum á ábyrgð Íslands ráðherrans eins, án íhlutunar Dana, svo að það standi fast, að uppburður sjermálanna sje sjermál.

„Áskilur að væntanlegur konungsúrskurður verði skoðaður". Af hverjum?

Auðvitað ekki af Alþingi; ekki gat þurft að áskilja það.

Enda vill svo vel til, að jeg get vitnað í eigin orð hæstv. ráðherra um það, af hverjum sje átt við, að hann verði skoðaður. Þegar háttv. þm. N.-Þing. (B. S.) á síðasta þingi bar fram þessa spurningu: Af hverjum? þá svaraði núverandi ráðherra: „Hver ætti að skoða hann svo? Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það, að það er vitanlega konungsvaldið".

Vjer skulum þá rifja upp þessi skilyrði Alþingis.

1. Að úrskurðurinn verði skoðaður sem hver annar íslenskur konungsúrskurður.

2. Að hann verði breytanlegur á ábyrgð Íslandsráðherrans eins, án íhlutunar dansks löggjafarvalds eða stjórnarvalda, og

3. því haldið föstu, að uppburður sjermálanna sje viðurkendur sjermál.

Eru nú staðfestingarskilmálarnir í samræmi við þetta? Spurningin er næstum því móðgandi, að ætla nokkrum manni að láta sjer detta slíkt í hug, þegar maður nú les skilmálana og allar umbúðirnar, sem staðfestingin og úrskurðurinn byggist á.

Það er þá fyrst, að hann sje skoðaður af konungsvaldinu o.s.frv.; fyrir því vottar ekki, ekki *einu sinni* með þegjandi samþykki. Þvert á móti; konungur hefir þar orð um (vitanlega með samþykki ráðherrans), sem eru þessu alveg ósamrýmanleg. En sjálfur núverandi ráðherra vildi jafnvel fara lengra en að láta sjer nægja þegjandi samþykki. Hann segir í grein í Ísafold 31. desember 1914:

> „Það, sem vjer vildum fá *skýrt* fram, var það, hvort konungur skoðaði málið sjermál eða eigi. En þá *yfirlýsingu* höfum vjer alls eigi fengið".

Jeg undirstrika þessi orð ráðherra 31. des., að hann vill að það komi *skýrt* fram, og gjörir ráð fyrir *yfirlýsingu* um það, og bið menn að bera það saman við afstöðuna nú, er þeir athuga orð konungs, til að leita þar að þessari skýru yfirlýsingu.

Nei, ef úrskurðurinn væri skoðaður af konungsvaldinu sem eingöngu íslenskur og á valdi Íslendinga,

1. þá gæti konungur ekki talað um samkomulag frá öllum hliðum;

2. þá gæti hann ekki vitnað í vilja sinn í ríkisráðinu áður, því að þá væri hann breyttur;

3. þá gæti hann enn síður aftekið breytingu í sinni stjórnartíð, og

4. þá gæti hann allra síst talað um aðra skipun jafn trygga, og

5. þá hefði hann ekki lagt fyrir að birta skýrslu um þetta í Danmörku.

Öll þessi orð hefir konungur um.

Með öðrum orðum, það er vandlega forðast eitt einasta orð til viðurkenningar skilyrði Alþ., en hvert orð er í góðu samræmi við opna brjefið. Hefði fyrirvaranum verið fullnægt, kom ekki til mála neitt af þessum orðum. Þetta, hvert um sig, og einkum alt saman, er svo bersýnilegt, að það er raunalega broslegt, að fullorðnir Íslendingar skuli vera að togast á um það.

Og þetta alt, sem konungur segir, er sama sem að Íslandsráðherrann segi það sjálfur, því hann hefir sjálfur fyrirfram samið orðin, eða samið um, að konungur skyldi segja þessi orð og gengið að því.

Þegar ráðherra og fylgismenn hans hafa slegið því fram, að forsætisráðherrann bæri ábyrgð á þeim orðum konungs, sem komið geta í bág við fyrirvarann, þá bætir það síst úr fyrir ráðherra, því að fyrst ber nú forsætisráðherrann sína ábyrgð að eins fyrir Dönum, og í öðru lagi, það sem mest vegur, að ef forsætisráðherrann á að bera einnig ábyrgð á orðum konungs í þessu máli, þá felst í því viðurkenning fyrir því, að þessi athöfn, sem átti að vera alíslensk, sje líka dönsk. Jeg heyrði reyndar ráðherra í neðri deild verja þetta með samlíkingu, eitthvað á þá leið, að túneiganda væri ekki um að kenna, þótt ókunnug kýr kæmi í tún hans, og fyrir það væri þó ekki heimil þar beit fyrir hana. En hann gleymdi að taka það með, að það var hann sjálfur í þessari samlíkingu, sem hleypti forsætiskúnni í sjermálatúnið.

Nei, annaðhvort eru umræðurnar í ríkisráði íslensk athöfn, eins og fyrirvarinn áskildi, og þá ber Íslandsráðherra oss einn ábyrgð á öllum orðum konungs, eða hann hefir gengið að því, að þetta væri einnig dönsk athöfn og brotið með því fyrirvarann.

Hitt kemur ekki að haldi, þótt hann hafi áður *sagst* halda sjer við íslensku skoðunina, þegar hann á eftir verður að taka ábyrgð á orðum konungs.

Og nú vil jeg víkja að hinum einstöku atriðum í orðum konungs.

1. Það er fyrst samkomulagið frá öllum hliðum. Þau orð er reynt að rjettlæta með því, að Danir verði að veita samþykki til, að ríkisráðið, sem þeir einir ráða yfir, skuli vera uppburðarstaðurinn. Jeg býst nú við, að enginn hefði fundið að, ef orð forsætisráðherrans hefðu lotið að því, að veita slíkt samþykki Dana. En á það hefir vitanlega aldrei verið minst, hvorki 1913, 1914 nje 1915. Nei; það, sem Danir leggja til þessa samkomulags, setja þeir ekki fram sem slíkt leyfi, heldur sem ríkisrjettarlega *kröfu*, sem konungur styður og ráðherra Íslands gengur að. Allir geta sjeð, hvert samræmi er í þessu við fyrirvarann.

2. Þar sem konungur vitnar í vilja sinn í ríkisráðinu áður, þá sýnir það óbeinlínis, sem, þegar athugaðir eru allir málavextir, verður sama sem beinlínis, að hann heldur fast við fyrri skoðun sína í heild, að engin ný fyrirvaraskoðun hefir nú fengið gildi hjá honum, enda mun enginn láta sjer detta það í hug, að halda því fram í neinni alvöru, að hann hafi breytt skoðun sinni.

3. Þegar konungur aftekur (Alþ. má eigi vænta, segir hann, og ráðherraábyrgðin gefur þeim orðum kraft og gildi), að breyting verði um sína tíð, þá er það í besta samræmi við opna brjefið, en í fullu ósamræmi við fyrirvarann, sem áskilur frjálsa breytingu á konungsúrskurðinum. Maður má ekki láta þetta nýja snið villa sjer sýn. Aðalatrið-

ið er rjettur Íslendinga til að breyta úrskurðinum, ákveða sjálfir. Og í þessa konungs tíð, — í því felst ekki nein viðurkenning eða fyrirheit um neinn rjett í seinni konunga tíð. Hann telur sig hafa rjett, til að ákveða fyrir sína tíð, að ekki sje til neins að fara fram á breyting, og að sjálfsögðu gjörir hann ráð fyrir því sama um seinni konunga tíð, nema

4. þessi önnur jafntrygga skipun komi í staðinn. Þessi orð eru í góðu samræmi við opna brjefið, sem líka talar um nýja skipun, en í engu samræmi við fyrirvarann. Því hvað er það, sem á að tryggja? Og hver á að tryggja?

Það, sem á að tryggja, er auðvitað þetta eftirlit Dana með því, að vjer förum ekki út fyrir sjermálasviðið, eftirlit, sem er alósamrýmanlegt við það, að uppburður sjermálanna sje sjermál, sem vjer ráðum einir yfir, þegar Danir eiga að hafa eftirlitsrjett og þá um leið ákvörðunarrjett um, hvað þeim kann að þykja vera sammál. Og það eru auðvitað dönsk stjórnarvöld, sem ætlað er að sjá um, að eftirlitið sje nógu trygt, þegar ný skipun verður á gjörð. Það er þess vegna svo langt frá, að orð konungs útiloki íhlutun Dana, að ómögulegt er að skilja þau öðruvísi en að þau stefni beint þangað.

5. Og þetta því fremur, þegar þar við bætist enn, að konungur leggur fyrir, að birta í Danmörku þetta samkomulag. Hvort það er gjört með konunglegri auglýsingu, eða í öðru formi, getur ekki skift máli. Nú er því haldið fram og talinn mikill vinningur, að hinn ráðgjörga konunglega auglýsing sje fallin burt, og í staðinn komin að eins þessi birting. Á það var að vísu lögð áhersla, að auglýsingin yrði ekki gefin út, en ekki af því, að hún í sjálfu sjer hefði neinn rjettarskapandi kraft, án þess, sem á undan var gengið, og sem hún átti að vera til ómótmælanlegs vitnisburðar um fyrir Dani. Og sama er nú að segja um þessa birtingu, og enginn sýnilegur munur á. Að líkja því við óbrotna frjettaskýrslu um fundarhald, er fráleitt, þar sem þetta er eftir ósk forsætisráðherrans, skipun konungs í ríkisráði og samþykt af Íslandsráðherra, öllum vitanlega í sama tilgangi og með sama gildi, sem konunglegu auglýsingunni var áður ætlað. Þannig er það bert, að fyrirvarinn hefir engin áhrif haft á skoðun konungsvaldsins, að hjá því hefir fyrir hann enginn nýr skoðunarmáti fengið gildi.

Konungur stendur við alt hið fyrra. Hann samþykkir ekki beint. Það játa allir. Hann gjörir það ekki heldur með þögn. Því getur enginn neitað. Því hann hefir orð um, öll í samræmi við fyrri skoðun. Það er því enn þá óhætt að taka undir orð hæstv. ráðherra, er jeg áður vitnaði til:

„Það, sem vjer vildum fá skýrt fram, var það, hvort konungur skoðaði málið sjermál eða eigi. *En þá yfirlýsingu höfum vjer alls eigi fengið.*“

Jeg heyrði í neðri deild hæstv. ráðherra segja, að þeir, sem teldu opna brjefið ekki vera úr gildi með hinum nýju staðfestingarskilmálum, yrðu þá að kannast við, að það hefði verið í gildi eins, ef konungur hefði samþykt fyrirvarann með þögn. Jeg skal játa, að jeg fyrir mitt leyti kveið því 1914, að þessu kynni að verða haldið fram, og ljet því í ljós, að ekki væri áreiðanlegt, að neitt kæmi oss að fullu haldi, annað en bein viðurkenning. En þó var sá mikli munur, að ef þögn konungs við tillögu ráðherra, og síðan undirskrift, varð að skoða sem samþykki á fyrirvaranum, sem erfitt mundi að neita, þá var með honum opna brjefið búið að missa gildi sitt, þó það væri ekki afnumið með sjerstöku opnu brjefi.

Annað atriði fyrirvarans var það, að væntanlegur konungsúrskurður um uppburð sjermálanna skyldi verða breytanlegur á ábyrgð Íslandsráðherra eins, án danskrar íhlutunar.

Staðfestingarskilmálarnir innihalda ekkert þessu í vil.

Á óbreytanleikann hefi jeg áður minst, að konungur heldur honum föstum, að eins nú í annari mynd, til tekur fyrir sína tíð, sem nægir til að sýna, að breytanlegur að Íslands vild á hann ekki að vera.

Um íhlutun danskra stjórnvalda þarf ekki frekari vitna en í sjálfan þennan konungsúrskurð, og það er hann, sem fyrirvarinn á sjerstaklega við, — hann er gjörður með íhlutun danskra stjórnvalda.

Forsætisráðherrann blandar sjer í málið.

Hann talar um það eins og einn viðkomandi og lýsir skoðun sinni á því, og hefði ráðherra Íslands átt að fyrirbyggja það.

Hann talar um, að enginn ágreiningur sje um uppburðinn og konungur tekur það upp.

Hann talar um, að engin breyting geti orðið, nema ný skipun komi í staðinn, sem veiti tryggingu, og konungur tekur það einnig upp.

Hann talar um, að eftir rjettarsambandi landanna þurfi stað, þar sem fjarlægðar verði vafaspurningar.

Þessi orð eru nú flutt úr munni konungs, þar sem þau voru í fyrra uppkastinu og lögð forsætisráðherranum í munn, þar sem þau í fljótu bragði kunna að sýnast minna saknæm, en í raun og veru er sama hvor þeirra segir þau — það hefir Dönum sýnilega þótt, — þar sem grundvallarhugsunin, sem í þeim liggur, þessi um eftirlitið með vafaspurningum, felst einnig í orðum konungs um hina jafn tryggu skipun.

Að lyktum sækir hann um leyfi konungs, til að birta í Danmörku skýrslu um það, sem fram hefir farið, og konungur *leggur svo fyrir* að það skuli *gjört* og ráðherra samþykkir það, í stað þess, að afstýra því, sem stóð í valdi hans eftir orðum sjálfs hans um konunglegu auglýsinguna áður. Um hana sagði hann í áður tilvitnaðri Ísafoldargrein 31. des. 1914:

„Já, það var alvara mín. Það stendur í valdi ráðherra Íslands, að afstýra því, að hún (auglýsingin) sje gefin út, og þá ber hann ábyrgð á því, ef hún er gefin út.“

Þannig hefir ráðherra ætlast til eins mikils af öðrum, og á sama hátt stóð nú þessi birting í valdi hans sjálfs, og nú ber hann ábyrgð á henni.

Allt þetta, sem forsætisráðherrann segir, er eins og allir vita, allt eftir fyrir fram gjörðu samkomulagi við ráðherra vorn, þar sem hvert orð er nákvæmlega vegið og yfirvegað.

Og með áhyrgð sinni á orðum konungs, sem eru sama efnis og ummæli forsætisráðherrans, staðfestir ráðherra vor líka orð hans.

Að vísu tekur hann til máls á eftir forsætisráðherranum og segist halda við íslensku skoðunina, og þetta er stundum í umtalinu orðað svo, að hann hafi mótmælt forsætisráðherranum, þar sem hann þó mótmælir engu orði, og eins og áður er sagt, gefur beinlínis samþykki sitt til að birta. Og þegar svo konungur á eftir með samþykki ráðherra, fær að taka upp flest orð forsætisráðherrans, vitanlega á ábyrgð Íslandsráðherra, þar sem það er íslenskt sjermál, sem er til meðferðar, þá er það víst engin fjærstæða, að segja, að samningur sje kominn á, og þannig gangi Íslendingar að því, að láta þetta vera.

Allt öðru vísi var það, að fyrv. ráðherra mótmælti bæði hans hátign konunginum og forsætisráðherranam á ríkisráðsfundi 30. nóv. 1914. Jeg skal með leyfi hæstv. forseta leyfa mjer að lesa upp nokkrar setningar.

Hans hátign konungurinn segir: „En eins og hinu stjórnskipulega sambandi milli Danmerkur og Íslands er nú háttað, er uppburður íslenskra laga og mikilvægra stjórnarathafna í ríkisráði mínu eina tryggingin fyrir því, að þau sjeu íslensk sjermál, og hafi ekki að innihalda ákvæði, er snerta sameiginleg ríkismál“.

Þessu mótmælti ráðherra vor Sigurður Eggerz, og sagði:

„Jeg get ekki viðurkent, að sambandinu milli Islands og Danmerkur, hvort sem það er skoðað frá sögulegu, lagalegu eða eðlilegu sjónarmiði, sje svo háttað, að það sje nauðsynlegt þess vegna, að bera íslensk mál upp í ríkisráðinu".

Sömuleiðis mótmælti hann því, að forsætisráðherrann taki ábyrgð á íslensku sjermáli. Og fyrir þessa framkomu fyrv. ráðherra, Sigurðar Eggerz, var það ekki síst, að Íslendingar voru honum þakklátir.

Og þegar allt er nú þannig í garðinn búið, sem jeg hefi lýst, þá held jeg að ekki þurfi að fjölyrða um *þriðja atriði* fyrirvarans, að „uppburður sjermálanna sje sjermál", að það sje ekki orðið annað en ímynduð formel teória, formfræðileg setning, sem sæmilega hafi átt að ganga frá, að ekki kæmist í framkvæmd.

Það er sjálfsagt satt, að þetta eru formfræðileg (formel teoretisk) spursmál, sem deilt er um, en sjálfstæðisbarátta vor gengur út á, að gjöra þau að nokkru meiru, að koma þeim í framkvæmd.

Enn vil jeg minnast á þau ummæli hæstv. ráðherra, að enginn andblástur, „ingen Stemning", sem það er kallað í dönskunni, hafi verið vakin gegn uppburði íslenskra mála í ríkisráðinu.

Hæstv. ráðherra sagði um daginn í Nd., að það hafi verið borið á hann á þingmálafundi í Hafnarfirði, að hann hefði skýrt rangt frá þessu (*Ráðherra*: Já, það var sagt, að jeg hefði skýrt rangt frá); en til sönnunar því, að þetta væri rjett skýrt frá, vitnaði hann í, að í sjálfum fyrirvaranum stæði „uppburður sjermálanna í ríkisráði Dana".

Jeg skal nú játa, að það var mjög óheppilegt, að þessi orð skyldu vera látin standa í fyrirvaranum, og það sýnir, hve hugmyndir manna í sundurlyndinu geta ruglast, jafnvel um aðalatriði. En á Hafnarfjarðarfundinum var nú lögð aðaláhersla á, ekki að beinlínis væri rangt skýrt frá, heldur, að það hafi átt illa við, að ráðherra byrjaði þessa framsögu sína í ríkisráðinu með því, eins og að afsaka það, sem ætti að komast að, um uppburð í ríkisráðinu. Það var ekki talið neitt aðalatriði í málinu, að ráðherra hefði haft þessi ummæli, þótt að þeim væri fundið, sem óviðeigandi, að hjer hafi enginn andblástur verið á móti ríkisráðssetu ákvæðinu. (*Ráðherra*: Nei, það var sagt, að jeg hefði skýrt rangt frá í „Forestillingunni"). En jeg ætla ekki að fríkenna ráðherra frá því, að hann hafi skýrt hjer rangt frá, því að það hefir vitanlega verið „Stemning" á móti uppburði mála vorra í ríkisráðinu.

Hæstv. ráðherra vitnaði í Nd. í orð þingmanns, sem hefði sagt á Alþingi 1913, að ákvæðið um að konungur rjeði sjálfur, væri grímuklætt ríkisráðsákvæði, og vildi sanna með því, að sá maður hefði ekki gjört ráð fyrir öðru en að málin yrðu horin upp í ríkisráði. Jeg skal nú kannast við faðernið, að það var jeg, sem hafði þessi ummæli. En hæstv. ráðherra gleymdi að segja líka frá því, að fyrir þessa sök var jeg mótfallinn og talaði á móti þessu ákvæði, af því að undir því byggi uppburður í ríkisráði, svo að hjá mjer var sannarlega „Stemning" á móti því. Og jeg vil aftur minna á Magnús landshöfðingja Stephensen. (*Ráðherra*: Hann hefir ekki tekið þátt í þessum deilum. — *Forseti*: Ekki samtal). Hann vildi í framkvæmd fá málin út úr ríkisráðinu, svo hjá honum hefir líka verið „Stemning" á móti, og marga fleiri mætti telja. Yfirleitt hefir öll þessi seinasta barátta vor, verið ein samfeld „Stemning" á móti því, að sjermálin væru borin upp í ríkisráði.

Skilyrðið fyrir því, að vjer vildum sætta oss við það um sinn, hefir ávalt verið þetta: *að* hitt væri á undan gengið, að orðið væri að ómótmæltum rjetti vorum, að vjer rjeðum því sjálfir. En nú hefir

um ófyrirsjáanlegan tíma sá rjettur vor verið gefinn upp. Allur þessi þáttur í sjálfstæðisbaráttu vorri er orðinn að engu, eða verra en það. Vjer eru orðnir undir, Danir ofan á, allt fyrir samtakaleysi sjálfra vor. Enda hælast nú Danir um, og í norskum blöðum ámæla vinir vorir oss fyrir staðfestuleysi. Jeg segi þetta ekki sem beina lagasönnun fyrir því, að vjer höfum farið halloka. En allir sjá hvað af því má ráða.

Vjer afhendum nú næstu kynslóð skert rjettindi lands vors.

Það hefir verið haft eftir mjer, að jeg hafi á fundinum í Hafnarfirði, eins og komist er að orði í Ísafold, „staðfest það, að engin landsrjettindi væru skert". Þessi orð hefi jeg aldrei talað. Því skert landsrjettindi er allt annað heldur en það, að allur rjettur vor sje glataður, rjetturinn til að vera sjálfstætt ríki. Hitt sagði jeg, að sá grundvallarrjettur vor, ríkisrjettindin, væri ekki, gæti ekki glatast á þenna hátt. Til þessi væri öll þessi aðferð ólögleg. En þar fyrir getur rjettur vor verið skertur, rjetturinn til að ráða sjálfir að öllu yfir sjermálum vorum. Reyndar veit jeg að til eru þeir, sem líta svo á, að sjermálarjetturinn liggi svo nærri sjálfum undirstöðurjettinum, ríkisrjettinum, að þar standi og falli hvað með öðru, og víst má svo skerða góðan grip, þótt ekki sje honum lógað með öllu, að hann sje lítt nýtur eftir.

Jeg hafði þessi ummæli til þess, að víta þá aðferð, sem mjög hefir verið gripið til, að vilja rjettlæta staðfestingarskilmálana, ósamræmi þeirra við fyrirvarann, og afsaka framkomu hæstv. ráðherra með því viðkvæði („frase") að landsrjettindin sjeu þó ekki töpuð, „engin landsrjettindi glötuð", „að óskertum landsrjettindum", og þar fram eftir. Eins og sjálfstæðisbaráttu vor hefði átt að hafa það eitt mark, að glata ekki sjálfum landsrjettindunum, rjettinum til að vera sjálfstætt ríki.

Ríkisrjettindi vor liggja fyrir ofan oss, eins og það takmark, sem vjer keppum upp að, til að koma þeim í framkvæmd. Barátta vor hefir verið, að reisa stiga upp að þeim, og vjer vorum að setja eitt haft í stigann. En nú hefir ómild dönsk hönd brotið fyrir oss haftið, og vjer höfum hrapað niður á við.

Nú vona jeg, að enginn beri upp á mig, að jeg hafi talið rjettindi vor *óskert*.

Jeg játa, að jeg mun fylla flokk þeirra manna, sem telja ríkisrjettindin ekki dauð, en rjettindi vor eru skert, rjetturinn yfir sjermálum vorum.

Jeg hygg, að jeg hafi þá gjört nægilega grein fyrir því, hvernig jeg lít á þessa tillögu, sem hjer liggur fyrir, og hvers vegna jeg legg til, að hún nái ekki fram að ganga.

En til þess að hún fái sæmilegan dauðdaga, vildi jeg mega leggja til, að hún verði afgreidd með rökstuddri dagskrá, er jeg skal leyfa mjer að lesa upp og síðan afhenda hæstv. forseta og biðja hann að bera undir atkvæði, svo hljóðandi:

Um leið og efri deild Alþingis lýsir yfir því, að hún telur landið óbundið af öðrum skilmálum fyrir staðfestingu stjórnarskrárinnar en þeim, sem felast í fyrirvara Alþingis 1914, tekur hún fyrir næsta mál á dagskrá.

Háttv. deildarmenn munu kannast við efni þessarar dagskrár. Það er sama till., er borin var fram í háttv. Nd., og að vísu feld þar. En jeg ber hana hjer fram, til þess að einnig þessi háttv. deild eigi kost á að gjöra sitt til að tryggja þessi rjettindi vor, með því að samþykkja hana. Það var tekið fram í Nd., að tillagan væri ekki borin upp til að lýsa vantrausti á ráðherra, heldur að eins til öryggis fyrir landið, sem allir ættu að meta mest, og

jeg vil taka fram, að sama vakir fyrir mjer.

Það kann að þykja djarft, eftir útreiðina í Nd., að bera hana nú upp í þessari háttv. deild, þar sem vjer höfum í áranna rás jafnan átt að venjast meira afturhaldi, linari sókn í sjálfstæðisbaráttu vorri og viðureign við danskt ofurefli. En nú er þessi deild skipuð fleiri mönnum, sem til sjálfstæðisstefnunnar hafa talið sig, heldur en nokkru sinni fyr. Og nú vil jeg skjóta því hjer til Sjálfstæðismanna, að afneita ekki stefnu sinni.

Jeg skal ekki fitla við veikgeðja tilfinningar eða ögra þeim með fríuorðum, en jeg skýt því til karlmannlegrar skyldurækni þeirra, að bregðast ekki því trausti, sem sjálfstæðisnafninu á að fylgja, nú þegar á það reynir, nú þegar eru enn, sem oftar í sögu vorri, dönsk yfirdrotnan annars vegar, en íslensk sjálfstæðisþrá hins vegar. En ef þjer nú, flokksbræður, eruð samt á öðru máli heldur en jeg, þá vorkennið mjer, sem er nú nokkuð farinn að eldast, miklu eldri en konungurinn, þótt mjer sárni, að sjá fram á, að ekki muni um mína daga verða neitt framspor í sjálfstæðisviðleitni vorri.

Jeg legg svo þetta litla innlegg fram í málinu:

Ísland
gegn
Danmörku

og málið undir dóm háttv. deildar.

Forseti: Jeg verð stranglega að átelja ummæli þau, er háttv. 2. þm. G.-K. (K.D.) hafði um forsætisráðherra Dana. Að kalla hann, þó í líkingu væri, „forsætiskú", verður að telja fyllilega óþinghæf orð. Treysti jeg því, að háttv. þm. viðhafi ekki slík eða þvílík orð.

Kristinn Daníelsson: Jeg vil geta þess, að jeg vildi alls ekki meiða neinn mann með ummælum mínum. Það má enginn skilja orð mín svo, að þau sjeu á neinn hátt meiðandi. Jeg hjelt að einsvið þá samlíkingu sem fyrir lá.

Forseti: Umræðum um þetta atriði er lokið.

Steingrímur Jónsson: Jeg vil leyfa mjer með nokkrum orðum að gjöra grein fyrir afstöðu vorri Heimastjórnarmanna, til þingsályktunartillögunnar á þgskj. 41. Jeg vil byrja með því, að taka fram, að við Heimastjórnarmenn erum ánægðir yfir að stjórnarskrárfrumvarp það, sem aukaþingið 1914 afgreiddi, hefir nú verið staðfest af konungi. Er það fyrst og fremst af því, sem allir viðurkenna, að í stjórnarskipunarlögum þessum felast ýmsar allmikilsverðar rjettarbætur, og sumar þeirra bráðnauðsynlegar. Að vísu er það svo, að ýmsir menn hjer og hvar um landið eru ekki ánægðir með hvernig að lokum var ráðið fram úr einstökum atriðum, en það dregur ekki úr fögnuðinum yfir staðfestingu stjórnarskrárinnar frá 19. júní þ. á.

Það er öllum ljóst, að eins víðtæk endurskoðun á stjórnarskránni og gjörð var með þessum stjórnarskipunarlögum gat ekki náð fram að ganga, nema með því, að allir flokkar sýndu tilhliðrunarsemi. Á þingunum 1911 og 1913 var unnið að því, að ná samkomulagi um þetta mál, og það tókst. Hygg jeg mjer sje óhætt að fullyrða, að þjóðin öll, eða því sem næst öll, hafi verið mjög ánægð með þetta samkomulag þingmanna og úrslit málsins. Þetta sýndu kosningarnar 1912 og 1914.

Það er öllum kunnugt, að síðastliðin 4 ár hefir þetta stjórnarskrárþref tekið allan áhuga og alla starfskrafta þeirra manna, sem við stjórnmál fást. Það er ekki of mælt þótt jeg segi, að til þess hafi verið varið tveim reglulegum þingum, 1911 og 1913, og tveimur aukaþingum 1912 og 1914.

Tvennar kosningar til Alþingis hafa farið fram, eingöngu vegna þessa máls. Hefir allt þetta kostað mikið erfiði góðra manna og stór fje.

Það væri mjög illa farið, ef öll þessi vinna og allur þessi kostnaður hefði verið fyrir gíg, og við hefðum nú staðið í sömu sporum og fyrir þing 1911. Og jeg leyfi mjer að fullyrða, að mjög mikill meiri hluti allra íslenskra kjósenda, hafi í vetur hugsað til þess með óhug og skelfingu, að stjórnarskráin mundi ekki verða staðfest fyrir þing.

Þá er það, að við Heimastjórnarmenn, og jeg vænti að við höfum þar fylgi allra hugsandi manna í landinu, viljum, þegar þetta þref er frá hendi, að þingið snúi sjer óskift að þeim málum, er nú hafa verið lögð á hilluna. Og þau mál eru mörg, er allir landsmenn telja nauðsynlegt að verði farið að hugsa um. Nægir að benda á skattamálin og samgöngumálin.

Í vetur sýndist málið komið í mikla tvísýnu. Það virtist svo, að stjórnarskráin mundi ekki ná staðfestingu hans hátignar konungsins, og allt málið væri ónýtt. En sem betur fór, þá rjeðst fram úr þessu á þann hátt, að stjórnarskráin var staðfest 19. f. m.

Við Heimastjórnarmenn lítum svo á, að ekki sje um neinn rjettindamissi að ræða við það, sem fram fór í ríkisráði 19. f. m. Erum vjer þakklátir fyrir staðfestinguna, og fúsir til og ljúft að votta ráðherra þakklæti okkar, með því að samþykkja þingsályktunartillögu þá, sem fyrir liggur. Í henni stendur, að við álítum fyrirvaranum fullnægt, og þau orð teljum við á fylstu rökum bygð.

Eins og þingmönnum er kunnugt, er það skoðun vor Heimastjórnarmanna, að uppburður sjermálanna fyrir konungi í ríkisráði, sje og eigi að vera íslenskt sjermál. Mjer og fleiri Heimastjórnarmönnum hefir verið skoðun þessi mjög töm síðan 1908, að sambandslagafrumvarpið var á döfinni, því viðsemjendur okkar í Danmörku gengu inn á þá skoðun. Við lítum svo á, að það, sem gjörðist í ríkisráði 1913, sje langt frá að hafa komið í bága við þessa skoðun, heldur þvert á móti styrkir það vorn málstað, og að við höfum fengið viðurkenningu fyrir að uppburðurinn sje íslenskt sjermál. Það var yfirlýstur vilji konungs, staðfestur af ráðherra Íslands, og forsætisráðherra ljet honum ómótmælt. Þess vegna var engin knýjandi ástæða til að láta fyrirvarann fylgja með stjórnarskránni 1914, en eins og jeg þá tók fram, gat það ekki verið óheppilegt, að láta hann fylgja, sökum umtals þess, sem orðið hafði 1913 og 1914, en þá að eins sem yfirlýsingu og skýringu á því, hver væri skoðun Alþingis á málinu. Þessi var skoðun okkar í fyrra, og við reyndum, sem kunnugt er, að ná samkomulagi við andstæðinga okkar, sem þó tókst ekki. Að okkar dómi var því fyrirvarinn ekki nauðsynlegur, en í því yfirlýsingarformi, er við bárum fram, jafnvel heppilegur; en allt þar fram yfir var ónýtt, og gat enda orðið til þess, að fella málið. Að það hafi haft nokkra praktiska þýðingu, hefir ekki sýnt sig.

Þá kemur að því, er stjórnarskrárfrumvarpið var lagt fyrir konung 30. nóv. 1914. Við álítum, að það komi skýrt fram í ræðu konungs, að málið sje sjermál, — nákvæmlega sama skoðun og áður, nema ef til vill enn þá skýrar en í ríkisráði 1913, og forsætisráðherra Dana mótmælir því ekki, að svo sje.

Af þessu, sem hjer hefir verið sagt, er hinni háttv. deild vonandi ljóst, hvernig við Heimastjórnarmenn greiðum atkvæði.

Við greiðum atkv. með þingsályktunartill. á þgskj. 41, og lýsum ánægju okkar yfir staðfestingunni, og þökkum ráðherra fyrir afskifti hans af málinu.

En svo hefir komið fram rökstudd dagskrá í málinu, frá háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.). Okkur Heimastjórnarmönnum er nóg

að segja það, að úr því að við viljum samþykkja þingsályktunartill., getum við ekki greitt henni atkvæði, og hygg jeg, að röksemdirnar í ræðu minni skýri það fullkomlega. Jeg get sagt fyrir mitt leyti, að það sem jeg hefi á móti dagskránni, er það, að hætt er við að hún gjöri þingið hlægilegt.

Jeg hvorki vil nje finn ástæðu til að deila við háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) út af ræðu hans. Þar er svo margt, sem á milli ber, að jeg hygg að við verðum seint á eitt sáttir, enda eru kenningar hans og skoðanir svo undraverðar, að jeg tæpast treysti mjer til að vinna bug á þeim. Býst líka við að hæstv. ráðherra svari.

Karl Einarsson: Jeg hefi tekið eftir því af umræðunum, að Heimastjórnarmenn og flutningsmenn þingsályktunartilllögunnar eru á sama máli um till., sjerstaklega að því er mjer skilst um ánægjuna yfir staðfestingu stjórnarskrárinnar. Stendur einnig í till., að staðfestingin hafi farið fram í fullu samræmi við fyrirvara Alþingis. Jeg sjálfur er nú þeirrar skoðunar, að fyrirvaranum hafi verið fullnægt, ekki að eins eins og Heimastjórnarmenn líta á það mál, heldur einnig samkvæmt hinum upphaflega skilningi Sjálfstæðismanna á honum. Í fyrirvaranum er tekið fram, að uppburður sjermálanna fyrir konungi sje sjermál, sem konungur og Íslandsráðherra einn geti tekið ákvörðun um, og áður stendur, að því er mótmælt, að uppburðurinn sje lagður undir yfirráð Dana. Staðfestingin hefir farið fram á þann hátt, að ráðherrann lagði fram sjálfan fyrirvarann. Síðan talar hann um, hvað á milli hafi borið, og segir geig þann, er fram hafi komið, sprottinn af því, að Íslendingar hafi óttast, að ef auglýsingin, sem boðuð var í Danmörku, væri gefin út þar, yrði mál þetta ekki skoðað sem sjermál, heldur háð vilja Dana og danskra stjórnarvalda. Þó segir ráðherra ekki beint svona, en það verður að skilja orðin svo, sjerstaklega er hann vísar í fyrirvarann, sem búið var að leggja fram.

Þá talar forsætisráðherra, og heldur því fram, að þessu atriði (ákvæði um uppburð sjermálanna) verði ekki breytt, nema einhver jafn trygg ákvörðun sje gjörð, og að það þurfi að ákveða stað, þar sem málin skuli borin upp. Íslands ráðherra vísar þá til þess, sem hann áður hefir sagt, og heldur fast við það og vísar í fyrirvarann.

Hans hátign konungurinn lýsir því svo yfir, að hann fallist á till. Íslands ráðherra, því annað felst ekki í orðum hans hátignar, og að hann muni ekki breyta þessu í sinni stjórnartíð, nema jafn trygg ráðstöfun sje gjörð fyrir báða aðila.

Jeg lít svo á, að þeir, sem álíta að fyrirvaranum sje ekki fullnægt, muni vilja krefjast þess, að Íslands ráðherra hefði heimtað, að forsætisráðherra tæki aftur kröfu sína um þetta síðast nefnda, en þá hefði ekki orðið úr samþykt stjórnarskrárinnar. Hjer var því úr vöndu að ráða, annað hvort að láta málið falla, eða geyma rjett okkar óviðurkendan. En mjer finst ekki, að hjer beri svo afskaplega mikið á milli, og hefi því staðið upp. Álít jeg skaðlegt að rífast mikið um þessi málefni vor hjer innanlands, og getur verið hættulegt að sannfæra Dana um rjettleysi vort. Meiri kyrð um þau mál væri heppilegri, og sæmra að reyna, að efla eigið sjálfstæði okkar efnalega. Mjer hefir því út af þessu, dottið í hug, að bera fram rökstudda dagskrá, hvort sem hæstv. forseti vill bera hana fram sem brtt. eða sjálfstæða, og hefi jeg orðað hana þannig:

Með því að deildin telur íhlutunartilraun danskra stjórnarvalda um íslensk mál á ríkisráðsfundi 19. júní 1915, er stjórnarskráin var staðfest og útgefinn konungsúrskurður um uppburð íslenskra mála í ríkisráði, skýrt og ótvírætt mótmælt af Íslands ráðherra á þeim fundi, en Danir

þektu umboð hans, sem fólst í fyrirvara Alþingis 1914, og þannig kröfu Alþingis í þessu efni, sem þingið heldur fast við, þá lýsir deildin ánægju sinni yfir staðfestingu stjórnarskrárinnar, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Jeg sje nú ekki betur en að þeir menn, sem halda fram, að ráðherra hafi ekki fullnægt fyrirvaranum, hafi hjer í dagskrá þessari ótvíræða yfirlýsingu um skýran vilja þingsins í þessu atriði, um að víkja ekki frá fyrirvaranum, heldur að danska stjórnin eigi hjer ekkert íhlutunarvald, og jeg skil ekki hvers vegna þeir, sem ánægðir eru með staðfestinguna, geta ekki greitt atkvæði með till., því þeir fá sinn vilja um ánægjuna og samræmið við fyrirvarann. Eins og jeg sagði fyrr, er okkur nær að tala um innanlandsmál vor, en megum gjarna hugsa og ræða sambandsmál vor, en sem minst þó opinberlega.

Jeg skil vel, að þeir, sem eru hræddir við að minnast á íhlutunartilraun Dana, hafi ímugust á þessari dagskrá, en vona þó, að svo sje ekki, eða að þeir sjeu ekki margir. Jeg verð að geta þess, að dagskrá þessi er borin fram í fullu trausti til ráðherra, ekki að eins í þessu máli, viðvíkjandi stjórnarskrárstaðfestingunni, heldur yfirleitt, og álít jeg, að málið hefði strandað, ef hann hefði ekki sýnt þá lægni, er raun varð á.

Ráðherra: Jeg bjóst ekki við að þurfa að taka til máls, en háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) gefur mjer tilefni til þess. Jeg sný mjer þá fyrst að því, sem þm. sagði síðast.

Virðist mjer skilningur hans koma fram á þá leið, eins og hann legði fram málsskjöl í málinu, Ísland gegn Danmörku, og hygg jeg hann hafi viljað það hjeti sem málsvörn fyrir Ísland, og að það ætti að skoðast svo. En ef nánar er athugað, er þm. ekki að tala máli Íslands, heldur Danmerkur, því að öll ræða hans hnígur að því, að sýna, að vjer höfum mist rjettindi vor, og rök hans öll ganga í þá átt að sanna, að svo sje. Jeg veit, að hann vill ekki, að það sje skoðað svo, en hjer er ekki hægt annað, og ef þetta helst í manna minnum, gæti jeg trúað, að þessi ræða hans og ræður skoðanabræðra hans hjer á þingi yrðu nokkuð einstæður minnisvarði yfir framkomu svo nefndra sjálfstæðismanna landsins. Mun þm. halda því fram, að dagskráin eigi að bjarga við málinu, en vart hygg jeg, að hann hafi borið mikið traust til þess, að hún næði fram að ganga. Um dagskrána má yfir höfuð segja allt hið sama, sem um till., sem molduð var í háttv. Nd. nú fyrir skemstu, og gæti jeg því í rauninni látið mjer nægja að vísa í þær umr., sem þar fóru fram. Jeg hygg það nokkurn veginn almælt, að flutningsmenn og stuðningsmenn till. hafi ekki riðið feitum hesti af þeim fundi.

Mjer skildist, að háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) vildi halda því fram, að vegna þess óhappaverks, sem jeg á að vera valdur að, væri nú þvergirt fyrir hvert skref áleiðis í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Þessi ásökun á hendur mjer væri ekki góð, ef hún væri sönn, og hún er ekki heldur góð, þó að hún sje ósönn. Jeg vil nú leitast við að sanna, að hún sje ekki á rökum bygð.

Það vill verða svo oft í langvinnum málaþrætum, að menn segja ýmislegt, sem þeir gjarna vilja tala sig frá eftir á, og svo hefir farið fyrir hinum háttv. þm. Hann *sagði* á fundi í Hafnarfirði, að engin landsrjettindi hefðu glatast við staðfestingu stjórnarskrárinnar, þótt hann hins vegar vildi halda því fram, að fyrirvara Alþingis væri ekki fullnægt. En nú hefir hann snúið snældunni sinni, og heldur nú fram þeirri skoðun, að *landsrjettindunum* sje glatað, en *ríkisrjettindin* sjeu þó eftir heil og ósnortin. Fyrr má nú vera fleipur og lokleysa! Hvar er ríkisrjettindanna

að leita, ef landsrjettindunum er kastað fyrir borð? Ef Ísland á ekki lengur nein sjerrjettindi, hvernig getur það þá átt ríkisrjettindi? Ef Alþingi hefir ekki stjórnskipulegan íslenskan rjett, til þess t. d. að skifta Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö sýslufjelög, hvernig getur það þá haft rjett til þess, að segja stríð á hendur eða gjöra samninga við útlend ríki, eða hafa sendiherra í útlöndum? En þetta þrent — *jus belli et pacis, jus foederis et jus legationum* — tilheyrir þó óneitanlega ríkisrjettindum hvers lands.

Það er annars engan veginn hinn háttv. þm. einn saman, sem hefir játað það, að landsrjettindunum væri teflt í neinn voða með staðfestingu stjórnarskrárinnar; slíkt hið sama sögðu margir pólitískir stallbræður hans í vetur, þó að þeir hins vegar ljetu svo, að fyrirvaranum væri ekki að öllu leyti fullnægt. En um það atriði má lengi þræta, því að allt er undir því komið, hvernig menn skilja fyrirvarann. Hinn háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) sagði raunar, að *allir vissu* að fyrirvaranum væri ekki fullnægt. Slíkt er full djarflega mælt. Háttv. þm. hlýtur þó að vita, að margir *segja*, að fyrirvaranum sje fullnægt, og felst því í orðum hans hvorki meira nje minna, en bein aðdróttun til meiri hluta þm. um, að þeir tali og greiði atkv. gegn betri vitund. Þetta er óhæfileg aðdróttun og ósamboðin forseta sameinaðs Alþingis, og býst jeg við, að hinn háttv. þm. hafi hjer í hita og vanstillingu sagt meira en hann í raun og veru meinar.

Þá sagði háttv. þm., að jeg hefði ekkert þinglegt umboð haft til þess að taka við völdum. Það er rjett, að frá hendi Alþingis lá ekki fyrir nein formleg samþykt um það, að jeg skyldi taka við völdum, en kom nokkur slík formleg samþykt fram þegar ráðherraskiftin urðu á Alþingi 1914? Munurinn á ráðherraútnefningunni þá og nú er sá einn, að þá voru þingbekkirnir skipaðir og gafst því þm. tækifæri til þess, að makka saman um það, hver hnossið ætti að hreppa. Og er satt best að segja, að 1914 fjekk ekkert ráðherraefni *eindreginn meiri* hluta Alþingis, því að sjálfur meiri hlutinn, „Sjálfstæðis"-flokkurinn, var ekki sjálfum sjer samþykkur um það efni. 10—12 atkv. flokksins fjellu Páli í skaut, hinir aðhyltust Pjetur, og svo fór að lokum, að minni hluti flokksins beygði sig fyrir meiri hlutanum. Þannig fæddist ráðherrann 1914. Og nú er mjer spurnin, hvort þetta sje heilbrigðari aðferð, heldur en að fá frjálst atkv. þm., þar sem þeir sitja að búum úti um sveitir landsins, ótruflaðir af öllum flokksæsingum?

Ef það væri siður, að sameinað Alþingi samþykti yfirlýsing um, hver taka skyldi við völdum, þá væri jeg vítaverður fyrir að hafa tekið á móti útnefningu konungs, án þess að slík yfirlýsing hefði komið fram. En nú er þetta *ekki* siður, og hygg jeg að allur landslýður muni álíta útnefning mína eins góða og gilda fyrir það, þótt ekkert baktjaldamakk hafi farið fram hjer á Alþingi áður en jeg tók við völdum. *(Kristinn Daníelsson*: Minni hlutinn á engu að ráða um ráðherraútnefningu). Sá minni hluti, sem hv. þm. er í, átti engu að ráða. — Það er alveg satt! því að hans flokkur eða flokksbrot er ótvírætt og efunarlaust í minni hluta hjer á Alþingi. En ef til vill meinar hv. þm. að Heimastjórnarmenn megi ekki hafa hönd í bagga um slíkt. En um það get jeg ekki heldur verið honum samdóma, því að jeg get ekki betur sjeð en atkvæði Heimastjórnarmanna sjeu jafn góð og gild sem annara þingmanna. Yfir höfuð hygg jeg, að sú skoðun muni verða ofan á meðal þjóðarinnar, að það hafi verið vel farið, að hv. þm. og pólitískir vinir hans báru ekki sigur úr býtum í vetur. Það hefði verið illa farið, ef jeg hefði beygt mig fyrir öllum þeim ófgum og of-

stæki, sem þeir höfðu í frammi þá ekki síður en nú.

Mjer heyrðist hinn hv. þm. segja, að jeg hefði unnið hermdarverk á þingræðinu með framkomu minni. Jeg mundi ekkert fást um, þó að jeg heyrði slík orð af vörum óvaldra blaðamanna, en það er furðulegt að heyra forseta sameinaðs þings kasta fram svo illkynjaðri og órökstuddri aðdróttun. — —

Hinn háttv. þm. fór nokkuð út í málið sjálft og rakti með fáum orðum sögu ríkisráðsdeilunnar. Það er satt, að á meðan á gömlu endurskoðunarbaráttunni stóð, þótti mönnum mjög miklu skifta, hvar sjermálin væru borin upp fyrir konung, en svo hófst Valtýskan, og þá vildu þeir, sem henni fylgdu, að þetta atriði væri látið liggja milli hluta. 1902—1903 var svo ný stefna tekin, að beint skyldi ákveðið í stjórnarskránni, að sjermálin skyldu borin upp fyrir konung *í ríkisráði*, og þóttust menn með þessu geta helgað sjer rjett til þess, að nema ríkisráðsákvæðið aftur burtu úr stjórnarskránni. 1911 er ákvæðið að vísu felt niður, en þó alls ekki ákveðið, hvar bera skuli málin upp nje bann lagt við, að uppburðurinn fari fram í ríkisráði. Það virðist óhugsanlegt, að þinginu 1911 hafi komið annað til hugar en að málin yrðu eftir sem áður borin upp í ríkisráði, og frá þingsins hlið var því burtfelling ríkisráðsákvæðisins ekki annað en formsatriði. Þá kemur síðasti þátturinn, fyrirvaradeilan, og er það fljótsagt, hvað meint var með fyrirvaranum. Hann átti að afstýra því, að rjettindi landsins rýrðust í nokkurri grein, en um leið átti hann að vera svo úr garði gjörður, að hann yrði ekki stjórnarskránni að falli. Hitt kom engum til hugar, að hægt væri á þann hátt að nauðga Dönum til frekari viðurkenningar á rjetti vorum en áður hafði af þeim fengist. Frá hálfu skoðanabræðra háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) er það margviðurkend skýring á fyrirvara þingsins 1914, að eigi væri þar krafist viðurkenningar *Dana* á því, að uppburður mála vorra fyrir konungi sje sjermál vort, er vjer getum einir ráðið með konungi vorum án allrar íhlutunar dansks löggjafarvalds eða danskra stjórnarvalda. Jeg vil halda mjer við þessa viðurkendu skýringu á fyrirvaranum, enda liggur það í augum uppi, að það hefði verið óðs manns æði að búast við staðfestingu stjórnarskrárinnar, ef í fyrirvaranum hefði verið fólgin skýlaus krafa um ótvíræða viðurkenningu *Dana* á landsrjettindum vorum.

Nú er eftir að athuga, hvort nokkur þau skilyrði hafi verið sett fyrir staðfestingu stjórnarskrárinnar, sem ekki sjeu samrímanleg fyrirvaranum og vilja Alþingis 1914. Jeg vil nú fara nokkrum orðum um þetta, og mun jeg taka atriði málsins í nokkuð annari röð, en hinn háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.). Fyrst er þá að líta á till. mína um staðfestingu stjórnarskrárinnar, er jeg lagði hana fyrir konung í ríkisráði. Þar segir fyrst, að stjórnarskráin hafi verið löglega samþykt á þingunum 1913 og 1914, og að nýjar almennar kosningar hafi farið fram milli þingmanna. Þetta er væntanlega engin synd. Þá er fyrirvarinn tekinn orðrjettur upp í danskri þýðingu í till., og er það vonandi líka vítalaust. Læt jeg þess því næst getið, að á Alþingi hafi ekki verið vakinn neinn andblástur gegn því, að málin yrðu framvegis borin upp í ríkisráði. Þetta er fyrsta stórsyndin, sem jeg á að hafa drýgt á ríkisráðsfundinum 19. júní. Á Hafnarfjarðarfundinum var það sagt, að þetta væri röng skýrsla; jeg man ekki hvort það var háttv. 1. þm. eða háttv. 2. þm. G.-K., sem sagði það. En þetta er þó svo satt, sem satt má vera, því að fyrirvarinn sjálfur gjörir ráð fyrir, að málin verði borin upp í ríkisráði. Geta allir sjeð þetta, sem lesa fyrirvarann til enda. Á þinginu 1914 heyrðist jafn vel ekki ein einasta rödd móti því, að uppburðurinn

færi fram í ríkisráði. Sama er að segja um þingið 1913, að því undanskildu, að háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) talaði þá um, að ákvæðið um að konungur skyldi ákveða, hvar málin skyldu borin upp, væri ekki annað en grímuklætt ríkisráðsákvæði, og mundi honum eigi hafa farist svo orð, ef hann hefði eigi vitað, að það var ekki tilgangur Alþingis, að taka sjermálin út úr ríkisráði. Þessu næst er því lýst í till., hvernig á því hafi staðið, að fyrirvarinn kom fram, og veit jeg ekki til, að menn hafi haft neitt verulegt við það að athuga. Í niðurlagi till. er svo lagt til, með skírskotun til fyrirvarans, að stjórnarskráin verði staðfest og gefinn út konungsúrskurður um uppburð sjermálanna í ríkisráði, á byrgð Íslands ráðherra eins, svo sem fyrirvarinn heimtar.

Þá kemur forsætisráðherrann til sögunnar. Hinn háttv. þm. sagði, að jeg hefði átt að fyrirbjóða honum að taka til máls um þetta efni. Háttv. þm. hlýtur þó að vita, að það stóð ekki í mínu valdi. Hitt var skylda mín, að mótmæla honum, ef hann hjeldi fram annari skoðun en jeg. Og það gjörði jeg.

Það er rangt hjá háttv. þm., að þm. V.-Skaft. (S. E.) hafi mótmælt því, að forsætisráðherrann tæki til máls. Ef háttv. þm. V.-Skaft. (S. E.) hefði komið fram með slík mótmæli, þá hefðu þeir einungis lent í pexi, sem hefði verið algjörlega þýðingarlaust. Úr því þó að heiðraðir andstæðingar mínir hallmæla ekki formanni mínum í ráðherrasessi fyrir það, að hann ljet það við gangast, að forsætisráðherrann tæki til máls, hvers vegna vita þeir mig þá fyrir hið sama. Háttv. þm. V.-Skaft. (S. E.) mótmælti því, að forsætisráðherra Dana bæri *ábyrgð* á íslenskum málum. En þau mótmæli virðast vera sprottin af misskilningi, því að forsætisráðherranum kom slíkt ekki til hugar. Við skulum hugsa okkur hvernig farið hefði, ef Íslands ráðherra hefði sagt á þessa leið: „Þú mátt ekkert segja hjer. Eftir að jeg hefi lýst skoðun Íslendinga, mátt þú ekki lýsa skoðun Dana á málinu“. Til hvers hefði það leitt? Það gat einungis leitt til þess, að stjórnarskráin fengist ekki staðfest. Eigum við að láta það bitna á okkur, þó forsætisráðherra Dana taki til máls, á þann hátt, að vjer fáum ekki málum okkar framgengt. Það var engin rjettarskerðing fyrir Íslendinga, þó forsætisráðherrann tæki til máls og lýsti skoðun Dana á málinu.

Þá fann háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) að því, að Íslands ráðherra leyfði að birt yrði skýrsla um fundinn í Danmörku. En slík birting hefir enga ríkisrjettarlega þýðingu. Annars er það undarlegt, að andstæðingar mínir hjer í þinginu halda því fram, að þessi birting hafi þýðingu, en helsti málsvari þeirra utan þings heldur því fram, að hún sje þýðingarlaus. Enda er það rjett. Fólk fær einungis að vita hvað gjörst hefir. Jeg hefi talað um þessa birtingu og sýnt, að hún skiftir engu máli, og á sama hátt og birtingin í Lögbirtingablaðinu skiftir engu máli. Og ekki eru heldur sjálf ummæli forsætisráðherrans saknæm frelsi landsins. Hann segir einungis, að enginn ágreiningur sje um það, að íslensk lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir verði áfram borin upp í ríkisráði. Hann segir enn fremur, að skoðun Dana á þessu sje sú, að eigi beri að breyta þessu, nema ný skipun verði á gjörð, er feli í sjer líka tryggingu sem þá, er nú sje. Enn fremur er það hans skoðun, að eftir þeirri skipun, sem nú er á rjettarsambandinu milli Íslands og Danmerkur, verði að vera ákveðinn einhver staður, þar sem bera megi upp vafaatriði um takmörk hinna sameiginlegu og sjerlegu mála. Þetta er skoðun Dana á málinu. Og er það harla undarlegt, að neita að taka við staðfestingu stjórnarskrárinnar þótt, *Danir* hafi einhverja skoðun á málinu og láti hana í ljós á óbrotinn og stjórnskipulega rjettan hátt. Það liggur ekki annað í orðum for-

sætisráðherrans en það, að Danir telji sig hafa sams konar rjett gagnvart okkur, sem við teljumst hafa gegnvart þeim. Gangi annar málsaðilinn á rjett hins, þá hafa báðir jafnan rjett á að mótmæla. Hefði forsætisráðherrann sagt, að þetta fyrirkomulag væri nauðsynlegt til þess, að Danir einir gætu athugað okkur, væri það hálfu verra, og er háttv. þm. sjálfsagt samþykkur mjer í því. En í orðum forsætisráðherrans felst jafnframt viðurkenning á því, að okkur sje heimilt að gjöra okkar athugas., ef Danir gangi á okkar rjett. Og þessi rjettur hefir einmitt nokkrum sinnum verið notaður af okkar hálfu. Þó má eigi svo skilja orð mín, að þessi eftirlitsrjettur af Dana hálfu eigi að eiga sjer stað. Forsætisráðherrann bað enn fremur um að mega birta skýrslu um, hvað gjörst hafði í þessu máli, og hefi jeg þegar talað um það.

Nú kem jeg loks að því, sem Hans hátign konungurinn hefir sagt. En fyrst vil jeg víkja orðum mínum að ummælum háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) um ábyrgð mína á orðum konugs. Það er ekki svo að skilja, að rjett sje, sem háttv. þm. hjelt fram, að sjálfsagt sje að ráðherrar hljóti að bera ábyrgð á *öllu* því, er konungur kann að segja í ríkisráði. Við getum hugsað okkur þann möguleika, að konungur leggi á móti öllu ráðuneytinu. Þá getur vitanlega enginn ráðherranna borið ábyrgð á orðum hans, úr því að þeir eru honum ósamþykkir. Háttv. þm. svarar þá ef til vill því, að eftirmenn þeirra beri þá ábyrgð á orðum hans. En við getum þá hugsað oss þann möguleika, að vilji konungsins kæmist aldrei í framkvæmd, og getur þá enginn borið ábyrgð á orðum hans. Engin má skilja orð mín svo, sem jeg sje ekki fús til að bera ábyrgð á orðum konungs í ríkisráðinu 19. f. m. Jeg tek á mig ábyrgðina á þeim öllum með glöðu geði, því að jeg er þess fullviss, að jeg get bæði sem maður og góður Íslendingur borið ábyrgð á öllum orðum hans; að öðrum kosti hefði jeg gjört athugasemdir við það til frekari fullvissu. Konungurinn segir, að það sje vilji sinn, að íslensk mál verði framvegis sem hingað til borin upp fyrir honum í ríkisráðinu, og þar eru allir sammála, Alþingi, Íslands ráðherra og konungur. Og forsætisráðherrann danski hefir ekki heldur á móti því. Og samþykki hans verður líka að koma til greina. Jeg býst við, að háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) sje mjer sammála um það, að forsætisráðherrann gæti haft á móti uppburði íslenskra mála í ríkisráði. Ríkisráðið er dönsk stofnun, og þar sem grundvallarlög Dana gilda ekki hjer á landi, verðum vjer vitanlega að fá samþykki Dana fyrir munn forsætisráðherrans, til þess að geta borið mál vor upp í ríkisráðinu. Jeg þekki að vísu þá kenningu, að 1913 hafi verið myndað sameiginlegt ríkisráð, sem sje orðið fast í praksis. En sú kenning skiftir engu máli hjer, og Danir hafa aldrei fallist á hana.

Næsta saknæma setningin í ræðu konungs á að vera þessi: „Eins og jeg hefi áður sagt, er það konunglegur vilji minn, að íslensk mál skuli áfram vera borin upp fyrir mjer í ríkisráði mínu“. Hjer skilja andstæðingar mínir eða þykjast skilja svo, sem þetta sje *tilvitnun* í *allt*, sem konungur hefir áður sagt í ríkisráði. Þeir hafa skilið það svo, sem tekið væri upp bæði opna brjefið 22. okt. 1913 og allt, sem konungur sagði í ríkisráðinu 30. nóv. 1914. Ef menn skilja þetta svo, þá er það algjörlega rangt, því sá skilningur á sjer enga stoð í orðum konungs. Tilvitnunin takmarkast af því, sem seinna kemur. Og konungur minnist ekkert á samþykt Alþingis og Ríkisþings á nýjum sambandslögum, eins og hann hafði gjört í auglýsingunni 20. okt. 1913, nje heldur dönsku auglýsinguna. Hann segir það eitt, að það sje vilji sinn, að málin sjeu borin upp í ríkisráðinu. Hið næsta var-

hugaverða, sem háttv. þm. fann í orðum konungs, og að hans áliti sviftir okkur þeim litla rjetti, sem við hingað til höfum haft, er það, að konungur sagði, að Alþingi mætti ekki vænta þess, að hann gjörði neina breytingu á þessu í sinni stjórnartíð. Háttv. þm. tók í lok ræðu sinnar munninn svo fullan, að hann sagði, að konungur fortaki fyrir allar breytingar. Þetta er ekki rjett. Konungur sagði að eins, að Alþingi mætti ekki *vænta* þess, að hann gjörði neina breytingu á þessu í sinni stjórnartíð. Jeg leyfi mjer að benda háttv. þm. á það, að konungur hefði getað neitað því algjörlega fyrirfram, að málin yrðu nokkurn tíma borin upp annars staðar en í ríkisráðinu, því að enda þótt konungur sje constitutionel, hefir hann þó algjört synjunarvald. Konungur hefir vald til að lýsa því yfir, að hann gangi aldrei inn á einhverja breytingu á lögum vorum. Konungur segir nú alls ekki, að atbeina danskra stjórnarvalda þurfi til, að breyting geti á orðið. Hann segir einungis „í minni stjórnartíð". Þetta band fellur vitanlega burtu, þegar hans stjórnartíð er á enda. Yfir þessu þarf enginn að hrista höfuðið. Þetta er alveg rjett hugsun. Ef eitthvert skilyrði er bundið við mína lífdaga, þá fellur það vitanlega í burtu, þegar þeim er lokið. Ef háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) hefir einhvern rjett, sem er persónulegur, þá gengur hann vitanlega úr gildi jafnskjótt og háttv. þm. deyr. Öryggisleysið, sem háttv. þm. talar svo mikið um, getur ekki komið til greina. Konungur talar einungis um, að ekki verði gjörð breyting á þessu atriði, nema ný skipun verði á gjörð, sem sje jafntrygg og sú, er nú er. Sú skipun, sem nú gildir, er frá 3. okt. 1913, og hún gildir að minsta kosti fram á haustið. Krafa konungs er einungis sú, að ný skipun, sem á þessu yrði gjörð, verði ekki ótryggari, og við getum tekið ákvæði um það upp í stjórnarskrána, ef okkur þóknast. Hver gjörir þessa nýju skipun? spyr háttv. þm. ef til vill. Það gjörir vitanlega konungur, og Íslands ráðherra skrifar á hornið, eins og vant er. Annars væri hún ólög. Hvar segir konungur, að fleiri þurfi en Íslands ráðherra og konung, til þess að breyta þessum úrskurði? Þar sem konungur talar um að fyrirkomulagið verði að vera „jafntrygt", þá felst einungis í því mótvægi gegn því, að hringlað verði með málin fram og aftur. Það er kunnugt, að sú hugmynd hefir komið fram á þinginu, að málin verði í dag borin upp í ríkisráði, en á morgun einhvers staðar annarsstaðar. Slíkt er ótrygt fyrirkomulag, sem Hans hátign getur ekki felt sig við.

Ekki veit jeg hvort dönsku blöðin hælast um og lýsi úrslitunum á þá leið, að allt sje óbreytt og — sje status quo. En jeg hefði getað hugsað mjer Dani álíka prokuratora eins og háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) og þá, sem honum fylgja hjer í þinginu. Og ekki er nema eðlilegt, að þeir hafi eins mikla löngun til að prokurera fyrir sjálfa sig, eins og háttv. þm. virðast hafa til að prokurera fyrir Dani. Og þó norsk blöð tali um, að jeg hafi komið liðleskjulega fram í ríkisráðinu 19. júní, þá legg jeg ekki mikið upp úr því. Norsk blöð geta ekki hafa vitað neitt um skilmálana, nema ef vera skyldi af hinni óheimilu birtingu leyniskjalanna og Ingólfur þá verið kominn til Noregs. En auk þess voru staðfestingarskilmálarnir aðrir en látið var uppi í óheimilu birtingunni. En annars ætla jeg ekki að tala um þá birtingu hjer.

Það getur vel verið, að hv. 2. þm. G.-K. sje alsaklaus af því verki. Jeg veit ekki hvernig hann lítur á það mál, og stendur alveg á sama, hvort hann lofar það verk eða lastar.

Mig furðaði mikillega á því, er háttv. þingmaðurinn sagði, að þar sem jeg hefði komið fram sem föðurlandssvikari, ætti hver þingmaður að hafa *liberum veto*

gegn því, er jeg hefði gjört. Með öðrum orðum hver einstakur þingmaður, þar á meðal háttv. þm. G.-K. (K. D.), ætti með atkvæði sínu að geta ónýtt alt, sem jeg hefi gjört. Jeg veit ekki til, að þetta liberum veto hafi tíðkast nema í einu landi, Póllandi, á 17. og 18. öld. Var það á þá leið, að hver aðalsmaður gat með atkvæði sínu ónýtt það lagafrumvarp, er fram átti að ganga. Þetta vill háttv. 2. þingm. Gullbr. og Kjósarsýslu innleiða hjer. Hann vill hafa rjett til að standa upp á þinginu og mótmæla gjörðum Íslands ráðherra í máli þessu. Alt, sem jeg hefi gjört í máli þessu, vill hann með því ónýta og að engu hafa. Annars veit jeg ekki, hvað er ósamrýmanlegra þingræðinu en þetta. Og ef það er rangt að taka við stjórn í trássi við meiri hluta á þingi, þá hygg jeg þó að liberum veto sje ekki samrýmanlegra þingræðinu. Víst er um það, að liberum veto olli því, að svo fór um Pólland, sem reyndin varð á. Jeg óska Íslandi einskis frekar en þess, að gæfan forði því frá, að einum þingmanni verði nokkurntíma gefið slíkt vald.

Björn Þorláksson: Jeg stend upp af því, að jeg er einn af flutningsmönnum að tillögu þeirri, sem hjer liggur fyrir, til þess að gjöra grein fyrir skoðun minni á þessu máli, og gjöri jeg það því fremur, sem háttv. 2. þingm. Gullbringu- og Kjósarsýslu (K. D.) ljet það í ljós í ræðu sinni, að hann undraðist yfir, að 3 þingm., sem fylgt hafa sjálfstæðisflokknum, skyldu gjörast flutningsmenn að tillögu þessari, og virtist hann skoða það sem storkun við gamla samherja. En það er ekki af þeirri ástæðu, að við höfum komið fram með þessa tillögu, heldur af því, að við teljum fyrirvara Alþingis vera fullnægt. Jeg verð að segja það, að jeg hafi í dag undrast yfir mörgu, sem þessi þingmaður hefir borið fram, en jeg ætla ekki að hætta mjer út í það moldviðri, sem hann og ýmsir aðrir hafa þyrlað upp. Jeg hefi staðið upp að eins til þess, að skýra frá minni afstöðu til þessa máls, en jeg ætla mjer ekki þann dul að hafa áhrif á atkvæði nokkurs annars þingmanns, enda mun mega segja, að allar þær ræður, sem haldnar hafa verið í þessu máli nú á þinginu, hefðu menn getað sparað sjer og gengið þegar í stað til atkvæða, og niðurstaðan hefði þó orðið hin sama og raun mun á verða. Jeg vil taka það fram, að jeg var einn af þeim 23 sjálfstæðisþingmönnum, sem í vetur lýstu ánægju yfir framkomu fyrverandi ráðherra í ríkisráði 30. nóv. 1914, sjerstaklega út af mótmælum hans gegn auglýsingunni dönsku. Með þessu tjáði jeg mig fylgismann fyrverandi ráðherra, eins og jeg hafði verið einn af stuðningsmönnum hans til ráðherratignar. Jeg sætti mig við það, þó stjórnarskráin fengist ekki staðfest, af því að ekki var hægt að fá hana staðfesta, nema á dönskum grundvelli, sem reið í bága við fyrirvara Alþingis. En þegar jeg fjekk vitneskju um, að konungur væri fáanlegur til að slaka á klónni og ekki væri örvænt um, að hann gengi inn á fyrirvarann, þá gladdist jeg, af því að jeg áleit að stjórnarskráin hefði svo margar rjettarbætur í för með sjer, að það væri mikill skaði, ef hún yrði ekki staðfest. Jeg heyrði reyndar marga láta í ljós óánægju yfir aðferðinni og kveða upp harða dóma yfir hinum nýja ráðherra fyrir það, að hann hafði tekið við ráðherrastöðunni, en þá hafði jeg þau orð um við suma, að best væri að bíða með dóm sinn þar til úrslitin yrði kunn. Og þegar svo úrslitin urðu kunn og umræðurnar í ríkisráðinu voru birtar, sannfærðist jeg um, að fyrirvaranum væri fullnægt, og því gjörðist jeg flutningsmaður að þessari tillögu. Jeg sá að konungur hafði slakað til, og jeg skal þegar taka það fram, að jeg hygg, að það hafi verið staðfestu og einurð hins fyrverandi ráðherra að þakka, að svo fór, að hægt var að fá stjórnarskrána staðfesta með þeim skilmálum, sem við getum verið ánægðir með,

þannig að tilgangi fyrirvarans er náð. Þegar svona langt var komið, að stjórnarskráin var staðfest og fáninn fenginn, var jeg búinn gleyma aðferðinni. Það fór fyrir mjer eins og oft vill verða, að þegar endirinn var góður, að jeg var búinn að gleyma því misjafna, sem á undan var farið, og mjer veittist það því auðveldara, er jeg sá, að aðferð sú, sem höfð var, var nauðsynleg af því, hvernig ástatt var. Svo sem jeg þegar hefi sagt, var jeg mjög glaður yfir úrslitunum, yfir staðfestingu stjórnarskrárinnar, af því að fyrirvaranum var fullnægt.

Það hefir verið talað svo mikið um fyrirvarann og það, hvort honum hafi verið fullnægt eða ekki, að mjer verður að leyfast að fara nokkrum orðum um, hvers vegna jeg álít að honum hafi verið fullnægt. Aðalkjarninn í fyrirvaranum er sá, að mínu áliti, að konungsúrskurður, sem allir höfðu búist við að yrði á þá leið, að *íslensk mál skyldu borin upp í ríkisráði* Dana, yrði sem hver annar konungsúrskurður og mætti breyta, hve nær sem konungur og Íslands ráðherra kæmu sjer saman um það. Jeg hefi ekki getað fundið betur en að konungsúrskurður frá 19. fyrra mánaðar væri þannig lagaður. Konungur segir að vísu, að við megum ekki vænta þess, að hann *breyti honum í sinni* stjórnartíð, nema annað jafntrygt fyrirkomulag verði sett í staðinn. En má jeg spyrja, hver gat vænst þess, að hann mundi, er minst varði, breyta úrskurði sínum? Mundi ekki Pjetur og Páll láta vera að segja, er þeir hefðu kveðið upp einhvern úrskurð: Þessu skal jeg breyta á morgun? Er ekki flestum svo háttað, að þeir vilji halda fast við það, sem þeir einu sinni hafa ákveðið? Og má vænta þess, að konungur fari öðruvísi að en allir aðrir menn? Mjer er því ómögulegt að skoða umræddan konungsúrskurð öðruvísi en sem hvern annan konungsúrskurð. Það, sem hratt fyrirvaranum á stað, var meðal annars auglýsingin danska, og það, sem meðal annars einnig kom af stað yfirlýsingu hinn 24 þingmanna, var þessi sama auglýsing, eða mótmæli fyrverandi ráðherra gegn henni. Það hefir mikið verið talað um, hvort þessi auglýsing væri úr sögunni eða ekki. En jeg get ekki skoðað hana öðruvísi en sem alveg úr sögunni. Á hana er ekki minst einnu orði á ríkisráðsfundinum 19. f. m. Og "Qvod non est in actis non est in judicio", þ. e.: Það sem ekki er í málsskjölum, það kemst ekki að í dóminum. Hún er því alveg dauð, þessi margumrædda auglýsing.

Svo sem jeg þegar hefi sagt álít jeg fyrirvaranum fullkomlega fullmægt eftir bókstaf hans. En svo er eitt, sem jeg vil taka hjer fram. Það er að fæðing fyrirvarans var nokkuð erfið. Það gekk erfiðlega að finna það orðalag, sem allir 24 sjálfstæðisþingmenn gátu verið ánægðir með. Og það fór svo að 2—3 þeirra gengu úr leik; orðalagið fullnægði þeim ekki. En það, sem allir voru sammála um, var þetta, stjórnarskrárstaðfestinguna mætti ekki kaupa með neinu rjettindaafsali Þetta var og er grundvallarhugsun fyrir varans, sá rauði þráður, sem gengur í gegn um hann. Þetta og ekkert annað var andi hans. Menn geta þrætt, hafa þrætt og munu þræta um bókstafinn, en allar þær þrætur eru til einskis. Andi fyrirvarans er sá, að vjer bindum oss engum böndum, þegar stjórnarskráin yrði staðfest. Nú er það víst, að stjórnarskrárstaðfestingin var ekki keypt með neinu rjettindaafsali. Alt situr við sama, sem var um afstöðuna til ríkisráðsins. Enda hafði enginn maður vænst þess, að um það mál yrði þokað nokkru frá því, sem komið var. Fyrirvaranum var fullnægt með því, sem fram fór í ríkisráðinu 19. júní þ. á., fullnægt samkvæmt anda hans, og um það tel jeg mest vert. Og þetta er efnið í þingsályktun þeirri, sem jeg hefi komið fram með ásamt 2 öðrum sjálfstæðismönnum hjer í deild-

inni. Vjer teljum oss það bæði ljúft og skylt, að votta þeirri stjórn, sem hefir borið giftu til að leiða þetta mál til farsælla lykta, þakklæti vort, einkum þar eð heyrst hafa háværar raddir hjer á þingi, og jafnvel á stöku stöðum utan þings, um það, að fyrirvaranum hafi ekki verið fullnægt með því, sem fram fór í ríkisráðinu 19. f. m. Ef ráðherrann hefði ekki gætt fyrirvarans, ef hann hefði tekið við staðfestingu stjórnarskrárinnar með öðru skilyrði en því, sem meiri hluti þingsins setti, álít jeg að hefði átt að gefa honum beina, en ekki grímuklædda, vantraustsyfirlýsingu, og að því búnu hefði þegar átt að stefna honum fyrir landsdóm. Með þessu hvorutveggju skyldi jeg hafa gengið, ef jeg hefði álitið að fyrirvarans hefði ekki verið gætt eða að ráðherra hefði gengið út fyrir umboð og vilja þingsins. En þar sem mín skoðun er sú, að fyrirvarans hafi verið gætt, þá tók jeg þegar fyrir Alþingi þá afstöðu til núverandi stjórnar, að jeg skyldi styðja hana með mínu atkvæði. Jeg get ekki stilt mig um að taka það fram, að jeg álít það mjög óheppilegt fyrir störf þings og þjóðar, að vera sí og æ að skifta um stjórn. Og það á ekki að gjöra, nema knýjandi ástæður sjeu fyrir hendi. Og það er jafnvel skaðlegt. Jeg hefi lifað það hjer á þingi, að vikum saman hafa sumir þingmenn verið að brjótast í því að koma þáverandi stjórn frá. Og á meðan hafa störf þingsins legið niðri. Jeg þykist þá hafa gjört grein fyrir, hvernig jeg lít á þetta mál og skýrt frá, hvers vegna jeg hafi gjörst flutningsmaður að þessari tillögu, og þarf jeg því ekki að fara fleiri orðum um þetta mál, sem búið er að ræða svo mikið.

Það hefir verið komið fram með tvær rökstuddar dagskrár. Um þá fyrri er það að segja, að ef hún á að fyrirbyggja að við missum einhvern rjett, þá álít eg hana óþarfa, af því jeg sje ekki að neinum rjetti hafi verið glatað. Um hina er það að segja, að hún kemur mjer kynlega fyrir, eftir ræðu hv. flm. (K.E.) Hann sagði, að fyrirvaranum hefði verið fullnægt og sýndist vera sömu skoðunar og við flutningsmenn þingsályktunartillögunnar. Ef hann er í hjarta sínu sannfærður um, að fyrirvaranum hafi verið fullnægt, þá sje jeg ekki hvað honum getur gengið til að greiða ekki atkvæði með þingsályktunartillögunni. Það er sá munur á þingsályktun og dagskrá, að þingsál. verður að skoðast miklu viðhafnarmeiri aðferð, til þess að ráða máli til lykta en dagskrártillaga. Og mjer finst hopað frá, að votta stjórninni traust, með því að samþykkja slíka dagskrártillögu heldur.

Jeg sá þessa dagskrá fyrir tveim dögum, og stóð þá í henni að deildin vottaði traust sitt á ráðherra, en nú er það fallið burtu. Þetta stendur að vísu ekki í þingsályktunartillögunni, en þó ber að skoða hann sem traustsyfirlýsingu. Ummæli dagskrárinnar eru svo loðin, að það er ekki hægt að sjá hver tilgangur hennar er. Enn er eitt, og það er að hún er svo illa orðuð, að jeg gæti varla verið með henni, þó mjer líkaði efni hennar. Mun jeg því greiða atkvæði á móti báðum dagskrártillögunum, og tel víst, að báðir meðflm. mínir muni gjöra það sama.

Forseti: Jeg gjöri það að tillögu minni og leyfi mjer að bera hana undir háttv. deild, að umræðum um þetta mál verði lokið. Það eru engar líkur til að nokkuð nýtt komi fram í málinu hjer eftir, og jeg vil minna háttv. þingmenn á þá ábyrgð, er á þeim hvílir, að eyða ekki tíma þingsins og fje landsins í óþarfa umræður.

Tillaga forseta var borin undir atkvæði og feld með 7: 4. atkv.

Kristinn Daníelsson: Jeg get huggað forseta með því, að jeg mun ekki halda langa ræðu að þessu sinni, en jeg kann ekki við, að orðið sje tekið af mönnum, enda getur enginn sagt, að umræður hafi gengið úr hófi um þetta mál, en það

er skilyrði fyrir að umræður verði skornar niður. En það er engin ástæða fyrir mig, til þess að tala nú langt mál, því að jeg hefi þegar ítarlega látið í ljós skoðun mína á málinu og einnig aðrir ræðumenn, og hafa þær umræður verið hóglegar.

Jeg vil nú að eins drepa á fáein atriði í ræðum háttv. andstæðinga minna, sem lutu að ræðu minni.

Hæstv. ráðherra sagði, að öll ræða mín hefði gengið í þá átt að tala máli Dana. Jeg sje ekki, að það skifti miklu máli hvers málstað er kallað að jeg taki; spurningin hlýtur fyrst og fremst að vera, hvort jeg hefi talað satt og með rjettum rökum.

Hæstv. ráðherra heldur því enn fram, að jeg hafi á Hafnarfjarðarfundinum sagt, að engin landsrjettindi væri skert. Jeg verð því enn að taka það fram, að það hefi jeg aldrei sagt, heldur að jeg teldi ekki *öll* landsrjettindi vor vera glötuð. Jeg gjörði fullkominn greinarmun á því, að glata grundvallarrjettindum vorum, eða að rjettur vor væri skertur, svo að vjer stæðum nú verr að vígi.

Hæstv. ráðherra minti á, að í ræðu minni hefði jeg sagt, að allir vissu, að fyrirvaranum hefði ekki verið fullnægt. Út frá því vildi hann halda því fram, að jeg hefði brigslað þeim andstæðingum mínum, er eigi vildu samþykkja það, um heimsku eða að þeir töluðu og breyttu móti betri vitund. Slík brigslyrði lágu ekki í orðum mínum, heldur samkvæmt málvenju, að allir viti það, sem liggja þykir í augum uppi. Hitt mun víst hæstv. ráðherra viðurkenna með mjer, að allir menn eru ekki jafnvitrir, og að sumir þeirra manna, sem eru andstæðingar hans, geta verið engu óvitrari en þeir, sem fylgja honum að málum. Minni hlutinn getur því haft rjettara fyrir sjer en fjöldinn, enda þótt hann skorti magn til að koma fram skoðun sinni. Hæstv. ráðh. gjörði sér mikinn mat úr því, að jeg hefði notað orðið hermdarverk í ræðu minni. Jeg hafði þetta orð ekki til að útmála sök hans, heldur vildi jeg með því tákna, hve mikils væri um vert þingræði landsins, að jeg áliti það hermdarverk, er það væri fótum troðið.

Þá spurði hæstv. ráðherra, hvers vegna jeg hefði vítt sig, en ekki Sigurð Eggerz, fyrir það að mótmæla því ekki, að forsætisráðherrann tæki til máls á ríkisráðsfundinum. Jeg hafði ekki ástæðu til að víta Sigurð Eggerz, þar sem hann gekk ekki að þeim kostum, er boðnir voru, enda hafði hann í frammi mótmæli gegn afskiftum forsætisráðherrans af íslenskum málum. Þá eru þessi ummæli hæstv. ráðherra og ýmsra, um að ráðherra vor sitji í ríkisráði Dana til þess að gæta þess, að Danir fari ekki inn á sjermálasvið vort, sem á að sýna það, að vjer höfum jafnan rétt á við þá. *(Ráðherra*: Stjórnskipulega jafnan rjett) Hvort hann er kallaður stjórnskipulegur eða ekki, skiftir litlu máli, því að hjer er um ekkert jafnrjetti að ræða. Ráðherrann er sjaldnast í ríkisráði Dana til að gæta rjettar vors, og þeir fara nú einir með sammálin. Uppburðurinn í ríkisráði getur því engu jafnrjetti á komið.

Hæstv. ráðherra sagði, að tilvitnun Hans hátignar konungsins í það, sem hann hefði áður sagt, næði ekki til allra hans fyrri ummæla. Það sagði jeg ekki heldur, en jeg hjelt því fram og held því enn þá fram, að þótt tilvitnunin bókstaflega nái ekki til þeirra allra, þá verði þó ekki annað ráðið af þessu en að hann haldi fast við alt, sem hann hefir áður sagt, þar sem engin viðurkenning er fengin fyrir því frá konungsins hálfu, að hann víki frá neinu því, er hann hafði áður sagt.

Þetta, sem sagt hefir verið, að alt sje status quo (ɔ: alt standi við sama og áður), hygg jeg að sje naumast rjett. 1903 gjörðum við þetta ákvæði í góðri trú. Það var ekkert fyrirfram samkomulag við rík-

ísráð Dana og konunginn, en það, sem nú hefir gjörst, er gjört með samkomulagi. Hæstv. ráðherra kom inn á birtingu leyniskjalanna, og sagði, að sjer stæði á sama, hvort jeg hefði tekið þátt í henni eða ekki, og hvernig augum jeg liti á það mál. Jeg sje enga ástæðu til þess, að afsaka það verk og afsaka sjálfan mig ekki heldur. Jeg var einn af þeim mönnum, sem fengu að sjá leyndardóminn. Við, sem á móti skilmálunum vorum, hlutum að eiga rjett á, að þeir væru birtir, svo að þjóðin gæti sjeð, hvað það var, sem við spyrnatum á móti. Hvort þá birtingin fór fram viku fyrr eða síðar, skiftir litlu máli, að því er jeg held. Jeg get ekki sjeð það glapræði, sem á að hafa verið gjört með þeirri birtingu. En þessi margumrædda birting hefir verið notuð óspart sem vopn á móti þeim flokki, er jeg tilheyri, til að sverta einstaka menn og gjöra þá tortryggilega, og hefir andstæðingum mínum virst hún vel fallin til þess.

Hæstvirtur ráðherra lagði rangan skilning í orð mín um „liberum veto“. Hann getur verið óhræddur um, að mjer datt ekki í hug að leggja það til, að „liberum veto“ yrði sett inn í lög vor. En hitt vakti fyrir mjer, að jeg álít til vera svo helg mál og stór, svo sem þingræði vort, að sú hugsun flaug mjer ósjálfrátt í hug, að hver þm. ætti að hafa fullan rjett til að mótmæla, þegar því er misboðið.

Jeg skal ekki fjölyrða um það, er háttv. 2. kgk. þm. (Stgr. J.) talaði um þetta mál fyrir hönd Heimastjórnarmanna. Ræða hans þótti mjer vera mjög eðlileg frá þeirra sjónarmiði, því að þeim stóð alveg á sama um fyrirvarann. Þeir hafa sjálfir lagt fyrir og lagt ráðin á um allt, sem framkvæmt hefir verið, og því síst að furða, að þeir lýsi nú ánægju sinni. Jeg tel því litla nauðsyn fyrir mig að blanda mjer inn í umræður þeirra manna.

Jeg skal ekki heldur eyða mörgum orðum að ræðu háttv. 4. kgk. þm. (B. Þ.). Að eins verð jeg að mótmæla því, að hægt hefði verið að spara allar umræður um þetta mál. Sumir eru jafn vel *reiðir* yfir því, að talað skuli vera um það.

Hversu ánægðir sem þeir kunna að vera með úrslit málsins, hljóta þeir þó að viðurkenna, að þetta er lífsspursmál þjóðarinnar, og jeg veit ekki, hver mál er skylt að þingið ræði og verji tíma til að ganga frá sem vandlegast, ef ekki slíkt mál. Jeg get því ekki skilið þetta tal um umræðurnar, sem orðið hafa um þetta mál.

Háttv. 4. kgk. þm. (B. Þ.) lýsti því hreinskilnislega yfir, að hefði það verið sannfæring sín, að brotið hefði verið í bága við fyrirvara Alþingis, hefði hann hiklaust lýst vantrausti sínu á ráðherra. Honum hlýtur því að skiljast afstaða mín, sem einmitt hefi þessa skoðun og er fullviss um að hún er rjett, og að eðlilegt er að við, sem álítum, að slíkt brot hafi átt sjer stað, reynum að gjöra okkur skoðun gildandi. Hitt, að þm. sje borið á brýn, að þeir leggi kapp á að koma öllu í uppnám og halda við óþörfum þrætum, er ekki annann en ósæmileg aðdróttun og vandræða vopn, sem gripið er til, þegar rök verða ónóg. Það er alveg rjett, að miklum tíma hefir verið varið til málsins, en það verður ekki lastað, þótt slíkt mál sje rækilega íhugað.

Þá vildi jeg einungis minnast nokkurum orðum á dagskrána, sem fram hefir komið frá háttv. þm. Vestm. (K. E.). Jeg treysti mjer ekki til að greiða henni atkvæði. Jeg get þar vitnað í orð háttv. 4. kgk. þm. (B. Þ.), sem segir, að hún feli í sjer beina traustsyfirlýsingu, og neinu, sem felur slíkt í sjer, get jeg auðvitað ekki greitt atkvæði. Þó að því reki, að dagskrá mín falli — jeg býst sem sje við, að dagskrá mín verði borin upp á undan, — þá get jeg þó ekki greitt þessari dagskrá atkvæði. Því að þótt svo mætti ef til vill virðast, að í þessari dagskrá felist mótmæli gegn gjörðum ráðherra, eru þau þó

kraftlaus, og það, sem gefið er með annari hendi, er tekið burt aftur með hinni hendinni, þar sem er ánægjuyfirlýsing með gjörðir ráðherra. Reyndar er þar vísað í fyrirvarann, og lýst yfir, að þingið haldi fast við hann. En það er þýðingarlítið að segjast halda fast við fyrirvarann, þegar gjörðir hæstv. ráðherra hafa verið í beinni mótsetningu við hann.

Mín dagskrá er þar á móti ákveðin, og þar er tekin föst afstaða gagnvart hæstv. ráðherra. Það hlýtur að vera til bóta, að landið væri lýst óbundið af öllu, nema fyrirvaranum. Með því kemur þingviljinn hiklaust í ljós.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira. Jeg hafði að vísu ritað upp hjá mjer margt fleira, sem jeg vildi minnast á, en jeg get slept því. Jeg hef skýrt lýst skoðun minni, og ekkert verið hrakið með rökum.

Karl Einarsson: Það er viðvíkjandi því, sem háttv. 4. kgk. þm. (B. Þ.) sagði um dagskrá mína, að jeg stend upp. Hann sagðist alls ekki geta fallist á hana, enda þótt hún teldi framkomu hæstv. ráðherra í ríkisráðinu 19. júní 1915 rjetta. Háttv. þm. hjelt því fram, að afgreiðsla málsins með þingsátyktunartill. væri viðhafnar meiri og kraftmeiri, heldur en afgreiðsla þess með dagskrá minni. Jeg fæ ekki sjeð, að svo sje, og finst þessi mótbára mjög litilfjörleg, og veit jeg ekki betur, en að sama mál hafi verið afgreitt með dagskrá í háttv. Nd. Mjer þykir það kynlegt, að háttv. þm. segist hafa sjeð dagskrána, þessa sömu dagskrá fyrir 2 dögum. Þetta er ósatt, því að þessa dagskrá samdi jeg fyrst hjer í þinginu í dag. En honum mun hafa verið sýnt uppkast að dagskrá fyrir 2 dögum, og hann á víst við það uppkast. Jeg fyrir mitt leyti vildi traustsyfirlýsingu, og er það rjett skilið hjá hv. 2. þm. G.-K. (K. D.), að hún er falin í dagskrá minni.

Jeg skil ekki hvers vegna háttv. 4. kgk. þm. (B. Þ.) vill ekki greiða atkvæði með dagskrá minni. Í henni er þó innifalin bæði traustsyfirlýsing til hæstv. ráðherra og um leið mótmæli gegn íhlutunartilraun danskra stjórnarvalda, og það eru þó þeirra ummæli, sem hafa skapað þessa „situtation".

Jeg er á sömu skoðun og hann, að það er vitanlega Sigurði Eggerz, fyrv. ráðherra, að þakka, að málið fjekk þá lausn, sem raun hefir á orðið. Hefði hann tekið við skilmálunum, sem honum voru boðnir, hefðum við vitanlega aldrei fengið neitt meira, og hefir hann fengið þökk bæði mín og annara fyrir þá staðfestu, er hann sýndi í þessu máli.

Háttv. 4. kgk. þm. (B. Þ.) talaði um, að það væri ekki gott að átta sig á dagskránni. Jeg vil biðja hann að gjöra svo vel að benda mjer á, í hverju tilliti hún sje óljós, og skal jeg þá reyna að bæta úr því. Jeg hygg, að hann vanti rök til þess að sýna fram á að svo sje. Síst af öllu geta Sjálfstæðismenn fært rök fyrir því, að þeir eru á móti þessari dagskrá, og veit jeg ekki betur, en dagskrá þessi taki af allan vafa um vilja þingsins í þessu máli, og að stjórnin sje ánægð með hana, ef hún er borin fram án útúrsnúninga, en það getur verið, að Heimastjórnarmenn sjeu ekki ánægðir, því þá virðist vanta útgöngudyr fyrir skoðanir sínar. En hvað Sjálfsæðismenn snertir er öðru máli að gegna. Margir flokksbræður þeirra eru einmitt ekki fullvissir um, að fyrirvaranum sje fullnægt, og einmitt þeirra vegna er dagskráin hjá mjer rjett orðuð. Við ætlum einmitt allir að standa sem fastast utan um hæstv. ráðherra í þessu máli, og við værum betur settir með því að sýna, að við viljum standa saman með ráðherra, gegn íhlutunartilraunum Dana, en að vera að togast á til að þóknast Heimastjórnarmönnum. Hv. 4. kgk. þm. (B. Þ.) talaði á þá leið, sem hann hjeldi, að jeg væri

ekki sannfærður um að fyrirvaranum væri fullnægt. Jeg tók það einmitt strax fram við þrímenningana svo kölluðu, að jeg teldi fyrirvaranum fullnægt. *(Björn Þorláksson*: Jeg er alls ekki sannfærður um, að hv. þm. Vestm. (K. E.) áliti fyrirvaranum fullnægt).

Hv. 4. kgk. (B. Þ.) var alls ekki sannfærður um, að jeg áliti fyrirvaranum fullnægt. En jeg álít þá, að hann hafi ekkert vit á málinu, og sannar öll framkoma hans það. Svo var það, að jeg ætlaði að biðja hv. 4. kgk. þm. (B. Þ.) að segja mjer hvað það er, í dagskrá minni, sem hann getur ekki felt sig við. Jeg álít fyrst og fremst nauðsyn, að við stöndum fast saman um ráðherra. Jeg álít meira að segja, og endurtek það enn einu sinni, að við eigum ekki að rífast innbyrðis opinberlega um þessi mál. Þeir, sem eru á móti dagskrá minni, hafa enn ekki fundið henni neitt til foráttu, að því er orðalag snertir. Jeg hefi ekki fleira um dagskrá mína að segja, jeg vil einungis beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra, hvort hann sjái annað í dagskrá minni en fult traust til hans og viðleitni til að sameina alla þingmenn á móti afskiftum Dana af vorum málum, það er að segja þá þingmenn, sem ekki eru á bandi Dana í þessu atriði.

Karl Finnbogason: Jeg leyfi mjer að víta það, sem hjer kom fyrir áðan, að gjörð var tilraun til að meina þeim að mæla, sem ekki höfðu tekið til máls, og að þeir, sem sjálfir höfðu talað, greiddu atkvæði slíkri tillögu. Þetta mál er svo vaxið, að sjerstök ástæða er til, að hver einstakur þingmaður lýsi afstöðu sinni til þess, og því verra er að hamla því. *(Björn Þorláksson*: Jeg vil skýra frá því, að jeg hjelt, að enginn hefði beðið um orðið, og greiddi því atkvæði með því, að umræðum um þetta mál væri hætt).

Jeg skal þó strax lofa því, að eyða ekki mörgum krónum af fje landsins til minna orða.

Hjer liggur fyrir þingsályktunartillaga og tvær dagskrár, sitt með hvorum hætti. Verkefnið er því allmargbreytt, og ekki úr vegi að athuga það nákvæmlega.

Jeg lít svo á þingsályktuna, að hún sje fram komin til að „draga sundur“ í deildinni. Sje ekki, að hún geti miðað að öðru en leiða í ljós, hverjir eru með stjórninni nú og hverjir móti. Líst mjer því sjálfsagt, að sem flestir hv. þingdm. ætti að eiga kost á að lýsa afstöðu sinni; og það vil jeg nú gjöra.

Fyrirvarinn margnefndi átti að vinna tvent, Fyrst og fremst að koma í veg fyrir, að vjer mistum nokkurn rjett, um leið og stjórnarskráin yrði staðfest, og í öðru lagi koma ekki í veg fyrir, að stjórnarskráin yrði staðfest. Sýnilega var örðugt að vinna þetta tvent í einu. Enda fer tvennum sögum um, hvernig það hafi tekist.

Með þetta tvent fyrir augum samþykti jeg fyrirvarann í fyrra, og vonaði, að vel gengi. Sú von var í fyrsta lagi bygð á því, að jeg *vildi* að vel gengi, og í öðru lagi á því, að þáverandi ráðherra ljet vel af viðtökum konungs og undirtektum, þegar hann talaði við hann um fyrirvarann í utanför sinni.

Ríkisráðsfundurinn 30. nóv. 1914 fór eins og kunnugt er. Eftir hann var jeg með öllu vonlaus um að stjórnarskráin yrði staðfest, og fyrirvaranum jafnframt fullnægt. Það vonleysi bygðist á orðum konungs á þeim fundi.

Mjer virtist það ganga drottinsvikum næst, að væna konung þess, eða vænta þess, að hann hyrfi frá orðum sínum; og mjer virtist það ganga landráðabrigslum næst, að væna nokkurn Íslending þess, að að hann gjörðist til þess, að fá stjórnarskrána staðfesta með þeim skilmálum, sem þá voru fyrir hendi; og aðrir virtust *ófáanlegir*.

Svo hófust utanstefnurnar, eða utanfarirnar. Jeg vænti einskis góðs af þeim; bjóst ekki við neinum árangri, því málið var þá í sömu skorðum og 30. nóv. 1914, og mennirnir hlutu að vinna að því á þeim grundvelli, sem konungur sagðist mundu halda því á, fyrst hann hafði lýst yfir því, að hann myndi ekki af honum víkja. Mjer kom þó ekki í hug að áfella þessa menn, þótt þeir færi á konungsfund. Taldi það sjálfsagða kurteisi við konung að taka boði hans. Hitt þótti mjer ekki sjálfsagt, að þeir legðu út í nein stórræði í stjórnarskrármálinu, þótt þeir kynni að tala um það við konung og aðra. Jeg vantreysti mönnunum í engu, og ljet því alt kyrt og afskiftalaust.

Svo komu þeir með tilboðin. (*Ráðherra*: Tillögur, en ekki tilboð). Jæja, tillögurnar þá. Mjer er sama, hvaða nafni þetta nefnist. En það var farið svo ákaflega leynt með þessar tillögur. Það var mjer ekki sama. Yfir því varð jeg óánægður, því jeg áleit, að allir þingmenn að minsta kosti, og helst öll þjóðin, ætti heimtingu á að fá að vita, hvað um var að vera, og jeg get ekki fyllilega enn losað mig við þessa óánægju, þótt jeg hafi fundið því margar og miklar málsbætur. Jeg sá það strax, er jeg sá tillögurnar, að *formið* var í eðli sínu leyndarmál, enda fór jeg svo með þær, sem jeg vænti og að sje viðurkent.

Þegar er jeg sá tillögurnar, þá litust mjer þær miklu betra en jeg bjóst við, og jeg gat ekki betur sjeð, en að þær stæðu á öðrum og betra grundvelli en áður hafði verið, þó mjer hins vegar engan veginn líkuðu þær. Jeg áleit því hyggilegast, að þingmenn gjörðu við þær breytingartillögur sínar og athugasemdir með stillingu og gætni, svo þeir spiltu ekki fyrir málinu. En alls ekki að ónýta þær að óreyndu. Þetta álít jeg að þingmenn gjörðu best með því, að koma saman á aukaþingi, og ráða þar ráðum sínum.

Það var ljóst, að tillögurnar þurfti að ræða; það þurfti að ráðgast um þær; annars var meiningarlaust að sýna nokkrum þingmanni þær. Hefðu þrímenningarnir verið strax sannfærðir um, að með því að taka skilmálum þeim, er þeir áttu kost á, væri fyrirvaranum fullnægt út í æsar, þá var sjálfsagt af þeim að fá stjórnarskrána staðfesta umsvifalaust. En það hafa þeir ekki verið, eins og ekki var von. Og þess vegna var ástæða til að ræða um málið og bera það undir þingmenn, hvort þeir vildu að nokkru víkja frá ákvæðum síðasta Alþingis eða ekki. En til þess þurftu allir þingmenn að fjalla um málið, og það *saman, en ekki hver í sínu horni.* Svona hefi jeg litið á þetta.

Enn fremur taldi jeg það óheppilegt, að stjórnarskifti yrðu á milli þinga, ekki vegna þess, að jeg vildi ekki styðja *hvern sem* væri af þessum þremur, sem utan fóru, heldur vegna þess, að jeg tel hættulegt fordæmi skapað með því, að ráðherraskifti verði með þeim hætti, sem þau urðu nú. Því þó slíkt geti gefist vel í eitt skifti, getur það gefist illa í annað skifti. Það hlýtur að styrkja konungsvaldið, en veikja þingræðið. Og til þess er ekki leikur gjörandi. Jeg hefði þess vegna talið heppilegt, þó það hefði kostað nokkrar krónur, að kallað hefði verið saman *örstutt* aukaþing — þótt það jafnvel hefði verið haldið fyrir lokuðum dyrum, — svo að þingmenn gætu í sameiningu rætt um tilboðin og komið sjer saman um ráðherra, í stað þess, að gjöra það hver í sínu horni. Mjer þykir miður farið, að svo varð ekki, þó jeg viðurkenni, að þar sjeu einnig miklar málsbætur.

Nú er stjórnarskráin staðfest. Fyrirvarinn hefir því ekki komið í veg fyrir það. Slíkt orkar ekki tvímælis.

En höfum vjer þá mist nokkurn rjett, og hefir fyrirvaranum verið fullnægt?

Þetta orkar tvímælis. Jeg álít að vjer höfum engan rjett mist. En hitt virðist

mjer jafn víst, að fyrirvaranum sje *ekki* fullnægt.

Allt er í sömu skorðum og áður var.

Ráðherrar vorir hafa haldið fram rjetti vorum, í anda þingsins, Danir hafa ótvírætt vjefengt rjettinn. Og konungur hefir ekki fyllilega viðurkent okkur hann, en neitar ekki heldur, að vjer eigum hann.

Beina viðurkenningu konungs get jeg hvergi fundið í því, sem gjörðist á ríkisráðsfundi 19. júní 1915, hvað þá 30. nóv. 1914. Og jeg hygg, að hún sje ekki auðfundin.

En fyrirvarinn heimtaði *meira* en fengið er. Aðalkrafa hans var sú, *að konungsvaldið viðurkendi umræddan rjett vorn.* Þetta var skýrt tekið fram af framsögumanni stjórnarskrárnefndarinnar í neðri deild 1914, hæstv. núverandi ráðherra. Fyrrverandi ráðherra, Sigurður Eggerz, hjelt þessu fast fram á ríkisráðsfundi 30. nóv. 1914, og meiri hluti þingmanna (23) gaf út skriflega yfirlýsingu um það, að hann hefði farið þar rjett með málið.

Hjer er því engum blöðum um að fletta, hvað sem nú er sagt eða sagt verður.

En þótt vjer höfum ekki fengið fullnægt þessari kröfu, tel jeg rjetti vorum borgið. En auðvitað hefir ekkert áunnist, eins og til var stofnað.

Og þar sem staðfesting stjórnarskrárinnar er mjer mikið ánægjuefni, tel jeg mega una við úrslit málsins, eins og þau eru orðin, og rjett að drepa niður deilum um það. Mun það heillavænlegast landi og lýð, að svo komnu.

Að svo mæltu þarf jeg ekki að fjölyrða um þingsályktunartillöguna. Hún telur fyrirvaranum fullnægt og lýsir óblandinni ánægju yfir staðfestingu stjórnarskrárinnar. Jeg tel fyrirvaranum ekki fullnægt, og er óánægður með aðdrög stjórnarskrárstaðfestingarinnar. Hlýt því að greiða atkvæði móti þingsályktunartill.

Móti dagskrá háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) mun jeg ekki greiða atkvæði, því ekki sje jeg, að neitt sje á móti því, að undirstrika það, að þingið haldi fast við sína fyrri stefnu í þessu máli, meðan það þykist halda henni.

Og með dagskrá háttv. þm. Vestm. (K. E.) get jeg vel greitt atkvæði, því þar er gjörð tilraun til að taka höndum saman við fyrrverandi og núverandi ráðherra í málinu og styrkja mótmæli þeirra gegn skoðun Dana á uppburði sjermálanna. Sje jeg ekki annað en að háttv. tillögumenn, og þeir aðrir, er vilja styðja núverandi hæstv. ráðherra, en jafnframt halda fast við rjett vorn, geti greitt henni atkvæði, og *ættu* að gjöra það.

Þó vil jeg taka það fram, að atkvæði mitt gildir ekki skilyrðislaust ánægjuyfirlýsinguna, samkvæmt því, er jeg hefi áður tekið fram. Og um afstöðu mína til núverandi hæstv. ráðherra, er það eitt að segja, að jeg mun ekki bregða fyrir hann fæti á þessu þingi fyrir það, sem orðið er.

Magnús Pjetursson: Jeg skal ekki lengja mjög umræður, en jeg vil gjöra stutta grein fyrir atkvæði mínu, þó háttv. deildarmenn sjeu sjálfsagt orðnir þreyttir af ræðuhöldum.

Eftir mínum skilningi á fyrirvaranum og tilgangi hans, eins og jeg álít og veit að fjöldi Sjálfstæðismanna alt af hafa litið á hann, þá sje jeg ekki betur en að honum sje fullnægt með því, er gjörðist í ríkisráðinu 19. júní síðastliðinn, og að því leyti get jeg lýst ánægju minni yfir staðfestingu stjórnarskrárinnar. En jafnframt skal jeg lýsa yfir því, að jeg er algjörlega mótfallinn skilningi og skoðun Heimastjórnarmanna í þessu efni, en get skrifað undir flest í ræðu háttv. þm. Vestm. (K. E). En jeg er þó ekki vel ánægður með alt hjá hæstv. ráðherra eða framkomu hans. Jeg er ekki samþykkur því, er hjer hefir sagt verið um utanför, aðferð o. s. frv., en jeg hefi ekki getað sannfærst um það, að það hafi verið rjett gjört, að kveðja

ekki saman aukaþing, áður en stjórnarskráin var staðfest. En þó jeg viti, að hæstv. ráðherra hefir þar nokkrar málsbætur, þá vil jeg þó víta þetta og fleira í aðferð hans á umliðnu vori. Jeg greiði því atkv. með ánægjuyfirlýsingunni um staðfestinguna, en *ekki með aðferð* þeirri, sem höfð hefir verið, sem jeg tel hættulega og gefa ilt fordæmi.

Viðvíkjandi þingsályktunartillögunni og dagskrá þm. Vestm. (K. E.) vil jeg geta þess, að jeg sje ekki betur en að dagskrá háttv. þm. Vestm. (K. E.) sje *betri* í garð ráðherra en þingsályktunartillagan, því hún styrkir hæstv. ráðherra meira, og það er meðal annars ástæðan til þess, að jeg greiði henni atkvæði.

Þó háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) sje dauður, þá vil jeg þó mótmæla því, að það *viti allir* að fyrirvaranum sje ekki fullnægt. Þetta er alveg rangt. Það er sannfæring mín, að honum sje fullnægt, og því sama hafa aðrir Sjálfstæðismenn lýst yfir.

Þótt það verði sagt, að jeg bregðist sjálfstæðisflokknum og missi traust þjóðarinnar, þá læt jeg það sem vind um eyrun þjóta, og hygg þar ekki mikið mark á takandi. En reynslan sker úr, hvernig þjóðin dæmir framkomu einstakra þingmanna í þessu máli.

Björn Þorláksson: Það eru að eins örfá orð, er jeg vildi segja.

Jeg var svo óheppinn, að jeg heyrði ekki alt, sem háttv. þm. Vestm. (K. E.) sagði um dagskrá sína, en mjer hefir sagt verið, að hann hafi sagt, að það væri vitanlega ósatt, að jeg hefði sjeð þessa dagskrá fyrir tveimur dögum síðan. Mjer þykir það hart, þar sem jeg hefi hjer eftirrit af dagskrá hans í hendinni, og auk þess vill svo til, að jeg get nefnt votta að því, að jeg skýri rjett frá, því svo vildi til, að háttv. 6. kgk. þm. (J. Þ.) var viðstaddur, er mjer var sýnd hún. Jeg hygg því, að jeg þurfi ekki að bera neinn kinnroða fyrir ummæli mín. En, eins og jeg sagði áðan, þá hefir traustinu verið kipt burtu úr dagskránni.

Háttv. þm. Vestm. (K. E.) þótti það einkennilegt, að jeg skyldi ekki skilja dagskrá hans, en jeg verð að játa það, að jeg veit ekki enn hvað meint er með henni, enda er hún bæði loðin og óskýr. Jeg mintist áðan á orðalagið á henni, en jeg hefði getað kveðið harðar að orði, því jeg tel hana illa og klaufalega orðaða, svo að hún er hin mesta ómynd og því tæpast samboðin virðingu þingsins eða prentandi sem þingskjal. Jeg vil þó taka það fram, að ef hann hefði tekið kjarnann úr dagskrá sinni og komið fram með hann sem breytingartillögu við þingsályktunartillöguna, þá hefði málið horft öðru vísi við.

Steingrímur Jónsson: Jeg stend upp að eins til þess að minnast á dagskrá hv. þm. Vestm. (K. E.) því hún var ókomin fram áðan, er jeg talaði. Jeg get nú lýst því yfir, að við Heimastjórnarmenn munum greiða atkv. á móti henni, og get jeg, hvað ástæðunum fyrir því við víkur, skírskotað til þess, er háttv. 4. kgk. þm. (B. Þ.) hefir tekið fram, en auk þess liggja til þess fleiri rök, sem jeg finn ekki ástæðu til að greina, með því að það yrði að eins til þess að lengja umræðurnar.

Viðvíkjandi því, að jeg greiddi áðan atkvæði með því, að umræðum yrði hætt, skal jeg taka það fram, að það hafði enginn beðið um orðið, sem ekki hafði áður talað, en jafnskjótt og jeg vissi, að háttv. þm., er eigi höfðu áður talað, óskuðu þess, þá vildi jeg ekki láta hætta umræðum, og hefði því, ef ítrekuð atkvgr. hefði farið fram um það, greitt atkvæði með því, að umræður hjeldu áfram.

Ráðherra: Háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) kom í ræðu sinni ekkert inn á efni málsins, og þarf jeg því ekki að svara

honum löngu máli. Hann var eitthvað að bera saman árin 1903 og 1915, og sagði að þingmenn 1903 hefðu gjört það í góðri trú, en nú væru þeir mala fide, eða breyttu gegn betri vitund. En þetta er ekki rjett bjá háttv. þingmanni. Árið 1903 setti þingið ríkisráðsákvæðið í stjórnarskrána með fullri meðvitund um hvað bak við lá; til þess að sjá að þetta er rjett, þarf ekki annað en að líta í ástæðurnar fyrir stjórnarfrumvarpinu.

Háttv. sami þm. (K. D.) vildi hvorki lofa eða lasta birtinguna í Ingólfi. Jeg skil það fjarskalega vel; hann er mjer og öðrum mönnum sammála um birtinguna, hvert óhæfuverk hún hafi verið, en hjer eiga í hlut flokksmenn hans, sem hann vill ekki lasta. En til þess að leiða athygli frá þessum illa verknaði flokksbræðra sinna, þá beindi hann þeirri fyrirspurn til mín, hvort það hefði skift nokkru máli, hvort þetta var birt viku fyrr eða síðar. Já, jeg get fullvissað háttv. þm. (K. D.) um, að það skifti miklu máli, hvort það var birt fyrir eða eftir staðfesting stjórnarskrárinnar.

Þá var þessi sami háttv. þm. (K. D.) að tala um það, að þingmenn hefðu átt að hafa rjett til að sjá tillögurnar, sem við þrír komum með. Þar til er því að svara, að þeir fengu að sjá þær, og þar á meðal háttv. þm. (K. D.) sjálfur, en hitt var gjört að skildaga, að þær yrðu ekki birtar, og því urðum við að lofa, og hið sama gjörðu þeir þingmenn, er fengu að sjá þær. Þetta er meira að segja viðurkent af þeim, er birtu þær; fyrir því liggur eigin játning þeirra og bókun. Háttv. þm. Dalamanna (B. J.) las upp bókunina í háttv. Nd. Jeg finn ekki ástæðu til, að þreyta lengur mál þetta að sinni.

Háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) gjörði mikið úr því, að dönsk blöð teldu, að Danir hefðu unnið mikinn sigur. Jeg legg nú ekki mikið upp úr þessu; en auk þess eru þau ekki öll sammála þar um; sum þeirra telja að Danir hafi gefið alt of mikið eftir. Jeg skal t. d. benda á einn stjórnmálamann, sem er mjög kunnur í Danmörku og eins talsvert kunnur hjer á landi, fyrverandi forsætisráðherra J. C. Christensen, er átelur stjórnina fyrir, að hún hafi gefið alt of mikið eftir.

Háttv. þm. Vestm. (K. E.) beindi til mín fyrirspurn um dagskrá sína, um það, hvort jeg hefði nokkuð á móti henni. Eins og háttv. þm. (K. E.) skýrði afstöðu sína til dagskrárinnar, og ef aðrir, er greiða henni atkvæði, skýra eins afstöðu sína, þá tel jeg hana ekki allfjarlæga þingsályktunartillögunni. En þó er miðbik dagskrárinnar orðað fyrir þá, er telja, að fyrirvaranum sje ekki fullnægt, en þó svo sje, hefir það lítil áhrif, ef allir þeir, er dagskránni greiða atkvæði, lýstu yfir hinu sama og háttv. þm. Vestm. (K. E.) og háttv. þm. Strand. (M. P.). En nú heyri jeg, að háttvirtur þm. Seyðf. (K. F.) ætlar líka að greiða atkv. með dagskrá þessari, og það einmitt af því, að hann telur, að fyrirvaranum sje ekki fullnægt, en hann slær varnagla við því, að það megi alls ekki líta svo á, að hann vilji greiða þar með atkvæði með niðurlaginn, um að lýsa „ánægju sinni yfir staðfestingu stjórnarskrárinnar“. Hann vill með öðrum orðum greiða atkvæði með því, að telja íhlutunartilraunir danskra stjórnvalda um íslensk mál á ríkisráðsfundi 19. júní 1915, skýrt og ótvírætt mótmælt af Íslandsráðherra, og með því að halda fast við fyrirvara Alþingis 1914, en ekki með því að lýsa ánægju sinni yfir staðfestingu stjórnarskrárinnar, og þá því síður nokkru trausti til stjórnarinnar. Það er því fram komið, að það er af mjög mismunandi ástæðum, er háttv. þingmenn vilja greiða atkvæði með dagskránni, og sumir þeirra vilja slá varnagla við því í henni, sem er nokkurs virði.

Í ræðu háttv. þm. Seyðf. (K. F.) var lítið gengið inn á málið sjálft. Niðurstaða hans var sú, að vjer hefðum ekki

glatað neinuu rjetti, en hins vegar væri fyrirvaranum ekki fullnægt. Fyrir utan það, þá vítir háttv. þm. (K. F.) aðferðina, og hlýtur því að álíta, að jeg hafi brotið af mjer með staðfestingu stjórnarskrárinnar. Samkvæmt þessu, þá hlýtur háttv. þm. Seyðf. (K. F.) að vera með þeim, er vildu halda áfram ágreiningnum við konungsvaldið, og þá hefði hann átt að vera hreinni og beinni í málinu og með hinum. Það er alt af skemtilegra, og jeg kýs það heldur, að menn sjeu hreinir og beinir, en haltri ekki til beggja hliða. Vitanlega er afstaða háttv. þm. Seyðf. (K. F.) sprottin af alkunnri samviskusemi hans, að hann vill engum rangt gjöra, en afstaða hans er þó hálf-leiðinleg og eigi svo eindregin, sem æskilegt hefði verið í sliku máli sem þessu. Þessi háttv. þm. (K. F.) sagði, að hann vildi ekki bregða fæti fyrir mig á þessu þingi, en jeg vil helst frábiðja mjer mjer nokkra slíka miskunnsemi frá hans og annara hálfu, og jafnsáttur er jeg við hann, þótt hann fái einhvern annan með fylgi sínu til að sitja í ráðherrastólnum. Jeg fyrir mitt leyti kýs helst, að menn sjeu annað hvort með eða móti, annað hvort heiðarlegir meðhaldsmenn eða heiðarlegir mótstöðumenn.

Jeg gat þess í Nd., hvers vegna jeg hefði ekki kallað saman aukaþing, og meðal annara orsaka, sem til þess lágu, var Ingólfsuppljóstunin.

Jósef Björnsson: Það mun vera að bera í bakkafullan lækinn, að ræða meira um mál þetta, svo jeg skal ekki vera langorður.

Vegna þess, að aðalkjarni umræðanna felst í því, hvort fyrirvaranum sje fullnægt eða ekki, þá ætla jeg stuttlega að taka fram skoðun mína á því. Þegar hæstv. ráðherra og konungsgestirnir komu aftur úr utanför sinni, og mjer gafst færi á að sjá, eða rjettara sagt heyra, úrlausnardrög þau, er þeir höfðu meðferðis, leit jeg strax svo á, að fyrirvaranum væri ekki fullnægt með þeim. Ljet jeg það þá þegar ótvírætt í ljós við konungsgestina og benti á helstu annmarkana, sem mjer þóttu vera á því, að taka við staðfestingu stjórnarskrárinnar með þeim skilmálum, er þá voru í boði. Jeg sagði þá, að jeg teldi það, sem fyrir lá, óaðgengilegt í alla staði, því jeg leit svo á, að það fullnægði ekki Alþingis fyrirvaranum, og að ekki mætti slaka til frá löglega afgreiddum skilyrðum þingsins, án þess að þing kæmi saman áður. Alþingi einu og engum öðrum gæti borið sá rjettur að breyta til frá fyrri ákvæðum sínum, ef því þætti það rjett vera og nauðsynlegt einhverra hluta vegna. Þegar svo stjórnarskráin var staðfest 19. f. m. og jeg sá skilmálana, lokaskilmálana, skal jeg taka fram, að jeg leit strax svo á, að þeir væru talsvert aðrir en þeir, sem fyrst voru í boði, og *talsvert betri* — að þeir nálguðust meira fullnægju fyrirvarans.

Breytingar þær, er hæstv. ráðherra hafði fengið framgengt í ýmsum atriðum, verð jeg óhikað að telja til stórbóta. En þótt þetta sje skoðun mín og sannfæring, þá er langt frá því, að jeg sje sannfærður um, að fyrirvaranum sje fullnægt, og það hefi jeg sagt hæstv. ráðherra sjálfum. En þess þykist jeg líka jafn viss af orðum hans, að hann álítur fyrirvaranum algjörlega fullnægt. Nú er þá svo, að jeg og fleiri halda því fram, að fyrirvaranum sje ekki ótvírætt fullnægt, en aðrir telja, að svo sje. Í þessu greinir menn á, og sem stendur fæst enginn dómur á því, hvorir rjettara hafi fyrir sjer, og enginn er óskeikull, hversu skýr sem er. En eitt er víst, að hæstv. ráðherra hefir talið sig fá fyrirvaranum fullnægt um leið og hann mótmælir í ríkisráðinu og vísar til fyrirvarans. Þar vitnar hann til umboðs þess, er þingið hafði gefið honum, og ætti það að vera mikils virði, ef rjett er á haldið. Ef það er rjett, sem enginn efar, að umboð ráð-

herra hafi verið fyrirvarinn, og að hann vísi til þess, þá er eðlilegt að þeir, sem vilja vera ugglausir um, *að Danir hljóti að viðurkenna, að fyrirvaranum sje fullnægt*, óski þess, að mótmæli ráðherra og tilvísun hans til umboðsins, sem Dönum var fullkunnugt frá ríkisráðsfundinum 30. nóv. f. á., sje árjettuð með því, sem engum getur orðið til ama, en málefninu til gagns. Og það hygg jeg sje hægt með hvorri sem er af þeim tveim dagskrám, sem komið hafa hjer fram í dag. *(Steingrímur Jónsson:* Vill þá þm. láta samþykkja báðar dagskrárnar?) Ekki að vísu báðar, en þá þá síðari, falli sú, sem fyrr kemur til atkvæða. Fyrri dagskráin hefir það á móti sjer, að í henni telja sumir að felist vantraustsbroddur til hæstv. ráðherra, en hún heldur sjer fast við fyrri vilja þingsins. En vel má samþykkja hana með þeim ummælum, að í henni felist ekkert vantraust til hæstv. ráðherra. Jeg get vel greitt atkvæði með henni, en það atkv. ber ekki á neinn hátt að skoða sem vantraustsatkv., því jeg hefi enga tilhneigingu til að greiða atkv. með vantraustsyfirlýsingu til ráðherra, eins og sakir standa, og hefi jeg áður sagt það í áheyrn hans og margra háttv. þingmanna annara.

Hin dagskráin segir ekkert um, hvort fullnægt sje fyrirvaranum eða ekki, en leggur alla áherslu á að styrkja mótmæli ráðherra og gjöra þau fullgild, með því að vísa á umboð það, sem hæstv. ráðherra hafði. Tekur dagskráin það þess vegna skýrt fram, að þingið haldi fast við umboð hans, fyrirvarann, eins og Dönum hafi verið það kunnugt; og kunnugt var þeim það óneitanlega frá ríkisráðsfundinum 30. nóv. síðastl.; haldi fast við það eins og það hafi átt að skiljast. Og með því dagskráin bendir á, að mótmæli ráðherra í ríkisráðinu 19. júní hljóti að skoðast miðuð við umboð þingsins og ekkert annað, þá er hún árjetting á mótmælum hans. Hjer er því að eins um öryggisráðstöfun að ræða. Um niðurlagsatriði dagskrár þessarar hefi jeg það að segja, að jeg sje ekkert því til fyrirstöðu, að menn lýsi ánægju sinni yfir staðfestingu stjórnarskrárinnar, ánægju yfir því, að hafa með henni öðlast margar og miklar rjettarbætur, og það eitt legg jeg í atkv. mitt, snertandi þetta atriði dagskrárinnar, komi til þess að jeg greiði henni atkv. Jeg álít rjett af okkur þm., og sjálfsagða skyldu eins og sakir standa, að styðja mótmæli hæstv. ráðherra í ríkisráðinu 19. júní, og árjetta þau með yfirlýsingu um, að þingið haldi fast við fyrirvarann. Með það fyrir augum get jeg greitt dagskránni atkvæði. Jeg lít svo á, að hvor dagskráin sem er *tryggi rjett landsins*, og *vaki yfir sóma þingsins*, með því að sýna, að þingið haldi fast við fyrri skoðun sína.

Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál.

Karl Finnbogason: Að eins örlítil athugasemd út af ræðu hæstv. ráðherra. Hann tók það fram, að hann hefði skilið ræðu mína svo, að jeg hefði viljað láta stjórnarskrána falla og halda áfram deilunum við Dani. En þetta er ekki rjett skilið. Það er furðulega rangskilið af svo skörpum manni. Þvert á móti lýsti jeg ánægju minni yfir staðfestingunni sjálfri, og að una mætti við staðfestingarskilmálana. Hæstv. ráðherra kastaði að mjer kaldyrðum vegna afstöðu minnar í málinu og ummæla minna í garð hans.

Það er ekkert nýtt nú á dögum, að heyra slettur og útúrsnúninga frá ráðherrastólnum. Og samir það illa svo virðulegum stað. En fyrst hæstv. ráðherra þykist eigi hirða um, að þeir, sem ekki eru jábræður hans í öllu, láti hann afskiftalausan á þessu þingi, og segir með sinni vanalegu hæversku: „nei þökk“, við mig, þá leyfi jeg mjer að benda honum á, að hann hefir óhikað og þegjandi þegið stuðn-

ing Heimastjórnarmanna, sem *þó er ekkert annað en afskiftaleysi á þessu þingi*, eftir því sem fram hefir komið. Vel má vera, að honum reynist stuðningur þeirra staðgóður, og skal jeg engu um það spá. En óvíst er þó, að þeir standi honum nær í ýmsum málum, sem nú eru á dagskrá og næst koma, en vjer Sjálfstæðismenn, sem erum ekki að öllu sammála honum um aðfarirnar við staðfestingu stjórnarskrárinnar, og eigum óhægra með að víkja við skýringunum á fyrirvaranum en hann. Að lokum get jeg þess, að jeg tel mig alveg óbundinn af orðum mínum að láta hæstv. ráðherra hlutlausan á þessu þingi, fyrst hann kærir sig ekki um það. Því engan vil jeg troða um tær — nje hæla.

Karl Einarsson: Háttv. 4. kgk. þm. (B. Þ.) sagði, að jeg hefði haldið því fram, að hann færi með rangt mál, er hann sagðist hafa sjeð dagskrá mína fyrir tveim dögum. Jeg verð að endurtaka það, þar eð dagskráin var ekki til þá, en uppkast af henni sá hann hjá mjer, og fanst mjer ótilhlýðilegt að hann færi að geta þess hjer.

Ráðherra: Stutt athugasemd út af ræðu háttv. þm. Seyðf. (K. F.). Hann sagði sem sje í fyrri ræðu sinni, að hann áliti fyrirvaranum ekki fullnægt, en þó væri engum rjettindum glatað. Skil jeg þá ekki, hvaða varnagla hann þarf að slá við því, að láta í ljós ánægju sína yfir staðfestingunni. Nefndi hann, að jeg hefði sams konar stuðning frá Heimastjórnarmönnum og honum. Jeg skal ekki segja um það, en þeir geta lýst yfir fullri ánægju út af staðfestingu stjórnarskrárinnar, en hann alls ekki. Enn lýsti háttv. þm. yfir því, að hann teldi sig óbundinn við fyrri orð sín um að bregða ekki fæti fyrir mig, og skal jeg ekki halda honum við þau orð, því að vita má hann það, að jeg sje lítið eftir sæti því, sem jeg nú hefi, þótt jeg ljeti það af hendi.

ATKVGR.:

Rökstudda dagskráin frá 2. þm. G.-K. (K. D.) [sjá A. 94] feld með 9 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei*:
Hákon Kristófersson,	Björn Þorláksson,
Jósef Björnsson,	Steingr. Jónsson,
Karl Finnbogason,	Eiríkur Briem,
Kristinn Daníelsson.	Guðm. Björnson,
	Guðm. Ólafsson,
	Jón Þorkelsson,
	Sigurður Stefánsson.

Karl Einarsson og Magnús Pjetursson greiddu ekki atkv., og töldust því til meiri hlutans.

Rökstudda dagskráin frá þm. Vestm. (K. E.) [sjá A. 95] feld með 9 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei*:
Jósef Björnson,	Björn Þorláksson,
Karl Einarsson,	Steingr. Jónsson,
Karl Finnbogason,	Eiríkur Briem,
Magnús Pjetursson.	Guðm. Björnson,
	Guðm. Ólafsson,
	Hákon Kristófersson,
	Jón Þorkelsson,
	Kristinn Daníelsson,
	Sigurður Stefánsson.

Þá var gengið til atkv. um þingsályktunartillögu á þgskj. 41, og hún samþ. með 8 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Hákon Kristófersson,
Steingr. Jónsson,	Jósef Björnsson,
Eiríkur Briem,	Karl Einarsson,
Guðm. Björnson,	Karl Finnbogason,
Guðm. Ólafsson,	Kristinn Daníelsson.
Jón Þorkelsson,	
Magnús Pjetursson,	
Sigurður Stefánsson.	

Tillagan afgreidd til ráðherra, sem
ályktun efri deildar Alþingis.
(Sjá A. 78).

2. Hafnastaðir og lendingar.

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 7. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um rannsókn á hafnastöðum og lendingum,

eins og hún var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 250).

Á 28. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. ágúst, var tillagan tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu, og var það samþ. án atkvgr.

Á 30. fundi í Ed., fimtudaginn 12. ágúst, var tillagan tekin til einnar umr. (A. 250).

Kristinn Daníelsson: Þessi tillaga hefir verið borin upp í Nd., að tilhlutun sjávarútvegsnefnda beggja deilda, sem hafa starfað saman, og var hún samþykt þar með nálega öllum atkvæðum. Vona jeg að hún fái svipaðar undirtektir hér í þessari hv. deild, því að hjer er um mikið nauðsynjamál að ræða, sjerstaklega fyrir vjelabátaútgjörðina, sem hefir aukist svo mjög hin síðari árin, og fer óðum í vöxt. Það eru einkum vondar hafnir, sem víða hamla þeirri útgjörð, og er tillaga þessi komin fram til þess, að hrinda einhverju áleiðis til að bæta úr því. Jeg vil nefna til dæmis, að í Gerðum í Garði hefir jafnan verið ein hin besta og aflasælasta veiðistöð landsins. En þar er ekki hægt að láta vjelabáta liggja, og nú er svo komið, að varla verður lengur hægt að fá þá vjelbáta vátrygða, sem ganga þaðan, jafnvel á sumrin. Því miður mun varla gjörlegt að bæta svo lendinguna á þessum stað, að fulltryggilegt sje, en það er aftur á móti hægt víða annarsstaðar, og víða mun þurfa að rannsaka, hvað hægt sje að gjöra með kleifum kostnaði. Svo er t. d. um svo nefnda Ósabotna í Höfnum á Reykjanesskaga. Þar inni er góð höfn, en grynningar í innsiglingunni, og mætti ef til vill ráða bót á því, og væri stórmikils vert. Sama er að segja um svo nefnt Hóp í Grindavík, sem væri ágætis höfn, ef fram úr því mætti grafa, svo að skipgengt yrði. — Tillagan miðar sem sagt í þá átt, sem að hlýtur að reka, að þing og stjórn fari að gefa gaum þessu mikilsvarðandi málefni, og legg jeg hana að svo mæltu óhræddur undir atkv. hv. deildar.

ATKVGR.:

Tillagan samþ. með 11 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem
ályktun Alþingis.
(Sjá A. 311).

3. Flóaáveitan.

Á 33. fundi í Ed., laugardaginn 14. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um Flóaáveituna,

eins og hún var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 325).

Á 35. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. ágúst, var tillagan tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþ. án atkvgr.

Á 36. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. ágúst, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók tillöguna út af dagskrá.

Á 37. fundi í Ed., fimtudaginn 19. ágúst, var tillagan aftur tekin til einnar umr. (A. 325).

Jósef Björnsson: Þetta mál er eitt af þeim málum þessa lands, sem vafalaust er mjög mikils virði, og þess vert, að því sje vel tekið. Það, sem tillagan fer fram á, er, að unnið sje að því að undirbúa, að hin svo nefnda Flóaáveita geti komist í framkvæmd. En áður til þeirra framkvæmda kemur, er hin brýnasta nauðsyn til að athuga málið sem vendilegast frá öllum hliðum. Það er hverjum manni auðsætt, að í þessu landi er mikill auður fólginn í árvatninu, og gæti hann komið að margföldum notum við það, sem nú er, ef vel undirbúnar og hyggilegar vatnsveitur á stærri svæðum kæmust í framkvæmd á hentugum stöðum. En til þess, að svo verði, þarf að sjálfsögðu vel að athuga öll slík mál, áður en lagt er út í framkvæmd þeirra. Hentugast hygg jeg að væri, að gjörðar væri rækilegar tilraunir með jökulvatnsáveitur á fáum stöðum, um hvernig að skuli fara til þess, að árangurinn verði sem bestur. Það má ef til vill segja, að þetta hafi verið gjört með Miklavatns-áveitunni, en sú tilraun misheppnaðist, eins og kunnugt er, af því að undirbúningurinn var, að sögn, ekki svo rækilegur sem skyldi, en framkvæmdin handa hóf. Þær þúsundir, sem til þess hafa farið, hafa því komið að litlu gagni, svo að byrja verður aftur með nýjum fjárframlögum, ef sú áveita á að koma að gagni. Flóaáveitan er stórfyrirtæki, sem kostar mikið fje. Það er því nauðsynlegt, að þetta fyrirtæki verði svo vel undirbúið og athugað sem kostur er á. Og hjer er farið fram á, að skipa þrjá menn til að athuga og undirbúa fyrirtækið. Fyrst og fremst til þess, að leita samninga við jarðeigendur í Flóanum um allt, er til þeirra tekur, viðvíkjandi áveitumálinu, sjerstaklega hvernig landssjóður geti fengið endurborgaðan þann kostnað, sem hann verður að bera, ef verkið er unnið fyrir landssjóðsfje, að meira eða minna leyti; hvort hann geti orðinn endurgoldinn í landi, sem líklegt er til ábúðar og í sæmilegu verðmæti fyrir landið. Í öðru lagi er mönnum þessum ætlað að athuga, hversu lögnám á jörðum á áveitusvæðinu yrði framkvæmt, og hver kostnaður og áhætta flyti af því fyrir landið. Til þessa þyrfti fremur lögfræðing heldur en búfræðing eða verkfræðing, enda er í tillögunni farið fram á þrjá menn, en ekki að eins einn vinni að undirbúningi verksins, og virðist mjer það hyggilegast. Á þann hátt má búast við fjölbreyttari þekkingu en ella, og betri athugun frá sem flestum hliðum. Þriðji liður tillögunnar hljóðar um það, að þessum mönnum sje einnig ætlað að gjöra tillögur um, hvernig bygðinni, skiftingu landsins, býlastærð og býlafjölda, túnstæðum o. s. frv., yrði haganlegast fyrirkomið. Þessi liður útheimtir bæði verkfræðis- og búfræðisþekkingu.

Jeg fæ ekki betur sjeð en að þetta mál sje svo mikils vert fyrir landið í heild sinni, að sjálfsagt sje fyrir þingið, að láta rannsaka það sem best, og býst jeg því við, að deildin samþykki þessa tillögu. En áður en jeg sest niður, vil jeg geta þess, þess, að mjer finst hæpið, að þessar 2500 kr., sem farið er fram á að verði veittar, nægi til að undirbúa málið svo rækilega, sem nauðsyn krefur.

Eiríkur Briem: Það er formlegt atriði við ræðu hv. þm. Skagf. (J. B.), sem jeg vil minnast á. Þetta fje, sem hjer er um að ræða, verður að veitast í fjárlögunum; þingsályktunartillagan ein er ekki nægileg. Þessi fjárveiting er ekki löglega formleg, nema því að eins, að hún sje veitt í fjárlögunum. Þegar fjárlögin koma upp í þessa hv. deild, er nauðsynlegt, að setja þessa fjárveitingu inn í þau, nema þá að því sje treyst, að hún verði veitt í fjáraukalögunum á þingi 1917.

ATKVGR.:

Þingsályktunartillagan samþ. með 12

samhlj. atkv. og afgreidd til ráðherra sem

ályktun Alþingis,
(Sjá A. 452).

---

4. Strandferðir.

Á 49. fundi í Ed., fimtudaginn 2. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um strandferðir. (A. 689) [frá strandferðanefndinni].

Á 50. fundi í Ed., föstudaginn 3. sept., var till. tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþ. án atkvgr.

Á 53. fundi í Ed., mánudaginn 6. sept., var till. tekin til einnar umr. (A. 689).

Frsm.strandferðan.Ed.(JósefBjörnss.): Till. sú, er hjer liggur fyrir háttv. deild, er stutt, og verða menn því ekki lengi að átta sig á, hvað í henni liggur, en það er þetta, að Alþingi felur stjórninni að semja við Eimskipafjelag Islands um strandferðir Íslands árin 1916 og 1917 á grundvelli álits samvinnunefnda um strandferðir, sem prentað er á þgskj. 561.

Þótt þingsályktunartillagan sje stutt, er málið þannig vaxið, að rjett er að fara um það nokkrum orðum, til þess að rökstyðja það, að rjett sje að samþykkja till. Eins og hæstv. ráðherra tók fram, þegar það mál lá fyrir þessari háttv. deild snemma á þinginu, að kjósa þyrfti 5 manna nefnd, til þess að athuga strandferðir, þá er sá tími var bráðum út runninn, er til tekinn var í samningum við Björgvinjarfjelagið, að það skyldi annast strandferðir hjer við land. Það var ekki skyldugt að halda uppi strandferðum lengur en til næstu aprílbyrjunar, því að þá er sá umsamdi tími út runninn. Sá samningur, sem gjörður var við hr. Thor E. Tulinius verður út runninn nú í árslok, og hlaut það þess vegna, að verða hlutverk þeirrar nefndar, er um strandferðamálin átti að fjalla, að komast að samningum um hver skyldi hafa á hendi strandferðir fyrir árin 1916—1917, og hvernig þeim skyldi háttað. Að því er snertir það, að fá endurnýjaða samninga við þá, sem áður höfðu haft á hendi strandferðirnar, þá bæði lýsti hæstv. ráðherra yfir því, þegar þetta mál lá fyrst fyrir þessari háttv. deild, að Björgvinjarfjelagið myndi ófúst á að endurnýja samninga, og þegar nefndin grenslaðist eftir því, þá varð hið sama ofan á, að fjelagið var ófúst á það. Enn fremur leitst strandferðanefndinni, sem ekki var ein í ráðum, heldur vann með 7 manna nefnd úr háttv. Nd., að auk þess, sem Björgvinjarfjelagið var ófúst til samninga, þá væri það ekki æskilegt, að strandferðir þess hjeldu áfram, því að þær höfðu reynst gallaðar og ekki hentugar nje æskilegar. Um hr. Thor E. Tulinius er það að segja, að hann var ófáanlegur til að endurnýja samninga, en bauð að selja skip sitt, Ísafold, fyrir ákveðið verð, 72 þús. kr. Ef að því hefði verið horfið, að skip hefði verið keypt í þeim tilgangi, að landssjóður sjálfur tæki að sjer strandferðirnar, þá gat nefndin ómögulega mælt með slíku skipi sem Ísafold, því að verðið var svo hátt, að það náði engri átt, og var því algjörlega horfið frá því ráði. Þá var farið að leita hófanna um samninga við eina fjelagið, sem æskilegt varð að telja, að tæki að sjer strandferðirnar. Þetta fjelag er Eimskipafjelag Íslands. Á síðasta þingi var gjört ráð fyrir því, að það fjelag tæki að sjer strandferðirnar með tveim nýjum og góðum gufuskipum. En sökum stríðsins gat það ekki komið til nokkurra mála, að hægt væri að leggja út í það, að kaupa ný skip. Og þótt fjelagið hefði viljað leggja út í þann kostnað, að borga $^1/_3$ meira fyrir skip en vanalega, þá var samt ómögulegt að fá þau nógu snemma, til þess að taka við strand-

ferðunum á rjettum tíma. Vegna þess, að það þannig var ómögulegt fyrir Eimskipafjelag Íslands, að taka að sjer strandferðirnar með þeim skilyrðum, sem gjört var ráð fyrir í fyrra, varð að leita að nýjum samningsgrundvelli við fjelagið. Þetta gjörði nefndin. Og þótt nú stæði svo á, að fjelagið sæi sjer ekki fært að reka strandferðir með sömu skilyrðum og gjört var ráð fyrir í fyrra, þá tjáði það sig þó ekki ófúst að leigja skip til strandferðanna og reka þær með líku fyrirkomulagi og ætlast var til á síðasta þingi. Jeg skal nú með fáeinum orðum drepa á það, sem mestu máli skiftir, þegar til þessa nýja fyrirkomulags kemur. Um ferðir þær, sem skipunum eru ætlaðar, skal jeg segja það eitt, að það varð að samningum milli strandferðanefndanna og Eimskipafjelags Íslands, að bygt skyldi á þeim áætlunum, er gjörðar voru á Alþingi í fyrra, enda þótt færri ferðir yrðu farnar en gjört var ráð fyrir þá. Mjer nægir því að vísa til þeirrar áætlunar, sem er prentuð í Alþingistíðindunum frá því í fyrra, og strandferðanefndin þá samdi, en það er áætlunin á fgskj. IX. með strandferðanefndarálitinu þá (Alþt. 1914. A., þgskj. 364 sbr.395). Að því er þessar áætlanir snertir, þá er þeim örlítið vikið við, en þó eru þær breytingar svo lítilfjörlegar, að jeg sje ekki ástæðu til að víkja orðum mínum að þeim, heldur vísa eingöngu á álit strandferðanefndanna. Skip þau, sem gjört er ráð fyrir að taka á leigu, er auðvitað ekki hægt að segja með vissu um hvernig yrðu, en það varð þó að samningum, að þau skyldu vera engu lakari en Austri og Vestri, sem alkunnir eru hjer við land. Með tveimur slíkum skipum, sem fengin væru á leigu, gæti þá fjelagið haldið uppi líkri áætlun og þeirri, sem samþykt var á þingi 1914. Þegar talað var um fjárhagshliðina, um það, hve mikið Eimskipafjelagið skyldi fá fyrir að halda uppi strandferðum, þá reyndist talsvert örðugt að ná fullu samkomulagi. Þó fór svo að lokum, að sæmilegir kostir urðu fyrir Eimskipafjelag Íslands annars vegar og landssjóð hins vegar. Eru þeir á þann veg, að styrkurinn, sem fjelagið fær úr landssjóði, skal vera ákveðinn 75000 kr., þó með þeim skilyrðum, vegna þess, hve skipaleiga og kol eru í mikið hærra verði heldur en áður en stríðið byrjaði, að Eimskipafjelaginu skuli bætt ur sá halli, sem það kann að líða af þeim ástæðum. Eins og sakir standa, er ómögulegt að segja með neinni vissu, hve kostnaðurinn verður mikill á árunum 1916 og 1917. Stríðið getur hætt von bráðar og eðlilegt ástand komist á. Hins vegar getur líka stríðið haldið áfram og komið jafnvel lakara ástand en nú er. Það er því eðlilegt, að svo ungt fjelag sem Eimskipafjelag Íslands, geti ekki tekið á sig þá áhættu, að reka strandferðir, hvernig sem skipaleiga og kolaverð verður, nema trygging fáist fyrir því, að það fái hallann bættann, ef einhver verður. Nefndinni fanst það eðlilegt, að fjelagið mætti ekki leggja út í þessa áhættu, og þegar svo á það er litið, að þetta er þörf landsins, sem um er að ræða, þá er það eðlilegt, að landið beri áhættuna, sem er því samfara að reka strandferðirnar, sem auðvitað getur brugðist til beggja vona, hve mikil reynist, vegna stríðsins.

Þetta eru þá aðalatriðin í þeim samningsgrundvelli, sem til er vísað í þingsályktunartillögunni. Hún fer í þá átt, að Alþingi mæli með að gjörðir sjeu samningar við Eimskipafjelag Íslands, um að það taki að sjer strandferðirnar með tveimur skipum, ekki lakari en Austri og Vestri, eftir áætlunum sem líkustum þeim, sem gjörðar voru á Alþingi í fyrra, og að fjelagið fái fyrir þessar strandferðir 75000 krónur, auk þess halla, sem það kann að bíða af *aukavátryggingargjaldi og hækkuðu kolaverði, vegna stríðsins.*

Jeg vil leggja áherslu á orðin *vegna stríðsins*, og benda háttv. deild á fylgi-

skjalið VI. b við álit nefndarinnar á bls. 952—953 í Alþt. 1915 A., þar sem þeir geta sjeð lokaskilmálana. Jeg vil benda á, að sökum *stríðsins*, getur fjelagið gjört frekari kröfur en ef stríðið hættir. Auðvitað má segja, að náið er nef augum; landsmenn eiga fjelagið og þeir eiga líka landssjóð, og hljóta því að óska, að hvorugt skaðist. En landssjóður er styrkari, og því eðlilegt að hann beri áhættuna af áframhaldi stríðsins.

Um þetta mál skal jeg svo ekki hafa fleiri orð að sinni; jeg vil ekki tefja háttv. deild lengur, en vænti þess, að hún sjái sér fært, að samþykkja þessa þingsályktunartillögu.

Sigurður Stefánsson: Jeg verð að segja það, að gagnvart þingsályktunartillögunni á þgskj. 689 er jeg í töluverðum vanda staddur með atkvæði mitt. Það er einkum að kenna því atriði í samningnum, sem hváttv. þm. Skagfirðinga (J. B.) talaði um, að landssjóður eigi að bera tekjuhallann af strandferðunúm. Jeg álít það ekki verra, að landssjóður gjöri sjálfur út, heldur en að hafa það svo, að aðrir eiga að stjórna útgjörðinni, en hann á að bera kostnaðinn. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg vantreysti Eimskipafjelaginu, heldur af því að jeg álít, að hjer geti verið um svo stórkostlegt tap fyrir landssjóð að ræða. Eins og eðlilegt er, tekur Eimskipafjelagið það fram, að kostnaðurinn er mikið meiri en vanalega. Tekjuhallinn getur því orðið geysimikill. Jeg sem þingmaður verð því að skoða huga minn vel, áður en jeg greiði atkvæði í máli þessu. Hjer verður að líta á það, að Alþingi má ekki þröngva kosti Eimskipafjelags Íslands, og eðlilegt er, að Eimskipafjelagið setji þessa kosti. Við megum ekki gjöra neitt til þess, að teygja Eimskipafjelag Íslands út á hættulega braut, en verðum hins vegar einnig að athuga hag landssjóðs. Þetta er afarmikilsvert og áríðandi mál, en jeg hygg, að jeg liti nokkuð öðrum augum á það en almenningur. Jeg hygg, að þingið gæti vel forsvarað, þótt það trygði ekki fastar strandferðir á næsta fjárhagstímabili, og held jeg að það yrði ekki sjerlega tilfinnanlegt fyrir landsmenn. Jeg held að Eimskipafjelag Íslands gæti hagað svo ferðum skipa sinna, að það gæti bætt upp strandferðaleysi á þeim stöðum, sem helzt yrðu útundan. Þessir staðir yrðu mest einstaka hafnir, en miklir hlutar af landinu, t. d. Vestfirðir og Austurland, stæðu jafnt að vígi, þótt engar strandferðir væru trygði. Á þá staði koma alt af skip hvort sem er, þar sem er nógur varningur og góðar hafnir. Jeg held að vjer myndum bjargast með ferðum Sameinaða fjelagsins, Björgynjarfjelagsins og Eimskipafjelagsins, þetta fjárhagstímabil, þótt Alþingi gjöri ekki neinn fastan samning um strandferðirnar. Það er ómögulegt að segja, hve tekjuhallinn getur orðið mikill af þessum ferðum, og hefði það verið einhvert annað fjelag en Eimskipafjelag Íslands, sem í hlut hefði átt, hefði það ekki verið takandi í mál, að gjöra svona lagaðan samning. Skipaleiga er dýr, og rekstur allur er dýr, og getur þó orðið enn dýrari, ef ófriðurinn helst lengi enn. Jeg játa, að þetta er má ske of mikil hræðsla, en hins vegar er þó áhættan svo mikil, að jeg vildi láta koma fram undir umræðunum ugg minn við að leggja út í þetta fyrirtæki. Mjer dettur ekki í hug að lá strandferðanefndinni eða Eimskipafjelagi Íslands, að þessir samningar hafa verið gjörðir. Það hefði verið hreinasta óvit af Eimskipafjelaginu að ganga inn á annað. Spursmálið er, hvort það er nauðsynlegt, að leggja út í þessa áhættu. Þegar maður lítur í fjárlögin, sjer maður að dregið hefir verið úr fjárveitingum til samgöngumála. Hjer er líka um samgöngumál að ræða. Jeg held að það mætti forsvara það, þótt ekki sje haldið öllu í sama

horfi og í vanalegum árum eða góðárum, þegar engin hætta er á ferðum.

Jeg vil biðja háttv. deildarmenn að skilja ekki orð mín svo, sem jeg sje að álasa strandferðanefndinni. Jeg vildi einungis leggja það undir deildina, hvort henni findist þessi ótti ástæðulaus.

Framsm. (Jósef Björnsson): Jeg vil að eins segja örfá orð út af því, sem háttv. þm. Ísaf. (S. St.) sagði. Hann mintist á það, að hann teldi það frekar ókost en kost, að landsstjórnin stjórnaði ekki fyrirtækinu alveg, úr því að hún ætti að bera áhættuna. Jeg verð að segja það fyrir hönd strandferðanefndarinnar, að hún lítur öðrum augum á þetta, því að hún álítur að fyrirtækinu verði á engan hátt betur stjórnað en með því, að fela það Eimskipafjelagi Íslands.

Það liggur í augum uppi, að ef landsstjórnin sjálf ræki fyrirtækið, þá þarf mann eða menn til þess að reka það, og það er óvíst, að hægt sje að fá jafnfæra menn og Eimskipafjelagið nú á ráð á.

Strandferðanefndin verður að hallast að því, að kostnaðurinn verði að líkindum minni í höndum fjelagsins en í höndum landstjórnarinnar. Það getur vel komið fyrir, að tekjuhalli verði mikill. En alt þetta er mikið komið undir stríðinu, hvort það hættir eða ekki.

En þegar stjórninni er falið að semja við Eimskipafjelagið, þá getur hún, ef kostnaðurinn verður afarmikill, og stjórninni og Eimskipafjelaginu þykir ástæða til, ákveðið að hætta við ferðirnar að meira eða minna leyti. Slík ráðstöfun væri eigi nema sjálfsögð, ef kostnaður ætlaði að verða ókleifur. En það gæti líka svo farið, að nauðsyn væri á, að hætta við neitt af ferðunum. Hins vegar er nefndin á því máli, að það sje ekki þægilegt fyrir Eimskipafjelagið, með þeirri afstöðu, sem það hefir, að komast hjá, að fullnægja brýnustu og sjálfsögðustu samgönguþörfum landsins.

Háttv. þm. Ísaf. (S. St.) benti á, að flutningsþörfin með strandferðaskipum væri ekki mikil á Suðurlandi og Austurlandi og jafnvel austurhluta Norðurlands og jafnvel Vesturlandi. Það er satt, að á þessu svæði eru víðast svo góðar hafnir, og millilandaskipin koma þangað svo oft, að þar er ekki eins mikil þörf strandferða og annarstaðar; einkum gildir þetta Austurland og Vestfirði. En jeg vil benda á, að það er einkennilegt, að á þessu svæði eru dýrir fjarðabátar, en þeir eru engir á svæði því, sem hann nefndi ekki, sem sje á svæðinu frá Eyjafirði vestur að Horni. Þar er ekki gjört ráð fyrir neinum bát, og þar geta þó hafnir lokast af ís, og ef strandferðunum er kipt burtu, þá er þessi hluti landsins mjög svo útilokaður frá samgöngum á sjó. Því er það, að strandferðanefndin í heild sinni, og eins jeg sjálfur, álít, að það sje því að eins forsvaranlegt að kippa burtu ferðunum, að þær verði óheyrilega dýrar. En jeg tel að þar komi þingsályktunin ekki í bága við. En hjer er alt í óvissu; það gjörir stríðið. En því getur verið lokið þá og þegar, og þá gengur alt sinn rólega gang og getur haldið áfram eins og venja er til. En nú hefir nefndin fallist á, að á meðan stríðið stendur, verði skipakosturinn lakari en gjört var ráð fyrir á Alþingi 1914, og að fyrstu og síðustu ferðirnar megi falla niður. Er alt það gjört til þess, að minka kostnaðinn eins og frekast hefir þótt fært.

Sigurður Stefánsson: Mjer þótti vænt um að fá þá upplýsingu hjá háttv. framsm. (J. B.), að þótt samingar væru gjörðir við Eimskipafjelagið um strandferðirnar, þá ætti það ekki að vera því til fyrirstöðu, að hægt væri að hætta þeim í miðju kafi, — ef kostnaðurinn reyndist ókleif-

ur. En varla er hægt að hætta ferðunum í miðju kafi, nema með góðu samkomulagi milli Eimskipafjelagsins og landsstjórnarinnar. En ef ferðirnar hættu í miðju kafi, þá mundu verða mjög misjafnir dómar um það, og það ef til vill baka bæði stjórninni og Eimskipafjel. ámæli og óvinsældir.

Um flóabátana er það að segja, að þeim hefir verið fækkað, þar sem flutningsþörfin er minst; það hefir verið svo lítið að gjöra, að ferðirnar hafa ekki borgað sig með allríflegum styrk. Á Austurlandi og Vesturlandi er nóg að gjöra fyrir þessa báta, og eins hjer í kringum Faxaflóa; það sjest best á flóabátnum hjer. En ferðunum verður að haga eftir flutningsþörfinni. En jeg efast ekki um að Eimskipafjelágið geti bætt úr strandferðaleysinu með þeim skipum, er það hefir nú.

Mjer datt ekki í hug að finna að því, að nefndin lagði það ekki til, að landssjóður tæki að sjer ferðirnar, en jeg tel það óviðkunnnnlegt, að landssjóður greiði tekjuhallann, þegar hann sjálfur rekur ekki ferðirnar, og hefir enga hönd í bagga með rekstri þeirra. Jeg hefði sætt mig best við það, að landssjóður hefði ekki veitt neitt fje til strandferðanna. En ef Alþingi getur treyst því, að bæði landsstjórnin og Eimskipafjelagið láti ferðirnar falla niður, ef mikill halli verður á þeim, þá get jeg sætt mig við það, þó jeg viti það fyrir víst, að það valdi mikilli óánægju í vissum hlutum landsins.

ATKVGR.:

Till. samþ. með 12 samhlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 805).

5. Þegnskylduvinnuatkvæðagreiðsla.

Á 49. fundi í Ed., fimtudaginn 2. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um atkvæðagreiðslu um þegnskylduvinnu,

eins og hún var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 696).

Á 50. fundi í Ed., föstudaginn 3. sept., var tillagan tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþ. án atkvgr.

Á 53. fundi í Ed., mánudaginn 6. sept., var tillagan tekin til einnar umr.

Forseti tók tillöguna út af dagskrá.

Á 55. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. sept., var tillagan tekin til einnar umr.

Jósef Björnsson: Þessi tillaga, sem hjer liggur fyrir, um að skjóta því til almennrar atkvæðagreiðslu í landinu, hvort lögbjóða skuli skylduvinnu fyrir alla heilbrigða karlmenn, einhvern tíma á aldrinum 17—25 ára, um þriggja mánaða tíma, mætti virðast smámál eitt, en svo er þó ekki. Þetta er stórmál, sem snertir ekki minna framtíð en nútíð landsins.

Eftir þingsályktunartillögunni að dæma er svo til ætlast, að alþingiskjósendur einir skuli greiða atkvæði um þetta mál, en ekki þeir, sem sjerstaklega eiga við lögin að búa í næstu framtíð, æskumenn þjóðarinnar. En þó það mætti í fljótu bragði virðast æskilegt og eðlilegt, að ungmenni þjóðarinnar fengju eitthvað að segja um þetta, þá verður því ekki neitað, að vandkvæði mundu reynast á framkvæmd á hlutdeild þeirri í atkvæðagreiðslunni, og ekki er svo mikið á móti því að hafa, að eðlilegra sje, að hinir eldri, gætnari og vitrari menn ráði þessu.

Mig langar til að reyna að draga fram í stuttu máli aðaldrætti þessa máls.

Því verður ekki neitað að margir hafa gjört sjer mjög glæsilegar vonir um árang-

urinn af því, ef slík skylduvinna, sem hjer ræðir um, væri lögboðin. Vonir þessara manna hafa verið svo glæsilegar, að nærri liggur að nefna mætti þær draumkendar. Mjer dettur ekki í hug að fullyrða, að þessar vonir reynist tálvonir; um það er hvorki jeg nje aðrir færir að dæma enn þá. En um hitt álít jeg mig fullfæran að dæma, að enn hafa ekki verið lögð nein þau gögn fram í málinu, sem gjörir það mögulegt, að segja með nokkurri vissu hver árangur af þessu verði.

Annar flokkur manna er hjer einnig í landinu, sem gjörir sjer engar vonir um árangur, þótt þetta kæmist í framkvæmd. Hjer standa menn því hvorir gagnvart öðrum, sumir með glæsilegustu vonir í huga, og aðrir vonlausir.

Meðmælendurnir gjöra ráð fyrir að hagnaðurinn, sem af þessu muni hljótast, sje aðallega tvenskonar. Í fyrsta lagi telja þeir þetta vera menningarmál, uppeldismál. Með þessu eigi að skapa nýja og betri kynslóð, hraustari, hlýðnari og vinnufærari kynslóð. Jeg skal ekkert um það segja, hvort ske kunni, að þessar vonir rætist, en þó finst mjer ekki ósennilegt, að minnni árangur verði af en þeir ætla, sem bjartastar vonirnar hafa. Í öðru lagi telja meðmælendur þegskylduvinnunnar, að af henni hljóti að leiða fjárhagslegan hagnað fyrir landið. Á þennan hátt fáist miklar og nytsamar framkvæmdir í vegalagningum o. fl. fyrir lítið verð.

Að því er þetta málsatriði snertir, þjóðarhagnaðinn, þá skal jeg engu um það spá, hvort svo verður eða ekki, en ekki hefi jeg sjeð þau gögn borin fram, sem sanna, að svo hljóti að verða, og það þarf áreiðanlega að leggja fram meiri gögn um þetta en gjört hefir verið, enn sem komið er, til þess að fullnægjandi sje og ábyggilegt fyrir kjósendur í landinu.

En til þess, að kjósendur landsins geti með fullri sannfæringu greitt atkvæði með eða móti málinu, þá þarf að leggja öll málsgögn fram, svo það sje bert, hvort ráðlegt sje, að lögskipa þegnskylduvinnu eða ekki. Fyrst þá, þegar það er gjört, geta kjósendur með góðri samvissu greitt atkvæði og sagt „já“ eða „nei“. Ef þessu er ekki fullnægt er úrskurðurinn minna en einskis virði.

Hugsum oss að þetta sje mesta framtíðarmál, að það sje uppeldismál, að það hafi mikinn hagnað í för með sjer fyrir þjóðina, og hugsum oss svo, að atkvæðagreiðslan falli á móti því. Hver er þá afleiðingin af undirbúningsleysinu og of snemma fram borinni atkvæðagreiðslu? Hún er sú, að tafið er fyrir framkvæmdum á góðu og gagnlegu máli.

En hugsum oss nú að þjóðin segi já. En af því að málið hefir verið lítt hugsað og undirbúið áður það yrði að lögum, þá er ekki ólíklegt, að framkvæmdirnar yrðu gallaðar og að ýmsu leyti óheppilegar, svo þjóðin álíti, að hún hefði gjört rangt, og vildi fá lögin afnumin, þótt reynslan hefði orðið allt önnur með góðum undirbúningi.

Jeg tel því víst, að hvernig sem á málið er litið, þá hljóti slík atkvæðagreiðsla sem þessi, sem hjer er farið fram á, að vera mjög athugaverð, því annaðhvort verði hún til þess, að tefja málið um ófyrirsjáanlegan tíma, ef svar þjóðarinnar verður neitandi, eða talsverð hætta getur stafað af því fyrir góða og happasæla framkvæmd, að of fljótt og undirbúningslítið verði hrapað að málinu, En á þessu er hætta, ef þjóðin svarar játandi, nema því að eins, að málið sje vel undirbúið og margfalt betur en nú er. Án þess því að ganga inn á það, hvort þjóðin eigi að segja já eða nei, og án þess að ganga inn á það, hvort málið er gott eða óheppilegt, þá leyfi jeg mjer að bera fram svo hljóðandi dagskrá, sem jeg með leyfi hæstv. forseta vil lesa upp:

Með því að deildin lítur svo á, að undirbúningur sá, er mál þetta hefir fengið, sje ónógur, til þess að

ráðlegt sje, að láta almenna atkvgr. kosningarbærra manna í landinu fara fram um það, samhliða næstu kosningum, þá áltur hún tillögu þessa of snemma fram komna, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Þetta er skoðun mín, og jeg tel það heppilegast fyrir málið sjálft, að það sje langtum betur undirbúið og hugsað frá öllum hliðum, áður en það er borið undir atkvæði kjósenda. Og jeg vænti þess, að hv. deild samþykki dagskrána.

Karl Finnbogason: Hjer er um mjög merkilegt mál að ræða, hiklaust merkilegasta málið, er legið hefir fyrir þessu þingi. Málið er fjármál og framkvæmdarmál, en það er líka, og á það legg jeg mesta áherslu, uppeldismál, menningarmál og þjóðræktarmál,

Áreiðanlega er það mentandi, að vinna undir góðri stjórn, og það er misbrestur á, að menn kunni það á voru landi. Mjer þykir það undarlegt, að hv. 2. þm. Skagf. (J. B.), sem er gamall búnaðarskólastjóri, skuli vera í vafa um það, hvort gott sje og holt fyrir einstaklinginn að vinna undir góðri stjórn eða ekki. *(Jósef Björnsson:* Jeg hefi aldrei dregið það í vafa). Svo leit þó út, eftir orðum háttv. þm.

Jeg býst ekki við því, að landið græði fje á þegnskylduvinnunni, þó hún yrði upp tekin, en það fær mikla vinnu, miklar framkvæmdir, og góða og duglega borgara. En auðvitað er, að þetta kostar landið eitthvað; þó má ekki láta hugfallast fyrir það. Það er algild regla, að ekkert fæst fyrir ekkert, og gjald verður að greiða fyrir það, sem gott er, því hærra sem það er eftirsóknarverðara.

En um leið og þetta mál er menningarmál, þá er það líka viðkvæmt mál og varasamt mál, því það snertir svo mjög tilfinningar manna — er svo persónulegt.

Það heyrast nú svo margar raddir um að eigi megi takmarka persónufrelsi manna; hver einstakur maður segist vilja hafa óskoraðan rjett til þess að gjöra, *hvað* honum best líkar, og vinna *hvar* sem er. Menn mundu því berjast á móti þegnskyldulögum á líkum eða sama grundvelli og á móti bannlögunum.

Sjálfsagt er því að fara að öllu varlega, og undirbúa málið með viti og varfærni.

Tillaga sú, er hjer liggur fyrir, fer fram á það eitt, að álits þjóðarinnar verði leitað um það, hvort hún vilji láta lögbjóða þegnskylduvinnu eða ekki. Og jeg sje ekki eins mikla hættu í því fyrir málið, eins og háttv. 2. þm. Skagf. (J. B.), þótt jeg játi, að hún geti verið nokkur. Þetta er heppileg leið til þess að fá þjóðina til að íhuga og athuga málið sem best. Því afleiðingin af því, að kjósendur eiga að greiða atkvæði um það, hlýtur að verða sú, að þeir taki málið til nánari og rækilegri yfirvegunar en ella. Þetta er bein afleiðing af spurningu þeirri, sem beint er til þeirra, og sem þeir verða að svara játandi eða neitandi.

Því mun jeg greiða atkvæði með till., og vænti að svo gjöri fleiri, en jeg gjöri það þó með hálfum hug, því jeg er ekki óhræddur um, að þjóðaratkvæði gæti orðið misbrúkað.

Háttv. 2. þm. Skagf. (J. B.) tók það fram, að ef meiri hluti kjósenda landsins yrði á móti þegnskylduvinnunni, þá yrði það til þess að hindra framkvæmd málsins um ófyrirsjáanlega langan tíma. Þetta er naumast rjett. Málinu stafar engin veruleg hætta af því, þótt meiri hluti verði því andvígur við fyrstu atkvgr. um það. Og sú hugsun um málið og þær umræður, sem færu fram um það, vegna þess, að atkvgr. yrði ákveðin og framkvæmd, mundi skýra málið. Og jeg treysti því, að skýring þess verði einmitt til að hrinda því áfram, en ekki til að tefja það.

Í annan stað er það ekkert aðalatriði,

að þegnskylduvinna komist á strax. Hitt er mest um vert, að hún komist á einhvern tíma — auðvitað helst sem fyrst — og verði þá að gagni, nái tilgangi.

Verði meiri hluti með því strax, að þegnskylduvinna sje lögboðin, þá er málinu alvarlega hætta búin. Þá gæti það orðið, sem síst skyldi, að lítill og skammsýnn meiri hluti keyrði lög á þjóðina, sem fjölmennur og harðsnúinn minni hluti yrði andvígur. Og þá gæti svo farið, að við fengjum endurlesna söguna um bannlögin. Þau komu áreiðanlega of snemma. Og reynslan af þeim ætti að gjöra oss hygna í þessu máli.

Þetta mál verður að fá nægan tíma, til þess að afla sjer fylgis. Það verður að koma til sjerhvers kjósanda, svo hann gjöri sjer grein fyrir því, og þá er þetta besta leiðin. Það er best að spyrja hiklaust, þá verða menn að hugsa svör sín.

Yrði meiri hluti kjósenda strax með þegnskylduvinnunni, álít jeg, að þingið ætti að athuga málið og *semja en ekki setja* lög um það. Þau lög mætti þingið ekki afgreiða, fyrr en þjóðin hefði samþykt *þau* með nýrri atkvgr. Ef þjóðin vildi ekki samþykkja þau lög, sem þingið semdi fyrst, þá ætti að breyta þeim að vilja hennar og tillögum, þar til þau næðu samþykki meiri hluta kjósenda. Og sá meiri hluti *yrði* að vera mjög mikill, helst $^9/_{10}$ allra kjósenda í landinu. Með þeim hætti fengist svo góð trygging, sem verða má, fyrir því, að lögin komi að fullu gagni, og framkvæmd þeirra yrði til þeirra heilla og nytsemda fyrir þjóðina, sem ætla má að orðið geti.

Að berja frv. um þetta fram með valdi, væri mjög misráðið og óheppilegt í alla staði.

Jósef Björnsson: Jeg hefi ekki ástæðu til að tala langt mál í tilefni af ræðu háttv. þm. Seyðf. (K. F.), því það var lítið, sem okkur bar á milli, og ræða hans snerti ekki rök mín fyrir dagskránni, nema að mjög litlu leyti.

Háttv. þm. Seyðf. (K. F.) talaði um það, að hann vildi ekki láta lögbjóða þegnskylduvinnuna, nema því að eins, að $^9/_{10}$ hlutar kjósenda landsins ljeðu henni atkvæði sitt. Jeg skil ekki, að hinum hv. þm. detti í hug, að svo margir kjósendur ljái því atkv. sitt. Það lítur jafnvel svo út, sem hann ætlist til þess, að málinu verði skotið til nýrrar og nýrrar atkvgr., uns hann nær þessum $^9/_{10}$ með þegnskylduvinnunni. Og milli allra þessara atkvgr. fara náttúrlega fram margs konar bollaleggingar, er líka þurfa tíma. Það lítur því sannarlega ekki út fyrir, að hv. þm. hugsi sjer skjótar framkvæmdir á málinu.

Jeg lít svo á, að það sje skylda þeirra, er greiða atkv., að mynda sjer rökstudda skoðun um málið, og til þess þeir geti það, verður að leggja öll málsskjöl fram á borðið, fullnægjandi fyrir þá til að byggja atkv. sitt á; og þeir, sem spyrja, eru skyldir til að láta af hendi þau gögn. Ef þetta er ekki gjört, þá hlýtur dómurinn að verða að meiru eða minna leyti órökstuddur, og árangurinn af atkvgr., hvort hún verður játandi eða neitandi, hending ein og einskis virði.

Það hefir verið haft á móti bannlögunum, og það með talsverðum rjetti, að andbanningar hafi fyrir atkvgr. legið á *liði* sínu, og víst er um það, að þeir eiga mikið ámæli skilið fyrir það, að á Alþingi 1905, þegar atkvgr. var samþykt, þá hafði enginn þeirra þor eða dirfsku til að mótmæla atkvgr. með einu einasta orði.

Og þetta mál, sem hjer liggur fyrir, snertir ekki síður viðkvæma strengi en bannmálið.

Háttv. þm. Seyðf. (K. F.) var mjer samdóma um að undirbúningurinn væri ónógur.

En á hverju eiga kjósendur þá að byggja dóm sinn? Á ónógum, ófullnægjandi

undirbúningi? Verður það má ske ábyggilegur dómur? Nei. Þeir verða að fá eitthvað, til þess að byggja á dóm sinn, áður en þeir greiða atkv. með eða móti málinu, ef atkvgr. á að hafa nokkurs verða þýðingu.

Jeg gat þess, að sumir teldu þetta menningar- og uppeldismál, og gæti verið, að þeir hefðu nokkuð til síns máls. Og að þeim, sem málið styðja, gangi það til, að vilja efla með því þjóðrækni landsmanna, því hefi jeg ekki andmælt. En ætti það að geta gjört þetta, þá verður þjóðin að vera fús til að leggja á sig kvöðina.

Málið væri uppeldismál, ef menn lærðu að hlýða og vinna betur en áður, en jeg dreg það mikillega í efa, að menn læri það svo vel sje með vinnu í þriggja mánaða tíma. Háttv. þm. Seyðf. (K. F.) þótti það undarlegt, að jeg, sem verið hefði búnaðarskólastjóri og væri kennari, drægi það í vafa, að kensla þessi yrði að miklum og tilætluðum notum. En einmitt af því, að jeg hefi bæði fengist við verknám og verkkenslu, þá verð jeg að líta svo á, að þessi þriggja mánaða tími sje alt of stuttur til þess, fyrir margan unglinginn, að búist verði við því með nokkurri sanngirni, að veruleg verkkunnátta fáist, er þýðingu geti haft fyrir lífið yfirleitt, nje heldur umskapað hugsunarháttinn svo, að til verulegrar menningar horfi. Og mjer þykir það undarlegt, ef hann, sem er kennari, hefir ekki rekið sig á, að 3 mánuðir eru of stuttur kenslutími, ef ætlast er til verulegs árangurs af náminu, og það þó kenslan sje góð.

Og hverjir eiga að kenna verk þessi? Ekki eiga þó ungmennin að kenna hvert öðru, eða einhver sem ekki kann að kenna. Nei, það er vafalaust ekki meiningin, heldur hitt, að fá yfirburðamenn, til þess að hafa kensluna á hendi, svo að búast megi við nokkrum árangri. En hvað kostar góð og mentandi kensla í þessu sambandi? Hafa menn gjört sjer það ljóst? Jeg efast mjög um að svo sje.

Og hvað kostar vinnan landið, þegar alt er með talið, sem til hennar er kostað? Hver er hagnaðurinn af henni í tölum? Jeg efa ekki, að háttv. þm. Seyðf. (K. F.) geti sagt eitthvað um þetta, en jeg efa, að hann geti nokkuð sagt, sem kallast geti sannanir. Og geti hann ekki, og aðrir, er líklega hafa talsvert hugsað málið, gefið glögg svör, hvernig halda þeir þá að aðrir sjeu settir, sem lítt eða nær ekki hafa um það hugsað?

Jeg endurtek það, er jeg áður sagði, að málið er of mikilsvert, til þess að spyrja kjósendur um það — láta þá dæma um það —, á meðan menn geta ekki rökstutt vilja sinn um það, jafnvel ekki þeir, sem mikið hafa um það hugsað, síðan það fyrst kom á dagskrá þings og þjóðar fyrir meira en heilum áratug síðan.

Karl Finnbogason: Háttv. 2. þm. Skagf. (J. B.) beindi til mín ýmsum spurningum, og skal jeg svara sumum.

Fyrsta spurning hans var um það, á hverju ætti að byggja, er undirbúningurinn væri ónógur.

Þar til er tvennu að svara. Í fyrsta lagi hefir verið skrifað mikið um málið bæði í blöð og tímarit, einnig nokkuð rætt, og svo verður vafalaust mikið skrifað og talað um það fram að atkvgr. Í öðru lagi er spurningin að eins um það eitt, hvort menn vilji þegnskylduvinnu eða ekki, hvort menn vilji fórna stuttum tíma æfinnar til þess að vinna fyrir landið og læra jafnframt að vinna. Þessi spurning er svo einföld og óbrotin, að það þarf ekki langan tíma til að átta sig á henni. Síðar kemur svo spurningin um það, hvernig þegnskylduvinnunni yrði best hagað og að hverju beitt. (*Jósef Björnsson*: Því á hún ekki að koma áður?). Af því, að fyrst verður að vita, hvort menn vilji

fórna landinu þessum stutta vinnutíma eða ekki. Ef menn vilja það ekki, þá er líka þýðingarlaust með öllu að vera að bollaleggja um það á hvern veg best megi framkvæma þegnskyldustarfið.

Þetta er full ljóst, og skal jeg þó skýra það nánar með dæmi. Jeg vil kaupa hest. Háttv. 2. þm. Skagf. (J. B.) spyr mig, hvort jeg vilji það, og jeg játa því auðvitað. Þá sýnir háttv. þm. Skagf. (J. B.) mjer hest. Jeg skoða hann náttúrlega og kaupi hann, ef mjer líst á hann og þykir verðið hæfilegt, annars ekki. Með þessu dæmi er jeg ekki að bjóða háttv. 2. þm. Skagf. (J. B.) nein hrossakaup. En að eins að sanna það, að hjer er fleira en eitt málsatriði, sem alls ekki þurfa að fylgjast að. Alveg eins með þegnskylduvinnuna. Eitt er hvort menn vilji hana í nokkurri mynd, annað hvernig henni skuli háttað, þriðja hversu mikið sje til hennar vinnandi — fyrir hana gefandi o. s. frv.

Þá var önnur spurning háttv. 2. þm. Skagf. (J. B.) um það, hverjir ættu að kenna. Auðvitað á og þarf að undirbúa vissa menn til þess, en þýðingarlaust er að byrja þann undirbúning, fyrr en vissa er fyrir því, að mennirnir, sem til fengist, hefðu eitthvað að starfa að loknum undirbúningi.

Þá var þriðja spurningin, hvað þetta kosti. Það hefir ekki verið rannsakað, enda ástæðulaust fyrr en líkur eru til, að rannsóknin hafi eitthvað að þýða — málið verði framkvæmt. Jeg fyrir mitt leyti vænti ekki fjármunalegs hagnaðar, svo miklu nemi.

Þá var háttv. 2. þm. Skagf. (J. B.) að tala um það, að það væri ómögulegt að fá hinn sanna vilja kjósenda í ljós á meðan málið er órannsakað. En til hvers á að eyða tíma og fje til þess að rannsaka málið, ef þjóðin vill ekki sinna því. Og fullar sannanir fyrir því, hvernig þegnskylduvinna gæfist, er ekki hægt að fá, fyrr en tilraunir hafa verið gjörðar.

Við erum sammála um það, að málið þurfi að undirbúa sem allra best, áður en lög verða sett um þegnskylduvinnuna. Ágreiningurinn er að eins um það, hvort samþykt tillögu þeirrar, er hjer liggur fyrir, er spor í áttina til að greiða fyrir málinu eða ekki. Jeg álít að svo sje. Og aðalvinningurinn, höfuðatriðið við þingsályktunartillöguna, er það, að hún vekur hvern kjósanda, og auðvitað fleiri, til umhugsunar um málið. En á því græðir málið mest. Um það er jeg sannfærður.

Guðmundur Björnson: Hv. 2. þm. Skagf. (J. B.) gat þess í byrjun ræðu sinnar, að þótt tillaga þessi vært eigi stórvaxin, þá væri hjer þó um stórmál að ræða. Jeg er alveg samdóma hv. þm. (J. B.) um þetta. Í mínum augum er þetta langstærsta málið hjer á þingi í sumar. Mörgum þeirra er líkt farið og flugunum, sem sveima kring um okkur hjer í salnum; þau verða skammlíf og falla brátt í gleymskudjúpið. En þetta mál mun lifa, og lifa lengi. Hjer er að ræða um íslenskt þjóðernismál, um baráttu milli eigingirninnar annars vegar og þjóðernisástarinnar hins vegar. Hjer er að ræða um þá menningarbót, að ungt fólk venjist á að leggja ofurlitla vinnu í sölurnar fyrir ættjörðina, án þess að heimta beint endurgjald fyrir. Fyrir mjer er það aukaatriði, hvort þessi vinna verður beinn fjárgróði fyrir landssjóð eða ekki. Höfuðatriðið er það, að jeg er tulltrúa um, að þegnskylduvinnan geti orðið gróði fyrir íslenska menningu og íslenskt þjóðerni. Hjer hefir verið talað um frelsi, og tillaga þessi þótt stefna að því, að leggja höft á það. Víst er frelsið gott, en þó svo best, að því sje samfara fórnfýsi hjá þeim, er þess njóta. Því er svo ákaflega mikið undir því komið, að unga kynslóðin alist þannig upp, að hún verði jafnan fús á að leggja eitthvað í sölurnar fyrir ættjörðina, og telji sjer sæmd í því. Þá er það víst, að vjer

eigum þjóðsældartíð fyrir höndum, ef sá andi kemst inn hjá æskulýðnum, og þessi tillaga stefnir beint að því, að leiða hann inn á þá farsældarbraut.

Hv. 2. þm. Skagf. (J. B.) sá marga agnúa á máli þessu, og taldi þá helst til bjartsýna, sem fylgdu því fram. Alveg rjett. Hvaða mál er það, sem svartsýnir menn sjá ekki agnúa á? Og hvaðan eru framfarir þjóðanna runnar? Frá hverjum öðrum en bjartsýnum mönnum? *Þeir* hafa jafnan reynst frömuðir góðu málanna, en svartsýnismennirnir hangið fastir á tómum agnúum. Það hefir þegar verið rætt og ritað mikið um mál þetta, og það orðið svo mikið umhugsunarefni og áhugaefni, að tillaga þessi er nú hjer komin fram á þingi. Verði hún samþykt nú á þinginu, þá er það ljóst, að af því mun leiða, að þjóðin vaknar til enn nánari íhugunar og umhugsunar um það. Það mun verða rætt af alþjóð fram að næstu kosningu, og fólkið reyna að gjöra sjer sem allra glegsta grein fyrir því, áður en það gengur til atkvæða um það. Þótt meiri hluti kjósenda samþykki þegnskylduvinnuna, þá þýðir það ekki annað, en að stjórn landsins og Alþingi eru þá skyld til að rannsaka málið og undirbúa svo sem unt er. En af því leiðir alls eigi, að lög verði sett um það á næsta þingi eða næstu þingum. Það er sjálfsagt að átta sig sem best, áður en út í það er farið, og leggja ekki út í neina löggjöf um það, fyrr en vissa er fyrir, að mikill meiri hluti landsmanna sje því fylgjandi.

Verði málið lagt undir atkvæði, og meiri hluti atkvæðisbærra manna reynist því mótfallinn, þá segja þeir, sem þykjast hlyntir málinu, að slíkt muni tefja fyrir framgangi þess. Jeg segi nei; jeg fullyrði, að það muni þvert á móti flýta fyrir því. Það hlýtur þá samt að verða stöðugt og lifandi umtalsefni þjóðarinnar framvegis. Og ekki er annað hollara fyrir hana en að fá slík lifandi umtalsefni og umhugsunarefni, er stefna beint að því, að vekja og glæða þjóðræknina. Mjer leikur grunur á, að vöknuð sje hjá sumum þeim, sem tefja vilja málið af tómri umhyggju fyrir því, að því er þeir segja, hræðsla um, að það hafi þegar fengið mikið fylgi, og því vilji þeir eigi hætta því undir þjóðaratkvæði. Þetta mál má heita eina framtíðar- og hugsjónamálið á þessu þingi. Þjóðin dofnar og deyr, ef hún hefir engin hugsjónamál við að fást; þjóðlífið þrífst ekki, ef því er ætlað að hanga á tómum agnúum, og nærast á tómum efasemdum. Því greiði jeg ekki af hálfum hug, heldur heilum, atkvæði með tillögu þessari.

Jeg skal svo ekki lengja umræðurnar mikið meira, en vona og óska að tillagan verði samþykt, og sú er spá mín, að hvaða orðstír, sem þetta þing kann að öðru leyti að geta sjer, þá muni það þó þess mesti heiður, að hafa samþykt þetta mál.

Jósef Björnsson: Jeg vil leyfa mjer að gjöra örstutta athugasemd. Mjer finst hv. 5. kgk. þm. (G. B.) alveg að óþörfu og ófyrirsynju beina því að mjer, að jeg sje svartsýnn. Það var miklu fremur hv. þm. Seyðf. (K. F.) en jeg, sem benti á agnúana við mál þetta, og lægi því fult svo nærri að bregða honum um svartsýni.

En hv. þm. (K. F. og G. B.) eru að tala um, að hjer sje að eins verið að ræða um að leita að skoðun manna á þegnskylduvinnumálinu, en alls eigi tilgangurinn að koma vinnunni á, eða lögbjóða hana, fyrr en einhvern tíma seint og síðar meir. Þegar þeir slá þessu fram, þá veit jeg ekki hvað þeir gjöra við sjón sína og lestrarkunnáttu, ef þeir geta ekki lesið, að í tillögunni stendur, að Alþingi skorar á landsstjórnina að láta fara fram atkvæðagreiðslu í landinu um það, hvort *lögbjóða skuli skylduvinnu* fyrir alla heilbrigða karlmenn, við verk í þarfir hins opinbera. (*Guðmundur Björnson* og

Karl Finnbogason: Ekkert talað um hve nær það skuli gjöra). Jeg vil skjóta því til hv. 5. kgk. þm. (G. B.), hvort hann haldi að betra tóm verði til að ræða og hugsa mál þetta, ásamt öllu öðru, er fyrir liggur, nú á einu misseri, heldur en um mörg undanfarin ár, og heldur en ef því er frestað um nokkra stund enn, að skjóta því undir atkvæðagreislu, og mönnum með því gefinn kostur á að íhuga það betur, áður en til atkvæða er gengið.

Jeg stend hjer kinnroðalaus með þá fullyrðingu, að þetta mál eigi það skilið, að það sje sem vandlegast rannsakað, og ekki hæfi að hleypa því á nokkurt hundavað. Og jeg læt það ekki hagga þessari skoðun minni, þótt jeg sje fyrir þær sakir kallaður svartsýnn, sem jeg tel sjálfsagða og hyggilega varfærni.

Karl Finnbogason: Mjer skildist svo, sem eitt af því, sem hv. 2. þm. Skagf. (J. B.) hafði á *móti* því, að *tillaga* þessi væri samþykt, sje það, að hann vilji ekki blanda máli þessu saman við önnur mál, sem fyrir þingið eiga að koma næst. Þetta verð jeg að telja ljettvæga mótbáru, eða að minsta kosti er líklegt, að málið drægist æði lengi á langinn, ef hún ætti að vera góð og gild, því jeg gjöri ráð fyrir, að seint verði stefnt til þings, til að ræða um mál þetta eitt saman, heldur muni það verða látið verða samfara öðrum áhugamálum þjóðarinnar, hvort sem það verður tekið fyrir fyrr eða síðar.

Annars virðist mjer hafa kent svo mikillar ótrúar á framkvæmd þessa máls, og jafnframt á þjóðinni, hjá andófsmönnum þess, að furðu sætir. Þeir hafa meðal annars ekki trú á, að hægt sje að fá hæfa menn til að standa fyrir kenslu þeirri, sem hjer á að stofna til, samfara þegnskylduvinnunni, ekki einu sinni trú á, að hægt sje að eignast þá, þegar fram í sækir. Þegar trúleysið er svona magnað, þá er meir en skiljanlegt, að málið sje erfitt viðfangs, og þungur róðurinn fyrir því. En fram mun það ganga eigi að síður, til hamingju fyrir þjóðina, að eins ef hún hefir þol og vit til að lofa því að festa rætur í huga sínum, *áður* en það er framkvæmt.

Steingrímur Jónsson: Jeg tel mál þetta svo mikilsvert, að jeg tel það sjálfsagt, að gjöra nokkra grein fyrir atkvæði mínu.

Eigi get jeg neitað því, að mjer fanst hv. 2. þm. Skagf. (J. B.) ekki sjá skóginn fyrir trjánum, þegar hann var að ræða málið. Hv. þm. Skagf. (J. B.) lagði aðaláhersluna á ýms framkvæmda, atriði og örðugleika við þau, en hins gætti miklu minna hjá honum, fyrir hve miklu hjer er að vinna. Það er ómögulegt að segja, að mál þetta sje svo ókunnugt þjóðinni eða svo vandasamt, að þeir muni eigi geta kynt sjer það nokkurnveginn til hlítar, sem vilja, þegar það verður reift af nýju. Jeg gjöri ráð fyrir að hv. þm. sje kunnugt, að mál þetta hefir verið á dagskrá hjá ungmennafjelögum og fleiri um alllangan tíma að undanförnu.

Þegar jeg svo sný mjer að efni tillögunnar, þá vaknar fyrst hjá mjer sú spurning: Er þetta ekki hagsmunamál fyrir þjóðina? Og svarið verður: Jeg efast ekki um að svo sje, og það af tveimur aðalástæðum. Fyrir það fyrsta er það í mínum augum mikilsvert menningar- og uppeldismál fyrir þjóðina. Því verður það aukaatriði fyrir mjer, hvort það verði beint fjárhagnaðarmál eða ekki. Það kemur fyrst í ljós, þegar menn hafa komið sjer niður á fyrirkomulaginu, og þegar til framkvæmda kemur. Það, sem mest er um vert, er að þegnskylduvinnan geti kent ungum mönnum reglubundna vinnu og að beygja sig undir aga. Á hvorutveggja þessu er töluverður misbrestur hjá þjóð vorri, og jeg er ekki í vafa um, að þegnskylduvinnan á að geta ráðið þar

mikla bót á. Mjer dylst það eigi, að allmiklir örðugleikar muni vera á því, að koma málinu í framkvæmd og stefna því í gott horf.

En vjer megum ekki einblína á agnúana eða festast á þeim, því að von vor um framtíðargengi þjóðarinnar byggist á því, að vjer getum yfirunnið þá.

Í öðru lagi finst mjer fullkomin þörf á, að ungmennum landsins sje sýnt það enn skýrar og skilmerkilegar en hægt er í ræðu eða riti, að þeir sjeu skyldugir að leggja nokkuð á sig fyrir ættjörðina, og þessi vinna, sem nú er verið að ræða um að heimta af þeim, á einmitt að beina huga þeirra fast að þessu þýðingarmikla atriði, að á hverjum manni hvíli sú skyldukvöð, að ofra ættjörðinni að minsta kosti nokkrum svitadropum.

Þessi tími virðist ekki heldur illa til þess fallinn að hreifa málinu. Aldrei munu þyngri kvaðir af hálfu ættjarðarinnar hafa verið lagðar á aðrar þjóðir en einmitt nú. Nú nægir ekki að biðja þær um að leggja fram svitadropa, heldur er krafist blóðdropanna.

Hv. 2. þm. Skagf. (J. B.) hafði það sjerstaklega á móti því, að tillagan væri samþykt á þessu þingi, að það mundi tefja fyrir málinu. En fyrir þessu færði hv. þm. (J. B.) engin rök, og því ekki ástæða að fjölyrða um það. Mjer aftur á móti sýnist að atkvæðagreiðsla um málið muni flýta fyrir því, hvernig sem hún fellur. Atkvæðagreiðslan hlýtur að gjöra það að umtalsefni og umhugsunarefni allra landsmanna, og það er rjett hjá hv. 5. kgk., (G.B.), að þótt meiri hluti kunni að verða móti tillögunni í bili, þá mun hún eigi síður vinna svo marga fylgismenn, að eigi muni langt þess að bíða, að hún eigi sigri að hrósa; og það er trú mín, að það muni verða hlutverk ungu mannanna, að bera hana fram til sigurs. Hugsjónin er svo fögur, að hún mun hertaka hugi þeirra, undir eins og þeir hafa fest glögt auga á henni.

Af þessu, sem jeg hefi til fært, er jeg með tillögunni, en mótfallinn rökstuddu dagskránni. Hún yrði eflaust til að tefja fyrir málinu, og engu líkara en að með henni eigi að vefja það inn í hjúp. *(Jósef Björnsson:* Hví geta áhugamennirnir ekki unnið áfram að málinu, þótt hún sje samþykt?) Þeir eiga óhægra með það þá, af því að þeir vita eigi glögt, hvernig alþýða manna lítur á það, og eiga því erfiðara aðstöðu en ef þeir vissu það nokkurn veginn. En einkum er þó það, að almenn atkvæðagreiðsla mundi betur en nokkuð annað hjálpa þeim til að knýja alþýðu til að hugsa um málið og gjöra sjer grein fyrir því

Kristinn Daníelsson: Jeg get tekið undir með hv. 5. kgk. (G. B.), að jeg er ekki óhræddur um, að þjóðin sje ekki nógu vel undir það búin, að greiða atkvæði um málið, og efast því um, að hún mundi gefa því jákvæði sitt. Það, sem helst er því þá til fyrirstöðu, að málið sje þegar borið undir þjóðaratkvæði, er að það sje enn ekki nógu rætt orðið og skýrt fyrir þjóðinni. Hvað sem þessu líður, þá hefi jeg þó þá sögu að segja, að skorað var á mig og samþingismann minn, að hreyfa málinu á þingi. Verð jeg með því að afsaka það, að jeg tef tímann með því að fara nokkrum orðum um það.

Jeg tel það mála sjálfsagðast, að þjóðin sjálf fái að ráða máli þessu til lykta, svo að hún geti ekki borið það á þingið, að það leggi á þungar kvaðir öllum að fornspurðum.

Þessari kvöð hefir verið líkt við herskylduna hjá öðrum þjóðum, og verið talið rjett og sanngjarnt, að vjer legðum eitthvað líkt á oss, þjóðinni til upplyftingar og frama.

Hernarþjóðirnar reyna að efla frelsi og menning og sjálfstæði sitt með bardögum, en hjer er ætlast til, að vjer gjörum eitthvað líkt með friðsamlegum störfum fyrir ættjörðina.

Þegar rætt er um þetta mál, þá er jafnan lögð áhersla á þetta tvent: að hjer sje um þjóðhagnaðarmál, og um uppeldismál að ræða. Mjer heyrðist hv. 2. kgk. (Stgr. J.) leggja mesta áherslu á uppeldishlið þess, hitt skifti minnu, hver peningahagnaður yrði að því. Jeg fyrir mitt leyti verð að játa, að jeg legg aðaláherslúna á það, að jeg vænti þess, að beinan hagnað og þarflegar framkvæmdir geti leitt af þegnskylduvinnunni, til framfara og menningar fyrir þjóðina. Eitthvað gott mundi og að líkindum leiða af henni í hina áttina, og sennilega því meira, því lengur sem hún hjeldist við.

Jeg hefi orðið þess var, að menn, sem ráðist hafa alveg óvanir í reglubundna vegavinnu undir stjórn góðs verkstjóra, hafa lært af því, svo að þeir hafa við það orðið hæfir til að segja síðar fyrir slíkum verkum sjálfir. Eitthvað líkt þessu mundi geta leitt af þegnskylduvinnunni, og væri þá vel farið. Mjer hefir ávalt þótt hugsjón þessi fögur. En um hitt vil jeg ekki fullyrða, hvort vor fátæka þjóð er fær um að leggja á sig þá byrði, sem hjer er ætlast til. En hvað sem því líður, þá vil jeg ekki að hún sje fyrr lögð á hana en hún vill það sjálf. En ekki get jeg talið það móðgun við hana, að hún sje spurð um álit sitt á málinu. Jeg tek það aftur fram, að jeg býst miklu fremur við nei en jái frá henni. Hv. 2 þm. Skagf. (J. B.) spurði, á hverju þjóðin eigi að byggja svar sitt. Hún verður aðallega að byggja það á þessu tvennu, hvort hún telji sjer *fært* að taka á sig þegnskylduvinnuna og hvort hún *vilji* leggja svo mikið í sölurnar, sem hún kostar.

Það er gott að því leyti, að fá þessu svarað nú þegar, að ef svarið verður nei, þá þarf ekki um langa hríð að tefja tíma þingsins við það mál. Að endingu tek jeg það fram, að jeg mun greiða atkvæði með tillögunni, meðfram fyrir áskorun kjósenda minna.

ATKVGR.:

Rökstudda dagskráin frá 2. þm. Skagf. (J. B.). [Sjá A. 893] feld með 8: 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Þorláksson,	Steingrímur Jónsson,
Guðm. Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Hákon Kristófersson,	Guðmundur Björnson,
Jósef Björnsson,	Jón Þorkelsson,
Karl Einarsson.	Karl Finnbogason,
	Kristinn Daníelsson,
	Magnús Pjetursson.

Sigurður Stefánsson greiddi eigi atkv., og var talinn með meiri hlutanum.

Till. 696 samþ. með 9: 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei*:
Steingr. Jónsson,	Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,	Hákon Kristófersson,
Guðm. Björnson,	Jósef Björnsson,
Jón Þorkelsson,	Karl Einarsson.
Karl Finnbogason,	
Kristinn Daníelsson,	
Magnús Pjetursson.	

Guðm. Ólafsson og Sig. Stefánsson greiddi eigi atkv., og töldust til meiri hluta.

Till. afgreidd til ráðherra sem *ályktun alþingis*.

(Sjá A. 855).

---

6. Sauðárkrókshöfn.

Á 54. fundi í Ed., þriðjudaginn 7. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um rannsókn á Sauðárkrókshöfn og um hvernig verja megi landbroti á kauptúninu. (A. 807 [frá fjárlaganefnd Ed.]).

Á 55. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. sept., var till. tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþ. án atkvgr.

Á 56. fundi í Ed., fimtudaginn 9. sept., var till. tekin til einnar umr.

Jósef Björnsson: Þessi tillaga er komin frá fjárlaganefndinni, og hefir hún falið mjer á hendur að fara nokkrum orðum um hana. En til þess að þreyta háttv. deild sem minst, vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp brjef það frá Sauðárkróksbúum til stjórnarráðsins, sem komið hefir till. þessari af stað. En brjefið hljóðar svo:

„Með brjefi þessu leyfum vjer oss undirritaðir að fara þess á leit við hið háa stjórnarráð, að því mætti þóknast að taka inn í frv. til fjárlaga fyrir næsta fjárhagstímabil fjárframlag til hafnargarðsbyggingar á Sauðárkróki.

Þessi málaleitun vor er ekki ófyrirsynju, því oss dylst ekki, að höfnin hjer er í bersýnilegri hættu að eyðileggjast innan skamms tíma; til þess að fyrirbyggja þá hættu, þarf að voru áliti ekki mikið fjárframlag.

Hættan stafar aðallega af tvennu:

1) Framburði úr Gönguskarðsá, sem fellur til sjávar norðanvert við höfnina.

2) Af því að sjórinn brýtur upp landið milli kauptúnsins og Eyrarinnar og ber það út á höfnina.

Í leysingum á vorin ber Gönguskarðsá mjög mikið af aur og grjóti eftir farvegi sínum, og eðlilega berst það alt til sjávar. Af þessu myndast grynsli norðanvert og fram af eyri, sem er að norðan við höfnina, og sest þar að, þangað til haustbrimin koma; þá rótast það alt upp og sjórinn ber það með sjer inn á höfnina, þar sem það sekkur til botns. Þetta er öllum auðskilið, því þarna vinnur náttúrulögmálið sitt vanaverk, en áþreifanlegast er það fyrir oss, sem sjáum afleiðingarnar ár hvert.

Þar eð eyri sú, sem er norðan við höfnina, nær svo skamt út (enda styttist eyraroddinn árlega), nær haust og vetrarbrimið, með fullum krafti, tökum á að brjóta upp landið frá eyrinni og inn að kauptúninu, og er það eitt ljóst dæmi þess, hvað hröðum fetum það heldur áfram að eyðileggja, að á síðasta ári hafa tvö býli, sem stóðu sunnanvert við eyrina, eyðilagst af þeirri ástæðu, að sjórinn var búinn að brjóta upp landið fast að þeim. Býli þessi stóðu nú fyrir fám árum ekki allnærri sjó, en smám saman hefir sjórinn eytt landi því, sem þar var fyrir framan og borið inn á höfnina, svo skiljanlegt er, að þess vegna grynnist hún (höfnin) jafnframt af framburðinum, sem Gönguskarðsáin flytur með sjer,

Ekki alls fyrir löngu, stóð pakkhús nyrst á lóð Stefáns sál. Jónssonar, sem var hjer verslunarstjóri við verslun Gránufjelagsins; sjórinn eyðilagði svo grunninn undir húsi þessu, að það varð að rífa það; en þetta varð til þess, að Stefán sál. Jónsson ljet byggja bólverk fyrir allri sinni lóð að norðan og austan. Mannvirki þetta hefir hamlað því, að sjórinn næði til að brjóta upp landið inn eftir kauptúninu.

Oss er það sjáanlegt, að hjer er stór hætta fyrir hendi, ekki einungis kauptúnsins vegna, heldur og fyrir alt það uppland, sem rekur verslun sína hjer, því ekki þarf áratugi til þess að gjöra höfnina ófæra skipum. Það verður innan fárra ára, ef ekki er nú strax ráðin bót á. Skagafjörður er stór og kostagóð sveit, og framleiðsla bænda þar í besta lagi, en hve mikill hnekkir yrði það ekki landbúnaðinum, ef verslunarstaðurinn hjer á Sauðárkrók yrði að leggjast niður, en ekkert er sýnilegra, ef náttúruöflin óhindruð halda hjer áfram byrjuðu verki.

Að vorri hyggju þyrfti þessi hafnargarður ekki ýkja langur til þess að hindra það tvent, sem hjer er fram tekið að framan og höfninni aðallega stafar hætta af. Hugsanlegt er, að nægilegt væri, að byggja trjebúkka, setja þá niður hvern við endann á öðrum og fylla þá með grjóti. Ef

þetta væri gjört seinni hluta vetrar eða að vori til, mundi Gönguskarðsáin með framburði sínum fylla svo að þeim, að þeir stæðust brimin að haustinu til. Utgrynslin eru mikil með fram eyrinni, svo búkkar þessir þyrftu ekki næsta háir. Þetta er að eins bending, en vildi hið háa Stjórnarráð taka málið inn á dagskrá sína, yrði að sjálfsögðu farið eftir ráðleggingum landsverkfræðingsins.

Oss kemur alls ekki til hugar, að garður þessi yrði nú þannig bygður, að hann verji sjógangi úti á skipalegunni, því til þess þyrfti ógrynni fjár, einungis til að verja hana meiri grynslum en nú eru.

Ástæða virðist oss að benda á, þar eð landssjóður á allar lóðir hjer í kauptúninu, að jafnframt sem fjárveitingin er til heilla stóru sveitarfjelagi, er hún og til að verja eign landsins bráðum skemdum.

Sauðárkrók 19. mars 1915".

Undir brjef þetta hefir ritað sýslumaður Skagfirðinga og 52 menn aðrir.

Til viðbótar því, sem jeg las upp úr brjefinu, hefi jeg það að segja, að þótt fjárlaganefndin kannaðist við, að hjer væri um þarflegt nauðsynjaverk að ræða, þá sá hún þó eigi skynsamleg rök liggja að því, að fje væri veitt að svo vöxnu máli; fyrst taldi hún rannsókn þurfa að fara fram, áður en hægt væri að leggja út fjárveitingu, og beinir hún því til stjórnarinnar, að sjá um að það sje gjört. Jeg býst við, að háttv. deild líti sömu augum á málið sem nefndin, og að hún æski þess, að áætlun sje gjörð um það, hvernig hægt muni að verja höfnina eyðileggingu, og hvað það muni kosta. Kauptúnið sjálft liggur undir stórskemdum, og árlega brýtur af landi þess, svo hjer þarf brátt að grípa í strenginn, ef unt er. Að öðru leyti er málið svo rækilega reifað í brjefi þeirra Sauðárkróksbúa, að jeg sje ekki ástæðu til að þreyta deildina á lengri ræðu en þetta.

ATKVGR.:

Tillagan samþ. með 12 shlj. atkv. og afgreidd til ráðherra sem

ályktun efri deildar Alþingis.

(Sjá A. 903).

---

7. Reikningslaganefndartillögur.

Á 39. fundi í Ed., laugardaginn 21. ágúst, var útbýtt

Tillögum út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1912 og 1913,

eins og þær voru samþyktar við síðari umr. í Nd. (A. 463).

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 23. ágúst, var málið tekið til fyrri umr.

Sigurður Stefánsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að þessu máli sje vísað til reikningslaganefndar, að þessari fyrri umr. lokinni.

ATKVGR.:

Tillögunni vísað til síðari umræðu í e. hlj.

Samþ. að vísa málinu til reikningslaganefndar í einu hljóði, en þá nefnd skipuðu þeir

Björn Þorláksson,
Eiríkur Briem,
Guðm. Ólafsson.

Á 49. fundi í Ed., fimtudaginn 2. sept., voru tillögurnar teknar til síðari umr. (A. 463, n. 652, 675, 701, 703).

Framsm. (Björn Þorláksson): Eins og sjá má af nefndarálitinu, hefir nefndin lagt til, að tveim viðaukatill. væri bætt við tillögurnar, eins og þær komu frá Nd.

Á fyrri viðaukatill. (þgskj. 652) stendur svo, að nokkur undanfarin ár hafa sparast peningar á póstávísunum. Hafa þær gengið gegn um Íslandsbanka, og hann sjeð um greiðslu þeirra utanlands. Peningarnir hafa svo legið í bankanum á vöxtum þangað til þeir hafa verið greiddir erlendis. Hafa þeir vextir numið um 20 þús. kr. Endurskoðunarmennirnir leggja til, að fje þetta sje nú greitt í landssjóð. Nefndin, sem kosin var í Nd., hefir fallist á þetta, en ekki viljað koma fram með tillögu í þessa átt. Nefndin hjer vill ekki að fje þetta standi lengur í bankanum, meðfram vegna þess, að bankinn gefur mjög lága vexti, og landssjóður þarf síns með, og leggur því til að greiða það í landssjóð.

Á síðari viðaukatillögunni stendur svo, að þegar endurskoðun landssímareikninganna fór fram 1913, var ekki gefinn reikningur fyrir Reykjavík. Endurskoðunarmennirnir hafa því lagt til, að símareikningur skuli sendur ár hvert, og nefndin í Nd. fjelst á þetta í nefndaráliti sínu, en fann ekki ástæðu til að koma með tillögu í þá átt að heldur, en hjer er það gjört til þess, að taka af allan efa. Er tillagan á þá leið, að reikningur skuli gjörður yfir tekjur og gjöld gjörvalls símans árlega.

Um fyrri breytingartill. er það að segja, að nefndin hjer leit svo á, að eftirlit með bændaskólum þyrfti eigi að vera á sama hátt og áður, þegar búin voru rekin fyrir landssjóðsfje, en á hinn bóginn hefir nefndin ekki haft á móti, að skipuð væri þriggja manna nefnd, til þess að líta eftir framkvæmdum og búnaðarháttum á skólunum. Nefndin hjer leggur því til, að þriggja manna nefnd sje skipuð við hvern skóla, og skal jeg taka fram fyrir hönd nefndarinnar, að ætlast er til, að þeir þrír menn sjeu valdir innan sýslu, til að forðast kostnað. Í sambandi við þetta vil jeg geta þess, að nefndin hefir komið fram með brtt. til leiðrjettingar á þgskj. 675.

Síðari brtt. er fram komin vegna þess, að endurskoðun landsreikninganna hefir leitt í ljós, að talsverður munur er á því, hve háir dagpeningar eru reiknaðir, nefnil. frá 6—8 kr. Var vakin eftirtekt á þessu af endurskoðunarmönnum, og út af því óskaði stjórnin, að þingið setti föst ákvæði um þetta. Nefndin í Nd. lagði til, að 5 kr. væru ákveðnar, en deildin færði það upp í 6 kr. Nefndin hjer leit svo á, að 5 kr. væri nógu hátt, þegar litið er til þess, að allur ferðakostnaður er greiddur, og þetta eru fæðispeningar en ekki laun.

Hv. þm. Barðstrendinga hefir tekið aftur brtt. sína á þgskj. 701, svo jeg orðlengi ekki um hana.

Brtt. hv. 5. kgk. á þgskj. 703 fer fram á, að stjórnin setji fastar reglur um dagpeningana, en þessa brtt. má telja óþarfa, með því að þingið er nú einmitt að gjöra það, sem stjórnin hefir ætlast til og óskað eftir.

Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en vona að deildin fallist á tillögurnar.

Guðmundur Björnson: Jeg er hv. reikningslaganefndinni þakklátur fyrir, hversu vandlega hún hefir íhugað málið, og hygg jeg að óhætt muni vera að segja, að reikningslaganefndirnar í báðum deildum hafi lagt óvenjulega mikla rækt við starf sitt.

Jeg hefi leyft mjer að koma með eina brtt., og skal jeg gjöra grein fyrir henni.

Það er rjett, sem nefndin segir í áliti sínu, að dagpeningar opinberra starfsmanna hafa verið mjög á reiki. Ástæðan mun einkum vera sú, að opinberum starfsmönnum hefir fjölgað mikið á síðari árum, en ekki verður sagt að rjettlátt sje, að allir — háir sem lágir — hafi jafn mikla dagpeninga. Þeirri reglu hefir þó lengst

af verið fylgt, að dagpeningar alþingismanna og gamalla embættismanna væru jafnir. Til skams tíma var það föst venja, að alþingismenn hefðu 6 kr. í dagpeninga, meðan þeir væru á ferð, og sama gilti um alla æðstu embættismenn landsins. En eins og kunnugt er, komust alþingismenn að þeirri niðurstöðu fyrir 3 árum, að ósanngjarnt væri að dagpeningar væru 6 kr. einar. Ys nokkur varð utanþings þegar breytingunni var komið á, en jeg lít svo á, að þingið hafi farið alveg rjett að, og menn eiga jafnan að hafa hug til að gjöra það sem rjett er, hvað sem hver segir.

Þingið hækkaði dagpeninga alþingismanna upp í 8 kr. á ferð, og 10 kr. á þingi fyrir utanbæjarmenn. Jeg verð að skjóta því fram, að mjer virðist þetta hefði átt að vera öfugt. Tilkostnaður alþingismanna er vitanlega meiri meðan þeir eru á ferð, en þegar þeir halda kyrru fyrir. En aðalatriðið í þessu máli er þó það, að fulltrúar þjóðarinnar geti ferðast sómasamlega. Jeg hefi sjálfur reynt, að ekki er hægt að ferðast sómasamlega fyrir 6 kr. á dag. Þess vegna er uppfærsla á dagpeningunum rjettmæt. Enda blandast engum hugur um það, sem nokkuð þekkir til, að 10 kr. eru nú ekki meira virði en 6 kr. voru fyrir 15 árum. Þegar alþingismengirnir höfðu gjört þessa rjettmætu breytingu, þá fanst stjórninni eðlilegt, að gjalda æðstu embættismönnum það sama og alþingismennirnir ætluðu sjálfum sjer. En þetta reik, sem nú er á dagpeningum, stafar af því, að embættismönnum hefir fjölgað svo mikið, og ekki er hægt að ætlast til, að allir fái jafnt. Alþingismaður getur ekki ferðast eins og búnaðarráðunautur eða undirtylla við vitagæslu. Og nú eru heilir herskarar slíkra manna. Og jafn víst er hitt, að biskup landsins getur ekki ferðast eins og búnaðarráðunautur. Hann verður að geta ferðast eins og alþingismaður. Jeg veit að það er siður víða erlendis, að settar eru reglur um dagpeninga opinberra starfsmanna, og eru þeir þá því hærri, sem embættið er veglegra. Þetta þarf einnig að gjöra hjer, en Alþingi hefir ekki þau gögn í höndum, að það geti sett slíkar reglur, og hygg jeg, að alveg óhætt muni vera, að fela það stjórninni. Jeg tel víst, að hún greiði engum hærra en alþingismönnum.

Þetta eru ástæðurnar fyrir brtt. minni, og vona jeg að háttv. deild taki henni vel. Jeg hefi engu frekar við þetta að bæta, öðru en því, að bregðist sú von mín, að háttv. deild samþ. þessa brtt. mína, þá verður samstundis að breyta lögunum frá 1912, um dagpeninga alþingismanna, og færa þá niður í 5 kr., því annars er ekkert samræmi í gjörðum þingsins.

Framsm. (Björn Þorláksson): Jeg þarf ekki að tala langt mál. Jeg vildi að eins benda á, að þessi samanburður háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) á dagpeningum opinberra starfsmanna og dagpeningum alþingismanna, er algjörlega rangur, því dagpeningar þm. eru laun þeirra, en þegar embættismenn og opinberir starfsmenn fara eftirlitsferðir, þá gjöra þeir það samkvæmt embættisskyldu sinni, og eiga því, strangt tekið, ekkert að fá annað en ferðakostnað og hæfilega fæðispeninga. Nefndin hefir ekki getað sjeð, að fæðispeningar manna þyrfti að fara fram úr 5 kr. á dag, hvort sem þeir ferðast á landi eða sjó. Á sjónum þarf t. d. ekki annað að borga en fargjald og fæði, sem kostar 4 kr. á skipunum. Jeg hefi ekki ferðast mikið, en jeg hefi komist að raun um, að hægur vandi sje að komast af með 5 kr. á dag. *(Guðmundur Björnson*: Þá geta alþingismenn það líka). Jú, en þeirra dagpeningar eru kaupið, launin, þóknunin, sem þeir eiga að fæða sig af. (*Guðmundur Björnson*: Þm. hefir aldrei verið ætlað kaup fyrir starfa sinn). Jeg skal ekkert um þetta þræta, en nefndin hefir nú litið svo á málið, að hver, sem hlut ætti að máli, hvort sem það

væri landritarinn, landlæknirinn, biskupinn, einhver verkfræðingurinn eða einhver annar, þá ætti hann ekki að fá einn eyri á eftirlitsferðum sínum, nema ferðakostnað sinn endurgoldinn og hæfilega dagpeninga til að fæðast af, úr því hann væri að vinna skylduverk samkvæmt embætti sínu, sem hann hefði full laun fyrir.

Jeg vona því, að háttv. deild felli þessa brtt. háttv. 5. kgk. þm. (G. B.).

Guðmundur Björnson: Eins og jeg tók fram áðan, þá lít jeg svo á, að dagpeningar alþingismanna sjeu ekki of háir. En því verð jeg að halda fram, að það hafi aldrei verið tilætlunin, að gjalda þingmönnum kaup, heldur einungis fæðispeninga, þ. e. þann tilkostnað, er þeir þyrftu að hafa við setu sína á þingi. Háttv. deild hlýtur því, ef hún vill vera sjálfri sjer samkvæm, að samþykkja brtt. mína, eða að öðrum kosti samþykkja frv. það, er jeg mun bera upp, um lækkun á dagpeningum alþingismanna.

Hákon Kristófersson: Þar sem jeg býst við, að jeg greiði atkv. á móti brtt. á þgskj. 703, þá vil jeg gjöra grein fyrir atkv. mínu. Jeg get ekki verið samdóma háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) um það, að hægt sje að bera saman dagpeninga embættismanna, er þeir ferðast um, til þess að líta eftir undirmönnum sínum, og þingfarakaup alþingismanna. Því þess ber að gæta, að embættismenn, er fara þessar eftirlitsferðir, eru menn, sem hafa hátt kaup af samlagssjóði þjóðfjelagsins, og það kaup hafa þeir jafnt, hvort sem þeir eru heima eða að heiman. Jeg skal engan dóm á það leggja, hvort kaup alþingismanna sje sanngjarnt, en hinu verð jeg að halda fram, að hægt sje að ferðast sómasamlega fyrir 5 kr. á dag. Þessar 8 kr., sem alþingismönnum eru goldnar, eru kaup en ekki fæðispeningar. En þessar 5 kr., sem embættismönnum eru ætlaðar, eru einungis fyrir fæði. Laun þeirra eiga ekkert að minka fyrir það. Þeir fá allan kostnað af ferð sinni endurgreiddan, hvort sem þeir fara sjóleiðis eða á landi, og þurfa hesta og fylgdarmenn; þess vegna er þessi samanburður alls ekki frambærilegur. Jeg sje ekki, að neinn þurfi að skaðast af því, þó hann fái ekki nema 5 kr. í fæðispeninga á dag. Ef einhver af örlæti sínu vill greiða meira fyrir sig en bein þörf er a, þá verður hann að gjöra það úr eigin vasa, en ekki úr samlagssjóði þjóðfjelagsins. Ef þessir háu herrar eru svo ríflegir á fje, þá er vitanlega við búið, að 5 kr. nægi þeim ekki í fæðispeninga og vasapeninga, en þá er heldur ekki nema sanngjarnt, að þeir greiði mismuninn sjálfir. Af þeim ástæðum hlýt jeg að greiða atkv. á móti brtt. háttv. 5. kgk. þm. (G. B.). Viðkomandi kaupi alþingismanna vil jeg taka það fram, að jeg á engan þátt í hve hátt það er, en sem mína reynslu verð jeg að segja það, að fyrir fæsta mun það vera fjárhagslegur gróði að sitja á þingi. Það er annars mjög einkennilegt, hve háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) tekur það illa upp, að settar sjeu skorður við því, að reikningar þessara embættismanna sjeu ekki framvegis eins mikið fram úr öllu hófi, eins og þeir hafa stundum áður verið. Að með þessu sje verið að skita út embættismenn, eins og háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) komst að orði, neita jeg algjörlega. Hótanir háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) um nýtt frv., sem og nýjan bækling til þjóðarinnar, það læt jeg mig engu skifta. Tel líka víst, að þegar háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) gætir betur að, þá sjái hann, að hjer er ekki verið að gjöra neitt ranglæti.

Kristinn Daníelsson: Það er að eins örstutt athugasemd, sem jeg vildi gjöra. Ef mönnum getur ekki komið saman um þetta atriði, þá hygg jeg, að benda megi á meðalveg, sem best leysi úr vandanum.

Nefndin hefir lagt til að lækka úr 6 kr. niður í 5 kr., en brtt. háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) vill hækka dagpeningana úr 6 kr. Jeg vildi leyfa mjer að benda á þann meðalveg út úr þessu, að fella báðar till. og láta standa till. háttv. Nd., sem leggur ur til að fæðispeningarnir sjeu 6 kr. á dag.

ATKVGR.:

Viða.till. 652,1 samþ. í e. hlj.

—— 652,2 — - - —

Tillögur 463,1—3 samþ. í e. hlj.

Brtt. 675 við brtt. 652,1 við 4. samþ. án atkvgr.

— 652,1 við 4. svo breytt samþ. í e. hlj.

Till. 463,4 þar með fallin.

Leitað afbrigða frá þingsköpum um brtt. 703, og þau veitt.

Brtt. 703 við 463,5 feld með 7 : 5 atkv.

— 701 tekin aftur.

— 652,2 við 5. feld með 6 : 6 atkv.

Till. 463,5 samþ. með 8 : 2 atkv.

— 463,6—7 samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 11 samhlj. atkv. og afgreiddar til Sþ.

(A. 712).

8. Mælir og vog.

Á 56. fundi í Ed., fimtudaginn 9. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um mæli og vog. (A. 853).

Á 57. fundi í Ed., föstudaginn 10. sept., var till. tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþ. án atkvgr.

Á 58. fundi í Ed., laugardaginn 11. sept., var till. tekin til einnar umr.

Flutnm. (Steingrímur Jónsson): Þegar hjer var til meðferðar í háttv. deild frv. til laga um löggilta vigtarmenn, þá var því skotið fram, að heppilegt væri, að ný skipun kæmist á um öll þessi mál hjer á landi, og samdar væru reglur um mæli og vog.

Svipuð till. og þessi var borin fram hjer á Alþingi árið 1911 af þáverandi 1. þm. Reykv. og núverandi 6. kgk. þm. (J. Þ.), og var tillaga þessi samþykt, en síðan var ekkert frekara við hana gjört. Í framsöğu sinni gat hann um, á hvern hátt þessu máli hefir verið skipað hjer á landi, en síðan 1784 hefir gilt hjer um tilskipun, er þá var gefin út, um löggildingu á vog og mæli, og var þá gjörð sú skipun þar um, að vog og mælir skyldi vera rjett og löggilt af stofnun þeirri, er Kaupmannahafnarbær hafði til þessa. Þetta var í fullu samræmi við þáverandi danska löggjöf, og hjelst hún í Danmörku þar til 1907, að metralögin komust á. Þá var sett á fót sjerstök jústeringarstofa, og 1909 var gefin út reglugjörð fyrir hana.

Það er vafi á því, að við höfum nokkurn rjett til þess, að fá þar löggilt það, sem vjer þurfum, og jeg veit ekki, hvort þessari stofnun í Kaupmannahöfn er enn við lýði haldið, en tel líklegt að hún sje lögð undir jústeringarstofuna frá 1907. En, eins og jeg tók fram, þá dreg jeg í efa, að vjer Íslendingar höfum rjett til að nota hana, því hjer er ekki um sammál að ræða, heldur sjermál vort. Því er rjett, að gjöra hjer um nýja skipun, en jafnframt er því beint til stjórnarinnar, að koma fram með ný lagafyrirmæli fyrir næsta Alþingi.

Jafnframt þessu er því og beint til stjórnarinnar, að setja reglur um, hvernig rannsaka beri vogir og mæliker. Jeg veit að um þetta eru að minsta kosti engar nýjar reglur, og því mun það vera nokkuð á reiki, hvernig sýslumenn haga sjer, þegar þeir eru beðnir að rannsaka vogir, sem alloft ber við.

ATKVGR.:

Tillagan samþykt í einu hljóði og afgreidd til Nd.

(A. 942).

9. Járnsandur.

Á 57. fundi í Ed., föstudaginn 10. sept., var útbýtt

Tillaga til þingsályktunartillögu um heimild til að veita einkarjett, til þess að hagnýta járnsand. (A. 906).

Á 58. fundi í Ed., laugardaginn 11. sept., var till. tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþ. í e. hlj.

Á 59. fundi í Ed., mánudaginn 13. sept., var till. tekin til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Tillagan samþykt með 12 samhljóða atkvæðum og afgreidd til ráðherra sem

ályktun efrideildar Alþingis.

(Sjá A. 978).

II.

Þingsályktanir um skipun nefnda.

1. Sjávarútvegsnefnd.

Á 7. fundi í Ed., fimmtudaginn 15. júlí, var útbýtt

Tillaga til þingsályktunar um skipun sjávarútvegsnefndar. (A. 38).

Á 8. fundi í Ed., föstudaginn 16. júlí, var till. tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti: Jeg leyfi mjer að leggja til að ein umræða verði um málið.

Ein umræða samþykt í einu hljóði.

Á 9. fundi í Ed., laugardaginn 17. júlí, var till. tekin til einnar umr.

Flutnm. (Guðm. Björnson): Háttv. neðri deild hefir kosið sjávarútvegsnefnd. Þeirri nefnd er ætlað að íhuga öll mál, er sjávarútveg snerta.

Nú höfum við háttv. þingm. Vestm. (K.

E.) komið okkur saman um, að rjett væri að kjósa slíka nefnd hjer í háttv. deild, og komast í samvinnu við háttv. neðri deild.

Það er víst, að hjer koma mörg og merk mál fyrir þingið í sumar, er þessa atvinnugrein varða. Jeg vil t. d. nefna ráðstafanir gegn slysum og slysatryggingar, mál sem jeg hreyfði hjer í háttv. deild 1913, og vildi láta setja milliþinganefnd í, en eins og menn muna var það þá felt í háttv. neðri deild. Jeg spáði því þá, að málið væri ekki þar með fallið; það mundi ganga aftur. Og nú hefir Fiskiþingið, er setið hefir þessa daga, tekið það fyrir, talið það nauðsynja- og merkismál, er þurfi mikinn og vandaðann undirbúning.

Jeg minnist á þetta nú, af því að jeg, sem er hjer flutningsmaður að þessari tillögu, mun ekki hljóta sæti í nefndinni. Við erum, eins og kunnugt er, svo fáir, Heimastjórnarmenn, hjer í háttv. deild, að við komum ekki nema einum manni í nefndina, og háttv. þm. Ísaf. (S. St.) á þangað brýnt erindi. En af því að jeg fer ekki í nefndina, vil jeg beina þeirri ósk til hennar, að hún taki þetta mál fyrir, þetta stórþarfa og mikla vandamál.

Jeg er boðin og búinn til þess, að veita háttv. nefnd alla þá aðstoð, sem jeg get í tje látið.

ATKVGR.:

Tillagan samþ. í einu hljóði.

Í nefndina kosnir að viðhafðri hlutfallskosningu

Hákon Kristófersson,
Kristinn Daníelsson,
Sigurður Stefánsson.

2. Þingskapanefnd.

Á 5. fundi í Ed., þriðjudaginn 13. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um þingsköpin. (A. 30).

Á 7. fundi í Ed., fimtudaginn 15. júlí, var till. tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþ. án atkvgr.

Á 8. fundi í Ed., föstudaginn 8. júlí, var till. tekin til einnar umr.

Flutnm. (Guðm. Björnson): Það er kunnugt, að stjórnarskráin nýja gjörir nauðsynlegar ýmsar breytingar á þingsköpunum, og því var það í fyrra, að borið var fram í háttv. neðri deild frumvarp til laga um breytingar á þeim. En það kom í ljós, að hjer var um mjög mikið vandaverk að ræða. Það var brýn nauðsyn að ýmsu öðru yrði breytt en því, er breyta þyrfti vegna stjórnarskrárinnar; því var það, að háttv. efri deild ályktaði að skora á stjórnina, að undirbúa málið og leggja frumvarp um ný þingsköp fyrir þingið nú í sumar.

Þetta hefir stjórnin ekki gjört, og skal jeg ekkert fara út í það, hvers vegna hún hefir ekki gjört það, en það er ljóst, að núverandi stjórn gat ekki annað því á eins stuttum tíma og hún hefir setið á stóli.

En með því að mál þetta er mjög áríðandi, hefir mjer og mörgum öðrum háttv. þingm. virst það vera nauðsynlegt, að skipuð væri nefnd í báðum deildum, til að athuga málið og bera fram tillögur um ný þingsköp. Hæstv. ráðherra hefir borið fram sams konar tillögu í háttv. neðri deild, og var hún samþykt þar, og nefnd sú, er kosin var þar, hefir lýst sig fúsa til samvinnu við efri deild.

Jeg gjöri mjer von um, að háttv. deild samþykki tillögu þessa, og að nefndin verði kosin að þessari umræðu lokinni. Á þann hátt hygg jeg að málinu sje best borgið.

ATKVGR.:

Till. samþ. í einu hljóði.

Í nefndina kosnir að viðhafðri hlutfallskosningu

Guðmundur Björnson,
Jón Þorkelsson,
Kristinn Daníelsson,
Björn Þorláksson,
Guðmundur Ólafsson.

[Nefnd þessi vann með þingskapanefnd Nd., en hana sátu þeir

Hannes Hafstein,
Einar Jónsson,
Jón Magnússon,
Guðm. Eggerz,
Bjarni Jónsson,
Þór. Benediktsson,
Guðm. Hannesson.

Voru báðar saman nefndar **samvinnunefnd um þingsköpin.** Formaður samvinnunefndar (og skrifari Ed. nefndar) var *Guðm. Björnson*, 5. kgk. þm. en skrifari samvinnunefndar (og Nd.nefndar) *Jón Magnússon*, 2. þm. Rvík.

Frá samvinnunefndinni var borið fram á 41. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. ágúst *Frumvarp til laga um þingsköp Alþingis.* (A. 514.)].

3. Fjárlaganefnd.

Á 4. fundi í Ed., mánudaginn 12. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um að skipa nefnd í fjárlögin. (A. 25).

Á 5. fundi í Ed., þriðjudaginn 13. júlí, var till. tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþ. án atkvgr.

Á 6. fundi í Ed., miðvikudaginn 14. júlí, var till. tekin til einnar umræðu.

Flutnm. (Björn Þorláksson): Af því að jeg stend fyrstur á blaði sem flutningsmaður aðtillögu þessari, þá vil jeg segja örfá orð.

Það er óvanalegt, að tillaga um það, að skipa fjárlaganefud hjer í háttv. deild komi svo snemma fram á þinginu, en orsökin til þess er sú, að það hefir komið til orða milli ýmsra deildarmanna, að fjárlaganefnd háttv. neðri deildar hefði einhverja samvinnu við fjárlaganefnd efri deildar. Fjármálanefnd neðri deildar byrjar á störfum sínum í dag, og þarf því nú að kjósa nefndina hjer, ef samvinna á að vera frá byrjun. Jeg fyrir mitt leyti vona eftir góðum árangri af þessari samvinnu; starf fjárlaganefndanna ætti að taka minni tíma, og jeg hygg, að meira samræmi yrði í starfinu, og þá um leið líkur til þess, að fjárlögin tæki minni breytingum eða byltingum í deildunum. Ef svo reyndist, þá er það talsverður vinningur. Það hefir áður í ýmsum málum verið höfð slík samvinna, en aldrei í fjárlögunum, og hefir samvinnan jafnan reynst vel, og því líka af þeirri ástæðu orsök til að ætla, að svo verði hjer. Í þingsköpum Alþingis er ekki gjört ráð fyrir þessu, en lögfræðingar þingsins telja, að frá þeirra hálfu sje ekkert því til fyrirstöðu, að fjárlaganefndirnar hafi einhverja samvinnu. Jeg leyfi mjer því að leggja til, að háttv. deild samþykki þingsályktunartillögu þessa og kjósi síðan nefndina, og enn fremur legg jeg til, að 5 menn verði kosnir í nefndina, eins og vant er.

ATKVGR.:

Tillagan samþykt í einu hljóði.

Lagðir voru fram 2 listar:

A-listi:
Karl Einarsson,
Jósef Björnsson,
Magnús Pjetursson,
Björn Þorláksson.

B-listi:
Sigurður Stefánsson,

Steingrímur Jónsson,
Björn Þorláksson.

ATKVGR.:
A-listinn hlaut 9 atkv.
B- — — 4 —
og voru því kosnir í nefndina:
Karl Einarsson með 9 atkv.
Jósef Björnsson — $4^1/_2$ —
Sigurður Stefánsson með 4 atkv.
Magnús Pjetursson — 3 —
Björn Þorláksson — $2^1/_4$—

4. Strandferðanefnd.

Á 5. fundi í Ed., þriðjudaginn 13. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar, til þess að íhuga og koma fram með tillögur um strandferðir. (A. 31 [frá ráðherra]).

Á 7. fundi í Ed., fimtudaginn 15. júlí, var till. tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþykt án atkvgr.

Á 8. fundi í Ed., föstudaginn 16. júlí, var till. tekin til einnrar umr.

Ráðherra: Samskonar tillaga og þessi hefir verið til umræðu í háttv. neðri deild, og var hún samþykt þar, á þann hátt, sem jeg óskaði. Jeg taldi mjer bæði rjett og skylt að bera samskonar tillögu upp hjer í deildiuni, og vona að hún sæti hjer sömu góðu undirtektunum sem í háttv. neðri deild.

Skal jeg svo leyfa mjer að skýra frá þeim ástæðum, er liggja til grundvallar tillögunni.

Með samningi dags. 24. okt. 1913 skuldbatt gufuskipafjelag Björgvinjar sig til að halda uppi ferðum frá Austur- og Vestur-Noregi um Færeyjar og umhverfis Ísland, og er samningurinn birtur í Stjórnartíðindunum 1913 B. bls. 265. Samningurinn gildir frá 1. apríl 1914 til 1. apríl 1916, og byrjaði 1. apríl 1914. Sem þóknun fyrir póstflutninginn fær fjelagið 30 þús. krónur á ári. Í apríl næsta ár er samningur þessi því útrunninn. Í fjárl. 1914—'15 eru veittar 60 þús. kr. til strandferða. Helmingur þess fjár rennur til Björgvinjar fjelagsins.

Enn fremur var gjörður samningur við *Thor E. Tulinius* fyrir hönd fjelags eins (sjá Stjórnartíðindi 1913 B. bls. 271), er gilda skyldi bæði fyrir 1914 og 1915, nema fjelagið segði honum upp fyrir 1. ágúst 1914. Það hefir fjelagið ekki gjört og gildir samningurinn því enn þá og til næstu ársloka.

Fyrir þessar ferðir eru einnig greiddar 30 þús. kr., sbr. 13. gr. fjárlaganna C. II.

Loks skyldi greiða Eimskipafjelagi Íslands 40 þús. krónur, ef það kæmist á fót og tæki til starfa á árinu 1915. Það hefir það gjört, og styrkurinn er því útborgaður, samkvæmt 13. gr. fjárlaganna C. III.

Með lögum nr. 53, 10. nóv. 1913, var landsstjórninni veitt heimild til að kaupa hluti í Eimskipafjelagi Íslands fyrir alt að 400 þús. kr., gegn því, að fjelagið hjeldi uppi strandferðum umhverfis landið með tveimur eða fleiri strandferðaskipum. Ferðirnar skyldi hefja svo fljótt, sem því yrði viðkomið, í síðasta lagi 1. apríl 1916, er samningur við Björgvinarfjelagið gengi úr gildi. En tækist eigi samningur við Eimskipafjelagið, var stjórninni heimilað, að kaupa skip eða leigja, og lántaka alt að 450 þús. kr. heimiluð, en með lögum nr. 41, 2. nóv. 1914, var lánsheimildin aukin upp í 500 þús. kr., að jeg ætla vegna dýrleika skipanna.

Hinn 4. febrúar 1914 var gjörður samningur á milli Eimskipafélagsstjórnarinnar og landsstjórnarinnar, og er sá samningur birtur í Lögbirtingablaðinu 7. árg., 6. tölubl. Samningur þessi gengur í þá átt, að landssjóður kaupi hluti í Eimskipafjelagi Íslands fyrir 400 þús. kr.; þar af eru greiddar samkvæmt samningnum 109 þús. krónur 1. júní 1914, en eftirstöðvar skyldu greiddar tyrir 1. febr. 1915. En sú greiðsla hefir eigi enn þá farið fram.

Skilyrði fyrir þessum samningi er það, að Eimskipafjelagið haldi uppi strandferðunum frá 1. apríl 1916 með 2 strandferðaskipum, enda greiði landssjóður sanngjarnan styrk til þeirra ferða. Meiningin var, eins og sjá má á 4. og 5. gr. samningsins, að 300 þús. krónur yrðu lagðar í hluti til kaupa á strandferðaskipunum, og ef fjelagið fullnægði eigi skilyrðunum um strandferðir, sýnist landssjóður óbundinn um hlutakaup, sbr. 2. og 5. gr. samningsins. En 1914 virðist þingið hverfa frá því skilyrði (þingskjal 364), og með þingsályktunartillögu 1914 (Alþtíð. 1914 A. þingskjal 471) heimilar þingið landsstjórninni að semja við fjelagið um strandferðir 1916 og 1917 með styrk alt að 77300 kr. hvort árið.

Vegna styrjaldarinnar miklu er eigi gjörlegt að byggja strandferðaskipin nú. Skipasmíðastöðvar geta eigi látið þau fyrir það verð, sem hugsað var; þau yrðu svo stórum mun dýrari en ráðgjört var í öndverðu, líklega svo að 70—80% munar. Svo að skipin til strandferða verða eigi til í apríl 1916 með nokkru móti.

Jeg átti í Kaupmannahöfn tal við framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins. Hann taldi það eigi mjög erfitt, að fá skip leigð til strandferðanna, því að skip þau, er mest hefðu hækkað í verði og mest gæfu af sjer í farmgjöldum, væru vöruflutningaskip, en síður þau skip, sem bæði eru löguð fyrir vöruflutninga og farþegaflutninga. En það er ljóst, að Eimskipafjelag Íslands getur ekki fullnægt samningnum bókstaflega, og nú er ekkert víst hvernig fer með strandferðirnar. Sameinaða gufuskipafjelagið og Eimskipafjelag Íslands, halda væntanlega uppi millilandaferðum sínum, eins og verið hefir, en það fullnægir alls ekki strandferðaþörfinni. Tulinius, er nú heldur uppi strandferðunum, eins og fyr var sagt, hefir hins vegar nýlega ritað landsstjórninni, og skýrt frá því, að hann vildi helst vera laus við strandferðirnar næsta ár, en jafnframt boðið landssjóði kaup á strandferðaskipi sínu „Ísafold", fyrir 72 þús. krónur; en eftir því, er þeir segja, er þar ættu að bera best skyn á, þá er ekki gangandi að því boði. Um nánara viðvíkjandi þessu hefir hann vísað til herra yfirdómslögmanns Axels V. Tulinius, er væntanlega gefur samgöngumálanefndinni allar þær upplýsingar hjer að lútandi, er hún þarfnast.

Sameinaða gufuskipafjelagið hefir, eins og undanfarið ríkissjóðsstyrkinn, 40 þús. kr. á ári, en hann er til millilandaferða, en ekki strandferða.

Þegar jeg kom til Björgvinar átti jeg ekki tal um þetta við forstjóra gufuskipafjelagsins þar; taldi það ekki rjett að svo stöddu, einkum vegna þess, að Nielsen forstjóri Eimskipafjelagsins taldi eigi frágangssök að taka skip á leigu, og gaf góðar vonir um að það tækist. Bjóst hann við að geta gefið nánari upplýsingar um það, er hann kæmi heim með Goðafossi. Hann er nú nýkomin hingað, og er því hægt að eiga tal við hann um málið.

Málið er mikilsvarðandi og afaráríðandi fyrir landslýð, og því tel jeg sjálfsagt að háttv. deild skipi nefnd í það. Það er bæði verk mitt og skylda, að stuðla til þess, að Alþingi ráði þessu vel til lykta.

Í fyrra var kosin sameiginleg samgöngunefnd fyrir báðar deildir, og blessaðist það

allvel, og því vil jeg mæla með að svo verði gjört nú aftur.

ATKVGR.:
Tillagan samþ. í einu hljóði.

Í nefndina kosnir að viðhafðri hlutfallskosningu
Guðmundur Ólafsson,
Hákon Kristófersson,
Steingrímur Jónsson,
Jósef Björnsson,
Karl Finnbogason.

III.

Þingsályktun fallin.

Lífsábyrgðarfjelag.

Á 43. fundi í Ed., fimtudaginn 26. ágúst, var útbýtt
Tillögu til þingsályktunar um innlent lífsábyrgðarfjelag,
eins og hún var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 555).

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 27. ágúst, var tillagan tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á tveim umræðum, og var það samþ. án atkvgr.

Á 45. fundi í Ed., laugardaginn 28. ágúst, var tillagan tekin til fyrri umr.

Jón Þorkelsson: Jeg leyfi mjer að gjöra það að tillögu minni, að kosin verði fimm manna nefnd í málið, að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.:
Málinu vísað til síðari umr. með 10 shlj. atkv.

Fimm manna nefnd samþ. með 10 shlj. atkv. Kosnir voru að viðhafðri hlutfallskosningu þeir
Kristinn Daníelsson,
Guðm. Ólafsson,
Eiríkur Briem,
Karl Finnbogason,
Jón Þorkelsson.

Á 62. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. sept., var tillagan tekin til síðari umr. (A. 555, n. 955).

Framsm. (Eiríkur Briem): Nefndin, sem skipuð var í mál þetta, hefir gefið álit sitt um það á þgskj. 955.

Það kom að vísu fram í nefndinni mismunandi skoðanir á málinu, en öll varð hún þó sammála um aðalatriði þess, eins og hin rökstudda dagskrá ber með sjer.

Hún var sammála um það, að ekki væri víst, að innlent lífsábyrgðarfjelag

gæti borið sig, nema með hærri iðgjöldum en heimtuð eru í erlendum lífsábyrgðarfjelögum. Í nefndarálitinu er nefnt ýmislegt, sem þessu sje valdandi, svo sem tiltölulega meiri stjórnarkostnaður í fámennu fjelagi en fjölmennu, enn fremur að þörf sje á, að áhættan skiftist á marga, en hætt sje við, að í voru fámenna landi sje tvísýnt um, að fjöldi trygginganna geti orðið nægur, til þess að áhættan verði ekki of mikil, og fleira mætti nefna.

Niðurstaðan varð því sú hjá nefndinni, að skora á stjórnina, að afla upplýsinga um málið, og leggja þær fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Eins og tillagan var, þegar hún kom frá hv. Nd., átti að heimila stjórninni 5000 kr. til að undirbúa og leggja fyrir þingið lög um landslífáhyrgðarfjelag, og ef fært þætti, slysaábyrgðarfjelag í sambandi við það. Nefndin taldi sig ekki geta sagt um það, hvort þessar 5000 kr. mundu nægja til allra nauðsynlegra undirbúningsrannsókna og til að semja lagafrumvarp um málið, er lagt yrði fyrir þingið. Hins vegar er hjer um töluverða fjárveitingu að ræða, eins og málið horfir við frá hennar sjónarmiði, og vill hún því ráða hv. deild til að samþ. svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

Í því trausti að stjórnin afli sjer upplýsinga um málið og leggi þær fyrir næsta reglulegt Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nefndin gjörir ráð fyrir, að það muni ekki þurfa að kosta mikið fje, að afla þessara upplýsinga, en þær mundu þó geta gefið þinginu bendingu um, hvort leggjandi mundi lengra út í málið eða ekki.

En fari svo, að þessi dagskrá nái ekki fram að ganga, þá ber nefndin fram til vara brtt. við þingsályktunartillöguna á þgskj. 955, þannig, að í staðin fyrir orðin „lög um landslífsábyrgðarfjelag, og ef fært þykir", komi: „og ef fært þykir lög um landslífsábyrgðarfjelag og", með öðrum orðum flytja orðin „ef fært þykir", fram fyrir landslífsábyrgðarfjelag. Verður landsstjórninni þá eftir sem áður heimilt að verja alt að 5000 kr. til rannsóknar þeirrar, sem farið er fram á að gjörð sje. Aðaltillaga nefndarinnar er hin rökstudda dagskrá, sem ber fram þá ósk og von, að stjórnin útvegi upplýsingar um málið, án þess þær þurfi þó að kosta mikið, og leggi þær fyrir næsta þing, er þá ákveður hvort það vill fara lengra út í málið eða ekki.

Brtt. nefndarinnar er sú, að hún vill að stjórnin sje látin sjálfráð um, hvort hún vill leggja málið fyrir þingið í frumvarpsformi eða á annan veg.

Ráðherra: Jeg vil leyfa mjer að gjöra að eins örstutta fyrirspurn til hv. nefndar. Er það ekki tilætlun hennar, verði hin rökstudda dagskrá samþykt, að stjórnin megi verja nokkru fje til rannsóknar þeirrar, er hún nefnir?

Framsm. (Eiríkur Briem). Það var töluvert talað um þetta í nefndinni, og niðurstaðan varð sú, að óhjákvæmilegt mundi að heimila stjórnninni nokkurt fje til rannsókna þeirra og undirbúnings á málinn, sem nefndin vill að stjórninn sje falið á hendur að gjöra, en gjörði ráð fyrir, að ekki þyrfti til þess eins mikið fje, eins og til hins fullkomna undirbúnings, sem hv. Nd. vill að gjörður sje. Nefndin taldi, að þingið mundi á sínum tíma að sjálfsögðu samþ. greiðslu þess kostnaðar, sem þetta hefði í för með sjer, og jeg gjöri ráð fyrir, að stjórnin megi reiða sig á, að ekki verði að því fundið, þótt hún verji nokkru fje til rannsóknarinnar.

Sigurður Stefánsson: Hjer ekki einungis nauðsyn á að koma upp lífsábyrgðarfjelagi og slysaábyrgðarfjelagi. Engu

minni þörf er á, að komið væri á stofn innlendu sjóvátryggingarfjelagi. Ýms atvik hafa legið að því, að jeg hefi ekki komið fram með sjerstaka tillögu um þetta. En nú vil jeg nota tækifærið, og beina því til stjórnarinnar, hvort hún mundi ekki treysta sjer til að taka þetta til athugunar í sambandi við hitt tvent, þó þannig, að hún sje eigi skuldbundin til að hafa lokið undirbúningi málsins fyrir næsta þing. Sjávarútvegsnefndin ræddi nokkuð um mál þetta við útgjörðarmenn hjer í bæ, og tóku þeir fremur dauflega í málið, enda mun ófriðurinn hafa þar nokkru um valdið. Hins vegar má gjöra ráð fyrir því, að stjórnin mundi njóta liðsinnis útgjörðarmanna, ef hún tekur málið til meðferðar og rannsóknar.

Mjer hefir nú dottið í hug, að koma með nýja rökstudda dagskrá, er bæti sjóvátryggingu við hin rannsóknarefni stjórnarinnar; vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa hana upp:

Í trausti til þess, að landsstjórnin rannsaki möguleika á því, að koma á innlendum ábyrgðarfjelögum, þar á meðal lífsábyrgðarfjelagi, slysaábyrgðarfjelagi og sjóvátryggingarfjelagi, og undirbúi mál þetta undir næsta reglulegt Alþingi, að því er hún telur fært, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Jeg vildi gjarna heyra álit hv. framsm. (E. B.), hvort hann mundi ekki telja fært að samþykkja þessa dagskrá í stað dagskrár nefndarinnar. Að öðru leyti gjöri jeg þetta ekki að kappsmáli.

Framsögum. (EiríkurBriem): Viðvíkjandi þessu máli, sem háttv. þm. Ísaf. (S. St.) nefndi, þá var því hreyft einu sinni í nefndinni í sambandi við það, hvort ekki væri mjög vafasamt, að innlent lífsábyrgðarfjelag gæti staðist, án þess að iðgjöldin væru sett alt of hátt, gagnstætt því, sem á sjer stað með brunatryggingu og sjótryggingu, því að það eru gífurleg iðgjöld, sem verður að borga á ári hverju fyrir trollarana, og jeg skil ekki annað en að hægt væri að komast af með lægri iðgjöld. Þetta kom til tals í nefndinni, en formaður hennar er í sjávarútvegsnefndinni, og er því málinu kunnugri en jeg. Mjer þykir vænt um hvert spor, sem stigið er í þá átt, að athuga hvort sjótrygging mundi geta borið sig.

Kristinn Daníelsson: Út af því, sem háttv. framsm. (E. B.) sagði, skal jeg upplýsa það, að sjávarútvegsnefndirnar unnu saman, og þegar þetta mál var þar til umræðu, voru formenn útgjörðarfjelaganna hjer í bænum boðaðir á þann fund. Þeir íhuguðu málið, en gátu ekki að svo stöddu lagt það til, að þingið tæki það að sjer. Við það strandaði málið hjá sjávarútvegsnefndinni. Út af orðum háttv. framsögumanns (E.B.) vil jeg taka það fram, að jeg álít sjálfsagt rjett, að ekki yrði stjórninni meinað að verja lítilsháttar fje, sem þyrfti, til þess að athuga málið, en yrði þó ekki nein veruleg upphæð. Það var skoðun nefndarinnar, að ekki væri að svo stöddu verjandi þeirri upphæð, sem tiltekin er í tillögu þessari, til þess að rannsaka málið, og það var einhuga álit, að þessi ábyrgð ætti að vera síðust í röðinni, en meira riði á bruna- og sjótryggingu. Við njótum sama iðgjalds og útlendingar í lífsábyrgðarfjelögunum, en öðru máli er að gegna um brunatryggingar.

Ráðherra: Jeg vil að eins geta þess, að ef það er tilætlun deildarinnar, að verja fje til þess að afla upplýsinga, sem nokkuð er byggjandi á, þá er það ekki hægt nema með töluverðu fje. Jeg skoða það beina skyldu þingsins, að fá sem besta krafta, en þá verður líka að borga vinnuna sómasamlega. Þetta vildi jeg upplýsa *(Steingr. Jónsson*: En Hagstofan?) Nei, þeir sem þar starfa, hafa of mikla

vinnu til þessara hluta, og komast ekki yfir það, sem þeir eiga að gjöra. Svo hygg jeg líka að þurfi talsvert aðra þekkingu en þeir, sem á Hagstofunni vinna, hafa, enda þótt hagfræði sje ágæt í sinni grein.

Sigurður Stefánsson: Jeg verð að taka í sama streng og háttv. framsögum. (E.B.),að sjótryggingin verður að koma fyrst, bæði af því, hve það er mikið fje, og líkindi til að hún geti borgað sig, og eins af hinu, að óliklegt er, að lífsábyrgð gæti borgað sig, nema iðgjöldin væru höfð hærri en nú tíðkast. Jeg verð að taka undir það með hæstv. ráðherra, að ef stjórnin gæti búið málið vel undir næsta þing, þá sje jeg ekki eftir 5000 kr. til þess undirbúnings. Hjer verður að leita að eins sjerfróðra manna, og það er óvíst, að þeir gæfu nauðsynlegar upplýsingar, nema gegn ríflegri þóknun. Þetta er svo mikilsvert mál, að jeg sje ekki eftir nokkurum þúsundum króna til þess að rannsaka það.

Guðmundur Björnson: Jeg ætla að greiða atkvæði með dagskrá háttv. þm. Ísaf., en er honum þó öldungis ósammála um það, að sjótrygging eigi að koma fyrst og helst til greina. Það er *slysatrygging sjómanna*, sem verður að koma fyrst og fremst til álita. Það var hörmulegt, hvernig það mál fór á þingi í sumar, því að jeg vil segja, að það er eitt af allra stærstu nauðsynjamálum landsins, að eignast öflugan slysatryggingarsjóð.

Jeg verð að taka í sama streng og hæstv. ráðherra, að það er ekki hugsanlegt, að hægt sje að fá nógu góðan undirbúning, nema til þess sje kostað töluverðu fje. Þetta er vandamál og því myndi undirbúningurinn kosta langan tíma og mikið fje.

Framsm. (Eiríkur Briem): Jeg hefi átt tal við meðnefndarmenn mína og við höfum komið okkur saman um það, að nefndin taki aftur dagskrá sína.

Ráðherra: Jeg vil að eins benda á það, að verði dagskrá háttv. þm. Ísaf. (S. St.) samþykt, þá verður stjórnarráðið að rannsaka þrennskonar ábyrgðarfjelög, samkvæmt tillögunni frá háttv. Nd. Þá getur ómögulega minna fje farið til þess en Nd. gjörði ráð fyrir, að færi til þess eins að rannsaka lífsábyrgð.

Steingrímur Jónsson: Það hefir heilmikið verið talað hjer um kostnað í sambandi við þetta mál. En mjer virðist, að þessi háttv. þingdeild hafi litla hugmynd um, hvað þetta alt muni kosta. Jeg greiði dagskránni atkvæði mitt, fyrst og fremst vegna sjótryggingarinnar, og mjer þætti gott ef stjórnarráðið gæti gefið næsta reglulega Alþingi upplýsingar um, hve mikið undirbúningur alls þessa máls muni kosta. Það er óviðkunnanlegt, að sjá talað og greitt atkvæði um þetta mál, án þess að menn viti, hve mikið er hjer um að gjöra.

Framsögum. (Eiríkur Briem): Það er enginn vafi á því, að undirbúningur undir fullkomin lög um lífsábyrgðarstofnun yrði miklu dýrari en hinar 2 tryggingarnar, því að skýrslur og reikningar, er snerta lífsábyrgð, taka mikinn tíma og fje. Jeg er samdóma háttv. 5. kgk. (G. B.), að slysatryggingin er mjög nauðsynleg. Það verður að safna skýrslum, en er óvíst, að það verði hægt fyrir næsta reglulegt Alþingi. Eins og hæstv. ráðherra tók fram, er eigi hægt að komast hjá töluverðum kostnaði við að afla þeirra auglýsinga, er hin rökstudda dagskrá fer fram á, en ef upplýsingarnar, sem safnað verður, benda á, að ekki sje tiltækilegt að leggja út í stofnun lífsábyrgðarfjelags, þá sparast stórfje, með því að sleppa nánari undirbúningi málsins.

ATKVGR.:

Rökstudda dagskráin á þgskj. 955 (frá nefndinni) tekin aftur.

Rökstudda dagskráin frá S. St., þm. Ísaf. (sjá fyrri ræðu hans í þessu máli) samþ. með 10 samhlj. atkv.

Till. þar með *fallin.*

F.

Fyrirspurnir.

1. Reikningsskil, gjaldheimtur og tolleftirlit.

Á 35. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. ágúst, var útbýtt

Fyrirspurn til ráðherra um opinber reikningsskil, gjaldheimtur og aukið tolleftirlit. (A. 371).

Á 36. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. ágúst, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, *hvort leyfð skuli.*

Fyrirspurnin var leyfð í e. hlj.

Á 41. fundi í Ed., þriðjudaginn 24. ágúst, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að ráðh. hafði þá tjáð sig við því búinn að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Stefánss.): Eins og fyrirspurn sú, er hjer liggur fyrir, ber með sjer, þá er hún um það, hvað landsstjórnin hafi gjört í tilefni af þingsályktun, er samþykt var hjer í fyrra í háttv. deild.

Þessi þingsályktun, sem er þgskj. 423 í Alþingistíðindunum 1914, er í tveimur aðalliðum. Fyrri aðalliðurinn er í þremur undirliðum, um að hraða endurskoðun reglugjörðarinnar frá 13. febrúar 1873, og um að draga ekki úr gildandi ákvæðum gagnvart vanrækslu og óreglu gjaldheimtumanna landssjóðs, og um eftirlitsferðir.

Annar aðalliðurinn er líka í þremur undirliðum:

1. Að leggja fyrir næsta Alþingi (1915) frv. til laga um sjerstaka tollgæslu í Reykjavík.

2. Að veita póstmönnum leyfi til að rannsaka grunsamlegar böggulsendingar frá útlöndum.

3. Að rannsaka, hve mikið muni kosta að setja á fót sjerstaka tollgæslu á öllu landinu, og leggja skýrslu um það fyrir Alþingi.

Jeg skal strax taka það fram, að atriðið um póstbögglana, er komið í framkvæmd með lögum frá síðasta þingi.

Um þetta mál urðu talsverðar umræður á síðasta þingi, og sýndu þær, að þm. vildu, að þessu væri kipt í lag hið bráðasta, og ganga verða menn að því sem

vísu, að þm. hafi verið full alvara með að koma þessu máli sem fyrst í framkvæmd. En best er það og viðkunnanlegast, að þingið þurfi sem minst að ýta við stjórninni um að bæta ýmsa galla á löggjöfinni.

Þjóð og þing verður að ætlast til þess, og mega treysta því, að stjórnin hafi opið auga fyrir því, sem áfátt er í löggjöfinni og framkvæmd laganna, og kosti kapps um, að ráða bót á göllunum, svo að þingið þurfi ekki að ýta við henni til þess.

En því er nú svo varið, að þingið hefir, því er nú ver og miður, oft og tíðum þurft að ýta við stjórninni um nauðsynjamál, eins og t. d. um þetta mál, sem hjer liggur fyrir, og er það auðvitað sjálfsögð skylda þess. Jeg hefi nú ekki orðið þess var, að stjórnin hafi gjört neitt, til þess að fullnægja þingsályktunartill. þeirri, er hjer ræðir um, en mjer dettur þó ekki í hug, að svo stöddu, annað en að hún hafi að einhverju leyti undirbúið málið.

Til þess að auka eftirlitið, hefi jeg heyrt, að hún hafi á prjónunum nýja endurskoðun á reglugjörðinni, en á þingi í fyrra var það látið í veðri vaka, að þessi endurskoðun á reglugjörðinni væri langt á veg komin, svo vonandi er hennar ekki langt að bíða.

Um síðasta atriðið, sem vitanlega er mergurinn málsins í tillögunni, um það, hvort landsstjórnin sæi sjer ekki fært, að auka eitthvað tolleftirlitið, og gjöra það betra en hingað til hefir verið, þá væri þessa ekki þörf, ef allir væru sammála um það, að tolllögunum væri vel hlýtt. En jeg hygg, að enginn geti huggað sig við þá vissu, að svo sje; jeg hygg, að allir hljóti að vera sammála um það, að tolllögin sjeu brotin og það stórkostlegar og meira en jafnvel nokkur önnur lög.

Það er eðlilegt, eftir því sem framfarir þjóðarinnar vaxa, að eftir því vaxi útgjöldin. Það er sjálfsagt, og er jafn sjálfsagt og að ætlast til þess, að tekjur landsins komi sem best til skila, og alt sje gjört til þess af hálfu þings og stjórnar, að þar komi öll kurl til grafar, og því er óhjákvæmilegt að gjöldin aukist. Það hlýtur því að vera sjálfsagt áhugamál allra hugsandi manna, að jafnframt því, sem tekjurnar eru auknar, samkvæmt þörfum þjóðarinnar, þá sje innheimta þeirra sem best trygð. Og meðferð Alþingis á fjárlögunum sýnir það ljóslega, bæði nú og á fyrirfarandi þingum, að það er ekki vanþörf á því, að tekjurnar heimtist vel. Fjármálastefna sú, er ríkt hefir hjá þingi og þjóð, getur endað með skelfingu, ef eigi er að gjört, þar sem tekjuhalli fjárlaganna er jafnaðarlega allt að $^1/_2$ miljón króna, og það getur sannarlega brugðist, að tekjur landsins fari svo fram úr áætlun, að tekjuhalli þessi hverfi, og nú er meiri ástæða en endranær til að ætla, að tekjurnar hrökkvi ekki fyrir útgjöldunum.

Í fyrra var Alþingi gefið alveg sjerstakt tækifæri til að íhuga þessi efni, þar sem sá orðrómur gekk þá hjer í Reykjavík, að hjer hefðu átt sjer stað mjög mikil tollsvik. En þessum tollsvikum var haldið vendilega leyndum. (*Ráðherra*: Einn fjekk 13000 kr. sekt). En blöðin gátu ekki um það. Blöðin rita langt og mikið mál um það, sem er mesta smáræði, eins og t. d., ef kerling, sem er dáin fyrir 100 árum síðan, er grafin upp og jörðuð í vígðri moldu, eða ef lambi er stolið einhversstaðar á útkjálkum landsins, ef til vill af hungruðum mannaumingja. En þó að svo nefndir „fínir menn“ hjer í Reykjavík steli stórfje af landsfje, þá eru blöðin sammála um það, að þegja vendilega. Þetta er óholt og lítt sæmandi fyrir þjóðfjelagið.

En þetta hefði meðal annars átt að sýna stjórninni það, að það er full ástæða til þess að athuga það mjög vel, hvort eigi sje rjett að skerpa tollgæsluna, þótt ekki væri nema í Reykjavík, og síðar á

öllu landinu, ef fært þykir kostnaðarins vegna.

Jeg játa það fúslega, að það er mikið verk að rannsaka þetta mál til hlýtar; og það er ekki leggjandi út í svo mikinn kostnað, sem tollgæslu um land allt, án þess að það mál sje áður vel rannsakað.

Jeg vona nú að stjórnin hafi íhugað málið, svo að hún hafi meiri hugmynd um það en aðrir, hver kostnaður af þessu leiddi. Fái jeg það svar, að kostnaður þessi sje afarmikill, þá mundi það mjög draga úr óánægju minni yfir því, að ekkert hafi aðhafst verið. Annars ættu tollsvikin í fyrra, að vera næg til þess, að ýta svo undir stjórnina, að hún sæi um, að slíkt gæti ekki hent aftur.

Hver svo sem skoðun okkar er í landsmálum yfirleitt, hvar sem vjer stöndum í stjórnmálaflokkum, þá hljótum vjer allir að vera á einu máli um það, að tekjur þær, er landssjóði bera, eigi að koma sem best til skila. En eins og nú hagar til, má við því búast, að stórmikið af fje landssjóðs komist aldrei til skila. Menn svíki tollinn. En það hlýtur að vera sjálfsögð skylda þings og stjórnar, að búa svo um, að landssjóður fái tekjur sínar með sem minstum afföllum. Það er afar áríðandi fyrir fjárhag vorn.

Hitt atriðið, um tolleftirlit á öllu landinu, var ekki lögð eins mikil áhersla á í þingsályktuninni á síðasta þingi. Það var álitið heppilegast, að byrja með því, að setja á fót tolleftirlit í Reykjavík, og ef það borgaði sig, þá kæmi hitt á eftir. Því var stjórninni að eins falið að rannsaka, hvað það kostaði og leggja skýrslu um það fyrir Alþingi. Jeg býst við því, að stjórnin hafi eitthvað rannsakað í þessu efni, en sjerstaklega býst jeg þó við því, að þess verði ekki langt að bíða, að stjórnin fullnægi fyrsta liðnum í öðru atriði þingsályktunartillögunnar, og vænti jeg svars hæstv. ráðherra um, hverjar gjörðir stjórnarinnar sjeu um þessi efni.

Ráðherra: Jeg verð að reyna að svara eftir því, sem mjer er unt, háttv. fyrirspyrjanda, þm. Ísaf. (S. St.), en bæði er það, að jeg er ekki nógu vel kunnugur málinu, og svo gjöri jeg ráð fyrir, að svarið verði ófullnægjandi.

Þingsályktun sú, er hjer ræðir um, er á þgskj. 423 í Alþingistíðindunum 1914, og er þingsályktun þessi í tveimur aðalliðum.

Jeg skil svo ræðu og fyrirspurn háttv. þm. Ísaf. (S. St.), að hann ætlist til, að jeg svari öllum liðum þingsál.

Og þá er fyrst fyrir aðalliður hennar, um að hraða endurskoðun reglugjörðarinnar frá 13. febrúar 1873. Þessu atriði er fljótsvarað.

Þegar jeg tók við, þá lá fyrir uppkast að reglugjörð, er jeg hygg að háttv. þm. hafi sjeð í fyrra, og hafi ekki talið nægilega strangt. Svo mun landritari hafa tekið þetta uppkast til nýrrar íhugunar, og eftir það, að hann hafði yfirfarið það, þá sendi hann það til álita nokkrum sýslumönnum á landinu, þeim sem best traust var borið til um þetta mál. En þeir álitu margir að það væri of strangt, en sumir töldu, að við það væri hlítandi. Jeg sigldi með uppkast þetta og fjekk staðfestingu konungs á það.

Svo var til ætlast í upphafi, að reglugjörð þessi kæmi í gildi 1. júlí síðastl., en jeg sje mjer ekki fært, að láta hana koma í gildi fyrr en 1. október næstkomandi.

Hefi jeg þá svarað þessu atriði.

Þá er annar liður fyrra aðalliðs, um að draga ekkert úr gildandi ákvæðum gagnvart vanrækslu og óreglu gjaldheimtumanna landssjóðs.

Það er síður en svo, að hjer hafi verið dregið úr að neinu leyti; eftirlitið hefir þvert á móti á margan veg verið hert. Það hafa verið settar rækilegar reglur um bókhald, og sjerstaklega virðist mjer eitt ákvæði, um sjóðbók, vera þarft.

Þessa sjóðsbók eiga allir gjaldheimtumenn landssjóðs að færa. Á þar að færa alt innborgað fje, er þeir innheimta fyrir landssjóð og fyrir sýsluna eða sem sýslumenn. Ef sjóðbókin er reglulega haldin, þá má á svipstundu rannsaka og sannreyna sjóðinn og hvernig fjárheimtum innheimtumannsins er varið.

Jeg sje ekki ástæðu til að rekja einstök ákvæði þessarar reglugjörðar, en gjaldheimtumönnum er þar gjört að skyldu, að innheimta tekjurnar um leið og þær falla í gjalddaga, og skulu þeir venjulega senda þær til landssjóðs með fyrstu póstferð, sem fellur og varð orðinu „venjulega“ bætt inn, af því að stundum getur stáðið svo á, að peningarnir komi fyrr til landssjóðs, ef þeir eru ekki sendir með fyrstu póstferð; t. d. ef skipsferð fellur til rjett eftir að landpóstar fara, getur verið hentugra að bíða skipsferðarinnar.

Þá kem jeg að 3. lið þingsályktunarinnar. Þar er skorað á landsstjórnina að gjöra eftirlitsferðir hjá öllum gjaldheimtumönnum landssjóðs að minsta kosti einu sinni á hverjum 3 árum, og oftar, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi. Þetta er nú boðið í nýju reglugjörðinni. Á þessu ári hefir verið skoðað hjá 7 sýslumönnum, og í ráði er, að skoðað verði hjá þeim 8. bráðlega. Þeir sýslumenn, sem rannsakað hefir verið hjá, eru sýslumennirnir í Mýra- Borgarfjarðar-, Snæfellsness-, Dala-, Barðastrandar-, Ísafjarðar-, Stranda- og Rangárvallasýslum, og eins og jeg tók fram áðan mun mjög bráðlega verða skoðað hjá þeim 8. Auk þessa hefir verið skoðað hjá 1 umhoðsmanni. Hjá einum af sýslumönnum þeim, sem skoðað hefir verið hjá, var einnig skoðað í fyrra, en af því að þá var nokkuð ábótavant hjá honum, var aftur skoðað hjá honum í ár. Innheimtunni verður hagað svo, að eftir hver árfjórðungsmót verður þess krafist að sýslumenn greiði það, sem þeir eiga þá ógreitt í landssjóð og ársreikningar þeirra eiga að vera komnir til stjórnarráðsins fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert, að því er mig minnir. Hefi jeg því svarað 1. aðallið tillögunnar og þar með öllum undirliðunum a, b og c.

Jeg kem þá að síðari aðalliðnum. Hann er einnig í 3. liðum. Í 1. liðnum a, er skorað á stjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frumv. til laga um tollgætslu í Reykjavík. Þessum lið vil jeg svara þannig, að mjer er ekki kunnugt, að áður en jeg tók við ráðherraembætti hafi nokkuð verið gjört í þessu efni, og landritari segir mjer, að engin gangskör hafi verið gjörð að þessu. Jeg skil það líka vel, að ekki hafi verið gott að koma þessu í framkvæmd. Fyrverandi ráðherra sigldi í október í fyrra og kom aftur um jólin. Eftir heimkomu sína hafði hann margt að gjöra, t. d. að undirbúa fjárlögin og önnur lög, sem leggja átti fyrir Alþingi. Jeg finn mjer skylt að taka þetta fram, af því að háttv. fyrrverandi ráðherra á ekki sæti í þessari deild, og getur því eigi svarað fyrir sig. Að jeg hefi ekki heldur hrundið þessu máli í framkvæmd, kom til af því, að jeg tók ekki við fyrr en 4. mai þ. á., og mitt fyrsta verk var að ganga frá lagafrumvörpunum, og til þess gekk tíminn frá 4. til 25. mai; svo var jeg mánuð ytra og kom aftur 25. júni, og á meðan hafði jeg um annað að hugsa en tollgætslu í Reykjavík. Og eftir að jeg kom heim og fram til þings var enginn tími til að rannsaka þetta mál, sem er mikið vandamál. Þar á ofan bættist, að ýms störf kölluðu að; jeg var t. d. að halda þingmálafund með kjósendum mínum, svo sem venja er til. Og á meðan ráðherra er fjarverandi, eru ýms mál, er koma fyrir stjórnarráðið látin bíða heimkomu hans, því þótt landritari hafi að vísu heimild til að útkljá þau, er oft kosið að láta þau bíða ráðherra. Þá hefi jeg svarað 2. lið a, í þingsályktuninni.

Í 2. lið b. í þingsályktuninni er skorað á

stjórnina, að leggja fyrir næsta Alþingi frumv. til laga, er veiti póstmönnum heimild til rannsóknar á grunsömum böggulsendingum frá útlöndum. Jeg lít svo á, að stjórnin hafi ekki þurft að verða við þessari áskorun, því að Alþingi í fyrra fullnægði henni sjálft. Í lögum nr. 43, 2. nóv. 1914, er póstafgreiðslumönnum veitt heimild til þessa. Í frv., sem fyrst kom fram í efri deild á þinginu í fyrra, setti neðri deild það inn, að póstmönnum skuldi veitt þessi heimild, en efri deild breytti því við eina umræðu á þá leið, að heimildin skyldi að eins veitt póstafgreislumönnum, og það samþ. neðri deild; sbr. þingskj. 432 í Alþ.tíð. 1914.

Þingið 1914 hefir því sjálft fullnægt þessum lið með þeim afslætti, að póstafgreiðslumenn einir skyldu mega opna grunsamar böggulsendingar, í stað þess, að þingsályktunartillagan talar um að allir póstmenn skuli hafa þessa heimild. Stjórnin þurfti því ekki að hugsa um að fullnægja þessum lið.

Í 2. lið c. þingsályktunartillögunnar er skorað á stjórnina að rannsaka, hve mikið muni kosta að setja á fót sjerstaka tollgætslu á öllu landinu og leggja skýrslu um það fyrir Alþingi.

Viðvíkjandi þessum lið þarf jeg ekki annað en skírskota til svars míns við 2. lið a, því að hjer koma sömu ástæður til greina, að minsta kosti að því er mig snertir, og, að því er jeg hygg, einnig fyrirrennara minn.

Í ræðu háttv. þingmanns Ísaf. (S. St.) voru nokkur ummæli, sem jeg vil leyfa mjer að gjöra athugasemdir við. Mjer skildist hann vilja setja upp þá almennu reglu, að stjórnin væri ekki vitalaus af að fullnægja ekki áskorum Alþingis um að gjöra eitthvað. Þetta er rjett sem aðalregla, en undantekningar frá henni eru margar. Starfskraftar okkar eru ekki takmarkalausir, og því er ekki hægt fyrir stjórnina að fullnægja öllum þeim kröfum, sem til hennar kunna að verða gjörðar. Það er hægt fyrir þingið að samþykkja þingsál. um að skora í stjórnina, að gjöra alla skapaða hluti milli himins og jarðar, en stjórninni er ekki unt að fullnægja því. En það má enginn skilja orð mín svo, að þessari tillögu sje svo varið. Fyrirspyrjandi sagði, að stjórnin hefði ekki gjört neitt til að fullnægja þingsályktuninni, en mjer skildist samt á ræðu hans, að hann hefði einhverja hugmynd um að reglugjörðin, sem jeg gat um áðan, væri komin út.

Jeg skal játa það með fyrirspyrjanda, að mjer finst það mjög óviðurkvæmiligt, að menn, sem uppvísir verða að stórkostlegum tollsvikum, sjeu látnir sleppa án dóms og laga, en hafi eitthvað farið aflaga hjá stjórninni í þessu efni, þá get jeg vísað því frá mjer, því að jeg hefi ekki haft með nein tollsvikamál að gjöra hingað til.

Mjer þykir leitt að svar mitt við fyrirspurninni skuli verða að vera á þá leið, að öðrum lið þingsályktunarinnar a. og c. hafi ekki verið fullnægt. En jeg vil halda því fram, að jeg og fyrirrennari minn höfum haft lögmætar afsakanir. Get jeg svo endað ræðu mína með því, að þakka fyrirspyrjanda það, að hann hefir komið með þessa fyrirspurn, því að hún ber vott um þann mikta áhuga, sem hann hefir á landsmálum.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Stefánss.): Jeg get verið þakklátur hæstv. ráðherra fyrir svar hans, því að hann hefir komið til dyranna eins og hann er klæddur, og er það ávalt virðingarvert.

Um svar ráðherra við fyrri liðnum er það að segja, að jeg vjek að því í ræðu minni, að jeg byggist við, að geta fengið fullnægjandi svar við honum. Það gleður mig að reglugjörðin er nú komin, en satt að segja finst mjer það ekki vera þakkandi, því að henni var langt komið í fyrra sumar, þegar jeg bar fram þingsályktunina.

Viðvíkjandi svari hæstv. ráðherra við

seinni liðnum, er það að segja, að það var rjett tilgetið af honum, að mjer mundi þykja það nokkuð ófullnægjandi, þó að jeg kannist við, að stjórnin hafði töluverðar afsakanir, eftir því sem á stóð. En jeg verð að láta það í ljós, að mjer finst það illa farið, að hjegómlegar pólitískar deilur og keppni um völdin í landinu, komi því til leiðar, að nauðsynjamál þjóðarinnar verði ekki framkvæmd. Þó jeg kannist við, að tormerki hafa verið á því fyrir hina fráfarandi stjórn, að framkvæma þetta, þá get jeg ekki álitið hana algjörlega sýkna. Það er ekki hægt að ætlast til, að ráðherra sjálfur grafi sig í gegn um öll störf, sem undir stjórnina heyra; en þó hann sje kafinn í störfum, þá getur hann sagt starfsmönnunum í stjórnarráðinu, að búa málið undir og leggja það svo fyrir sig. Mjer finst því að ráðherra sje ekki vítalaus, þó að hann hafi ekki getað búið þetta mál sjálfur undir þingið; hann hefði getað látið starfsmenn sína í stjórnarráðinu gjöra það.

Jeg játa það, að þessir ráðherrar hafa haft um annað að hugsa en að búa þetta tollmál undir þingið, en jeg álít það miklu óþarfara. Maður hjer í Reykjavík hefir sagt mjer, að hann byggist við að landssjóður mundi græða um 50 þús. kr., á aukinni tollgætslu í Reykjavík, og sá maður var þessu máli vel kunnugur. Það er augljóst, að afleiðingarnar af því ástandi, sem nú er, hljóta að verða stórkostleg tollsvik, einkum nú þegar svo er komið, að mönnum virðist vera farið að þykja sómi að skömmunum, þykja sómi að því, að brjóta lög landsins. Sá hugsunarháttur hefir mjög aukist með bannlögunum, en sú alda, sem þau hafa vakið, nær lengra en til þeirra.

Það, sem fyrir mjer vakir meðal annars, er að þeim lögum verði ef til vill betur framfylgt, ef tolleftirlit í Reykjavík væri aukið, svo að þessi tillaga ætti að stuðla að því, ef hún kemst í framkvæmd, að þau lög yrðu betur haldin.

Það er rjett, sem hæstv. ráðherra sagði, að það getur oft farið svo, að stjórninni verði ómögulegt að framfylgja öllum kröfum þingsins, og mun jeg verða manna síðastur til að stuðla að því, að þingið hlaði á stjórnina störfum, sem augljóst er, að hún getur ekki framkvæmt.

Jeg skal játa, að þó mjer þætti þetta svar ófullnægjandi, þá bjóst jeg ekki við öðru svari frá stjórninni. En það er eitt atriði, sem mjer finst vanta í svar hæstv. ráðherra, og það er, hvort hann sjer sjer ekki fært að taka málið til athugunar, svo að það verði lagt fyrir næsta þing, því að tilætlun mín með fyrirspurninni var aðallega sú, að herða á stjórninni í þessu máli og fá yfirlýsingu hennar um að hún mundi búa það undir næsta þing. Fái jeg það svar, mun jeg sætta mig við málalokin.

Ráðherra: Háttv. fyrirspyrjandi verður að fyrirgefa mjer þó að jeg svaraði ekki framar en spurt var. Og sennilega er það nokkuð hvatvíslegt af mjer, að svara þessari spurningu, því að þó jeg reyni það, hlýtur svarið að verða mjög efmælt. Fyrir það fyrsta verð jeg að segja það, að jeg veit ekki hvað lengi jeg sit að völdum. Og þó að jeg verði við völdin áfram, þá veit jeg ekki, hvort jeg get framkvæmt neitt í þessu máli, því að það er mjög mikið að gjöra í stjórnarráðinu um þessar mundir, þar eð ýmisleg störf vegna stríðsins leggjast allþungt á starfsmenn stjórnarráðsins. En ef jeg hefði föng á, væri mjer mjög ljúft að undirbúa þetta mál, en háttv. fyrirspyrjandi má ekki búast við miklum árangri.

Háttv. fyrirspyrjandi sagði, að þó ráðherra hefði ekki getað gjört þetta sjálfur, þá hefði hann getað látið starfsmenn sína í stjórnarráðinu gjöra það. En jeg hygg,

að það hefði verið erfitt fyrir starfsmenn stjórnarráðsins, að ganga í þetta mál eftir nýár, því að á þeim tíma er mjög mikið að gjöra í stjórnarráðinu, þegar reglulegt Alþingi fer í hönd. Daglegar afgreiðslur fara þar stöðugt vaxandi, og að þeim verða starfsmennirnir að vinna til kl. 4 og mjög oft lengur. Það má að vísu segja, að eftir að jeg sigldi hafi verið lítið að gjöra í stjórnarráðinu, en það er augljóst, að eftir þann tíma var ómögulegt að búa þetta mál undir þingið og fá samþykki konungs til að bera málið fram á Alþingi.

Jeg ætla mjer ekki að fara í neinar kappræður við háttv. fyrirspyrjanda (S. St.) út af þessu máli, en skal að eins endurtaka það, að ef jeg sje mjer það fært, þá skal jeg reyna að gjöra tilraun í þessa átt.

2. Minningarsjóður Herdísar og Ingileifar Benediktsen.

Á 43. fundi í Ed., fimtudaginn 26. ág., var útbýtt

Fyrirspurn til ráðherra um minningarsjóð Herdísar og Ingileifar Benediktsen. (A. 558).

Á 45. fundi í Ed., laugardaginn 28. ág. var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skuli.

Fyrirspurnin var leyfð með öllum atkv.

Á 55. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. sept., var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að ráðherra hafði tjáð sig þá við því búinn að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Magnús Pjetursson): Það er um alla Vestfirði mikil löngun og áhugi á því, að fá kvennaskóla á Vesturlandi, sjerstaklega á tveimur síðustu árum. Aðallega er það sprottið af því, að mönnum er kunnugt um, að frú Herdís sál. Benediktsen hafði gefið allálitlega fjárupphæð til þess.

Að vísu hafa menn sjeð reikninga sjóðsins, sem prentaðir eru í Stjórnartíðindunum, en allir eru jafnnær fyrir því. Það, sem þá helst fýsir að vita, er hve nær sjóðurinn geti tekið til starfa. Menn á Vesturlandi fýsir mjög að vita, hve nær þessi fyrirhugaði skóli geti orðið stofnaður; en um það er mönnum ókunnugt, því að gjafabrjefið hefir aldrei verið birt. Út af þessu var á sýslunefndarfundi í Strandasýslu í vetur rætt um þetta mál og leitað frjetta um það hjeðan úr Reykjavík. Á svarinu, sem kom símleiðis, var ekkert að græða, og var þá skorað á þingmann kjördæmisins, að grenslast eftir um sjóð þenna, og af þeirri ástæðu er þessi fyrirspurnin framkomin, sem hæstv. ráðherra ætlar nú að svara.

Fyrsta spurningin er um það, hvar sjóðurinn sje. Það getur verið að mönnum finnist þetta nokkuð kynleg og barnaleg spurning, þar sem reikningar hans eru birtir í Stjórnartíðindunum, svo þar sje hægt að sjá þetta. En þetta er ekki eins einfalt og í fljótu bragði getur virst, því ekki eru allir vissir um, hvar fjeð er, hvernig það er trygt, og hvort hægt er að grípa til þess hve nær sem er.

Ýmsar kviksögur hafa gengið um þetta, sjerstaklega það, hvort fjeð er handbært, þegar til kemur, og sagt hefir verið, að í sumt af fjenu væri ekki hægt að ná í fljótu bragði, nema sjóðurinn biði tjón, og alt væri ekki sem tryggast. Samkvæmt reikningnum er mikill hluti sjóðsins í fasteignalánum. Á því hefir marga furðað, því að samkvæmt gjafabrjefinu átti hann aðallega að geymast í ríkisskuldabrjefum. Þótt einhver hluti hans hafi ef til vill upphaflega verið í fasteignalánum, þá hefir sú upphæð hækkað ár frá ári, og er það einkum af þessari ástæðu, að menn hafa dregið í efa, að fjeð væri handbært og nægilega trygt. Það má harla ein-

kennilegt heita, að sjóðurinn skuli þannig notaður sem fasteignabanki, og mjög vafasamt, hvort stjórnarráðið hefir nokkurt leyfi til þess. Allur þessi orðrómur um meðferð sjóðsins, óskirnar um að vita hverjar heimildir væru fyrir slíkum útlánum, hefir komið mjer til að spyrja, hvar sjóðurinn sje og hve mikið af honum sje handbært.

Næsta spurningin er, hvort sjóður þessi sje orðinn nægilega stór, til þess að geta tekið til starfa. Jeg þarf ekki að fjölyrða mikið um þá spurningu, því að hún er sprottin af því, að menn þekkja ekki ákvæði gjafabrjefsins og halda að framkvæmdirnar sjeu dregnar of lengi, en á Vesturlandi er, eins og jeg hefi þegar tekið fram, vaknaður brennandi áhugi og ósk eftir því, að þetta ákvæði gjafabrjefsins komist til framkvæmda sem allra fyrst.

Þriðja spurningin er þá, hver ráði, hvar hinn fyrirhugaði skóli verði settur, og hvernig fyrirkomulag hans verði. Það hefir verið mikið rætt um það á öllu Vesturlandi, hver myndi ráða skólastaðnum. Flestir hafa álitið, að það yrði stjórnarráðið, en að það mundi leita álits sýslunefndanna á Vesturlandi. Út af þessu hafa verið tilnefndir fjöldamargir staðir, en auðvitað verður það að fara eftir fyrirkomulagi skólans, hvar hann verður. Eins og menn vita, hefir töluvert verið talað um það, að stúlkur þyrftu að búa sig undir það, að verða sveitakonur, eins og piltum er kent í bændaskólunum, að verða sveitabændur. Mörg orð hafa verið töluð um húsmæðraskóla, þar sem stúlkum væri ekki einungis kent að elda sæmilega góðan mat, heldur ýmislegt fleira, sem konum í sveit getur komið að góðu haldi að kunna. Fáir munu hugsa sje slíkan skóla annarstaðar en í sveit. Og þetta er einmitt það, sem fjöldi manna hefir verið að vonast eftir, að Herdísarskólinn yrði húsmæðraskóli í sveit, og jafnvel verið farnir að ganga að því vísu, að fyrirkomulag hans yrði á þenna veg, sem jeg hefi á minst. Af því að þessu hefir verið slegið föstu meðal manna, verður ekki um eins marga staði að ræða og ella myndi. Ýmsir staðir hafa þó verið nefndir, en *oftast Ólafsdalur*.

Jeg ætla hjer ekki að færa rök fyrir því, að þessi staður sje heppilegastur. En það hefir gjört marga ákafa eftir því, að vita um framkvæmdir málsins, að nú stendur alveg sjerstaklega á með Ólafsdal. Nú er sagt, að hægt sje að fá hann keyptan fyrir lítið verð, sem ekki er einu sinni fyrir húsunum, hvað þá heldur jörðinni. (*Ráðherra*: Hvað kallar þm. lítið verð?) Lítið verð kalla jeg fyrst og fremst það, sem jeg áðan sagði, ef jörðin fæst sjálf fyrir ekki neitt, sem jeg vona að hæstv. ráðherra hafi heyrt, þó hann spyrji svona undarlega, en eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, mundi verðið verða um 18000 kr. Allir vita, sem til þekkja, að hús öll í Ólafsdal eru í ágætu standi, og myndi litlu þurfa við þau að bæta, til þess að skóli gæti þar tekið til starfa. Þetta hefir ýtt undir menn, svo að þeir eru fýknari en áður í að vita, hvort Herdísarsjóðurinn er þess megnugur að kaupa jörðina. Jeg gjöri ráð fyrir, að svarið verði neitandi. Þótt það komi ekki beinlínis málinu við, vil jeg koma með aðra spurningu: Er það nokkur fyrirhyggja, að landssjóður kaupi ekki jörðina? Er það fyrirhyggja, að sleppa henni til einstakra manna, sem ef til vill nota hana til gróðabralls? Ef hún síðar meir kynni að verða dæmd ómissandi eða mjög hentugt skólasetur. Þá yrði það skaði fyrir landið, ef landssjóður vildi kaupa hana síðar meir. Jeg giska á, að þessi spurning muni vakna hjá mörgum, ef hinni fyrri, um að Herdísarsjóðurinn kaupi hann, verður svarað neitandi.

Jeg þarf ekki að tala lengra mál um þetta, því að málið er nógu ljóst, og jeg sje líka að þingdeildarmenn eru farnir að

gjörast óþreyjufullir. Jeg spyr því fyrir hönd fjölda margra kjósenda, ekki að eins í mínu kjördæmi, heldur víðar um Vestfirðingafjórðung: Hver ræður, hvar skólinn verður hafður, hvort hann verður húsmæðraskóli í sveit og hvort Ólafsdalur verður skólasetrið. Jeg vona að hæstv. ráðherra svari þessum spurningum.

Ráðherra: Háttv. fyrirspyrjandi (M. P.) hefði sennilega getað sparað sjálfum sjer, mjer og deildinni þá fyrirhöfn, sem spurningar hans hafa í för með sjer, því að hann gat fengið alveg eins greinileg svör við þessu á annan hátt en þenna. Erfðaskráin er sem sje til, og hefði hann því getað fengið að sjá afrit af henni. Reikningurinn er prentaður í Stjórnartíðindunum, og nánari upplýsingar en hann gefur er hægt að fá hjá landritara. En mjer er það þó ánægja að svara, og skal því gjöra það eftir frekasta mætti. Það mega ekki verða vonbrigði fyrir háttv. fyrirspyrjanda, þótt jeg beinlínis lesi svarið upp úr þeim skjölum og skýrslum, er jeg hefi þegar nefnt.

Þessi heiðurskona, sem hjer er um að ræða, dó 1897. Erfðaskrá hennar hefir ekki verið prentuð, af því að ekki hefir verið leitað konungsstaðfestingar á henni, og fram á það var ekki farið í erfðaskránni. 1. og 2. liðurinn skiftir ekki neinu máli í sambandi við það mál, sem hjer er um að ræða, enda eru þeir svo „privat"-eðlis, að jeg les þá ekki upp hjer. En 3., 4. og 5. liðurinn snerta þetta mál, og skal jeg með leyfi hæstv. forseta lesa þá upp. Reyndar verða þeir prentaðir bráðum, en koma nú líka í Alþingistíðindunum.

Þessi kafli erfðaskrárinnar er svo hljóðandi:

3. Að lokum ákveð jeg, Herdís Benediktsen, sem minn síðasta vilja, að þegar útfararkostnaður minn hefir verið heiðarlega greiddur ásamt kostnaði þeim, er skiftin eftir mig hafa í för með sjer, og þegar framanskrifuðu hefir verið nákvæmlega fullnægt, þá skulu allar þær eignir, sem eftir mig verða skuldlausar, eða þrír fjórðupartar allra skuldlausra eigna minna, að eins með þeim takmörkum, sem jeg hefi ákveðið í 2. lið, ganga til stofnunar kvennaskóla á Vesturlandi, og er sú ráðstöfun mín gjörð bæði af einlægum vilja mínum og samkvæmt þeirri ósk, sem einkadóttir mín elskuleg, Ingileif Sólborg Charlotta Benediktsen, ljet fleirum sinnum í ljós við mig sem sinn hjartans vilja.

4. Þessi gjöf mín til kvennaskólastofnunar á Vesturlandi, óska jeg að beri nafn okkar mægna og heiti „Minning Herdísar og Ingileifar Benediktsen". Gjöfin skal vera undir stjórn og umsjón landshöfðingjans yfir Íslandi, og er það vilji minn, að henni verði komið í konungleg ríkisskuldabrjef og renturnar lagðar upp í 10 ár og þeim bætt við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða, heldur að eins verja vöxtum hans til áminstrar skólastofnunar. Að umgetnum 10 árum liðnum, skal enn leggja upp renturnar af öllum höfuðstólnum, eins og hann þá er orðinn, þangað til svo mikið fje er fyrir hendi, að landshöfðinginn, eftir samráði við amtsráðið í Vesturamtinu álítur það nægilegt, til þess að setja kvennaskóla á stofn, svo að hann geti tekið til starfa, án þess að höfuðstóllinn sje skertur.

5. Það er ósk mín, að fyrirkomulag hins fyrirhugaða kvennaskóla verði sem líkast kvennaskólanum á Ytri-Ey, eins og hann nú er, og að hann verði settur í einhverri af sýslunum kringum Breiðafjörð, eða verði því ekki við komið, þá í Ísafjarðarsýslu, og verði því heldur ekki við komið, þá hvar sem hentast þætti í Vesturamtinu. Allar þær ráðstafanir, sem lúta að því, að koma skólanum á fót og ákveða fyrirkomulag hans, skulu

gjörðar af landshöfðingjanum í samráði við amtsráð Vesturamtsins, og skal skólinn, þegar hann er stofnsettur, ásamt höfuðstól hans og árstekjum, sömuleiðis vera undir stjórn landshöfðingjans í samráði við amtsráð Vesturamtsins.

Erfðaskráin er gjörð 15. janúar 1890. Háttv. fyrirspyrjandi spyr, hvar sjóðurinn sje. Jeg verð fyrst að svara: Í vörslum Stjórnarráðsins, það hefir ekki stungið af með sjóðinn. Síðan landshöfðingjaembættið var lagt niður, hefir landritari sjerstaklega umsjón með honum á ábyrgð ráðherra.

Þá spurði háttv. fyrirspyrjandi, hvort fjeð væri handbært, og skal jeg leyfa mjer að svara með því að lesa upp reikninga sjóðsins, ef hæstv. forseti leyfir. Þeir eru prentaðir í B-deild Stjórnartíðindanna 1915 á bls. 69, og hljóða sem hjer segir:

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Herdísar og Ingileifar Benediktsen árið 1914.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð 1914 B, bls. 85):					
a. Lán gegn fasteignarveði	kr.	65790	00		
b. Hlutabrjef í Íslandsbanka	—	1600	00		
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	6182	40		
d. Veðdeildarbrjef	—	1200	00		
e. Innstæða í bönkum	—	978	78		
				kr.	75751 18
2. Vextir:					
a. Af fasteignaveðslánum	kr.	2725	49		
b. — hlutabrjefaeign	—	80	00		
c. — innstæðu í Söfnunarsjóði 1913	—	283	77		
d. — veðdeildarbrjefum	—	54	00		
e. — fje í bönkum	—	46	54		
				kr.	3189 80
				kr.	78940 98

Gjöld:

Sjóður í árslok:					
a. Lán gegn fasteignarveði	kr.	69390	00		
b. Hlutabrjef í Íslandsbanka	—	1600	00		
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	6466	17		
d. Veðdeildarbrjef	—	1200	00		
e. Innstæða í bönkum	—	284	81		
				kr.	78940 98
				kr.	78940 98

Í stjórnarráði Íslands, 11. janúar 1915.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Eggert Briem.

Sjóðurinn er þannig kr. 78940,98.

Hv. fyrirspyrjandi vjek að því ákvæði í erfðaskránni, að fjeð skyldi aðallega geymt í ríkisskuldabrjefum. Það var mikil tíska á landi hjer, fram að aldamótum, þangað til landið sjálft fór að gefa út verðbrjef, að leggja fje sitt í ríkisskuldabrjef. Tryggingin fyrir þeim þótti góð, en vextirnir voru lágir. Eftir því, sem skýrt hefir verið frá, þótti auðvelt að fá hærri vexti af innlendum verðbrjefum. Og þegar hægt er að koma þessu fje í innlend verðbrjef, er lítil ástæða til fyrir Íslendinga, að kaupa erlend verðbrjef eða leggja fje sitt inn þar. Handbært fje í þeim skilningi, að það sje í reiðu peningum, er lítið, því að hærri vextir fást með því að lána út, en leggja inn í sparisjóð. Lánum þessum má segja upp með skömmum fyrirvara, en eitt lán hygg jeg þó, að verði erfitt að ná inn í bráðina, en það er ekki stjórnarráðinu að kenna, heldur arfleiðanda sjálfum. Arfleiðandi átti Reykhóla. (*Hákon Kristófersson*: Hvað þá?) Reykhóla, það er í Barðastrandarsýslu. Frú Benediktsen seldi jörðina, og við lát hennar stóð eftir af jarðarverðinu 15000 kr., og sú upphæð hefir ekki verið skilvíslega greidd, svo að spurningin er, hvort eigi að ganga að jörðinni eða ekki. Jeg þekki ekki jörðina persónulega, en hygg að hún sje góð fyrir þessari upphæð. (*Hákon Kristófersson*: Enginn vafi á því!). Þá er þessu atriði um handbært fje svarað nægilega.

Næsta spurningin er þá, hvort sjóðurinn sje orðinn nægilega stór, til þess að geta tekið til starfa strax. Eins og jeg gat um, þá er hann nú tæpar 79 þúsundir, og að mínu áliti hvergi nærri nógu stór til þess. Jeg býst við, að varla verði hægt að segja, að hann sje nógu stór, fyrr en hann hefir tvöfaldast frá því, sem nú er. Með þeim vöxtum, sem hann nú gefur, en það er 4%, 4½% og 6% af nokkrum hluta hans, ætti hann að hafa tvöfaldast eftir 15—16 ár. Þá yrði hann um 160000 kr. Þá yrði auðvitað að kaupa hús og öll tæki og ef til vill jörð, eins og drepið hefir verið á. Stofnkostnaðurinn yrði því sjálfsagt 30—40 þúsundir með jörð, húsum og öllu. Það hefir vafalaust ekki verið tilgangur arfleiðanda, að skólanum yrði rækt upp af vanefnum og að hann yrði styrkþegi landssjóðs. Þeir, sem þektu þessa konu, skaplyndi hennar og stórlæti, vita, að það hefir ekki verið ætlun hennar, að skólinn yrði stofnaður á horleggjum, eða kæmist á horleggi, eða yrði biðill nokkurra gæða annarsstaðar frá. Ef sjóðurinn er látinn vaxa upp í 160000 kr., yrði eftir af höfuðstólnum, þegar stofnkostnaður er frá dreginn, 110—120 þús. kr., og vextirnir af þeirri upphæð gætu aldrei orðið meiri en nægir fyrir reksturskostnaði. Jeg sje í fjárlögunum, að sá skóli, sem næst liggur að tala um í þessu sambandi, kvennaskólinn á Blönduósi, kostar árlega 5—6 þús. kr.

Þá vildi hinn hv. fyrirspyrjandi (M. P.) fá að vita, hver rjeði því, hvar hinn fyrirhugaði skóli yrði settur. Samkvæmt arfleiðsluskjalinu átti landshöfðingi, með ráði amtsráðs Vesturamtsins, að ákveða, hvar og hve nær hinn fyrirhugaði skóli yrði settur á laggirnar. Nú kemur auðvitað ráðherra í stað landshöfðingja, og þykir mjer líklegt að hann, þegar þar að kemur, ráðgist um við þær sýslunefndir, sem hlut eiga að máli, í stað amtsráðsins.

Jeg get ekki að svo stöddu sagt neitt um það, hvort heppilegt muni að kaupa Ólafsdal fyrir hinn fyrirhugaða skóla. Til þess brestur mig allan kunnugleika, enda veit jeg ekki hvað Ólafsdalur á að kosta. Jeg gæti vel trúað, að það væri hyggilegt að setja skólann þar, en um það þyrfti að leita álits sýslunefnda þeirra, sem hlut eiga að máli. Þá vil jeg taka það fram, að fje sjóðsins hefir ekki verið varið í konungleg ríkisskuldabrjef, heldur bankavaxtabrjef. Hv. fyrirspyrjandinn ljet í

ljós nokkurn vafa um, hvort fje sjóðsins væri fulltryggilega ráðstafað á þann hátt, en jeg held að ekkert þurfi að óttast í því efni. Að minsta kosti er með lögum heimilað, að kaupa veðdeildarbrjef fyrir ómyndugra fje, og sýnir það best, að þau brjef eru talin góð og gild í alla staði. Jeg veit ekki, hve nær hlutabrjef Íslandsbanka hafa verið keypt, en þau gefa nú hæsta rentu af verðbrjefum sjóðsins. Veðdeildarbrjefin hafa verið keypt fyrir gangverðið, 94—95% nafnverðs, og þegar sjóðurinn tekur til starfa, verða þau væntanlega flest dregin út.

Jeg get nú ekki búist við, að hv. fyrirspyrjandinn (M. P.) geti gjört sig ánægðan með svör mín. Spurningunni um, hvort gjörlegt mundi, að setja skólann á stofn nú þegar, hefi jeg því miður ekki getað svarað játandi, því að þá þyrfti að skerða höfuðstól sjóðsins of mikið. Gjafabrjefið miðar að vísu við skólann í Ytri-Ey, en það er áreiðanlega í anda gefandans, að gjöra skólann svo vel úr garði, sem frekast eru föng á og kröfur nútímans standa til.

Fyrirspyrj. (Magnús Pjeturss.): Jeg þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. En ekki get jeg verið honum samdóma um, að fyrirspurnin hafi verið óþörf, vegna þess, að jeg hefði getað fengið allar nauðsynlegar upplýsingar hjá landritara og úr Stjórnartíðindunum. Enda hefi jeg alls ekki enn fengið fullnægjandi svör, að því er mjer virðist. Jeg hefi gjört fyrirspurnina vegna kjósenda í Vestfirðingafjórðungi, og nú geta þeir lesið svar hæstv. ráðherra í þingtíðindunum, en þar með er mínum tilgangi náð.

Hæstv. ráðherra sagði, að öll lán sjóðsins væru vel trygð, og er það vel farið, ef svo er, en jeg álít vafasamt, eins og jeg áður tók fram, hvort það er rjett, að brúka opinbera sjóði sem banka. Hitt finst mjer alls ekki varhugavert, þótt fje sjóðsins hafi verið sett í innlend verðbrjef, en ekki í konungl. ríkisskuldabrjef.

Það er misskilningur hæstv. ráðherra, að mjer hafi verið vonbrigði að heyra það, að sjóðurinn gæti ekki tekið til starfa þegar í stað. Við því hafði jeg búist.

Jeg fjekk ekki glögga hugmynd um það af svari ráðherra, hvað mikið af fje sjóðsins væri handbært, eða með hvað löngum fresti fasteignaveðslánin hefðu verið veitt. Einmitt af því, að sjóðurinn er mestur í fasteignalánum, þá er útlit fyrir, að sá hluti hans sje alls ekki handbær. Að öðru leyti er jeg honum þakklátur fyrir svar hans.

Ráðherra: Jeg get ekki sjeð neitt varhugavert við það, þótt fje sje lánað gegn tryggingu í jarðarveði. Eru ekki veðdeildarbrjefin trygð með jarðarveði? Og mjer heyrðist, að hv. fyrirspyrjandinn (M. P.) væri alls ekki hræddur við þau. Jeg get ekki sjeð, að hægt sje að koma fje betur fyrir en að lána það út gegn 1. veðrjetti í jörð, ef þess að eins er gætt, að lána aldrei of mikið út á neina jarðeign. En jeg er viss um, að allrar varúðar hefir verið gætt í því efni. Auðvitað hefi jeg ekki rannsakað hvert einstakt veðbrjef; það taldi jeg fyrir utan minn verkahring. En jeg hygg alveg óhætt að fullyrða, að fje sjóðsins sje komið svo tryggilega fyrir, sem frekast er unt.

---

3. Áfengisbirgðir landssjóðs.

Á 59. fundi í Ed., mánudaginn 13. septbr., var útbýtt

Fyrirspurn til ráðherra um áfengisbirgðir landssjóðs. (A. 951).

Á 60. fundi í Ed., sama dag, var fyrirspurnin tekin til meðferðar hvort leyfð skuli.

Fyrirspurnin leyfð með 11 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. sept., var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að ráðherra hafði þá tjáð sig við því búinn að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Karl Finnbogason): Öllum er kunnugt, að alt það áfengi, sem ólöglega flytst hjer til landsins,er að rjettum lögum upptækt og *eign landssjóðs*. Hitt er og kunnugt, að eitthvað af áfengi hefir verið gjört upptækt, síðan bannlögin öðluðust gildi, svo landssjóði hefir áskotnast eitthvað, sem samkvæmt lögum er eign hans, og að líkindum einhvers virði.

Ekki veit jeg, hvort það er mörgum kunnugt, en heyrt hefi jeg það, að landssjóður eigi áfengi, sem honum hafi áskotnast með öðrum hætti.

Nú er mjer ókunnugt um, að nokkur grein hafi verið gjörð fyrir þessu áfengi. En þar sem það er þjóðareign, á þjóðin heimtingu á, að fá að vita, hvernig með það er farið, eins og hverja aðra opinbera eign, og því frekar, sem ýmsar tegundir áfengis verða ónýtar við geymslu, svo vakandi auga þarf að hafa á því, að slík eign verði ekki að engu.

Fyrirspurnin er flutt í þeim tilgangi einum, að fá leitt í ljós, hver þessi þjóðareign sje, og hvernig stjórnin hafi farið og ætli að fara með hana. Og þar sem fyrirspurnin er að mínu áliti full ljós, hirði jeg eigi um að fjölyrða frekar um hana, að sinni.

Ráðherra: Háttv. fyrirspyrjandi spyr fyrst, hve mikið áfengi landssjóður eigi nú. Áður en jeg svara því beint, vil jeg víkja nokkurum orðum að, á hvern hátt sje hugsanlegt að landssjóður eignist áfengi nú. Í fyrsta lagi er það leyfilegt að flytja inn vín handa læknum, kirkjum og iðnaðarfyrirtækjum, en nú getur svo farið, að það sje ekki hirt á rjettum tíma, en samkvæmt 4. gr. bannlaganna verður notandi að hafa vitjað þess innan 12 mánaða, ella verður það eign landssjóðs. Þetta er fyrsti vegurinn fyrir landssjóð að eignast áfengi.

Í öðru lagi getur landssjóður, samkvæmt 6. gr. bannlaganna, orðið víneigandi á þann hátt, að skip strandar. Ef skip, sem vín er í, strandar, og eigandi kýs ekki að sjer sje sent það innan 12 mánaða, verður það eign landssjóðs.

Í þriðja lagi, ef vínsalar hafa átt vínbirgðir þegar bannlögin gengu í gildi, og hafa eigi skeytt að flytja það af landi burt innan 12 mánaða, þá verður það eign landssjóðs.

Loks er síðasti hátturinn, sem flestir munu hafa í hug, og það er, ef einhver frómur náungi fær sjer á pytluna og laumar henni í land. Um það sje jeg engin ákvæði í lögunum. En líklega á að fara með þau eftir analogiu 35. gr. almennra hegningarlaga. Þar er ákveðið, að öll tæki eða áhöld, sem notuð eru til lögbrots, eða efni eða gróði, sem aflað er með lögbroti, skulu upptæk gjör og eign landssjóðs. Eins mun vera í þessu tilfelli.

Í lögum er ekki gjörð grein fyrir, hvað gjört skuli við þessa eign landssjóðs.

Þá skal jeg víkja aftur að fyrirspurn háttv. þm. Seyðf. (K. F.), sem má skifta í 4 hluta.

Fyrsti er, hve mikið áfengi landssjóður eigi. Jeg get ekki svarað því til hlítar, jeg hefi að vísu sent beiðni til lögreglustjóra á landinu um, að gefa upplýsingar því viðvíkjandi, en svörin eru ekki komin enn, því að tíminn hefir verið of stuttur. Jeg hefi þó fengið svar frá einum, bæjarfógetanum í Reykjavík, þar sem víst er mest af áfengi, og úr því að háttv. þm. Seyðf. (K. F.) langar til að heyra um það, skal jeg með leyfi háttv. forseta lesa svarið, sem er á þessa leið:

„Samkvæmt hæstv. brjefi hins háa stjórnarráðs í dag, hefi jeg látið athuga

áfengi það, sem er í vörslum lögreglunnar hjer, og leyfi jeg mjer hjer með virðingarfylst að tilkynna hinu háa stjórnarráði, að áfengið er sem hjer segir:

23 flöskur á $^3/_4$ liters af akvavit
2 — - - — - caloric punch
13 — - - — - whisky
6 — - - — - cognac
6 — - - — - rommi

74 smáflöskur af whisky, á að giska $^1/_2$ peli hver

6 smáflöskur af akvavit, á að giska $^1/_2$ peli hver.

2 anker af brennivíni, sem næst 40 lítra hvort og hjer um bil full.

23 hálfflöskur af Carlsberg Pilsner.

Loks eru 2 whiskyflöskur með slöttum í.

Um gæði áfengis þessa er mjer eigi kunnugt, og get því ekkert um verðmæti þess sagt, enda er það að mínu áliti extra commercium".

(*Sigurður Stefánsson*: Hvar er það geymt?). Það er geymt hjer í hegningarhúsinu. Þetta hefir að vísu verið gjört upptækt.

Þá drap háttv. fyrirspyrjandi á, hvort landssjóður ætti eigi innflutt áfengi. Jeg hefi fengið vitneskju um það hjá landritara, því að jeg er því eigi kunnugur, og fengið að vita, að hjá landritara er geymt:

235 flöskur champagne
42 — rínarvín
74 — rauðvín
11 — cognak (Hennessy).

Þetta áfengi mun hafa verið keypt 1912, en það þori jeg þó ekki að fullyrða, og það átti að geymast í alveg ákveðnum löglegum tilgangi, sem þm. mun kunnugt um. (*Guðmundur Björnson*: Og best er að tala sem fæst um).

Það hefir ekki verið talið saman, hve mikið áfengi landssjóður á, en það virðist mega ráða það af skýrslu bæjarfógeta, að heldur sje fátt um fína drætti. (*Jón Þorkelsson*: Það læt jeg vera). Jeg gjöri ráð fyrir, að eitthvað sje til víðar, t. d. í Vestmannaeyjum og á Akureyri og ef til vill á Ísafirði, Seyðisfirði og víðar. Þá er svarað 1. og 2. spurningunni.

Þá spyr háttv. fyrirspyrjandi, hvers virði það áfengi sje, sem er landssjóðs eign. Eins og jeg hefi lesið upp, álítur bæjarfógeti eða umboðsmaður hans, að áfengið sje extra commercium, eigi ekki að vera á boðstólum eða til sölu, og sje því verðlaust meðan það er í landinu. Jeg býst við, að það hafi ekki verið tilætlun löggjafans, þegar hann setti lögin 1909, að vín, sem er landssjóðs eign, yrði selt í landinu.

Hvorki samkvæmt 2., 6. eða 9. gr. bannlaganna verður það sjeð, að ætlast hafi verið til, að þessi vökvi gengi kaupum og sölum í landinu, heldur er gjört ráð fyrir, að hann verði geymdur, svo menn geti ekki svalað þorsta sínum á þann hátt. Það er því ekki hægt að selja þenna vökva á uppboði, eins og aðrar upptækar vörur. Samkvæmt einu ákvæði í bannlögunum er ekki heldur leyfilegt að flytja aðrar áfengisbirgðir milli bæja eða staða en þær, sem nota á til lækninga, kirkju eða iðnaðar. En ef það er selt á uppboði, þarf að flytja það, því að ósanngjarnt er að ætlast til, að hæstbjóðandi drekki alt, sem hann kaupir, á staðnum. Það er því útilokað, að leyfilegt sje að selja það.

Þá spurði háttv. fyrirspyrjandi, hvað ætti að gjöra við það. Jeg þykist hafa í öðru þarfara að snúast, en að hugsa um þenna vökva nú. Hann er geymdur hjá lögreglunni, og því vel geymdur.

Spurningin verður því um tvent. Það mætti flytja það út úr landinu þangað, sem hægt er að selja það. Jeg býst við, að það verð, sem fyrir það fengist, yrði ekki hátt, því að þetta áfengi hefir víst ekki kostað mikið, þar sem það var keypt, því að mest er það brennivín og svo lítið eitt af cognak, rommi og whisky. Mundi því eigi borga sig, að flytja það út. Eftir er þá að hella því niður. Og það tel jeg

lögum samkvæmast um það, sem upptækt hefir verið gjört.

Háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) getur sjálfsagt gefið fræðslu um það, hvort viðlit sje að nota það til lækninga eða iðnaðar. Og ekkert á móti, að fá að heyra álit fleiri háttv. þm. um það, hvernig fara skuli um þessar vínbirgðir, sem upptækar hafa verið gjörðar.

Karl Finnbogason: Jeg þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið. Það var ekki ætlan mín að deila við stjórnina. En jeg vil þó láta það álit mitt í ljós, að mjer finst eignin lítils virði, og ekki eyðandi húsaleigu undir það. *(Ráðherra:* Húsaleiga er engin). Mjer er sama, þótt svo mægi telja, jeg held það sje best að hella því strax niður.

En má ekki t. d. selja lyfjabúðinni kognakið, úr því það hefir nú verið leyft?

En hvar er áfengið geymt? (*Ráðherra*: Í hegningarhúsinu).

Mjer fanst ekki svar hæstv. ráðherra nógu ljóst um það, til hvers landssjóður hefir keypt áfengi. Og hvers virði er það? Mjer er sagt þau sjeu dýr vín, og alls 2—3 þúsund króna virði. Geta þau ekki skemst af geymslunni og væri ekki heppilegt að flytja þau út — að minsta kosti út fyrir landhelgina?

Ráðherra: Í tilefni af ummælum hv. þm. Seyðf. (K. F.) vil jeg taka það fram, að áfengi þetta er keypt fyrir mína tíð í alveg sjerstökum ákveðnum tilgangi, og það hlýtur að vera fullkomlega löglegt, að nota það í þeim tilgangi, en um það, hvernig það geymist, skal jeg láta ósagt, um það brestur mig þekkingu til að dæma, en það hefi jeg heyrt, að sumt áfengi batni við geymslu.

Því, hvort lyfjabúðin vilji kaupa þessar 6 kognaksflöskur, hvort hún vilji brúka þá tegund, vísa jeg til hv. 5. kgk. þm. (G. B.), sem er færastur til að dæma um það.

Gjarnan vildi jeg heyra álit fleiri hv. þingmanna um það, hvað eigi að gjöra við þennan forboðna ávöxt.

G.

Önnur mál.

I.

Kosningar.

1. Gætslustjóri Söfnunarsjóðs.

Á 61. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. sept., var fyrir tekið, samkvæmt dagskránni:

Kosning gætslustjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir það, sem eftir er tímabilsins frá 1. jan. 1914 til 31. desbr. 1917.

Kosningu hlaut

Tryggvi Gunnarsson, fyrrum bankastjóri, með 10 atkv. — 3 seðlar voru auðir.

2. Milliþingaforseti efri deildar.

Á 63. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. sept., var tekið fyrir, samkvæmt dagskránni:

Kosning milliþingaforseta efri deildar.

Kosningu hlaut

Guðmundur Björnson landlæknir, 5. kgk. þm., með 10 atkv. — 3 seðlar voru auðir.

II.

Starfsmenn þingsins.

Á 4. fundi í Ed., mánudaginn 12. júlí, skýrði forseti frá því, áður til dagskrár væri gengið, að þessir starfsmenn þingsins væru þegar ráðnir:

1. Skrifstofustjóri:

Einar Þorkelsson.

2. Starfsmenn á skrifstofu:

Pjetur Magnússon,
Einar E. Hjörleifsson,
Helgi Salómonsson.

3. Innanþingsskrifarar

í efri deild:

Árni Pálsson,
Pjetur Zóphóníasson,
Jón Ásbjörnsson,
Friðrik Jónasson,
Ragnar Hjörleifsson,
Páll Guðmundsson,

í neðri deild:

Vilmundur Jónsson,
Pjetur Lárusson,

Páll E. Ólason,
Andrjes Björnsson,
Skúli S. Thoroddsen,
Eiríkur Albertsson,
Tryggvi Hjörleifsson,
Baldur Sveinsson.

4. Gæslumaður á lestrarsal:
Halldór Kr. Ármannsson.

5. Aðrir gæslumenn:
Jónas Jónsson, þinghúsvörður,
Kristján Helgason, pallavörður, ljóss og elda,
Magnús Gunnarsson, pallavörður.

6. Þingsveinar:
Ágúst Einarsson,
Hannes Valgarður Guðmundsson,
Hjálmar Bjarnason,
Bergur Jónsson,
Lárus Sigurbjörnsson.

III.

Símanot þingmanna.

Á 7. fundi í Ed., fimtudaginn 15. júlí, skýrði forseti frá, áður en til dagskrár var gengið, að forsetar hefðu ákveðið um símanot þingmanna það, sem hjer segir:

Utanbæjarþingmenn hafa leyfi til að nota landsímann á landssjóðs kostnað um þingtímann til símtals við heimili sitt, eða þá símastöð, sem næst er heimili þeirra. Gæta verða þeir þó þess, að tala frá einhverjum af þessum 3 stöðum:

1. Landsímastöðinni,
2. Þinghúsinu,
3. Frá bústað sínum hjer, ef þar er sími, og þó því að eins, að þeir segi Landsímastöðinni skýrt til nafns síns.

IV.

Þinglenging.

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn 1. sept., áður en til dagskrár var gengið, mælti

Forseti: Hæstv. ráðherra hefir tilkynt mjer, að þingið sje framlengt til 10. þ. m. að þeim degi meðtöldum.

Á 57. fundi í Ed., föstudaginn 10. sept., skýrði forseti frá því, áður til dagskrár væri gengið, að ráðherra hefði, samkvæmt umboði frá H. H. konunginum enn framlengt þingtímann, fyrst um sinn til mánudags 13. sept., að þeim degi meðtöldum.

Á 60. fundi í Ed., mánudaginn 13. sept., skýrði forseti frá því, að ráðherra hefði, samkvæmt allra mildilegustu konunglegu umboði, enn þá framlengt þingtímann til miðvikudags 15. sept., að þeim degi með töldum.

V.

Þinglok efri deildar.

Á 64. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. sept., að lokinni dagskrá, mælti

Forseti: Störfum deildarinnar er þá lokið að þessu sinni.

Þakka jeg kærlega háttv. deildarmönnum yfirleitt fyrir ágæta samvinnu, og drengilega framkomu, og læt því gleymt, sem út af hefir borið í þessu efni. Er jeg alófáanlegur til þess, að minnsta kosti í bráð, að gjöra úr því opinbert deilumál.

Að meðtöldum þessum lokafundi hafa deildarfundir hjer verið alls 64.

Öll mál, sem deildin hefir fengið til meðferðar, hefir hún afgreitt á lögformlegan hátt, að einum tveimur undanskildum, sem flutningsmenn sjálfir þegjandi hafa látið fyrir farast.

Sá, sem allan ávöxt gefur, blessi sumarstörfin, landi voru og þjóð til heilla og hagsældar. Með þeirri hjartans ósk segi jeg störfum þessa síðasta fundar deildarinnar lokið.

Guðmundur Björnson: Jeg vil leyfa mjer, í nafni deildarinnar, að þakka háttv. forseta fyrir vel unnið starf. Hvernig vinna vor gengur, er mikið komið undir því, hversu forseti rækir störf sín, og í því efni verðum við að lúka lofsorði á forseta vorn. Eðlilegt er, að stundum hafi eitthvað borið á milli, en við eigum jafnan að gleyma öllu, sem miður fer, og muna það, sem betra er. Óg hve vel störf vor hafa gengið að þessu sinni, megum við mikið þakka röggsamlegri embættisrækslu háttv. forseta.

Bið jeg háttv. deildarmenn að taka undir þakkir mínar og votta þær með því, að standa upp.

Allir þingdeildarmenn tóku undir þessi orð, með því að standa upp frá sætum sínum.

Forseti þakkaði vingjarnleg ummæli 5. kgk. þm. (G. B.) í sinn garð og virðingarvott af hálfu deildarmanna, og sagði svo

fundi slitið.